ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 20

27. árgangur

26.03.2020

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2020/EES/20/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 1

2020/EES/20/02 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1033 frá 23. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga, reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik og reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar 66

2020/EES/20/03 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (endurútgefin) 73

2020/EES/20/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun 221

2020/EES/20/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaíhlutun og stöður 304

2020/EES/20/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 331

2020/EES/20/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 356

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 600/2014 **2020/EES/20/01**

frá 15. maí 2014

um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fjármálakreppan hefur afhjúpað bresti í gagnsæi fjármálamarkaða sem geta stuðlað að skaðlegum félagslegum og hagrænum áhrifum. Aukið gagnsæi er ein af sameiginlegu meginreglunum til að styrkja fjármálakerfið eins og staðfest er í yfirlýsingu G20-hópsins í London frá 2. apríl 2009. Til að auka gagnsæi og bæta starfsemi innri markaðarins fyrir fjármálagerninga ætti að setja nýjan ramma til að koma á samræmdum kröfum fyrir gagnsæi viðskipta á mörkuðum með fjármálagerninga. Þessi rammi ætti að samanstanda af heildstæðum reglum fyrir vítt svið fjármálagerninga. Hann ætti að koma til viðbótar kröfum um gagnsæi fyrirmæla og viðskipta með hlutabréf sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([4]).

2) Nefnd háttsettra embættismanna um fjármálaeftirlit í Evrópusambandinu, undir forystu Jacques de Larosière, hvatti Sambandið til þess að þróa samhæfðari samstæðu fjárhagsreglugerða. Með tilliti til uppbyggingar á evrópsku eftirliti í framtíðinni lagði leiðtogaráðið 18. og 19. júní 2009 áherslu á að þörf væri á því að koma á sameiginlegum evrópskum reglum sem giltu um allar fjármálastofnanir á innri markaðnum.

3) Nýja löggjöfin ætti því að samanstanda af tveimur ólíkum lagagerningum, tilskipun og þessari reglugerð. Til samans ættu báðir lagagerningarnir að mynda lagaramma um þær kröfur sem gilda eiga um verðbréfafyrirtæki, skipulega markaði og veitendur gagnaskýrsluþjónustu. Því ætti að túlka þessa reglugerð í ljósi tilskipunarinnar. Til að hægt sé að koma á sameiginlegum reglum fyrir allar stofnanir með tilliti til ákveðinna krafna og til að komast hjá mögulegri eftirlitshögnun, og jafnframt til að skapa meiri réttarvissu og einfalda reglur fyrir markaðsaðila, verður að byggja á lagagrunni sem gerir kleift að semja reglugerð. Til að ryðja úr vegi síðustu viðskiptahindrunum og til að komast hjá verulegri samkeppnisröskun, sem er til komin vegna mismunandi laga eftir löndum, og til að koma í veg fyrir nýjar hugsanlegar viðskiptahindranir og umtalsverða samkeppnisröskun, er því nauðsynlegt að samþykkja reglugerð sem kemur á samræmdum reglum sem gilda í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB C 161, 7.6.2012, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB C 143, 22.5.2012, bls. 74.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2014.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

öllum aðildarríkjum. Þessi réttargerð, sem gildir án frekari lögfestingar, miðar að því að stuðla á afgerandi hátt að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ætti af þessum sökum að vera byggð á 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) eins og hann er túlkaður í samræmi við samræmda dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

4) Með tilskipun 2004/39/EB er komið á reglum um að gera viðskipti með hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði gagnsæ fyrir og eftir viðskipti og um skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda um viðskipti með fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulegum markaði. Tilskipunina þarf að endurútgefa til að hún endurspegli á tilhlýðilegan hátt þróun á fjármálamörkuðum og taki á veikleikum og loki smugum, sem m.a. komu í ljós í kreppunni á fjármálamörkuðum.

5) Ákvæði að því er varðar kröfur um gagnsæi í viðskiptum og reglusetningu þurfa að vera á formi laga, sem gilda án frekari lögfestingar, um öll verðbréfafyrirtæki sem ættu að fylgja samræmdum reglum á öllum mörkuðum Sambandsins, til að tryggja samræmda beitingu eins regluramma, til að efla traust á gagnsæi markaðanna hvarvetna í Sambandinu, til að draga úr reglugerðarflækjum og kostnaði verðbréfafyrirtækja við að fylgja reglum, einkum fjármálastofnana sem starfa yfir landamæri, og til að hindra röskun á samkeppni. Þessum reglusetningarmarkmiðum verður best náð með því að samþykkja reglugerð sem gildir án frekari lögfestingar og tryggir samræmd skilyrði því hún kemur í veg fyrir ólíkar landsbundnar kröfur sem gætu fylgt því að lögleiða tilskipun.

6) Mikilvægt er að tryggja að viðskipti með fjármálagerninga fari fram, eftir því sem hægt er, á skipulegum vettvöngum og að viðeigandi reglusetning gildi um alla slíka vettvanga. Á grundvelli tilskipunar 2004/39/EB þróuðust nokkur viðskiptakerfi sem reglukerfið náði ekki nægjanlega vel utan um. Um öll viðskiptakerfi með fjármálagerninga, t.d. einingar sem nú eru þekktar sem miðlaranet, ættu í framtíðinni að gilda viðeigandi reglusetning og þau ættu að fá starfsleyfi samkvæmt einni af gerðum marghliða viðskiptavettvanga eða starfsleyfi sem miðlaranet samkvæmt þeim skilyrðum sem eru sett fram í þessari reglugerð og í tilskipun 2014/65/ESB ([1]).

7) Skýra ætti nánar skilgreiningarnar á skipulegum markaði og markaðstorgi fjármálagerninga og ættu þær að vera vel samræmdar innbyrðis til að endurspegla þá staðreynd að þær nái í reynd yfir sömu skipulegu viðskiptastarfsemina. Skilgreiningarnar ættu að útiloka tvíhliða kerfi þar sem verðbréfafyrirtæki stofnar til sérhverra viðskipta fyrir eigin reikning, jafnvel þótt það aðhafist sem áhættulaus mótaðili sem stendur á milli kaupanda og seljanda. Skipulegum mörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga ætti ekki vera heimilt að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina með eigið fé. Hugtakið „kerfi“ nær yfir alla markaði sem samanstanda af reglum og viðskiptavettvang og jafnframt þá sem aðeins starfa á grundvelli reglna. Skipulegum mörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga ber ekki skylda til að starfrækja „tæknilegt“ kerfi til að para tilboð og ættu að geta starfrækt aðrar viðskiptabókanir, þ.m.t. kerfi þar sem notendur geta stundað viðskipti gegn verðtilboðum sem þeir óska eftir frá mörgum söluaðilum. Markaður sem samanstendur aðeins af reglum um þætti sem tengjast aðild, töku gerninga til viðskipta, viðskiptum milli aðila, skýrslugjöf og, þar sem við á, skyldum um gagnsæi, er skipulegur markaður eða markaðstorg í skilningi þessarar reglugerðar og viðskiptin sem fara fram samkvæmt þessum reglum teljast hafa farið fram í kerfum skipulegs markaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga. Hugtakið „kaup- og söluáhuga“ ber að túlka í víðum skilningi og nær það yfir tilboð, verðtilboð og viðskiptaáhuga.

Ein af mikilvægu kröfunum varðar skylduna að para viðskiptaáhuga í kerfinu samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum sem kerfisstjórinn setur. Sú krafa þýðir að viðskiptaáhugi er paraður samkvæmt reglum kerfisins eða samskiptaferlum kerfisins eða innri ferlum, þ.m.t. tölvuhugbúnaðarferlum. Hugtakið „ófrávíkjanlegar reglur“ merkir reglur sem gefur hinum skipulega markaði, rekstraraðila markaðar eða verðbréfafyrirtækinu, sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga ekkert svigrúm til að hafa áhrif á það hvernig viðskiptaáhugi kann að vera. Í skilgreiningunum er gerð krafa um að viðskiptaáhugi sé paraður þannig að það leiði til samnings sem verður þegar framkvæmd fer fram samkvæmt reglum kerfisins eða samskiptaferlum kerfisins eða innri ferlum þess.

8) Til að gera fjármálamarkaði Sambandsins gagnsærri og skilvirkari og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli ýmissa vettvanga sem bjóða fjölþætta viðskiptaþjónustu er nauðsynlegt að taka í notkun nýjan flokk viðskiptavettvangs, þ.e. skipulegt markaðstorg fyrir skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður, og tryggja að hann sé tilhlýðilega reglufestur og að reglurnar um aðgang að honum séu án mismununar. Þessi nýi flokkur er vítt skilgreindur og

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

ætti því, nú og í framtíðinni, að geta tekið til allra gerða skipulegrar framkvæmdar og fyrirkomulags viðskipta sem samsvara ekki starfsemi eða reglum fyrirliggjandi vettvanga. Af þessum sökum þarf að innleiða viðeigandi skipulagskröfur og reglur um gagnsæi sem styðja skilvirka verðákvörðun. Nýi flokkurinn nær yfir kerfi sem geta haft viðskipti með afleiður sem eru hæfar til stöðustofnunar og nægilega seljanlegar.

Hann ætti ekki að taka til kerfa þar sem engin raunveruleg framkvæmd eða skipulagning á sér stað, á borð við tilkynningatöflur sem eru notaðar fyrir auglýsingar um kaup- og söluáhuga, aðrar einingar sem safna eða samnýta mögulegan kaup- og söluáhuga, rafræna staðfestingarþjónustu eftir viðskipti eða samþjöppun eignasafns sem dregur úr áhættu utan markaða í fyrirliggjandi afleiðueignasöfnum, án þess að breyta markaðsáhættu eignasafnanna. Ýmis fyrirtæki geta annast samþjöppun eignasafns sem hvorki þessi reglugerð sem slík né tilskipun 2014/65/ESB setur reglur um, t.d. miðlægir mótaðilar, afleiðuviðskiptaskrár og verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðilar markaða. Rétt er að gera grein fyrir því að þegar verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða starfa að samþjöppun eignasafns gilda viss ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2014/65/ESB ekki um samþjöppun eignasafns. Þar eð verðbréfamiðstöðvar koma til með að falla undir sömu kröfur og verðbréfafyrirtæki þegar þær veita vissa fjárfestingarþjónustu eða annast vissa fjárfestingarstarfsemi ættu ákvæði þessar reglugerðar og tilskipunar 2014/65/ESB ekki að gilda um fyrirtæki sem ekki falla undir reglusetningu þeirra þegar þau annast samþjöppun eignasafns.

9) Þessi nýi flokkur, skipulegt markaðstorg, mun bætast við fyrirliggjandi gerðir viðskiptavettvanga. Meðan skipulegir markaðir og markaðstorg fjármálagerninga hafa ófrávíkjanlegar reglur um framkvæmd viðskipta ætti rekstraraðili skipulegs markaðtorgs að framkvæma fyrirmæli að vild með fyrirvara, eftir atvikum, um kröfur um gagnsæi áður en að viðskiptum kemur og skyldunni um bestu framkvæmd. Af þessu leiðir að framfylgd viðskiptareglna, besta framkvæmd og skyldur um meðferð fyrirmæla viðskiptavina ættu að gilda um viðskipti á skipulegu markaðstorgi sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar starfrækir. Að auki ætti sérhver rekstraraðili markaðar með starfsleyfi til að starfrækja skipulegt markaðstorg að hlíta 1. kafla tilskipunar 2014/65/ESB hvað varðar skilyrði og verkferla við veitingu starfsleyfa fyrir verðbréfafyrirtæki. Verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg ætti að geta tekið ákvarðanir á tveimur stigum: í fyrsta lagi þegar hann ákveður að leggja fram tilboð hjá skipulegu markaðstorgi eða draga tilboðið til baka, og í öðru lagi þegar hann ákveður að para (e. *match*) tiltekið tilboð á móti tilboðum sem eru tiltæk í kerfinu á ákveðnum tíma, að því tilskildu að farið sé að tilteknum fyrirmælum frá viðskiptavinum og skyldum um bestu framkvæmd.

Þegar um ræðir kerfi sem parar tilboð viðskiptavina ætti rekstraraðilinn að geta ákveðið hvort, hvenær og hve mörg af tveimur eða fleiri tilboðum hann vilji para innan kerfisins. Í samræmi við 1., 2., 4. og 5. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, og með fyrirvara um 3. mgr. 20. gr. 2014/65/ESB ætti fyrirtækið að geta auðveldað viðskipti milli viðskiptavina með því að færa saman tvær eða fleiri stöður í viðskiptum sem mögulega samrýmast viðskipaáhuga. Á báðum ákvörðunarstigum verður rekstraraðili skipulega markaðstorgsins að virða þær skyldur sem á honum hvíla skv. 18. gr. og 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækir skipulegt markaðstorg ætti að gera notendum vettvangsins ljóst hvernig þeir muni taka ákvarðanir. Þar sem skipulegt markaðstorg er réttmætur viðskiptavettvangur ætti stjórnandi hans að vera hlutlaus. Því ætti verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg að vera háður kröfum sem varða framkvæmd án mismununar og ætti hvorki verðbréfafyrirtækinu né rekstraraðila markaðar sem starfrækir skipulega markaðstorgið, né neinni annarri einingu sem er hluti af sömu samstæðu eða lögaðila og verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar, að vera heimilt að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á skipulegu markaðstorgi með því að nota eigið fé.

Í þeim tilgangi að greiða fyrir framkvæmd einna eða fleiri fyrirmæla viðskiptavina sem varða skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem ekki hefur verið lýst yfir að falli undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 Evrópuþingsins og ráðsins ([1]), er rekstraraðila skipulegs markaðstorgs heimilt að nota pöruð miðlaraviðskipti í skilningi tilskipunar 2014/65/ESB, að því tilskildu að viðskiptavinurinn hafi samþykkt þá aðgerð. Með tilliti til ríkisskuldagerninga sem ekki er virkur markaður fyrir ætti verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg að geta stundað viðskipti fyrir eigin reikning, önnur en pöruð miðlaraviðskipti. Þegar pöruð miðlaraviðskipti eru notuð verður að fara að öllum kröfum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti, sem og skyldum um bestu framkvæmd. Rekstraraðili skipulegs markaðstorgs, eða eining sem er hluti af sömu samstæðu eða lögaðila og verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar, ætti ekki að vera í hlutverki innmiðlara á skipulega markaðstorginu sem hann starfrækir. Enn fremur ætti rekstraraðili skipulegs markaðstorgs að vera háður sömu skyldum og gilda um markaðstorg fjármálagerninga með tilliti til ábyrgrar stjórnunar mögulegra hagsmunaárekstra.

10) Skipuleg viðskipti ætti öll að fara fram á skipulegum vettvöngum og vera að fullu gagnsæ, bæði fyrir og eftir viðskipti. Tilhlýðilega kvarðaðar kröfur um gagnsæi þurfa því að gilda um hvaða gerð viðskiptavettvanga sem vera skal, og um alla fjármálagerninga sem þar ganga kaupum og sölum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

11) Til að tryggja að meiri viðskipti fari fram gegnum skipulega viðskiptavettvanga og innmiðlara ætti að innleiða viðskiptaskyldu fyrir verðbréfafyrirtæki í þessari reglugerð vegna hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði eða verslað er með á viðskiptavettvangi. Slík viðskiptaskylda útheimtir að verðbréfafyrirtæki annist hvers konar viðskipti, þ.m.t. viðskipti fyrir eigin reikning og viðskipti þegar fyrirmæli viðskiptavina eru framkvæmd á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, gegnum innmiðlara eða á jafngildum viðskiptavettvangi í þriðja landi. Þó ætti að veita undanþágu frá þeirri viðskiptaskyldu ef lögmæt ástæða er til þess. Þessar lögmætu ástæður eru þegar viðskipti eru ókerfisbundin, tilfallandi, óregluleg og sjaldgæf, eða þegar um tæknileg viðskipti er að ræða, t.d. feluviðskipti sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið. Slíka undanþágu frá viðskiptaskyldu ætti ekki að nota til að sniðganga takmarkanirnar, sem teknar eru upp vegna undanþágu frá viðmiðunarverði og undanþágu frá umsömdu verði, eða til að starfrækja miðlaranet eða annað net.

Möguleikinn á að viðskipti fari fram gegnum innmiðlara er með fyrirvara um reglur um innmiðlara sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Markmiðið er að ef verðbréfafyrirtækið sjálft uppfyllir viðeigandi viðmið, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, til að teljast innmiðlari hvað þetta tiltekna hlutabréf varðar, geta viðskiptin farið fram á þann hátt; hins vegar ef verðbréfafyrirtækið telst ekki vera innmiðlari hvað þetta tiltekna hlutabréf varðar ætti það samt að geta annast viðskiptin gegnum annan innmiðlara ef það er í samræmi við skyldur um bestu framkvæmd og gefist kostur á því. Hér við bætist að til að tryggja að tilhlýðilegar reglur séu settar um marghliða viðskipti með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga ætti verðbréfafyrirtæki sem starfrækir innra pörunarkerfi á marghliða grundvelli að fá starfsleyfi sem markaðstorg fjármálagerninga. Rétt er að greina frá því að beita ætti ákvæðum um framkvæmd, sem sett eru fram í tilskipun 2014/65/ESB, á þann hátt að það hindri ekki viðskiptaskyldur samkvæmt þessari reglugerð.

12) Viðskipti með heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini, svipaða fjármálagerninga og önnur hlutabréf en þau sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði fara í meginatriðum fram á sama hátt og uppfylla nánast sama efnahagslegan tilgang og viðskipti með hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði. Ákvæði um gagnsæi sem eiga við um hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum ættu því einnig að taka til þessara fjármálagerninga.

13) Þótt almennt sé viðurkennt að reglur um undanþágu frá gagnsæi í viðskipta áður en þau fara fram séu nauðsynlegar til að stuðla að skilvirkri starfsemi markaða, verður að skoða gaumgæfilega núverandi undanþáguákvæði vegna hlutabréfa, sem gilda á grundvelli tilskipunar 2004/39/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 ([1]), til að ganga úr skugga um hvort gildissvið þeirra og skilyrði eiga áfram við. Til að tryggja samræmda beitingu á undanþágu frá gagnsæi í viðskiptum með hlutabréf áður en þau fara fram og að lokum með aðra svipaða fjármálagerninga og afurðir sem ekki tengjast hlutum, fyrir tiltekin markaðslíkön og gerðir og stærðir tilboða, ætti Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1095/2010 ([2]) (ESMA), að meta hvort einstakar beiðnir um undanþágu samrýmast reglum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og framseldum gerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Mat Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ætti að vera í formi álits í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Að auki ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að endurskoða fyrirliggjandi undanþágur fyrir hlutabréf innan tiltekins frests og leggja fram mat samkvæmt sömu málsmeðferð. á því hvort þær eru enn í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð og framseldum gerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

14) Fjármálakreppan afhjúpaði tiltekna bresti í því hvernig upplýsingar um viðskiptatækifæri og verð á fjármálagerningum, öðrum en hlutabréfum, eru aðgengilegar markaðsaðilum, einkum með tilliti til tímasetningar, fjölbreytileika í stærð, jafns aðgangs og áreiðanleika. Því ætti að innleiða í tæka tíð gagnsæiskröfur áður en viðskipti fara fram og að þeim loknum þar sem tekið er tillit til mismunandi einkenna og gerðar markaðar fyrir tilteknar gerðir fjármálagerninga, önnur en hlutabréf, og sem laga ætti að mismunandi gerðum viðskiptakerfa, þ.m.t. tilboðaskráakerfum, tilboðsdrifnum kerfum, blönduðum kerfum, reglulegum uppboðsviðskiptakerfum og radddrifnum kerfum. Til að koma á traustum ramma gagnsæis fyrir alla viðkomandi fjármálagerninga ættu þessi kerfi að gilda um skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Þess vegna ætti aðeins að vera hægt að fá undanþágu frá gagnsæi áður en viðskipti fara fram og aðlögun krafna í tengslum við frestun á birtingu í tilteknum afmörkuðum tilvikum.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjárfestingarfyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, skráningu fjármálagerninga á markaði og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

15) Nauðsynlegt er að koma á viðeigandi stigum gagnsæis í viðskiptum á mörkuðum fyrir skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir og afleiður til að greiða fyrir mati á afurðum og jafnframt tryggja skilvirkni verðmyndunar. Samsettar fjármálaafurðir ættu einkum að ná yfir eignavarin verðbréf eins og þau eru skilgreind í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 ([1]), sem m.a. taka til skuldavafninga.

16) Til að tryggja að samræmdum skilyrðum sé beitt um ólíka viðskiptavettvanga ættu sömu kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti að gilda um mismunandi gerðir vettvanga. Þessar gagnsæiskröfur ætti að aðlaga mismunandi gerðum fjármálagerninga, þ.m.t. hlutabréfum, skuldabréfum og afleiðum með tilliti til hagsmuna fjárfesta og útgefanda, þ.m.t. útgefanda ríkisskuldabréfa, sem og seljanleika á markaði. Kröfurnar ætti að aðlaga mismunandi gerðum viðskipta, þ.m.t. tilboðaskráakerfum, tilboðsdrifnum kerfum, s.s. beiðnum um verðtilboð, blönduðum kerfum og radddrifnum kerfum, og hafa hliðsjón af stærð viðskipta, þ.m.t. veltu, og öðrum viðeigandi viðmiðum.

17) Til að komast hjá hvers konar neikvæðum áhrifum á verðmyndunarferlið er nauðsynlegt að taka upp viðeigandi kerfi um hámarksmagn tilboða sem lögð eru inn í kerfi sem grundvallast á þeirri viðskiptaaðferð að verð er ákvarðað í samræmi við viðmiðunarverð og fyrir viss umsamin viðskipti. Þetta kerfi ætti hafa tvöfalt hámark þar sem hámarksmagn er notað fyrir hvern viðskiptavettvang sem nýtir þessar undanþágur þannig að aðeins viss hundraðshluti viðskipta getur farið fram á hverjum viðskiptavettvangi, og að auki ætti að nota heildarhámark sem, væri farið yfir þau, myndi leiða til þess að nýtingu þessara undanþága yrði frestað alls staðar í Sambandinu. Hvað þessi umsömdu viðskipti varðar ætti aðeins að nota kerfið fyrir viðskipti sem eiga sér stað innan gildandi magnvegins verðbils sem kemur fram í tilboðaskrá eða verðtilboðum viðskiptavaka viðskiptavettvangsins sem starfrækja það kerfi. Kerfið ætti að útiloka umsamin viðskipti með illseljanleg hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerningum og þau viðskipti sem háð eru öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði þar sem þau eiga ekki þátt í verðmyndunarferlinu.

18) Til að tryggja að OTC-viðskipti skaði ekki skilvirka verðákvörðun eða gagnsæ, jöfn skilyrði milli viðskiptaaðferða ættu viðeigandi forviðskiptakröfur um gagnsæi að gilda um verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning með OTC-fjármálagerninga, svo fremi þau geri það í krafti stöðu sinnar sem innmiðlarar, enda sé það í tengslum við hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga á virkum markaði, skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi á virkum markaði.

19) Verðbréfafyrirtæki sem framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina sinna með því að nota eigið fé ætti að teljast innmiðlari nema viðskiptin fari fram utan viðskiptavettvangs og séu tilfallandi, sértæk og óregluleg. Því ætti að skilgreina innmiðlara sem verðbréfafyrirtæki sem verslar fyrir eigin reikning, skipulega, oft, kerfisbundið og í verulegum mæli, með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina sinna utan viðskiptavettvangs. Kröfur vegna innmiðlara í þessari reglugerð ættu aðeins að gilda um verðbréfafyrirtæki í tengslum við hvern einstakan fjármálagerning, t.d. á grundvelli ISIN-kóða, þar sem fyrirtækið er innmiðlari. Til að tryggja hlutlæga og skilvirka beitingu skilgreiningarinnar á innmiðlara á verðbréfafyrirtæki ættu að vera til fyrirframákveðin viðmiðunarmörk fyrir innmiðlun þar sem nákvæmlega er tilgreint hvað átt er við með oft, kerfisbundið og í verulegum mæli.

20) Meðan skipulegt markaðstorg er hvert það kerfi eða aðstaða sem leiðir saman margvíslegan kaup- og söluáhuga þriðju aðila í kerfinu ætti innmiðlari ekki að hafa heimild til að para kaup- og söluáhuga þriðju aðila. Til dæmis ætti að líta á svokallaðan vettvang fyrir einn viðskiptamann, þar sem viðskiptin eru alltaf við eitt verðbréfafyrirtæki, sem innmiðlara ef hann uppfyllir kröfurnar í þessari reglugerð. Þó ætti ekki að líta á svokallaðan vettvang fyrir marga viðskiptamenn, þar sem margir viðskiptamenn starfa sín á milli fyrir sama fjármálagerning, sem innmiðlara.

21) Innmiðlarar ættu að geta ákveðið, á grundvelli viðskiptastefnu sinnar, á hlutlægan hátt og án mismununar, hvaða viðskiptavinum þeir veita aðgang að verðtilboðum sínum, og greina á milli flokka viðskiptavina, og ættu einnig að hafa rétt til að skilja á milli viðskiptavina, t.d. hvað greiðslufallsáhættu varðar. Innmiðlurum ætti ekki að bera skylda til að birta föst verðtilboð, framkvæma fyrirmæli viðskiptavina og veita aðgang að verðtilboðum sínum vegna viðskipta með eigið fé

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og opinbera birtingu slíkra lýsinga, svo og dreifingu auglýsinga (Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1).

umfram eðlilega markaðsstærð, og viðskipti með aðra gerninga en hlutabréfagerninga umfram þá stærðargráðu sem sérstaklega á við um fjármálagerningana. Lögbær yfirvöld ættu að hafa eftirlit með því að innmiðlarar ræki skyldur sínar og hafi tiltækar upplýsingar sem geri þeim kleift að annast slíkt eftirlit

22) Markmið þessarar reglugerðar er ekki að krefjast þess að reglum um gagnsæi áður en viðskipti fara fram sé beitt um viðskipti á OTC-grunni, að undanskildum þeim sem fara fram um innmiðlara.

23) Markaðsgögn ættu að vera aðgengileg notendum á auðveldan og greiðan hátt og á formi sem er eins sundurgreint og mögulegt er til að fjárfestar og veitendur gagnaþjónustu, sem þjóna þörfum þeirrar, geti aðlagað gagnalausnir eftir því sem kostur gefst. Því ætti að gera for- og eftirviðskiptagögn í þágu gagnsæis aðgengileg almenningi á sundurgreindan hátt til að draga úr kostnaði markaðsaðila við gagnakaup.

24) Aðildarríkin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ættu að beita til fulls tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]) í tengslum við skipti, sendingu og vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar reglugerðar, einkum IV. bálk.

25) Að teknu tilliti til samkomulags leiðtogafundar G20-hópsins í Pittsburgh 25. september 2009 um að færa viðskipti með staðlaða OTC-afleiðusamninga í kauphallir eða á rafræna viðskiptavettvanga eftir því sem við á, ætti að skilgreina formlega reglunefndarmeðferð til að heimila viðskipti milli fjárhagslegra mótaðila og stórra, ófjárhagslegra mótaðila með allar afleiður sem hafa verið viðurkenndar hæfar til stöðustofnunar og nægjanlega seljanlegar til að þær megi setja á mismunandi viðskiptavettvanga, með fyrirvara um sambærilega reglusetningu, og sem gera þátttakendum kleift að eiga viðskipti við marga mótaðila. Við mat á nægilegum seljanleika ætti að taka mið af einkennum markaðarins á landsvísu, þ.m.t. atriðum á borð við fjölda og tegundir markaðsaðila á tilteknum markaði og einkennum viðskipta, t.d. stærð og tíðni viðskipta á þeim markaði.

Virkur markaður með afurðaflokk afleiðna einkennist af miklum fjölda virkra markaðsaðila, þ.m.t. viðeigandi blöndu aðila sem útvega lausafé og þeirra sem veita því viðtöku með tilliti til fjölda afurða sem viðskipti eru með, sem versla oft með þessar afurðir í stærðum sem er ekki miklar að umfangi. Mikill fjöldi fyrirliggjandi kaup- og sölutilboða í viðkomandi afleiddri afurð, sem leiðir til lítils verðbils fyrir viðskipti af venjulegri markaðsstærð, ætti að vera vísbending um slíka markaðsstarfsemi. Við mat á nægilegum seljanleika ætti að taka tillit til þess að seljanleiki afleiddrar afurðar getur verið mjög breytilegur eftir markaðsskilyrðum og líftíma hennar.

26) Að teknu tilliti til samkomulags leiðtogafundar G20-hópsins í Pittsburgh 25. september 2009 um að færa viðskipti með staðlaða OTC-afleiðusamninga í kauphallir eða á rafræna viðskiptavettvanga eftir því sem við á, og að teknu tilliti til tiltölulega minni seljanleika ýmissa OTC-afleiðna er rétt að ákveða hæfilegan fjölda viðurkenndra vettvanga þar sem hægt er að stunda viðskipti samkvæmt þessari skuldbindingu. Allir viðurkenndir viðskiptavettvangar ættu að falla undir vel samræmdar lögboðnar skipulags- og rekstrarkröfur, fyrirkomulag til að draga úr hagsmunaárekstrum, eftirlit með allri viðskiptastarfsemi, gagnsæi fyrir og eftir viðskipti, sem sérstaklega er lagað að ólíkum fjármálagerningum og gerðum viðskiptakerfa, og gera mögulegt að margvíslegar viðskiptastöður þriðja aðila geti mæst (e. *interact*). Þó ætti að kveða á um þann möguleika að rekstraraðilar viðskiptavettvanga skipuleggi viðskipti samkvæmt þeirri skuldbindingu milli margra þriðju aðila með valfrjálsum hætti, til að bæta skilyrði fyrir framkvæmd og seljanleika.

27) Skyldan til að ljúka viðskiptum með afleiður sem tilheyra afleiðuflokki sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskyldu á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi eða viðskiptavettvangi í þriðja landi, ætti ekki að gilda um þá þætti þjónustu til að draga úr áhættu að viðskiptum loknum en stuðla ekki að verðmyndun og sem draga úr markaðstengdri áhættu sem fylgt getur eignasöfnum afleiða, þ.m.t. eignasöfnum með OTC-afleiður í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, án þess að breyta markaðsáhættu eignasafnanna. Hér við bætist að þessari reglugerð er ekki ætlað að koma í veg fyrir notkun annarrar áhættuminnkandi þjónustu að viðskiptum loknum þótt rétt sé að vera með sértækt ákvæði um samþjöppun eignasafns.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

28) Viðskiptaskyldan sem kveðið er á um fyrir þessar afleiður ætti að gera skilvirka samkeppni milli viðurkenndra viðskiptavettvanga mögulega. Því ættu þessir viðskiptavettvangar ekki að geta krafist einkaréttar á neinum afleiðum sem falla undir þessa viðskiptaskyldu og hindra þannig að aðrir viðskiptavettvangar bjóði upp á viðskipti með þessa fjármálagerninga. Til að tryggja virka samkeppni milli viðskiptavettvanga með afleiður er mikilvægt að aðgangur þessara vettvanga að miðlægum mótaðila sé með gagnsæjum hætti og án mismununar. Aðgangur án mismununar að miðlægum mótaðila ætti að þýða að viðskiptavettvangur eigi rétt á meðferð án mismununar með tilliti til þess hvernig farið er með samninga sem ganga kaupum og sölum á honum í tengslum við tryggingarkröfur og skuldajöfnun samninga sem eru jafngildir fjárhagslega, samnýtta tryggingarþekju með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðili stöðustofnar og stöðustofnunargjöld án mismununar.

29) Til viðbótar við valdheimildir lögbærra yfirvalda ætti að vera fyrir hendi skýrt fyrirkomulag sem gerir kleift að banna eða takmarka markaðssetningu, dreifingu og sölu á hvers konar fjármálagerningum eða samsettum innstæðum, sem valda verulegum áhyggjum að því er varðar vernd fjárfesta, eðlilega starfsemi og heilbrigði fjármálamarkaða eða hrávörumarkaða, stöðugleika fjármálakerfisins í heild eða að hluta, og jafnframt ættu að vera fyrir hendi viðeigandi samræmingar- og viðbragðheimildir fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, eða þegar um er að ræða samsettar innstæður, Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 Evrópuþingsins og ráðsins ([1]). Beiting slíkra heimilda af hálfu lögbærra yfirvalda og, í undantekningartilvikum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ætti að vera háð því að vissum sértækum skilyrðum sé fullnægt. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt ættu lögbær yfirvöld eða, í undantekningartilvikum, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, að geta tekið ákvörðun um bann eða takmörkun í varúðarskyni áður en fjármálagerningur eða samsett innstæða hefur verið markaðssett, dreift eða seld viðskiptavinum.

Þessar valdheimildir fela ekki í sér neinar kröfur um að lögbært yfirvald, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin innleiði eða noti afurðasamþykki eða -leyfisveitingu og fría verðbréfafyrirtæki ekki þeirri ábyrgð að hlíta öllum viðeigandi kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipun 2014/65/ESB. Eðlilega virkni og heilbrigði hrávörumarkaða ætti að telja með sem viðmið fyrir íhlutun lögbærra yfirvalda til að hægt sé að grípa til aðgerða til að sporna gegn hugsanlegum neikvæðum utanaðkomandi áhrifum á hrávörumarkaði sem fylgja starfsemi á fjármálamörkuðum. Þetta gildir einkum um landbúnaðarhrávörumarkaði en tilgangurinn með þeim er að tryggja öruggt framboð matvæla fyrir almenning. Í þessum tilvikum ætti að samhæfa aðgerðir með þeim yfirvöldum sem bera ábyrgð á viðkomandi hrávörumörkuðum.

30) Lögbær yfirvöld ættu að tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hvers konar atriði í beiðnum þeirra um að minnka stærð stöðu í afleiðusamningi og jafnframt um hvers konar sértækar takmarkanir og fyrirframstöðutakmarkanir til að efla samræmingu og samleitni við beitingu þessara valdheimilda. Mikilvægar upplýsingar um allar fyrirframstöðutakmarkanir sem lögbært yfirvald notar ætti að birta á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

31) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að geta óskað eftir upplýsingum frá hvaða aðila sem er um stöðu hans í afleiðusamningi, biðja um að þessi staða sé minnkuð, sem og að takmarka möguleika aðila á framkvæma einstök viðskipti í tengslum við hrávöruafleiður. Þá ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um aðgerðir sem hún hyggst grípa til og birta þær aðgerðir.

32) Upplýsingar um viðskipti með fjármálagerninga ætti að tilkynna lögbærum yfirvöldum til að gera þeim kleift að greina og rannsaka tilraunir til markaðssvika, hafa eftirlit með heiðarlegri og eðlilegri starfsemi markaða, sem og starfsemi verðbréfafyrirtækja. Umfang þessa eftirlits tekur til allra fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og fjármálagerninga þar sem undirliggjandi þáttur er fjármálagerningur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða þar sem undirliggjandi þáttur er vísitala eða karfa sem samanstendur af fjármálagerningum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Þessi skylda ætti að eiga við hvort sem slík viðskipti með einhverja þessara fjármálagerninga fóru fram á viðskiptavettvangi eða ekki. Til að komast hjá óþarfa rekstrarlegu álagi á verðbréfafyrirtæki ætti að undanskilja fjármálagerninga sem erfitt er að stunda markaðssvik með frá skýrslugjafarskyldunni. Í tilkynningunum ætti að nota auðkenni lögaðila í samræmi við skuldbindingar G20-hópsins. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að skýra framkvæmdastjórninni frá því hvernig slík skýrslugjöf til lögbæru yfirvaldanna virkar og framkvæmdastjórnin ætti að gera ráðstafanir til að leggja til breytingar eftir því sem við á.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

33) Rekstraraðili viðskiptavettvangs ætti að láta lögbæru yfirvaldi sínu í té tilvísunargögn fyrir viðkomandi fjármálagerning. Þessar tilkynningar ættu lögbær yfirvöld að senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án tafar, sem ætti að birta þær þegar í stað á vefsetri sínu til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum kleift að nota og greina viðskiptaskýrslur og skiptast á þeim.

34) Til að þjóna tilgangi sínum sem tæki til að hafa eftirlit með markaði ætti viðskiptaskýrslunum að tilgreina deili á aðilanum sem hefur tekið fjárfestingarákvörðunina og jafnframt á þeim sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar. Fyrir utan gagnsæisreglurnar sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([1]), veitir auðkenning á skortsölu gagnlegar viðbótarupplýsingar sem gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa eftirlit með umfangi skortsölu. Lögbær yfirvöld þurfa að hafa fullan aðgang að skýrslum á öllum stigum við framkvæmd fyrirmæla, frá upphafsákvörðun um viðskipti til framkvæmdar þeirra. Því ættu verðbréfafyrirtæki að halda skrár um öll fyrirmæli og öll viðskipti með fjármálagerninga og allir rekstraraðilar viðskiptavettvanga eru skyldugir til að halda skrár um öll fyrirmæli sem berast til kerfa þeirra. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að samræma upplýsingaskiptin á milli lögbærra yfirvalda til að tryggja að þau hafi aðgang að öllum viðskiptaskrám og fyrirmælum, þ.m.t. þeim sem stofnað er til á vettvöngum sem starfræktir eru utan yfirráðasvæðis þeirra með fjármálagerninga sem falla undir eftirlit þeirra.

35) Forðast ætti tvöfalda skýrslugjöf um sömu upplýsingar. Skýrslur sem sendar eru til afleiðuviðskiptaskráa, sem eru skráðar eða viðurkenndar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012 fyrir viðkomandi fjármálagerninga og sem hafa að geyma allar tilskildar upplýsingar að því er varðar skýrslugjöf um viðskipti, ætti ekki að þurfa að tilkynna lögbærum yfirvöldum heldur ættu afleiðuviðskiptaskrár að senda þeim þær. Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til samræmis við það.

36) Öll upplýsingaskipti eða sending upplýsinga af hálfu lögbærra yfirvalda ættu að vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB. Öll upplýsingaskipti eða sending upplýsinga af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ætti að vera í samræmi við flutning persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 45/2001, sem ætti að gilda að fullu um vinnslu persónuupplýsinga að því er þessa reglugerð varðar.

37) Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 mælir fyrir um viðmið um það hvenær flokkar OTC-afleiðna ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna. Þetta kemur í veg fyrir röskun á samkeppni með því að krefjast aðgangs án mismununar að miðlægum mótaðilum sem bjóða viðskiptavettvöngum upp á stöðustofnun OTC-afleiðna og aðgang án mismununar að viðskiptaupplýsingum viðskiptavettvanga til miðlægra mótaðila sem bjóða upp á stöðustofnun OTC-afleiðna. Þar eð OTC-afleiður eru skilgreindar sem afleiðusamningar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði er þörf á að taka upp svipaðar kröfur fyrir skipulega markaði samkvæmt þessari reglugerð. Afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum ættu einnig að vera stöðustofnaðar miðlægt.

38) Í viðbót við kröfurnar í tilskipun 2004/39/EB og tilskipun 2014/65/ESB sem hindra að aðildarríki takmarki óþarflega aðgang að innviðum að viðskiptum loknum, t.d. miðlægum mótaðila og uppgjörsfyrirkomulagi, er nauðsynlegt að þessi reglugerð ryðji úr vegi ýmsum öðrum viðskiptahindrunum sem hægt er að nota til að hindra samkeppni í tengslum við stöðustofnun fjármálagerninga. Til að komast hjá hvers konar mismunun ættu miðlægir mótaðilar að samþykkja að stöðustofna viðskipti sem framkvæmd eru á mismunandi viðskiptavettvöngum, að því marki sem þessir vettvangar uppfylla þær rekstrar- og tæknikröfur sem miðlægi mótaðilinn gerir, þ.m.t. kröfur um áhættustýringu. Miðlægur mótaðili ætti að veita aðgang, að uppfylltum vissum viðmiðum um aðgang sem tilgreind eru í tæknilegum eftirlitsstöðlum. Að því er varðar nýstofnaða miðlæga mótaðila sem hafa fengið starfsleyfi eða viðurkenningu til styttri tíma en til þriggja ára þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að því er varðar framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga ættu lögbær yfirvöld að hafa möguleika á að samþykkja umbreytingartímabil, sem nemur allt að tveimur og hálfu ári, áður en þau standa frammi fyrir fullum aðgangi án mismununar í tengslum við framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga. Ef miðlægur mótaðili kýs að nýta sér umbreytingarfyrirkomulagið ætti hann þó ekki að geta notið aðgangsréttar að viðskiptavettvangi samkvæmt þessari reglugerð á meðan það umbreytingarfyrirkomulag varir. Enn fremur þá ætti enginn viðskiptavettvangur með náin tengsl við þann miðlæga mótaðila að geta notið aðgangsréttar að viðskiptavettvangi samkvæmt þessari reglugerð á meðan það umbreytingarfyrirkomulag varir.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

39) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er mælt fyrir um við hvaða aðstæður ætti að veita OTC-afleiðum aðgang án mismununar milli miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga. Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 eru OTC-afleiður skilgreindar sem afleiður sem ekki eru framkvæmd viðskipti með á skipulegum markaði eða markaði í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 6. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB. Til að koma í veg fyrir gloppur eða skörun og til að tryggja samræmi milli reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og þessarar reglugerðar gilda kröfurnar sem settar eru fram um aðgang án mismununar milli miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga um afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum eða markaði í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við tilskipun 2004/65/EB, og alla fjármálagerninga sem eru ekki afleiður.

40) Gera ætti kröfu um að viðskiptavettvangar veiti aðgang, þ.m.t. að gagnastreymi, á gagnsæjan hátt og án mismununar, að miðlægum mótaðilum sem æskja þess að stöðustofna viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi. Þetta ætti þó ekki að útheimta að gripið sé til fyrirkomulags um rekstrarsamhæfi fyrir stöðustofnunarviðskipti með afleiður eða valda tvístrun seljanleika sem myndi ógna snurðulausri og eðlilegri virkni markaða. Viðskiptavettvangur ætti aðeins að synja um aðgang ef viss aðgangsviðmið sem tilgreind eru í tæknilegum eftirlitsstöðlum eru ekki uppfyllt. Að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi væri óhóflegt að krefjast þess að minni viðskiptavettvangar, einkum þeir sem eru nátengdir miðlægum mótaðilum, fari þegar í stað að kröfunum um aðgang án mismununar ef þeir hafa enn ekki aflað sér þá tæknifærni sem gerir þeim kleift að eiga í samkeppni á jafnræðisgrundvelli við meirihlutann af eftirviðskiptainnviða-markaðinum e. *post-trade infrastructure market)*. Því ætti viðskiptavettvöngum undir tilteknum viðmiðunarmörkum að gefast kostur á að veita sjálfum sér undanþágu, og því einnig miðlægum mótaðilum sem þeim eru tengdir, frá kröfunum um aðgang án mismununar að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi í 30 mánuði, með möguleika á frekari endurnýjunum. Ef viðskiptavettvangur kýs að nýta sér undanþágu ætti hann þó ekki að geta haft hag af aðgangsréttinum að miðlægum mótaðila samkvæmt þessari reglugerð meðan undanþágan gildir.

Enn fremur þá ætti enginn miðlægur mótaðili með náin tengsl við þann viðskiptavettvang að geta nýtt aðgangsréttinn að viðskiptavettvangi samkvæmt þessari reglugerð á meðan undanþágan er í gildi. Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 tilgreinir að ef viðskiptaréttindi og hugverkaréttindi tengjast fjármálaþjónustu sem varðar afleiðusamninga ættu leyfi að vera aðgengileg á hóflegum, sanngjörnum og réttmætum kjörum og án mismununar. Því ættu miðlægir mótaðilar og aðrir viðskiptavettvangar að hafa aðgang að leyfum fyrir viðmiðunargildum, og upplýsingum þeim tengdum, sem notuð eru til að ákvarða virði fjármálagerninga, á hóflegum, sanngjörnum og eðlilegum grundvelli án mismununar og ættu öll leyfi að vera á sanngjörnum viðskiptakjörum. Sé nýtt viðmiðunargildi þróað eftir að þessi reglugerð öðlast gildi ætti skyldan til að veita leyfi að taka gildi 30 mánuðum eftir að viðskipti hefjast með fjármálagerning sem þessu viðmiðunargildi er beitt í tengslum við eða hann er tekinn til viðskipta, með fyrirvara um beitingu samkeppnisreglna. Aðgangur að leyfum skiptir sköpum við að greiða fyrir aðgangi milli viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila skv. 35. og 36. gr. þar sem fyrirkomulag leyfisveitinga gæti að öðrum kosti komið í veg fyrir aðgang milli viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila sem þeir hafa óskað eftir.

Markmiðið með því að ryðja úr vegi hindrunum og koma í veg fyrir mismunun er að auka samkeppni með tilliti til stöðustofnunar og viðskipta með fjármálagerninga til að lækka fjárfestingar- og fjármagnskostnað, hamla gegn óskilvirkni og hvetja til nýsköpunar á mörkuðum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að hafa náið eftirlit með þróun eftirviðskiptainnviða og ætti, ef nauðsyn krefur, að hlutast til um til að hindra að samkeppnisröskun verði á innri markaðinum, einkum þegar synjun um aðgang að innviðum eða viðmiðunargildum brýtur í bága við 101. eða 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Leyfisskyldurnar samkvæmt þessari reglugerð ættu ekki að hafa áhrif á almenna skyldu eigenda viðmiðunargilda samkvæmt samkeppnislögum Sambandsins, einkum 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar aðgang að viðmiðunargildum sem eru nauðsynleg til að fá aðgang að nýjum markaði. Samþykki lögbærra yfirvalda fyrir því að beita ekki aðgangsrétti meðan á umbreytingartímabilum stendur jafngilda ekki leyfi eða breytingum á leyfi.

41) Þjónustustarfsemi fyrirtækja í þriðja landi í Sambandinu fellur undir reglur og kröfur í hverju landi. Þessar reglur eru mjög mismunandi og fyrirtækin sem veitt er starfsleyfi í samræmi við þær hafa ekki frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétt í öðrum aðildarríkjum en því þar sem þau hafa staðfestu. Rétt þykir að innleiða sameiginlegan regluramma á vettvangi Sambandsins. Reglurnar ættu að samræma gildandi, ósamkvæman regluramma, tryggja að fyrirtæki í þriðja landi með aðildarumsókn hjá Sambandinu njóti öryggis og jafnrar meðferðar, tryggja að framkvæmdastjórnin hafi metið að hve miklu leyti rammi þriðju landa um varfærni og viðskiptahætti hafi í reynd jafngild áhrif og ættu að tryggja að viðskiptavinir í Sambandinu sem fá þjónustu hjá þessum fyrirtækjum þriðja lands njóti sambærilegrar verndar.

Þegar reglunum er beitt ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að láta þau svið hafa forgang sem falla undir skuldbindingar og samninga G20-hópsins við stærstu viðskiptaaðila Sambandsins og ættu að taka mið af því lykilhlutverki sem Sambandið gegnir á fjármálamörkuðum á heimsvísu og tryggja að beiting krafna þriðja lands hindri ekki að fjárfestar og útgefendur í Sambandinu fjárfesti eða fái fjármögnun frá þriðju löndum eða að fjárfestar og útgefendur þriðja lands fjárfesti, afli fjármagns eða fái aðra fjármálaþjónustu á mörkuðum Sambandsins nema nauðsynlegt sé vegna hlutlægra og gagnreyndra varfærnisástæðna. Við framkvæmd matsins ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til markmiða og meginreglna verðbréfaeftirlitsaðila Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) og ráðlegginga samtakanna eins og þeim er breytt og þau túlkuð af IOSCO.

Ef ekki er hægt að ákvarða raunverulegt jafngildi fellur þjónustustarfsemi fyrirtækja þriðja lands í Sambandinu áfram undir landsbundnar reglur. Framkvæmdastjórnin ætti að hefja jafngildismat að eigin frumkvæði. Aðildarríkin ættu að geta gefið til kynna áhuga sinn á því að visst þriðja land eða viss þriðju lönd sæti jafngildismati sem framkvæmdastjórnin framkvæmir án þess að það skuldbindi framkvæmdastjórnina til að hafa forgöngu um jafngildisferlið. Jafngildismatið ætti byggjast á staðreyndum; það ætti að meta að hvaða marki reglu- og eftirlitsrammi í viðkomandi þriðja landi nær svipuðum og fullnægjandi reglugerðaráhrifum og að hvaða marki hann uppfyllir sömu markmið og lög Sambandsins. Þegar framkvæmdastjórnin hefur forgöngu um þetta jafngildismat ætti hún að geta forgangsraðað meðal lögsagna í þriðju löndum og athugað hversu mikilvæg niðurstaða matsins er fyrir fyrirtæki og viðskiptavini í Sambandinu, fyrirliggjandi samninga um eftirlit og samstarf milli þriðja lands og aðildarríkjanna, fyrirliggjandi skilvirkt jafngilt kerfi til viðurkenningar á verðbréfafyrirtækjum með starfsleyfi samkvæmt erlendum reglum, og jafnframt áhuga og vilja þriðja lands til að taka þátt í jafngildismatsferlinu. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa eftirlit með öllum verulegum breytingum á reglu- og eftirlitsramma þriðja lands og endurskoða ákvarðanir um jafngildi eftir því sem við á.

42) Samkvæmt þessari reglugerð ætti að takmarka veitingu þjónustu án útibúa við viðurkennda gagnaðila og fagfjárfesta. Hún ætti að vera með fyrirvara um skráningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og eftirlit í þriðja landi. Viðeigandi samstarfsfyrirkomulag ætti að vera fyrir hendi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda í þriðja landi.

43) Ákvæði þessarar reglugerðar um hvernig fyrirtæki þriðju landa skulu veita þjónustu eða takast á hendur starfsemi ættu ekki að hafa áhrif á möguleika aðila með staðfestu í Sambandinu á því að fá fjárfestingarþjónustu hjá fyrirtæki þriðja lands, svo fremi þeir geri það eingöngu að eigin frumkvæði, eða möguleika verðbréfafyrirtækja eða lánastofnana í Sambandinu á því að fá fjárfestingarþjónustu eða nýta sér starfsemi fyrirtækis í þriðja landi, svo fremi þær geri það eingöngu að eigin frumkvæði, né heldur möguleika viðskiptavinar að fá fjárfestingarþjónustu hjá fyrirtæki þriðja lands fyrir milligöngu slíkrar lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis. Ef fyrirtæki í þriðja landi veitir aðila með staðfestu í Sambandinu þjónustu, sem er eingöngu að hans eigin frumkvæði, ætti ekki að líta svo á að þjónustan sé veitt á yfirráðasvæði Sambandsins. Ef fyrirtæki í þriðja landi falast eftir viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum í Sambandinu eða kynnir eða auglýsir fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi ásamt viðbótarþjónustu í Sambandinu ætti slíkt ekki að teljast þjónusta sem veitt er að frumkvæði viðskiptavinarins eingöngu.

44) Að því er varðar viðurkenningu á fyrirtækjum í þriðja landi og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þ.m.t. hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti, ætti aðeins að samþykkja ákvarðanir um að reglu- og eftirlitsrammi þriðja lands jafngildi reglu- og eftirlitsramma Sambandsins ef laga- og eftirlitsrammi þriðja landsins kveður á um skilvirkt jafngilt kerfi til viðurkenningar á verðbréfafyrirtækjum með starfsleyfi samkvæmt erlendum lagareglum í samræmi við, meðal annars, almenn markmið og staðla reglusetningar sem G20-hópurinn setti fram í september 2009 um að auka gagnsæi á afleiðumörkuðum, milda kerfisáhættu og vernda gegn markaðssvikum. Slíkt kerfi ætti að teljast jafngilt ef það tryggir að gildandi reglurammi hafi í megindráttum svipuð áhrif og kröfur Sambandsins og ætti að teljast skilvirkt ef þessum reglum er beitt með samræmdum hætti.

45) Margs konar sviksamlegar viðskiptavenjur hafa viðgengist á stundargengiseftirmörkuðum fyrir losunarheimildir sem gætu grafið undan trausti á losunarviðskiptakerfinu, sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([1]), og verið er að gera ráðstafanir til að styrkja skráningarkerfi losunarheimilda og skilyrðin fyrir opnun reiknings fyrir viðskipti með þær. Til að efla heilbrigði þessara markaða og vernda skilvirka starfsemi þeirra, þ.m.t. með víðtæku eftirliti

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

með viðskiptastarfsemi, er rétt að bæta við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli tilskipunar 2003/87/EB, með því að færa losunarheimildir að fullu undir gildissvið þessarar reglugerðar og tilskipunar 2014/65/ESB, sem og gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2014/57 ([2]), með því að flokka þær sem fjármálagerninga.

46) Framkvæmdastjórninni ætti að vera falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum ætti að samþykkja framseldu gerðirnar um rýmkun á gildissviði vissra ákvæða þessarar reglugerðar svo það nái yfir seðlabanka í þriðja landi, tilteknar upplýsingar varðandi skilgreiningar, tiltekin kostnaðartengd ákvæði varðandi tiltækileika markaðsgagna, aðgang að verðtilboðum, stærðir sem eru jafnar eða minni en þær sem fyrirtæki skal ganga til viðskipta í við annan viðskiptavin sem verðtilboðið er gert aðgengilegt, samþjöppun eignasafns og frekari ákvörðun um hvenær um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við fjárfestavernd, eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða vörumarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu sem getur réttlætt það að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld grípi til aðgerða, stöðustjórnunarvald Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, framlengingu umbreytingartímabilsins skv. 5. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar í tiltekinn tíma og að því er varðar útilokun afleiðna sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi frá gildissviði vissra ákvæða þessarar reglugerðar í tiltekinn tíma. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja að viðkomandi skjöl séu send Evrópuþinginu og ráðinu samtímis, tímanlega og á viðeigandi hátt.

47) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja ákvörðun um jafngildi að því er varðar laga- og eftirlitsramma þriðja lands um þjónustustarfsemi fyrirtækja í þriðja landi, eða viðskiptavettvanga í þriðja landi, að því er varðar hæfi viðskiptavettvangs fyrir afleiður sem falla undir viðskiptaskylduna og aðgang miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga í þriðja landi að viðskiptavettvöngum og miðlægum mótaðilum með staðfestu í Sambandinu. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([3]).

48) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á samræmdum kröfum um fjármálagerninga í tengslum við birtingu viðskiptagagna, skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda, viðskipti með afleiður og hlutabréf á skipulegum vettvöngum, aðgang án mismununar að miðlægum mótaðilum, viðskiptavettvöngum og viðmiðunargildum, vald til afurðaíhlutunar, stöðustjórnunarvald og stöðutakmarkanir, veitingu fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi fyrirtækja í þriðja landi, vegna þess að þrátt fyrir að lögbær landsyfirvöld séu í betri stöðu til að hafa eftirlit með markaðsþróun er aðeins hægt að skilja fyllilega heildaráhrif þeirra vandamála sem tengjast gagnsæi í viðskiptum, skýrslugjöf um viðskipti, viðskiptum með afleiður og banni á afurðir og starfshætti, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

49) Engar aðgerðir sem lögbær yfirvöld eða Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur til við skyldustörf sín ættu að mismuna með beinum eða óbeinum hætti aðildarríki eða hópi aðildarríkja að því er varðar staðsetningu vettvangs fyrir veitingu fjárfestingarþjónustu og -starfsemi í hvaða gjaldmiðli sem er. Engar aðgerðir sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin grípur til við skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð ættu að mismuna með beinum eða óbeinum hætti neinu aðildarríki eða hópi aðildarríkja.

50) Tæknistaðlar í fjármálaþjónustu ættu að tryggja fullnægjandi vernd innstæðueigenda, fjárfesta og neytenda alls staðar í Sambandinu. Þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri sérþekkingu væri skilvirkt og viðeigandi að fela stofnuninni það verkefni að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér stefnuákvarðanir, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014 bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/57/ESB frá 15. maí 2014 um refsiviðurlög gegn markaðssvikum (tilskipunin um markaðssvik) (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014 bls. 178).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

51) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfærir um nákvæma eiginleika krafna um gagnsæi í viðskiptum, um stefnu í peningamálum, gjaldeyrismálum og fjármálastöðugleika og um gerðir vissra viðskipta sem skipta máli samkvæmt þessari reglugerð, um nákvæm skilyrði fyrir undanþágu frá gagnsæi áður en viðskipti fara fram, um fyrirkomulag á frestun opinberrar birtingar að viðskiptum loknum, um þá skyldu að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar á aðskilinn hátt, um viðmið fyrir beitingu gagnsæisskyldu innmiðlara áður en viðskipti fara fram, um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja að viðskiptum loknum, um efni og tíðni gagnabeiðna vegna upplýsingagjafar til gagnsæis og annarra útreikninga, um viðskipti sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið, um tilboðsgögn sem skal varðveita, um efni og nákvæmar skilgreiningar viðskiptaskýrslna, um efni og nákvæmar skilgreiningar viðmiðunargagna fjármálagerninga, um gerðir samninga sem hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins og tilvikin þegar viðskiptaskyldur vegna afleiðna eru nauðsynlegar, um kröfur fyrir kerfi og verklagsreglur til að tryggja að viðskipti með stöðustofnaðar afleiður séu lagðar fram og samþykktar til stöðustofnunar, um tegundir óbeins þjónustufyrirkomulags stöðustofnunar, um afleiður sem falla undir skylduna til að eiga viðskipti á skipulegum viðskiptavettvöngum, um aðgang án mismununar að miðlægum mótaðila og viðskiptavettvangi, um aðgang án mismununar að viðmiðunargildum og skyldu til að veita leyfi fyrir þeim, og um upplýsingarnar sem umsóknarfyrirtækið í þriðja landi ætti að útvega Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í umsókn sinni um skráningu. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

52) Ákvæði 95. gr. tilskipunar 2014/65/ESB kveður á um tímabundna undanþágu fyrir ákveðna orkuafleiðusamninga í 6. lið C-þáttar. Því er nauðsynlegt að tæknistaðlarnir sem tilgreina stöðustofnunarskylduna og sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semur í samræmi við b- lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 taki mið af þessu og geri ekki kröfur um stöðustofnunarskyldu vegna afleiðusamninga sem myndu í kjölfarið falla undir tímabundna undanþágu fyrir ákveðna orkuafleiðusamninga sem tilgreindir eru í 6. lið C-þáttar.

53) Fresta ætti beitingu krafnanna í þessari reglugerð þannig að hún falli saman við beitingu lögleiðingarreglnanna í hinni endurútgefnu tilskipun og til að fastsetja allar mikilvægar framkvæmdarráðstafanir Reglubálkinum í heild ætti síðan að beita frá sama tímapunkti. Hins vegar ætti ekki að fresta beitingu heimilda sem varða framkvæmdarráðstafanir þannig að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að semja drög að þessum framkvæmdarráðstöfunum og samþykkja eins fljótt og unnt er.

54) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum rétti til verndar persónuupplýsingum (8. gr.), frelsi til atvinnurekstrar (16. gr.), rétti til neytendaverndar (38. gr.), rétti til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar (47. gr.) og rétti til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot (50. gr.), og verður að beita þessum meginreglum í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.

55) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 10. febrúar 2012 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar fram samræmdar kröfur um eftirfarandi:

a) birtingu á viðskiptaupplýsingum til almennings,

b) skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda,

([1]) Stjtíð. ESB C 147, 25.5.2012, bls. 1.

c) viðskipti með afleiður á skipulegum vettvöngum,

d) aðgang án mismununar að stöðustofnun og aðgang án mismununar að viðskiptum með viðmiðunargildi (e. *trading in benchmarks*),

e) vald lögbærra yfirvalda, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til afurðaíhlutunar (e. *product intervention*) og vald Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar hvað varðar tæki til stjórnunar á stöðum og takmarkanir á stöðum,

f) veitingu fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi af hálfu fyrirtækja í þriðja landi, með eða án stofnunar útibús, í kjölfar viðeigandi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um jafngildi.

2. Þessi reglugerð gildir um verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]) þegar þau veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi, og um rekstraraðila markaða, þ.m.t. hvern þann viðskiptavettvang sem þeir starfrækja.

3. Ákvæði V. bálks þessarar reglugerðar gilda einnig um alla fjárhagslega mótaðila, eins og þeir eru skilgreindir í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, og um alla ófjárhagslega mótaðila sem falla undir b-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Ákvæði VI. bálks þessarar reglugerðar gilda einnig um miðlæga mótaðila og aðila með eignarrétt á viðmiðunargildum.

5. Ákvæði VIII. bálks þessarar reglugerðar gilda um fyrirtæki í þriðja landi, sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi innan Sambandsins, með eða án stofnunar útibús í kjölfar viðeigandi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um jafngildi.

6. Ákvæði 8., 10., 18. og 21. gr. gilda ekki um skipulega markaði, rekstraraðila markaða og verðbréfafyrirtæki að því er varðar viðskipti ef mótaðilinn er aðili að seðlabankakerfi Evrópu (ESCB), viðskiptin eru gerð til framkvæmdar á peninga-, gjaldeyris- og fjármálastöðugleikastefnu sem sá aðili seðlabankakerfisins hefur umboð samkvæmt lögum til að vinna að og sá aðili hefur tilkynnt mótaðila sínum um það fyrirfram að viðskiptin séu undanþegin.

7. Ákvæði 6. mgr. gilda ekki um viðskipti sem aðili að seðlabankakerfi Evrópu á í fjárfestingarstarfsemi sinni.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í nánu samstarfi við seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þá starfsemi í tengslum við stefnu í peningamálum, gjaldeyrismálum og fjármálastöðugleika og þær tegundir viðskipta sem 6. og 7. mgr. gilda um.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. til að rýmka gildissvið 6. mgr. svo það taki til annarra seðlabanka.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2015, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem hefur að geyma mat á meðhöndlun seðlabanka í þriðju löndum á viðskiptum, en að því er varðar þessa málsgrein telst Alþjóðagreiðslubankinn til þeirra. Skýrslan skal hafa að geyma greiningu á lögboðnum verkefnum og viðskiptamagni þeirra í Sambandinu. Í skýrslunni skal:

a) tilgreina ákvæði sem gilda í viðkomandi þriðju löndum um tilskilda birtingu samkvæmt regluramma á upplýsingum um viðskipti seðlabanka, þ.m.t. viðskipti sem aðilar að seðlabankakerfi Evrópu eiga í í þessum þriðju löndum, og

b) meta möguleg áhrif sem birtingarkröfur samkvæmt regluramma í Sambandinu kunna að hafa á viðskipti seðlabanka í þriðja landi.

Sé niðurstaða skýrslunnar sú að undanþágan sem kveðið er á um í 6. mgr. sé nauðsynleg að því er varðar viðskipti þar sem mótaðilinn er seðlabanki í þriðja landi sem framkvæmir stefnu í peningamálum, gjaldeyrismálum og um fjármálastöðugleika skal framkvæmdastjórnin kveða á um að sú undanþága gildi um þann seðlabanka í þriðja landi.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

2) „fjárfestingarþjónusta og -starfsemi“: fjárfestingarþjónusta og -starfsemi eins og hún er skilgreind í 2. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

3) „viðbótarþjónusta“: viðbótarþjónusta eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

4) „framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina“: framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eins og hún er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

5) „viðskipti fyrir eigin reikning“: viðskipti fyrir eigin reikning eins og þau eru skilgreind í 6. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

6) „viðskiptavaki“: viðskiptavaki eins og hann er skilgreindur í 7. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

7) „viðskiptavinur“: viðskiptavinur eins og hann er skilgreindur í 9. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

8) „fagfjárfestir“: fagfjárfestir eins og hann er skilgreindur í 10. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

9) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

10) „rekstraraðili markaðar“: rekstraraðili markaðar eins og hann er skilgreindur í 18. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

11) „marghliða kerfi“: marghliða kerfi eins og það er skilgreint í 19. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

12) „innmiðlari“: innmiðlari eins og hann er skilgreindur í 20. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

13) „skipulegur markaður“: skipulegur markaður eins og hann er skilgreindur í 21. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/EB,

14) „markaðstorg fjármálagerninga (MTF)“: markaðstorg fjármálagerninga eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr.4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

15) „skipulegt markaðstorg (OTF)“: skipulegt markaðstorg eins og það er skilgreint í 23. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

16) „viðskiptavettvangur“: viðskiptavettvangur eins og hann er skilgreindur í 24. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

17) „virkur markaður“:

a) að því er varðar 9., 11. og 18. gr., markaður fyrir fjármálagerning eða flokk fjármálagerninga þar sem stöðugt eru fyrir hendi fúsir kaupendur og seljendur og þar sem markaðurinn er metinn samkvæmt eftirfarandi viðmiðum, með hliðsjón af tiltekinni markaðsgerð viðkomandi fjármálagernings eða viðkomandi flokks fjármálagerninga:

i. meðaltíðni og -stærð viðskipta við ýmis markaðsskilyrði með hliðsjón af eðli og líftíma afurða í viðkomandi flokki fjármálagerninga,

ii. fjölda og tegund markaðsaðila, þ.m.t. hlutfallsins milli fjölda markaðsaðila og fjölda fjármálagerninga sem viðskipti eru með í tengslum við tiltekna afurð,

iii. meðalverðbili, ef það liggur fyrir,

b) að því er varðar 4., 5. og 14. gr., markaður fyrir fjármálagerning sem viðskipti eru með daglega þar sem markaðurinn er metinn samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

i. floti (e. *free float*),

ii. meðalfjölda viðskipta á dag með þessa fjármálagerninga,

iii. meðaldagsveltu þessara fjármálagerninga,

18) „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 26. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

19) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]),

20) „útibú“: útibú eins og það er skilgreint í 30. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

21) „náin tengsl“: náin tengsl eins og þau eru skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

22) „stjórn“: stjórn eins og hún er skilgreind í 36. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

23) „samsett innstæða“: samsett innstæða eins og hún er skilgreind í 43. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

24) „framseljanleg verðbréf“: framseljanleg verðbréf eins og þau eru skilgreind í 44. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

25) „heimildarskírteini“: heimildarskírteini eins og þau eru skilgreind í 45. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

26) „kauphallarsjóður“: kauphallarsjóður eins og hann er skilgreindur í 46. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

27) „skírteini“: verðbréf sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði og, ef útgefandinn endurgreiðir fjárfestinguna, eru rétthærri en hlutabréf en réttlægri en ótryggð skuldabréf og aðrir svipaðir gerningar,

28) „samsettar fjármálaafurðir“: verðbréf sem eru stofnuð til að verðbréfa og yfirfæra greiðslufallsáhættu sem tengist safni fjáreigna og veita eiganda verðbréfsins rétt til reglulegra greiðslna sem eru háðar sjóðstreymi frá undirliggjandi eignum,

29) „afleiður“: þeir fjármálagerningar sem skilgreindir eru í c- lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og sem um getur í 4.–10. lið C–þáttar I. viðauka við hana,

30) „hrávöruafleiður“: þeir fjármálagerningar sem skilgreindir eru í c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB; sem tengjast hrávöru eða undirliggjandi þætti sem um getur í 10. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB; eða í 5., 6., 7. og 10. lið C-þáttar I. viðauka við hana,

31) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

32) „afleiða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi“: afleiða sem viðskipti eru með á skipulegum markaði eða markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við 28. gr. þessarar reglugerðar, og sem fellur þannig ekki undir skilgreininguna á OTC-afleiðu í 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

33) „yfirlýstur viðskiptaáhugi“: skilaboð frá einum aðila eða þátttakanda til annars í viðskiptakerfi í tengslum við fyrirliggjandi viðskiptaáhuga, sem hafa að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar til að semja um viðskipti,

34) „viðurkennd birtingarþjónusta“ (APA): viðurkennd birtingarþjónusta eins og hún er skilgreind í 52. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

35) „þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP)“: þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eins og hún er skilgreind í 53. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

36) „viðurkennt skýrslugjafarkerfi (ARM)“: viðurkennt skýrslugjafarkerfi eins og það er skilgreint í 54. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

37) „heimaaðildarríki“: heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 55. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

38) „gistiaðildarríki“: gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 56. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

39) „viðmiðunargildi“: gengi, vísitala eða tala sem er gerð aðgengileg almenningi eða birt og ákvörðuð öðru hverju eða reglulega með því að beita formúlu á, eða á grundvelli, verðgildis einnar eða fleiri undirliggjandi eigna eða verða, þ.m.t. áætlaðra verða, raunverulegra eða áætlaðra vaxta eða annarra gilda, eða athugana og sem liggur til grundvallar ákvörðun fjárhæðar til greiðslu samkvæmt fjármálagerningi eða ákvörðun á virði fjármálagernings,

40) „fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi“: fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi eins og það er skilgreint í 12. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

41) „fjármálastofnun í þriðja landi“: aðili með aðalskrifstofu í þriðja landi, með heimild eða starfsleyfi samkvæmt lögum þess þriðja lands til að veita einhverja af þeirri þjónustu eða stunda einhverja af þeirri starfsemi sem talin er upp í tilskipun 2013/36/ESB, tilskipun 2014/65/ESB; tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB ([3]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([4]),

42) „fyrirtæki í þriðja landi“: fyrirtæki í þriðja landi eins og það er skilgreint í 57. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

43) „heildsöluorkuafurðir“: heildsöluorkuafurðir eins og þær eru skilgreindar í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 ([5]),

44) „landbúnaðarhrávöruafleiður“: afleiðusamningar sem tengjast afurðum sem eru taldar upp í 1. gr. og I.- XX. hluta og hluta XXIV/1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([6]),

45) „tvístrun seljanleika“: aðstæður þar sem:

a) þátttakendur í viðskiptavettvangi geta ekki lokið viðskiptum við einn eða fleiri þátttakendur í þeim vettvangi vegna þess að ekki er fyrir hendi stöðustofnunarfyrirkomulag sem allir þátttakendur hafa aðgang að, eða

b) stöðustofnunaraðili eða viðskiptavinir hans neyðast til að halda stöðum sínum í fjármálagerningi hjá fleiri en einum miðlægum mótaðila, sem takmarkar möguleikann á að skuldajafna fjárhagslegar áhættuskuldbindingar,

46) „ríkisskuld“: ríkisskuld eins og hún er skilgreind í 61. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

47) „samþjöppun eignasafns“: þjónusta til að draga úr áhættu þar sem tveir eða fleiri mótaðilar loka, til fulls eða að hluta, sumum eða öllum afleiðum sem þeir hafa lagt í samþjöppun eignasafns, og stofna í stað afleiðnanna sem er lokað aðra afleiðu með samanlagt hugsað verðmæti sem er minna en samanlagt hugsað verðmæti afleiðnanna sem er lokað.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfða sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. til að tilgreina viss tæknileg atriði skilgreininganna í 1. mgr., í því skyni að laga þær að markaðsþróun.

II. BÁLKUR

GAGNSÆI FYRIR VIÐSKIPTAVETTVANGA

1. KAFLI

Gagnsæi vegna hlutabréfagerninga

3. gr.

Kröfur fyrir viðskiptavettvanga um gagnsæi áður en viðskipti fara fram með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega gildandi verð kaup- og sölutilboða og magn í boði á því verði sem er auglýst í kerfum þeirra fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi. Sú krafa skal einnig gilda um yfirlýstan viðskiptaáhuga. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu gera þessar upplýsingar tiltækar almenningi, samfellt á venjulegum viðskiptatíma.

2. Gagnsæiskröfurnar sem um getur í 1. mgr. skulu lagaðar að mismunandi gerðum viðskiptakerfa, þ.m.t. tilboðaskráakerfum, tilboðsdrifnum kerfum, blönduðum kerfum og reglulegum uppboðsviðskiptakerfum.

3. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu veita verðbréfafyrirtækjum sem ber skylda til að birta verðtilboð sín í hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga, skv. 14. gr., aðgang á sanngjörnum viðskiptakjörum og án mismununar að því fyrirkomulagi sem hinir fyrrnefndu nota til að gera opinberar þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

4. gr.

Undanþágur fyrir hlutabréfagerninga

1. Lögbær yfirvöld skulu geta veitt undanþágu frá skyldu rekstraraðila markaða og verðbréfafyrirtækja sem starfrækja viðskiptavettvang til að gera opinberar þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 3. gr., þegar um er að ræða:

a) kerfi sem para tilboð á grundvelli þeirrar viðskiptaaðferðar að verð fjármálagernings sem um getur í 1. mgr. 3. gr. eigi uppruna sinn á viðskiptavettvangi þar sem sá fjármálagerningur er upphaflega tekinn til viðskipta, eða þeim markaði sem á best við með tilliti til seljanleika, ef það viðmiðunarverð er birt víða og markaðsaðilar telja það áreiðanlegt viðmiðunarverð. Áframhaldandi nýting slíkrar undanþágu skal þó háð skilyrðum 5. gr.

b) kerfi sem formgera umsamin viðskipti:

   i. sem eiga sér stað innan gildandi magnvegins verðbils sem kemur fram í tilboðaskrá eða verðtilboðum viðskiptavaka viðskiptavettvangsins sem starfrækir það kerfi, með fyrirvara um skilyrði 5. gr.,

   ii. með illseljanlegt hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða annan svipaðan fjármálagerning sem fellur ekki undir skilgreiningu á virkum markaði og fara fram innan ákveðins hundraðshluta frá viðeigandi viðmiðunarverði þar sem rekstraraðili kerfisins ákvarðar hundraðshlutann og viðmiðunarverðið fyrirfram, eða

   iii. sem eru háð öðrum skilyrðum en um gildandi markaðsverð fjármálagerningsins,

c) tilboð sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð,

d) tilboð sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangsins þar til þau eru birt.

2. Ákvarða skal viðmiðunarverðið sem um getur í a-lið 1. mgr. út frá:

a) miðpunkti gildandi kaup- og sölutilboða á viðskiptavettvanginum þar sem fjármálagerningurinn var fyrst tekinn til viðskipta, eða á þeim markaði sem best á við með tilliti til seljanleika, eða

b) opnunar- eða lokaverði viðkomandi viðskiptatímabils ef verðið sem um getur í a-lið liggur ekki fyrir.

Tilboð skulu aðeins vísa til verðsins sem um getur í b-lið utan samfellds viðskiptafasa viðkomandi viðskiptatímabils.

3. Þegar viðskiptavettvangur starfrækir kerfi sem formgerir umsamin viðskipti í samræmi við i. lið b- liðar 1. mgr.:

a) skulu viðskiptin fara fram í samræmi við reglur viðskiptavettvangsins,

b) skal viðskiptavettvangurinn tryggja að til staðar séu fyrirkomulag, kerfi og verkferlar til að koma í veg fyrir og verða áskynja um markaðssvik eða tilraunir til markaðssvika í tengslum við slík umsamin viðskipti í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,

c) skal viðskiptavettvangurinn koma á, viðhalda og innleiða kerfi til að verða áskynja um allar tilraunir til að nota undanþáguna í því skyni að sniðganga aðrar kröfur þessarar reglugerðar eða tilskipunar 2014/65/ESB, og til að tilkynna lögbærum yfirvöldum um slíkar tilraunir.

Lögbært yfirvald sem veitir undanþágu í samræmi við i. eða iii. lið b-liðar 1. mgr. skal hafa eftirlit með nýtingu viðskiptavettvangsins á undanþágunni til að tryggja að skilyrðin fyrir nýtingu hennar séu virt.

4. Áður en lögbær yfirvöld veita undanþágu í samræmi við 1. mgr. skulu þau tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaða nýtingu hverrar einstakrar undanþágu og útskýra hvernig hún virkar, þ.m.t. veita upplýsingar um viðskiptavettvanginn þar sem viðmiðunarverðið verður til eins og um getur í a-lið 1. mgr. Tilkynna skal um þá fyrirætlan að veita undanþágu eigi síðar en fjórum mánuðum áður en fyrirhugað er að undanþágan öðlist gildi. Innan tveggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa út til handa viðkomandi lögbæru yfirvaldi álit sem er ekki bindandi og felur í sér mat á samrýmanleika hverrar undanþágu við kröfurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. og tilgreindar eru í tæknilega eftirlitsstaðlinum sem samþykktur er skv. 6. mgr. Ef það lögbæra yfirvald veitir undanþágu sem lögbært yfirvald annars aðildarríkis vefengir getur síðarnefnda lögbæra yfirvaldið vísað málinu aftur til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem getur aðhafst í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með beitingu undanþáganna og leggja fram árlega skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um hvernig þeim er beitt í framkvæmd.

5. Lögbært yfirvald getur, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni annars lögbærs yfirvalds, afturkallað undanþágu sem veitt er skv. 1. mgr. eins og tilgreint er í 6. mgr. ef það kemst að raun um að undanþágan sé nýtt á hátt sem víkur frá upphaflegum tilgangi hennar eða telur að hún sé notuð til að sniðganga kröfurnar sem kveðið er á um í þessari grein.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum um slíka afturköllun og gera fulla grein fyrir þeim rökum liggja að baki ákvörðun sinni.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) bil kaup- og sölutilboða eða verðtilboða frá skilgreindum viðskiptavökum og magnið sem er í boði á því verði, sem gera skal opinbert fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. 3. gr., að teknu tilliti til nauðsynlegrar aðlögunar fyrir mismunandi gerðir viðskiptakerfa eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.,

b) markaðinn sem best á við með tilliti til seljanleika fjármálagernings í samræmi við a- lið 1. mgr.,

c) sérstaka eiginleika umsaminna viðskipta í tengslum við þær ólíku aðferðir sem aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangi getur beitt til að framkvæma slík viðskipti,

d) umsamin viðskipti sem eiga ekki þátt í verðmyndun og fela í sér nýtingu á undanþágunni sem kveðið er á um í iii. lið b-liðar 1. mgr.,

e) stærð tilboða sem eru umfangsmikil og tegund og lágmarksstærð tilboða sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangs þar til þau eru birt og heimilt er að undanþiggja frá birtingu áður en viðskipti fara fram skv. 1. mgr. fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga,

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Eigi síðar en 3. janúar 2019 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurskoða þær undanþágur sem lögbær yfirvöld veita í samræmi við 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB og 18., 19. og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1287/2006 fyrir 3. janúar 2017. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta viðkomandi lögbæru yfirvaldi álit sem hefur að geyma mat á áframhaldandi samrýmanleika hverrar þessara undanþága frá kröfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og öllum framseldum gerðum og tæknilegum eftirlitsstöðlum sem byggja á þessari reglugerð.

5. gr.

Kerfi um hámarksmagn

1. Til að tryggja að beiting undanþága sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 4. gr. og i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. skaði ekki verðmyndun óþarflega eru viðskipti með þessum undanþágum takmörkuð sem hér segir:

a) hundraðshluti viðskipta með fjármálagerning sem fara fram á viðskiptavettvangi á grundvelli slíkra undanþága skal takmarkaður við 4% heildarmagns viðskipta með þann fjármálagerning á öllum viðskiptavettvöngum innan Sambandsins á næstliðnum 12 mánuðum,

b) heildarviðskipti í Sambandinu með fjármálagerning sem fara fram á grundvelli slíkra undanþága skulu takmörkuð við 8% heildarmagns viðskipta með þann fjármálagerning á öllum viðskiptavettvöngum innan Sambandsins á næstliðnum 12 mánuðum.

Þetta kerfi um hámarksmagn gildir hvorki um umsamin viðskipti með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða annan sambærilegan fjármálagerning sem ekki er virkur markaður með samkvæmt því sem ákvarðað er í samræmi við b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. og viðskipti eru með innan ákveðins hundraðshluta frá viðeigandi viðmiðunarverði eins og um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr., né um umsamin viðskipti sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði þess fjármálagernings eins og um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr..

2. Þegar hundraðshluti viðskipta með fjármálagerning sem fara fram á viðskiptavettvangi á grundvelli undanþáganna er kominn yfir mörkin sem um getur í a-lið 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið sem heimilaði að sá viðskiptavettvangur nýtti þessar undanþágur stöðva, innan tveggja virkra daga og á grundvelli gagna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir eins og um getur í 4. mgr., nýtingu þeirra á þeim viðskiptavettvangi að því er varðar viðkomandi fjármálagerning, í sex mánuði.

3. Þegar hundraðshluti viðskipta með fjármálagerning sem fara fram á öllum viðskiptavettvöngum í Sambandinu á grundvelli þessara undanþága er kominn yfir mörkin sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu öll lögbær yfirvöld, innan tveggja virkra daga, stöðva nýtingu þessara undanþága innan Sambandsins í sex mánuði.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal innan fimm virkra daga frá lokum hvers almanaksmánaðar birta heildarmagn viðskipta innan Sambandsins með hvern fjármálagerning næstliðna 12 mánuði, hundraðshluta viðskipta sem farið hafa fram innan Sambandsins með fjármálagerning á hverjum viðskiptavettvangi á grundvelli þessara undanþága næstliðna 12 mánuði og aðferðafræðina sem notuð er til að reikna þessa hundraðshluta.

5. Tilgreini skýrslan sem um getur í 4. mgr. viðskiptavettvang þar sem viðskipti með fjármálagerning sem fara fram á grundvelli undanþáganna hafa farið yfir 3,75% af heildarviðskiptum í Sambandinu með þann fjármálagerning, á grundvelli viðskipta næstliðinna 12 mánaða, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birta viðbótarskýrslu innan fimm virkra daga frá 15. degi almanaksmánaðarins sem skýrslan sem um getur í 4. mgr. er birt. Þessi skýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. mgr. að því er varðar fjármálagerninga þar sem farið hefur verið yfir 3,75%.

6. Tilgreini skýrslan sem um getur í 4. mgr. að heildarviðskipti innan Sambandsins með fjármálagerning sem fara fram á grundvelli undanþáganna hafi farið yfir 7,75% af heildarviðskiptum í Sambandinu með fjármálagerninginn, á grundvelli viðskipta næstliðinna 12 mánaða, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birta viðbótarskýrslu innan fimm virkra daga frá 15. degi almanaksmánaðarins sem skýrslan sem um getur í 4. mgr. er birt. Sú skýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 4. mgr. að því er varðar fjármálagerninga þar sem farið hefur verið yfir 7,75%.

7. Til að tryggja áreiðanlegan grundvöll til að hafa eftirlit með viðskiptum sem fara fram á grundvelli slíkra undanþága, og til að ákvarða hvort farið hefur verið yfir mörkin sem um getur í 1. mgr., skal rekstraraðilum viðskiptavettvanga skylt að búa yfir kerfum og verkferlum sem:

a) gera tilgreiningu á öllum viðskiptum sem hafa farið fram á vettvangi þeirra á grundvelli slíkra undanþága mögulega, og

b) tryggja að ekki sé við neinar aðstæður farið yfir heimilaðan hundraðshluta viðskipta samkvæmt slíkum undanþágum eins og um getur í a-lið 1. mgr.

8. Tímabilið þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir viðskiptagögn og þegar hafa skal eftirlit með viðskiptum með fjármálagerning á grundvelli þessara undanþága skal hefjast 3. janúar 2016. Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. skulu lögbær yfirvöld hafa heimild til að stöðva tímabundið notkun þessara undanþága frá deginum sem reglugerð þessi kemur til framkvæmda og mánaðarlega eftir það.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þá aðferð, þ.m.t. flöggun viðskipta, sem hún notar við að flokka, reikna og birta viðskiptagögn, eins og lýst er í 4. mgr., til að veita nákvæma mælingu á heildarmagni viðskipta á hvern fjármálagerning og hundraðshluta þeirra viðskipta þar sem þessar undanþágur eru nýttar innan Sambandsins og skipt niður á hvern viðskiptavettvang.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. gr.

Kröfur fyrir viðskiptavettvanga um gagnsæi að viðskiptum loknum með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega verð, magn og tímasetningu viðskipta sem framkvæmd eru með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega upplýsingar um öll slík viðskipti eins nálægt rauntíma og tæknilega er unnt.

2. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu veita verðbréfafyrirtækjum sem ber skylda til að birta upplýsingarnar um viðskipti sín með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra sambærilega fjármálagerninga skv. 20. gr. aðgang á sanngjörnum viðskiptakjörum og án mismununar að því fyrirkomulagi sem hinir fyrrnefndu nota til að gera opinberar þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Heimild til að fresta birtingu

1. Lögbær yfirvöld skulu geta heimilað rekstraraðilum markaða og verðbréfafyrirtækjum sem starfrækja viðskiptavettvang að fresta birtingu upplýsinga um viðskipti, og fer slík heimild eftir tegund þeirra eða stærð.

Einkum geta lögbær yfirvöld heimilað frestun birtingar að því er varðar viðskipti sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð fyrir viðkomandi hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga eða viðkomandi flokk hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina eða annarra svipaðra fjármálagerninga.

Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu fá fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins á fyrirhuguðu fyrirkomulagi til frestunar á birtingu upplýsinga um viðskipti og skulu greina markaðsaðilum og almenningi frá þessu fyrirkomulagi með skýrum hætti. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal fylgjast með beitingu slíks fyrirkomulags til frestunar á birtingu upplýsinga um viðskipti og leggja fram árlega skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um hvernig því er beitt í framkvæmd.

Heimili lögbært yfirvald frestun á birtingu upplýsinga og lögbært yfirvald annars aðildarríkis er ósammála frestuninni eða því hvernig heimild sem veitt hefur verið er beitt í framkvæmd getur síðarnefnda lögbæra yfirvaldið vísað málinu aftur til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem getur aðhafst í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi með hætti sem gerir kleift að birta upplýsingar sem krafist er skv. 64. gr. tilskipunar 2014/65/ESB:

a) upplýsingar um viðskipti sem verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. innmiðlarar og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu gera tiltækar almenningi fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. 6. gr., þ.m.t. auðkenni fyrir mismunandi tegundir viðskipta sem birt eru skv. 1. mgr. 6. gr. og 20. gr., þannig að greint sé á milli þeirra tegunda sem ákvarðast af þáttum sem tengjast fyrst og fremst verðmati á fjármálagerningum og þeirra tegunda sem ákvarðast af öðrum þáttum,

b) tímafrest sem telst uppfylla þá skyldu að gera upplýsingar opinberar eins nálægt rauntíma og unnt er, þ.m.t. þegar viðskipti eru framkvæmd utan venjulegs viðskiptatíma,

c) skilyrði heimildar til handa verðbréfafyrirtækjum, þ.m.t. innmiðlurum, rekstraraðilum markaða og verðbréfafyrirtækjum sem starfrækja viðskiptavettvang, til að fresta birtingu upplýsinga um viðskipti fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 20. gr.,

d) þau viðmið sem beita skal þegar ákveðin eru þau viðskipti sem heimilt er, vegna stærðar þeirra eða tegund, þ.m.t. seljanleika hlutabréfsins, heimildarskírteinisins, kauphallarsjóðsins, skírteinisins eða annars svipaðs fjármálagernings sem um er að ræða, að fresta birtingu á fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. KAFLI

Gagnsæi fyrir aðra gerninga en hlutabréfagerninga

8. gr.

Kröfur fyrir viðskiptavettvanga um gagnsæi áður en viðskipti fara fram með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega gildandi verð sölu- og kauptilboða og magn í boði á því verði sem er auglýst í kerfum þeirra fyrir skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi. Sú krafa skal einnig gilda um yfirlýstan viðskiptaáhuga. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu gera þessar upplýsingar tiltækar almenningi, samfellt á venjulegum viðskiptatíma. Birtingarskyldan gildir ekki um þau afleiðuviðskipti ófjárhagslegra mótaðila sem unnt er að mæla með hlutlægum hætti að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða fjármögnun ófjárhagslega mótaðilans eða samstæðu hans.

2. Gagnsæiskröfurnar sem um getur í 1. mgr. skulu lagaðar að mismunandi gerðum viðskiptakerfa, þ.m.t. tilboðaskráakerfum, tilboðsdrifnum kerfum, blönduðum kerfum, reglulegum uppboðsviðskiptakerfum og radddrifnum kerfum.

3. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu veita verðbréfafyrirtækjum sem ber skylda til að birta verðtilboð sín í skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður skv. 18. gr. aðgang á sanngjörnum viðskiptakjörum og án mismununar að því fyrirkomulagi sem hinir fyrrnefndu nota til að gera opinberar þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

4. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu, ef undanþága er veitt í samræmi við b-lið 1. mgr. 9. gr., birta opinberlega a.m.k. leiðbeinandi verð fyrir kaup- og sölutilboð áður en viðskipti fara fram sem er nærri því verði sem áhugi er fyrir því að eiga viðskipti á og auglýst er í kerfum þeirra með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu gera þessar upplýsingar tiltækar almenningi með viðeigandi rafrænum hætti, samfellt á venjulegum viðskiptatíma. Þetta fyrirkomulag skal tryggja að upplýsingar séu veittar á sanngjörnum viðskiptakjörum og án mismununar.

9. gr.

Undanþágur fyrir aðra gerninga en hlutabréfagerninga

1. Lögbær yfirvöld skulu geta veitt undanþágu frá skyldu rekstraraðila markaða og verðbréfafyrirtækja sem starfrækja viðskiptavettvang til að gera opinberar þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 8. gr., þegar um er að ræða:

a) tilboð sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð og tilboð sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangs þar til þau eru birt,

b) yfirlýstan viðskiptaáhuga í tilboðsdrifnum og radddrifnum viðskiptakerfum sem er yfir þeirri stærð sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn og myndi valda þeim sem útvega lausafé óþarfa áhættu að teknu tilliti til þess hvort viðkomandi markaðsaðilar eru almennir fjárfestar eða heildsölufjárfestar,

c) afleiður sem falla ekki undir viðskiptaskylduna sem er tilgreind í 28. gr. og aðra fjármálagerninga sem ekki er virkur markaður með.

2. Áður en lögbær yfirvöld veita undanþágu í samræmi við 1. mgr. skulu þau tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaða nýtingu hverrar einstakrar undanþágu og útskýra hvernig hún virkar. Tilkynna skal um þá fyrirætlan að veita undanþágu eigi síðar en fjórum mánuðum áður en fyrirhugað er að undanþágan öðlist gildi. Innan tveggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa út til handa viðkomandi lögbæru yfirvaldi álit sem felur í sér mat á samrýmanleika undanþágunnar við kröfurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. og tilgreindar eru í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem samþykktir eru skv. 5. mgr. Ef það lögbæra yfirvald veitir undanþágu sem lögbært yfirvald annars aðildarríkis vefengir getur síðarnefnda lögbæra yfirvaldið vísað málinu aftur til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem getur aðhafst í samræmi við valdheimildirnar sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með beitingu undanþáganna og leggja fram árlega skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um hvernig þeim er beitt í framkvæmd.

3. Lögbær yfirvöld geta, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni annarra lögbærra yfirvalda, afturkallað undanþágu sem veitt er skv. 1. mgr. ef þau komast að raun um að undanþágan sé nýtt á hátt sem víkur frá upphaflegum tilgangi hennar eða telja að hún sé notuð til að sniðganga kröfurnar sem kveðið er á um í þessari grein.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum um slíka afturköllun án tafar og áður en hún tekur gildi og gera fulla grein fyrir þeim rökum liggja að baki ákvörðun sinni.

4. Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með einum viðskiptavettvangi eða fleiri þar sem viðskipti eru með flokk skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda eða afleiðna getur frestað tímabundið þeim skyldum sem um getur í 8. gr. ef seljanleiki þess flokks fjármálagerninga fer undir tiltekin mörk. Hin tilteknu mörk skulu skilgreind á grundvelli hlutlægra viðmiða sem gilda sérstaklega um markaðinn fyrir viðkomandi fjármálagerning. Slík tímabundin frestun skal kunngerð á vefsetri viðkomandi lögbærs yfirvalds..

Gildistími hinnar tímabundnu frestunar skal nema allt að þriggja mánaða upphafstímabili frá deginum sem hún er kunngerð á vefsetri viðkomandi lögbærs yfirvalds. Slíka frestun má endurnýja í allt að þrjá mánuði í senn séu ástæður hennar enn fyrir hendi. Sé hin tímabundna frestun ekki endurnýjuð eftir slíkt þriggja mánaða tímabil fellur hún sjálfkrafa úr gildi.

Áður en tímabundin frestun á þeim skyldum sem um getur í 8. gr. fellur niður eða er endurnýjuð samkvæmt þessari málsgrein skal viðkomandi lögbært yfirvald tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirætlan sína og gefa skýringu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eins fljótt og auðið er veita álit sitt á því hvort hún telur frestun eða endurnýjun tímabundinnar frestunar réttlætanlega í samræmi við fyrstu og aðra undirgrein.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) breytur og aðferðir við að reikna út seljanleikamörkin sem um getur í 4. mgr. í tengslum við fjármálagerninginn. Breytur og aðferðir sem aðildarríki nota til að reikna út mörkin skulu ákveðin með þeim hætti að þegar mörkunum er náð þýði það umtalsverða minnkun seljanleika á öllum viðskiptavettvöngum innan Sambandsins fyrir viðkomandi fjármálagerning á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru skv. 17. lið 1. mgr. 2. gr.,

b) bil kaup- og sölutilboða eða verðtilboða og magnið sem er í boði á því verði, eða leiðbeinandi verð fyrir kaup- og sölutilboð áður en viðskipti fara fram sem er nærri því verði sem áhugi er fyrir því að eiga viðskipti á, sem gera skal opinbert fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. og 4. mgr. 8. gr., að teknu tilliti til nauðsynlegrar aðlögunar fyrir mismunandi gerðir viðskiptakerfa eins og um getur í 2. mgr. 8. gr.,

c) stærð tilboða sem teljast umfangsmikil og tegund og lágmarksstærð tilboða sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi þar til þau eru birt og heimilt er að undanþiggja frá birtingu áður en viðskipti fara fram skv. 1. mgr. fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga,

d) þá stærð sem á sérstaklega við um fjármálagerning eins og um getur í b-lið 1. mgr. og skilgreiningu á tilboðsdrifnum og radddrifnum viðskiptakerfum sem heimilt er að undanþiggja frá birtingarskyldu áður en viðskipti fara fram skv. 1. mgr.

Við ákvörðun þeirrar stærðar sem á sérstaklega við um fjármálagerning og myndi valda viðskiptavökum óþarfa áhættu að teknu tilliti til þess hvort viðkomandi markaðsaðilar eru almennir fjárfestar eða heildsölufjárfestar, í samræmi við b-lið 1. mgr., skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til eftirfarandi þátta:

i. þess hvort viðskiptavakar gætu varið áhættu sína, sé gert ráð fyrir viðkomandi stærð,

ii. samanstandi markaðurinn með viðkomandi fjármálagerning eða flokk fjármálagerninga að hluta til af almennum fjárfestum, meðalvirðis viðskiptanna sem þessir fjárfestar eiga,

e) þá fjármálagerninga eða flokka fjármálagerninga sem ekki er virkur markaður með og hægt er, skv. 1. mgr., að undanþiggja frá birtingarskyldu áður en viðskipti fara fram.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. gr.

Kröfur fyrir viðskiptavettvanga um gagnsæi að viðskiptum loknum með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega verð, magn og tímasetningu viðskipta sem framkvæmd eru með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega upplýsingar um öll slík viðskipti eins nálægt rauntíma og tæknilega er unnt.

2. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu veita verðbréfafyrirtækjum sem ber skylda til að birta upplýsingar um viðskipti sín með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður skv. 21. gr. aðgang, á sanngjörnum viðskiptakjörum og án mismununar, að því fyrirkomulagi sem fyrrgreindu aðilarnir nota til að gera upplýsingarnar skv. 1. mgr. opinberar.

11. gr.

Heimild til að fresta birtingu

1. Lögbær yfirvöld skulu geta heimilað rekstraraðilum markaða og verðbréfafyrirtækjum sem starfrækja viðskiptavettvang að fresta birtingu upplýsinga um viðskipti, og fer slík heimild eftir tegund eða stærð viðskiptanna.

Einkum geta lögbær yfirvöld heimilað frestun birtingar að því er varðar viðskipti sem:

a) eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð fyrir viðkomandi skuldabréf, samsetta fjármálaafurð, losunarheimild eða afleiðu sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða fyrir viðkomandi flokk skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda eða afleiðna sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða

b) tengjast skuldabréfi, samsettri fjármálaafurð, losunarheimild eða afleiðu sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða flokki skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda eða afleiðna sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi en sem ekki er virkur markaður með,

c) eru yfir þeirri stærð sem á sérstaklega við um viðkomandi skuldabréf, samsetta fjármálaafurð, losunarheimild eða afleiðu sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða viðkomandi flokk skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda eða afleiðna sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og myndi valda þeim sem útvega lausafé óþarfa áhættu að teknu tilliti til þess hvort viðkomandi markaðsaðilar eru almennir fjárfestar eða heildsölufjárfestar.

Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu fá fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins á fyrirhuguðu fyrirkomulagi til frestunar á birtingu upplýsinga um viðskipti og skulu greina markaðsaðilum og almenningi frá þessu fyrirkomulagi með skýrum hætti. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal fylgjast með beitingu slíks fyrirkomulags til frestunar á birtingu upplýsinga um viðskipti og leggja fram árlega skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um hvernig því er beitt í framkvæmd..

2. Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með einum viðskiptavettvangi eða fleiri þar sem viðskipti eru með flokk skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda eða afleiðna getur frestað tímabundið þeim skyldum sem um getur í 10. gr. ef seljanleiki þess flokks fjármálagerninga fer undir þau mörk sem ákvörðuð eru í samræmi við aðferðirnar sem um getur

í a-lið 5. mgr. 9. gr. Þau mörk skulu skilgreind á grundvelli hlutlægra viðmiða sem gilda sérstaklega um markaðinn með viðkomandi fjármálagerning. Slík tímabundin frestun skal kunngerð á vefsetri viðkomandi lögbærs yfirvalds.

Gildistími hinnar tímabundnu frestunar skal nema allt að þriggja mánaða upphafstímabili frá deginum sem hún er kunngerð á vefsetri viðkomandi lögbærs yfirvalds. Slíka frestun má endurnýja í allt að þrjá mánuði til viðbótar í senn séu ástæður hennar enn fyrir hendi. Sé hin tímabundna frestun ekki endurnýjuð eftir slíkt þriggja mánaða tímabil fellur hún sjálfkrafa úr gildi.

Áður en tímabundin frestun á þeim skyldum sem um getur í 10. gr. fellur niður eða hún endurnýjuð skal viðkomandi lögbært yfirvald tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirætlun sína og gefa skýringu. Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin skal eins fljótt og auðið er veita álit sitt á því hvort hún telur frestun eða endurnýjun tímabundinnar frestunar réttlætanlega í samræmi við fyrstu og aðra undirgrein.

3. Lögbær yfirvöld geta, í tengslum við heimild fyrir frestaðri birtingu :

a) farið fram á birtingu takmarkaðra upplýsinga um viðskipti eða upplýsinga um fleiri en ein viðskipti á samanteknu formi, eða sambland af þessu, meðan frestunin varir,

b) leyft að sleppt sé að birta magn einstakra viðskipta meðan framlengda frestunin varir,

c) sé um að ræða gerninga sem eru ekki hlutabréfagerningar og ekki ríkisskuldir, leyft birtingu fleiri en einna viðskipta á samanteknu formi meðan framlenging frestunarinnar varir,

d) að því er varðar ríkisskuldagerninga, leyft birtingu fleiri en einna viðskipta á samanteknu formi um óákveðinn tíma.

Í tengslum við ríkisskuldagerninga má beita b- og d-lið annaðhvort með aðskildum hætti eða með samfelldum hætti þannig að þegar framlengda tímabilið sem heimilt er að sleppa magninu rennur út sé hægt að birta upplýsingar um magnið á samanteknu formi.

Að því er varðar alla aðra fjármálagerninga skal, þegar fresturinn rennur út, birta óbirtar upplýsingar um viðskiptin og allar upplýsingar um hver einstök viðskipti.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi með hætti sem gerir kleift að birta upplýsingar sem krafist er skv. 64. gr. tilskipunar 2014/65/ESB:

a) upplýsingar um viðskipti sem verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. innmiðlarar og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu gera tiltækar almenningi fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. 10. gr., þ.m.t. auðkenni fyrir mismunandi tegundir viðskipta sem birt eru skv. 1. mgr. 10. gr. og 1. gr., þannig að greint sé á milli þeirra tegunda sem ákvarðast af þáttum sem tengjast fyrst og fremst mati á fjármálagerningum og þeirra sem ákvarðast af öðrum þáttum,

b) tímafrest sem telst uppfylla þá skyldu að gera upplýsingar opinberar eins nálægt rauntíma og unnt er, þ.m.t. þegar viðskipti eru framkvæmd utan venjulegs viðskiptatíma,

c) skilyrði leyfis til handa verðbréfafyrirtækjum, þ.m.t. innmiðlurum, rekstraraðilum markaða og verðbréfafyrirtækjum sem starfrækja viðskiptavettvang, til að fresta birtingu upplýsinga um viðskipti fyrir hvern viðkomandi flokk fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 21. gr.,

d) viðmiðin sem nota skal við að ákvarða umfang eða tegund viðskipta sem heimilt er skv. 3. mgr. að fresta birtingu og birta takmarkaðar upplýsingar vegna, eða birta upplýsingar um fleiri en ein viðskipti á samanteknu formi, eða sleppa að birta upplýsingar um magn viðskipta með sérstakri vísan til þess að heimilt sé að framlengja tímabil frestunar fyrir tiltekna fjármálagerninga eftir seljanleika þeirra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. KAFLI

Skylda til að bjóða upp á viðskiptaupplýsingar með aðskildum hætti og á sanngjörnum viðskiptakjörum

12. gr.

Skylda til að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar með aðskildum hætti

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu gera þær upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 3., 4. og 6. til 11. gr. tiltækar almenningi með því að bjóða upp á for- og eftirviðskiptaupplýsingar í þágu gagnsæis á aðskilinn hátt.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina for- og eftirviðskiptaupplýsingar í þágu gagnsæis sem bjóða skal upp á, þ.m.t. aðgreiningarstig þeirra gagna sem gera skal tiltæk almenningi eins og um getur í 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

13. gr.

Skylda til að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar á sanngjörnum viðskiptakjörum

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu gera þær upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 3., 4. og 6. til 11. gr. tiltækar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum og tryggja aðgang án mismununar að upplýsingunum. Slíkar upplýsingar skulu gerðar tiltækar án endurgjalds 15 mínútum eftir birtingu..

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. og skýra í þeim hvað séu sanngjörn viðskiptakjör opinberrar birtingar upplýsinga eins og um getur í 1. mgr.

III. BÁLKUR

GAGNSÆI INNMIÐLARA OG VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA SEM STUNDA OTC-VIÐSKIPTI

14. gr.

Skylda innmiðlara til að birta opinberlega föst verðtilboð vegna hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga

1. Verðbréfafyrirtæki skulu birta opinberlega föst verðtilboð vegna hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, sem þau eru innmiðlarar fyrir og sem virkur markaður er með.

Ef ekki er virkur markaður með þá fjármálagerninga sem um getur í fyrstu undirgrein skulu innmiðlarar birta viðskiptavinum sínum verðtilboð sé þess óskað.

2. Þessi grein og 15., 16. og 17. gr. skulu gilda um innmiðlara þegar þeir eiga viðskipti í stærðum upp að staðlaðri markaðsstærð. Innmiðlarar skulu hvorki falla undir þessa grein né 15., 16. og 17. gr. þegar þeir eiga viðskipti í stærðum yfir staðlaðri markaðsstærð.

3. Innmiðlarar geta ákveðið þá stærð eða stærðir sem þeir gera verðtilboð í. Lágmarksstærð verðtilboðs skal samsvara a.m.k. 10% af staðlaðri markaðsstærð hlutabréfs, heimildarskírteinis, kauphallarsjóðs, skírteinis eða annarra svipaðra fjármálagerninga sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi. Fyrir tiltekið hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi skal hvert verðtilboð fela í sér gildandi verð kaup- og sölutilboðs, eitt eða fleiri, fyrir stærð eða stærðir sem geta verið allt að staðlaðri markaðsstærð fyrir viðkomandi flokk hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina eða annarra svipaðra fjármálagerninga sem fjármálagerningurinn tilheyrir. Verðið eða verðin skulu endurspegla ríkjandi markaðsaðstæður fyrir viðkomandi hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða annan svipaðan fjármálagerning.

4. Hlutabréfum, heimildarskírteinum, kauphallarsjóðum, skírteinum og öðrum svipuðum fjármálagerningum skal skipt í flokka á grundvelli meðalvirðis tilboða sem framkvæmd eru á markaðnum fyrir þann fjármálagerning. Stöðluð markaðsstærð fyrir hvern flokk hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga skal vera stærð sem er lýsandi fyrir meðalvirði tilboða sem framkvæmd eru á markaðnum fyrir þá fjármálagerninga sem teljast til hvers flokks.

5. Markaðurinn fyrir hvert hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða annan svipaðan fjármálagerning skal taka til allra tilboða sem eru framkvæmd í Sambandinu að því er varðar þann fjármálagerning, að undanskildum þeim sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð.

6. Lögbært yfirvald þess markaðar sem er mikilvægastur fyrir seljanleika eins og hann er skilgreindur í 26. gr. fyrir hvert hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga skal ákvarða a.m.k. árlega hvaða flokki gerningurinn tilheyrir á grundvelli meðalvirðis tilboða sem framkvæmd eru á markaðnum vegna hans. Gera skal þær upplýsingar aðgengilegar öllum markaðsaðilum og tilkynna þær Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem skal birta upplýsingarnar á vefsetri sínu.

7. Til að tryggja skilvirkt verðmat hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga og hámarka möguleika verðbréfafyrirtækja til að afla bestu kjara fyrir viðskiptavini sína skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar fyrirkomulag birtingar bindandi verðtilboðs eins og um getur í 1. mgr., ákvörðun þess hvort verð endurspeglar ríkjandi markaðsaðstæður eins og um getur í 3. mgr. og ákvörðun staðlaðrar markaðsstærðar eins og um getur í 2. og 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

15. gr.

Framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina

1. Innmiðlarar skulu birta verðtilboð sín reglulega og samfellt á venjulegum viðskiptatíma. Þeir geta uppfært verðtilboð sín hvenær sem er. Þeim skal heimilt að draga verðtilboð sín til baka við sérstök markaðsskilyrði.

Aðildarríki skulu gera kröfu um að fyrirtæki sem falla undir skilgreininguna á innmiðlara tilkynni lögbæru yfirvaldi sínu um það. Slíka tilkynningu skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda skrá yfir alla innmiðlara í Sambandinu.

Verðtilboðin skulu gerð opinber með hætti sem veitir öðrum markaðsaðilum greiðan aðgang að þeim á sanngjörnum viðskiptakjörum.

2. Innmiðlarar skulu, jafnframt því að uppfylla ákvæði 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, framkvæma þau fyrirmæli sem þeim berast frá viðskiptavinum sínum um þau hlutabréf, heimildaskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem þeir eru innmiðlarar fyrir, samkvæmt því verðtilboði sem gildir þegar fyrirmælin berast.

Í rökstuddum tilvikum geta þeir þó framkvæmt þessi fyrirmæli á betra verði að því tilskildu að verðið sé innan þess verðbils sem er opinbert og liggi nálægt markaðsskilyrðum.

3. Innmiðlarar geta framkvæmt fyrirmæli sem þeir fá frá fagfjárfestum sínum á öðru verði en því sem er að finna í verðtilboði þeirra, án þess að þurfa að fara að þeim kröfum sem gerðar eru í 2. mgr., að því er varðar viðskipti þar sem framkvæmd með fleiri en eitt verðbréf er hluti af sömu viðskiptum eða að því er varðar fyrirmæli sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði.

4. Geri innmiðlari aðeins eitt verðtilboð, eða hæsta verðtilboð hans er lægra en stöðluð markaðsstærð, og hann fær fyrirmæli frá viðskiptavini sem eru umfangsmeiri en stærð verðtilboðsins, en lægri en stöðluð markaðsstærð, getur hann ákveðið að framkvæma þann hluta fyrirmælanna sem er umfram stærð verðtilboðsins, að því tilskildu að sá hluti sé framkvæmdur samkvæmt verðtilboðinu, nema annað sé heimilt samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. Geri innmiðlari verðtilboð í mismunandi stærðum og fær fyrirmæli sem liggja milli þessara stærða, sem hann kýs að framkvæma, skal hann framkvæma fyrirmælin samkvæmt einu verðtilboðanna í samræmi við 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, nema annað sé heimilt samkvæmt skilyrðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. og skýra hvað séu sanngjörn viðskiptakjör opinberrar birtingar verðtilboða eins og um getur í 1. mgr.

16. gr.

Skyldur lögbærra yfirvalda

Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um eftirfarandi:

a) að verðbréfafyrirtæki uppfæri reglulega verð kaup- og sölutilboða sem birt er í samræmi við 14. gr. og viðhaldi verði sem endurspeglar ríkjandi markaðsskilyrði,

b) að verðbréfafyrirtæki uppfylli skilyrðin fyrir bættu verði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr.

17. gr.

Aðgangur að verðtilboðum

1. Innmiðlurum skal heimilt að ákveða, á grundvelli viðskiptastefnu sinnar, á hlutlægan hátt og án mismununar, hvaða viðskiptavinum þeir veita aðgang að verðtilboðum sínum. Í þessu skyni skulu skýrar reglur gilda um stýringu aðgangs að verðtilboðum þeirra. Innmiðlarar geta neitað að stofna til viðskiptasambands við viðskiptavini eða rofið það af viðskiptalegum ástæðum, s.s. vegna lánstrausts viðskiptavina, mótaðilaáhættu og lokauppgjörs viðskiptanna

2. Til að takmarka hættuna á því að vera útsettir fyrir mörgum viðskiptum frá sama viðskiptavini skal innmiðlurum heimilt að takmarka, án mismununar, fjölda viðskipta frá sama viðskiptavini sem þeir skuldbinda sig til að ganga til samkvæmt birtum skilmálum. Þeir geta, án mismununar og í samræmi við ákvæði 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, takmarkað heildarfjölda viðskipta frá mismunandi viðskiptavinum á sama tíma, að því tilskildu að þetta sé einungis heimilt ef fjöldi og/eða magn viðskipta samkvæmt fyrirmælum frá viðskiptavinum er verulega umfram venju.

3. Til að tryggja skilvirkt verðmat hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga og hámarka möguleika verðbréfafyrirtækja á að afla bestu kjara fyrir viðskiptavini sína skal framkvæmdastjórn Sambandsins samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. sem tilgreina:

a) viðmið þess hvenær verðtilboð telst birt reglulega og samfellt og telst vera aðgengilegt með greiðum hætti eins og um getur í 1. mgr. 15. gr., auk þess hvernig verðbréfafyrirtæki geta uppfyllt þá skyldu sína að birta verðtilboð sín opinberlega, sem skal fela í sér eftirfarandi möguleika:

i. gegnum aðstöðu skipulegs markaðar sem tekið hefur viðkomandi fjármálagerning til viðskipta,

ii. gegnum viðurkennda birtingarþjónustu,

iii. með eigin ráðstöfunum,

b) viðmiðin sem tilgreina þau viðskipti þar sem framkvæmd með fleiri en eitt verðbréf er hluti af sömu viðskiptum eða þau fyrirmæli sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði eins og um getur í 3. mgr. 15. gr.,

c) viðmið þess hvað geta talist sérstök markaðsskilyrði sem heimila að verðtilboð séu dregin til baka, svo og skilyrðin fyrir uppfærslu verðtilboða eins og um getur í 1. mgr. 15. gr.,

d) viðmið þess hvenær fjöldi og/eða magn viðskipta samkvæmt fyrirmælum frá viðskiptavinum er verulega umfram venju eins og um getur í 2. mgr.,

e) viðmið þess hvenær verð er innan verðbils sem er opinbert og liggur nálægt markaðsskilyrðum eins og um getur í 2. mgr. 15. gr.

18. gr.

Skylda innmiðlara til að birta opinberlega föst verðtilboð vegna skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda og afleiðna

1. Verðbréfafyrirtæki skulu birta opinberlega föst verðtilboð vegna skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda og afleiðna sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem þau eru innmiðlarar fyrir og sem virkur markaður er með, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) viðskiptavinur innmiðlarans biður þau um verðtilboð,

b) þau samþykkja að setja fram verðtilboð.

2. Þegar um er að ræða skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi en sem ekki er virkur markaður með skulu innmiðlarar birta viðskiptavinum sínum verðtilboð sé þess óskað ef þeir samþykkja að setja fram verðtilboð. Fella má niður þessa skuldbindingu ef skilyrðin sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. eru uppfyllt.

3. Innmiðlarar geta uppfært verðtilboð sín hvenær sem er. Þeir geta dregið verðtilboð sín til baka við sérstök markaðsskilyrði.

4. Aðildarríki skulu gera kröfu um að fyrirtæki sem falla undir skilgreininguna á innmiðlara tilkynni lögbæru yfirvaldi sínu um það. Slíka tilkynningu skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal stofna skrá yfir alla innmiðlara í Sambandinu.

5. Innmiðlarar skulu gera þau föstu verðtilboð sem birt eru í samræmi við 1. mgr. aðgengileg öðrum viðskiptavinum sínum. Þrátt fyrir það skal þeim heimilt að ákveða, á grundvelli viðskiptastefnu sinnar, á hlutlægan hátt og án mismununar, hvaða viðskiptavinum þeir veita aðgang að verðtilboðum sínum. Í þessu skyni skulu innmiðlarar hafa skýrar reglur um stýringu aðgangs að verðtilboðum sínum. Innmiðlarar geta neitað að stofna til viðskiptasambands við viðskiptavini eða rofið það af viðskiptalegum ástæðum, s.s. vegna lánstrausts viðskiptavina, mótaðilaáhættu og lokauppgjörs viðskiptanna.

6. Innmiðlarar skulu skuldbinda sig til að ganga til viðskipta samkvæmt birtum skilmálum við aðra viðskiptavini sem verðtilboðið hefur verið gert aðgengilegt í samræmi við 5. mgr. þegar tilboðsstærð er jöfn eða minni en stærðin sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn og ákvörðuð er í samræmi við d-lið 5. mgr. 9. gr.

Innmiðlurum skal ekki skylt að birta fast verðtilboð skv. 1. mgr. fyrir fjármálagerninga sem eru undir þeim seljanleikamörkum sem ákvörðuð eru í samræmi við 4. mgr. 9. gr.

7. Innmiðlurum skal heimilt að koma á gagnsæjum takmörkunum, án mismununar, á fjölda viðskipta sem þeir skuldbinda sig til að eiga við viðskiptavini samkvæmt verðtilboði.

8. Verðtilboð sem birt eru skv. 1. og 5. mgr. og þau sem eru jöfn og eða undir þeirri stærð sem um getur í 6. mgr. skulu birt með þeim hætti að aðrir markaðsaðilar hafi greiðan aðgang að þeim á sanngjörnum viðskiptakjörum.

9. Verðtilboðið eða -tilboðin skulu vera með þeim hætti að þau tryggi að innmiðlarinn hlíti skyldum sínum skv. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eftir atvikum, og skulu endurspegla ríkjandi markaðsskilyrði með tilliti til verðs sem viðskipti eru gerð á með sama eða svipaðan fjármálagerning á viðskiptavettvangi.

Í rökstuddum tilvikum geta innmiðlarar þó framkvæmt fyrirmæli á betra verði að því tilskildu að verðið sé innan þess verðbils sem er opinbert og liggi nálægt markaðsskilyrðum.

10. Innmiðlarar skulu ekki falla undir þessa grein þegar þeir eiga viðskipti með stærðir yfir þeirri stærð sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn og er ákvörðuð í samræmi við d-lið 5. mgr. 9. gr.

19. gr.

Eftirlit af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu hafa eftirlit með beitingu 18. gr. að því er varðar stærðir sem verðtilboð eru gerð aðgengileg viðskiptavinum verðbréfafyrirtækis og öðrum markaðsaðilum í miðað við aðra viðskiptastarfsemi fyrirtækisins, og að hvaða marki verðtilboðin endurspegla ríkjandi markaðsskilyrði í tengslum við viðskipti með sama eða svipaðan fjármálagerning á viðskiptavettvangi. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 3. janúar 2019 leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um beitingu 18. gr. Sé um að ræða verulegt magn verðtilboða og viðskipta sem fara lítillega yfir þau mörk sem um getur í 6. mgr. 18. gr. eða út fyrir ríkjandi markaðsskilyrði skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina fyrir þá dagsetningu

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. sem tilgreina þær stærðir sem um getur í 6. mgr. 18. gr. og sem fyrirtæki skal ganga til viðskipta í við aðra viðskiptavini sem verðtilboðið er gert aðgengilegt. Stærðin sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn skal ákvörðuð í samræmi við viðmiðin sem sett eru í d-lið 5. mgr. 9. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. og skýra í þeim hvað séu sanngjörn viðskiptakjör opinberrar birtingar á verðtilboðum eins og um getur í 8. mgr. 18. gr.

20. gr.

Upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja að viðskiptum loknum, þ.m.t. innmiðlara, með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga

1. Verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti, annaðhvort fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina, með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi skulu birta opinberlega magn og verð viðkomandi viðskipta og hvenær þau fóru fram. Þessar upplýsingar skal birta opinberlega gegnum viðurkennda birtingarþjónustu.

2. Upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og tímamörkin sem þær eru birtar innan skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru skv. 6. gr., þ.m.t. kröfur tæknilegra eftirlitsstaðla sem samþykktir eru í samræmi við a-lið 2. mgr. 7. gr. Gefi ráðstafanir sem gerðar eru skv. 7. gr. kost á að fresta birtingu fyrir vissa flokka viðskipta með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi skal sá möguleiki einnig gilda um slík viðskipti þegar þau fara fram utan viðskiptavettvanga.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) auðkenni mismunandi tegunda viðskipta sem birt eru samkvæmt þessari grein, sem greina á milli þeirra viðskipta sem ákvarðast af þáttum sem tengjast fyrst og fremst verðmati fjármálagerninganna og þeirra viðskipta sem ákvarðast af öðrum þáttum,

b) beitingu skyldunnar skv. 1. mgr. á viðskipti sem fela í sér notkun þessara fjármálagerninga sem trygginga, lána eða í öðrum tilgangi þar sem viðskipti með fjármálagerninga ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsvirði fjármálagerningsins,

c) aðilann að viðskiptum sem skal birta upplýsingar um þau opinberlega í samræmi við 1. mgr. ef báðir aðilar viðskiptanna eru verðbréfafyrirtæki.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

21. gr.

Upplýsingagjöf að viðskiptum loknum af hálfu verðbréfafyrirtækja, þ.m.t. innmiðlara, með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður

1. Verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti, annaðhvort fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina, með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi skulu birta opinberlega magn og verð viðkomandi viðskipta og hvenær þau fóru fram. Þessar upplýsingar skal birta opinberlega gegnum viðurkennda birtingarþjónustu.

2. Gera skal hver einstök viðskipti opinber í eitt skipti gegnum eina viðurkennda birtingarþjónustu.

3. Upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 1. mgr. og tímamörkin sem þær eru birtar innan skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru skv. 10. gr., þ.m.t. kröfur tæknilegra eftirlitsstaðla sem samþykktir eru í samræmi við a- og b-lið 4. mgr. 11. gr.

4. Lögbær yfirvöld skulu geta heimilað verðbréfafyrirtækjum að gefa kost á frestun birtingar, eða geta farið fram á birtingu takmarkaðra upplýsinga um viðskipti, eða upplýsinga um fleiri en ein viðskipti á samanteknu formi, eða sambland af þessu, meðan frestunin varir, eða geta heimilað að sleppt sé að birta magn einstakra viðskipta meðan framlenging frestunar varir, eða ef um er að ræða fjármálagerninga sem eru ekki hlutabréfagerningar og ekki ríkisskuldir, heimilað birtingu fleiri en einna

viðskipta á samanteknu formi meðan framlenging frestunar varir, eða, ef um er að ræða ríkisskuldagerninga, geta heimilað birtingu fleiri en einna viðskipta á samanteknu formi um óákveðinn tíma, og geta frestað tímabundið þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. með sömu skilyrðum og þeim sem mælt er fyrir um í 11. gr.

Gefi ráðstafanir sem gerðar eru skv. 11. gr. kost á að fresta birtingu og birta takmarkaðar upplýsingar eða upplýsingar á samanteknu formi, eða sambland af þessu, eða að sleppt sé að birta upplýsingar um magn ákveðinna flokka viðskipta með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, skal sá möguleiki einnig gilda um slík viðskipti þegar þau fara fram utan viðskiptavettvanga.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með hætti sem gerir kleift að birta upplýsingar sem krafist er skv. 64. gr. tilskipunar 2014/65/ESB til að tilgreina eftirfarandi::

a) auðkenni mismunandi tegunda viðskipta sem birt eru samkvæmt þessari grein, sem greina á milli þeirra viðskipta sem ákvarðast af þáttum sem tengjast fyrst og fremst verðmati fjármálagerninganna og þeirra viðskipta sem ákvarðast af öðrum þáttum,

b) beitingu skyldunnar skv. 1. mgr. á viðskipti sem fela í sér notkun slíkra fjármálagerninga sem trygginga, lána eða í öðrum tilgangi þar sem viðskipti með fjármálagerninga ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsvirði fjármálagerningsins,

c) aðilann að viðskiptum sem skal birta upplýsingar um þau opinberlega í samræmi við 1. mgr. ef báðir aðilar viðskiptanna eru verðbréfafyrirtæki.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

22. gr.

Upplýsingagjöf til gagnsæis- og annarra útreikninga

1. Til að geta gert útreikninga til ákvörðunar á kröfum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti og reglum um viðskiptaskyldur skv. 3.–11. gr., 14.–21. gr. og 32. gr. sem eiga við um fjármálagerninga og til að ákvarða hvort verðbréfafyrirtæki er innmiðlari geta lögbær yfirvöld farið fram á upplýsingar frá:

a) viðskiptavettvöngum,

b) viðurkenndum birtingarþjónustum og

c) þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.

2. Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu geyma nauðsynleg gögn í nægilega langan tíma.

3. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem hún fer fram á til að vinna skýrslurnar sem um getur í 4., 5. og 6. mgr. 5. gr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina efni og tíðni gagnabeiðna auk sniðs gagnanna og tímarammans sem viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu svara slíkum beiðnum innan í samræmi við 1. mgr., tegund gagnanna sem skal geyma og lágmarkstímann sem viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu geyma gögn til að geta svarað slíkum beiðnum í samræmi við 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í þessari grein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

23. gr.

Viðskiptaskyldur verðbréfafyrirtækja

1. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að viðskipti þess með hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði eða ganga kaupum og sölum á viðskiptavettvangi fari fram á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða hjá innmiðlara, eða á viðskiptavettvangi í þriðja landi sem metinn er jafngildur skv. a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eftir því sem við á, nema einkenni þeirra feli í sér að þau:

a) séu ókerfisbundin, tilfallandi (*ad hoc*), óregluleg og sjaldgæf, eða

b) fari fram milli viðurkenndra og/eða faglegra gagnaðila og hafi ekki áhrif á verðákvörðunarferlið.

2. Verðbréfafyrirtæki sem starfrækir innra pörunarkerfi sem framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina um viðskipti með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga á marghliða grundvelli skal tryggja að það hafi starfsleyfi sem markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og fara að öllum viðeigandi ákvæðum sem gilda um slík starfsleyfi.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina sérstök einkenni þessara viðskipta með hlutabréf sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið eins og um getur í 1. mgr., að teknu tilliti til tilvika svo sem:

a) viðskipta með seljanleika sem ekki er almennur aðgangur að (e. *non-addressable liquidity trades*) eða

b) þegar viðskipti með slíka fjármálagerninga ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsverði fjármálagerningsins

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

IV. BÁLKUR

SKÝRSLUGJÖF UM VIÐSKIPTI

24. gr.

Skylda til að viðhalda heilbrigði markaða

Með fyrirvara um skiptingu ábyrgðar við framfylgd reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu lögbær yfirvöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin er samræmingaraðili fyrir í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 hafa eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja til að tryggja að þau starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku og með hætti sem stuðlar að heilbrigði markaðarins.

25. gr.

Skylda til að halda skrár

1. Verðbréfafyrirtæki skulu í fimm ár hafa tiltæk handa lögbæra yfirvaldinu viðeigandi gögn um öll fyrirmæli og öll viðskipti með fjármálagerninga sem þau hafa framkvæmt, hvort heldur er fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar. Sé um að ræða viðskipti sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavina skulu skrárnar hafa að geyma allar upplýsingar og gögn um deili á viðskiptavininum, auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([1]) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að óska eftir aðgangi að slíkum upplýsingum í samræmi við það verklag og samkvæmt þeim skilyrðum sem greinir í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. .

2. Rekstraraðili viðskiptavettvangs skal í a.m.k. fimm ár hafa tiltæk handa lögbæra yfirvaldinu viðeigandi gögn um öll fyrirmæli um viðskipti með fjármálagerninga sem birt eru í kerfum hans. Viðkomandi skrár skulu innihalda viðeigandi gögn um einkenni fyrirmælanna, þ.m.t. þau sem tengja fyrirmælin við framkvæmdu viðskiptin sem af þeim hljótast og upplýsingarnar um þau sem tilkynna skal í samræmi við 1. mgr. og 3. mgr. 26. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gegna því hlutverki að greiða fyrir og samræma atriði sem varða aðgang lögbærra yfirvalda að upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær upplýsingar um viðeigandi tilboðagögn sem geyma skal skv. 2. mgr. þessarar greinar og ekki er getið um í 26. gr..

Þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum skulu taka til auðkenniskóða aðilans eða þátttakandans sem sendi fyrirmælin, auðkenniskóða fyrirmælanna, dagsetningar og tímasetningar þegar fyrirmælin voru send, einkenna fyrirmælanna, þ.m.t. tegundar þeirra, verðmarka ef við á, gildistíma, sérstakra leiðbeininga í fyrirmælunum ef einhverjar eru, upplýsinga um breytingar ef einhverjar eru, afturkallana, niðurfellinga, framkvæmdar fyrirmælanna að hluta eða í heild og þess hvort fyrirmælin voru send fyrir hönd annars aðila eða í eigin nafni.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

26. gr.

Skylda til að tilkynna viðskipti

1. Verðbréfafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga skulu veita lögbæra yfirvaldinu fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta virka dags á eftir.

Lögbæru yfirvöldin skulu, í samræmi við 85. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbært yfirvald þess markaðar sem er mikilvægastur fyrir seljanleika þessara fjármálagerninga fái einnig þessar upplýsingar.

Lögbæru yfirvöldin skulu sjá til þess að Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni séu tiltækar, sé þess óskað, allar upplýsingar sem eru tilkynntar í samræmi við þessa grein.

2. Skyldan sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gildir um:

a) fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða sem beiðni hefur verið lögð fram um að séu teknir til viðskipta,

b) fjármálagerninga þar sem hinn undirliggjandi þáttur (e. *the underlying*) er fjármálagerningur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

c) fjármálagerninga þar sem hinn undirliggjandi þáttur er vísitala eða karfa sem samanstendur af fjármálagerningum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi.

Skyldan skal gilda um viðskipti með fjármálagerninga sem um getur í a- til c-lið án tillits til þess hvort slík viðskipti eru framkvæmd á viðskiptavettvanginum.

3. Í tilkynningunum skulu einkum koma fram upplýsingar um nöfn og fjölda fjármálagerninga sem keyptir eru eða seldir, magn, dagsetningu og tíma framkvæmdar, viðskiptaverð, auðkenni til að tilgreina deili á viðskiptavinum sem verðbréfafyrirtækið hefur framkvæmt viðkomandi viðskipti fyrir, auðkenni til að tilgreina deili á þeim aðilum og tölvualgrímum innan verðbréfafyrirtækisins sem taka fjárfestingarákvörðunina og framkvæma viðskiptin, auðkenni fyrir viðkomandi undanþágu sem viðskiptin hafa farið fram samkvæmt, aðferðir við að auðkenna viðkomandi verðbréfafyrirtæki og auðkenni fyrir skortsölu eins og hún er skilgreind í b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar hlutabréf og ríkisskuldir sem falla undir 12., 13. og 17. gr. þeirrar reglugerðar. Hvað varðar viðskipti sem fara ekki fram á viðskiptavettvangi skulu tilkynningar hafa að geyma auðkenni sem segir til um tegundir viðskipta í samræmi við þær ráðstafanir sem skal gera skv. a-lið 3. mgr. 20. gr. og a-lið 5. mgr. 21. gr. Sé um að ræða hrávöruafleiður skulu tilkynningarnar gefa til kynna hvort viðskiptin draga úr áhættu með hætti sem unnt er að mæla hlutlægt í samræmi við 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB..

4. Verðbréfafyrirtæki sem senda fyrirmæli skulu, með sendingu fyrirmælanna, veita allar upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. og 3. mgr. Í stað þess að veita téðar upplýsingar þegar fyrirmæli eru send getur verðbréfafyrirtæki valið að tilkynna um fyrirmælin sem send eru, séu þau framkvæmd, sem viðskipti í samræmi við kröfur 1. mgr. Í slíkum tilvikum skal þess getið í tilkynningu verðbréfafyrirtækisins um viðskiptin að hún eigi við um send fyrirmæli.

5. Rekstraraðili viðskiptavettvangs skal veita upplýsingar um viðskipti með fjármálagerninga á vettvangi hans sem framkvæmd eru gegnum kerfi hans af fyrirtæki sem fellur ekki undir þessa reglugerð í samræmi við 1. og 3. mgr.

6. Þegar tilkynnt er um auðkenni til að tilgreina deili á viðskiptavinum eins og krafist er í 3. og 4. mgr. skulu verðbréfafyrirtæki nota auðkenni lögaðila sem er stofnað til að auðkenna viðskiptavini sem eru lögaðilar.

Eigi síðar en 3. janúar 2016 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að tryggja að beiting auðkenna lögaðila innan Sambandsins sé í samræmi við alþjóðlega staðla, einkum þá sem ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika hefur sett.

7. Skýrslunum skal skilað til lögbæra yfirvaldsins, annaðhvort af verðbréfafyrirtækinu sjálfu, viðurkenndu skýrslugjafarkerfi sem starfar fyrir þess hönd eða viðskiptavettvanginum sem starfrækir kerfið sem viðskiptin fóru fram gegnum, í samræmi við 1., 3. og 9. mgr.

Verðbréfafyrirtæki skulu bera fulla ábyrgð á að skýrslur sem sendar eru lögbæra yfirvaldinu séu fullgerðar, réttar og lagðar fram tímanlega.

Þrátt fyrir þessa ábyrgð skal verðbréfafyrirtæki sem gefur skýrslu með upplýsingum um slík viðskipti gegnum viðurkennt skýrslugjafarkerfi sem aðhefst fyrir þess hönd eða gegnum viðskiptavettvang ekki bera ábyrgð á misbresti á því að skýrslur sem rekja má til viðurkennda skýrslugjafarkerfisins eða viðskiptavettvangsins séu ekki fullgerðar, réttar eða lagðar fram tímanlega. Í slíkum tilvikum og með fyrirvara um 4. mgr. 66. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal viðurkennda skýrslugjafarkerfi eða viðskiptavettvangurinn bera ábyrgð á slíkum misbresti.

Engu að síður skulu verðbréfafyrirtæki gera eðlilegar ráðstafanir til að sannreyna að þær viðskiptaskýrslur sem sendar eru fyrir þeirra hönd séu fullgerðar, réttar eða lagðar fram tímanlega.

Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að viðskiptavettvangur sem gerir skýrslur fyrir hönd verðbréfafyrirtækis hafi traust öryggiskerfi til að tryggja öryggi og sannvottun þess hvernig upplýsingar eru sendar, lágmarka hættu á spillingu gagna og hættu á óheimilum aðgangi og koma í veg fyrir upplýsingaleka, jafnframt því að viðhalda ávallt trúnaði gagna. Heimaaðildarríkið skal gera þá kröfu til viðskiptavettvangsins að hann viðhaldi nægilegum tilföngum og búi yfir öryggisafritunarkerfum til að geta ávallt boðið upp á og viðhaldið þjónustu sinni.

Lögbær yfirvöld geta samþykkt viðskiptapörunar- eða skýrslugjafarkerfi, þ.m.t. afleiðuviðskiptaskrár sem eru skráðar eða viðurkenndar í samræmi við VI. bálk reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem viðurkennt skýrslugjafarkerfi til að senda viðskiptaskýrslur til lögbærs yfirvalds í samræmi við 1., 3. og 9. mgr.

Hafi viðskipti verið tilkynnt afleiðuviðskiptaskrá í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sem er samþykkt sem viðurkennt skýrslugjafarkerfi, viðkomandi skýrslur hafa að geyma þær upplýsingar sem krafist er í 1., 3. og 9. mgr. og afleiðuviðskiptaskrá sendir þær lögbæra yfirvaldinu innan þeirra tímamarka sem sett eru í 1. mgr. skal litið svo á að verðbréfafyrirtækið hafi efnt skylduna sem á því hvílir skv. 1. mgr.

Séu villur eða yfirsjónir í viðskiptaskýrslunum skal viðurkennt skýrslugjafarkerfi, verðbréfafyrirtækið eða viðskiptavettvangurinn sem tilkynnir um viðskiptin leiðrétta upplýsingarnar og senda lögbæra yfirvaldinu leiðrétta skýrslu.

8. Þegar skýrslur sem þessi grein kveður á um eru sendar í samræmi við 8. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB til lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkis skal það senda þær upplýsingar til lögbæru yfirvaldanna í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins, nema lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins ákveði að þau vilji ekki fá þær upplýsingar í hendur.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) gagnastaðla og snið upplýsinga sem skal tilkynna í samræmi við 1. og 3. mgr., þ.m.t. aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar um fjármálaviðskipti og form og efni slíkra skýrslna,

b) viðmið til að skilgreina mikilvægan markað í samræmi við 1. mgr.,

c) tilvísanir fjármálagerninga sem eru keyptir eða seldir, magn, dagsetningu og tíma framkvæmdar, viðskiptaverð, upplýsingar og gögn um deili á viðskiptavininum, auðkenni til að tilgreina deili á þeim viðskiptavinum sem verðbréfafyrirtækið hefur framkvæmt slík viðskipti fyrir, auðkenni til að tilgreina deili á þeim aðilum og tölvualgrímum innan verðbréfafyrirtækjanna sem taka fjárfestingarákvörðunina og framkvæma viðskiptin, auðkenni fyrir viðkomandi undanþágu sem viðskiptin hafa farið fram samkvæmt, aðferðir við að auðkenna viðkomandi verðbréfafyrirtæki, á hvaða hátt viðskiptin voru framkvæmd og gagnareiti sem nauðsynlegir eru til vinnslu og greiningar á viðskiptaskýrslunum í samræmi við 3. mgr.,

d) auðkenni fyrir skortsölu hlutabréfa og ríkisskulda eins og um getur í 3. mgr.,

e) viðeigandi flokka fjármálagerninga sem skal tilkynna í samræmi við 2. mgr.,

f) skilyrðin sem auðkenni lögaðila eru þróuð, þeim úthlutað og viðhaldið samkvæmt af aðildarríkjum í samræmi við 6. mgr., og skilyrðin sem verðbréfafyrirtæki nota þessi auðkenni lögaðila samkvæmt til að útvega, skv. 3., 4. og 5. mgr., auðkenni til að tilgreina deili á viðskiptavinum í viðskiptaskýrslum sem þeim ber að taka saman skv. 1. mgr.,

g) beitingu skýrslugjafarskyldu um viðskipti á útibú verðbréfafyrirtækja,

h) hvað telst vera viðskipti og framkvæmd viðskipta að því er varðar þessa grein,

i) hvenær verðbréfafyrirtæki telst hafa sent fyrirmæli í skilningi 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. Eigi síðar en 3. janúar 2019 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um beitingu þessarar greinar, þ.m.t. samspil hennar við hina tengdu skýrslugjafarskyldu skv. reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og um hvort efni og snið viðskiptaskýrslna sem lögbær yfirvöld fá í hendur og skiptast á gera þeim fullkleift að hafa eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja í samræmi við 24. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin getur gert ráðstafanir til að leggja til breytingar, þ.m.t. að kveðið sé á um að viðskipti séu aðeins send til eins kerfis sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreinir, í stað þess að senda þau til lögbærra yfirvalda. Framkvæmdastjórnin skal framsenda skýrslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins.

27. gr.

Skylda til að útvega tilvísunargögn fyrir fjármálagerninga

1. Að því er varðar fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulegum mörkuðum eða sem viðskipti eru með á markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum markaðstorgum skulu viðskiptavettvangar sjá lögbærum yfirvöldum fyrir auðkennandi tilvísunargögnum fyrir tilkynningar um viðskipti skv. 26. gr.

Að því er varðar aðra fjármálagerninga sem 2. mgr. 26. gr. tekur til og viðskipti eru með í kerfi hans skal hver innmiðlari sjá lögbæru yfirvaldi sínu fyrir tilvísunargögnum fyrir þá fjármálagerninga.

Auðkennandi tilvísunargögn skulu búin til sendingar til lögbæra yfirvaldsins á rafrænu og stöðluðu formi áður en viðskipti hefjast með fjármálagerninginn sem þau vísa til. Uppfæra skal tilvísunargögn fjármálagernings hvenær sem breytingar verða á gögnunum sem varða hann. Þessar tilkynningar skulu lögbær yfirvöld senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin án tafar og skal stofnunin birta þær þegar í stað á vefsetri sínu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal veita lögbærum yfirvöldum aðgang að þessum tilvísunargögnum.

2. Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa eftirlit, skv. 26. gr., með starfsemi verðbréfafyrirtækja til að tryggja að þau starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku og með hætti sem stuðlar að heilbrigði markaðarins skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

a) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbæru yfirvöldin fái í raun tilvísunargögnin fyrir fjármálagerninga skv. 1. mgr.,

b) gæði gagnanna sem þannig berast séu fullnægjandi til skýrslugjafar um viðskipti skv. 26. gr.,

c) tilvísunargögnunum fyrir fjármálagerninga sem berast skv. 1. mgr. sé miðlað á skilvirkan hátt milli viðkomandi lögbærra yfirvalda.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) gagnastaðla og snið tilvísunargagna fyrir fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr., þ.m.t. aðferðir og fyrirkomulag við að útvega lögbærum yfirvöldum gögnin og uppfærslur á þeim og senda þau til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr., og snið og efni slíkra gagna,

b) þær tæknilegu ráðstafanir sem eru nauðsynlegar í tengslum við þær ráðstafanir sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að gera skv. 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

V. BÁLKUR

AFLEIÐUR

28. gr.

Skylda til að eiga viðskipti á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum markaðstorgum

1. Fjárhagslegir mótaðilar eins og þeir eru skilgreindir í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og ófjárhagslegir mótaðilar sem uppfylla skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 10. gr. hennar skulu eiga viðskipti sem eru hvorki viðskipti innan samstæðu eins og þau eru skilgreind í 3. gr. þeirrar reglugerðar né viðskipti sem falla undir umbreytingarákvæði 89. gr. þeirrar reglugerðar við aðra slíka fjárhagslega mótaðila eða aðra slíka ófjárhagslega mótaðila sem uppfylla skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 með afleiður sem tilheyra flokki afleiða sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskylduna í samræmi við verklagsregluna sem greinir í 32. gr. og tilgreind er í skránni sem um getur í 34. gr., þegar þau eiga sér stað, aðeins á:

a) skipulegum mörkuðum,

b) markaðstorgum fjármálagerninga,

c) skipulegum markaðstorgum eða

d) viðskiptavettvöngum í þriðja landi, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi tekið ákvörðun í samræmi við 4. mgr. og þriðja landið hafi yfir að ráða skilvirku jafngildu kerfi til viðurkenningar á viðskiptavettvöngum sem er heimilt skv. tilskipun 2014/65/ESB að taka til viðskipta, eða vera vettvangur fyrir viðskipti með, afleiður sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskylduna í því þriðja landi án þess að það feli í sér einkarétt.

2. Viðskiptaskyldan skal einnig gilda um mótaðila sem um getur í 1. mgr. og eiga viðskipti með afleiður sem tilheyra flokki afleiðna sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskylduna við fjármálastofnanir í þriðja landi eða aðra aðila í þriðja landi sem myndu falla undir stöðustofnunarskylduna ef þau væru með staðfestu innan Sambandsins. Viðskiptaskyldan skal einnig gilda um aðila í þriðja landi sem myndu falla undir stöðustofnunarskylduna ef þeir væru með staðfestu innan Sambandsins og sem eiga viðskipti með afleiður sem tilheyra flokki afleiða sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskylduna, að því tilskildu að samningurinn hafi bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins eða slík skylda sé nauðsynleg eða viðeigandi til að koma í veg fyrir sniðgöngu einhvers ákvæðis þessarar reglugerðar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa reglulegt eftirlit með viðskiptum með afleiður sem ekki hefur verið lýst yfir að falli undir viðskiptaskylduna eins og lýst er í 1. gr. til að verða áskynja um tilvik þar sem tiltekinn flokkur samninga getur valdið kerfisáhættu og koma í veg fyrir eftirlitshögnun milli afleiðuviðskipta sem falla undir viðskiptaskylduna og afleiðuviðskipta sem falla ekki undir viðskiptaskylduna.

3. Afleiður sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskylduna skv. 1. mgr. skulu vera tækar til viðskipta á skipulegum markaði eða til viðskipta á viðskiptavettvangi eins og um getur í 1. mgr. án þess að það feli í sér einkarétt og án mismununar.

4. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 51. gr., tekið ákvarðanir þess efnis að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að viðskiptavettvangur með starfsleyfi í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum fyrir viðskiptavettvanga sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. þessarar greinar og leiða af þessari reglugerð, tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014, og sem lúta skilvirku eftirliti og framfylgd í því þriðja landi.

Slíkar ákvarðanir skulu hafa þann eina tilgang að ákvarða hæfi viðskiptavettvangs fyrir afleiður sem falla undir viðskiptaskylduna.

Laga- og eftirlitsrammi þriðja lands telst hafa jafngild áhrif ef hann uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) viðskiptavettvangar í því þriðja landi þurfi að hafa starfsleyfi og lúti skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli,

b) viðskiptavettvangar hafi skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta svo unnt sé að eiga viðskipti með slíka fjármálagerninga á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt, og viðskipti með þá séu án takmarkana,

c) útgefendur fjármálagerninga lúti kröfum um reglubundna og samfellda upplýsingagjöf sem tryggi hátt stig fjárfestaverndar,

d) hann tryggi gagnsæi og heilbrigði markaða með reglum sem taki á markaðssvikum í formi innherjaviðskipta og markaðsmisnotkunar.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari málsgrein kann að vera takmörkuð við tiltekinn flokk eða flokka viðskiptavettvanga. Í slíkum tilvikum telst viðskiptavettvangur í þriðja landi ekki með í d-lið 1. mgr. nema hann falli undir flokk sem ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar tekur til.

5. Til að tryggja samræmi í beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær tegundir samninga sem um getur í 2. mgr. og hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins og þau tilvik þar sem viðskiptaskyldan er nauðsynleg eða viðeigandi til að koma í veg fyrir sniðgöngu einhvers ákvæðis þessarar reglugerðar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Þegar unnt er og við hæfi skulu þeir tæknilegu eftirlitsstaðlar sem um getur í þessari málsgrein vera hinir sömu og þeir sem samþykktir eru skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

29. gr.

Stöðustofnunarskylda fyrir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum og tímasetning samþykkis á stöðustofnun

1. Rekstraraðili skipulegs markaðar skal tryggja að öll viðskipti með afleiður sem gerð eru á þeim skipulega markaði séu stöðustofnuð af miðlægum mótaðila.

2. Miðlægir mótaðilar, viðskiptavettvangar og verðbréfafyrirtæki sem gegna hlutverki stöðustofnunaraðila í samræmi við 14. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu búa yfir skilvirkum kerfum, ferlum og fyrirkomulagi í tengslum við stöðustofnaðar afleiður til að tryggja að viðskipti með stöðustofnaðar afleiður séu lögð fram og samþykkt til stöðustofnunar eins fljótt og tæknilega er unnt með sjálfvirkum kerfum.

Í þessari málsgrein merkir „stöðustofnaðar afleiður“:

a) allar afleiður sem skal stöðustofna samkvæmt stöðustofnunarskyldunni skv. 1. mgr. þessarar greinar eða stöðustofnunar-skyldunni skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

b) allar aðrar afleiður sem viðkomandi aðilar samþykkja að skuli stöðustofnaðar.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina lágmarkskröfur fyrir kerfi, ferla og fyrirkomulag, þ.m.t. tímaramma samþykkis, samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til þarfarinnar á að tryggja viðhlítandi stýringu á rekstraráhættu og annarri áhættu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa viðvarandi vald til að þróa frekari tæknilega eftirlitsstaðla til að uppfæra þá sem í gildi eru, telji hún þörf á því eftir því sem viðmið í atvinnugreininni þróast.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

30. gr.

Óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag

1. Óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi er heimilt að því tilskildu að það auki ekki mótaðilaáhættu og tryggi að eignir og stöður mótaðilans njóti verndar með jafngildum áhrifum og þeim sem um getur í 39. og 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina tegundir óbeins stöðustofnunarfyrirkomulags, þegar slíkt fyrirkomulag er tekið upp, sem uppfylla skilyrðin sem um getur í 1. mgr., og tryggja þar með samræmi við ákvæðin sem sett eru fyrir OTC-afleiður skv. II. kafla framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 ([1]).

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í þessari grein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

31. gr.

Samþjöppun eignasafns

1. Þegar verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða starfa að samþjöppun eignasafns lúta þau ekki skyldunni um bestu framkvæmd sem kveðið er á um í 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skyldunum um gagnsæi sem kveðið er á um í 8., 10., 18. og 21. gr. þessarar reglugerðar né skyldunni sem kveðið er á um í 6. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Það að afleiðum í samþjöppuðu eignasafni sé lokað eða þeim skipt út skal ekki falla undir 28. gr. þessarar reglugerðar.

2. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfa að samþjöppun eignasafns skulu birta opinberlega, gegnum viðurkennda birtingarþjónustu, magn viðskipta í samþjöppun og tímann sem þau voru gerð innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 10. gr.

3. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfa að samþjöppun eignasafns skulu halda fullkomnar og nákvæmar skrár um alla samþjöppun eignasafna sem þeir standa að eða taka þátt í. Sé þess óskað skulu þessar skrár tafarlaust gerðar aðgengilegar viðkomandi lögbæru yfirvaldi eða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtíð ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

4. Framkvæmdastjórnin getur með framseldum gerðum í samræmi við 50. gr. samþykkt ákvæði sem tilgreina eftirfarandi:

a) einstaka þætti samþjöppunar eignasafns,

b) upplýsingar sem birta skal skv. 2. mgr.,

með þeim hætti að allar kröfur sem gilda þegar um skráahald, tilkynningar eða birtingu séu nýttar að því marki sem mögulegt er.

32. gr.

Tilhögun viðskiptaskyldu

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) hvaða flokka afleiðna sem lýst er yfir að falli undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við 2. mgr. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða viðeigandi undirflokk þeirra skuli hafa viðskipti með á þeim vettvöngum sem um getur í 1. mgr. 28. gr. þessarar reglugerðar,

b) daginn eða dagana sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, þ.m.t. gildistöku í áföngum og flokka mótaðila sem skyldan gildir um ef kveðið hefur verið á um slíka gildistöku í áföngum og flokka mótaðila í tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda framkvæmdastjórninni þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum innan sex mánaða frá samþykki framkvæmdastjórnarinnar á tæknilegu eftirlitsstöðlunum í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sendir framkvæmdastjórninni drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum skal stofnunin auglýsa opinberlega eftir athugasemdum og, eftir því sem við á, hafa samráð við lögbær yfirvöld í þriðja landi.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. Til að viðskiptaskyldan taki gildi:

a) verður að taka afleiðuflokkinn skv. a-lið 1. mgr. eða viðeigandi undirflokk hans til viðskipta, eða viðskipti með hann að fara fram, á a.m.k. einum viðskiptavettvangi eins og um getur í 1. mgr. 28. gr., og

b) verður að vera nægur kaup- og söluáhugi þriðju aðila á afleiðuflokknum eða viðeigandi undirflokki hans til að slíkur afleiðuflokkur teljist nægilega seljanlegur til að eingöngu séu viðskipti með hann á vettvöngunum sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

3. Þegar samin eru drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin meta hvort afleiðuflokkurinn eða viðeigandi undirflokkur hans telst nægilega seljanlegur samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

a) meðaltíðni og -stærð viðskipta við ýmis markaðsskilyrði, að teknu tilliti til eðlis og líftíma afurða í afleiðuflokknum,

b) fjölda og tegund virkra markaðsaðila, þ.m.t. hlutfallinu milli fjölda markaðsaðila og afurða/samninga sem ganga kaupum og sölum á tilteknum afurðamarkaði,

c) meðalstærð verðbila.

Við gerð þessara draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til væntanlegra áhrifa sem viðskiptaskylda gæti haft á seljanleika afleiðuflokks eða viðeigandi undirflokks hans og starfsemi endanlegra notenda sem eru ekki fjármálastofnanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal ákvarða hvort afleiðuflokkurinn eða viðeigandi undirflokkur hans sé aðeins nægilega seljanlegur í viðskiptum undir tiltekinni stærð.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal að eigin frumkvæði, í samræmi við viðmiðin sem sett eru fram í 2. mgr. og eftir að hafa auglýst opinberlega eftir athugasemdum, tilgreina og tilkynna framkvæmdastjórninni um þá afleiðuflokka eða einstaka afleiðusamninga sem ættu að falla undir skylduna til að eiga viðskipti á vettvöngunum sem um getur í 1. mgr. 28. gr., en sem engum miðlægum mótaðila hefur enn verið veitt leyfi fyrir skv. 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða sem hafa ekki verið teknir viðskipta, eða viðskipti hafa ekki verið höfð með, á viðskiptavettvangi sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

Í kjölfar þeirrar tilkynningar frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sem um getur í fyrstu undirgrein getur framkvæmdastjórnin auglýst eftir því að tillögur séu þróaðar um viðskipti með þessar afleiður á þeim vettvöngum sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

5. Í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin senda framkvæmdastjórninni drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að breyta, fella tímabundið úr gildi eða afnema gildandi tæknilega eftirlitsstaðla hvenær sem veruleg breyting verður á viðmiðunum sem sett eru fram í 2. mgr. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gerir það getur hún, eftir því sem við á, haft samráð við lögbær yfirvöld þriðju landa..

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í þessari málsgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin sem um getur í b-lið 2. mgr

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

33. gr.

Kerfi til að koma í veg fyrir tvítekningu reglna eða reglur sem stangast á

1. Framkvæmdastjórnin skal a.m.k. árlega njóta aðstoðar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar við eftirlit með, og gerð skýrslna til Evrópuþingsins og ráðsins um, alþjóðlega beitingu meginreglnanna sem settar eru fram í 28. og 29. gr., einkum að því er varðar hugsanlega tvítekningu krafna, eða kröfur sem stangast á, til markaðsaðila, og leggja til mögulegar aðgerðir.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir sem lýsa því yfir að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í viðkomandi þriðja landi:

a) sé jafngilt kröfunum sem leiða af 28. og 29. gr.,

b) tryggi vernd þagnarskyldu sem er jafngild þeirri vernd sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

c) sé notað með skilvirkum hætti og því sé framfylgt á sanngjarnan hátt og án röskunar til að tryggja skilvirkt eftirlit og framfylgd í viðkomandi þriðja landi.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 51. gr.

3. Framkvæmdargerð um jafngildi eins og um getur í 2. mgr. skal hafa þau áhrif að mótaðilar sem stofna til viðskipta sem falla undir þessa reglugerð teljist hafa uppfyllt þá skyldu sem felst í 28. gr. og 29. gr. þegar a.m.k. einn mótaðilanna hefur staðfestu í því þriðja landi og mótaðilarnir virða fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í viðkomandi þriðja landi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, hafa eftirlit með skilvirkri framkvæmd þriðju landa, sem framkvæmdargerð um jafngildi hefur verið samþykkt fyrir, að því er varðar kröfur sem jafngilda þeim sem koma fram í 28. og 29. gr. og skal skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins reglulega, a.m.k. árlega.

Innan 30 almanaksdaga frá framlagningu slíkrar skýrslu sem leiðir í ljós verulega ágalla eða ósamræmi í beitingu yfirvalda þriðju landa á jafngildum kröfum getur framkvæmdastjórnin afturkallað viðurkenningu á jafngildi viðkomandi lagaramma þriðja lands. Sé framkvæmdargerð um jafngildi afturkölluð skulu viðskipti mótaðila sjálfkrafa falla aftur undir allar kröfur 28. og 29. gr. þessarar reglugerðar.

34. gr.

Skrá yfir afleiður sem falla undir viðskiptaskylduna

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og viðhalda á vefsetri sínu skrá sem tilgreinir, á ítarlegan og ótvíræðan hátt, þær afleiður sem falla undir viðskiptaskylduna sem um getur í 1. mgr. 28. gr., vettvangana þar sem þær eru teknar til viðskipta eða viðskipti eru með þær og gildistökudaga skyldunnar.

VI. BÁLKUR

STÖÐUSTOFNUNARAÐGANGUR ÁN MISMUNUNAR FYRIR FJÁRMÁLAGERNINGA

35. gr.

Aðgangur án mismununar að miðlægum mótaðila

1. Með fyrirvara um 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal miðlægur mótaðili samþykkja að stöðustofna fjármálagerninga án mismununar og á gagnsæjan hátt, þ.m.t. að því er varðar kröfur um tryggingar og þóknanir fyrir aðgang, án tillits til viðskiptavettvangsins þar sem viðskipti eru framkvæmd. Þetta skal einkum tryggja að viðskiptavettvangur eigi rétt á að samningar sem ganga kaupum og sölum á þeim viðskiptavettvangi fái meðferð án mismununar hvað varðar:

a) tryggingarkröfur og skuldajöfnun samninga sem eru jafngildir fjárhagslega ef innsetning slíkra samninga í skuldajöfnun til uppgjörs og aðrar jöfnunaraðgerðir miðlæga mótaðilans á grundvelli viðkomandi gjaldþrotalaga myndu ekki ógna snurðulausri og eðlilegri virkni, gildi eða framfylgd slíkra aðgerða, og

b) samnýtta tryggingarþekju (e. *cross-margining*) með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðilinn stöðustofnar samkvæmt áhættulíkani sem er í samræmi við 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Miðlægur mótaðili getur krafist þess að viðskiptavettvangurinn uppfylli þær rekstrar- og tæknikröfur sem miðlægi mótaðilinn gerir, þ.m.t. kröfur um áhættustýringu. Krafa samkvæmt þessari málsgrein gildir ekki um afleiðusamning sem fellur þegar undir þær aðgangsskyldur sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Miðlægur mótaðili er ekki bundinn af þessari grein ef hann er í nánum tengslum við viðskiptavettvang sem hefur sent tilkynningu skv. 5. mgr. 36.gr.

2. Beiðni viðskiptavettvangs um aðgang að miðlægum mótaðila skal send formlega til miðlæga mótaðilans, viðkomandi lögbærs yfirvalds hans og lögbærs yfirvalds viðskiptavettvangsins. Beiðnin skal tilgreina þær tegundir fjármálagerninga sem aðgangs er óskað að.

3. Miðlægi mótaðilinn skal svara viðskiptavettvanginum skriflega innan þriggja mánaða ef um er að ræða framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga og innan sex mánaða ef um er að ræða afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, og annaðhvort heimila aðgang, með því skilyrði að viðkomandi lögbært yfirvald hafi veitt aðgang skv. 4. mgr., eða synja um aðgang. Miðlægi mótaðilinn getur aðeins synjað beiðni um aðgang við þær aðstæður sem tilgreindar eru í a-lið 6. mgr. Synji miðlægi mótaðilinn um aðgang skal hann gera fulla grein fyrir ástæðum þess í svari sínu og upplýsa lögbært yfirvald sitt skriflega um ákvörðun sína. Hafi viðskiptavettvangurinn staðfestu í öðru aðildarríki en miðlægi mótaðilinn skal miðlægi mótaðilinn einnig leggja fram slíka tilkynningu og rökstuðning til lögbærs yfirvalds viðskiptavettvangsins. Miðlægi mótaðilinn skal gera aðgang mögulegan innan þriggja mánaða frá því að veita jákvætt svar við beiðni um aðgang.

4. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans eða viðskiptavettvangsins skal aðeins veita viðskiptavettvangi aðgang að miðlægum mótaðila ef slíkur aðgangur:

a) myndi ekki krefjast fyrirkomulags um rekstrarsamhæfi ef um væri að ræða afleiður sem eru ekki OTC-afleiður skv. 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða

b) myndi ekki ógna snurðulausri og eðlilegri virkni markaðanna, einkum vegna tvístrunar seljanleika, eða myndi ekki hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu.

Ekkert í a-lið fyrstu undirgreinar skal koma í veg fyrir að aðgangur sé veittur ef beiðnin sem um getur í 2. mgr. krefst rekstrarsamhæfis, viðskiptavettvangurinn og allir miðlægir mótaðilar sem koma að fyrirhuguðu fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi hafa samþykkt fyrirkomulagið og áhættan sem miðlægi mótaðilinn sem fær beiðnina stendur frammi fyrir vegna staðna milli miðlægra mótaðila er tryggð hjá þriðja aðila.

Ef þörf fyrir fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi er ástæða eða hluti af ástæðu þess að synja beiðni gerir viðskiptavettvangurinn miðlæga mótaðilanum viðvart og upplýsir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um hvaða aðrir miðlægir mótaðilar hafa aðgang að viðskiptavettvanginum, og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir þessar upplýsingar svo verðbréfafyrirtæki geti valið að neyta réttar síns skv. 37. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar þessa miðlægu mótaðila til að greiða fyrir öðru fyrirkomulagi aðgangs.

Synji lögbært yfirvald um aðgang skal það kveða upp ákvörðun sína innan tveggja mánaða frá viðtöku beiðni af því tagi um getur í 2. mgr. og gera lögbæra yfirvaldinu, miðlæga mótaðilanum og viðskiptavettvanginum fulla grein fyrir þeim rökum sem liggja að baki ákvörðuninni, þ.m.t. afhenda þeim þau gögn sem hún byggist á.

5. Að því er varðar framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga getur miðlægur mótaðili sem hefur nýlega verið stofnaður og fengið starfsleyfi sem miðlægur mótaðili, eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, til stöðustofnunar skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða verið viðurkenndur skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða fengið starfsleyfi samkvæmt innlendu fyrirkomulagi leyfisveitinga sem er þegar fyrir hendi til styttri tíma en þriggja ára hinn 2. júlí 2014 sótt um leyfi fyrir 3. janúar 2017 til lögbærs yfirvalds síns til að nýta sér umbreytingarfyrirkomulag. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið að þessi grein gildi ekki um miðlæga mótaðilann að því er varðar framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga meðan á umbreytingartímabili stendur til 3. júlí 2019.

Sé slíkt umbreytingartímabil samþykkt getur miðlægi mótaðilinn ekki nýtt sér aðgangsréttinn skv. 36. gr. eða þessari grein að því er varðar framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga meðan það umbreytingarfyrirkomulag varir. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna aðilum fagráðs lögbærra yfirvalda fyrir miðlæga mótaðilann og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það þegar umbreytingartímabil er samþykkt. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta skrá yfir allar tilkynningar sem hún fær.

Sé miðlægur mótaðili sem hefur verið samþykktur fyrir umbreytingarfyrirkomulag samkvæmt þessari málsgrein í nánum tengslum við einn eða fleiri viðskiptavettvanga skulu þeir viðskiptavettvangar ekki njóta aðgangsréttar skv. 36. gr. eða þessari grein að því er varðar framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerninga á meðan umbreytingarfyrirkomulagið varir.

Miðlægum mótaðila sem fær starfsleyfi á þriggja ára tímabilinu fyrir gildistöku, en hefur orðið til við samruna eða yfirtöku sem tók til a.m.k. eins miðlægs mótaðila sem hafði starfsleyfi fyrir það tímabil, skal ekki heimilt að sækja um umbreytingarfyrirkomulag samkvæmt þessari málsgrein.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) við hvaða tilteknu aðstæður miðlægur mótaðili getur synjað beiðni um aðgang, þ.m.t. vegna fyrirsjáanlegs magns viðskipta, fjölda og tegunda notenda, fyrirkomulags stýringar á rekstraráhættu og -flækjustigs eða annarra þátta sem valda verulegri óþarfa áhættu,

b) við hvaða aðstæður miðlægum mótaðila ber að heimila aðgang, þ.m.t. upplýsingaleynd sem veitt er í tengslum við fjármálagerninga meðan á þróunaráfanganum stendur, grundvöll gagnsæis og þess að aðhafst sé án mismununar að því er varðar stöðustofnunargjöld, kröfur um tryggingar og rekstrarlegar kröfur um tryggingartöku,

c) við hvaða aðstæður það að veita aðgang ógnar snurðulausri og eðlilegri virkni markaða eða myndi hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu,

d) ferlið við að gefa út tilkynningu skv. 5. mgr.,

e) skilyrðin fyrir meðferð án mismununar með tilliti til þess hvernig farið er með samninga sem ganga kaupum og sölum á viðkomandi viðskiptavettvangi hvað varðar tryggingarkröfur og skuldajöfnun samninga sem eru jafngildir fjárhagslega og samnýtta tryggingarþekju með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðili stöðustofnar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

36. gr.

Aðgangur án mismununar að viðskiptavettvangi

1. Með fyrirvara um 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal viðskiptavettvangur veita viðskiptaupplýsingar á gagnsæjum grundvelli án mismununar, þ.m.t. að því er varðar aðgangsgjöld, að beiðni miðlægs mótaðila sem er með starfsleyfi eða viðurkenndur samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og óskar eftir að stöðustofna viðskipti með fjármálagerninga sem fara fram á þeim viðskiptavettvangi. Þessi krafa gildir ekki um afleiðusamning sem fellur þegar undir aðgangsskyldurnar sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Viðskiptavettvangur er ekki bundinn af þessari grein ef hann er í nánum tengslum við miðlægan mótaðila sem hefur tilkynnt að hann nýti sér umbreytingarfyrirkomulagið skv. 5. mgr. 35. gr.

2. Beiðni miðlægs mótaðila um aðgang að viðskiptavettvangi skal send formlega til viðskiptavettvangs, viðkomandi lögbærs yfirvalds hans og lögbærs yfirvalds miðlæga mótaðilans.

3. Viðskiptavettvangurinn skal veita miðlæga mótaðilanum skriflegt svar innan þriggja mánaða ef um er að ræða framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga og innan sex mánaða ef um er að ræða afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, og annaðhvort heimila aðgang, með því skilyrði að viðkomandi lögbært yfirvald hafi veitt aðgang skv. 4. mgr., eða synja um aðgang. Viðskiptavettvangurinn getur aðeins synjað um aðgang við þær aðstæður sem tilgreindar eru í a-lið 6. mgr. Sé synjað um aðgang skal viðskiptavettvangurinn gera fulla grein fyrir ástæðum þess í svari sínu og upplýsa lögbært yfirvald sitt skriflega um ákvörðunina. Hafi miðlægi mótaðilinn staðfestu í öðru aðildarríki en viðskiptavettvangurinn skal viðskiptavettvangurinn einnig senda slíka tilkynningu og rökstuðning til lögbærs yfirvalds miðlæga mótaðilans. Viðskiptavettvangurinn skal gera aðgang mögulegan innan þriggja mánaða frá því að veita jákvætt svar við beiðni um aðgang.

4. Lögbært yfirvald viðskiptavettvangsins eða miðlæga mótaðilans skal aðeins veita miðlægum mótaðila aðgang að viðskiptavettvangi ef slíkur aðgangur:

a) myndi ekki krefjast fyrirkomulags um rekstrarsamhæfi í tilfelli afleiðna sem eru ekki OTC-afleiður skv. 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða

b) myndi ekki ógna snurðulausri og eðlilegri virkni markaðanna, einkum vegna tvístrunar seljanleika, og viðskiptavettvangurinn hefur komið á fullnægjandi kerfi til að koma í veg fyrir slíka tvístrun, eða myndi ekki hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu.

Ekkert í a-lið fyrstu undirgreinar skal koma í veg fyrir að aðgangur sé veittur ef beiðnin sem um getur í 2. mgr. krefst rekstrarsamhæfis, viðskiptavettvangurinn og allir miðlægir mótaðilar sem koma að fyrirhuguðu fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi hafa samþykkt fyrirkomulagið og áhættan sem miðlægi mótaðilinn sem fær beiðnina stendur frammi fyrir vegna staðna milli miðlægra mótaðila er tryggð hjá þriðja aðila.

Ef þörf fyrir fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi er ástæða eða hluti af ástæðu þess að synja beiðni gerir viðskiptavettvangurinn miðlæga mótaðilanum viðvart og upplýsir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um hvaða aðrir miðlægir mótaðilar hafa aðgang að viðskiptavettvanginum, og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir þessar upplýsingar svo verðbréfafyrirtæki geti valið að neyta réttar síns skv. 37. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar þessa miðlægu mótaðila til að greiða fyrir öðru fyrirkomulagi aðgangs.

Synji lögbært yfirvald um aðgang skal það kveða upp ákvörðun sína innan tveggja mánaða frá viðtöku beiðninnar sem um getur í 2. mgr. og gera lögbæra yfirvaldinu, viðskiptavettvanginum og miðlæga mótaðilanum fulla grein fyrir þeim rökum liggja að baki ákvörðuninni, þ.m.t. afhenda þeim þau gögn sem hún byggist á.

5. Að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi getur viðskiptavettvangur sem er undir viðkomandi mörkum á almanaksárinu áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda tilkynnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbæru yfirvaldi sínu að hann óski eftir að vera óbundinn af þessari grein að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi undir þessum mörkum, í 30 mánuði frá því að þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Viðskiptavettvangur sem helst undir viðkomandi mörkum á hverju ári á þessu, eða síðara, 30 mánaða tímabili getur í lok tímabilsins tilkynnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbæru yfirvaldi sínu að hann óski eftir að vera áfram óbundinn af þessari grein í 30 mánuði til viðbótar. Sé tilkynnt um slíkt getur viðskiptavettvangurinn ekki notið þess aðgangsréttar sem getið er um í 35. gr. eða þessari grein að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi undir viðkomandi mörkum á meðan undanþágan er nýtt. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta skrá yfir allar tilkynningar sem hún fær.

Viðkomandi mörk fyrir nýtingu undanþágunnar eru árleg grundvallarfjárhæð (e. *notional amount*) viðskipta sem nemur 1 000 000 milljónum evra. Grundvallarfjárhæðin skal reiknuð út frá annarri hlið viðskiptanna (e. *single-counted*) og taka til allra viðskipta með afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og fara fram samkvæmt reglum viðskiptavettvangsins.

Sé viðskiptavettvangur hluti af samstæðu sem er í nánum tengslum við hann skal reikna mörkin með því að leggja saman árlega grundvallarfjárhæð allra viðskiptavettvanga í samstæðunni í heild sem hafa staðfestu í Sambandinu.

Sé viðskiptavettvangur sem hefur sent út tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein í nánum tengslum við einn eða fleiri miðlæga mótaðila skulu þeir miðlægu mótaðilar ekki njóta þess aðgangsréttar sem getið er um í 35. gr. eða þessari grein að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi undir viðkomandi mörkum meðan undanþágan er nýtt.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) við hvaða tilteknu aðstæður viðskiptavettvangur getur synjað beiðni um aðgang, þ.m.t. vegna fyrirsjáanlegs magns viðskipta, fjölda og tegunda notenda, fyrirkomulags stýringar á rekstraráhættu og -flækjustigs eða annarra þátta sem valda verulegri óþarfa áhættu,

b) við hvaða aðstæður heimila verður aðgang, þ.m.t. upplýsingaleynd sem veitt er í tengslum við fjármálagerninga meðan á þróunaráfanganum stendur og grundvöll gagnsæis og þess að aðhafst sé án mismununar að því er varðar gjöld í tengslum við aðgang,

c) við hvaða aðstæður það að veita aðgang ógnar snurðulausri og eðlilegri virkni markaðanna eða myndi hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu,

d) ferlið við að gefa út tilkynningu skv. 5. mgr., þ.m.t. nánari tilgreining á útreikningi grundvallarfjárhæðarinnar og aðferðinni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur beitt til að sannreyna útreikning á magni og samþykkja undanþáguna.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

37. gr.

Aðgangur án mismununar að viðmiðunargildum og skylda til að veita leyfi fyrir þeim

1. Sé virði fjármálagernings reiknað út á grundvelli viðmiðunargildis skal sá aðili sem hefur eignarrétt á viðmiðunargildinu tryggja að miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum sé heimill aðgangur að eftirfarandi til viðskipta og stöðustofnunar:

a) viðkomandi verðupplýsinga- og gagnastreymi og upplýsingum um samsetningu, aðferðafræði og verðlagningu viðkomandi viðmiðunargildis til stöðustofnunar og viðskipta, og

b) leyfum.

Leyfi sem felur í sér aðgang að upplýsingum skal veitt á sanngjörnum og eðlilegum grundvelli án mismununar innan þriggja mánaða frá beiðni miðlægs mótaðila eða viðskiptavettvangs þar að lútandi.

Aðgangur skal veittur á sanngjörnu viðskiptaverði að teknu tilliti til þess verðs sem öðrum miðlægum mótaðila, viðskiptavettvöngum eða tengdum aðilum er veittur aðgangur að viðmiðunargildinu á eða veitt leyfi í tengslum við hugverkarétt á sambærilegum kjörum, til stöðustofnunar og viðskipta. Mismunandi verð fyrir mismunandi miðlæga mótaðila, viðskiptavettvanga eða tengda aðila er aðeins heimilt þegar það er réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna, að teknu tilliti til eðlilegra viðskiptalegra forsendna svo sem magns, umfangs eða notkunarsviðs sem óskað er eftir.

2. Sé nýtt viðmiðunargildi þróað eftir 3. janúar 2017 tekur skyldan til að veita leyfi gildi eigi síðar en 30 mánuðum eftir að viðskipti hefjast með fjármálagerning sem þessu viðmiðunargildi er beitt í tengslum við eða hann er tekinn til viðskipta. Sé aðili sem á eignarrétt að nýju viðmiðunargildi eigandi eldra viðmiðunargildis skal hann sýna fram á að samanborið við slíkt eldra viðmiðunargildi uppfylli nýja viðmiðunargildið bæði eftirfarandi skilyrði:

a) nýja viðmiðunargildið sé ekki einvörðungu eftirmynd eða aðlöguð útgáfa af eldra viðmiðunargildinu og að aðferðafræði, þ.m.t. undirliggjandi gögn, nýja viðmiðunargildisins sé í þýðingarmiklum atriðum frábrugðin því sem á við um eldra viðmiðunargildið, og

b) nýja viðmiðunargildið komi ekki í stað slíks eldra viðmiðunargildis.

Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á beitingu samkeppnisreglna, einkum 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Enginn miðlægur mótaðili, viðskiptavettvangur eða tengdur aðili skal gera samning við neinn veitanda viðmiðunargildis sem hefði annaðhvort þau áhrif að:

a) koma í veg fyrir að annar miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur fengi aðgang að slíkum upplýsingum eða réttindum eins og um getur í 1. mgr., eða

b) koma í veg fyrir að annar miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur fengi aðgang að slíku leyfi, eins og um getur í 1. mgr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina

a) þær leyfisbundnu upplýsingar sem gera skal aðgengilegar skv. a-lið 1. mgr. eingöngu til nota fyrir miðlæga mótaðilann eða viðskiptavettvanginn,

b) önnur skilyrði sem aðgangur er veittur samkvæmt, þ.m.t. um trúnað veittra upplýsinga,

c) viðmið til leiðbeiningar um hvernig sanna má að um sé að ræða nýtt viðmiðunargildi í samræmi við a- og b-lið 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

38. gr.

Aðgangur fyrir miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanga í þriðju löndum

1. Viðskiptavettvangur sem hefur staðfestu í þriðja landi getur aðeins óskað eftir aðgangi að miðlægum mótaðila með staðfestu í Sambandinu ef framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun í samræmi við 4. mgr. 28. gr. um það þriðja land. Miðlægur mótaðili með staðfestu í þriðja landi getur óskað eftir aðgangi að viðskiptavettvangi í Sambandinu að því tilskildu að sá miðlægi mótaðili sé viðurkenndur skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, og skal miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með staðfestu í þriðja landi aðeins leyft að nýta aðgangsréttinn sem um getur í í 35.–36. gr. að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi tekið ákvörðun í samræmi við 3. mgr. þess efnis að laga- og eftirlitsrammi þriðja landsins teljist veita skilvirkt jafngilt kerfi til að veita miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með starfsleyfi samkvæmt erlendum reglum aðgang að miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með staðfestu í því þriðja landi.

2. Miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í þriðja landi geta aðeins óskað eftir leyfi og aðgangsrétti í samræmi við 37. gr. að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi tekið ákvörðun í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar þess efnis að laga- og eftirlitsrammi þess þriðja lands teljist vera skilvirkt jafngilt kerfi sem tryggir miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með starfsleyfi í erlendri lögsögu aðgang á sanngjörnum og eðlilegum grundvelli og án mismununar að:

a) viðkomandi verðupplýsinga- og gagnastreymi og upplýsingum um samsetningu, aðferðafræði og verðlagningu viðmiðunargilda til stöðustofnunar og viðskipta, og

b) leyfum

frá aðilum sem eiga eignarrétt að viðmiðunargildum og hafa staðfestu í því þriðja landi.

3. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 51. gr., tekið ákvarðanir þess efnis að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að viðskiptavettvangur með starfsleyfi í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og sem lúti skilvirku eftirliti og framfylgd í því þriðja landi.

Laga- og eftirlitsrammi þriðja lands telst jafngildur ef hann uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) viðskiptavettvangar í því þriðja landi séu starfsleyfisskyldir og lúti skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli,

b) hann feli í sér skilvirkt jafngilt kerfi til að veita miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með starfsleyfi samkvæmt erlendum reglum aðgang að miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með staðfestu í því þriðja landi,

c) laga- og eftirlitsrammi þess þriðja lands feli í sér skilvirkt jafngilt kerfi sem miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum með starfsleyfi í erlendri lögsögu er veittur aðgangur samkvæmt á sanngjörnum og eðlilegum grundvelli án mismununar að:

   i. viðkomandi verðupplýsinga- og gagnastreymi og upplýsingum um samsetningu, aðferðafræði og verðlagningu viðmiðunargilda til stöðustofnunar og viðskipta, og

   ii. leyfum

frá aðilum sem eiga eignarrétt að viðmiðunargildum og hafa staðfestu í því þriðja landi.

VII. HLUTI

EFTIRLITSRÁÐSTAFANIR VEGNA AFURÐAÍHLUTANA OG STAÐNA

1. KAFLI

Afurðaeftirlit og -íhlutanir

39. gr.

Markaðseftirlit

1. Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa eftirlit með markaðnum fyrir fjármálagerninga sem eru markaðssettir, þeim dreift eða þeir seldir í Sambandinu.

2. Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafa eftirlit með markaðinum fyrir samsettar innstæður sem eru markaðssettar, seldar eða þeim dreift í Sambandinu.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með markaðnum fyrir fjármálagerninga og samsettar innstæður sem eru markaðssettar, þeim dreift eða þær seldar í eða frá aðildarríki þeirra.

40. gr.

Heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til tímabundinna íhlutana

1. Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr., tímabundið bannað eða takmarkað í Sambandinu:

a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna fjármálagerninga, eða fjármálagerninga með tiltekna, tilgreinda eiginleika, eða

b) tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmd.

Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreinir.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðeins taka ákvörðun skv. 1. mgr. að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) fyrirhugaðri aðgerð sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða sé beint að ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu,

b) kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um viðkomandi fjármálagerninga eða -starfsemi taki ekki á ógninni,

c) lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni, eða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lagt á bann eða takmörkun skv. 1. mgr. í varúðarskyni áður en fjármálagerningur er markaðssettur, honum dreift eða hann seldur viðskiptavinum.

3. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal hún tryggja að aðgerðirnar:

a) hafi ekki skaðleg áhrif á skilvirkni fjármálamarkaða eða á fjárfesta sem eru óhófleg miðað við ávinning aðgerðanna,

b) valdi ekki hættu á eftirlitshögnun og

c) hafi verið ákveðnar að höfðu samráði við opinbera aðila sem bera ábyrgð á eftirliti, stjórnun og reglum sem taka til markaða með efnislegar búvörur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007, ef ráðstöfunin varðar landbúnaðarhrávöruafleiður.

Þegar lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa gripið til ráðstafana skv. 42. gr. getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gert allar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. án þess að gefa út álit eins og kveðið er á um í 43. gr.

4. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaðar aðgerðir sínar.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilkynningar um allar ákvarðanir um að grípa til aðgerða samkvæmt þessari grein. Slíkar tilkynningar skulu tilgreina upplýsingar um bannið eða takmörkunina og hvenær eftir birtingu tilkynningarinnar ráðstafanirnar öðlast gildi. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um aðgerðir sem gripið er til eftir að ráðstafanirnar öðlast gildi.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða bann eða takmörkun sem lögð er á skv. 1. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Bönn eða takmarkanir sem eru ekki endurnýjuð eftir það þriggja mánaða tímabil falla úr gildi.

7. Aðgerðir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur til samkvæmt þessari grein skulu ganga framar öllum fyrri aðgerðum sem lögbært yfirvald hefur gripið til.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. sem tilgreina viðmið og þætti sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ber að taka tillit til þegar hún ákvarðar hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu eins og um getur í a-lið 2. mgr.

Þessi viðmið og þættir skulu taka til:

a) þess hversu flókinn fjármálagerningur er með hliðsjón af tegund viðskiptavinar sem gerningurinn er seldur eða markaðssettur til,

b) stærðar eða hugsaðs verðmætis útgáfu fjármálagerninga,

c) þess hversu mikið nýnæmi felst í fjármálagerningi, starfsemi eða framkvæmd,

d) þeirrar vogunar sem fjármálagerningur eða framkvæmd felur í sér.

41. gr.

Heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til tímabundinna íhlutana

1. Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr., tímabundið bannað eða takmarkað í Sambandinu:

a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna samsettra innstæðna, eða samsettra innstæðna með tiltekna, tilgreinda eiginleika, eða

b) vissa tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd.

Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tilgreinir.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðeins taka ákvörðun skv. 1. mgr. að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) fyrirhugaðri aðgerð sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða sé beint að ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu,

b) kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um viðkomandi samsettar innstæður eða starfsemi taki ekki á ógninni,

c) lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni, eða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagt á bann eða takmörkun skv. 1. mgr. í varúðarskyni áður en samsett innstæða hefur verið markaðssett, henni dreift eða hún seld viðskiptavinum.

3. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal hún tryggja að aðgerðirnar:

a) hafi ekki skaðleg áhrif á skilvirkni fjármálamarkaða eða á fjárfesta sem eru óhófleg miðað við ávinning aðgerðanna, og

b) valdi ekki hættu á eftirlitshögnun.

Þegar lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa gripið til ráðstafana skv. 42. gr. getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gert allar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. án þess að gefa út álit eins og kveðið er á um í 43. gr.

4. Áður en Evrópska bankaeftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaðar aðgerðir sínar.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilkynningar um allar ákvarðanir um að grípa til aðgerða samkvæmt þessari grein. Slíkar tilkynningar skulu tilgreina upplýsingar um bannið eða takmörkunina og hvenær eftir birtingu tilkynningarinnar ráðstafanirnar öðlast gildi. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um aðgerðir sem gripið er til eftir að ráðstafanirnar öðlast gildi.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða bann eða takmörkun sem lögð er á skv. 1. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Bönn eða takmarkanir sem eru ekki endurnýjuð eftir það þriggja mánaða tímabil falla úr gildi..

7. Aðgerðir sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin grípur til samkvæmt þessari grein skulu ganga framar öllum fyrri aðgerðum sem lögbært yfirvald hefur gripið til.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. sem tilgreina viðmið og þætti sem Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ber að taka tillit til þegar hún ákvarðar hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða og við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu eins og um getur í a-lið 2. mgr.

Þessi viðmið og þættir skulu taka til:

a) þess hversu flóknar samsettar innstæður eru með hliðsjón af tegund viðskiptavinar sem þær eru seldar eða markaðssettar til,

b) stærðar eða hugsaðs verðmætis útgáfu samsettra innstæðna,

c) þess hversu mikið nýnæmi felst í samsettum innstæðum, starfsemi eða framkvæmd,

d) þeirrar vogunar sem samsett innstæða eða framkvæmd felur í sér.

42. gr.

Afurðaíhlutun af hálfu lögbærra yfirvalda

1. Lögbært yfirvald getur bannað eða takmarkað eftirfarandi í eða frá viðkomandi aðildarríki:

a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna fjármálagerninga eða samsettra innstæðna, eða fjármálagerninga eða samsettra innstæðna með tiltekna eiginleika, eða

b) vissa tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd.

2. Lögbært yfirvald getur gripið til þeirra aðgerða sem um getur í 1. mgr. ef það telur af gildum ástæðum:

a) annaðhvort

i. að fjármálagerningur, samsett innstæða eða starfsemi eða framkvæmd valdi verulegum áhyggjum sem varða fjárfestavernd eða ógni eðlilegri virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki, eða

ii. að afleiða hafi skaðleg áhrif á verðmyndunarkerfi hins undirliggjandi markaðar,

b) að gildandi kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem eiga við um fjármálagerninginn, samsettu innstæðuna eða starfsemina eða framkvæmdina taki ekki nægjanlega á þeirri áhættu sem um getur í a-lið og að ekki verði betur tekið á málinu með bættu eftirliti eða framfylgd gildandi krafna,

c) að aðgerðin sé hófleg með tilliti til eðlis greindrar áhættu, hæfni viðkomandi fjárfesta eða markaðsaðila og líklegra áhrifa aðgerðarinnar á fjárfesta og markaðsaðila sem kunna að eiga, nota eða hafa ávinning af fjármálagerningnum, samsettu innstæðunni, starfseminni eða framkvæmdinni,

d) að lögbæra yfirvaldið hafi haft tilhlýðilegt samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum sem aðgerðin getur haft veruleg áhrif á,

e) að aðgerðin mismuni ekki starfsemi eða þjónustu sem er veitt frá öðru aðildarríki og

f) að það hafi haft tilhlýðilegt samráð við opinbera aðila sem eru til þess bærir að sinna eftirliti, stjórnun og reglum sem taka til markaða með efnislegar búvörur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007, þegar fjármálagerningur, starfsemi eða framkvæmd stofnar eðlilegri virkni og heilbrigði markaðar með efnislegar búvörur í verulega hættu.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar getur lögbæra yfirvaldið lagt á bann eða takmörkun skv. 1. mgr. í varúðarskyni áður en markaðssetning, dreifing eða sala til viðskiptavina á fjármálagerningi eða samsettri innstæðu fer fram.

Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

3. Lögbæra yfirvaldið skal ekki leggja á bann eða takmörkun samkvæmt þessari grein nema það hafi, a.m.k. einum mánuði áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, greint öllum öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnuninni, skriflega eða með öðrum hætti sem yfirvöldin koma sér saman um, frá:

a) fjármálagerningnum, starfseminni eða framkvæmdinni sem fyrirhuguð aðgerð tengist,

b) eðli fyrirhugaðs banns eða takmörkunar í ítarlegum atriðum og hvenær slíku banni eða takmörkun er ætlað að taka gildi og

c) þeim gögnum sem það byggir ákvörðunina á og það álit sitt að öll skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt.

4. Í undantekningartilvikum þar sem lögbært yfirvald telur nauðsynlegt að grípa til brýnna aðgerða samkvæmt þessari grein til að koma í veg fyrir tjón af völdum fjármálagerninga, samsettra innstæðna, starfsemi eða framkvæmdar sem vísað er til í 1. mgr. getur lögbæra yfirvaldið gripið til aðgerða til bráðabirgða með minnst 24 klukkustunda skriflegum fyrirvara, áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, til handa öllum öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlits-stofnuninni eða, þegar um er að ræða samsettar innstæður, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, að því tilskildu að öll viðmið þessarar greinar séu uppfyllt og auk þess hafi verið sýnt fram á með skýrum hætti að eins mánaðar fyrirvari myndi koma í veg fyrir að tekið væri á viðkomandi vandamáli eða ógn á fullnægjandi hátt. Hið lögbæra yfirvald skal ekki grípa til aðgerða til bráðabirgða til lengri tíma en þriggja mánaða.

5. Hið lögbæra yfirvald skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um allar ákvarðanir um að leggja á bann eða takmörkun sem um getur í 1. mgr. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um bannið eða takmörkunina, hvenær ráðstafanirnar taka gildi eftir birtingu tilkynningarinnar og þau gögn sem það byggir það álit sitt á að öll skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda í tengslum við aðgerðir sem gripið er til eftir birtingu tilkynningarinnar.

6. Hið lögbæra yfirvald skal afnema bannið eða takmörkunina ef skilyrði 2. mgr. eiga ekki lengur við.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. sem tilgreina viðmið og þætti sem lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til þegar þau ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða við stöðugleika fjármálakerfisins í a.m.k. einu aðildarríki eins og um getur í a-lið 2. mgr.

Þessi viðmið og þættir skulu taka til:

a) þess hversu flóknir fjármálagerningar eða samsettar innstæður eru með hliðsjón af tegund viðskiptavinar sem þau er seld, þeim dreift eða þau markaðssett til,

b) þess hversu mikið nýnæmi felst í fjármálagerningi, samsettri innstæðu, starfsemi eða framkvæmd,

c) þeirrar vogunar sem fjármálagerningur, samsett innstæða eða framkvæmd felur í sér,

d) í tengslum við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða hrávörumarkaða, stærðar eða hugsaðs verðmætis útgáfu fjármálagerninga eða samsettra innstæðna.

43. gr.

Samræming af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða samsettar innstæður, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gegna því hlutverki að greiða fyrir og samræma aðgerðir sem lögbær yfirvöld grípa til skv. 42. gr. Einkum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða samsettar innstæður, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tryggja að aðgerðir sem lögbært yfirvald grípur til séu réttlætanlegar og hóflegar og, eftir því sem við á, tryggja samræmda nálgun lögbærra yfirvalda.

2. Að fenginni tilkynningu skv. 42. gr. um aðgerð sem gripið er til samkvæmt þeirri grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða samsettar innstæður, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin mynda sér álit á því hvort bannið eða takmörkunin sé réttlætanleg og hófleg. Telji Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða samsettar innstæður, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að nauðsynlegt sé að önnur lögbær yfirvöld grípi til aðgerðar til að bregðast við áhættunni skal hún taka það fram í áliti sínu. Álitið skal birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða, sé um að ræða samsettar innstæður, vefsetri Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

3. Hyggist lögbært yfirvald grípa til, eða grípur til, aðgerðar þvert á álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar skv. 2. mgr., eða synjar um að grípa til aðgerðar þrátt fyrir slíkt álit, skal það þegar í stað birta á vefsetri sínu tilkynningu sem gerir fulla grein fyrir ástæðum þessa.

2. KAFLI

Stöður

44. gr.

Samræming landsbundinna stöðustjórnunarráðstafana og stöðutakmarkana af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gegna því hlutverki að greiða fyrir og samræma ráðstafanir sem lögbær yfirvöld grípa til skv. o- og p-lið 2. mgr. 69. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Einkum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja samræmda nálgun lögbærra yfirvalda hvað varðar beitingu þessara valdheimilda, eðli og umfang slíkra ráðstafana og tímalengd og eftirfylgni allra ráðstafana.

2. Að fenginni tilkynningu um ráðstöfun skv. 5. mgr. 79. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skrá ráðstöfunina og rökstuðning fyrir henni. Að því er varðar ráðstafanir sem gripið er til skv. o- eða p-lið 2. mgr. 69. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal stofnunin viðhalda og birta á vefsetri sínu gagnasafn með samantektum á ráðstöfunum sem eru í gildi, þ.m.t. upplýsingar um hlutaðeigandi aðila, viðkomandi fjármálagerninga, allar takmarkanir á stærð staðna sem aðilunum er heimilt að eiga hverju sinni, allar undanþágur frá þeim sem veittar hafa verið í samræmi við 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og rökstuðning fyrir þeim.

45. gr.

Stöðustjórnunarvald Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að uppfylltum báðum skilyrðum 2. mgr., grípa til einnar eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

a) fara fram á allar viðeigandi upplýsingar frá hvaða aðila sem er um stærð og tilgang stöðu eða áhættuskuldbindingar sem stofnað er til gegnum afleiðu,

b) eftir að hafa greint þær upplýsingarnar sem fengnar eru í samræmi við a-lið, krefjast þess að slíkur aðili minnki stærð stöðunnar eða felli hana eða áhættuskuldbindinguna niður í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í b-lið 10. mgr.,

c) sem síðasta úrræði, takmarka möguleika aðila á að gera samninga um hrávöruafleiðu.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðeins taka ákvörðun skv. 1. mgr. að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) ráðstafanirnar sem taldar eru upp í 1. mgr. taki á ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða, þ.m.t. afleiðumarkaða með hrávörur í samræmi við þau markmið sem talin eru upp í 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og í tengslum við fyrirkomulag afhendingar á efnislegum hrávörum, eða taki á ógn við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins,

b) lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafi ekki gripið til ráðstafana til að taka á ógninni, eða ráðstafanirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti,

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal meta hvort skilyrðin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar séu uppfyllt í samræmi við þau viðmið og þætti sem kveðið er á um í framseldu gerðinni sem um getur í a-lið 10. mgr. þessarar greinar.

3. Þegar gripið er til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja að ráðstöfunin:

a) taki með marktækum hætti á ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða, þ.m.t. afleiðumarkaða með hrávörur í samræmi við markmiðin sem talin eru upp í 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, og í tengslum við fyrirkomulag afhendingar á efnislegum hrávörum, eða á ógn við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins, eða bæti verulega getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með ógninni eins og hún er metin í samræmi við þau viðmið og þætti sem kveðið er á um í framseldu gerðinni sem um getur í a-lið 10. mgr. þessarar greinar,

b) skapi ekki hættu á eftirlitshögnun eins og hún er metin í samræmi við c-lið 10. mgr. þessarar greinar,

c) hafi engin af eftirfarandi skaðlegum áhrifum á skilvirkni fjármálamarkaða sem eru óhófleg miðað við ávinning ráðstafananna: dragi úr seljanleika á þessum mörkuðum, takmarki aðstæður til að draga úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi ófjárhagslegs mótaðila eða skapi óvissu fyrir markaðsaðila

Áður en hún grípur til nokkurra ráðstafana í tengslum við heildsöluorkuafurðir skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa samráð við Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði sem sett var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 713/2009 Evrópuþingsins og ráðsins ([1]).

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa samráð við þá opinberu aðila sem eru bærir til að sinna eftirliti, stjórnun og reglum sem taka til markaða með efnislegar búvörur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007 áður en hún gerir ráðstafanir sem tengjast landbúnaðarhrávöruafleiðum.

4. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveður að gera eða endurnýja ráðstöfun sem um getur í 1. mgr. skal hún tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaða ráðstöfun. Sé um að ræða beiðni skv. a- eða b-lið 1. mgr. skal tilkynningin tilgreina deili á þeim aðila eða aðilum sem henni er beint til, auk þess sem hún skal hafa að geyma upplýsingar um og tilgreina ástæður beiðninnar. Sé um að ræða ráðstöfun skv. c-lið 1. mgr. skal tilkynningin hafa að geyma upplýsingar um viðkomandi aðila, viðkomandi fjármálagerninga, viðkomandi magnþætti svo sem hámarksstærð stöðu sem viðkomandi aðili getur stofnað til og rökstuðning fyrir ráðstöfuninni.

5. Tilkynninguna skal gefa út a.m.k. 24 klukkustundum áður en fyrirhugað er að ráðstöfunin taki gildi eða sé endurnýjuð. Við sérstakar aðstæður getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefið út tilkynninguna innan 24 klukkustunda áður en fyrirhugað er að ráðstöfunin taki gildi ef ekki er unnt að gefa 24 klukkustunda fyrirvara.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um allar ákvarðanir um að grípa til eða endurnýja ráðstafanir sem um getur í c-lið 1. mgr. Tilkynningin skal hafa að geyma upplýsingar um viðkomandi aðila, viðkomandi fjármálagerninga, viðeigandi magnþætti svo sem hámarksstærð stöðu sem viðkomandi aðili getur stofnað til og rökstuðning fyrir ráðstöfuninni.

7. Ráðstöfun sem um getur í c-lið 1. mgr. tekur gildi þegar tilkynningin er birt eða á tímapunkti eftir birtingu hennar sem er tilgreindur í tilkynningunni, og gildir ráðstöfunin aðeins um viðskipti sem gerð eru eftir að hún tekur gildi.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða ráðstafanir sínar sem um getur í c-lið 1. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Sé ráðstöfun ekki endurnýjuð eftir slíkt þriggja mánaða tímabil fellur hún sjálfkrafa úr gildi. Ákvæði 2.–8. mgr. gilda einnig um endurnýjun ráðstafana.

9. Ráðstöfun sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gerir samkvæmt þessari reglugerð skal ganga framar öllum fyrri ráðstöfunum sem lögbært yfirvald hefur gert samkvæmt o- eða p-lið 2. mgr. 69. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

10. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr. sem tilgreina viðmið og þætti til að ákvarða:

a) hvort um sé að ræða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða, þ.m.t. afleiðumarkaða með hrávörur í samræmi við markmiðin sem talin eru upp í 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og í tengslum við fyrirkomulag afhendingar á efnislegum hrávörum, eða ógn við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins eins og um getur í a-lið 2. mgr., að teknu tilliti til þess í hvaða mæli stöður eru notaðar til að verja stöður í efnislegum hrávörum eða hrávörusamningum og í hvaða mæli verð á undirliggjandi mörkuðum er ákveðið með tilvísun til verðs hrávöruafleiða,

b) viðeigandi minnkun á stöðu eða áhættu sem tekin er gegnum afleiðu sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar,

c) aðstæður þar sem hætta gæti skapast á eftirlitshögnun eins og um getur í b-lið 3. mgr. þessarar greinar.

Þessi viðmið og þættir skulu taka mið af þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem um getur í 3. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og skulu greina á milli aðstæðna þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur til aðgerða vegna þess að lögbært yfirvald hefur ekki aðhafst og aðstæðna þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur á viðbótaráhættu sem lögbæra yfirvaldið getur ekki tekið nægjanlega á skv. j- eða o-lið 2. mgr. 69. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (Stjtíð ESB L 211, 14.8.2009, bls. 1).

VIII. HLUTI

ÞJÓNUSTA OG STARFSEMI FYRIRTÆKJA Í ÞRIÐJA LANDI Í KJÖLFAR ÁKVÖRÐUNAR UM JAFNGILDI, MEÐ EÐA ÁN STOFNUNAR ÚTIBÚS

46. gr.

Almenn ákvæði

1. Fyrirtæki í þriðja landi getur veitt fjárfestingarþjónustu eða stundað fjárfestingarstarfsemi með eða án viðbótarþjónustu við viðurkennda gagnaðila og fagfjárfesta í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB sem eru með staðfestu hvar sem er í Sambandinu án þess að stofna útibú, ef það er skráð í skrá fyrirtækja í þriðju löndum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin heldur í samræmi við 47. gr.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðeins skrá fyrirtæki í þriðja landi sem hefur sótt um að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í gervöllu Sambandinu í samræmi við 1. mgr. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) framkvæmdastjórnin hafi tekið ákvörðun í samræmi við 1. mgr. 47. gr.,

b) fyrirtækið sé með starfsleyfi í lögsögunni þar sem höfuðstöðvar þess eru með staðfestu til að veita fjárfestingarþjónustuna eða stunda starfsemina sem fyrirhuguð er í Sambandinu og lúti skilvirku eftirliti og framfylgd sem tryggja að farið sé að fullu að gildandi kröfum í því þriðja landi,

c) komið hafi verið á samstarfsfyrirkomulagi skv. 2. mgr. 47. gr.

3. Sé fyrirtæki í þriðja landi skráð í samræmi við þessa grein skulu aðildarríki ekki leggja frekari kröfur á fyrirtækið að því er varðar atriði sem þessi reglugerð eða tilskipun 2014/65/ESB tekur til og skulu ekki veita fyrirtækjum í þriðju löndum hagstæðari meðferð en fyrirtækjum í Sambandinu.

4. Fyrirtækið í þriðja landi sem um getur í 1. mgr. skal senda umsókn sína til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar þegar framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun eins og um getur í 47. gr. þess efnis að laga- og eftirlitsrammi þriðja landsins þar sem fyrirtækið hefur starfsleyfi sé jafngildur þeim kröfum sem lýst er í 1. mgr. 47. gr.

Umsóknarfyrirtækið í þriðja landi skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar þess. Innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku umsóknarinnar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta hvort hún sé fullgerð. Sé umsóknin ekki fullgerð skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveða frest sem umsóknarfyrirtækið í þriðja landi hefur til að veita viðbótarupplýsingar.

Ákvörðunin um skráningu skal byggð á þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr.

Innan 180 daga frá framlagningu fullgerðrar umsóknar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin upplýsa umsóknarfyrirtækið í þriðja landi skriflega, með fullum rökstuðningi, um það hvort skráning hefur verið veitt eða um hana synjað.

Aðildarríki geta heimilað fyrirtækjum í þriðja landi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi ásamt viðbótarþjónustu við viðurkennda gagnaðila og fagfjárfesta í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB á yfirráðasvæðum sínum í samræmi við landsreglur liggi ekki fyrir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 47. gr. eða sé slík ákvörðun ekki lengur í gildi.

5. Fyrirtæki í þriðja landi sem veita þjónustu í samræmi við þessa grein skulu upplýsa viðskiptavini með staðfestu í Sambandinu, áður en nokkur fjárfestingarþjónusta er veitt, um að þeim sé óheimilt að veita þjónustu öðrum viðskiptavinum en viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, og að þau lúti ekki eftirliti í Sambandinu. Þau skulu tilgreina nafn og heimilisfang þess lögbæra yfirvalds sem hefur með höndum eftirlit í þriðja landinu.

Upplýsingarnar í fyrstu undirgrein skulu veittar skriflega og á áberandi hátt.

Aðildarríki skulu tryggja að ef viðurkenndur gagnaðili eða fagfjárfestir í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB sem er með staðfestu eða staðsettur í Sambandinu hefur að því forgöngu, einvörðungu að eigin frumkvæði, að fyrirtæki í þriðja landi veiti fjárfestingarþjónustu eða stundi fjárfestingarstarfsemi, þá gildi þessi grein ekki um veitingu þeirrar þjónustu eða þá starfsemi þess fyrirtækis til handa þeim aðila, þ.m.t. samband sem varðar sérstaklega veitingu þeirrar þjónustu eða þá starfsemi. Frumkvæði slíks viðskiptavinar skal ekki veita fyrirtækinu í þriðja landi rétt til að markaðssetja nýja flokka fjárfestingarafurða eða fjárfestingarþjónustu til handa þeim aðila.

6. Fyrirtæki í þriðja landi sem veita þjónustu eða stunda starfsemi í samræmi við þessa grein skulu, áður en þau veita nokkra þjónustu eða stunda nokkra starfsemi í tengslum við viðskiptavin með staðfestu í Sambandinu, bjóðast til að vísa hvers kyns ágreiningi sem tengist þeirri þjónustu eða starfsemi til lögsögu dómstóls eða gerðardóms í aðildarríki.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær upplýsingar sem umsóknarfyrirtæki í þriðja landi skal veita stofnuninni í umsókn sinni um skráningu í samræmi við 4. mgr. og snið þeirra upplýsinga sem ber að veita í samræmi við 5. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

47. gr.

Ákvörðun um jafngildi

1. Framkvæmdastjórnin getur tekið ákvörðun í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 51. gr. í tengslum við þriðja land þess efnis að laga- og eftirlitsrammi þess þriðja lands tryggi að fyrirtæki með starfsleyfi í því þriðja landi fari að lagalega bindandi varfærniskröfum og kröfum um viðskiptahætti sem hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, tilskipun 2013/36/ESB, tilskipun 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð og þessum tilskipunum, og að lagarammi þess þriðja lands feli í sér skilvirkt jafngilt kerfi til viðurkenningar á verðbréfafyrirtækjum með starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands.

Rammi þriðja lands um varfærniskröfur og viðskiptahætti getur talist hafa jafngild áhrif ef hann uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi í því þriðja landi séu starfsleyfisskyld og lúti skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli,

b) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi í því þriðja landi lúti fullnægjandi eiginfjárkröfum og viðeigandi kröfum sem gilda um hluthafa og stjórnarmenn,

c) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi lúti fullnægjandi skipulagskröfum á sviði innra eftirlits,

d) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi lúti viðeigandi viðskiptareglum,

e) hann tryggi gagnsæi og heilbrigði markaða með því að koma í veg fyrir markaðssvik í formi innherjaviðskipta og markaðsmisnotkunar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á samstarfsfyrirkomulagi við viðkomandi lögbær yfirvöld þriðju landa sem hafa laga- og eftirlitsramma sem hafa verið viðurkenndir sem jafngildir í raun í samræmi við 1. mgr. Þess háttar fyrirkomulag skal að lágmarki tilgreina:

a) kerfi til upplýsingaskipta milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi þriðju landa, þ.m.t. aðgang að öllum upplýsingum um fyrirtæki utan Sambandsins með starfsleyfi í þriðju löndum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fer fram á,

b) kerfi fyrir tafarlausar tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ef lögbært yfirvald í þriðja landi telur að fyrirtæki í þriðja landi sem það hefur eftirlit með og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur skráð í skrána sem getið er um í 48. gr. brjóti í bága við skilyrði starfsleyfis síns eða önnur lög sem því ber að hlíta,

c) verklag við samræmingu á eftirlitsstarfsemi, þ.m.t., eftir því sem við á, vettvangsskoðanir.

3. Fyrirtæki í þriðja landi með staðfestu í landi með laga- og eftirlitsramma sem hefur verið viðurkenndur sem jafngildur í raun í samræmi við 1. mgr. sem hefur starfsleyfi í samræmi við 39. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal geta veitt þá þjónustu og stundað þá starfsemi sem leyfið gildir um til handa viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB í öðrum aðildarríkjum Sambandsins án þess að stofna ný útibú. Í þeim tilgangi skal fyrirtækið fara að upplýsingakröfum um veitingu þjónustu og starfsemi yfir landamæri sem kveðið er á um í 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Útibúið skal lúta eftirliti aðildarríkisins þar sem það hefur staðfestu í samræmi við 39. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Með fyrirvara um skyldu til samstarfs sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB getur lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem útibúið hefur staðfestu og lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins þó komið á viðeigandi samstarfssamningum til að tryggja að útibú fyrirtækisins í þriðja landi sem veitir fjárfestingarþjónustu innan Sambandsins veiti viðeigandi stig fjárfestaverndar.

4. Fyrirtæki í þriðja landi getur ekki lengur nýtt réttindin skv. 1. mgr. 46. gr. ef framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 51. gr. og dregur til baka ákvörðun sína skv. 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar það þriðja land.

48. gr.

Skrá

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda skrá yfir fyrirtæki í þriðju löndum sem er heimilt að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu í samræmi við 46. gr. Skráin skal vera aðgengileg almenningi á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, hafa að geyma upplýsingar um þá þjónustu og starfsemi sem viðkomandi fyrirtækjum í þriðju löndum er heimilt að veita eða stunda og tilgreina lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti með þeirri þjónustu og starfsemi í þriðja landinu.

49. gr.

Afturköllun skráningar

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal afturkalla skráningu fyrirtækis í þriðja landi í skránni sem stofnuð er í samræmi við 48. gr. ef:

a) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur rökstuddar ástæður á grundvelli skriflegra sönnunargagna til að ætla að fyrirtækið í þriðja landi veiti fjárfestingarþjónustu eða stundi fjárfestingarstarfsemi með hætti sem skaðar augljóslega hagsmuni fjárfesta eða eðlilega virkni markaða eða

b) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur rökstuddar ástæður á grundvelli skriflegra sönnunargagna til að ætla að fyrirtækið í þriðja landi hafi veitt fjárfestingarþjónustu eða stundað fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu með hætti sem felur í sér alvarlegt brot gegn ákvæðum sem um það gilda í því þriðja landi og liggja til grundvallar ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur tekið í samræmi við 1. mgr.47. gr.,

c) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur vísað málinu til lögbærs yfirvalds í þriðja landinu og það lögbæra yfirvald hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir sem þörf er á til að vernda fjárfesta og eðlilega virkni markaða í Sambandinu, eða hefur ekki sýnt fram á að viðkomandi fyrirtæki í þriðja landi fari að kröfum sem gilda um það í þriðja landinu, og

d) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur upplýst lögbæra yfirvaldið í þriðja landinu um þá fyrirætlan sína að afturkalla skráningu fyrirtækisins í þriðja landinu a.m.k. 30 dögum fyrir afturköllunina.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um hverja þá ráðstöfun sem er gerð í samræmi við 1. mgr. og birta ákvörðun sína á vefsetri sínu.

3. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort þær aðstæður sem eru grundvöllur ákvörðunar sem tekin hefur verið í samræmi við 1. mgr. 47. gr. haldi áfram að vera fyrir hendi að því er varðar viðkomandi þriðja land.

IX. HLUTI

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

1. KAFLI

Framseldar gerðir

50. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 1. gr. (9. mgr.), 2. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.), 17. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. og 3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 40. gr. (8. mgr.), 41. gr. (8. mgr.), 42. gr. (7. mgr.), 45. gr. (10. mgr.) og 52. gr. (10. og 12. mgr.) skal veitt til óákveðins tíma frá og með 2. júlí 2014.

3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 1. gr. (9. mgr.), 2. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.), 17. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. og 3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 40. gr. (8. mgr.), 41. gr. (8. mgr.), 42. gr. (7. mgr.), 45. gr. (10. mgr.) og 52. gr. (10. og 12. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1. gr. (9. mgr.), 2. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.), 17. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. og 3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 40. gr. (8. mgr.), 41. gr. (8. mgr.), 42. gr. (7. mgr.), 45. gr. (10. mgr.) og 52. gr. (10. eða 12. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. KAFLI

Framkvæmdargerðir

51. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB ([1]). Nefnd sú skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

X. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

52. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Eigi síðar en 3. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um raunáhrif gagnsæisskyldna sem stofnað er til skv. 3.–13. gr., einkum um áhrif kerfisins um hámarksmagn sem lýst er í 5. gr., þ.m.t. um viðskiptakostnað viðurkenndra gagnaðila og fagfjárfesta og um viðskipti með hlutabréf fyrirtækja með lítið eða miðlungi mikið markaðsvirði, og skilvirkni stofnunarinnar við að tryggja að beiting viðkomandi undanþága skaði ekki verðmyndun og hvernig viðeigandi kerfi til álagningar viðurlaga við brotum í tengslum við hámarksmagn gæti virkað, og um beitingu undanþága frá skyldum um gagnsæi áður en viðskipti fara fram sem komið er á skv. 2. mgr. og 3. mgr. 4 gr. og 2 –5. mgr. 9. gr. og hvort þær undanþágur haldi áfram að eiga við.

2. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal taka til áhrifa á evrópska hlutabréfamarkaði vegna beitingar undanþága skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. og i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. og kerfisins um hámarksmagn skv. 5. gr., einkum með hliðsjón af:

a) magni og leitni viðskipta með ógagnsæjum tilboðaskrám innan Sambandsins frá því að þessi reglugerð er innleidd,

b) áhrifum á gagnsætt verðbil kaup- og sölutilboða áður en viðskipti fara fram,

c) áhrifum á seljanleikadýpt gagnsærra tilboðaskráa,

d) áhrifum á samkeppni og fjárfesta í Sambandinu,

e) áhrifum á viðskipti með hlutabréf fyrirtækja með lítið eða miðlungi mikið markaðsvirði,

f) þróun á alþjóðavettvangi og viðræðum við þriðju lönd og alþjóðastofnanir.

3. Sé niðurstaða skýrslunnar sú að beiting undanþágu skv. i. lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 4. gr. skaði verðmyndun eða viðskipti með hlutabréf fyrirtækja með lítið eða miðlungi mikið markaðsvirði skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, gera tillögur, þ.m.t. að breytingum á þessari reglugerð, að því er varðar beitingu á þessum undanþágum. Slíkar tillögur skulu fela í sér mat á áhrifum fyrirhugaðra breytinga og taka mið af markmiðum þessarar reglugerðar og áhrifum í formi markaðsröskunar og á samkeppni, auk hugsanlegra áhrifa á fjárfesta í Sambandinu.

4. Eigi síðar en 3. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd 26. gr., þ.m.t. um hvort efni og snið viðskiptaskýrslna sem lögbær yfirvöld fá í hendur og skiptast á gera þeim fullkleift að hafa eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja í samræmi við 1. mgr. 26. gr. Framkvæmdastjórnin getur lagt fram viðeigandi tillögur, þ.m.t. um að viðskipti skuli tilkynnt í kerfi sem Evrópska

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45).

verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreinir en ekki til lögbærra yfirvalda, sem gerir viðkomandi lögbærum yfirvöldum kleift að nálgast allar upplýsingar sem tilkynntar eru samkvæmt þessari grein í tengslum við þessa reglugerð og tilskipun 2014/65/ESB og að verða áskynja um innherjaviðskipti og markaðssvik í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

5. Eigi síðar en 3. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um viðeigandi lausnir til að draga úr ójöfnu upplýsingaaðgengi markaðsaðila og um tæki fyrir eftirlitsaðila til að hafa betra eftirlit með tilboðum á viðskiptavettvöngum. Í skýrslunni skal a.m.k. meta hagkvæmni þess að þróa evrópskt kerfi um hagstæðustu kaup- og sölutilboð (e. *European Best Bid and Offer System* (EBBO)) fyrir sameinuð verðtilboð (e. *consolidated quotes*) til að ná fram þessum markmiðum..

6. Eigi síðar en 3. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um árangurinn sem náðst hefur við að færa viðskipti með staðlaðar OTC-afleiður í kauphallir eða á rafræna viðskiptavettvanga skv. 25. og 28. gr.

7. Eigi síðar en 3. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um verðþróun vegna for- og eftirviðskiptaupplýsinga í þágu gagnsæis frá skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum, viðurkenndum birtingarþjónustum og þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.

8. Eigi síðar en 3. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um endurskoðun á ákvæðum um rekstrarsamhæfi í 36. gr. þessarar reglugerðar og 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

9. Eigi síðar en 3. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu 35. gr. og 36. gr. þessarar reglugerðar og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Eigi síðar en 3. júlí 2021 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu 37. gr.

10. Eigi síðar en 3. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um áhrif 35. og 36. gr. þessarar reglugerðar á miðlæga mótaðila sem hafa nýlega verið stofnaðir og fengið starfsleyfi eins og um getur í 5. mgr. 35. gr. og viðskiptavettvanga í náum tengslum við þessa miðlægu mótaðila, og um hvort umbreytingarfyrirkomulagið sem kveðið er á um í 5. mgr. 35. gr. skuli framlengt, að vegnum hugsanlegum ávinningi fyrir neytendur vegna bættrar samkeppni og valmöguleika sem bjóðast markaðsaðilum á móti hugsanlegum óhóflegum áhrifum þessara ákvæða á miðlæga mótaðila sem hafa nýlega verið stofnaðir og fengið starfsleyfi, hömlum á aðgengi staðbundinna markaðsaðila að alþjóðlegum miðlægum mótaðilum og áhrifum á snurðulausa virkni markaðarins.

Með fyrirvara um niðurstöður þeirrar skýrslu getur framkvæmdastjórnin samþykkt framselda gerð í samræmi við 50. gr. til að framlengja umbreytingartímabilið í samræmi við 5. mgr. 35. gr. um að hámarki 30 mánuði.

11. Eigi síðar en 3. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um það hvort mörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 36. gr. séu enn viðeigandi og hvort undanþágukerfið í tengslum við afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi eigi að vera áfram tiltækt.

12. Eigi síðar en 3. júlí 2016 skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli áhættumats sem unnið er af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samráði við Evrópska kerfisáhætturáðið, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem felur í sér mat á þörfinni á að undanskilja tímabundið afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi frá gildissviði 35. og 36. gr. Í þeirri skýrslu skal tekið tillit til áhættu sem kann að stafa af ákvæðum um opinn aðgang að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi fyrir almennan stöðugleika og eðlilega virkni fjármálamarkaða í öllu Sambandinu.

Með fyrirvara um niðurstöður þeirrar skýrslu getur framkvæmdastjórnin samþykkt framselda gerð í samræmi við 50. gr. til að undanskilja afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi frá gildissviði 35. og 36. gr. í allt að 30 mánuði frá 3. janúar 2017.

53. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 648/2012

Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, þegar hún semur drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum samkvæmt þessari málsgrein, ekki hafa áhrif á umbreytingarákvæðið sem varðar orkuafleiðusamninga sem tilgreindir eru í 6. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB eins og mælt er fyrir um í 95. gr. sömu tilskipunar (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).“

2) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Miðlægur mótaðili sem hefur fengið leyfi til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga skal samþykkja að stöðustofna slíka samninga án mismununar og á gagnsæjan hátt, þ.m.t. að því er varðar kröfur um tryggingar og þóknanir í tengslum við aðgang, án tillits til viðskiptavettvangsins. Þetta skal einkum tryggja að viðskiptavettvangur eigi rétt á meðferð án mismununar með tilliti til þess hvernig farið er með samninga sem viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi að því er varðar:

a) kröfur um tryggingar og skuldajöfnun á samningum sem eru jafngildir efnahagslega ef innsetning slíkra samninga í skuldajöfnun til uppgjörs og í aðrar jöfnunaraðgerðir miðlæga mótaðilans á grundvelli viðkomandi gjaldþrotalaga myndi ekki ógna snurðulausri og eðlilegri virkni, gildi eða framfylgd slíkra aðgerða og

b) samnýtt tryggingarþekja með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðilinn stöðustofnar samkvæmt áhættulíkani sem er í samræmi við 41. gr.

Miðlægur mótaðili getur krafist þess að viðskiptavettvangur uppfylli rekstrar- og tæknikröfur sem miðlægi mótaðilinn gerir, þ.m.t. kröfur um áhættustýringu.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. að því er varðar meðferð án mismununar með tilliti til þess hvernig farið er með samninga sem viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi að því er varðar kröfur um tryggingar og skuldajöfnun samninga sem eru jafngildir efnahagslega og samnýtta tryggingarþekju með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðilinn stöðustofnar skulu tilgreind nánar í þeim tæknistöðlum sem samþykktir eru skv. e-lið 6. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 (*).“

3) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. 81. gr.:

„Afleiðuviðskiptaskrá skal senda lögbærum yfirvöldum gögn í samræmi við kröfur 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).“

54. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Fyrirtæki í þriðju löndum skulu geta haldið áfram að veita þjónustu og stunda starfsemi í aðildarríkjum í samræmi við landsreglur þar til þremur árum eftir að framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um viðkomandi þriðja land í samræmi við 47. gr.

2. Meti framkvæmdastjórnin það svo að ekki sé þörf á að undanskilja afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi frá gildissviði 35. og 36. gr. í samræmi við 12. mgr. 52. gr. getur miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur, áður en þessi reglugerð tekur gildi, sótt um leyfi til lögbærs yfirvalds síns um að nýta sér umbreytingarfyrirkomulagið. Hið lögbæra yfirvald getur ákveðið, að teknu tilliti til áhættu sem stafar af beitingu aðgangsréttar skv. 35. eða 36. gr. að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi fyrir eðlilega virkni viðkomandi miðlægs mótaðila eða viðskiptavettvangs, að 35. eða 36. gr. gildi ekki um viðkomandi miðlægan mótaðila eða viðskiptavettvang að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, á umbreytingartímabili fram til 3. júlí 2019. Sé slíkt umbreytingartímabil samþykkt getur miðlægi mótaðilinn eða viðskiptavettvangurinn ekki nýtt sér aðgangsréttinn skv. 35. gr. eða 36. gr. að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi meðan á því umbreytingartímabili stendur. Hið lögbæra yfirvald skal gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og, sé um að ræða miðlægan mótaðila, fagráði lögbærra yfirvalda fyrir þann miðlægan mótaðila viðvart þegar umbreytingartímabil er samþykkt.

Ef miðlægur mótaðili sem hefur verið samþykktur fyrir umbreytingarfyrirkomulag er í nánum tengslum við einn eða fleiri viðskiptavettvanga skulu þeir viðskiptavettvangar ekki njóta aðgangsréttar skv. 35. eða 36. gr. að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi á meðan það umbreytingarfyrirkomulag varir.

Ef viðskiptavettvangur sem hefur verið samþykktur fyrir umbreytingarfyrirkomulag er í nánum tengslum við einn eða fleiri miðlæga mótaðila skulu þeir miðlægu mótaðilar ekki njóta aðgangsréttar skv. 35. eða 36. gr. að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi á meðan það umbreytingarfyrirkomulag varir.

55. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi gildir frá 3. janúar 2017.

Þrátt fyrir aðra málsgrein skulu 1. gr. (8. og 9. mgr.), 2. gr. (2. mgr.), 5. gr. (6. og 9. mgr.), 7. gr. (2. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (7. mgr.), 15. gr. (5. mgr.), 17. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. og 3. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 21. gr. (5. mgr.), 22. gr. (4. mgr.), 23. gr. (3. mgr.), 25. gr. (3. mgr.), 26. gr. (9. mgr.), 27. gr. (3. mgr.), 28. gr. (4. mgr.), 28. gr. 5. mgr.), 29. gr. (3. mgr.), 30. gr. (2. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 32. gr. (1., 5. og 6. mgr.), 33. gr. (2. mgr.), 35. gr. (6. mgr.), 36. gr. (6. mgr.), 37. gr. (4. mgr.), 38. gr. (3. mgr.), 40 .gr. (8. mgr.)., 41. gr. (8. mgr.), 42. gr. (7. mgr.), 45. gr. (10. mgr.), 46. gr. (7. mgr.), 47. gr. (1. og 4 mgr.), 52. gr. (10. og 12. mgr.) og 54. gr. (1. mgr.) koma til framkvæmdar tafarlaust eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

Þrátt fyrir aðra málsgrein skulu ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 37. gr. gilda frá 3. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/1033 **2020/EES/20/02**

frá 23. júní 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga, reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik og reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/65/ESB ([5]) (saman „hinn nýi lagarammi“) eru mikilvægar lagagerðir sem samþykktar voru í kjölfar fjármálakreppunnar að því er varðar verðbréfamarkaði, fjárfestingarmiðlara og viðskiptavettvanga. Nýi lagaramminn styrkir og kemur í stað tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([6]).

2) Nýi lagaramminn gildir um kröfurnar sem eiga við um verðbréfafyrirtæki, skipulega markaði, veitendur gagnaskýrsluþjónustu og fyrirtæki í þriðju löndum sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu. Hann samhæfir reglurnar um stöðumörk fyrir hrávöruafleiður til að auka gagnsæi, í því skyni að styðja rétta verðmyndun og til að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 30.6.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 1.

([1]) Álit frá 29. apríl 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Álit frá 26. maí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 7. júní 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 17. júní 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

koma í veg fyrir markaðssvik. Hann innleiðir einnig reglur um hátíðnialgrímsviðskipti og bætir eftirlit með fjármálamörkuðum með því að samhæfa stjórnsýsluviðurlög. Auk þess að byggja á gildandi reglum styrkir nýi lagaramminn vernd fjárfesta með innleiðingu traustra krafna hvað varðar skipulag og háttsemi. Nýju reglurnar eiga að gilda frá 3. janúar 2017.

3) Samkvæmt nýja lagarammanum er þess krafist að viðskiptavettvangar og innmiðlarar veiti lögbærum yfirvöldum tilvísunargögn um fjármálagerninga sem lýsa með samræmdum hætti einkennum sérhvers fjármálagernings sem fellur undir tilskipun 2014/65/ESB. Þessi gögn eru einnig notuð í öðrum tilgangi, t.d. við útreikning á viðmiðunarmörkum fyrir gagnsæi og greiðsluhæfi, sem og við skýrslugjöf um stöður í hrávöruafleiðum.

4) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin er að þróa nýtt grunnvirki gagnasöfnunar, tilvísunargagnakerfi fyrir fjármálagerninga (e. *Financial Instruments Reference Data System* (FIRDS)), til að afla gagna á skilvirkan og samræmdan hátt, í samvinnu við lögbær landsyfirvöld. Tilvísunargagnakerfi fyrir fjármálagerninga mun ná yfir vítt svið fjármálagerninga sem falla innan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og tengja upplýsingastreymi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, lögbærra landsyfirvalda og viðskiptavettvanga innan Sambandsins. Byggja verður frá grunni mikinn meirihluta nýju upplýsingatæknikerfanna, sem liggja tilvísunargagnakerfum fyrir fjármálagerninga til grundvallar, byggt á nýjum mæliþáttum.

5) Að teknu tilliti til þess hve flókinn nýi lagaramminn er, og þarfarinnar á miklum fjölda framseldra gerða og framkvæmdargerða, var dagsetningunni, þegar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda, frestað um 30 mánuði, frá gildistökudegi. Þrátt fyrir þetta óvenjulanga tímabil eru hagsmunaaðilar á borð við viðskiptavettvanga, lögbær landsyfirvöld og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina ekki í stöðu til að tryggja að nauðsynlegar grunngerðir gagnasöfnunar verði til staðar og hafi tekið gildi fyrir 3. janúar 2017. Ástæða þessa er að gögnin, sem þarf að safna og vinna til að nýi lagaramminn geti tekið gildi, eru umfangsmikil og flókin, einkum fyrir skýrslugjöf um viðskipti, gagnsæisútreikninga og skýrslugjöf um stöður í hrávöruafleiðum.

6) Ef nauðsynlegar grunngerðir gagnasöfnunar eru ekki fyrir hendi hefði það áhrif á allt gildissvið nýja lagarammans Án gagna væri ekki mögulegt að koma á nákvæmri aðgreiningu fjármálagerninga sem eru innan gildissviðs nýja lagarammans. Þá væri ekki hægt aðlaga gagnsæisreglurnar um viðskipti áður en þau fara fram og viðskipti eftir að þau fara fram, til að ákvarða hvaða gerningar eru óbundnir og hvenær veita ætti undanþágur eða heimila frestun birtingar.

7) Ef nauðsynlegar grunngerðir gagnasöfnunar eru ekki fyrir hendi gætu viðskiptavettvangar og verðbréfafyrirtæki ekki greint lögbærum yfirvöldum frá viðskiptum sem hafa farið fram. Ef skýrslugjöf um stöður í hrávöruafleiðum á sér ekki stað væri erfitt að framfylgja stöðutakmörkunum á þessar hrávöruafleiður. Ef engin skýrslugjöf um stöður á sér stað væri takmarkaður raunverulegur möguleiki á að átta sig á brotum á stöðumörkunum. Margar krafnanna í tengslum við algrímsviðskipti eru einnig háðar gögnum.

8) Ef nauðsynlegar grunngerðir gagnasöfnunar vantar myndi það einnig gera verðbréfafyrirtækjum erfitt um vik að beita bestu framkvæmdarreglum. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar gætu ekki birt gögn um gæði framkvæmdar viðskipta á þessum vettvöngum. Verðbréfafyrirtæki hefðu ekki aðgang að mikilvægum framkvæmdargögnum sem auðvelduðu þeim að komast að niðurstöðu um hvernig best væri að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.

9) Til að tryggja réttarvissu og komast hjá hugsanlegri markaðsröskun er nauðsynlegt og rétt að grípa sem fyrst til aðgerða til að fresta gildistöku nýja lagarammans í heild, þ.m.t. öllum framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar hafa verið á grundvelli hans.

10) Framkvæmdarferlið fyrir grunngerðir gagnasöfnunar tekur til fimm áfanga: viðskiptalegra krafna, nákvæmra skilgreininga, þróunar, prófana og útfærslu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin reiknar með að þessum áföngum verði lokið eigi síðar en í janúar 2018, að því tilskildu að réttarvissa um endanlegar kröfur samkvæmt viðeigandi tæknilegum eftirlitsstöðlum sé tryggð fyrir júní 2016.

11) Í ljósi hinna sérstöku aðstæðna og til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, lögbærum landsyfirvöldum og hagsmunaaðilum kleift að ljúka hinni verklegu framkvæmd þykir rétt að fresta deginum þegar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda um tólf mánuði, til 3. janúar 2018. Fresta ætti skýrslugerðum og endurskoðunum til samræmis.

12) Verðbréfafyrirtæki framkvæma oft, fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina, viðskipti með afleiður og aðra fjármálagerninga eða eignir sem samanstanda af nokkrum tengdum, skilyrtum viðskiptum. Slík pakkaviðskipti gera verðbréfafyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra kleift að hafa betri stjórn á áhættu sem þessir aðilar taka, þar sem verð hvers þáttar í pakkaviðskiptunum endurspeglar frekar heildaráhættusnið pakkans en gildandi markaðsverð hvers þáttar. Pakkaviðskipti geta tekið á sig ýmsar myndir, t.d. skipti á samningum fyrir efnislegar afurðir (e. *exchange for physicals*), viðskiptastefnu sem framkvæmd er á viðskiptavettvöngum eða sérsniðin pakkaviðskipti, og er mikilvægt að tillit til þessara sérstöku eiginleika sé tekið við kvörðun á viðeigandi gagnsæisreglum. Því er viðeigandi að tilgreina, að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 600/2014, hverjar þær tilteknu aðstæður eru þar sem kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti ættu hvorki að gilda að því er varðar fyrirmæli sem varða slík pakkaviðskipti né um neinn einstakan þátt slíkra fyrirmæla.

13) Skilvirkt og viðeigandi væri að fela Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina, þar sem stofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri sérþekkingu, að því er varðar aðferð til að ákveða pakkapantanir á virkum markaði. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

14) Talið er að fjármögnunarviðskipti með verðbréf, eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ([2]), stuðli ekki að verðmyndunarferlinu og að viðeigandi væri að II. og III. bálkur reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 gildi ekki að því er varðar þessi viðskipti.

15) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([3]) eru settar fram kröfur að því er varðar söfnun tilvísunargagna fyrir fjármálagerninga. Gögn sem safnað er í krafti tilvísunargagnakerfa fyrir fjármálagerninga eru notuð til að ákvarða fjármálagerninga sem eru innan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 596/2014. Reglugerð (ESB) nr. 596/2014 gildir frá 3. júlí 2016. Tilvísunargagnakerfi fyrir fjármálagerninga verður þó ekki að fullu starfhæft fyrr en í janúar 2018. Því er rétt að fresta deginum þegar 2. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 koma til framkvæmda þar til 3. janúar 2018.

16) Reglugerð (ESB) nr. 596/2014 inniheldur tilvísun í daginn þegar nýi lagaramminn kemur til framkvæmda. Til að tryggja að tilvísanir í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 í skipulega viðskiptavettvanga, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtæki (SME), losunarheimildir eða uppboðsafleiður á grundvelli þeirra gildi ekki fyrr en daginn þegar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda, sem og tilskipun 2014/65/ESB, 4. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, þar sem því er lýst yfir að tilvísanir í þær skuli lesnar sem tilvísanir í tilskipun 2004/39/EB ættu að vera leiðréttar með því að taka tillit til framlengingar dagsins þegar þessar gerðir koma til framkvæmda.

17) Uppgjör í verðbréfaviðskiptum er nátengt viðskiptum með verðbréf. Sem slík inniheldur reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ([4]) tilvísanir í daginn þegar nýi lagaramminn kemur til framkvæmda. Fyrir þann dag ætti að lesa tilvísanir í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og tilskipun 2014/65/ESB sem tilvísanir í tilskipun 2004/39/EB. Að auki skapar reglugerð (ESB) nr. 909/2014 umbreytingarfyrirkomulag til að beita reglunum um meiri aga í uppgjöri á markaðstorg fjármálagerninga (MTF) sem sækja um skráningu sem vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB.

18) Til að tryggja að vísað sé í tilskipun 2004/39/EB í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 fram til hins framlengda dags þegar nýi lagaramminn kemur til framkvæmda, og að viðhaldið sé umbreytingarákvæðum fyrir markaðstorg fjármálagerninga sem sækja um skráningu sem vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, til að veita markaðstorgum fjármálagerninga nægan tíma til að sækja um slíka skráningu samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

19) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 596/2014 og (ESB) nr. 909/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5a. Ákvæði II. og III. bálks gilda ekki um fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og þau eru skilgreind í 11. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2013, bls. 1).“

2) Eftirfarandi liðir bætast við 1. mgr. 2. gr.:

„48) „skipti á samningi fyrir efnislegar afurðir“: viðskipti með afleiðusamning eða annan skilyrtan fjármálagerning þar sem jafngildi í magni undirliggjandi eignar er háð notkun samtímis,

49) „pakkafyrirmæli“: fyrirmæli sem eru verðlögð sem ein eining:

a) í þeim tilgangi að framkvæma samninga um skipti á efnislegum afurðum eða

b) í tveimur eða fleiri fjármálagerningum, í þeim tilgangi að framkvæma samning um skipti á efnislegum afurðum,

50) c) „pakkaviðskipti“:

a) samningur um skipti á efnislegum afurðum eða

b) viðskipti sem ná yfir framkvæmd tveggja eða fleiri þátta viðskipta í fjármálagerningum og sem uppfylla öll eftirfarandi viðmið:

i. viðskiptin fara fram milli tveggja eða fleiri mótaðila,

ii. hver þáttur viðskiptanna hefur í för með sér þýðingarmikla efnahagslega eða fjárhagslega áhættu í tengslum við alla hina þættina,

iii. framkvæmd hvers þáttar gerist samtímis og er háð framkvæmd allra hinna þáttanna.“

3) Í 7. mgr. 4. gr. kemur dagsetningin „3. janúar 2018“ í staðinn fyrir dagsetninguna „3. janúar 2017“ og dagsetningin „3. janúar 2020“ kemur í staðinn fyrir dagsetninguna „3. janúar 2019“.

4) Í stað „3. janúar 2016“ í 8. mgr. 5. gr. kemur dagsetningin „3. janúar 2017“.

5) Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„Markaðsaðilar og verðbréfafyrirtæki sem reka viðskiptavettvang skulu birta gildandi kauptilboðs- og útboðsverð og hversu mikill viðskiptaáreiðanleiki búi að bak verðsins sem er auglýst gegnum markaðskerfi þeirra að því er varðar hlutabréf sem viðskipti eru leyfð með, sem og samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir, afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum og pakkafyrirmæli.“

6) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætast við 1. mgr.:

„d) fyrirmæli í þeim tilgangi að framkvæma samninga um skipti á efnislegum afurðum,

e) pakkafyrirmæli sem uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

i. að minnsta kosti einn þáttur þeirra er fjármálagerningur sem ekki er virkur markaður fyrir, nema til sé virkur markaður fyrir pakkafyrirmælin í heild,

ii. að minnsta kosti einn þáttur þeirra er stór í samanburði við eðlilega markaðsstærð nema til sé virkur markaður fyrir pakkafyrirmælin í heild,

iii. allir þættir þeirra eru framkvæmdir samkvæmt tilboðskerfi eða radddrifnu kerfi og eru stærri en tilgreint er fyrir gerninginn.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Lögbær yfirvöld skulu geta fellt niður skuldbindinguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. fyrir hvern einstakan þátt pakkafyrirmælanna.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Til að tryggja samræmda beitingu i. og ii. liðar e-liðar 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að koma á aðferðafræði til að ákvarða pakkafyrirmæli sem virkur markaður er fyrir. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þróar þessa aðferðafræði til að ákvarða hvort virkur markaður fyrir pakkafyrirmæli í heild sé fyrir hendi skal stofnunin meta hvort pakkarnir séu staðlaðir og hvort viðskipti með þá séu tíð.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. febrúar 2017.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

7) Í 18. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„11. Að því er varðar pakkafyrirmæli og með fyrirvara um 2. mgr. skulu skyldurnar samkvæmt þessari grein aðeins gilda um pakkafyrirmæli í heild en ekki um neinn þátt pakkafyrirmælanna sérstaklega.“

8) Í stað „3. janúar 2019“ í 1. mgr. 19. gr. kemur dagsetningin „3. janúar 2020“.

9) Í stað „3. janúar 2019“ í 10. mgr. 26. gr. kemur dagsetningin „3. janúar 2020“.

10) Í 5. mgr. 35. gr. kemur dagsetningin „3. janúar 2018“ í staðinn fyrir „3. janúar 2017“ og dagsetningin „3. júlí 2020“ kemur í staðinn fyrir dagsetninguna „3. júlí 2019“.

11) Í stað „3. janúar 2017“ í 2. mgr. 37. gr. kemur dagsetningin „3. janúar 2018“.

12) Ákvæðum 52. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr. kemur dagsetningin „3. mars 2020“ í stað „3. mars 2019“,

b) í 4. mgr. kemur dagsetningin „3. mars 2020“ í stað „3. mars 2019“,

c) í 5. mgr. kemur dagsetningin „3. mars 2020“ í stað „3. mars 2019“,

d) í 6. mgr. kemur dagsetningin „3. mars 2020“ í stað „3. mars 2019“,

e) í 7. mgr. kemur dagsetningin „3. júlí 2020“ í stað „3. júlí 2019“,

f) í 8. mgr. kemur dagsetningin „3. júlí 2020“ í stað „3. júlí 2019“,

g) í fyrstu málsgrein 9. mgr. kemur dagsetningin „3. júlí 2020“ í stað „3. júlí 2019“,

h) í annarri undirgrein 9. mgr. kemur dagsetningin „3. júlí 2022“ í stað „3. júlí 2021“,

i) í fyrstu málsgrein 10. mgr. kemur dagsetningin „3. júlí 2020“ í stað „3. júlí 2019“,

j) í 11. mgr. kemur dagsetningin „3. júlí 2020“ í stað „3. júlí 2019“,

k) í annarri undirgrein 12. mgr. kemur dagsetningin „3. janúar 2018“ í stað „3. janúar 2017“,

13) í fyrstu undirgrein 2. mgr. 54. gr. kemur dagsetningin „3. júlí 2020“ í stað „3. júlí 2019“,

14) Ákvæðum 55. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.“

b) í stað fjórðu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir ákvæði annarrar málsgreinar gilda 1., 2. og 3. mgr. 37. gr. frá 3. janúar 2020“.

2. gr.

Ákvæðum 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Hún gildir frá 3. júlí 2016, að undanskildu eftirfarandi:

a) ákvæði 2. og 3. mgr. 4. gr. sem koma til framkvæmda frá 3. janúar 2018 og

b) ákvæði 4. gr. (4. og 5. mgr.), 5. gr. (6. mgr.), 6. gr. (5. og 6. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (9., 10. og 11. mgr.), 12. gr. (5. mgr.), 13. gr. (7. og 11. mgr.), 16. gr. (5. mgr.), 17. gr. (þriðja undirgrein 2. mgr.), 17. gr. (3., 10. og 11. mgr.), 18. gr. (9. mgr.), 19. gr. (13., 14. og 15. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 24. gr. (3. mgr.), 25. gr. (9. mgr.), 26. gr. (önnur, þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr.), 32. gr. (5. mgr.) og 33. gr. (5. mgr.) sem koma til framkvæmda 2. júlí 2014.“

b) í fyrstu málsgrein 4. mgr. komi dagsetningin „3. janúar 2018“ í stað „3. janúar 2017“,

c) í annarri undirgrein 4. mgr. komi dagsetningin „3. janúar 2018“ í stað „3. janúar 2017“.

3. gr.

Ákvæðum 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 er breytt sem hér segir:

a) í b-lið annarrar undirgreinar 5. mgr. kemur dagsetningin „13. júní 2018“ í stað „13. júní 2017“,

b) í 7. mgr. kemur dagsetningin „3. janúar 2018“ í stað „3. janúar 2017“.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A.G. KOENDERS
forseti.	*forseti.*

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/65/ESB **2020/EES/20/03**

frá 15. maí 2014

um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([4]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([5]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða ætti að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Í tilskipun ráðsins 93/22/EBE ([6]) er leitast við að skapa skilyrði fyrir verðbréfafyrirtæki og banka með starfsleyfi til að veita tiltekna þjónustu eða stofna útibú í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfsleyfis og eftirlits í heimalandinu. Í þessu skyni er með tilskipuninni miðað að því að samræma kröfurnar sem verðbréfafyrirtæki verða að uppfylla til að fá starfsleyfi í fyrsta sinn og stunda rekstur, þ.m.t. reglur um viðskiptahætti. Í henni er einnig kveðið á um samræmingu nokkurra skilyrða sem gilda um starfsemi skipulegra markaða.

3) Á undanförnum árum hafa fleiri fjárfestar orðið virkir á fjármálamörkuðum og þeim stendur til boða stöðugt flóknari og víðtækari þjónusta og gerningar. Með tilliti til þessarar þróunar ætti lagarammi Sambandsins að ná yfir alla starfsemi sem tengist fjárfestum. Í þessu skyni er nauðsynlegt að kveða á um samræmingu sem veitir fjárfestum víðtæka vernd og að heimila verðbréfafyrirtækjum að veita þjónustu alls staðar í Sambandinu, sem myndar innri markað, á grundvelli eftirlits í heimalandi. Tilskipun 2004/39/EB kom því í stað tilskipunar 93/22/EBE.

4) Fjármálakreppan hefur afhjúpað veikleika í starfsemi fjármálamarkaða og gagnsæi þeirra. Þróun fjármálamarkaða hefur leitt í ljós að þörf er á því að styrkja rammann um reglusetningu markaða fyrir fjármálagerninga, einnig þegar viðskipti á slíkum mörkuðum fara fram utan verðbréfamarkaða, til þess að auka gagnsæi, veita fjárfestum betri vernd, efla traust, yfirfara svið þar sem ekkert eftirlit er og tryggja að eftirlitsmenn hafi allar nauðsynlegar heimildir til að geta sinnt störfum sínum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB C 161, 7.6.2012, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 80.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2014.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([5]) Sjá A-hluta í III. viðauka.

([6]) Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27).

5) Eftirlitsaðilar á alþjóðavettvangi eru sammála um að veikleikar í stjórnarháttum hjá fjölmörgum fjármálastofnunum, þ.m.t. þegar ekkert skilvirkt eftirlit og engar mótvægisaðgerðir eru fyrir hendi innan þeirra, hafi átt sinn þátt í fjármálakreppunni. Mikil og óvarfærin áhættusækni getur leitt til greiðsluþrots einstakra fjármálastofnana og kerfislægra vandamála í aðildarríkjum og á heimsvísu. Ótilhlýðileg háttsemi fyrirtækja sem veita viðskiptavinum þjónustu getur skaðað fjárfesta og veikt tiltrú þeirra. Bæta ætti ítarlegri meginreglum og lágmarkskröfum við tilskipun 2004/39/EB til þess að takast á við möguleg skaðleg áhrif af þessum brestum í fyrirkomulagi á stjórnarháttum fyrirtækja. Beita ætti þessum meginreglum og kröfum að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs verðbréfafyrirtækjanna.

6) Nefnd háttsettra embættismanna um fjármálaeftirlit í Evrópusambandinu hefur hvatt Sambandið til þess að þróa samhæfðari samstæðu fjárhagsreglugerða. Með tilliti til uppbyggingar á evrópsku eftirliti í framtíðinni lagði leiðtogaráðið 18. og 19. júní 2009 einnig áherslu á að þörf væri á því að koma á sameiginlegum evrópskum reglum sem giltu um allar fjármálastofnanir á innri markaðinum.

7) Því ætti nú að endurútgefa tilskipun 2004/39/EB að hluta til með þessari tilskipun og láta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]) að hluta til koma í hennar stað. Þessir tveir lagagerningarnir ættu hvor með öðrum að mynda lagaramma um kröfurnar sem gilda eiga um verðbréfafyrirtæki, skipulega markaði, veitendur gagnaskýrsluþjónustu og fyrirtæki í þriðju löndum sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu. Því ætti að túlka þessa tilskipun í ljósi fyrrnefndrar reglugerðar. Þessi tilskipun ætti því að taka til ákvæða sem gilda eiga um starfsleyfi fyrirtækisins, yfirtöku á virkum eignarhlut, neytingu staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu, rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja til að tryggja vernd fjárfesta, valdheimildir eftirlitsyfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum og fyrirkomulag á beitingu viðurlaga. Þar eð meginmarkmið og viðfangsefni þessarar tilskipunar er að samræma ákvæði landslaga á þeim sviðum sem þar um getur ætti hún að grundvallast á 1. mgr. 53 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE). Rétt er, þegar þörf krefur, að samþykkja þessi ákvæði í formi tilskipunar svo að hægt sé að laga framkvæmdarákvæðin á þeim sviðum sem falla undir hana að sérstökum eiginleikum tiltekins markaðar og lagakerfis í hverju aðildarríki fyrir sig.

8) Rétt er að fella inn í skrána yfir fjármálagerninga hrávöruafleiður og aðrar afleiður sem eru myndaðar og viðskipti fara fram með, þannig að það gefi tilefni til reglusetningar á sambærilegan hátt og þegar um hefðbundna fjármálagerninga er að ræða.

9) Gildissvið fjármálagerninga mun ná yfir orkusamninga sem gerðir eru upp efnislega og viðskipti eru höfð með á skipulegu markaðstorgi, fyrir utan þá sem nú þegar falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 ([2]). Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr áhrifum slíkrar innfellingar á fyrirtæki sem eiga viðskipti með þessar afurðir. Eins og stendur eru þessi fyrirtæki undanþegin kröfum um eiginfjárgrunn samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([3]) og verður sú undanþága endurskoðuð skv. 1. mgr. 493. gr. þeirrar reglugerðar áður en hún fellur úr gildi og eigi síðar en í árslok 2017. Þar eð þessir samningar eru fjármálagerningar kæmu lagakröfur um fjármálamarkaði til framkvæmda þegar í stað þannig að kröfur um stöðutakmarkanir, skýrslugjöf um viðskipti og markaðssvik myndu gilda frá gildistökudegi þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Hins vegar er gert ráð fyrir 42 mánaða fresti til að innleiða í áföngum kröfur um stöðustofnunarskyldu og tryggingarþekju sem greint er frá í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([4]).

10) Þrengja ætti gildissvið um hrávöruafleiður sem viðskipti eru höfð með á skipulegu markaðstorgi og gerðar eru upp hlutrænt, á takmarkaðan hátt til þess að ekki myndist glufa sem gæti leitt til eftirlitshögnunar. Því er nauðsynlegt að kveða á um framselda gerð til að skýra nánar hvað átt er við með orðalaginu „verður að gera upp hlutrænt“ þar sem gert er ráð fyrir því að innleidd sé framfylgjanleg og bindandi skuldbinding hið minnsta um hlutræna afhendingu, sem ekki er hægt að sniðganga, gera upp í handbæru fé eða jafna út nema þegar um óviðráðanleg atvik er að ræða, vanskil eða raunverulegan skort á greiðslugetu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012. (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

11) Margs konar sviksamlegar viðskiptavenjur hafa viðgengist á uppboðseftirmörkuðum með losunarheimildir, sem gætu grafið undan trausti á losunarviðskiptakerfinu sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([1]), og verið er að gera ráðstafanir til að styrkja skráningarkerfi losunarheimilda og skilyrðin fyrir opnun reiknings fyrir viðskipti með þær. Rétt er að bæta við ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun 2003/87/EB með því að færa losunarheimildir að fullu undir gildissvið þessarar tilskipunar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([2]) til að efla heildstæði þessara markaða og vernda skilvirka starfsemi þeirra, m.a. með víðtæku eftirliti með viðskiptastarfsemi, með því að flokka þær sem fjármálagerninga.

12) Tilskipun þessari er ætlað að ná til fyrirtækja sem hafa reglubundið starf eða starfsemi af því að veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi í atvinnuskyni. Gildissvið hennar tekur því ekki til aðila sem hafa aðra atvinnustarfsemi með höndum.

13) Nauðsynlegt er að koma á heildstæðu reglukerfi fyrir framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga án tillits til þeirra viðskiptaaðferða sem notaðar eru við þessi viðskipti til að tryggja að viðskipti fjárfesta séu vönduð og til að viðhalda heilbrigði og almennri skilvirkni fjármálakerfisins. Kveða skal á um samfelldan og áhættunæman ramma til að setja reglur um helstu tegundir ráðstafana um framkvæmd fyrirmæla sem nú er stuðst við á evrópska fjármálamarkaðinum. Nauðsynlegt er að viðurkenna nýja kynslóð skipulegra viðskiptakerfa, sem fram hefur komið við hlið skipulegra markaða og ætti að falla undir þær skuldbindingar að varðveita skilvirka og skipulega starfsemi fjármálamarkaða og tryggja að slík skipuleg viðskiptakerfi geti ekki nýtt glufur í reglusetningu.

14) Mæla ætti fyrir um hlutlægar reglur, án mismununar, um aðgengi að öllum viðskiptavettvöngum, þ.e. skipulegum markaði, markaðstorgum fjármálagerninga og skipulegum markaðstorgum. Þótt svipaðar kröfur ættu að gilda áfram um skipulega markaði og markaðstorg fjármálagerninga, með tilliti til þess hvaða aðilar eða þátttakendur geta fengið aðgang að þeim, ætti með skipulegu markaðstorgi samt sem áður að vera hægt að ákveða og takmarka aðgang með því að vísa til þess hlutverks og þeirra skyldna sem þeir hafa gagnvart viðskiptavinum sínum. Í þessu tilliti ætti, með viðskiptavettvangi, að vera hægt að tilgreina breyturnar sem gilda um kerfið, s.s. lágmarksbiðtíma, að því tilskildu að það sé gert á opinn og gagnsæjan hátt og feli ekki í sér mismunun af hálfu þess aðila sem sér um starfsemi vettvangsins.

15) Hugtakið miðlægur mótaðili er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 sem lögaðili er gengur á milli aðila að samningum, sem viðskipti eru höfð með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum, og verður þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda. Miðlægir mótaðilar falla ekki undir hugtakið „skipulegt markaðstorg“ eins og það er skilgreint í þessari tilskipun.

16) Vísað er til aðila sem hafa aðgang að markaðstorgi fjármálagerninga eða markaðstorgum fjármálagerninga sem aðila eða þátttakenda. Hugtökin má nota jöfnum höndum. Þessi hugtök taka ekki til notenda sem eingöngu hafa aðgang að viðskiptavettvöngum á rafrænan hátt.

17) Skilgreina ætti hugtakið innmiðlarar sem verðbréfafyrirtæki sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning, skipulega, oft, kerfisbundið og í miklu magni, þegar það framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina utan skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) eða skipulegs markaðstorgs (OTF). Til þess að tryggja hlutlæga og skilvirka beitingu þessarar skilgreiningar gagnvart verðbréfafyrirtækjum, ætti að taka tillit til hvers konar tvíhliða samninga við viðskiptavini og þróa ætti viðmið til að ákvarða hvort verðbréfafyrirtæki verði að skrá sig sem innmiðlara. Viðskiptavettvangur er staður þar sem margvíslegur kaup- og söluáhugi þriðju aðila togast á í kerfinu og því ætti innmiðlara að vera óheimilt að láta kaup- og söluáhuga þriðja aðila koma saman eins og tíðkast á viðskiptavettvangi.

18) Aðilar sem hafa umsjón með eigin eignum og fyrirtæki sem veita ekki fjárfestingarþjónustu eða hafa með höndum fjárfestingarstarfsemi, aðra en viðskipti fyrir eigin reikning með fjármálagerninga sem ekki eru hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar nema viðkomandi séu viðskiptavakar eða þátttakendur á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða hafi beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi, beiti hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms eða versli fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1).

19) Í opinberri tilkynningu fjármálaráðherra og seðlabankastjóra G20-landanna frá 15. apríl 2011 kemur fram að þátttakendur á mörkuðum með hrávöruafleiður ættu að falla undir viðeigandi reglugerð og eftirlit og því ber að breyta tilteknum undanþágum frá tilskipun 2004/39/EB.

20) Aðilar, þ.m.t. viðskiptavakar, sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, þó ekki aðilar sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eða láta viðskiptavinum eða þjónustuveitendum meginstarfsemi sinnar í té fjárfestingarþjónustu með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra, ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar að því tilskildu að sú starfsemi sé til viðbótar við aðalstarfsemi þeirra á samstæðugrundvelli og sú meginstarfsemi felist hvorki í því að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessarar tilskipunar né bankastarfsemi í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]) né viðskiptavakt á sviði hrávöruafleiða og að þessir aðilar beiti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms. Tæknileg viðmið sem gera kleift að skilgreina hvort starfsemi er til viðbótar meginstarfsemi ætti að útfæra nánar í tæknilegum eftirlitsstöðlum, að teknu tilliti til viðmiðanna sem tilgreind eru í þessari tilskipun.

Þessi viðmið ættu að tryggja að fyrirtæki sem ekki eru fjármálafyrirtæki en stunda viðskipti með fjármálagerninga sem ekki eru jafnumfangsmiklir og fjárfestingar í meginstarfsemi þess falli undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þegar svo háttar ættu þessi viðmið a.m.k. að taka mið af því að þessi viðbótarstarfsemi verður að standa fyrir minnihluta starfseminnar miðað við samstæðu fyrirtækja og umfangi veltuviðskipta þeirra borið saman við heildarveltuviðskipti á markaði í þeim eignaflokki. Geri eftirlitsyfirvöld kröfu um að skylt sé að stuðla að seljanleika á vettvangi í samræmi við lög Sambandsins, innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli, eða ef viðskiptavettvangur gerir það, ættu viðskipti til að fullnægja slíkri skyldu að vera undanskilin í matinu á því hvort um viðbótarstarfsemi er að ræða.

21) Með tilliti til þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, þar sem bæði eru settar reglur um OTC-afleiður og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ætti að skoða á hlutlægan hátt mælanlega starfsemi sem talið er að stuðli að því að draga úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun og viðskipti innan samstæðu, þannig að samrýmist reglugerð (EB) nr. 648/2012.

22) Aðilum sem stunda viðskipti með hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra er einnig heimilt að eiga viðskipti með aðra fjármálagerninga innan ramma viðskiptastarfsemi þeirra sem tengist áhættustýringu lausafjár til þess að verja sig gegn áhættum á borð við gengisbundnar áhættur. Því er mikilvægt að skera úr um hvort hægt sé að nota undanþágur hver með annarri. Til dæmis er hægt að nota undanþáguna í j-lið 1. mgr. 2. gr. ásamt undanþágunni í d-lið 1. mgr. 2. gr.

23) Til þess að komast hjá hvers konar mögulegri misnotkun á undanþágum ættu þó viðskiptavakar með fjármálagerninga, aðrir en viðskiptavakar með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og ekki njóta hagræðis af neins konar undanþágu, svo fremi að viðskiptavakastarfsemi þeirra komi til viðbótar aðalstarfsemi þeirra á samstæðugrundvelli og að því tilskildu að þeir noti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms. Aðilar sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eða nota hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms ættu einnig að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og ekki njóta hagræðis af neins konar undanþágu.

24) Í viðskiptum fyrir eigin reikning þegar fyrirmæli viðskiptavinar eru framkvæmd ætti að taka til þess þegar fyrirtæki framkvæma fyrirmæli frá mismunandi viðskiptavinum á grundvelli kaup- og söluviðskipta sem fram fara samtímis (samhliðaviðskipti (e. *back-to-back trading*)), sem ætti að telja eins og að aðhafst sé fyrir eigin reikning og ættu þá að falla undir ákvæði þessarar tilskipunar sem taka bæði til framkvæmdar fyrirmæla viðskiptavinar og framkvæmdar fyrirmæla fyrir eigin reikning.

25) Framkvæmd fyrirmæla um fjármálagerninga sem viðbótarstarfsemi milli tveggja aðila, sem á samstæðugrundvelli hafa hvorki að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessarar tilskipunar né bankastarfsemi í skilningi tilskipunar 2013/36/ESB, ætti ekki að telja til viðskipta fyrir eigin reikning þegar um er að ræða framkvæmd á fyrirmælum viðskiptavinar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

26) Tilvísanir til aðila í textanum ber að skilja svo að þær eigi bæði við einstaklinga og lögaðila.

27) Vátrygginga- eða líftryggingafélög sem eru háð viðeigandi eftirliti af hálfu lögbærra varfærniseftirlitsyfirvalda og falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([1]) ættu að vera útilokuð frá gildissviði þessarar tilskipunar þegar þau stunda starfsemi sem um getur í þeirri tilskipun.

28) Tilskipun þessi gildir ekki um þá aðila sem hafa með höndum starfsemi sem felst í því að veita eingöngu móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu en veita hana ekki þriðja aðila.

29) Sumar staðbundnar orkuveitur og sumir rekstraraðilar iðjuvera, sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sameina viðskiptastarfsemi sína og útvista til dótturfyrirtækja sinna utan samstæðu til þess að verjast viðskiptaáhættu. Fyrirtæki þessi um sameiginlegt verkefni veita ekki neina aðra þjónustu og gegna nákvæmlega sama hlutverki og aðilarnir sem um getur í 28. forsendu. Einnig ætti að vera hægt að útiloka fyrirtæki um sameiginlegt verkefni frá gildissviði þessarar tilskipunar til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði ef þau eru í sameiginlegri eigu staðbundinna orkuveitna eða rekstraraðila sem falla undir f-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB, veita ekki aðra þjónustu en fjárfestingarþjónustu til handa staðbundnum orkuveitum eða rekstraraðilum, falla undir f-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og að því tilskildu að þessar staðbundnu orkuveitur eða rekstraraðilar séu undanþegnir skv. j-lið 1. mgr. 2. gr. ef þeir sjá sjálfir um þessar fjárfestingar. Aðildarríki sem velja að undanþiggja slík fyrirtæki um sameiginlegt verkefni ættu þó að gera a.m.k. sambærilegar kröfur til þeirra og mælt er fyrir um í þessari tilskipun til þess að tryggja að viðeigandi verndarráðstafanir séu fyrir hendi og að fjárfestar njóti nægilegrar verndar, einkum á meðan verið er að huga að veitingu starfsleyfis, við mat á orðspori þeirra og reynslu og hæfi hluthafa, þegar verið er að skoða skilyrði fyrir starfsleyfi í fyrsta sinn og við áframhaldandi eftirlit og einnig hvað varðar góða viðskiptahætti.

30) Aðilar sem veita einungis tilfallandi fjárfestingarþjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sína ættu ekki heldur að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar að því tilskildu að starfsemin sé reglufest og viðeigandi reglur banni ekki tilfallandi fjárfestingarþjónustu.

31) Tilskipun þessi ætti ekki að taka til aðila sem veita fjárfestingarþjónustu er felst eingöngu í því að stjórna fjárfestingarsjóðum starfsmanna og veita því ekki þriðju aðilum fjárfestingarþjónustu.

32) Útiloka ber frá gildissviði þessarar tilskipunar seðlabanka og aðra opinbera aðila sem gegna sambærilegu hlutverki, svo og opinbera aðila sem sjá um stýringu ríkisskulda eða hafa afskipti af stýringu þeirra, þetta á einnig við um hvernig lánsfé er ráðstafað til fjárfestinga, þó ekki þá aðila sem eru að einhverju eða öllu leyti í ríkiseigu og gegna viðskiptalegu hlutverki eða hlutverki sem tengist öflun eignarhluta.

33) Til að skýra fyrirkomulagið á undanþágum fyrir seðlabankakerfi Evrópu, innlendum aðilum sem gegna sambærilegu hlutverki og öðrum opinberum aðilum sem hafa afskipti af stýringu ríkisskulda, að takmarka slíkar undanþágur við aðila eða stofnanir sem gegna hlutverki sínu í samræmi við lög eins aðildarríkis, í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðastofnanir sem tvö eða fleiri aðildarríki eiga aðild að og hafa það markmið að virkja fjármagn og veita fjárhagsaðstoð þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika, til dæmis Evrópska stöðugleikakerfinu.

34) Nauðsynlegt er að útiloka frá gildissviði þessarar tilskipunar sjóði um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóði, hvort sem þeir eru samræmdir innan Sambandsins eða ekki og vörsluaðila eða rekstraraðila slíkra sjóða þar sem um þá gilda sérstakar reglur sem aðlagaðar hafa verið starfsemi þeirra.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

35) Nauðsynlegt er að útiloka frá gildissviði þessarar tilskipunar flutningskerfisstjóra, eins og þeir eru skilgreindir í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB ([1]) eða 4. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB ([2]), þegar þeir sinna verkefnum sínum samkvæmt þessum tilskipunum, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 ([3]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 ([4]) eða samkvæmt kerfisreglum eða viðmiðunarreglum sem eru samþykktar samkvæmt þessum lagagerðum. Í samræmi við þessar lagagerðir hafa flutningskerfisstjórar sérstakar skyldur og ábyrgðarsvið, heyra undir sérstaka vottun og eftirlit sem lögbær yfirvöld í þessum geira hafa með höndum. Flutningskerfisstjórar ættu einnig að njóta góðs af slíkri undanþágu þegar þeir kalla sér til aðstoðar aðra aðila sem veita þjónustu fyrir þeirra hönd sem þjónustuveitendur til að annast verkefni sem þeir hafa samkvæmt öðrum lagagerðum eða öðrum kerfisreglum eða viðmiðunarreglum sem samþykktar hafa verið samkvæmt þessum reglugerðum. Flutningskerfisstjórar ættu ekki að njóta góðs af slíkri undanþágu þegar þeir veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi með fjármálagerninga, þ.m.t. þegar þeir starfrækja vettvang fyrir viðskipti með fjárhagsleg flutningsréttindi á eftirmarkaði.

36) Viðkomandi aðili ætti alltaf að fullnægja skilyrðunum sem mælt er fyrir um vegna slíkra undanþága til að geta fengið undanþágur frá þessari tilskipun. Ef aðili veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi og er undanþeginn þessari tilskipun vegna þess að slík þjónusta eða starfsemi er viðbót við meginstarfsemi hans, þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja, skal undanþágan, sem lýtur að viðbótarþjónustu, t.d. ekki ná til hans þegar veiting þessarar þjónustu eða starfsemin hættir að vera viðbót við meginstarfsemi viðkomandi aðila.

37) Í því skyni að vernda fjárfesta og tryggja stöðugleika á sviði fjárfestinga ættu aðilar sem veita þá fjárfestingarþjónustu og/eða stunda þá fjárfestingarstarfsemi, sem þessi tilskipun tekur til, að fá starfsleyfi í heimaaðildarríkjum sínum.

38) Lánastofnanir sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB ættu ekki að þurfa annað starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi samkvæmt þessari tilskipun. Lögbær yfirvöld ættu, áður en starfsleyfi er veitt samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB, að ganga úr skugga um að lánastofnun fari að viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar þegar hún ákveður að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi.

39) Samsettar innstæður hafa komið fram sem fjárfestingarafurðir en falla ekki undir neina lagagerð um vernd fjárfesta á vettvangi Sambandsins meðan aðrar samsettar fjárfestingar falla undir slíkar lagagerðir. Því er rétt að efla traust fjárfesta og samræma stjórnsýslulega meðferð að því er varðar dreifingu ólíkra pakkaðra fjárfestingarafurða til smásölu til þess að tryggja fullnægjandi vernd fjárfesta alls staðar í Sambandinu. Því þykir rétt að fella samsettar innstæður undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að tilgreina að samsettar innstæður taka ekki til innstæðna sem tengjast eingöngu vaxtavísitölum á borð við Euribor-vexti eða Libor-vexti þar eð þau eru ein tegund fjárfestingarafurða, óháð því hvort vextirnir eru fyrirfram ákveðnir eða hvort þeir eru fastir eða breytilegir. Slíkar innstæður ættu því að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

40) Þegar verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir selja eða ráðleggja viðskiptavinum sínum í tengslum við samsettar innstæður ætti að beita þessari tilskipun á sama hátt og þegar þau hafa milligöngu fyrir þessar afurðir sem lánastofnanir sem geta tekið við innlánum í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB, gefa út.

41) Miðlægar verðbréfamiðstöðvar eru mikilvægar stofnanir innan kerfis fyrir fjármálamarkaði sem tryggja fyrstu skráningu á verðbréfum, hald á reikningum sem hafa að geyma útgefin verðbréf og uppgjör á nánast öllum viðskiptum með verðbréf. Miðlægar verðbréfamiðstöðvar skulu falla undir sérlög Sambandsins, einkum kröfur um starfsleyfi og tiltekin rekstrarskilyrði. Miðlægar verðbréfamiðstöðvar geta, auk þeirrar grunnþjónustu sem um getur í öðrum lögum Sambandsins, veitt fjárfestingarþjónustu og annast starfsemi sem reglur eru settar um samkvæmt þessari tilskipun.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn á sviði raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003 (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005 (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36).

Rétt þykir, til að tryggja að allar einingar sem veita fjárfestingarþjónustu og annast fjárfestingarstarfsemi falli undir sama regluramma, að tryggja að slíkar miðlægar verðbréfamiðstöðvar séu ekki háðar kröfum þessarar tilskipunar í tengslum við starfsleyfi og tiltekin rekstrarskilyrði heldur ættu lög Sambandsins um miðlægar verðbréfamiðstöðvar sem slíkar að tryggja að þær falli undir ákvæði þessarar tilskipunar þegar þær veita fjárfestingarþjónustu eða annast fjárfestingarstarfsemi auk þeirrar þjónustu sem tilgreind er í þessum lögum Sambandsins.

42) Rétt er, til að auka vernd fjárfesta í Sambandinu, að takmarka skilyrðin sem gera aðildarríkjunum kleift að útiloka frá beitingu þessarar tilskipunar aðila sem veita fjárfestingarþjónustu til viðskiptavina sem í kjölfarið njóta ekki verndar samkvæmt þessari tilskipun. Einkum er rétt að krefjast þess að aðildarríki láti a.m.k. sambærilegar kröfur gilda um þessa aðila og þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sérstaklega á því stigi þegar starfsleyfi er veitt, við mat á orðspori þeirra og reynslu og hæfi sérhvers hluthafa, þegar verið er að meta skilyrðin fyrir starfsleyfi í fyrsta sinn og áframhaldandi eftirlit og einnig um skuldbindingar er varða viðskiptahætti.

Auk þess ættu aðilar sem útilokaðir eru frá gildissviði þessarar tilskipunar að falla undir bótakerfi fyrir fjárfesta sem er viðurkennt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB ([1]) eða starfsábyrgðartryggingu sem veitir viðskiptavinum sambærilega vernd í aðstæðum sem fjallað er um í þeirri tilskipun.

43) Þegar verðbréfafyrirtæki veitir eina tegund eða fleiri af óreglulegri fjárfestingarþjónustu sem fellur ekki undir starfsleyfi þess, eða stundar eina tegund eða fleiri af óreglulegri fjárfestingarstarfsemi sem fellur ekki undir starfsleyfi þess, þarf það ekki viðbótarstarfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun.

44) Að því er varðar þessa tilskipun ætti móttaka og miðlun fyrirmæla einnig að taka til þess að koma á sambandi milli tveggja eða fleiri fjárfesta þannig að þeir geti haft með sér viðskipti.

45) Verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir sem dreifa fjármálagerningum sem þau sjálf gefa út ættu að falla undir þessa tilskipun þegar þær veita viðskiptavinum sínum fjárfestingarráðgjöf. Rétt er, til þess að eyða óvissu og auka vernd fjárfesta, að kveða á um beitingu þessarar tilskipunar þegar verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir á frummarkaði úthluta fjármálagerningum sem þau gefa sjálf út án þess að veita neina ráðgjöf. Í þessu skyni ber að útvíkka skilgreininguna á þjónustu við að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina.

46) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaaðildarríkis er þess krafist að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ættu ekki að veita starfsleyfi eða afturkalla starfsleyfi þegar atriði eins og efni starfsáætlana, landfræðileg dreifing eða starfsemi sem fer fram þá stundina bendir ótvírætt til þess að verðbréfafyrirtæki hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í öðru aðildarríki þar sem það hefur í hyggju að reka eða rekur þá þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Verðbréfafyrirtæki sem er lögaðili ætti að hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem það er með skráða skrifstofu. Verðbréfafyrirtæki sem er ekki lögaðili ætti að hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem það er með aðalskrifstofu sína. Að auki skulu aðildarríkin gera kröfu um að aðalskrifstofa verðbréfafyrirtækis sé alltaf í heimaaðildarríki þess og starfi þar í raun og veru.

47) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB ([2]) er kveðið á um nákvæmar viðmiðanir vegna varfærnismats við fyrirhugaðar yfirtökur verðbréfafyrirtækis og verklagsreglur um beitingu þeirra. Rétt er, til að stuðla að réttarvissu, skýrleika og áreiðanleika að því er varðar matsferlið og niðurstöður þess, að staðfesta viðmiðin og fyrirkomulagið á varfærnismati sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats á yfirtökum og aukningu eignarhlutdeildar er tilheyra fjármálageiranum (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

Einkum ættu lögbær yfirvöld að leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðum: orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila; orðspori og reynslu aðilans sem mun stjórna viðskiptum verðbréfafyrirtækisins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku; fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila; því hvort verðbréfafyrirtæki getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum sem byggjast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, einkum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([1]) og 2013/36/ESB; því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([2]), eigi sér stað, hafi átt sér stað eða reynt, eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

48) Verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi í heimaaðildarríki sínu ætti að eiga rétt á að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi alls staðar í Sambandinu án þess að þurfa að leita eftir sérstöku starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem það vill veita slíka þjónustu eða stunda slíka starfsemi.

49) Þar sem tiltekin verðbréfafyrirtæki eru undanþegin ákveðnum skyldum sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 2013/36/EBE ætti þeim að vera skylt að hafa annaðhvort lágmarksstofnfé eða starfsábyrgðartryggingu eða blöndu af þessu tvennu. Við leiðréttingar á fjárhæðum tryggingarinnar ætti að taka tillit til leiðréttinga sem gerðar eru innan ramma tilskipunar Evrópuráðsins og þingsins 2002/92/EB ([3]). Þessi tiltekna meðferð, að því er varðar eiginfjárþörf, ætti að vera með fyrirvara um hvers konar ákvarðanir um viðeigandi meðferð þessara fyrirtækja samkvæmt síðari breytingum á löggjöf Sambandsins varðandi eiginfjárkröfur.

50) Þar sem takmarka ætti gildissvið varfærnisreglna við þær einingar sem skapa mótaðilaáhættu fyrir aðra þátttakendur á markaði vegna þess að þær halda veltubók í atvinnuskyni ættu einingar sem stunda viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, fyrir utan hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þeir séu ekki viðskiptavakar, stundi ekki viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, séu ekki aðilar að eða þátttakendur á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, hafi ekki beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi og beiti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms.

51) Halda ætti þessum réttindum aðskildum frá réttindum fyrirtækisins til að vernda eignarrétt fjárfestis og sambærileg réttindi í tengslum við verðbréf og réttindi hans að því er varðar fjármuni sem fyrirtæki er trúað fyrir. Þessi meginregla kemur þó ekki í veg fyrir að fyrirtækið annist viðskipti í eigin nafni fyrir hönd fjárfestis ef eðli viðskiptanna krefst þess og fjárfestir er því samþykkur, t.d. ef um er að ræða hlutabréfalán.

52) Kröfur um vernd eigna viðskiptavina eru nauðsynleg tæki til að vernda viðskiptavini við veitingu þjónustu og stundun starfsemi. Hægt er að veita undanþágur frá þessum kröfum þegar eignarhald á fjármunum og fjármálagerningum er að fullu framselt til verðbréfafyrirtækis í þeim tilgangi að vernda raunverulegar eða skilyrtar eða væntanlegar skyldur, núverandi eða í framtíð. Þessi víðtæki möguleiki getur skapað óöryggi og stefnt í hættu skilvirkni krafna sem gerðar eru um vernd eigna viðskiptavina. Þannig er rétt, a.m.k. þegar um er að ræða eignir almennra fjárfesta að takmarka möguleika verðbréfafyrirtækja til að ganga til samninga um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47 ([4]), í þeim tilgangi að vernda eða með öðrum hætti tryggja skuldbindingar þeirra.

53) Nauðsynlegt er að efla hlutverkið sem stjórnarmenn í verðbréfafyrirtækjum, á skipulegum mörkuðum og hjá veitendum gagnaskýrsluþjónustu gegna til að tryggja trausta og varfærna stjórnun fyrirtækjanna, stuðla að heilbrigði markaðarins og vernda hagsmuni fjárfesta. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki, skipulegum mörkuðum og hjá veitendum gagnaskýrslugjafarþjónustu ættu ávallt að verja nægum tíma og hafa í heildina fullnægjandi þekkingu, færni og reynslu til að

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga (Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2003, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43).

geta skilið starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. helstu áhættur. Stjórnarmenn ættu, til að komast hjá hjarðhugsun og ýta undir sjálfstæðar skoðanir og gagnrýna nálgun, að vera ólíkir hver öðrum að því er varðar aldur, kyn, landfræðilegan uppruna og með tilliti til menntunar og faglegs bakgrunns þannig að þeir standi fyrir mismunandi skoðanir og reynslu. Fyrirsvar starfsmanna í stjórnum getur einnig talist vera góð leið til að stuðla að fjölbreytileika þar sem þeir koma með mikilvæga sýn og raunverulega þekkingu á innri starfsemi fyrirtækja. Því ætti fjölbreytileiki að vera eitt viðmiðanna við samsetningu stjórna. Einnig ætti að stuðla að fjölbreytileika í stefnu fyrirtækja almennt í ráðningarmálum. Þessi stefna ætti t.d. að hvetja fyrirtæki til að velja umsækjendur af úrtakslistum, þ.m.t. af báðum kynjum. Æskilegt er, til að skapa samræmda nálgun í stjórnarháttum fyrirtækja, að aðlaga kröfur fyrir verðbréfafyrirtæki, eftir því sem við verður komið, að þeim sem fjallað er um í tilskipun 2013/36/ESB.

54) Stjórnin ætti, til að tryggja skilvirka umsjón og eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja, skipulegum mörkuðum og veitendum gagnaskýrsluþjónustu, að bera ábyrgð á og gera grein fyrir heildaráætlun fyrirtækisins með tilliti til viðskipta þess og áhættusniðs. Stjórnin ætti að bera skýlausa ábyrgð á meðan viðskiptasveifla fyrirtækisins varir, á sviðum greiningar og skilgreiningar á stefnumarkmiðum, áhættustefnu og innri stjórnarháttum fyrirtækisins, á samþykki innra skipulags, þ.m.t. viðmiðum fyrir vali og þjálfun starfsfólks, skilvirku eftirliti með framkvæmdastjórn, skilgreiningu á heildarstefnumiðum um veitingu þjónustu og starfsemi, þ.m.t. þóknanir til sölufólks og samþykki á nýjum afurðum til dreifingar til viðskiptavina. Reglubundið eftirlit og mat á stefnumarkmiðum fyrirtækja, innra skipulagi þeirra og stefnumiðum í tengslum við veitingu þjónustu og starfsemi ætti að tryggja áframhaldandi getu þeirra til að veita trausta og varfærna stjórnun í þágu heilbrigðs markaðar og fjárfestavernd. Stjórnarmaður sem gegnir of mörgum stjórnarstöðum getur ekki varið nægum tíma í slíkt eftirlitshlutverk.

Því er nauðsynlegt að takmarka hversu mörgum stjórnarstöðum aðili í stjórn stofnana má gegna samtímis í mismunandi einingum. Hins vegar ætti ekki að beita slíkum takmörkunum gagnvart stjórnarstöðum í stofnunum sem ekki eru fyrst og fremst reknar í viðskiptaskyni, á borð við stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni eða góðgerðarstofnanir.

55) Mismunandi eftirlits- og stjórnunarkerfi eru notuð í aðildarríkjunum. Í flestum tilvikum eru notuð einþætt eða tvíþætt stjórnunarkerfi. Skilgreiningarnar, sem eru notaðar í þessari tilskipun, eiga að ná yfir öll fyrirliggjandi kerfi án þess að taka eitt fram yfir annað. Þær hafa eingöngu hagnýtt gildi í þeim tilgangi að setja fram reglur sem miða að því að ná ákveðinni niðurstöðu óháð gildandi félagarétti um stofnanirnar í hverju aðildarríki. Skilgreiningarnar ættu því ekki að hafa áhrif á það hvernig valdheimildum er almennt skipt samkvæmt félagarétti í hverju landi.

56) Fjölgun starfssviða sem mörg verðbréfafyrirtæki stunda samtímis hefur aukið líkurnar á hagsmunaárekstrum á milli þessarar mismunandi starfsemi og hagsmuna viðskiptavina þeirra. Því er nauðsynlegt að kveða á um reglur til að tryggja að slíkir árekstrar hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þeirra. Fyrirtækjum ber skylda til að gera markvissar ráðstafanir til að greina, hindra eða stýra hagsmunaárekstrum og draga úr mögulegum áhrifum af þessari áhættu eftir því sem við verður komið. Fyrirtæki ætti, ef einhverjir eftirstæðir áhættuþættir sem skaða hagsmuni viðskiptavina eru samt sem áður enn fyrir hendi, að skýra viðskiptavini skilmerkilega frá almennu eðli og/eða ástæðum hagsmunaárekstra og ráðstafanir sem gerðar eru til að milda þessa áhættu áður en það tekur að sér viðskipti fyrir hans hönd.

57) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB ([1]) gerir aðildarríkjum kleift að gera, í tengslum við skipulagskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki, kröfu um skráningu símtala eða rafrænna samskipta sem varða fyrirmæli viðskiptavina. Skráning símtala eða rafrænna samskipta sem varða fyrirmæli viðskiptavina samrýmist sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (sáttmálinn) og hægt er að rökstyðja hana með því að hún efli vernd fjárfesta, bæti markaðseftirlit og auki réttarvissu í þágu verðbréfafyrirtækja og viðskiptavina þeirra. Einnig er vísað í mikilvægi slíkra skráninga í tækniráðgjöf sem samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila tilkynnti framkvæmdastjórninni 29. júlí 2010. Slíkar skrár ættu að tryggja að hægt sé að færa sönnur á skilmála hvers konar fyrirmæla viðskiptavina og að þær svari til viðskiptanna sem verðbréfafyrirtækin framkvæma og jafnframt ættu þær að gera kleift að greina hegðun sem getur skipt máli í tengslum við markaðsmisnotkun og einnig þegar fyrirtæki stunda viðskipti fyrir eigin reikning.

([1]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingarfyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26).

Í þessu skyni er þörf fyrir skráningar á öllum samtölum þar sem í hlut eiga að máli fulltrúar fyrirtækis þegar þeir annast viðskipti fyrir eigin reikning eða áforma að gera það. Þegar viðskiptavinir koma fyrirmælum sínum á framfæri eftir öðrum leiðum en símleiðis verða slík boðskipti að vera á varanlegum miðli á borð við póst, símbréf, tölvupóst eða skjöl með fyrirmælum viðskiptavinar sem sett eru fram á fundum. Þannig er t.d. hægt að nota fundargerðir eða minnispunkta til að skrá efni mikilvægra samtala við viðskiptavini augliti til auglitis. Líta ætti á slík fyrirmæli sem jafngild fyrirmælum sem móttekin eru símleiðis. Þegar fundargerðir eru skráðar um samtöl við viðskiptavini augliti til auglitis ættu aðildarríkin að sjá til þess að fyrir hendi séu viðeigandi öryggisráðstafanir sem tryggja að réttindi viðskiptavinar skerðist ekki vegna fundargerða þar sem samræður aðilanna eru skráðar með ófullnægjandi hætti. Slíkar öryggisráðstafanir ættu ekki að fela í sér neinar skuldbindingar af hálfu viðskiptavinarins.

Í því skyni að skapa réttarvissu um gildissvið þessarar skyldu er rétt að láta hana gilda um allan búnað sem fyrirtækið lætur í té eða verðbréfafyrirtækjum er heimilt að nota til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að búnaður í einkaeigu sé ekki notaður í tengslum við viðskiptin. Skráningar þessar ættu að vera tiltækar lögbærum yfirvöldum þegar þau sinna eftirlitshlutverki sínu og framkvæma fullnustuaðgerðir samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014, reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/57/ESB ([1]) til að aðstoða lögbær yfirvöld við að greina hegðun sem ekki samrýmist lagaramma um starfsemi verðbréfafyrirtækja. Skráningar þessu ættu einnig að vera tiltækar verðbréfafyrirtækjum og viðskiptavinum til að sýna fram á þróun sambands þeirra með tilliti til fyrirmæla viðskiptavina og viðskipta sem fyrirtækin sjá um. Af þessum sökum er rétt að kveða á um meginreglur í þessari tilskipun um almennt fyrirkomulag á skráningu símtala eða rafrænna samskipta þar sem fram koma fyrirmæli viðskiptavina.

58) Í samræmi við ályktanir ráðsins frá júní 2009 um að styrkja fjármálaeftirlit í Evrópusambandinu og til að stuðla að því að koma á sameiginlegum reglum um fjármálaþjónustu fyrir fjármálamarkaði í Sambandinu, stuðla frekar að því að þróa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir aðildarríkin og markaðsaðila, auka vernd fjárfesta og bæta eftirlit og framfylgd er Sambandið skuldbundið til að takmarka, þar sem því verður við komið, ákvörðunarréttinn sem aðildarríkin hafa samkvæmt löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu. Auk inngangsins í þessari tilskipun um almennt fyrirkomulag á skráningu símtala eða rafrænna samskipta þar sem fram koma fyrirmæli viðskiptavina er rétt að draga úr möguleika lögbærra yfirvalda á að framselja eftirlitshlutverk sín í tilteknum tilvikum, til þess að takmarka ákvörðunarrétt að því er varðar viðeigandi kröfur til einkaumboðsmanna og skýrslugjöf frá útibúum.

59) Notkun viðskiptatækni hefur þróast umtalsvert á síðasta áratug og er nú mjög útbreidd meðal markaðsaðila. Margir markaðsaðilar stunda nú algrímsviðskipti þar sem tölvualgrím ákvarðar sjálfvirkt þætti tilboða með lágmarksíhlutun manna eða engri. Setja ætti reglur vegna áhættu sem stafar af algrímsviðskiptum. Hins vegar telst notkun algríms í eftirávinnslu framkvæmdra viðskipta ekki vera algrímsviðskipti. Verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti sem lið í áætlun um viðskiptavakt ætti að annast viðskiptavaktina samfleytt á tilteknum hluta opnunartíma viðskiptavettvangsins. Í tæknilegum eftirlitsstöðlum ættu að vera nánari útskýringar á því hvað felst í þessum tiltekna hluta af opnunartíma viðskiptavettvanga þannig að öruggt sé að slíkt tilgreint hlutfall sé mikilvægt miðað við heildarfjölda opnunartíma, að teknu tilliti til lausafjárstöðu, umfangs og eðlis þessa sérstaka markaðar og einkenna fjármálagerningsins sem viðskipti eru höfð með.

60) Verðbréfafyrirtæki sem annast algrímsviðskipti samkvæmt áætlun um viðskiptavakt ættu að hafa yfir að ráða viðeigandi kerfum og sinna eftirliti vegna þeirrar starfsemi. Skilja ber slíka starfsemi út frá sérstöku samhengi hennar og tilgangi. Skilgreining á slíkri starfsemi er því óháð skilgreiningunni á „starfsemi viðskiptavaka“ í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([2]).

61) Tilgreint hlutmengi af algrímsviðskiptum eru hátíðniviðskipti með notkun algríms þar sem viðskiptakerfi greinir gögn eða merki frá markaðinum á miklum hraða og sendir síðan eða uppfærir mikinn fjölda tilboða á mjög stuttum tíma sem svörun við þeirri greiningu. Hátíðniviðskipti með notkun algríms geta einkum innihaldið þætti á borð við að setja af stað og búa til tilboð, beina tilboðum áfram og framkvæma viðskipti án mannlegrar íhlutunar fyrir sérhver stök viðskipti eða tilboð, stuttan tímaramma til að ákvarða eða selja stöður, mikla dagsveltu eignasafns, hátt hlutfall milli tilboða og viðskipta innan dagsins og að enda viðskiptadaginn við eða nálægt hlutlausri stöðu. Hátíðniviðskipti með notkun algríms einkennast m.a. af miklum fjölda skilaboða innan dagsins sem samanstanda af tilboðum, verðtilboðum eða

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/57/ESB frá 16. apríl 2014 um refsiviðurlög gegn markaðssvikum (tilskipunin um markaðssvik) (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 179).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

afturköllunum. Til að ákvarða hvað mikilli fjöldi skilaboða innan dagsins felur í sér ætti að taka tillit til þess hvaða viðskiptavinur stendur á bak við starfsemina á síðasta stigi, lengdar eftirlitstímabilsins, samanburðar við heildarstarfsemi markaðarins á því tímabili og hlutfallslegar samþjöppunar eða sundrunar á starfsemi. Hátíðniviðskipti með notkun algríms eru alla jafnan í höndum seljenda sem nota eigið fé sitt til að stunda viðskipti með og styðjast að jafnaði, þótt í sjálfu sér það sé ekki stefnan, við háþróaða tækni til að framkvæma hefðbundnari viðskiptaáætlanir á borð við viðskiptavakt eða högnun.

62) Tækniframfarir hafa gert aðilum kleift að nota hátíðniviðskipti og þróa viðskiptalíkön. Greitt er fyrir hátíðniviðskiptum á þann hátt að markaðsaðilar samnýta aðstöðu sem er nálægt þeim stað þar sem pörunarvél (e. *matching engine*) viðskiptavettvangs er staðsett. Nauðsynlegt er að gera þá kröfu til viðskiptavettvanga að þeir láti í té slíka samnýtingarþjónustu án mismununar og á sanngjarnan og gagnsæjan hátt til að tryggja reglubundin og sanngjörn viðskiptaskilyrði. Notkun viðskiptatækni þýðir að fjárfestar geta stundað hraðari, umfangsmeiri og flóknari viðskipti. Það hefur einnig gert markaðsaðilum kleift að greiða fyrir beinum rafrænum aðgangi viðskiptavina sinna að mörkuðum í gegnum viðskiptaaðstöðu sína, með beinum markaðsaðgangi eða aðgangi í gegnum annan. Viðskiptatækni hefur einnig nýst markaðinum og markaðsaðilum almennt t.d. með víðtækari þátttöku á mörkuðum, auknum seljanleika, þrengra verðbili, minni óstöðugleika til skamms tíma og leiðum til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á skilvirkari hátt. Þó getur viðskiptatækni einnig haft í för með sér ýmis konar mögulega áhættu, s.s. aukna hættu á yfirálagi á kerfi viðskiptavettvanga vegna mikils fjölda tilboða, hættu á að algrímsviðskipti hafi í för með sér tvítekningu tilboða eða að þau séu röng eða gölluð þannig að það kann að skapa óróleika á markaði.

Auk þess er hætta á að algrímsviðskiptakerfi bregðist of harkalega við öðrum atburðum á markaði sem geta aukið óstöðugleika ef markaðurinn á þegar við vandamál að etja. Að lokum geta algrímsviðskipti eða háhraðaviðskipti með notkun algríms, líkt og öll önnur form viðskipta, leitt til hegðunar sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Hátíðniviðskipti geta einnig, vegna þess að seljendur sem nota hátíðni fá betri upplýsingar en aðrir, ýtt undir að fjárfestar leiði viðskipti til lykta á vettvöngum þar sem þeir geta komist hjá því að eiga samskipti við aðra seljendur sem nota hátíðni. Rétt er að gera hátíðniviðskipti með notkun algríms, þar sem stuðst er við tilgreinda eiginleika, háð sérstöku lögboðnu eftirliti. Þótt fyrst og fremst sé um að ræða tækni sem byggist á viðskiptum fyrir eigin reikning ætti slík skoðun einnig að eiga við þegar framkvæmd viðskipta er skipulögð þannig að framkvæmdin fer fram fyrir eigin reikning.

63) Besta leiðin til þess að milda mögulega áhættu sem leiðir af aukinni notkun á tækni er að láta áhættu fyrirtækja, sem annast algrímsviðskipti eða hátíðniviðskipti með notkun algríms, falla undir sambland aðgerða og sérstakt áhættueftirlit en jafnframt beita öðrum ráðstöfunum gagnvart rekstraraðilum viðskiptavanga sem slík fyrirtæki eiga aðgang að. Þessar ráðstafanir ættu að endurspegla og byggjast á tæknilegum viðmiðunarreglum, útgefnum af Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) („ESMA“) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), í febrúar 2012 um kerfi og eftirlit í sjálfvirku viðskiptaumhverfi fyrir viðskiptavettvanga, verðbréfafyrirtæki og lögbær yfirvöld (ESMA/2012/122) til þess að auka álagsþol markaða í ljósi tækniþróunar. Æskilegt er að tryggja að öll fyrirtæki sem stunda hátíðniviðskipti með notkun algríms séu með starfsleyfi. Slíkt starfsleyfi ætti að tryggja að þessi fyrirtæki falli undir skipulagskröfur samkvæmt þessari tilskipun og að nauðsynlegt eftirlit sé haft með þeim. Hins vegar ætti að krefjast þess að einingar með starfsleyfi, sem falla undir eftirlit samkvæmt lögum Sambandsins um fjármálageirann og eru undanþegnar þessari tilskipun en stunda algrímsviðskipti eða hátíðniviðskipti með notkun algríms, ættu ekki að þurfa starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun og ættu einvörðungu að falla undir ráðstafanir og eftirlit sem miðast að því að takast á við sértæka áhættu sem leiðir af þessum gerðum viðskipta. Í þessu skyni ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gegna mikilvægu samræmingarhlutverki með því að skilgreina viðeigandi verðskref til að tryggja snurðulausa starfsemi markaða á vettvangi Sambandsins.

64) Bæði verðbréfafyrirtæki og viðskiptavettvangar ættu að sjá til þess að fyrir hendi séu öflugar ráðstafanir sem tryggja að algrímsviðskipti eða hátíðniviðskipti með notkun algríms valdi ekki glundroða á markaði og að ekki sé hægt að nota þau í sviksamlegum tilgangi. Viðskiptavettvangar ættu einnig að tryggja að viðskiptakerfi þeirra þoli álag og séu prófuð með réttum hætti til þess að taka við auknu flæði tilboða eða álagi á mörkuðum og að straumrofar séu fyrir hendi á viðskiptavettvangi til að stöðva viðskipti eða takmarka þau þegar skyndilegar, óvæntar verðbreytingar eiga sér stað.

65) Einnig er nauðsynlegt að sjá til þess að fyrirkomulag þóknana viðskiptavettvanga sé gagnsætt, án mismununar og sanngjarnt og að uppbygging þess stuðli ekki að röskun á markaði. Viðskiptavettvangar ættu því að geta miðað þóknanir

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

sínar vegna fyrirmæla sem eru afturkölluð við það tímabil sem fyrirmælin giltu og ákvarðað gjöldin fyrir sérhvern fjármálagerning sem þau varða. Aðildarríki ættu einnig að geta heimilað viðskiptavettvangi að leggja á hærri gjöld vegna fyrirmæla sem síðan eru afturkölluð eða á þátttakendur sem eru með hátt hlutfall afturkallaðra fyrirmæla og þann sem annast háhraðaviðskipti með notkun algríms til að endurspegla aukaálag á getu kerfisins án þess að það sé endilega öðrum markaðsaðilum til hagsbóta.

66) Fyrir utan ráðstafanir sem varða algrím og hátíðniviðskipti með notkun algríms er rétt að banna verðbréfafyrirtækjum að veita viðskiptavinum sínum beinan rafrænan aðgang að mörkuðum þegar slíkur aðgangur er ekki háður viðeigandi kerfum og eftirliti. Fyrirtæki sem veita slíkan beinan rafrænan aðgang ættu, án tillit til þess á hvaða formi hann er, að meta og endurskoða hæfi viðskiptavina sem nota þessa þjónustu og tryggja að kveðið sé á um áhættueftirlit með notkun þjónustunnar og að þessi fyrirtæki séu ábyrg fyrir viðskiptum sem viðskiptavinir hafa gefið fyrirmæli um með því að nota kerfi þeirra eða viðskiptanúmer. Rétt er að mæla nánar fyrir um nákvæmar skipulagskröfur varðandi þessar nýju tegundir viðskipta í tæknilegum eftirlitsstöðlum. Þetta ætti að tryggja að hægt sé að breyta kröfum þegar nauðsyn krefur til þess að taka tillit til frekari nýjunga og þróunar á þessu sviði.

67) Nauðsynlegt er að flagga (e. *flag*) öll tilboð sem verða til í algrímsviðskiptum til að tryggja skilvirkt eftirlit og gera lögbærum yfirvöldum kleift að gera viðeigandi ráðstafanir vegna gallaðra eða sviksamlegra algrímsáætlana í tæka tíð. Lögbær yfirvöld ættu með flöggun að geta borið kennsl á og greint tilboð sem eiga uppruna hjá mismunandi algrímum og endurgera á skilvirkan hátt og meta áætlanirnar sem seljendur nota er styðjast við algrím. Þetta ætti að draga úr hættunni á því að tilboð séu ekki rakin til algrímsáætlunar og seljanda með ótvíræðum hætti. Flöggunin gerir lögbærum yfirvöldum kleift að bregðast við á skilvirkan og skjótvirkan hátt við sviksamlegum algrímsviðskiptaáætlunum eða áformum sem kunna að raska eðlilegri starfsemi markaðarins.

68) Til að tryggja að heildarvirkni markaðar sé viðhaldið í ljósi tækniþróunar á fjármálamörkuðum ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að hafa reglulegt samráð við innlenda sérfræðinga um þróun í tengslum við viðskiptatækni, þ.m.t. hátíðniviðskipti og nýja starfshætti sem gætu falið í sér markaðssvik, til að greina og stuðla að skilvirkum áætlunum um að koma í veg fyrir og taka á slíkum svikum.

69) Viðskiptavettvangar af ýmsum toga eru starfræktir í Sambandinu og af þeim eru margir sem stunda viðskipti með sams konar fjármálagerninga. Nauðsynlegt er, til að takast á við áhættu sem hagsmunum fjárfesta stafar mögulega af, að gera formlegt og samræma frekar ferlið sem fylgja ber í viðskiptum á öðrum viðskiptavettvangi ef verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang ákveður að fella tímabundið niður viðskipti með fjármálagerning eða taka hann úr viðskiptum. Tryggja ætti, í þágu réttarvissu og til að taka á hagsmunaárekstrum með viðeigandi hætti þegar ákveðið er að fella tímabundið niður viðskipti með fjármálagerninga eða taka þá úr viðskiptum, að hætti verðbréfafyrirtæki, eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang, viðskiptum vegna þess að ekki er farið að reglum þess aðila skuli hinir fylgja þeirri ákvörðun, ef lögbær yfirvöld fara fram á það, nema hægt sé að réttlæta áframhaldandi viðskipti á grundvelli sérstakra aðstæðna. Enn fremur er nauðsynlegt að gera upplýsingaskipti og samstarf formleg og bæta þau milli lögbæru yfirvaldanna með tilliti til tímabundinnar niðurfellingar viðskipta með fjármálagerninga á viðskiptavettvangi eða töku þeirra úr viðskiptum. Þessum ráðstöfunum ætti að beita þannig að þær komi í veg fyrir að viðskiptavettvangur noti upplýsingar sem veittar eru með tilliti til tímabundinnar niðurfellingar viðskipta í hagnaðarskyni með fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum.

70) Fleiri fjárfestar hafa orðið virkir á fjármálamörkuðum þar sem þeim bjóðast stöðugt flóknari og víðtækari þjónusta og gerningar og, í ljósi þessarar þróunar, er nauðsynlegt að kveða á um ákveðna samræmingu þannig að fjárfestar njóti öflugrar verndar alls staðar innan Sambandsins. Þegar tilskipun 2004/39/EB var samþykkt var nauðsynlegt að telja veitingu ráðgjafarþjónustu til fjárfestingarþjónustu sem þyrfti starfsleyfi og háð væri sérstökum skyldum um viðskiptahætti þar eð fjárfestar reiddu sig í auknum mæli á persónulegar ráðleggingar. Persónulegar ráðleggingar halda áfram að skipta viðskiptavini máli og sífellt flóknari þjónusta og gerningar kalla á frekari skyldur hvað varðar viðskiptahætti til að efla vernd fjárfesta.

71) Aðildarríkin ættu að tryggja að verðbréfafyrirtæki starfi með hliðsjón af hagsmunum viðskiptavina sinna og geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun. Verðbréfafyrirtæki ættu því að skilja eiginleika fjármálagerninga sem eru í boði eða mælt er með og koma á og endurskoða skilvirkar áætlanir og ráðstafanir til að bera kennsl á þá flokka

viðskiptavina sem bjóða ætti afurðir og þjónustu. Aðildarríkin ættu að tryggja að verðbréfafyrirtæki sem framleiða fjármálagerninga sjái til þess að þessar afurðir séu framleiddar til að fullnægja þörfum vel afmarkaðs markhóps endanlegra viðskiptavina innan viðeigandi flokks viðskiptavina, gera skynsamlegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningum sé dreift til þessa tilgreinda markhóps og reglubundið endurmeta greiningu markhópsins og arðsemi afurðanna sem þeir bjóða. Verðbréfafyrirtæki sem bjóða eða mæla með fjármálagerningum, sem þau hafa ekki sjálf framleitt, við viðskiptavini ættu einnig að hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að fá og skilja upplýsingar sem skipta máli í ferlinu til viðurkenningar á afurðinni, þ.m.t. tilgreindan markhóp og eiginleika afurðarinnar sem þeir bjóða eða mæla með. Þessi skylda ætti að gilda með fyrirvara um hvers konar mat á því hvort afurðin á rétt á sér eða hentar og hvað verðbréfafyrirtækið gerir síðar þegar það veitir einstaka viðskiptavini þjónustu, á grundvelli persónulegra þarfa hans, eiginleika og markmiða.

Verðbréfafyrirtæki sem bjóða eða mæla með afurð sem framleidd er af fyrirtækjum sem falla ekki undir kröfur um vörustýringu, sem settar eru fram í þessari tilskipun, eða fyrirtæki í þriðju löndum framleiða, ættu, til að tryggja að fjármálagerningar verði eingöngu í boði eða mælt með þeim þegar það er í þágu viðskiptavinar, einnig að hafa komið á viðeigandi ráðstöfunum til þess að fá nægilegar upplýsingar um fjármálagerninginn.

72) Rétt er, til að veita fjárfestum allar upplýsingar sem skipta máli, að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf greini frá kostnaði við ráðgjöfina til að útskýra grundvöllinn fyrir ráðgjöfinni sem þau veita, einkum hvaða afurðir þau hafa í huga við að veita viðskiptavini persónulegar ráðleggingar, hvort sem þau veita fjárfestingarráðgjöf á óháðum grundvelli og hvort þau veita viðskiptavinum reglubundið mat á því hvers vegna fjármálagerningar, sem mælt er með, hentar þeim. Einnig er rétt að gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki skýri fyrir viðskiptavinum sínum ástæður fyrir ráðgjöfinni sem þau veita þeim.

73) Til að koma á frekari regluramma fyrir fjárfestingarráðgjöf en á sama tíma veita verðbréfafyrirtækjum og viðskiptavinum valfrelsi er rétt að setja skilyrði fyrir veitingu á slíkri þjónustu þegar fyrirtæki upplýsa viðskiptavini um að þjónustan sé veitt á óháðum grundvelli. Þegar ráðgjöf er veitt á óháðum grundvelli ætti að leggja mat á nægilega margar afurðir hjá framleiðendum þeirra áður en persónulegar leiðbeiningar eru veittar. Ekki er nauðsynlegt að ráðgjafi meti fjárfestingarafurðir sem í boði eru frá öllum söluaðilum afurðarinnar eða útgefendum en ekki ætti að takmarka úrval fjárfestingargerninga við fjármálagerninga sem stofnun gefur út eða lætur öðrum aðilum í té sem verðbréfafyrirtækið hefur það náin lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við, s.s. samningsbundin tengsl, að hætt sé við að slíkt dragi úr óhæði ráðgjafarinnar sem veitt er.

74) Til að auka vernd fjárfesta og gera þjónustuna sem viðskiptamenn fá gagnsærri er einnig rétt að takmarka frekar möguleika fyrirtækja sem veita fjárfestingarráðgjöf á óháðum grundvelli og þjónustu við eignastýringu að samþykkja og halda eftir gjöldum, þóknunum eða öðrum peningalegum eða ópeningalegum ávinningi frá þriðju aðilum, einkum útgefendum eða söluaðilum afurðarinnar. Þetta þýðir að endurgreiða skal viðskiptavini að fullu öll gjöld, þóknanir og hvers konar peningalegan ávinning sem þriðji aðili greiðir eða lætur í té, eins fljótt og auðið er eftir að fyrirtækinu hafa borist þessar greiðslur og fyrirtækinu ætti ekki að vera heimilt að draga neinar greiðslur frá þriðja aðila frá þeim þóknunum sem viðskiptavinur skuldar fyrirtækinu. Viðskiptavinurinn ætti að fá nákvæmar upplýsingar, þar sem við á og með reglubundnum hætti, um öll gjöld, þóknanir og ávinning sem fyrirtækið hefur móttekið í tengslum við fjárfestingarþjónustu sem viðskiptavini er veitt og framseld til hans. Fyrirtæki sem veita óháða ráðgjöf eða eignastýringu ættu einnig að koma á stefnu sem hluta af skipulagskröfum sínum til tryggja að mótteknum greiðslum frá þriðja aðila sé úthlutað og þær fluttar til viðskiptavinanna. Eingöngu ætti að leyfa minniháttar ópeningalegan ávinning að því tilskildu að viðskiptavini sé skilmerkilega gerð grein fyrir honum, að hann geti eflt gæði þeirrar þjónustu sem veitt er og að teljist ekki skaða getu verðbréfafyrirtækja til gæta sem best hagsmuna viðskiptavina sinna.

75) Þegar fjárfestingarráðgjöf er veitt á óháðum grundvelli og þjónusta við eignastýringu býðst ætti ekki að heimila gjöld, þóknanir eða ópeningalegan ávinning, sem aðili greiðir eða reiðir fram fyrir hönd viðskiptavinar, nema ef þeim aðila er ljóst að slíkar greiðslur hafi farið fram fyrir hönd viðkomandi aðila og að viðskiptavinur og verðbréfafyrirtæki hafi komið sér saman um fjárhæð og tíðni greiðslunnar og þriðji aðili hafi ekki ákveðið það. Þessari kröfu er fullnægt í tilvikum þegar viðskiptavinur greiðir reikning verðbréfafyrirtækis milliliðalaust eða óháður þriðji aðili sem hefur engin tengsl við verðbréfafyrirtækið hvað varðar fjárfestingarþjónustuna, sem viðskiptavinurinn fær og aðhefst eingöngu samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinarins, og í tilvikum þegar viðskiptavinur semur um gjald fyrir veitta þjónustu verðbréfafyrirtækisins og greiðir það gjald. Þetta á alla jafnan við þegar um endurskoðendur eða lögfræðinga sem aðhafast samkvæmt skýrum greiðslufyrirmælum frá viðskiptavini eða þegar aðili miðlar einfaldlega greiðslunni.

76) Tilskipun þessi kveður á um skilyrði og málsmeðferðarreglur sem aðildarríkin eiga að fara að þegar þau áforma að leggja á viðbótarkröfur. Slíkar kröfur geta falið í sér bann við takmörkunum eða frekari takmarkanir á möguleikum til að bjóða eða taka við þóknunum, umboðslaunum eða peningalegum eða ópeningalegum ávinningi sem þriðji aðili eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila greiðir eða reiðir fram í tengslum við þjónustu við viðskiptavini.

77) Til að vernda neytendur enn frekar er einnig rétt að tryggja að verðbréfafyrirtæki umbuni ekki starfsfólki sínu eða meti frammistöðu þess á þann hátt að stríði gegn þeirri skyldu fyrirtækisins að hafa hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi, t.d. með þóknunum, sölumarkmiðum eða hvetji það með öðrum hætti til að mæla með eða selja sérstaka fjármálagerninga þegar aðrar afurðir kunna að henta betur þörfum viðskiptavinarins.

78) Þegar fullnægjandi upplýsingar um kostnað og tengd gjöld eða áhættu að því er varðar sjálfan fjármálagerninginn eru veittar í samræmi við önnur lög Sambandsins ætti að telja þær upplýsingar viðeigandi í því skyni að veita viðskiptavinum upplýsingar samkvæmt þessari tilskipun. Þó ættu verðbréfafyrirtæki eða lánastofnanir sem dreifa fjármálagerningnum einnig að tilkynna viðskiptavinum sínum um allan annan kostnað og tengd gjöld sem tengjast því að þau veita fjárfestingarþjónustu í tengslum við þann fjármálagerning.

79) Í ljósi þess hversu fjárfestingarafurðir eru flóknar og stöðugra nýjunga í útfærslu þeirra er einnig mikilvægt að tryggja að starfsfólk sem veitir almennum fjárfestum ráðleggingar um fjárfestingarafurðir eða selur þær, búi yfir nægri þekkingu og færni að því er varðar þá afurð sem í boði er. Verðbréfafyrirtæki ættu að gefa starfsfólki sínu nægan tíma og úrræði til að öðlast þekkingu og færni og beita henni þegar það veitir viðskiptavinum þjónustu.

80) Verðbréfafyrirtækjum er heimilt að veita fjárfestingarþjónustu sem felst eingöngu í framkvæmd og/eða móttöku og sendingu fyrirmæla viðskiptavinar, án þess að þörf sé á því að fá upplýsingar um þekkingu og reynslu viðskiptavinarins til að meta hvort þjónustan eða fjármálagerningurinn sé viðeigandi. Rétt að bæta skilyrðin fyrir veitingu slíkrar þjónustu þar eð hún hefur í för með sér skerðingu á vernd viðskiptavinar. Einkum er rétt að útiloka möguleikann á að veita þessa þjónustu í tengslum við viðbótarstarfsemi sem felst í því að veita fjárfestum lánafyrirgreiðslu eða lánveitingu er gerir þeim kleift að annast viðskipti sem verðbréfafyrirtækið tekur þátt í, þar sem þetta eykur flækjustig viðskiptanna og gerir erfiðara að skilja meðfylgjandi áhættu. Einnig er rétt að skilgreina betur viðmiðin við val á fjármálagerningum sem þessi þjónusta ætti að varða til að útiloka ákveðna fjármálagerninga, þ.m.t. þá sem fela í sér afleiðu eða fyrirkomulag sem gerir viðskiptavininum erfitt að meta meðfylgjandi áhættu, hlutabréf í fyrirtækjum sem eru ekki verðbréfasjóðir (sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem ekki eru verðbréfasjóðir) og afleiðutengdir verðbréfasjóðir eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 36. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 ([1]). Meðferð tiltekinna verðbréfasjóða sem flókinna afurða ætti að vera með fyrirvara um lög Sambandsins í framtíðinni þar sem skilgreind eru gildissvið og reglur sem gilda um slíkar afurðir.

81) Krosssala er sameiginleg áætlun þeirra sem veita almenna fjármálaþjónustu alls staðar í Sambandinu. Hún getur verið ávinningur fyrir almenna fjárfesta en getur einnig falið í sér starfsvenjur þar sem ekki er tekið nægilega mikið tillit til hagsmuna viðskiptavinarins. Til dæmis eru ákveðnar tegundir af krosssölu, þ.e. samtvinnuð framkvæmd þar sem tvenns konar fjárfestingarþjónusta eða fleiri eru seldar saman í einum pakka og að minnsta kosti ein þessarar þjónustu stendur ekki til boða ein og sér, getur raskað samkeppni og haft skaðleg áhrif á hreyfanleika viðskiptavinar og getu þeirra til að velja á upplýstan hátt. Dæmi um samtvinnaða framkvæmd getur verið þegar gerð er krafa um að almennur fjárfestir opni ávísanareikning til að fá þjónustu. Þótt samþætting, þar sem tvenns konar fjármálaþjónusta eða fleiri er seld saman í pakka en er einnig hægt að kaupa á sérstaklega, kunni vissulega að raska samkeppni og hafa skaðleg áhrif á hreyfanleika og getu viðskiptavina til að velja á upplýstan hátt, gerir hún viðskiptavini kleift að velja og hindrar síður að verðbréfafyrirtæki geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun. Meta ætti gaumgæfilega notkun slíkra aðferða til að efla samkeppni og auka valmöguleika neytenda.

82) Verðbréfafyrirtæki ættu, þegar þau veita fjárfestingarráðgjöf, að tilgreina í skriflegri greinargerð um hentugleika hvernig veitt ráðgjöf samrýmist því sem almennur fjárfestir kýs helst, þörfum hans og öðrum eiginleikum. Veita ætti yfirlýsinguna á varanlegum miðli þar með talið á rafrænu formi. Verðbréfafyrirtækið ber ábyrgð á að meta hentugleika

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri (Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 1).

og láta viðskiptavini í té nákvæma skýrslu þar að lútandi og ættu viðeigandi öryggisráðstafanir að vera til staðar til að tryggja að viðskiptavinurinn verði ekki fyrir tapi vegna skýrslunnar þar sem persónuleg tilmæli eru sett fram á ónákvæman og ósanngjarnan hátt, þar með talið hvernig ráðgjöfin hentar viðskiptavininum og óhagræði af aðgerðum sem mælt er með.

83) Verðbréfafyrirtæki ætti, við ákvörðun á því hvenær upplýsingar teljast vera veittar á réttum tíma, fyrir þann tíma sem tilgreindur er í þessari tilskipun, að taka tillit til þess, með hliðsjón af því hve aðkallandi aðstæður eru, að viðskiptavinurinn þarf nægan tíma til að lesa og skilja þær áður en hann tekur ákvörðun um fjárfestingu. Líklegt er að viðskiptavinur þurfi meiri tíma til meta upplýsingar sem veittar eru um flóknari eða óþekkta afurð eða þjónustu, eða afurð eða þjónustu sem viðskiptavinur hefur enga reynslu af en viðskiptavinur sem metur einfaldari eða þekktari afurð eða þjónustu, eða þá sem hann hefur þegar hlotið reynslu af.

84) Engin ákvæði í þessari tilskipun ættu að skylda verðbréfafyrirtæki til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar, samstundis eða samtímis, um verðbréfafyrirtækið, fjármálagerninga, kostnað og tengd gjöld eða varðandi varðveislu fjármálagerninga viðskiptavinar eða fjármuna viðskiptavinar að því tilskildu að þeir uppfylli almennu skylduna um að veita viðeigandi upplýsingar með góðum fyrirvara fyrir þann tíma sem er tilgreindur í þessari tilskipun. Áður en þjónustan er veitt eru engin ákvæði í þessari tilskipun sem skylda fyrirtæki til að veita þær, annaðhvort sérstaklega eða með því að fella þær inn í samning við viðskiptavin, að því tilskildu að upplýsingunum sé komið til viðskiptavinarins með góðum fyrirvara.

85) Litið skal svo á að þjónusta sé veitt að frumkvæði viðskiptavinar nema þegar viðskiptavinurinn fer fram á hana vegna persónubundinna skilaboða frá fyrirtækinu eða af hálfu þess til þessa tiltekna viðskiptavinar, og þau fela í sér boð eða er ætlað að hafa áhrif á viðskiptavininn að því er varðar tiltekinn fjármálagerning eða tiltekin viðskipti. Hægt er að líta svo á þjónusta sé veitt að frumkvæði viðskiptavinar þrátt fyrir að viðskiptavinurinn fari fram á hana á grundvelli skilaboða sem innihalda hvers kyns kynningu eða tilboð á fjármálagerningum sem eru almenns eðlis og ætluð eru almenningi eða stærri hópi eða flokki viðskiptavina eða hugsanlegum viðskiptavinum.

86) Eitt af markmiðum þessarar tilskipunar er að vernda fjárfesta. Aðlaga ætti ráðstafanir til að vernda fjárfesta að sérkennum hvers flokks fjárfesta (almennir fjárfestar, fagfjárfestar og mótaðilar). Samt sem áður, til að efla reglurammann sem gildir um þjónustustarfsemi án tillits til þess hvaða flokki hlutaðeigandi viðskiptavinir tilheyra, er rétt að gera það ljóst að meginreglur um að koma fram af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku gilda um samskiptin við alla viðskiptavini sem og skyldan til að sýna sanngirni, vera skýr og ekki villandi.

87) Fjárfestingar sem fela í sér vátryggingasamninga eru oft gerðir aðgengilegir viðskiptavinum sem aðrir mögulegir kostir eða til að koma í stað fjármálagerninga sem falla undir þessa tilskipun. Til að almennir fjárfestar njóti jafnrar verndar og að tryggja jöfn skilyrði fyrir sambærilegar afurðir er mikilvægt að viðeigandi kröfur gildi um vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir. Þess vegna ætti að beita kröfum um vernd fjárfesta í þessari tilskipun með jöfnum hætti gagnvart þeim fjárfestingum sem eru innifaldar í vátryggingarsamningum en vegna mismunandi gerðar markaðarins og einkenna afurðarinnar er hentugra að ítarlegar kröfur séu settar fram í yfirstandandi endurskoðun á tilskipun 2002/92/EB heldur en að setja þær fram í þessari tilskipun. Þannig ætti framtíðarlöggjöf Sambandsins um starfsemi vátryggingamiðlara og vátryggingafélaga að tryggja með viðeigandi hætti samræmda nálgun í lagasetningu að því er varðar dreifingu mismunandi fjármálaafurða sem uppfylla svipaðar kröfur fjárfesta og orsaka þess vegna sambærilegar áskoranir að því er varðar vernd fjárfesta. Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]), og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) ættu að starfa saman við að ná fram eins miklu samræmi og unnt er í starfsháttum í stöðlum um viðskiptahætti að því er varðar þessar fjárfestingarafurðir. Kveða ætti á um þessar nýju kröfur um vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir í tilskipun 2002/92/EB.

88) Til að samhæfa reglur sem varða hagsmunaárekstra, almennar meginreglur og upplýsingar til viðskiptavina og til að gefa aðildarríkjum færi á að setja takmarkanir á greiðslur til vátryggingamiðlara, ætti að breyta tilskipun 2002/92/EB til samræmis við það.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

89) Vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir sem bjóða ekki upp á fjárfestingatækifæri og innlán sem eru einvörðungu háð vöxtum ættu að vera undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar. Utan gildissviðs þessarar tilskipunar ættu að falla einstakar og starfstengdar lífeyrisafurðir sem fyrst og síðast miða að því að tryggja fjárfestinum tekjur eftir starfslok, með tilliti til séreinkenna þeirra og markmiða.

90) Þrátt fyrir meginregluna um að heimaaðildarríki veiti starfsleyfi, annist eftirlit og gæti þess að skyldur varðandi rekstur útibúa séu virtar, er við hæfi að lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu beri ábyrgð á því að tilteknar skyldur sem tilgreindar eru í þessari tilskipun séu virtar að því er varðar viðskipti sem fara fram í útibúi á því yfirráðasvæði þar sem útibúið er staðsett vegna þess að það yfirvald er næst útibúinu og er í betri stöðu til að greina og binda enda á brot á reglum um rekstur útibúsins.

91) Nauðsynlegt er að koma á skilvirkri skyldu um „bestu framkvæmd“ til að tryggja að verðbréfafyrirtæki framkvæmi fyrirmæli viðskiptavina með skilmálum sem eru hagstæðastir fyrir viðskiptavininn. Þessi skylda ætti að gilda þegar fyrirtæki þarf að uppfylla samningsbundnar skyldur gagnvart viðskiptavininum eða skyldur samkvæmt umboði.

92) Þegar litið er til þess að nú er meira úrval viðskiptastaða í boði í Sambandinu er rétt að styrkja rammann um bestu framkvæmd fyrir almenna fjárfesta. Líta ætti til framþróunar í tækni við eftirlit á bestu framkvæmd við notkun rammans um bestu framkvæmd í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 1. mgr. 27. gr.

93) Til að ákvarða hvað felist í bestu framkvæmd, þegar um er að ræða fyrirmæli almennra fjárfesta, ætti kostnaðurinn vegna framkvæmdarinnar að taka til umboðslauna eða þóknana sem sjálft verðbréfafyrirtækið fer fram á að viðskiptavinurinn greiði vegna ákveðinnar þjónustu, þegar fleiri en einn vettvangur, sem er skráður í framkvæmdarstefnu fyrirtækisins, getur framkvæmt tiltekin fyrirmæli. Í slíkum tilvikum skal taka tillit til umboðslauna og kostnaðar fyrirtækisins sjálfs við framkvæmd fyrirmæla á sérhverjum tiltækum viðskiptastað til þess að meta og bera saman árangur sem hægt væri að ná fyrir viðskiptavininn með því að framkvæma fyrirmælin í gegnum hvern og einn slíkan vettvang. Þó er ekki ætlunin að gera kröfu um að fyrirtæki beri saman árangur sem yrði náð fyrir viðskiptavin þess á grundvelli eigin framkvæmdarstefnu, umboðslauna og þóknana með þeim árangri sem eitthvert annað verðbréfafyrirtæki gæti náð fyrir sama viðskiptavin á grundvelli annarrar framkvæmdastefnu eða annars konar uppbyggingar í umboðslaunum eða þóknunum. Ekki er heldur ætlunin að gera kröfu um að fyrirtæki beri saman mismun á eigin umboðslaunum sem rekja má til þess að fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum mismunandi tegund af þjónustu.

94) Ákvæði þessarar tilskipunar sem kveða á um að í kostnaði við framkvæmd skuli felast eigin umboðslaun eða þóknanir sem verðbréfafyrirtækið krefur viðskiptavininn um vegna veittrar fjárfestingarþjónustu, ættu ekki gilda við ákvörðun á því hvaða viðskiptastað ætti að telja með í framkvæmdarstefnu fyrirtækisins að því er varðar 5. mgr. 27. gr. þessarar tilskipunar.

95) Líta ber á það sem ósanngjarna mismunun milli viðskiptastaða hjá verðbréfafyrirtæki ef samsetning eða innheimta umboðslauna þess er með þeim hætti að það innheimti mismunandi umboðslaun eða þau eru á mismunandi verðbili eftir viðskiptavinum fyrir framkvæmd á mismunandi viðskiptastöðum og að sá mismunur endurspegli ekki raunverulegan mun á kostnaði fyrirtækisins við framkvæmd í þessum kerfum.

96) Til að bæta skilyrðin sem gilda um þá skyldu verðbréfafyrirtækis að framkvæma fyrirmæli með skilmálum sem eru hagstæðastir fyrir viðskiptavini þeirra í samræmi við þessa tilskipun, er rétt að krefjast þess, hvað varðar fjármálagerninga sem falla undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að sérhver viðskiptastaður og innmiðlari og að því er varðar aðra fjármálagerninga að sérhver viðskiptastaður hafi aðgengilegar almenningi upplýsingar um gæði framkvæmdar viðskipta á hverjum stað,

97) Upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum í tengslum við framkvæmdarstefnu sína eru oft almennar og staðlaðar og gera viðskiptavinum ekki kleift að skilja hvernig fyrirmæli verða framkvæmd eða að sannreyna að fyrirtæki uppfylli skyldu sína til að framkvæma fyrirmæli með þeim skilmálum sem eru hagstæðastir fyrir viðskiptavini þeirra. Til að auka vernd fjárfesta er rétt að gera skýra grein fyrir meginreglunum sem varða upplýsingar verðbréfafyrirtækja til viðskiptavina sinna um framkvæmdarstefnu og að krefjast þess af fyrirtækjum að þau geri árlega opinbera, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, skrá yfir tíu mikilvægustu viðskiptastaðina þar sem þau hafa framkvæmt fyrirmæli viðskiptavina á næstliðnu ári og taki tillit til þessara upplýsinga og upplýsinga sem viðskiptastaðir birta um gæði framkvæmdar í stefnu sinni um bestu framkvæmd.

98) Þegar verðbréfafyrirtæki kemur á viðskiptatengslum við viðskiptavin gæti það beðið viðskiptavininn eða hugsanlegan viðskiptavin að samþykkja samtímis framkvæmdastefnuna og einnig að hægt sé að afgreiða fyrirmæli þessa aðila utan viðskiptavettvangs.

99) Ekki skal líta svo á að aðilar sem veita fjárfestingarþjónustu fyrir hönd fleiri en eins verðbréfafyrirtækis séu einkaumboðsmenn heldur verðbréfafyrirtæki þegar þeir falla undir skilgreininguna sem kveðið er á um þessari tilskipun, að undanskildum tilteknum aðilum sem kunna að njóta undanþágu.

100) Þessi tilskipun skal vera með fyrirvara um rétt einkaumboðsmanna til að stunda starfsemi sem fellur undir aðrar tilskipanir og tengda starfsemi að því er varðar fjármálaþjónustu eða fjármálaafurðir sem falla ekki undir þessa tilskipun, þar á meðal fyrir hönd annarra hluta sömu fjármálasamstæðu.

101) Þessi tilskipun tekur ekki til skilyrða fyrir starfsemi sem er stunduð utan athafnasvæðis verðbréfafyrirtækisins (sala við húsdyr).

102) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ættu ekki skrá eða afturkalla skráninguna þegar starfsemin, sem fer í reynd fram, bendir ótvírætt til þess að einkaumboðsmaður hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda á yfirráðasvæði annars aðildarríkis þar sem hann hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar.

103) Í þessari tilskipun ætti að líta svo á að viðurkenndir mótaðilar séu í hlutverki viðskiptavinar.

104) Fjármálakreppan hefur sýnt að viðskiptavinir sem ekki eru almennir fjárfestar hafa takmarkaða getu til að meta áhættuna af fjárfestingum sínum. Rétt er að ítreka að framfylgja ætti reglum um viðskiptahætti að því er varðar þá fjárfesta sem hafa mestu þörf fyrir vernd en hins vegar ætti að kveða nánar á um þær kröfur sem eiga við um ólíka hópa viðskiptavina. Að því marki er rétt að auka við sumar upplýsinga- og skýrslugjafarkröfur þannig að þær nái til tengsla við viðurkennda gagnaðila. Einkum ættu viðkomandi kröfur að lúta að því að vernda fjármálagerninga og fjármuni viðskiptavina sem og upplýsinga- og skýrslugjafarkröfur sem varða flóknari fjármálagerninga og viðskipti. Til að skilgreina betur flokkun sveitarfélaga og opinberra staðaryfirvalda er rétt að undanskilja þau með skýrum ætti í skránni yfir viðurkennda gagnaðila og yfir viðskiptavini, sem taldir eru fagfjárfestar, en jafnframt að heimila þessum viðskiptavinum að fara fram á að farið sé með þá sem fagfjárfesta ef þeir æskja þess.

105) Að því er varðar viðskipti sem fara fram á milli viðurkenndra gagnaðila ætti skyldan um að birta skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar aðeins að gilda þegar mótaðili sendir afdráttarlaust skilyrt fyrirmæli til verðbréfafyrirtækis til framkvæmdar.

106) Aðildarríkin ættu að tryggja að réttur til verndar persónuupplýsingum sé virtur í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/52/EB ([2]) sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer við beitingu þessarar tilskipunar. Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar við beitingu þessarar tilskipunar er háð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 45/2001 ([3]).

107) Verðbréfafyrirtæki skulu öll hafa sömu tækifæri til að komast inn á eða hafa aðgang að skipulegum mörkuðum alls staðar í Sambandinu. Mikilvægt er, óháð því hvernig viðskipti eru sem stendur skipulögð í aðildarríkjunum, að fella niður tæknilegar og lagalegar hömlur á aðgangi að skipulegum mörkuðum.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

108) Til að auðvelda lyktir viðskipta milli landa er við hæfi að veita verðbréfafyrirtækjum aðgang að færsluvísunarstöðvum og uppgjörskerfum alls staðar í Sambandinu óháð því hvort viðskipti hafi farið fram á skipulegum mörkuðum í hlutaðeigandi aðildarríki. Verðbréfafyrirtæki sem óska þess að taka beinan þátt í uppgjörskerfum annarra aðildarríkja ættu að uppfylla kröfur varðandi rekstur og viðskipti í tengslum við aðild og varfærnisráðstafanir til að viðhalda snurðulausri og eðlilegri virkni fjármálamarkaðanna.

109) Veiting þjónustu í Sambandinu af hálfu fyrirtækja í þriðja landi er háð landsbundnu regluverki og kröfum. Fyrirtæki sem fá starfsleyfi í samræmi við þau hafa ekki frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétt í aðildarríkjum að öðru leyti en þann rétt sem tilheyrir þar sem þau hafa staðfestu. Þegar aðildarríki telur að unnt sé að ná fullnægjandi vernd fyrir almenna fjárfesta sína, eða almenna fjárfesta sem hafa óskað eftir að fá meðferð sem fagfjárfestar með því að fyrirtæki í þriðja landi stofni útibú, er rétt að koma á sameiginlegum lágmarksregluramma á vettvangi Sambandsins með tilliti til þeirra krafna sem eiga við um þessi útibú og í ljósi meginreglunnar um að fyrirtæki þriðju landa ættu ekki að fá hagstæðari meðferð en fyrirtæki í Sambandinu.

110) Við framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar ættu aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til tilmæla fjármálaaðgerðahópsins varðandi svæði þar sem annmarkar eru á skipulögðum aðgerðum í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gagnaðgerðir gilda um eða svæði þar sem annmarkar eru á skipulögðum aðgerðum í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og ekki hefur tekist að ná viðunandi árangri þar við að taka á annmörkunum eða þau hafa ekki skuldbundið sig til að þróa aðgerðaáætlun, í samstarfi við fjármálaaðgerðahópinn, til þess að ráða bót á þeim.

111) Ákvæði þessarar tilskipunar um reglur um fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi, sem fyrirtæki þriðju landa veita innan Sambandsins ættu ekki að hafa áhrif á hvort aðilar með staðfestu í Sambandinu eigi þess kost að fá fjárfestingarþjónustu hjá fyrirtæki þriðja lands að þeirra eigin frumkvæði einvörðungu. Þegar fyrirtæki þriðja lands veitir einvörðungu þjónustu að frumkvæði aðila sem hefur staðfestu í Sambandinu ætti ekki að líta svo á að þessi þjónusta sé veitt á yfirráðasvæði Sambandsins. Fyrirtæki þriðja lands ætti ekki, þegar það leitar viðskiptavina eða mögulegra viðskiptavina í Sambandinu eða kynnir eða auglýsir fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi ásamt viðbótarstarfsemi í Sambandinu, að telja hana vera þjónustu sem veitt er einvörðungu að frumkvæði viðskiptavinarins.

112) Starfsleyfi til að starfrækja skipulegan markað ætti ná til allrar starfsemi sem varðar beint birtingu, vinnslu, framkvæmd, staðfestingu og tilkynningu fyrirmæla frá því að slík fyrirmæli eru móttekin á skipulegum markaði og uns þau eru leidd til lykta og til starfsemi sem tengist því að leyfa viðskipti með fjármálagerninga. Þetta ætti einnig taka til viðskipta sem fara fram um viðskiptavaka sem skipulegur markaður tilnefnir og samkvæmt markaðskerfum hans og í samræmi við reglurnar sem gilda um þau kerfi. Ekki skal líta svo á að öll viðskipti aðila eða þátttakenda á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi fari fram innan markaðskerfis skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs. Viðskipti sem aðilar eða þátttakendur eiga á tvíhliða grunni og samrýmast ekki öllum skyldunum sem kveðið er á um varðandi skipulegan markað, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskiptavettvang samkvæmt þessari tilskipun ættu að teljast viðskipti sem fara fram utan skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs, að því er varðar skilgreiningu á innmiðlara. Í því tilviki ætti sú skylda verðbréfafyrirtækja að gera opinber bindandi verðtilboð að gilda að uppfylltum skilyrðunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

113) Þar eð mikilvægt er að skapa seljanleika svo markaðir virki eðlilega og með skilvirkum hætti ættu verðbréfafyrirtæki sem stunda algrímsviðskipti innan ramma áætlunar um viðskiptavakt að vera með skriflega samninga við við-skiptavettvanga þar sem tilgreindar eru skyldur þeirra að stuðla að seljanleika á markaðinum.

114) Í þessari tilskipun ætti ekki að gera neina kröfu um að lögbær yfirvöld samþykki eða athugi efni skriflegs samnings milli skipulega markaðarins og verðbréfafyrirtækisins sem krafist er vegna þátttöku í viðskiptavaktarkerfi. Hins vegar hindrar hún ekki að þau geri það að því marki sem slíkt samþykki eða athugun byggist einvörðungu á því að skipulegir markaðir uppfylli skyldur sínar skv. 48. gr.

115) Veiting kjarnaþjónustu vegna miðlægra markaðsgagna sem skipta notendur höfuðmáli svo þeir geti haft þá yfirsýn sem æskileg er yfir viðskiptastarfsemi á fjármálamörkuðum í Sambandinu og til að lögbær yfirvöld fái nákvæmar og heildstæðar upplýsingar um tiltekin viðskipti ætti að falla undir starfsleyfi og reglusetningu til að tryggja nauðsynleg gæði.

116) Innleiðing viðurkenndrar birtingarþjónustu ætti að bæta gæði upplýsinga um gagnsæi viðskipta sem birtar eru á svæðinu utan verðbréfamarkaða og með henni yrði lagt umtalsvert af mörkum til að tryggja að slík gögn séu birt þannig að greiðar gangi að sameina þau gögnum sem viðskiptavettvangur birtir.

117) Nú, þegar komin er á markaðsgerð sem gerir samkeppni milli margs konar viðskiptavettvanga mögulega, er brýnt að skilvirkt og heildrænt kerfi fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar sé tekið í notkun eins fljótt og auðið er. Innleiðing viðskiptalausnar fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar fyrir hlutabréf og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum ætti að stuðla að tilurð samþættari Evrópumarkaðar og greiða fyrir aðgangi markaðsaðila að samstæðuyfirliti um gagnsæjar viðskiptaupplýsingar sem tiltækar eru. Fyrirhuguð lausn byggist á starfsleyfi veitenda, sem starfa samkvæmt fyrirfram skilgreindum og stýrðum breytum sem keppa hver við aðra, til að ná takmarkinu um tæknilega háþróaðar og nýstárlegar lausnir, sem koma markaðnum að eins miklu gagni og mögulegt er og tryggja að samræmd og nákvæm markaðsgögn séu tiltæk. Tryggt er að samkeppni fari fram á grundvelli gæða í þjónustu við viðskiptavini fremur en á grundvelli umfangs þeirra gagna sem um ræðir með því að gera kröfu um að allir þjónustuaðilar sameinaðra viðskiptaupplýsinga sameini gögn frá öllum aðilum með viðurkennda birtingarþjónustu og viðskiptavettvangi. Engu að síður er rétt að kveða nú þegar á um að viðskiptaupplýsinga skuli aflað með opinberu innkaupaferli ef fyrirhugað tæki leiðir ekki til tímanlegrar afhendingar á skilvirkum og heildrænum viðskiptaupplýsingum um hlutabréf og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum.

118) Talið er að erfiðara sé að koma á kerfi um sameinaðar viðskiptaupplýsingar fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf heldur en sameinaðar upplýsingar fyrir hlutabréf og hugsanlegir veitendur ættu að hafa tækifæri til að afla sér reynslu með hið síðarnefnda áður en þeir koma því á fót. Til að greiða fyrir uppsetningu kerfis um sameinaðar viðskiptaupplýsingar fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf er því rétt að kveða á um lengri frest áður en farið er að beita innlendum ráðstöfunum sem innleiða viðkomandi ákvæði. Engu að síður er rétt að gera ráðstafanir nú þegar til að koma á fót kerfi sameinaðra viðskiptaupplýsinga í gegnum opinbert innkaupaferli ef áformað fyrirkomulag leiðir ekki til tímanlegrar afhendingar á skilvirkum og heildrænum sameinuðum viðskiptaupplýsingum um hlutabréf og aðra fjármálagerninga en hlutabréf.

119) Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðar, að því er varðar fjármálagerninga sem ekki eru hlutabréf, hvaða viðskiptavettvanga og viðurkennda birtingarþjónustu þurfi að telja með í upplýsingum um uppgjör viðskipta, sem þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar á að dreifa, ætti að tryggja að markmiðinu með stofnun samþætts Sambandsmarkaðar fyrir þessa fjármálagerninga verði náð og að viðurkennd birtingarþjónusta og viðskiptavettvangar fái meðferð án mismununar.

120) Í löggjöf Sambandsins um kröfur vegna eiginfjárgrunns ætti að fastsetja kröfur um lágmarksfjármagn sem skipulegir markaðir ættu að uppfylla til að fá starfsleyfi, og samhliða því sé tekið tillit til sérstaks eðlis áhættunnar sem tengist slíkum mörkuðum.

121) Rekstraraðilar skipulegs markaðar ættu einnig geta starfrækt markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar.

122) Ákvæðin í þessari tilskipun varðandi leyfi til að stunda viðskipti með fjármálagerninga samkvæmt reglum sem framfylgt er á skipulegum markaði ættu að vera með fyrirvara um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB (1) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB (2). Ekki ætti að koma í veg fyrir að á skipulegum markaði sé beitt strangari kröfum, að því er varðar útgefendur fjármálagerninga sem til greina kemur að leyfa viðskipti með, en þeim sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf (Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

123) Aðildarríkin ættu að geta tilnefnt mismunandi lögbær yfirvöld til að framfylgja þeim víðtæku skyldum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Slík yfirvöld ættu að vera opinber til að tryggja að þau séu óháð rekstraraðilum og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Aðildarríkin ættu að sjá til þess, í samræmi við innlend lög, að lögbæra yfirvaldið hafi næga fjármuni til ráðstöfunar. Tilnefning opinberra yfirvalda ætti ekki að útiloka að ábyrgð lögbæra yfirvaldsins sé deilt til annarra.

124) Til að tryggja að samskipti lögbærra yfirvalda um tímabundna stöðvun, afturkallanir, truflanir, ruglingsleg viðskiptaskilyrði og -aðstæður sem gætu bent til markaðssvika. séu skilvirk og tímanleg er nauðsynlegt að til sé skilvirkt samskipta- og samræmingarferli milli lögbærra landsyfirvalda sem komið verður á með tilhögun sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin mótar.

125) Samþykkt var á fundi G20-ríkjanna í Pittsburgh 25. september 2009 að bæta reglusetningu, virkni og gagnsæi á fjármála- og hrávörumörkuðum til að takast á óhóflegan óstöðugleika á hrávöruverði. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 28. október 2009 varðandi efnið „Bætt virkni aðfangakeðju matvæla í Evrópu“ og frá 2. febrúar 2011 varðandi efnið „Glíman við áskoranir á hrávörumörkuðum og í tengslum við hráefni“ eru tíundaðar ráðstafanir sem rétt er að gera í tengslum við endurskoðun á tilskipun 2004/39/EB. Í september 2011 birtu Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði meginreglur um reglusetningu og eftirlit á mörkuðum fyrir hrávöruafleiður. Þessar meginreglur voru samþykktar á fundi G20-ríkjanna í Cannes 4. nóvember 2011 en þar var hvatt til þess að eftirlitsaðilar markaðarins fengju formlega stöðu með stjórnunarvaldi, þ.m.t. valdheimildir til að ákveða fyrirfram viðeigandi stöðuhámörk.

126) Valdheimildir til handa lögbærum yfirvöldum ættu að vera studdar með ótvíræðum valdheimildum til að afla upplýsinga frá sérhverjum aðila varðandi stærð og tilgang stöðu í afleiðusamningum sem tengjast hrávöru og til fara fram á að aðilinn geri ráðstafanir til að minnka stærð stöðunnar í afleiðusamningunum.

127) Þörf er fyrir samræmt fyrirkomulag um stöðutakmarkanir til að tryggja meira samræmi og samfellu í beitingu G20-samningsins, einkum vegna samninga sem viðskipti eru höfð með hvar vetna í Sambandinu. Þess vegna ætti að veita lögbærum yfirvöldum óskertar valdheimildir til að setja takmarkanir á grundvelli aðferðafræði sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveður á stöður sem hver aðili getur haft á samstæðustigi, í afleiðusamningi í tengslum við hrávöru á hvaða tíma sem er til að koma í veg fyrir markaðssvik, m.a. að ná undirtökum á markaðnum, og stuðla að því að farið sé að reglum í verðlagningu og uppgjörsskilmálum, þ.m.t. að koma í veg fyrir stöður sem valda röskun á markaði. Slíkar takmarkanir ættu að efla heilleika markaðarins fyrir afleiður og undirliggjandi hrávöru með fyrirvara um verðmyndun á markaðnum á undirliggjandi hrávöru og ættu ekki að gilda um stöður sem draga á hlutlægan hátt úr áhættu sem helst beinlínis í hendur við viðskiptastarfsemi í tengslum við hrávöruna. Einnig ætti að gera skýra grein fyrir muninum á staðgreiðslusamningum fyrir hrávörur og samningum um hrávöruafleiður. Til að ná fram samræmda fyrirkomulaginu er einnig rétt að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fylgist með innleiðingu á stöðutakmörkunum og að lögbær yfirvöld komi á samstarfsskipulagi sem felur m.a. í sér að þau skiptist á viðkomandi gögnum og sé gert kleift að fylgjast með og framfylgja þeim.

128) Hvers konar vettvangur sem býður upp á viðskipti með hrávöruafleiður ætti að hafa viðunandi eftirlit með stöðustjórnun sem felur í sér a.m.k. nauðsynlegar valdheimildir til að fylgjast með og nálgast upplýsingar um stöður hrávöruafleiða til að krefjast fækkunar slíkra staðna eða lokunar þeirra og til að krefjast þess að seljanleiki skapist aftur á markaðinum til að draga úr áhrifum stórrar eða ráðandi stöðu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að halda utan um og birta skrá með samantekt yfir allar stöðutakmarkanir og allt stöðustjórnunareftirlit sem er í gildi. Beita ætti þessum takmörkunum og þessu skipulagi á samræmdan hátt og líta til sérstakra eiginleika viðkomandi markaðar. Þau ættu að vera skilmerkilega orðuð með tilliti til þess hvernig þeim er beitt og með tilliti til þeirra viðkomandi megindlegra marka sem mynda takmarkanirnar sem gætu haft í för með sér frekari skyldur.

129) Viðskiptavettvangar ættu vikulega að gera opinbera samanlagða sundurliðun yfir stöður sem ýmsir flokkar aðila hafa í ýmsum samningum um hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra sem viðskipti eru höfð með á vettvöngum þeirra. Ítarleg og nákvæm sundurliðun á stöðum allra aðila ætti að vera gerð aðgengileg lögbæru yfirvaldi a.m.k. daglega. Í fyrirkomulagi um skýrslur samkvæmt þessari tilskipun ætti að líta til, þar sem við á, skýrslugjafarkrafna sem þegar hafa verið settar skv. 8. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1227/2011.

130) Þótt aðferðafræðin sem notuð er við útreikning á stöðutakmörkunum ætti ekki að skapa hindranir á þróun nýrra hrávöruafleiðna ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að tryggja, við ákvörðun á aðferðafræðinni fyrir útreikning, að þróun nýrra hrávöruafleiðna geti ekki verið notuð til að sniðganga reglurnar um stöðutakmarkanir.

131) Ákvarða ætti stöðutakmarkanir fyrir hvern einstakan hrávöruafleiðusamning. Til að koma í veg fyrir að reglur um stöðutakmarkanir séu sniðgengnar vegna stöðugrar þróunar á nýjum samningum um hrávöruafleiður ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að tryggja að aðferðin sem notuð er við útreikning komi í veg fyrir að unnt sé að sniðganga þær með því að taka tillit til heildartölu opinna staðna í öðrum hrávöruafleiðum með sömu undirliggjandi hrávöru.

132) Æskilegt er að greiða fyrir aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni og auðvelda frekari þróun sérhæfðra markaða sem miða að því að sjá fyrir þörfum lítilla og meðalstórra útgefenda. Þessir markaðir, sem venjulega eru starfræktir samkvæmt þessari tilskipun sem markaðstorg fjármálagerninga, eru almennt þekktir sem vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja, vaxtarmarkaðir eða hliðarmarkaðir (e. *junior markets*). Með stofnun nýs undirflokks vaxtarmarkaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki innan markaðstorgs fjármálagerninga ætti sýnileiki þeirra og svipmót að eflast og þetta ætti einnig að greiða fyrir þróun sameiginlegra eftirlitsstaðla í Sambandinu fyrir þessa markaði. Beina ætti athyglinni að því hvernig ætti að hlúa betur að og efla notkun slíks markaðar með framtíðarlagasetningu, þannig að hann laði að sér fjárfesta og veiti möguleika á minna stjórnsýsluálagi, jafnframt því að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að fara inn á fjármagnsmarkaði í gegnum vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

133) Nauðsynlegt er að kröfurnar sem gilda um þennan nýja flokk markaða séu nógu sveigjanlegar til að hægt sé að taka tillit til þeirra fjölmörgu markaðslíkana sem til eru í Evrópu og sannað hafa gildi sitt. Einnig er nauðsynlegt að þær skapi rétt jafnvægi milli þess að viðhalda háu verndarstigi fyrir fjárfesta, sem er grundvallaratriði í því að efla traust fjárfesta á útgefendur á þessum mörkuðum, og jafnframt að þær dragi úr ónauðsynlegu stjórnsýsluálagi fyrir útgefendur á þessum mörkuðum. Lagt er til að fleiri einstökum atriðum varðandi kröfur um vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, svo sem þá er varða forsendur fyrir skráningu á slíkan markað, verði lýst nánar í framseldum gerðum eða tæknistöðlum.

134) Þar sem mikilvægt er að núverandi markaðir sem ganga vel verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum ætti rekstraraðilum markaða fyrir smærri og meðalstóra útgefendur áfram að gefast kostur á að starfrækja slíkan markað í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar án þess að sækja um skráningu á vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Útgefandi sem er lítið eða meðalstórt fyrirtæki ætti ekki að vera skyldugur til að sækja um að fjármálagerningar hans séu teknir til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

135) Til að þessi nýi flokkur markaða nýtist litlum og meðalstórum fyrirtækjum ættu að minnsta kosti 50% útgefenda með fjármálagerninga, sem eru skráðir á vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, að vera lítil og meðalstór fyrirtæki. Matið ætti að fara fram árlega. Þessu 50% viðmiði ætti að koma til framkvæmdar með sveigjanlegum hætti. Þótt ekki sé farið tímabundið að þessu viðmiði ætti það ekki að hafa í för með sér að tafarlaust verði að afskrá eða synja um að skrá viðskiptavettvanginn sem vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ef hóflegar væntingar eru um að hann uppfylli 50% viðmiðið að ári og næstu árin þar á eftir. Að því er varðar matið til að ákvarða hvort útgefandi er lítið og meðalstórt fyrirtæki ætti það að fara fram á grundvelli markaðsverðmætis þriggja næstliðinna almanaksára. Þannig ætti að tryggja að auðveldara verður fyrir þessa útgefendur að færa sig af þessum sérhæfðu mörkuðum yfir á aðalmarkaði.

136) Trúnaðarupplýsingar, sem tengiliður aðildarríkis fær frá tengilið annars aðildarríkis, ættu ekki að teljast innlendar eingöngu.

137) Nauðsynlegt er að auka samleitni valdheimilda sem lögbær yfirvöld búa yfir til að leggja grunn að sambærilegri fullnustu á hinum samþætta fjármálamarkaði. Sameiginlegar lágmarksvaldheimildir ásamt nægilegu fjármagni ættu að tryggja skilvirkt eftirlit. Í þessari tilskipun ætti því að kveða á um ákveðið lágmark eftirlits- og rannsóknarvalds sem fela ætti lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í samræmi við landslög. Þessu valdi ætti að beita þegar gerð er krafa um slíkt í landslögum, með því að leita til dómsyfirvalda. Þegar lögbær yfirvöld beita valdheimildum sínum samkvæmt þessari tilskipun ættu þau að gera það á hlutlægan og óhlutdrægan hátt og vera sjálfstæð í ákvarðanatöku sinni.

138) Þótt tilgreindar séu lágmarksvaldheimildir í þessari tilskipun sem lögbær yfirvöld ættu að hafa ber að beita þessu valdi innan heildarkerfis landslaga sem tryggir að grundvallarréttindi séu virt, þ.m.t. rétturinn til friðhelgi einkalífs. Við beitingu þessara valdheimilda sem gætu haft í för með sér alvarlega skerðingu á réttinum til að virða einka- og

fjölskyldulíf, heimili og samskipti ættu aðildarríkin að hafa á að skipa fullnægjandi og gagnlegum úrræðum gegn hvers konar misnotkun, t.d. þegar um er að ræða viðeigandi fyrirframleyfi dómsyfirvalda viðkomandi aðildarríkis. Aðildarríki ættu að gefa kost á því að lögbær yfirvöld beiti þess háttar valdi til inngripa, eftir því sem þurfa þykir, til að nauðsynleg rannsókn geti farið fram á alvarlegum tilvikum þar ekki eru til neinar sambærilegar aðferðir til að ná sömu niðurstöðu með árangursríkum hætti.

139) Engar aðgerðir af hálfu lögbærra yfirvalda eða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar við að sinna skyldum sínum ættu að mismuna með beinum eða óbeinum hætti aðildarríki eða hópi aðildarríkja að því er varðar staðsetningu vettvangs fyrir veitingu fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi í hvaða gjaldmiðli sem er.

140) Þegar litið er til þess að fjölmörg markaðstorg fjármálagerninga hafa haft umtalsverð áhrif og öðlast töluverða markaðshlutdeild er rétt að tryggja að viðunandi samstarfstilhögun sé komið á milli lögbærs yfirvalds markaðstorgs fjármálagerninganna og lögsögunnar þar sem markaðstorgið veitir þjónustu. Til að sjá fyrir hvers konar sambærilega þróun ætti að útvíkka þetta til skipulegra markaðstorga

141) Til að tryggja að verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða, sem heimilað er að reka markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg, skipulegir markaðir, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar, viðurkennd skýrslugjafarkerfi, sem og þeir sem stýra fyrirtækjum sínum með árangursríkum hætti og stjórnarmenn verðbréfafyrirtækja og skipulegra markaða, sem hafa skyldur sem leiða af þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og til að tryggja að þessir aðilar fái sambærilega meðferð alls staðar í Sambandinu, ættu aðildarríkin að vera skuldbundin til að kveða á um viðurlög og ráðstafanir sem eru skilvirkar, í réttu hlutfalli við málefnið og letjandi. Stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir sem aðildarríkin setja fram ættu að uppfylla vissar grunnkröfur hvað varðar viðtakendur, viðmið sem taka skal tillit til við beitingu viðurlaga eða ráðstöfunar, birtingar, helstu valdheimildir til að ákveða viðurlög og fjárhæð stjórnsýslusekta.

142) Einkum ættu lögbær yfirvöld að hafa vald til að leggja á nægilega háar fjársektir til að vega á móti ávinningnum sem vænta má og eru letjandi jafnvel fyrir stórar stofnanir og stjórnendur þeirra.

143) Einnig er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld geti í samræmi við landslög og sáttmálann haft möguleika á að fá aðgang að húsnæði einstaklinga og lögaðila. Nauðsynlegt er að komast inn í slíkt húsnæði þegar rökstuddur grunur er um að til séu skjöl og önnur gögn sem tengjast viðfangsefni rannsóknar og kunna að skipta máli til að sanna brot á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Til viðbótar er nauðsynlegt að komast inn í þetta húsnæði þegar aðilinn sem þegar hefur verið krafinn um upplýsingar uppfyllir ekki þá kröfu, að öllu leyti eða að hluta, eða þegar rökstuddur grunur er til að ætla að ef þeirra væri krafist yrði ekki farið að þeirri kröfu eða að skjölin eða upplýsingarnar, sem krafan um upplýsingar á við um, yrðu fjarlægðar, falsaðar eða þeim eytt. Nota ætti slíka valdheimild, ef þörf er á fyrirframleyfi frá dómsyfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki og í samræmi við landslög, til að fara inn í húsnæði eftir að dómsyfirvald hefur veitt þetta fyrirframleyfi.

144) Upptökur sem til eru af símtölum og gagnaumferðarskrám frá verðbréfafyrirtækjum sem framkvæma og skjalfesta framkvæmd viðskipta sem og fyrirliggjandi upptökur af síma- og gagnaumferðarskrám frá fjarskiptafyrirtækjum eru gríðarlega mikilvægar og eru stundum einu sönnunargögnin til að finna og færa sönnur á að markaðssvik eigi sér stað og einnig til að sannreyna að fyrirtæki uppfylli kröfur um fjárfestavernd og aðrar kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun eða í reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Þess vegna ætti lögbærum yfirvöldum að vera kleift að krefjast þess að fá upptökur af símtölum, skrám um rafræn fjarskipti og gagnaumferð sem til eru hjá verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun. Nauðsynlegt er að hafa aðgang að gögnum og símtalaskrám til að finna og beita viðurlögum vegna markaðssvika eða brota á kröfum sem sett eru fram í þessari tilskipun eða í reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

Lögbærum yfirvöldum ætti, í samræmi við landslög, að vera unnt að krefjast skráa sem til eru yfir símnotkun og gagnaumferð í vörslu fjarskiptafyrirtækis til að koma á jöfnum skilyrðum í Sambandinu í tengslum við aðgang að skrám yfir símnotkun og gagnaumferð í vörslu fjarskiptafyrirtækis eða upptökum sem til eru af símtölum og gagnaumferð í vörslu verðbréfafyrirtækis, að því marki sem slíkt er heimilt samkvæmt landslögum, upptökum af símtölum sem til eru og einnig af gagnaumferð í vörslu verðbréfafyrirtækis, í þeim tilvikum þegar rökstuddur grunur er um að slíkar skrár, sem tengjast efni skoðunar eða rannsóknar, gætu skipt máli við að færa sönnur á atferli, sem óheimilt er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða brot á kröfum þessarar tilskipunar eða á reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Aðgangur að síma- og gagnaumferðargögnum í vörslu fjarskiptafyrirtækis ætti ekki að taka til efnis talfjarskipta um síma.

145) Til að tryggja samræmda beitingu viðurlaga um allt Sambandið ætti að krefjast að aðildarríkin tryggi þegar þau ákvarða hvers konar stjórnsýsluviðurlögum eða -ráðstöfunum sé beitt og hversu há stjórnsýslusektin skuli vera, muni lögbær yfirvöld taka tillit til viðkomandi aðstæðna í heild.

146) Almennt ætti að birta ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka til að tryggja að þær hafi letjandi áhrif á allan almenning. Birting ákvarðana er einnig mikilvægt tæki í höndum lögbærra yfirvalda til að upplýsa markaðsaðila um hvaða hegðun telst brjóta gegn þessari tilskipun og til að stuðla betur að góðri hegðun markaðsaðila. Ef slík birting veldur hlutaðeigandi aðilum verulegu tjóni, stofnar stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn í hættu ætti lögbært yfirvald að birta viðurlög og ráðstafanir undir nafnleynd í samræmi við landslög eða fresta birtingu.

Lögbær yfirvöld ættu að eiga þess kost að gera viðurlög ekki opinber ef nafnleynd eða frestun birtingar er álitin ófullnægjandi til að tryggja að stöðugleika fjármálamarkaða sé ekki stofnað í hættu. Ekki ætti að gera kröfu um að lögbær yfirvöld geri opinberar ráðstafanir sem taldar eru vera minniháttar í því tilviki að birting væri ósanngjörn miðað við málsatvik. Rétt er að kveða á um aðferð til að greina Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá óbirtum viðurlögum svo að lögbær yfirvöld geti tekið tillit til þeirra í yfirstandandi eftirliti sínu. Með þessari tilskipun er ekki gerð krafa um, en ætti þó ekki að koma í veg fyrir birtingu refsiviðurlaga sem sett eru vegna brota á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

147) Lögbær yfirvöld ættu að hafa nauðsynlegar rannsóknarheimildir til að greina möguleg brot og koma á skilvirkum og áreiðanlegum aðferðum sem hvetja til þess að skýrt sé frá mögulegum eða raunverulegum brotum, m.a. verndun starfsmanna sem greina frá brotum innan eigin stofnunar. Þessar aðferðir ættu ekki að hafa áhrif á fullnægjandi verndarráðstafanir fyrir sakborninga. Koma ætti á viðhlítandi ferlum til að tryggja að sakborningur njóti viðhlítandi verndar, einkum með að því er varðar persónuupplýsingar þessa aðila og ferli til að tryggja rétt hans til málsvarnar og andmæla áður en samþykkt er ákvörðun varðandi hann og einnig rétt til raunhæfra úrræða til að leita réttar síns fyrir dómstólum vegna ákvörðunar sem hann varða.

148) Þessi tilskipun ætti að vísa til viðurlaga og ráðstafana til að ná til allra aðgerða sem gripið er til í kjölfar brots og ætlaðar eru til koma í veg fyrir frekari brot og skiptir þá ekki máli hvort þær flokkast sem viðurlög eða ráðstöfun samkvæmt landslögum.

149) Tilskipun þessi ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði í lögum aðildarríkjanna sem varða refsiviðurlög.

150) Ekki ætti að gera kröfu um að aðildarríki setji reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 sem falla undir landsbundinn refsirétt jafnvel þótt ekkert komi í veg fyrir að aðildarríki setji reglur um stjórnsýslu- eða refsiviðurlög fyrir sömu brot. Í samræmi við landslög eru aðildarríki ekki skyldug til að beita bæði stjórnsýslu- og refsiviðurlögum fyrir sama brot en þau ættu að geta gert það ef heimild er fyrir slíku í landslögum. Fari hins vegar svo að refsiviðurlög séu látin standa í stað stjórnsýsluviðurlaga vegna brota á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 ætti slíkt ekki að skerða eða hafa áhrif að öðru leyti á möguleika lögbærra yfirvalda til að starfa saman, hafa aðgang að og skiptast tímanlega á upplýsingum við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum að því er varðar þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014, einnig eftir að viðkomandi broti hefur verið vísað til saksóknar hjá lögbærum dómsyfirvöldum.

151) Til að vernda viðskiptavini og með fyrirvara um rétt viðskiptavina til að höfða mál fyrir dómstólum er rétt að aðildarríkin hvetji opinbera aðila eða einkaaðila, sem eiga að leysa deilumál utan réttar, til að vinna saman að lausn deilumála yfir landamæri að teknu tilliti til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB ([1]) og 2001/310/EB ([2]). Þegar ákvæðum um meðferð í tengslum við kærur og úrlausn mála utan réttar er hrundið í framkvæmd ætti að hvetja aðildarríkin til að nota það fyrirkomulag um samvinnu yfir landamæri sem þegar er til staðar, einkum kvörtunarnet gegn fjármálaþjónustuaðilum (FIN-NET).

([1]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB frá 30. mars 1998 um þær meginreglur sem gilda um aðila sem annast lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla (Stjtíð. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31).

([2]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/310/EB frá 4. apríl 2001 um meginreglur fyrir aðila sem vinna utan dómstóla að úrlausn deilumála sem varða neytendur (Stjtíð. EB L 109, 19.4.2001, bls. 56).

152) Öll upplýsingaskipti eða -miðlun milli lögbærra yfirvalda, annarra yfirvalda, stofnana eða einstaklinga ættu að vera í samræmi við reglur um miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa, eins og mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB. Öll skipti eða sending persónuupplýsinga af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til og frá þriðju löndum ætti að vera í samræmi við reglur um miðlun persónuupplýsinga, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 45/2001.

153) Nauðsynlegt er að styrkja ákvæði um upplýsingaskipti milli lögbærra landsyfirvalda og styrkja þá aðstoðar- og samstarfsskyldu sem þau hafa hvert gagnvart öðru. Vegna aukinnar starfsemi yfir landamæri ættu lögbær yfirvöld að veita hvert öðru viðeigandi upplýsingar um hvernig þau sinna hlutverki sínu til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar tilskipunar, m.a. við aðstæður þar sem brot eða meint brot kunna að varða yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja. Við upplýsingaskipti ber að virða ítrustu þagnarskyldu til að tryggja snurðulausa sendingu upplýsinganna og vernd tiltekinna réttinda.

154) Þegar rekstur viðskiptavettvangs sem hefur komið á fyrirkomulagi í gistiaðildarríki er orðinn verulega mikilvægur fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í því gistiaðildarríki ætti hlutfallslega samsvarandi fyrirkomulag sem komið verður á að vera á eins hentugu samstarfsformi og mögulegt er milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjunum og veri í réttu hlutfalli við þörfina á samstarfi um eftirlit yfir landamæri, einkum vegna eðlis og umfangs áhrifa á verðbréfamarkaðinn og fjárfestavernd í gistiaðildarríkinu, s.s. sérstök eða reglubundin upplýsingaskipti, samráð og aðstoð.

155) Til að ná markmiðunum sem sett eru fram í þessari tilskipun ætti að framselja valdið til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar einstök atriði varðandi undanþágur, nánari skýringar á skilgreiningum, viðmið fyrir mat á fyrirhuguðum kaupum verðbréfafyrirtækis, skipulagskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki, viðurkennda birtingarþjónustu og þjónustu sameinaðra viðskiptaauglýsinga, meðhöndlun hagsmunaárekstra, skyldur um góða viðskiptahætti við veitingu fjárfestingarþjónustu, framkvæmd fyrirmæla með skilmálum sem eru hagstæðastir fyrir viðskiptavininn, meðferð fyrirmæla viðskiptavina, viðskipti við viðurkennda gagnaðila, aðstæður sem vekja upp kröfu um upplýsingagjöf fyrir verðbréfafyrirtæki eða aðila sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg og rekstraraðila á skipulegum markaði og kringumstæður sem hafa verulega skaðleg áhrif á hagsmuni fjárfestanna og eðlilega virkni markaðarins að því er varðar tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi eða skipulegum markaði, vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, gildandi viðmiðunarmörk fyrir skýrslugjafarskyldu og viðmiðin sem notuð eru til að til að meta hvort rekstur viðskiptavettvangs í gistiaðildarríki teljist verulega þýðingarmikill fyrir til starfrækslu verðbréfamarkaða og vernd fjárfesta. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

156) Tæknistaðlar í fjármálaþjónustu ættu að tryggja samkvæma samræmingu og viðunandi vernd fjárfesta, þ.m.t. þeirra sem fjárfesta í samsettum innstæðum og neytenda hvarvetna í Sambandinu. Þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri sérþekkingu væri skilvirkt og viðeigandi að fela stofnuninni það verkefni að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér stefnuákvarðanir, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Til að tryggja samfellda fjárfesta- og neytendavernd í öllum geirum fjármálaþjónustu ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að annast verkefni sín, að því marki sem unnt er, í nánu samstarfi við Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) ([1]) nr. 1093/2010 og við Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina

157) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semur um undanþágur í tengslum við starfsemi, sem talin er til viðbótar við aðalstarfsemina, varðandi upplýsingar sem veita skal og tilteknar kröfur í sambandi við málsmeðferðarreglur við samþykki og synjun beiðna um starfsleyfi fyrir verðbréfafyrirtæki, varðandi kaup á virkum eignarhlut, varðandi algrímsviðskipti, varðandi skylduna til að framkvæma fyrirmæli samkvæmt skilmálum sem eru hagstæðastir fyrir viðskiptavini, varðandi tímabundna stöðvun og fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi, varðandi frelsi til að veita fjárfestingaþjónustu og stunda fjárfestingastarfsemi, varðandi stofnun útibús, varðandi viðnám kerfa, varrofa og rafræn viðskipti, varðandi verðskref, varðandi samstillingu viðskiptaklukkna,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

varðandi töku fjármálagerninga til viðskipta á markaði, varðandi stöðutakmarkanir og stöðustjórnunareftirlit með hrávöruafleiðum, varðandi málsmeðferðarreglur við samþykki og synjun beiðna um starfsleyfi fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu, varðandi skipulagskröfur fyrir viðurkennda birtingaraðila, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og viðurkennd skýrslugjafarkerfi og varðandi samstarf lögbærra yfirvalda. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

158) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Fela ætti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina varðandi málsmeðferð við að samþykkja og synja beiðnum um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja, varðandi kaup á virkri eignarhlutdeild, varðandi viðskiptaferli við lok viðskipta á markaðstorgum fjármálagerninga og skipulegum markaðstorgum, varðandi tímabundna stöðvun með viðskipti fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á markaði, varðandi frelsi til að veita fjármálaþjónustu og stunda fjármálastarfsemi, varðandi stofnun útibús, varðandi stöðuskýrslugjöf eftir flokkum stöðutaka, varðandi ferli við samþykkt og synjun beiðna um starfsleyfi, varðandi málsmeðferðir og form til að leggja fram upplýsingar í tengslum við birtingu ákvarðana, varðandi samstarfsskyldu, varðandi samstarf lögbærra yfirvalda, varðandi upplýsingaskipti og varðandi samráð áður en verðbréfafyrirtæki er veitt starfsleyfi.

159) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið til að meta virkni skipulegra markaðstorga, virkni regluverksins fyrir vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, áhrifin af kröfum um sjálfvirk viðskipti og hátíðniviðskipti, reynsluna af aðferðum við að banna tilteknar vörur eða starfshætti og áhrif ráðstafana varðandi markaði með hrávöruafleiður.

160) Framkvæmdastjórnin ætti að vinna skýrslu eigi síðar en 1. janúar 1918 til að meta möguleg áhrif þess á orkuverð og virkni orkumarkaðarins þegar umbreytingartímabilið, sem kveðið er á í um vegna beitingar færsluvísunarskyldunnar og tryggingarkrafna í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, rennur út. Framkvæmdastjórnin ætti, ef við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að koma á viðeigandi lögum eða breyta þeim, þ.m.t. sérlögum á borð við reglugerð (ESB) nr. 1227/2011.

161) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([1]) er aðildarríkjunum gert kleift að heimila rekstraraðilum sérhæfðra sjóða að veita tiltekna fjárfestingarþjónustu til viðbótar við sameiginlegan rekstur sérhæfðra sjóða, þ.m.t. þjónustu við stjórnun fjárfestingasafns, fjárfestingaráðgjöf, vörslu og umsýslu í tengslum við hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, og einnig móttöku og miðlun fyrirmæla vegna fjármálagerninga. Þar eð kröfur um veitingu þessarar þjónustu eru samræmdar innan Sambandsins ættu rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sem hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í heimalandi sínu til slíkrar þjónustu, að vera undanþegnir hvers konar frekari starfsleyfum í gistiaðildarríkjum og hvers konar öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif.

162) Samkvæmt núgildandi lagaramma ber þeim rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, sem hafa starfsleyfi til slíkrar fjárfestingarþjónustu og ráðgera að veita hana í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki sínu, að fara að landsbundnum viðbótarkröfum, þ.m.t. stofnun aðskilins lögaðila. Til að ryðja hindrunum úr vegi fyrir veitingu samræmdrar fjárfestingarþjónustu yfir landamæri og til að tryggja jafna samkeppnisstöðu milli fyrirtækja, sem veita sömu fjárfestingarþjónustu samkvæmt sömu lagaskilyrðum ætti rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem hefur heimild til að veita þessa þjónustu, að geta veitt hana yfir landamæri, með fyrirvara um viðeigandi skýrslugjafarskyldur og í samræmi við heimild af hálfu lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki hans.

163) Því ber að breyta tilskipun 2011/61/ESB til samræmis við það.

164) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að skapa samþættan fjármálamarkað þar sem fjárfestar eru verndaðir á skilvirkan hátt og þar sem skilvirkni og heilleiki markaðarins í heild nýtur verndar, og sem útheimtir að gerðar séu sameiginlegar kröfur um reglur er varða verðbréfafyrirtæki, óháð því hvar þau hafa starfsleyfi í

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

Sambandinu, og stjórn á starfsemi skipulegra markaða og annarra viðskiptakerfa til að koma í veg fyrir að ógagnsæi eða röskun á einum markaði grafi undan skilvirkri starfsemi evrópska fjármálakerfisins í heild, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þessarar tilskipunar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

165) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin ættu að tryggja að fullnægjandi mannafla og fjármunum sé varið til frekari verkefna sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eru falin með þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

166) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt sem viðurkenndar eru í Sáttmálanum, einkum rétti til verndar persónuupplýsingum, frelsi til atvinnurekstrar, rétti til neytendaverndar, rétti til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar, rétti til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot og henni verður að koma til framkvæmda í samræmi við þessi réttindi og þessar meginreglur.

167) Haft hefur verið samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 10. febrúar 2012 ([1]).

168) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 ([2]) um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

169) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði þar sem gerð er efnisleg breyting í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í fyrri tilskipununum.

170) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka, í landslög og dagsetningarnar til að beita þeim,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða, veitendur gagnaskýrsluþjónustu og fyrirtæki í þriðja landi sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingastarfsemi með stofnun útibús í Sambandinu.

2. Í þessari tilskipun eru settar fram kröfur í tengslum við eftirfarandi:

a) starfsleyfi og rekstrarskilyrði fyrir starfsemi verðbréfafyrirtækja,

b) veitingu fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi fyrirtækja í þriðja landi með stofnun útibús,

([1]) Stjtíð. ESB C 147, 25.5.2012, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

c) starfsleyfi og starfsemi skipulegra markaða,

d) starfsleyfi og starfsemi veitenda gagnaskýrsluþjónustu og

e) eftirlit, samstarf og fullnustu lögbærra yfirvalda.

3. Eftirfarandi ákvæði skulu einnig gilda um lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB þegar þær veita eina eða fleiri tegundir fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi:

a) 2. gr. (2. mgr.), 9. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 16.–20. gr.,

b) II. kafli II. bálks, að undanskilinni annarri undirgrein 2. mgr. 29. gr.,

c) III. kafli II. bálks, að undanskilinni 34. gr. (2. og 3. mgr.), 2.–6. mgr. og 9. mgr. 35. gr.,

d) 67.–75. gr., 80., 85. og 86. gr.

4. Eftirfarandi ákvæði gilda einnig um verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB þegar þau selja eða ráðleggja viðskiptavinum í tengslum við samsettar innstæður:

a) 9. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 16. gr. (2., 3. og 6. mgr.),

b) 23.-26. gr., 28. gr. og 29. gr., að undanskilinni annarri undirgrein 2. mgr., og 30. gr. og

c) 67.–75. gr.

5. Ákvæði 1.–6. mgr. 17. gr. gilda einnig um aðila að eða þátttakendur á skipulegum mörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga sem þurfa ekki starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun í samræmi við a-, e-, i- og j-lið 1. mgr. 2. gr.

6. Ákvæði 57. og 58. gr. skulu einnig gilda um aðila sem eru undanþegnir skv. 2. gr.

7. Öll marghliða kerfi með fjármálagerninga skulu starfrækt annaðhvort í samræmi við ákvæði II. bálks að því er varðar markaðstorg fjármálagerninga eða skipuleg markaðstorg eða ákvæði III. bálks að því er varðar skipulega markaði.

Verðbréfafyrirtæki sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning þegar það framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina utan skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs með skipulegum, tíðum og kerfisbundnum hætti skal starfa í samræmi við III. bálk reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Með fyrirvara um 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu öll viðskipti með fjármálagerninga, eins og um getur í fyrstu og annarri undirgrein, sem eru ekki gerð innan marghliða kerfa eða af innmiðlurum, vera í samræmi við viðeigandi ákvæði III. bálks reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

2. gr.

Undanþágur

1. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) vátryggingafélög eða félög sem stunda þá endurtryggingastarfsemi sem um getur í tilskipun 2009/138/EB í þeirri starfsemi sem um getur í þeirri tilskipun,

b) aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu,

c) aðila sem veita tilfallandi fjárfestingarþjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sem er reglufest með laga- eða reglu-ákvæðum eða siðareglum, sem gilda um starfsgreinina, sem útiloka ekki að slík þjónusta sé veitt,

d) aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning með aðra fjármálagerninga en hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, og veita ekki aðra fjárfestingarþjónustu af neinu tagi eða stunda neina fjárfestingarstarfsemi með fjármálagerninga, aðra en hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra, nema þeir:

i. séu viðskiptavakar,

ii. séu aðilar eða þátttakendur í skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða hafi beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi,

iii. beiti hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms eða

iv. stundi viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina,

Aðilar sem eru undanþegnir a-, i- eða j-lið, þurfa ekki að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum lið til þess að teljast undanþegnir.

e) rekstraraðila með skuldbindingar um að uppfylla kröfur samkvæmt tilskipun 2003/87/EB sem framkvæma ekki fyrirmæli viðskiptavina, í viðskiptum með losunarheimildir, og veita ekki fjárfestingarþjónustu eða stunda aðra fjárfestingarstarfsemi en fyrir eigin reikning, að því tilskildu að þessir aðilar beiti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms,

f) aðila sem veita fjárfestingarþjónustu einungis í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna,

g) aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu sem felst einungis í að stjórna bæði fjárfestingarsjóðum starfsmanna og að veita fjárfestingarþjónustu,

h) aðila að seðlabankakerfi Evrópu og aðrar stofnanir aðildarríkja sem gegna sambærilegum hlutverkum í Sambandinu, aðra opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda innan Sambandsins, og alþjóðlegar fjármálastofnanir sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa komið á fót og hafa það markmið að virkja fjármagn og veita fjárhagsaðstoð til handa þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika,

i) sjóði um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóði hvort sem þeir eru samræmdir á vettvangi Sambandsins eða ekki og vörsluaðila og rekstraraðila slíkra sjóða,

j) aðila sem:

i. stunda viðskipti fyrir eigin reikning, þ.m.t. viðskiptavakar, með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra, þó ekki aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eða

ii. veita viðskiptavinum eða þjónustuveitendum meginstarfsemi sinnar fjárfestingarþjónustu, þó ekki fyrir eigin reikning, með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra,

að því tilskildu að:

— hvert þessara tilvika eitt og sér og þau sem heild teljist til viðbótarstarfsemi við aðalstarfsemi þeirra þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja og að aðalstarfsemin felist ekki í því að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessarar tilskipunar eða bankaþjónustu samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB eða hann starfi sem viðskiptavaki í tengslum við hrávöruafleiður,

— þessir aðilar beiti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms og

— þessir aðilar tilkynni á hverju ári viðeigandi lögbæru yfirvaldi að þeir nýti sér þessa undanþágu og gefi lögbæru yfirvaldi skýrslu, að fenginni beiðni þar um, á hvaða forsendum starfsemi þeirra skv. i. og ii. lið komi sem viðbót við aðalstarfsemi þeirra,

k) aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf, meðfram því að veita aðra þjónustu í atvinnuskyni sem ekki fellur undir þessa tilskipun, að því tilskildu að ekki sé launað sérstaklega fyrir að veita slíka ráðgjöf,

l) samtök sem danskir og finnskir lífeyrissjóðir koma á fót í þeim tilgangi einum að stjórna eignum þeirra lífeyrissjóða sem eiga aðild að þessum samtökum,

m) „agenti di cambio“ en starfsemi þeirra og hlutverk fellur undir 201. gr. ítalsks lagaúrskurðar nr. 58 frá 24. febrúar 1998,

n) flutningakerfisstjóra, eins og skilgreint er í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB eða 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, þegar þeir sinna verkefnum sínum samkvæmt þessum tilskipunum, reglugerð (EB) nr. 714/2009, reglugerð (EB) nr. 715/2009 eða netkóðum eða viðmiðunarreglum sem eru samþykktar samkvæmt þessum reglugerðum, hvern þann aðila sem er í hlutverki þjónustuveitanda fyrir þeirra hönd við að sinna verkefnum þeirra samkvæmt þessum lagagerðum eða netkóðum eða viðmiðunarreglum sem eru samþykktar samkvæmt þessum reglugerðum, og hvern þann rekstraraðila eða stjórnanda orkujöfnunarkerfis, leiðslukerfis eða kerfis til að ná jöfnuði milli orkubirgða og orkunotkunar þegar þeir sinna þessum verkefnum.

Þessi undanþága gildir um aðila sem leggja stund á þá starfsemi sem fram kemur í þessum lið því aðeins að þeir leggi stund á fjárfestingarstarfsemi eða veiti fjárfestingarþjónustu í tengslum við hrávöruafleiður til þess að sinna þessari starfsemi. Þessi undanþága gildir um rekstur eftirmarkaðar, þ.m.t. vettvangs fyrir viðskipti með fjárhagsleg flutningsréttindi á eftirmarkaði,

o) skuldatryggingar, sem reglur eru settar um sem slíkar samkvæmt lögum Sambandsins, að því marki sem reglur eru settar um þær samkvæmt lögum Sambandsins.

2. Þau réttindi sem þessi tilskipun veitir skulu ekki taka til þess að veita þjónustu í hlutverki mótaðila í viðskiptum sem opinberir aðilar, sem fást við opinberar skuldir, annast eða aðilar að seðlabankakerfi Evrópu annast sem leysa verkefni sín af hendi eins og kveðið er á um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og bókun 4 við stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu eða gegna sambærilegu hlutverki samkvæmt ákvæðum aðildarríkis.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til þess að skýra markmið c-liðar 1. mgr. þegar um er að ræða tilfallandi starfsemi.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina, að því er varðar j-lið 1. mgr., viðmið um það hvenær starfsemi telst vera viðbót við aðalstarfsemi á grundvelli samstæðu fyrirtækja.

Í þessum viðmiðunum skal hafa hliðsjón af a.m.k. eftirfarandi þáttum:

a) þörf fyrir viðbótarstarfsemi sem telst vera minnihluti starfsemi á grundvelli samstæðu fyrirtækja,

b) umfangi viðskiptastarfsemi þeirra borið saman við heildarviðskipti á markaði í þeim eignaflokki.

Þegar tekin er ákvörðun um það að hvaða marki viðbótarstarfsemi telst minnihluti starfsemi á grundvelli samstæðu fyrirtækja getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðað að líta skuli til þess fjármagns sem fer til viðbótarstarfseminnar í hlutfalli við það fjármagn sem fer til rekstrar aðalstarfseminnar. Þó getur sá þáttur í engu tilviki nægt til að sýna fram á að starfsemin komi sem viðbót við aðalstarfsemi samstæðunnar.

Líta skal til þeirrar starfsemi sem um getur í þessari málsgrein á grundvelli samstæðu.

Þættirnir sem um getur í fyrstu og þriðju undirgrein skulu ekki taka til:

a) viðskipta innan samstæðu, eins og um getur í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, vegna lausafjárstöðu eða áhættustýringar á samstæðugrundvelli,

b) viðskipta með afleiður sem unnt er að mæla á hlutlægan hátt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun,

c) viðskipta með hrávöruafleiður og losunarheimildir sem eru gerð til þess að uppfylla skuldbindingar um að mynda seljanleika á viðskiptavettvangi þegar eftirlitsyfirvöld, eða viðskiptavettvangur, krefjast slíkra skuldbindinga í samræmi við lög Sambandsins eða lög og stjórnsýslufyrirmæli einstakra ríkja.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. gr.

Valfrjálsar undanþágur

1. Aðildarríkin geta kosið að beita þessari tilskipun ekki gagnvart aðilum sem þau eru heimaaðildarríki fyrir að því tilskildu að starfsemi þessara aðila falli undir starfsleyfi og reglur settar um hana á vettvangi aðildarríkis og að:

a) aðilunum sé ekki heimilt að taka til vörslu fjármuni eða verðbréf viðskiptavina og er af þeim ástæðum aldrei heimilt að setja sig í skuldastöðu gagnvart viðskiptavinum sínum,

b) aðilunum sé ekki heimilt að veita fjárfestingarþjónustu nema þá sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi framseljanleg verðbréf og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og/eða að veita fjárfestingarráðgjöf sem tengist slíkum fjármálagerningum og

c) aðilunum sé, við veitingu þessarar þjónustu, eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til:

i. verðbréfafyrirtækja sem eru með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun,

ii. lánastofnana sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB,

iii. útibúa verðbréfafyrirtækja eða lánastofnana sem eru með starfsleyfi í þriðja landi og falla undir og fylgja varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar reglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða tilskipun 2013/36/ESB,

iv. sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum aðildarríkis til að bjóða hlutdeildarskírteini út á almennum markaði og til stjórnenda slíkra fyrirtækja, eða

v. fjárfestingarfélaga með fastafjármuni, eins og skilgreint í 7. mgr. 17. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB ([1]), þegar verðbréf þeirra eru skráð eða viðskipti höfð með þau á skipulegum markaði í aðildarríki, eða

d) aðilarnir veiti fjárfestingarþjónustu eingöngu fyrir hrávörur, losunarheimildir og/eða afleiður þeirra í þeim eina tilgangi að áhættuverja viðskiptaáhættu viðskiptavina sinna þegar þessir viðskiptavinir eru eingöngu staðbundin raforkufyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í 35. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB, og/eða jarðgasfyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, og að því tilskildu að þessir viðskiptavinir ráði í sameiningu yfir 100% hlutafjár eða atkvæðisréttar þessara aðila, stýri í sameiningu og séu undanþegnir skv. j-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar ef þeir annast þessar fjárfestingarþjónustu sjálfir eða

e) aðilarnir veiti fjárfestingarþjónustu eingöngu fyrir losunarheimildir og/eða afleiður þeirra í þeim eina tilgangi að áhættuverja viðskiptaáhættu viðskiptavina sinna þegar þessir viðskiptavinir eru eingöngu rekstraraðilar, eins og þeir eru skilgreindir í f-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og að því tilskildu að þessir viðskiptavinir ráði í sameiningu yfir 100% hlutafjár eða atkvæðisréttar þessara aðila, stýri í sameiningu og séu undanþegnir skv. j-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar ef þeir annast þessa fjárfestingarþjónustu sjálfir.

2. Í kerfum aðildarríkjanna skal gera kröfur til þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. sem eru í það minnsta hliðstæðar eftirfarandi kröfum samkvæmt þessari tilskipun:

a) skilyrðum og málsmeðferðarreglum um starfsleyfi og viðvarandi eftirlit sem komið er á í 5. gr. (1. og 3. mgr.), 7.–10. gr., 21., 22. og 23. gr., og samsvarandi framseldum gerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 89. gr.,

b) skuldbindingum um viðskiptahætti sem komið er á í 24. gr. (1., 3., 4., 5., 7. og 10. mgr.), 25. gr. (2., 5. og 6. mgr.) og, ef landsbundin kerfi heimila þessum aðilum að tilnefna fasta umboðsmenn, 29. gr. og viðeigandi framkvæmdarráðstöfunum,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74).

c) skipulagskröfum, eins og mælt er fyrir um í sjöttu og sjöundu undirgrein 3. mgr. 16. gr. og í 6. og 7. mgr. 16. gr. og samsvarandi framseldum gerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 89. gr.

Aðildarríkin skulu gera þá kröfu til aðila, sem eru undanþegnir þessari tilskipun skv. 1. mgr. þessarar greinar, að þeir falli undir bótakerfi fyrir fjárfesta sem er viðurkennt í samræmi við tilskipun 97/9/EB. Aðildarríkin geta heimilað verðbréfafyrirtækjum að standa utan slíks kerfis að því tilskildu að þau hafi starfsábyrgðartryggingu þar sem tryggð er jafngild vernd fyrir viðskiptavini þeirra með hliðsjón af stærð, áhættulýsingu og lagalegri stöðu þeirra aðila sem eru undanþegnir 1. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir aðra undirgrein þessarar greinar geta aðildarríki, sem búa þegar yfir slíkum lögum og stjórnsýslufyrirmælum fyrir 2. júlí 2014, krafist þess fram til 3. júlí 2019 að þegar aðilar, sem eru undanþegnir þessari tilskipun skv. 1. mgr. þessarar greinar, veita fjárfestingarþjónustu sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla og/eða fjárfestingarráðgjöf í hlutdeildarskírteinum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og að koma fram sem milliliðir gagnvart rekstrarfélagi, eins og skilgreint er í tilskipun 2009/65/EB, beri þeir ásamt rekstrarfélaginu með óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skaða sem viðskiptavinur verður fyrir í tengslum við þessa þjónustu.

3. Aðilar, sem eru undanþegnir þessari tilskipun skv. 1. mgr., skulu ekki njóta réttar til að veita þjónustu eða stunda starfsemi eða stofna útibú eins og kveðið er á um í 34. og 35. gr., eftir því sem við á.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um val á leið samkvæmt þessari grein og skulu sjá til þess að í hverju starfsleyfi, sem er veitt í samræmi við 1. mgr., komi fram að það sé veitt í samræmi við þessa grein.

5. Aðildarríkin skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ákvæði landslaga sem eru hliðstæð þeim kröfum þessarar tilskipunar sem settar eru fram í 2. mgr.

4. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „verðbréfafyrirtæki“: lögaðili með reglubundna starfsemi eða viðskipti sem felast í því að veita þriðju aðilum fjárfestingarþjónustu og/eða sem stundar fjárfestingarstarfsemi í atvinnuskyni.

Aðildarríkjum er heimilt að telja til skilgreiningar á verðbréfafyrirtækjum fyrirtæki sem eru ekki lögaðilar, að því tilskildu að:

a) lagaleg staða þeirra tryggi þriðju aðilum sambærilega vernd og lögaðilar veita og

b) þau séu háð sambærilegu varfærniseftirliti sem hæfir rekstrarformi þeirra að lögum.

Þó er því aðeins heimilt, þegar einstaklingar veita þjónustu sem felst í því að taka til vörslu fjármuni eða framseljanleg verðbréf þriðju aðila, að telja þá til verðbréfafyrirtækja að því er þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 varðar, með fyrirvara um aðrar kröfur sem eru settar í þessari tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og í tilskipun 2013/36/ESB, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) eignarréttindi þriðju aðila til gerninga og fjármuna skulu tryggð, einkum ef um er að ræða ógjaldfærni fyrirtækisins eða eigenda þess, löghald, skuldajöfnuð eða aðrar aðgerðir af hálfu kröfuhafa fyrirtækisins eða eigenda þess,

b) fyrirtækið verður að falla undir reglur sem settar eru til að hafa eftirlit með gjaldfærni fyrirtækisins og eigenda þess,

c) einn eða fleiri aðilar sem hafa leyfi til endurskoðunar samkvæmt landslögum skulu endurskoða ársreikninga fyrirtækisins,

d) þegar aðeins einn eigandi er að fyrirtækinu verður hann að gera ráðstafanir til að vernda fjárfesta ef fyrirtækið hættir rekstri eftir andlát hans, vegna óvinnufærni hans eða annarra sambærilegra ástæðna,

2) „fjárfestingarþjónusta og -starfsemi“: sú þjónusta og starfsemi sem talin er upp í A-þætti I. viðauka og tengist einhverjum þeirra gerninga sem taldir eru upp í C-þætti I. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. þar sem tilgreindir eru:

a) afleiðusamningar sem um getur í 6. lið C-þáttar I. viðauka og hafa einkenni heildsöluorkuafurð sem gera verður upp efnislega og orkuafleiðusamningar í 6. lið C-þáttar,

b) afleiðusamningar sem um getur í 7. lið C-þáttar I. viðauka og hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga,

c) afleiðusamningar sem um getur í 10. lið C-þáttar I. viðauka og hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga, m.a. með hliðsjón af því hvort viðskipti eru höfð með þá á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi,

3) „viðbótarþjónusta“: hver sú þjónusta sem talin er upp í B-þætti I. viðauka,

4) „fjárfestingarráðgjöf“: að veita viðskiptavini persónulegar ráðleggingar, annaðhvort að beiðni hans eða að frumkvæði verðbréfafyrirtækisins, að því er varðar viðskipti í einu eða fleiri tilvikum sem tengjast fjármálagerningum,

5) „framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina“: að ganga frá samningum um kaup eða sölu eins eða fleiri fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina, þ.m.t. gerð samninga um sölu á fjármálagerningum, sem verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun gefur út á sama tíma og þeir eru gefnir út,

6) „viðskipti fyrir eigin reikning“: viðskipti með eiginfjármagn sem leiða til þess að gerð eru viðskipti með einn fjármálagerning eða fleiri,

7) „viðskiptavaki“: aðili sem starfar á fjármálamörkuðum og gefur sig jafnan út fyrir að vilja gjarnan eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að kaupa og selja fjármálagerninga með eiginfjármagni sínu á verði sem hann ákveður,

8) „stýring eignasafns“: stýring eignasafns á grundvelli umboða frá einstökum viðskiptavinum þegar slík eignasöfn innihalda einn eða fleiri fjármálagerninga,

9) „viðskiptavinur“: einstaklingur eða lögaðili sem verðbréfafyrirtæki veitir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu,

10) „fagfjárfestir“: viðskiptavinur sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka,

11) „almennur fjárfestir“: viðskiptavinur sem er ekki fagfjárfestir,

12) „vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki“: markaðstorg fjármálagerninga sem er skráð sem vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í samræmi við 33. gr.,

13) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: í þessari tilskipun, fyrirtæki sem höfðu meðalmarkaðsverðmæti undir 200 000 000 evrum á grundvelli uppgefinna tilboða í lok árs síðustu þrjú almanaksár,

14) „skilyrt fyrirmæli“: fyrirmæli um kaup eða sölu á fjármálagerningum á tilgreindu verði eða betra verði og í tilgreindu magni,

15) „fjármálagerningur“: þeir gerningar sem tilgreindir eru í C-þætti I. viðauka,

16) „C6 orkuafleiðusamningar“: valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar og aðrir afleiðusamningar sem um getur í 6. lið C-þáttar I. viðauka í tengslum við kol eða olíu sem viðskipti eru höfð með á skipulegu markaðstorgi og gera verður upp efnislega,

17) „peningamarkaðsgerningar“: þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, s.s. ríkisvíxlar, innlánsskírteini og viðskiptabréf, að undanskildum greiðsluskjölum,

18) „rekstraraðili markaðar“: aðili eða aðilar sem stýra og/eða reka skipulegan markað sem kann að vera skipulegi markaðurinn sjálfur,

19) „marghliða kerfi“: kerfi eða torg þar sem margþættur kaup- og söluáhugi þriðju aðila á fjármálagerningum getur mæst innan kerfisins,

20) „innmiðlari“: verðbréfafyrirtæki sem á skipulega, oft og kerfisbundið í umfangsmiklum viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs án þess að starfrækja marghliða kerfi.

Mæla skal hvort viðskipti séu tíð og kerfisbundin út frá fjölda OTC-viðskipta með fjármálagerninga á vegum verðbréfafyrirtækisins fyrir eigin reikning sem framkvæmd eru á grundvelli fyrirmæla viðskiptavinar. Mæla skal umfang viðskipta annaðhvort út frá stærð OTC-viðskiptanna (viðskipta utan verðbréfamarkaðar) á vegum verðbréfafyrirtækisins í tengslum við heildarviðskipti þess með tiltekinn fjármálagerning eða stærð OTC-viðskipta á vegum verðbréfafyrirtækisins í tengslum við heildarviðskipti Sambandsins með tiltekinn fjármálagerning. Skilgreiningin á innmiðlara gildir einungis þegar bæði er farið yfir fyrirfram ákveðin mörk hvað varðar tíð og kerfisbundin viðskipti og umfang viðskipta eða þegar verðbréfafyrirtæki velur að falla undir kerfi innmiðlara.

21) „skipulegur markaður“: marghliða kerfi sem er starfrækt og/eða stjórnað af rekstraraðila markaðar sem leiðir saman eða greiðir fyrir því að leiða saman mismunandi kaup- og söluáhuga þriðju aðila á fjármálagerningum innan kerfisins og í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem viðskipti eru heimiluð með á markaði samkvæmt reglum þess og/eða kerfi, hefur starfsleyfi og starfar reglulega og í samræmi við III. bálk þessarar tilskipunar,

22) „markaðstorg fjármálagerninga“: marghliða kerfi sem starfrækt er af verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaða sem leiðir saman kaup- og söluáhuga þriðju aðila á fjármálagerningum, innan kerfisins og í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við II. bálk þessarar tilskipunar,

23) „skipulagt markaðstorg“: marghliða kerfi sem er ekki skipulegur markaður eða markaðstorg fjármálagerninga og þar sem mismunandi kaup- og söluáhugi þriðju aðila á skuldabréfi, samsettum fjármálaafurðum, losunarheimildum eða afleiðum getur mæst innan kerfisins þannig að til samninga stofnast í samræmi við II. bálk þessarar tilskipunar,

24) „viðskiptavettvangur“: skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg,

25) „virkur markaður“: markaður fyrir fjármálagerning eða flokk fjármálagerninga þar sem fyrir hendi eru ætíð reiðubúnir og fúsir kaupendur og seljendur og þar sem markaðurinn er metinn samkvæmt eftirfarandi viðmiðum, með hliðsjón af tiltekinni markaðsgerð viðkomandi fjármálagernings eða viðkomandi flokks fjármálagerninga:

a) meðaltíðni og -stærð viðskipta við ýmis markaðsskilyrði með hliðsjón af eðli og líftíma afurða í þeim flokki fjármálagerninga,

b) fjölda og tegund markaðsaðila, þ.m.t. hlutfallið milli fjölda markaðsaðila og fjölda gerninga sem viðskipti eru stunduð með í tengslum við tiltekna afurð,

c) meðalstærð verðbils, ef það liggur fyrir,

26) „lögbært yfirvald“: yfirvald sem hvert aðildarríki tilnefndir í samræmi við 67. gr. nema annað sé tekið fram í þessari tilskipun,

27) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

28) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“: rekstrarfélag eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (1),

29) „einkaumboðsmaður“: einstaklingur eða lögaðili sem, að fullu og skilyrðislaust, er á ábyrgð einungis eins verðbréfafyrirtækis sem hann kemur fram fyrir og kynnir viðskiptavinum eða líklegum viðskiptavinum fjárfestingar- og/eða viðbótarþjónustu, tekur á móti og miðlar fyrirmælum eða pöntunum frá viðskiptavini varðandi fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerninga, markaðssetur fjármálagerninga eða veitir viðskiptavinum eða líklegum viðskiptavinum ráðgjöf varðandi þá fjármálagerninga eða -þjónustu,

30) „útibú“: starfsstöð, þó ekki aðalskrifstofa, sem er hluti af verðbréfafyrirtæki án réttarstöðu lögaðila og veitir fjárfestingarþjónustu og/eða stundar fjárfestingarstarfsemi og sem einnig er heimilt að veita viðbótarþjónustu sem verðbréfafyrirtækið hefur fengið starfsleyfi fyrir; allar starfsstöðvar, sem komið hefur verið á fót í einu og sama aðildarríkinu á vegum verðbréfafyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar sínar í öðru aðildarríki, ber að telja sem eitt útibú,

31) „virkur eignarhlutur“: bein eða óbein hlutdeild í verðbréfafyrirtæki sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti, eins og sett er fram í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB (2), að teknu tilliti til skilyrða um samlagningu eignarhluta, sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar, eða sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun verðbréfafyrirtækisins sem eignarhluturinn er í,

32) „móðurfélag“: móðurfélag í skilningi 9. mgr. 2. gr. og 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (3),

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE(Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

33) „dótturfélag“: dótturfélag í skilningi 10. mgr. 2. gr. og 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, þ.m.t. dótturfélag dótturfélags endanlegs móðurfélags,

34) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

35) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast með:

a) hlutdeild, í formi beins eignarréttar eða yfirráðum, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutafé fyrirtækis,

b) „yfirráð“ sem eru tengslin á milli móðurfélags og dótturfélags í öllum þeim tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og félags; einnig skal litið á dótturfélag dótturfélags sem dótturfélag móðurfélags sem fer fyrir þessum félögum,

c) varanleg tengsl þeirra beggja, eða allra, við sama aðila í gegnum yfirráðatengsl,

36) „stjórn“: einn eða fleiri aðilar innan verðbréfafyrirtækis, rekstraraðili markaða eða veitandi gagnaskýrsluþjónustu sem er tilnefndur samkvæmt landslögum og hafa umboð til að ákveða stefnumið, markmið og almenna stefnu einingarinnar og hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar, þ.m.t. þeir sem stýra í reynd starfsemi einingarinnar.

Aðildarríkið skal, þegar vísað er til stjórnarinnar í þessari tilskipun og stjórnunar- og eftirlitshlutverk stjórnar samkvæmt landslögum hefur verið fengið ýmsum aðilum eða einstaklingum á vegum aðila í hendur, tilgreina þá aðila eða einstaklinga innan stjórnar sem bera ábyrgðina í samræmi við landslög þess, nema annað sé tilgreint í þessari tilskipun.

37) „framkvæmdastjórn“: einstaklingar, sem hafa með höndum stjórnunarhlutverk innan verðbréfafyrirtækis, rekstraraðili markaðar eða veitandi gagnaskýrsluþjónustu og bera ábyrgð, og standa ábyrgir gagnvart stjórninni á daglegri stjórnun einingarinnar, þ.m.t. framkvæmd stefnu er varða dreifingu fyrirtækisins og starfsmanna þess á þjónustu og afurðum til viðskiptavina,

38) „jöfnuð eigin viðskipti“: viðskipti þar sem milligönguaðili staðsetur sig á milli kaupanda og seljanda í viðskiptunum án þess að milligönguaðilinn taki á sig markaðsáhættu við framkvæmd viðskiptanna, þar sem báðar hliðar viðskiptanna eru framkvæmdar á sama tíma og viðskiptin fara fram á verði sem milligönguaðilinn hvorki hagnast né tapar á, að undanskildum áður uppgefnum umboðslaunum, þóknun eða gjöldum fyrir viðskiptin,

39) „algrímsviðskipti“: viðskipti með fjármálagerninga þar sem tölvualgrím ákvarðar sjálfkrafa einstakar breytur fyrirmæla, s.s. hvort setja á tilboð af stað, tímasetningar, verð eða magn eða hvernig á að stýra tilboðunum þegar þau hafa verið lögð fram, með takmörkuðum eða engum mannlegum afskiptum, og tekur ekki til neins konar kerfis sem er einungis notað til að beina tilboðum til eins viðskiptavettvangs eða fleiri eða til vinnslu tilboða án þess að ákvarða neins konar viðskiptabreytur eða til að staðfesta fyrirmæli eða eftirávinnslu framkvæmdra viðskipta,

40) „hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms“: viðskiptatækni með notkun algríms sem einkennist af:

a) innviðum sem er ætlað að draga eins og kostur er úr biðtíma á netkerfi og annars konar biðtíma, þ.m.t. í það minnsta ein tegund eftirfarandi búnaðar til innfærslu algrímstilboða: samhýsing, nándarhýsing eða beinn, rafrænn háhraða-aðgangur,

b) kerfisákvörðun um að setja af stað eða búa til tilboð, beina tilboðum áfram eða framkvæma viðskipti án mannlegrar íhlutunar fyrir stök viðskipti eða tilboð og

c) miklum fjölda skilaboða innan dagsins sem samanstanda af tilboðum, verðtilboðum eða afturköllunum,

41) „beinn rafrænn aðgangur“: fyrirkomulag þar sem aðili eða þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangs heimilar einstaklingi að nota viðskiptaauðkenni sitt til að senda með rafrænum hætti fyrirmæli tengd fjármálagerningi beint til viðskiptavettvangsins og felur í sér fyrirkomulag þar sem einstaklingur notar innviði aðila eða þátttakanda eða viðskiptavinar eða hvers konar tengt kerfi, sem aðilinn, þátttakandinn eða viðskiptavinurinn leggur til, til að senda fyrirmæli (beinn markaðsaðgangur) og fyrirkomulag þar sem einstaklingur notar ekki slíka innviði (aðgangur í gegnum annan),

42) „krosssala“: boð um fjárfestingarþjónustu ásamt annarri þjónustu eða afurð sem hluta af pakka eða sem skilyrði fyrir sama samningi eða pakka,

43) „samsettar innstæður“: innlán, eins og þau eru skilgreind í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ([1]), sem eru endurgreiðanleg að fullu á gjalddaga samkvæmt skilmálum um að vextir eða álag verði greitt eða geti tapast samkvæmt reiknireglu sem tekur til þátta á borð við:

a) vísitölu eða sambland vísitalna, þó ekki innlána með breytilegum vöxtum þar sem ávöxtun er tengd vaxtavísitölum eins og Euribor-vöxtum eða Libor-vöxtum, með beinum hætti,

b) fjármálagerninga eða sambland fjármálagerninga,

c) hrávöru eða sambland hrávara eða annarra efnislegra eða óefnislegra óútskiptanlegra eigna eða

d) gengi erlends gjaldmiðils eða sambland af gengi erlendra gjaldmiðla,

44) „framseljanleg verðbréf“: þeir flokkar verðbréfa sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum sem eru t.d.:

a) hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum einingum og heimildarskírteini vegna hlutabréfa,

b) skuldabréf eða önnur tryggð skuldaskjöl, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,

c) önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ákvarðast með tilliti til framseljanlegra verðbréfa, gjaldmiðla, vaxta eða ávöxtunarkrafna, hrávara eða annarra vísitalna eða mælikvarða,

45) „heimildarskírteini“: verðbréf sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði og fela í sér eignarhald á verðbréfum útgefanda, sem á lögheimili erlendis, á verðbréfunum jafnframt því að vera tekin til viðskipta á skipulegum markaði og viðskipti með þau eiga sér stað óháð verðbréfum útgefandans sem á lögheimili erlendis,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

46) „kauphallarsjóður“: sjóður þar sem a.m.k. eitt hlutdeildarskírteini eða einn flokkur hlutabréfa eru í viðskiptum yfir daginn á a.m.k. einum viðskiptavettvangi og með a.m.k. einum viðskiptavaka sem gerir ráðstafanir til að tryggja að verð hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa hans á viðskiptavettvangnum víki ekki verulega frá verðmæti hreinnar eignar hans og, þegar við á, frá ætluðu verðmæti hreinnar eignar hans,

47) „skírteini“: skírteini eins og þau eru skilgreind í 27. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

48) „samsettar fjármálaafurðir“: samsettar fjármálaafurðir eins og þær eru skilgreindar í 28. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

49) „afleiður“: afleiður eins og þær eru skilgreindar í 29. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

50) „hrávöruafleiður“: hrávöruafleiður eins og þær eru skilgreindar í 30. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

51) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

52) „viðurkennd birtingarþjónusta“: aðili sem hefur heimild samkvæmt þessari tilskipun til þess að veita þá þjónustu að birta viðskiptaskýrslur fyrir hönd verðbréfafyrirtækja skv. 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

53) „þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar“: aðili sem hefur heimild samkvæmt þessari tilskipun til að veita þá þjónustu að safna saman viðskiptaskýrslum vegna fjármálagerninga sem eru skráðir í 6., 7., 10., 12. og 13., 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, frá skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum og viðurkenndum birtingarþjónustum og sameina í einn samfelldan rafrænan rauntímagagnastraum sem sýnir upplýsingar um verð og magn fyrir hvern fjármálagerning,

54) „viðurkennt skýrslugjafarkerfi“: aðili sem hefur heimild samkvæmt þessari tilskipun til að veita þá þjónustu að gefa lögbærum yfirvöldum eða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um viðskipti fyrir hönd verðbréfafyrirtækja,

55) „heimaaðildarríki“:

a) þegar um er að ræða verðbréfafyrirtæki:

i. ef verðbréfafyrirtækið er einstaklingur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa hans er,

ii. ef verðbréfafyrirtækið er lögaðili, aðildarríkið þar sem það er með skráða skrifstofu,

iii. ef verðbréfafyrirtækið hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við landslög, aðildarríkið þar sem það er með aðalskrifstofu,

b) ef um er að ræða skipulegan markað, aðildarríkið þar sem skipulegi markaðurinn er skráður eða ef hann hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við lög þess aðildarríkis, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa skipulega markaðarins er,

c) ef um er að ræða viðurkennda birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt tilkynningakerfi:

i. ef viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt tilkynningakerfi er einstaklingur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa hans er,

ii. ef viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt tilkynningakerfi er lögaðili, aðildarríkið þar sem hann er með skráða skrifstofu,

iii. ef viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt tilkynningakerfi hefur enga skráða skrifstofu samkvæmt landslögum, aðildarríkið þar sem aðili þessi er með aðalskrifstofu,

56) „gistiaðildarríki“: aðildarríki annað en heimaaðildarríkið þar sem verðbréfafyrirtæki er með útibú eða veitir þjónustu og/eða fjárfestingarþjónustu eða aðildarríkið þar sem skipulegur markaður kveður á um viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda aðgang fjaraðila eða þátttakenda, sem hafa staðfestu í því aðildarríki, að viðskiptum í kerfi markaðarins,

57) „fyrirtæki í þriðja landi“: fyrirtæki sem myndi vera lánastofnun sem byði fjárfestingarþjónustu eða stundaði fjárfestingarstarfsemi eða verðbréfafyrirtæki ef aðalskrifstofa þess eða skráð skrifstofa væri staðsett innan Sambandsins,

58) „heildsöluorkuafurð“: heildsöluorkuafurð eins og hún er skilgreind í 4. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011,

59) „landbúnaðarhrávöruafleiður“: afleiðusamningar sem tengjast afurðum sem eru taldar upp í 1. gr. og I.–XX. hluta og hluta XXIV/1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([1]),

60) „ríkisútgefandi“: sérhver eftirfarandi aðila sem er sem gefur út skuldagerninga:

i. Sambandið,

ii. aðildarríki, þ.m.t. ráðuneyti, stofnun eða félag aðildarríkis með sérstakan tilgang,

iii. þegar um er að ræða sambandsríki, aðili að sambandsríkinu,

iv. félag nokkurra aðildarríkja með sérstakan tilgang,

v. alþjóðleg fjármálastofnun sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa komið á fót og hefur það markmið að virkja fjármagn og veita fjárhagsaðstoð til handa þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika eða

vi. Fjárfestingarbanki Evrópu,

61) „ríkisskuld“: skuldagerningur sem ríkisútgefandi gefur út,

62) „varanlegur miðill“: hvert það tæki sem:

a) gerir viðskiptavini kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé í hæfilegan tíma síðar að nálgast þær til að fletta upp í þeim og

b) gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

63) „veitandi gagnaskýrsluþjónustu“: viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt tilkynningakerfi.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að tilgreina suma þá tæknilegu þætti skilgreininganna sem mælt er fyrir um í 1. mgr., laga þá að markaðsþróun, tækniþróun og reynslu af atferli sem er bannað samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.

II. BÁLKUR

STARFSLEYFI OG SKILYRÐI FYRIR STARFSEMI VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

I. KAFLI

Skilyrði og málsmeðferð við starfsleyfisveitingu

5. gr.

Kröfur vegna starfsleyfisveitingar

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að veiting fjárfestingarþjónustu og/eða stundun fjárfestingarstarfsemi reglubundið eða í atvinnuskyni sé háð því að fyrir liggi starfsleyfi í samræmi við þennan kafla. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki, sem tilnefnt er í samræmi við 67. gr., skal veita slíkt starfsleyfi.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríki því aðeins heimila rekstraraðila markaðar að starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskiptavettvang að fyrir liggi staðfesting á því að hann uppfylli skilyrði þessa kafla.

3. Aðildarríki skulu skrá öll verðbréfafyrirtæki. Skráin skal vera aðgengileg almenningi og fela í sér upplýsingar um þjónustuna eða starfsemina sem verðbréfafyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir. Hún skal uppfærð reglulega. Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhvert starfsleyfi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera skrá yfir öll verðbréfafyrirtæki í Sambandinu. Skrá þessi skal innihalda upplýsingar um þjónustu eða starfsemi sem sérhvert verðbréfafyrirtæki hefur starfsleyfi fyrir og skal uppfæra hana reglulega. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá þessa á vefsetri sínu.

Birta skal afturköllun þessa á skránni til næstu fimm ára. þegar lögbært yfirvald hefur afturkallað starfsleyfi í samræmi við b-, c- og d-lið 8. gr.

4. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess:

a) að verðbréfafyrirtæki sem er lögaðili hafi höfuðstöðvar sínar í sama aðildarríki og það er með skráða skrifstofu,

b) að verðbréfafyrirtæki sem er ekki lögaðili eða verðbréfafyrirtæki sem er lögaðili en hefur ekki skráða skrifstofu samkvæmt landslögum hafi höfuðstöðvar sínar í aðildarríkinu þar sem það er í raun með starfsemi sína.

6. gr.

Gildissvið starfsleyfis

1. Heimaaðildarríkið skal sjá til þess að í starfsleyfinu sé tilgreind sú fjárfestingarþjónusta eða -starfsemi sem verðbréfafyrirtækið hefur heimild til að veita. Starfsleyfið getur náð til einnar eða fleiri tegundar viðbótarþjónustu sem sett er fram í B-þætti I. viðauka. Starfsleyfi skal aldrei veitt eingöngu vegna veitingar viðbótarþjónustu.

2. Verðbréfafyrirtæki sem óskar eftir leyfi til að auka við viðskipti sín með því að veita frekari fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi eða viðbótarþjónustu sem ekki var fyrirséð við upphaflega starfsleyfisveitingu skal leggja inn beiðni um rýmkun starfsleyfis síns.

3. Starfsleyfið skal gilda í öllu Sambandinu og heimila verðbréfafyrirtæki að veita þá þjónustu eða stunda þá starfsemi sem það hefur starfsleyfi fyrir alls staðar í Sambandinu, annaðhvort með stofnun útibús eða á grundvelli frelsis til að veita þjónustu.

7. gr.

Málsmeðferð við að samþykkja og hafna beiðnum um starfsleyfi

1. Lögbært yfirvald skal ekki veita starfsleyfi fyrr en það hefur að fullu gengið úr skugga um að umsækjandinn fari að öllum kröfum ákvæða sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

2. Verðbréfafyrirtækið skal veita allar upplýsingar, þ.m.t. starfsáætlun þar sem fram kemur m.a. hvers konar rekstur er fyrirhugaður og stjórnskipulag, sem nauðsynlegar eru til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að fullvissa sig um að þegar upphaflegt starfsleyfi er veitt hafi verðbréfafyrirtækið gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessum kafla.

3. Umsækjanda skal tilkynnt um, innan sex mánaða frá því að hann leggur fram fullbúna umsókn, hvort starfsleyfi hafi verið veitt eða ekki.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) upplýsingarnar sem veita á lögbærum yfirvöldum skv. 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. starfsáætlun,

b) kröfurnar sem gilda um stjórnun verðbréfafyrirtækja skv. 6. mgr. 9. gr. og upplýsingar um tilkynningar skv. 5. mgr. 9. gr.,

c) kröfurnar sem gilda um hluthafa og aðila með virkan eignarhlut og jafnframt hindranir sem gætu komið í veg fyrir að lögbært yfirvald geti gegnt eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti skv. 1. og 2. mgr. 10. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferðarreglur vegna tilkynningar eða tilhögunar upplýsingamiðlunar sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar og 5. mgr. 9. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmda-stjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er fengið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. gr.

Afturköllun starfsleyfa

Lögbæru yfirvaldi er því aðeins heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem veitt hefur verið verðbréfafyrirtæki, að fyrirtækið:

a) nýti ekki starfsleyfið innan 12 mánaða, afsali sér ótvírætt starfsleyfinu eða hafi ekki veitt fjárfestingarþjónustu eða stundað fjárfestingarstarfsemi næstliðna sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hafi fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan óeðlilegan hátt,

c) uppfylli ekki lengur skilyrðin fyrir starfsleyfinu, s.s. að hlíta skilyrðunum sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

d) hafi brotið alvarlega og ítrekað gegn ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um skilyrði fyrir starfsemi verðbréfafyrirtækja,

e) falli undir ákvæði í landslögum um afturköllun starfsleyfis að því er varðar mál utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhverja afturköllun á starfsleyfi.

9. gr.

Stjórn

1. Lögbær yfirvöld, sem veita starfsleyfi í samræmi við 5. gr., skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki og stjórnir þeirri fari að ákvæðum 88. og 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu samþykkja í sameiningu viðmiðunarreglur um þá þætti sem fram koma í 12. mgr. 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Þegar starfsleyfi er veitt í samræmi við 5. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað stjórnarmönnum að gegna einu viðbótarstjórnarstarfi sem er ekki hluti framkvæmdastjórnar umfram það sem leyft er í samræmi við 3. mgr. 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina reglulega um slíkar heimildir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu samræma öflun upplýsinga sem kveðið er á um samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar greinar og skv. 6. mgr. 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB í tengslum við verðbréfafyrirtæki.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórn verðbréfafyrirtækis skilgreini, hafi umsjón með og beri ábyrgð á framkvæmd stjórnunarhátta sem tryggja skilvirka og varfærna stjórnun verðbréfafyrirtækis, þ.m.t. að aðgreina störf í verðbréfafyrirtækinu og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, og stuðli þannig að heilbrigði markaðarins og hagsmunum viðskiptavina.

Þessir stjórnunarhættir skulu einnig tryggja, með fyrirvara um kröfurnar sem eru settar fram í 1. mgr. 88. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, að stjórnin skilgreini, samþykki og hafi umsjón með:

a) skipulagi fyrirtækisins með hliðsjón af veitingu fjárfestingarþjónustu og -starfsemi og viðbótarþjónustu, þ.m.t. færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem krafist er af starfsfólki og úrræðum, ferlum og fyrirkomulagi sem haft er við veitingu þjónustu og í starfsemi með tilliti til eðlis, umfangs og þess hversu flókin starfsemi þess er og allra þeirra krafna sem fyrirtækið þarf að uppfylla,

b) stefnu hvað varðar þá þjónustu, starfsemi, afurðir og viðskipti sem fyrirtækið býður eða annast í samræmi við áhættuþol fyrirtækisins og sérkenni og þarfir viðskiptavina þess sem fá boð um eða er veitt slík þjónusta, þ.m.t. framkvæmd álagsprófana, þar sem við á,

c) starfskjarastefnu aðila sem koma að veitingu þjónustu til viðskiptavina sem miðar að því að hvetja til ábyrgra viðskiptahátta, sanngjarnrar meðferðar viðskiptavina og að forðast hagsmunaárekstra að því er varðar tengsl við viðskiptavini.

Stjórnin skal hafa eftirlit með og meta reglulega hvort stefnumótun og innleiðing markmiða fyrirtækisins vegna fjárfestingarþjónustu og -starfsemi og viðbótarþjónustu, sé fullnægjandi og einnig framkvæmd þeirra, skilvirkni í stjórnunarháttum verðbréfafyrirtækisins og hvort stefnur í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavina séu fullnægjandi og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum.

Stjórnarmenn skulu hafa fullnægjandi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og skjölum til að hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar.

4. Lögbært yfirvald skal synja um starfsleyfi ef það telur ekki sýnt að stjórnarmenn verðbréfafyrirtækisins hafi nægilega gott orðspor, fullnægjandi þekkingu, færni og reynslu og verji nægilegum tíma til starfa sinna innan verðbréfafyrirtækisins eða ef fyrir liggja hlutlægar ástæður sem benda til þess að ætla megi að stjórn fyrirtækisins kunni að vera ógn við skilvirka, trausta og varfærna stjórnun þess og að fullnægjandi tillit sé tekið til hagsmuna viðskiptavina þess og heilbrigði markaðarins.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtækið tilkynni lögbæru yfirvaldi um stjórnarmenn þess og allar breytingar á stjórninni, auk allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta hvort fyrirtækið uppfylli skilyrði 1., 2. og 3. mgr.

6. Aðildarríki skulu krefjast þess að stjórn verðbréfafyrirtækisins sem sækir um sé í höndum a.m.k. tveggja aðila sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er aðildarríkjum heimilt að veita starfsleyfi verðbréfafyrirtækjum sem eru einstaklingar eða verðbréfafyrirtækjum sem eru lögaðilar og einstaklingur stjórnar í samræmi við stjórnskipunarreglur þeirra og landslög. Aðildarríkin skulu engu að síður krefjast þess að:

a) fyrir hendi sé annað fyrirkomulag sem tryggir trausta og varfærna stjórnun slíkra verðbréfafyrirtækja og að fullnægjandi tillit sé tekið til hagsmuna viðskiptavina og heilbrigði markaðarins,

b) viðkomandi einstaklingar hafi nægilega gott orðspor, fullnægjandi þekkingu, færni og reynslu og verji nægilegum tíma til skyldustarfa sinna.

10. gr.

Hluthafar og aðilar með virka eignarhluti

1. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita verðbréfafyrirtæki starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi fyrr en þau hafa fengið upplýsingar um nöfn allra hluthafa eða félagsaðila sem fara beint eða óbeint með virka eignarhluta sem einstaklingar eða lögaðilar, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Lögbær yfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef þau telja hluthafa eða aðila sem fara með virka eignarhluta vanhæfa með hliðsjón af því að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varfærna stjórnun verðbréfafyrirtækis.

Lögbært yfirvald skal einungis, þegar náin tengsl eru á milli verðbréfafyrirtækis og annarra einstaklinga eða lögaðila, veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að lögbæra yfirvaldið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

2. Lögbært yfirvald skal synja um starfsleyfi ef lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fyrirtækið hefur náin tengsl við eða vandkvæði tengd fullnustu þeirra, koma í veg fyrir að yfirvaldið sinni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar líklegt er að áhrif þeirra aðila, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., hafi slæm áhrif á trausta og varfærna stjórnun verðbréfafyrirtækis skuli lögbært yfirvald gera viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það ástand.

Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann eða refsiaðgerðir gagnvart stjórnendum og þeim sem ábyrgð bera á stjórnun eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum hluthafa og aðila sem um ræðir.

11. gr.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirtöku

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingar eða lögaðilar eða slíkir aðilar í samstarfi („fyrirhugaður yfirtökuaðili“) sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort afla sér beint eða óbeint yfir eða eignast virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki eða auka frekar, beint eða óbeint, virkan eignarhlut sinn í verðbréfafyrirtæki, svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé næmi eða færi yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að verðbréfafyrirtækið yrði dótturfélag viðkomandi („fyrirhuguð yfirtaka“), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í ríki verðbréfafyrirtækisins, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í, og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða yfir, eins og um getur í 4. mgr. 13. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa, beint eða óbeint, virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki, tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum og skýri þeim frá því hversu stórum hlut í félaginu hann hyggst halda eftir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhlut sinn svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða að verðbréfafyrirtækið hætti að vera dótturfélag hans.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau beita, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

Aðildarríki skulu, við ákvörðun á því hvort viðmiðin fyrir virkan eignarhlut, sem um getur í 10. gr. og þessari grein, séu uppfyll, ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem verðbréfafyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka, að því tilskildu að þessi réttindi séu annars vegar ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og hins vegar að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

2. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr. („matið“) ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, líftryggingafélags, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, verðbréfafyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, líftryggingafélagi, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

Lögbær yfirvöld skulu veita hvert öðru, án ótilhlýðilegrar tafar, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbær yfirvöld láta í té allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir því, og allar viðeigandi upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbært yfirvald, sem veitti starfsleyfi verðbréfafyrirtækinu sem fyrirhugað er að yfirtaka, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar verðbréfafyrirtæki fær vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé þess er veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr., skuli verðbréfafyrirtækið þegar í stað tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um.

Verðbréfafyrirtæki skulu einnig, a.m.k. einu sinni á ári, tilkynna lögbæru yfirvaldi um nöfn þeirra hluthafa og aðila sem eiga virkan eignarhlut og upphæð þessara eignarhluta líkt og gefið er upp t.d. á árlegum fundum hluthafa og aðila eða á grundvelli reglna um reglufylgni sem settar eru um fyrirtæki sem hafa framseljanleg verðbréf sem viðskipti eru leyfð með á skipulegum markaði.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að lögbær yfirvöld geri ráðstafanir svipaðar þeim sem um getur í 3. mgr. 10. gr. vegna einstaklinga sem uppfylla ekki þá skyldu að veita upplýsingar fyrirfram vegna kaupa eða aukningar á virkum eignarhlut. Ef eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum refsiaðgerðum sem gripið er til, sjá svo um að því sé frestað að viðkomandi fái að neyta atkvæðisréttar síns eða að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

12. gr.

Matstímabil

1. Lögbær yfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar sem krafist er skv. fyrstu undirgrein 1. mgr. 11. gr. og einnig frá hugsanlegri viðtöku síðar á upplýsingum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir viðtöku.

Lögbær yfirvöld skulu hafa mest 60 virka daga, frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr. („matstímabilið“), til þess að framkvæma matið.

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa fyrirhugaðan yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

2. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf.

Á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

3. Lögbær yfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er einn af eftirtöldum aðilum:

a) einstaklingur eða lögaðili sem er staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Sambandsins,

b) einstaklingur eða lögaðili sem ekki heyrir undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB eða 2013/36/ESB.

4. Ákveði lögbær yfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

5. Andmæli lögbær yfirvöld ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

7. Aðildarríkin geta ekki gert strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda eða sett strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að koma á tæmandi skrá yfir upplýsingar sem um getur í 4. mgr. 13. gr. og fyrirhugaðir yfirtökuaðilar láta fylgja með í tilkynningu þeirra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferðarreglur vegna fyrirkomulags samráðs milli viðkomandi lögbærra yfirvalda, eins og um getur í 2. mgr. 11. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmda-stjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er fengið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

13. gr.

Mat

1. Við mat á tilkynningunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. og upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., skulu lögbær yfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun verðbréfafyrirtækisins sem fyrirhugað er að yfirtaka, og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á verðbréfafyrirtækið, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum verðbréfafyrirtækisins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá tegund rekstrar sem er stundaður og áformað er að stunda í verðbréfafyrirtækinu sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort verðbréfafyrirtæki getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum sem byggjast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, einkum tilskipun 2002/87/EB og 2013/36/ESB, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem það verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynd í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á þessu.

Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja, í samræmi við 89. gr., framseldar gerðir sem breyta viðmiðununum sem settar eru fram í fyrstu undirgrein þessarar greinar.

2. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku þegar til þess liggja haldbær rök á grundvelli viðmiðana sem sett eru fram í 1. mgr. eða þegar upplýsingarnar sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir reynast ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirframskilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar sem verður að yfirtaka né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að meta fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og ber að senda þær lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 11. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku. Aðildarríki skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur, eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkum eignarhlut í sama verðbréfafyrirtæki, skal, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. 12. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera á jafnréttisgrundvelli.

14. gr.

Aðild að viðurkenndu bótakerfi fyrir fjárfesta

Lögbært yfirvald skal staðfesta að aðili, sem leitar starfsleyfis sem verðbréfafyrirtæki, uppfylli skyldur sínar samkvæmt tilskipun 97/9/EB þegar starfsleyfið er veitt.

Uppfylla skal skylduna sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein, í tengslum við samsettar innstæður útgefnar af lánastofnun sem er aðili að viðurkenndu innstæðutryggingakerfi samkvæmt tilskipun 2014/49/ESB.

15. gr.

Stofnfjárframlag

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld veiti ekki starfsleyfi nema verðbréfafyrirtækið hafi nægilegt stofnfé í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með hliðsjón af eðli umræddar fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi.

16. gr.

Skipulagskröfur

1. Heimaaðildarríkið skal krefjast þess að verðbréfafyrirtækið uppfylli þær skipulagskröfur sem mælt er fyrir um í 2.–10. mgr. þessarar greinar og 17. gr.

2. Verðbréfafyrirtæki skal setja fullnægjandi reglur og verkferla sem tryggja að fyrirtækið, þ.m.t. stjórnendur, starfsfólk og einkaumboðsmenn, uppfylli skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun og viðeigandi reglum um einkaviðskipti slíkra einstaklinga.

3. Verðbréfafyrirtæki skal viðhalda og beita skilvirku skipulags- og stjórnunafyrirkomulagi með það fyrir augum að gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar, eins og þeir eru skilgreindir í 23. gr., hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þess.

Verðbréfafyrirtæki sem býr til fjármálagerninga til að selja viðskiptavinum skal viðhalda, halda úti og endurskoða ferli til viðurkenningar á sérhverjum fjármálagerningi og veigamiklum aðlögunum á fyrirliggjandi fjármálagerningum áður en þeir eru settir á markað eða þeim dreift til viðskiptavina.

Í ferlinu til viðurkenningar á afurðinni skal tilgreina tiltekinn markhóp endanlegra viðskiptavina innan viðkomandi flokks viðskiptavina fyrir hvern fjármálagerning og tryggja að öll tengd áhætta vegna slíks markhóps sé metin og að fyrirhuguð dreifingarstefna samrýmist þessum tiltekna markhópi.

Verðbréfafyrirtæki skal einnig endurskoða með reglubundnum hætti fjármálagerninga, sem það býður upp á eða setur á markað með tilliti til hvers konar atburða sem kynnu að hafa efnisleg áhrif á mögulega áhættu fyrir markhópinn, til að meta a.m.k. hvort fjármálagerningurinn sé í samræmi við þarfir þessa tiltekna markhóps og hvort fyrirhuguð dreifingarstefna eigi enn við.

Verðbréfafyrirtæki sem býr til fjármálagerninga skal láta dreifingaraðilum í té allar viðeigandi upplýsingar um fjármálagerninginn og ferlið við viðurkenningu vörunnar, þ.m.t. um tiltekinn markhóp fjármálagerningsins.

Verðbréfafyrirtæki skal ráða yfir fullnægjandi fyrirkomulagi til að afla þeirra upplýsinga sem um getur í fimmtu undirgrein og skilja sérkenni hvers fjármálagernings og tilgreinds markhóps þegar það býður upp á eða mælir með fjármálagerningi sem það býr ekki sjálft til.

Þær reglur, verkferlar og fyrirkomulag sem um getur í þessari málsgrein skulu vera með fyrirvara um allar aðrar kröfur samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, þ.m.t. í tengslum við birtingu upplýsinga, hagkvæmni eða hentugleika, greiningu og stjórn hagsmunaárekstra, og hvata.

4. Verðbréfafyrirtæki skal gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjárfestingarþjónusta og -starfsemi sé samfelld og reglubundin. Með þetta að markmiði skal verðbréfafyrirtækið nota viðeigandi og hæfileg kerfi, tilföng og málsmeðferðir.

5. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að eðlilegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir óþarfa viðbótaráhættu í rekstri þegar það reiðir sig á þriðja aðila til að sinna rekstrarhlutverki sem er nauðsynlegt til að veita viðskiptavinum samfellda og fullnægjandi þjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi á samfelldum og fullnægjandi grunni. Ekki er heimilt að útvista mikilvægri rekstrarstarfsemi ef það dregur úr gæðum innra eftirlits og getu eftirlitsmanns til að fylgjast með því að fyrirtækið uppfylli allar kvaðir.

Verðbréfafyrirtæki skal hafa traustar aðferðir fyrir stjórnun og bókhald, innri eftirlitskerfi, skilvirkar verklagsreglur fyrir áhættumat og skilvirkt eftirlits- og öryggisfyrirkomulag fyrir gagnavinnslukerfi.

Verðbréfafyrirtæki skal ráða yfir traustum leiðum til að tryggja öryggi og sannvottun leiða til að senda upplýsingar, draga eins og kostur er úr hættu á spillingu gagna og óheimiluðum aðgangi og koma í veg fyrir leka upplýsinga, jafnframt því að gæta að trúnaði gagna á öllum tímum, án þess að slíkt hafi áhrif á getu lögbærra yfirvalda til að krefjast aðgangs að samskiptum í samræmi við þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

6. Verðbréfafyrirtæki skal sjá til þess að haldnar séu skrár yfir alla þjónustu, starfsemi og viðskipti þess og skulu þær vera fullnægjandi til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að sinna eftirlitsverkefnum sínum og ganga til fullnustuaðgerða samkvæmt þessari tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 600/2014, tilskipun 2014/57/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014, og einkum að ganga úr skugga um að verðbréfafyrirtækið hafi uppfyllt allar skyldur, þ.m.t. þær sem varða viðskiptavini eða mögulega viðskiptavini og heildarvirkni markaðarins.

7. Skrár skulu innihalda upptökur af símtölum eða rafrænum boðskiptum er tengjast í það minnsta viðskiptum fyrir eigin reikning og veitingu þjónustu er tengist viðtöku, sendingu og framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina.

Símtöl þessi og rafrænu boðskiptin skulu einnig taka til þeirra sem til stendur að leiði til viðskipta fyrir eigin reikning eða veitingu þjónustu er tengist viðtöku, sendingu og framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina, jafnvel þótt slík samtöl og boðskipti leiði ekki slíkra viðskipta eða veitingar þjónustu við að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.

Verðbréfafyrirtæki skal í þessu skyni gera hvers konar hæfilegar ráðstafanir til að taka upp viðkomandi símtöl og rafræn boðskipti sem fram fara eða eru send um eða tekið er við með búnaði frá verðbréfafyrirtækinu til starfsmanns eða verktaka eða hafi verðbréfafyrirtækið samþykkt eða heimilað starfsmanni eða verktaka notkun hans.

Verðbréfafyrirtæki skal tilkynna nýjum og núverandi viðskiptavinum um að símtöl eða boðskipti milli verðbréfafyrirtækisins og viðskiptavina þess sem hafa eða kunna að leiða til viðskipta verði tekin upp.

Gefa má slíka tilkynningu í eitt skipti, áður en nýjum eða núverandi viðskiptavinum er veitt fjárfestingarþjónusta.

Verðbréfafyrirtæki skal ekki láta viðskiptavinum í té fjárfestingarþjónustu eða stunda slíka starfsemi um síma ef viðskiptavinum hefur ekki verið tilkynnt fyrir fram um upptöku á símtölum eða boðskiptum ef slík fjárfestingarþjónusta og -starfsemi tengist viðtöku, sendingu og framkvæmd fyrirmæla viðskiptavinar.

Viðskiptavinir geta komið fyrirmælum sínum á framfæri eftir öðrum leiðum en slík boðskipti verða að vera á varanlegum miðli á borð við póst, símbréf, tölvupóst eða skjöl með fyrirmælum viðskiptavinar sem sett eru fram á fundum. Þannig er einkum hægt að nota fundargerðir eða minnispunkta til að skrá efni viðeigandi beinna samtala við viðskiptavini. Líta skal á slík fyrirmæli sem jafngild fyrirmælum um síma.

Verðbréfafyrirtæki skal gera hæfilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmaður eða verktaki eigi í, sendi eða taki við viðeigandi símtölum og rafrænum boðskiptum um búnað í einkaeigu sem verðbréfafyrirtækið getur hvorki skráð né afritað.

Láta skal skrár sem eru geymdar í samræmi við þessa málsgrein viðkomandi viðskiptavini í té komi fram beiðni þar að lútandi og skal geyma þær í fimm ár og, þegar lögbært yfirvald fer fram á það, í allt að sjö ár.

8. Þegar verðbréfafyrirtæki hefur undir höndum fjármálagerninga sem tilheyra viðskiptavinum skal það gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda eignarréttindi viðskiptavina, einkum ef til ógjaldfærni verðbréfafyrirtækisins kemur og til að koma í veg fyrir að fjármálagerningar viðskiptavinar séu notaðir fyrir eigin reikning þess nema að fengnu ótvíræðu samþykki viðskiptavinarins.

9. Þegar verðbréfafyrirtæki hefur undir höndum fjármuni sem tilheyra viðskiptavinum skal það gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi viðskiptavina og koma í veg fyrir notkun fjármuna viðskiptavina fyrir eigin reikning þess nema þegar um er að ræða lánastofnanir.

10. Verðbréfafyrirtæki skal ekki ganga til samnings við almenna fjárfesta um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu í þeim tilgangi að tryggja eða vernda raunverulegar eða skilyrtar eða væntanlegar skyldur viðskiptavina, núverandi eða í framtíðinni.

11. Þegar um er að ræða útibú verðbréfafyrirtækja skal lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem útibúið er staðsett framfylgja skyldunni, sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr., að því er varðar viðskipti sem útibúið framkvæmir með fyrirvara um þann möguleika að lögbært yfirvald heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins hafi beinan aðgang að þeim skrám.

Aðildarríki geta í undantekningartilvikum gert kröfur til verðbréfafyrirtækja um að verja eignir viðskiptavina sem koma til viðbótar þeim ákvæðum sem eru sett fram í 8., 9. og 10. mgr. og viðeigandi framseldum gerðum eins og um getur í 12. mgr. Þessar kröfur verður að rökstyðja með hlutlægum hætti og í þeim verður að gæta meðalhófs með tilliti til þess að takast á við, þegar verðbréfafyrirtæki verja eignir og fjármagn viðskiptavina, sértæka áhættu gagnvart vernd fjárfesta eða heildarvirkni markaðar sem hefur sérlega mikla þýðingu í tengslum við gerð markaðar í því aðildarríki.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án ástæðulausrar tafar, um sérhverja kröfu sem þau hyggjast gera í samræmi við þessa málsgrein og a.m.k. tveimur mánuðum fyrir þann dag er þessi krafa tekur gildi. Í tilkynningunni skal koma fram rökstuðningur fyrir þessari kröfu. Hvers konar viðbótarkröfur skulu hvorki takmarka né hafa á annan hátt áhrif á réttindi verðbréfafyrirtækja skv. 34. og 35. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja mánaða frá tilkynningunni sem um getur í þriðju undirgrein, gefa álit sitt á því hvort meðalhófs sé gætt í viðbótarkröfunum og á rökstuðningi fyrir þeim.

Aðildarríki geta viðhaldið viðbótarkröfum hafi þau tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2006/73/EB fyrir 2. júlí 2014 og hafi skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari grein, verið uppfyllt.

Framkvæmdastjórnin skal senda aðildarríkjum viðbótarkröfurnar sem gerðar eru í samræmi við þessa málsgrein og birta þær á vefsetri sínu.

12. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. þar sem tilgreindar eru raunhæfar skipulagskröfur sem mælt er fyrir um í 2.–10. mgr. þessarar greinar og gera á til verðbréfafyrirtækja og útbúa fyrirtækja þriðju landa sem hafa starfsleyfi í samræmi við 41. gr. og annast ólíka fjárfestingarþjónustu og/eða starfsemi og viðbótarþjónustu eða sambland af þessu.

17. gr.

Algrímsviðskipti

1. Verðbréfafyrirtæki sem hefur með höndum algrímsviðskipti skal ráða yfir skilvirkum kerfum og stjórntækjum vegna eftirlits með áhættu sem henta vel til þeirrar starfsemi sem það stundar til að tryggja að viðskiptakerfi þess séu álagsþolin og búi yfir nægilegri getu, falli undir viðeigandi viðskiptamörk og -takmarkanir og komi í veg fyrir sendingu rangra fyrirmæla eða að kerfin séu að öðru leyti þannig að þau skapi eða stuðli að óróleika á markaði. Slíkt fyrirtæki skal einnig ráða yfir skilvirkum kerfum og sinna áhættuvörnum til að tryggja að ekki sé unnt að nota viðskiptakerfin í tilgangi sem gengur gegn reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða reglum þess viðskiptavettvangs sem það tengist. Verðbréfafyrirtækið skal hafa til staðar skilvirkt fyrirkomulag til að halda samfellu í rekstri við bilun í viðskiptakerfum þess og skal sjá til þess að kerfin séu að fullu prófuð og undir viðeigandi eftirliti til að tryggja að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

2. Verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti í aðildarríki skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu og á viðskiptavettvangi þar sem verðbréfafyrirtækið stundar algrímsviðskipti sem aðili að eða þátttakandi á við-skiptavettvanginum.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins getur farið fram á að verðbréfafyrirtækið láti í té, reglubundið eða eftir þörfum, lýsingu á þeim aðferðum sem það notar við algrímsviðskipti, upplýsingar um þær viðskiptabreytur og -takmarkanir sem gilda um kerfið, verklag við reglufylgni og áhættustýringu sem tryggir að skilyrðin sem mælt er fyrir í 1. mgr. séu uppfyllt auk nákvæmra upplýsinga um framkvæmd prófana á kerfum þess. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins getur hvenær sem er farið fram á frekari upplýsingar frá verðbréfafyrirtækinu um þau algrímsviðskipti sem það stundar og þau kerfi sem notuð eru til viðskipta.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins skal senda, að fenginni beiðni og án ástæðulausrar tafar, lögbæru yfirvaldi viðskiptavettvangsins, sem verðbréfafyrirtækið á aðild að eða þar sem það tekur þátt í algrímsviðskiptum, upplýsingarnar sem um getur í annarri undirgrein og það fær frá verðbréfafyrirtækinu sem stundar algrímsviðskipti.

Verðbréfafyrirtækið skal sjá til þess að skrár séu haldnar í tengslum við atriðin sem um getur í þessari grein og tryggja að þær séu fullnægjandi til að lögbært yfirvald þess geti fylgst með því hvort farið sé að kröfum þessarar tilskipunar.

Verðbréfafyrirtæki sem stundar hátíðniviðskipti með notkun algríms skal geyma á viðurkenndu sniði nákvæmar skrár í réttri tímaröð yfir öll fyrirmæli, þ.m.t. afturkölluð fyrirmæli, framkvæmd fyrirmæli og verðtilboð á viðskiptavettvöngum og hafa til reiðu fyrir lögbært yfirvald að beiðni þess.

3. Verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti samkvæmt áætlun um viðskiptavakt skal, að teknu tilliti til lausafjárstöðu, umfangs og eðlis þessa sérstaka markaðar og einkenna þess gernings sem viðskipti eru höfð með:

a) annast þessa viðskiptavakt óslitið á tilteknum hluta opnunartíma viðskiptavettvangsins, nema við sérstakar aðstæður, þannig að það skapar seljanleika á viðskiptavettvangi reglulega og fyrirsjáanlega,

b) gera bindandi samning við viðskiptavettvanginn sem skal a.m.k. tilgreina skuldbindingar verðbréfafyrirtækisins í samræmi við a-lið og

c) hafa á öllum tímum yfir að ráða skilvirkum kerfum og eftirlitsaðferðum til að tryggja að það uppfylli skyldur sínar samkvæmt þeim samningi sem um getur í b-lið.

4. Að því er þessa grein og 48. gr. þessarar tilskipunar varðar telst verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti vinna eftir áætlun um viðskiptavakt þegar áætlun þess, sem aðila að eða þátttakanda í einum viðskiptavettvangi eða fleiri, þegar það stundar viðskipti fyrir eigin reikning, tekur til sendingar á bindandi, samtíma sölu- og kaupverði af sambærilegri stærð og á samkeppnishæfu verði er varða einn eða fleiri fjármálagerninga á einum viðskiptavettvangi eða þvert á mismunandi viðskiptavettvanga þannig að seljanleiki myndist ört og reglubundið á heildarmarkaðinum.

5. Verðbréfafyrirtæki sem býður beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi skal ráða yfir skilvirkum kerfum og eftirlitsaðferðum sem tryggja fullnægjandi mat og rýni í hæfi viðskiptavina sem nota þjónustuna, að komið sé í veg fyrir að viðskiptavinir sem nota þjónustuna fari yfir viðeigandi fyrirframákveðin viðskipta- og lánamörk, að viðeigandi eftirlit sé haft með viðskiptum viðskiptavina sem nota þjónustuna og að viðeigandi áhættuvarnir komi í veg fyrir viðskipti sem gætu leitt til áhættu fyrir verðbréfafyrirtækið sjálft eða skapað eða stuðlað að óróleika á markaði eða gangi gegn reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða reglum um viðskiptavettvanginn. Beinn rafrænn aðgangur er óheimill án slíks eftirlits.

Verðbréfafyrirtæki sem opnar fyrir beinan rafrænan aðgang skal bera ábyrgð á því að tryggja að viðskiptavinir sem nota þá þjónustu uppfylli kröfur þessarar tilskipunar og reglur um viðskiptavettvanginn. Verðbréfafyrirtækið skal fylgjast með viðskiptunum til þess að greina brot á þessum reglum, ótilhlýðileg viðskiptakjör eða hegðun sem kann að fela í sér markaðssvik og tilkynna verður til lögbærs yfirvalds. Verðbréfafyrirtækið skal tryggja að fyrir liggi bindandi skriflegur samningur milli verðbréfafyrirtækisins og viðskiptavinarins varðandi helstu réttindi og skyldur sem leiða af veitingu þjónustunnar og að verðbréfafyrirtækið beri samkvæmt samningnum ábyrgð á grundvelli þessarar tilskipunar.

Verðbréfafyrirtæki sem opnar fyrir beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um heimaaðildarríki sitt og þann viðskiptavettvang þar sem verðbréfafyrirtækið býður beinan rafrænan aðgang.

Lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins er heimilt að krefjast þess að verðbréfafyrirtækið láti í té, reglubundið eða eftir þörfum, lýsingu á kerfunum eða eftirlitinu sem um getur í fyrstu undirgrein og gögn um að þeim hafi verið beitt.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins skal senda, að fenginni beiðni frá lögbæru yfirvaldi viðskiptavettvangsins sem verðbréfafyrirtækið býður beinan rafrænan aðgang að og án ástæðulausrar tafar, upplýsingarnar sem um getur í annarri undirgrein og það fær frá verðbréfafyrirtækinu.

Verðbréfafyrirtækið skal sjá til þess að skrár séu haldnar í tengslum við atriðin sem um getur í þessari grein og tryggja að þær séu fullnægjandi til að lögbært yfirvald þess geti fylgst með því hvort farið sé að kröfum þessarar tilskipunar.

6. Verðbréfafyrirtæki er starfar sem almennur stöðustofnunaraðili fyrir aðra skal ráða yfir skilvirkum kerfum og sinna áhættuvörnum til að tryggja að stöðustofnunarþjónusta sé einungis boðin aðilum sem eru hæfir og uppfylla skýr viðmið og viðeigandi kröfur sem gerðar eru til þessara aðila til að draga úr áhættu verðbréfafyrirtækisins og markaðarins. Verðbréfafyrirtækið skal tryggja að fyrir liggi bindandi skriflegur samningur milli verðbréfafyrirtækisins og aðilans varðandi helstu réttindi og skyldur sem leiðir af veitingu þessarar þjónustu.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) upplýsingar um skipulagskröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1.–6. mgr. og gerðar verða til verðbréfafyrirtækja sem bjóða ólíka fjárfestingarþjónustu og/eða -starfsemi og viðbótarþjónustu eða sambland af þessu; þar skulu fram koma í ítarlegri lýsingu á þeim skipulagskröfum, sem mælt er fyrir um í 5. mgr., sértækar kröfur varðandi beinan markaðsaðgang og aðgang í gegnum annan þannig að tryggt sé að eftirlit með aðgangi í gegnum annan sé í það minnsta jafngilt eftirliti með beinum markaðsaðgangi,

b) við hvaða aðstæður verðbréfafyrirtæki yrði skylt að ganga til samninga um viðskiptavakt sem um getur í b-lið 3. mgr. og efni slíkra samninga, þ.m.t. það hlutfall af opnunartíma viðskiptavettvangsins sem mælt er fyrir um í 3. mgr.,

c) aðstæður sem teljast til sérstakra aðstæðna sem um getur í 3. mgr., þ.m.t. aðstæður þar sem afar mikils óróleika gætir, pólitísk og þjóðhagsleg málefni eru ofarlega á baugi, aðstæður er tengjast kerfislegum og rekstrarlegum þáttum og aðstæður sem ganga gegn getu verðbréfafyrirtækisins til að viðhalda varfærnu áhættustýringarferli, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr.,

d) efni og snið samþykkta eyðublaðsins sem um getur í fimmtu undirgrein 2. mgr. og hversu lengi verðbréfafyrirtækið verður að geyma slíkar skrár.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

18. gr.

Viðskiptaferli og lyktir viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulegu markaðstorgi

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg komi á gagnsæjum reglum og ferlum fyrir sanngjörn og skipuleg viðskipti og setja hlutlæg viðmið fyrir skilvirka framkvæmd fyrirmæla, auk þess að uppfylla skipulagskröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. Þau skulu viðhafa trausta stjórnun á rekstri tæknilegra kerfa, þ.m.t. skilvirkar viðbúnaðaráætlanir með tilliti til áhættu vegna kerfisraskana.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg komi á gagnsæjum reglum varðandi viðmið fyrir fjármálagerninga sem hægt er að stunda viðskipti með í kerfum þeirra.

Aðildarríkin skulu krefjast þess, þar sem við á, að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg útvegi nægilegar upplýsingar, eða gangi úr skugga um að þær séu aðgengilegar almenningi til að notendum sé kleift að meta fjárfestingar að teknu tilliti til hvers konar notendur um ræðir og jafnframt tegunda gerninga í viðskiptum.

3. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg setji, birti og viðhaldi og komi til framkvæmda gagnsæjum reglum sem byggðar eru á hlutlægum viðmiðum um aðgengi að þeim.

4. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg viðhaldi fyrirkomulagi til að greina með skýrum hætti og takast á við hugsanlegar óhagstæðar afleiðingar hagsmunaárekstra fyrir rekstur markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulega markaðstorgsins eða fyrir aðila eða þátttakendur og notendur, eða hvers konar hagsmunaárekstra milli markaðstorgs fjármálagerninga, skipulegs markaðstorgs, eigenda þeirra eða verðbréfafyrirtækja eða rekstraraðila þeirra og traustrar virkni markaðstorgs fjármálagerninganna eða skipulega markaðstorgsins.

5. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg uppfylli ákvæði 48. og 49. gr. og hafi yfir að ráða öllum nauðsynlegum skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi í því skyni.

6. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga og skipulegt markaðstorg upplýsi með skýrum hætti aðila sína eða þátttakendur um ábyrgð þeirra á uppgjöri viðskiptanna sem þar fara fram. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að greiða fyrir skilvirku uppgjöri viðskipta sem fara fram í kerfum þeirra.

7. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulegu markaðstorgi séu a.m.k. þrír raunverulega virkir aðilar eða notendur sem hver um sig hefur tækifæri til að eiga samskipti við alla hina með tilliti til verðmyndunar.

8. Fari viðskipti með framseljanleg verðbréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, einnig fram á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi án samþykkis útgefanda, er útgefanda ekki skylt að annast upphaflega, viðvarandi eða sérstaka fjárhagslega upplýsingagjöf gagnvart því markaðstorgi.

9. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg hlíti án tafar fyrirmælum frá lögbæru yfirvaldi sínu skv. 2. mgr. 69. gr. um að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða taka hann úr viðskiptum.

10. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg láti lögbæru yfirvaldi í té ítarlega lýsingu á starfsemi sinni, þ.m.t. hvers konar tengslum við eða þátttöku á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi eða innmiðlara sem er í eigu sama verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar, ásamt skrá yfir aðila þeirra, þátttakendur og/eða notendur, með fyrirvara um 1., 4. og 5. mgr. 20. gr. Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni aðgang að þessum upplýsingum sé þess óskað. Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhvert starfsleyfi til verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera skrá yfir öll markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg í Sambandinu. Í skránni skulu koma fram upplýsingar um þjónustuna sem markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg veitir og sérstakan kóða til auðkenningar á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulega markaðstorginu sem er notaður í skýrslum í samræmi við 6., 10. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Hún skal uppfærð reglulega. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá þessa á vefsetri sínu.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða efni og snið lýsingarinnar og tilkynningarinnar sem um getur í 10. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er fengið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

19. gr.

Sérkröfur varðandi markaðstorg fjármálagerninga

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga setji ófrávíkjanlegar reglur um framkvæmd fyrirmæla í kerfinu og framfylgi þeim, ásamt því að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. og 18. gr.

2. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að reglurnar, sem um getur í 3. mgr. 18. gr., um aðgang að markaðstorgi fjármálagerninga uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 53. gr.

3. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga geri ráðstafanir til að:

a) skipulegi markaðurinn sé nægilega vel í stakk búinn til að stýra áhættum sem að honum snúa, koma á viðeigandi ráðstöfunum og kerfum til að greina allar verulegar áhættur fyrir rekstur hans og koma á skilvirkum ráðstöfunum til að milda þær,

b) koma á árangursríku fyrirkomulagi til að auðvelda skilvirk og tímanleg lok viðskipta sem eiga sér stað í kerfum þeirra og

c) á skipulegum markaði sé til staðar nægilegt fjármagn á þeim tíma sem starfsleyfi er veitt og þaðan í frá til að greiða fyrir skipulegri starfsemi, að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskiptanna sem fram fara á markaðinum og þess hvers eðlis og hversu mikil áhættan er á markaðnum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að 24., 25., 27. gr. (1., 2. og 4.–10. mgr.) og 28. gr. gildi ekki um viðskipti sem fara fram samkvæmt reglum um markaðstorg fjármálagerninga milli aðila eða þátttakenda eða milli markaðstorgs fjármálagerninga og aðila eða þátttakenda í tengslum við notkun markaðstorgsins. Aðilar eða þátttakendur í markaðstorgi fjármálagerninga skulu þó fara að kröfunum, sem kveðið er á um 24., 25., 27., og 28. gr., að því er varðar viðskiptavini sína þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina sinna fyrir þeirra hönd í gegnum kerfi markaðstorgs fjármálagerninga.

5. Aðildarríkin skulu ekki heimila verðbréfafyrirtækjum eða rekstraraðilum markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar með því að nota eigið fé eða stunda jöfnuð eigin viðskipti.

20. gr.

Sérkröfur varðandi skipuleg markaðstorg

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðili markaðar sem starfrækja skipulegt markaðstorg geri ráðstafanir sem hindra að fyrirmæli viðskiptavina á skipulegu markaðstorgi séu framkvæmd með eigin fé verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir skipulega markaðstorgið eða aðila sem er hluti af sömu samstæðu eða lögaðila í hlutverki verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðar.

2. Aðildarríkin skulu ekki heimila verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg að stunda jöfnuð eigin viðskipti með skuldabréf, samsettar fjármálafurðir, losunarheimildir og tilteknar afleiður nema viðskiptavinurinn hafi veitt samþykki sitt fyrir því.

Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg skal ekki nota jöfnuð eigin viðskipti til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar á skipulegu markaðstorgi með afleiður sem tilheyra afleiðuflokki sem fellur undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg skal koma á fyrirkomulagi til að tryggja að farið sé að skilgreiningunni á jöfnuðum eigin viðskiptum í 38. lið 1. mgr. 4. gr.

3. Aðildarríkin skulu einungis heimila verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg að stunda viðskipti fyrir eigin reikning, önnur en jöfnuð eigin viðskipti, með skuldagerninga ríkis sem lítill seljanleiki er með á markaði.

4. Aðildarríki skulu ekki heimila rekstur skipulegs markaðstorgs og innmiðlara innan sama lögaðila. Skipulegt markaðstorg skal ekki tengjast innmiðlara með þeim hætti að tilboð á einu skipulegu markaðstorgi hafi áhrif á tilboð eða verðtilboð hjá innmiðlara, og öfugt. Skipulegt markaðstorg skal ekki tengjast öðru skipulegu markaðstorgi með þeim hætti að tilboð á einu skipulegu markaðstorgi hafi áhrif á tilboð á öðru skipulegu markaðstorgi.

5. Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg fái annað verðbréfafyrirtæki til að halda úti sjálfstæðri viðskiptavakt á því skipulega markaðstorgi.

Verðbréfafyrirtæki telst, að því er þessa grein varðar, ekki halda úti sjálfstæðri viðskiptavakt á skipulegu markaðstorgi ef það hefur náin tengsl við verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir það.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að framkvæmd fyrirmæla á skipulegu markaðstorgi sé með valfrjálsum hætti.

Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg skal aðeins hafa val við aðrar eða báðar eftirtaldar aðstæður:

a) þegar hann ákveður að setja fram eða draga til baka tilboð á skipulega markaðstorginu sem hann starfrækir,

b) þegar hann ákveður að jafna ekki saman tilteknu tilboði viðskiptavinar við önnur fyrirliggjandi tilboð í kerfunum á ákveðnum tíma enda sé slíkt í samræmi við sérstök fyrirmæli frá viðskiptavini og skyldur í samræmi við 27. gr.

Í kerfi þar sem fyrirmæli viðskiptavina eru samkeyrð getur verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg ákveðið hvort, hvenær og í hvaða mæli hann jafnar saman tvennum tilboðum eða fleiri í kerfinu. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir skipulega markaðstorgið er heimilt, í samræmi við 1., 2., 3. og 5. mgr. og með fyrirvara um 3. mgr., að greiða fyrir viðræðum milli viðskiptavina í því skyni að færa saman í viðskipti viðskiptaáhuga tveggja eða fleiri aðila sem kann að vera samrýmanlegur.

Þessi skuldbinding er með fyrirvara um 18. og 27. gr.

7. Lögbært yfirvald getur, annaðhvort þegar verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar fer fram á að fá starfsleyfi til rekstrar skipulegs markaðstorgs, eða eftir þörfum, krafist ítarlegra skýringa á því hvers vegna kerfið teljist ekki eða geti ekki starfað sem skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða innmiðlari sem og ítarlegrar lýsingar á því hvernig svigrúm til ákvörðunar er nýtt, einkum hvenær draga má til baka fyrirmæli til skipulega viðskiptavettvangsins og hvenær og með hvaða hætti tilboð frá tveimur eða fleiri viðskiptavinum verða jöfnuð saman innan skipulega markaðstorgsins. Enn fremur skulu verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg láta lögbæru yfirvaldi í té upplýsingar sem skýra notkun þess á jöfnuðum eigin viðskiptum. Lögbært yfirvald skal fylgjast með því hvernig verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar stundar jöfnuð eigin viðskipti til að tryggja að þau falli áfram undir skilgreininguna um slík viðskipti og slík jöfnuð eigin viðskipti leiði ekki til hagsmunaárekstra milli verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðar og viðskiptavina þessara aðila.

8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að 24., 25., 27. og 28. gr. gildi um viðskipti á skipulegu markaðstorgi.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir starfsemi verðbréfafyrirtækja

1. þáttur

Almenn ákvæði

21. gr.

Regluleg endurskoðun á áður veittum starfsleyfisskilyrðum

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi á yfirráðasvæði þeirra uppfylli ávallt áður veitt starfsleyfisskilyrði sem kveðið er á um í I. kafla.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að lögbær yfirvöld komi á viðeigandi aðferðum til að hafa eftirlit með því að verðbréfafyrirtæki uppfylli skyldur sínar skv. 1. mgr. Þau skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki tilkynni lögbærum yfirvöldum um allar verulegar breytingar á skilyrðum fyrir áður veittri starfsleyfisveitingu.

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að útfæra viðmiðunarreglur varðandi eftirlitsaðferðirnar sem um getur í þessari málsgrein.

22. gr.

Almenn skylda vegna viðvarandi eftirlits

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja í því skyni að meta hvort fylgt sé skilyrðum fyrir starfseminni, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu til staðar svo að lögbærum yfirvöldum sé gert kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til að meta hvort verðbréfafyrirtæki uppfylli þessar skyldur.

23. gr.

Hagsmunaárekstrar

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki geri allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra milli þeirra sjálfra, þ.m.t. á meðal stjórnenda, starfsfólks og einkaumboðsmanna eða aðila sem beint eða óbeint lúta yfirráðum þeirra og viðskiptavina þeirra, eða á milli einstakra viðskiptavina þegar fjárfestingar- og viðbótarþjónusta er veitt eða sambland af þessu tvennu, þ.m.t. þá sem leiða af viðtöku hvata frá þriðju aðilum eða eigin þóknunum og öðrum hvatakerfum verðbréfafyrirtækisins.

2. Verðbréfafyrirtæki skal, þegar skipulags- eða stjórnunarráðstafanir, sem það hefur gert í samræmi við 3. mgr. 13. gr. til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þess, nægja ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið verði í veg fyrir að slíkt skaði hagsmuni viðskiptavinar, veita viðskiptavini með skýrum hætti upplýsingar um almennt eðli og/eða ástæður hagsmunaárekstranna og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að milda áhættuna áður en það tekur að sér viðskipti fyrir hans hönd.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., skulu:

a) vera á varanlegum miðli og

b) vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að gera viðskiptavininum kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaáreksturinn tengist.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 89. gr., til að:

a) skilgreina aðgerðirnar sem eðlilega má ætla að verðbréfafyrirtæki grípi til til að greina, hindra, stjórna og skýra frá hagsmunaárekstrum þegar það veitir ýmiss konar fjárfestingar- og viðbótarþjónustu og sambland af þessu tvennu,

b) setja viðeigandi viðmið til að ákvarða hvaða tegundir hagsmunaárekstra kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina verðbréfafyrirtækisins.

2. þáttur

Ákvæði til að tryggja vernd fjárfesta

24. gr.

Almennar meginreglur og upplýsingar til viðskiptavina

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að verðbréfafyrirtæki starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi þegar það veitir viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu eða, þegar við á, viðbótarþjónustu og fari einkum að þeim meginreglum sem settar eru fram í þessari grein og 25. gr.

2. Verðbréfafyrirtæki sem framleiðir fjármálagerninga sem ætlaðir eru til sölu til viðskiptavina skulu tryggja að gerningarnir séu þannig gerðir að þeir mæti þörfum tiltekins markhóps endanlegra viðskiptavina innan viðkomandi flokks viðskiptavina, að stefna um dreifingu fjármálagerninganna samrýmist þessum tiltekna markhópi og að verðbréfafyrirtækið geri eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningnum sé dreift til þessa tiltekna markhóps.

Verðbréfafyrirtæki skal skilja fjármálagerningana sem það býður til sölu eða mælir með, meta hvort þeir samrýmast þörfum þeirra viðskiptavina sem það veitir fjárfestingarþjónustu, einnig með hliðsjón af tilteknum markhópi endanlegra viðskiptavina, eins og um getur í 3. mgr. 16. gr., og tryggja að þeir séu aðeins boðnir til kaups eða mælt með þeim að það sé í þágu hagsmuna viðskiptavinarins.

3. Öll upplýsingagjöf, þ.m.t. markaðsefni, frá verðbréfafyrirtækinu til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina skal vera sanngjörn, skýr og ekki villandi. Skýrlega skal koma fram að um markaðsefni sé að ræða.

4. Veita skal viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar með góðum fyrirvara um verðbréfafyrirtækið og þjónustu þess, fjármálagerningana og tillagðar fjárfestingaráætlanir, viðskiptastaði og allan kostnað og tengd gjöld. Upplýsingagjöf skal innihalda eftirfarandi:

a) þegar fjárfestingarráðgjöf er veitt verður verðbréfafyrirtækið að upplýsa viðskiptavininn með góðum fyrirvara áður en hún er veitt:

   i. hvort ráðgjöfin sé óháð eða ekki,

   ii. hvort ráðgjöfin byggist á víðtækri eða takmarkaðri greiningu á ólíkum tegundum fjármálagerninga og þá einkum hvort greiningin sé takmörkuð við fjármálagerninga sem eru gefnir út eða látnir í té af aðila með náin tengsl við verðbréfafyrirtækið eða aðila sem hefur önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl, s.s. á grundvelli samnings, sem eru svo náin að þau draga úr óhæði ráðgjafarinnar, og

   iii. hvort verðbréfafyrirtækið láti viðskiptavininum í té reglubundið mat á því hvort fjármálagerningarnir, sem mælt er með við viðskiptavininn, hæfi honum,

b) upplýsingar um fjármálagerninga og tillagðar fjárfestingaráætlanir verða að innihalda viðeigandi leiðbeiningar og viðvaranir um alla áhættu sem felast í fjárfestingum í þessum gerningum eða tilteknum fjárfestingaráætlunum og hvort fjármálagerningurinn er ætlaður almennum fjárfestum eða fagfjárfestum, með hliðsjón af tilteknum markhópi í samræmi við 2. mgr.,

c) upplýsingar um allan kostnað og tengd gjöld verða að taka til upplýsinga er tengjast bæði fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, þ.m.t. um ráðgjafarkostnað þegar við á, kostnað við fjármálagerninginn sem mælt er með eða boðinn viðskiptavininum til kaups og hvernig kostnaðurinn getur komið til greiðslu, að meðtöldum greiðslum til þriðja aðila.

Samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. kostnað og gjöld í tengslum við fjárfestingarþjónustuna og fjármálagerninginn, sem er ekki til kominn vegna undirliggjandi markaðsáhættu, skal vera tiltækt til að viðskiptavinurinn geti áttað sig á heildarkostnaði og áhrifum hans á uppsafnaða arðsemi fjárfestingarinnar og setja skal fram ítarlega sundurliðun fari viðskiptavinurinn fram á það. Þegar við á skal láta viðskiptavininum þessar upplýsingar í té með reglubundnum hætti og a.m.k. einu sinni á ári á líftíma fjárfestingarinnar.

5. Setja skal upplýsingarnar, sem um getur í 4.–9. mgr., fram með aðgengilegum hætti þannig að viðskiptavinir eða hugsanlegir viðskiptavinir geti auðveldlega skilið eðli og áhættu fjárfestingarþjónustunnar og þá tilteknu tegund fjármálagernings sem boðinn er til kaups og tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingu í kjölfarið. Aðildarríki geta heimilað að upplýsingarnar verði veittar á stöðluðu formi.

6. Fjárfestingarþjónusta skal, þegar hún er boðin sem hluti af fjármálaafurð sem fellur þegar undir önnur ákvæði löggjafar Sambandsins er tengjast lánastofnunum og neytendalánum varðandi upplýsingakröfur, ekki jafnframt vera háð þeim skyldum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. mgr.

7. Þegar verðbréfafyrirtæki upplýsir viðskiptavininn um að fjárfestingarráðgjöf sé óháð skal það:

a) meta nægilegt úrval fjölbreyttra fjármálagerninga á markaði með hliðsjón af tegund þeirra og útgefanda eða aðilanum sem lætur þá í té til að tryggja að hægt sé að uppfylla fjárfestingarmarkmið viðskiptavinarins með viðeigandi hætti og að matið takmarkist ekki við fjármálagerninga sem eru gefnir út eða látnir í té af:

   i. verðbréfafyrirtækinu sjálfu eða aðilum sem hafa náin tengsl við það eða

   ii. öðrum aðilum sem verðbréfafyrirtækið hefur svo náin lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við, s.s. á grundvelli samnings, að hætt sé við að þau dragi úr óhæði ráðgjafarinnar,

b) ekki taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum eða peningalegum eða ópeningalegum ávinningi sem þriðji aðili eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila greiðir eða lætur í té í tengslum við þjónustu við viðskiptavini. Upplýsa skal með skýrum hætti um minniháttar ópeningalegan ávinning, sem getur eflt gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er látin í té og er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins, og fellur hann utan þessa liðar.

8. Þegar verðbréfafyrirtæki veitir eignastýringarþjónustu skal það ekki taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum eða öðrum peningalegum eða ópeningalegum ávinningi sem þriðji aðili eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila greiðir eða lætur í té í tengslum við þjónustu við viðskiptavini. Upplýsa skal með skýrum hætti um minniháttar ópeningalegan ávinning, sem getur eflt gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er látin í té og er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins, og fellur hann utan þessa liðar.

9. Aðildarríkin skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki teljist ekki uppfylla skyldur sínar skv. 23. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar greiði þau aðila, öðrum en viðskiptavini eða aðila sem er fulltrúi viðskiptavinar, þóknun eða umboðslaun eða taki við slíku frá honum eða veiti slíkum aðila óþeningalegan ávinning í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða taki við slíku frá honum, nema greiðslan eða ávinningurinn:

a) sé til þess fallinn að efla gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn og

b) gangi ekki gegn þeirri skyldu verðbréfafyrirtækisins að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við ýtrustu hagsmuni viðskiptavina þess.

Skilmerkilega skal upplýsa viðskiptavininn um tilvist, eðli og fjárhæð greiðslunnar eða ávinningsins sem um getur í fyrstu undirgrein á ítarlegan, nákvæman og skiljanlegan hátt, og, ef ekki er unnt að tilgreina hana með vissu, hvaða aðferð er notuð til útreiknings á henni áður en viðkomandi fjárfestinga- eða viðbótarþjónusta er veitt. Þegar við á skal verðbréfafyrirtækið enn fremur upplýsa viðskiptavininn um með hvaða hætti þóknunum, umboðslaunum, peningalegum eða óþeningalegum ávinningi, sem tekið er við í tengslum við veitingu fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu, er komið til viðskiptavinarins.

Greiðsla eða ávinningur, sem gerir kleift að veita eða eru nauðsynleg vegna veitingar fjárfestingaþjónustu, s.s. kostnaður við vörslu, uppgjörs- og viðskiptaþóknanir, eftirlitsgjöld eða þóknanir vegna lögfræðiþjónustu og getur ekki, eðlis sínu samkvæmt, hindrað þá skyldu fyrirtækisins að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist ýtrustu hagsmunum viðskiptavina þess, fellur ekki undir kröfur fyrstu undirgreinar.

10. Verðbréfafyrirtæki, sem veitir viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu, skal sjá til þess að það hvorki umbuni starfsmönnum sínum né meti frammistöðu þeirra með þeim hætti að það stríði gegn skyldu þess að starfa að með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Sér í lagi skal það ekki setja fram umbunakerfi, sölumarkmið eða annað sem kynni að hvetja starfsmenn þess til að mæla með tilteknum fjármálagerningi við almennan fjárfesti þegar verðbréfafyrirtækið gæti boðið annan fjármálagerning sem myndi þjóna þörfum hans betur.

11. Þegar fjárfestingarþjónusta er boðin ásamt annarri þjónustu eða afurð sem hluta af pakka eða geri það að skilyrði í sama samningi eða pakka skal verðbréfafyrirtækið upplýsa viðskiptavininn um hvort hægt sé að kaupa einstaka hluta pakkans og láta í té sundurliðuð gögn um kostnað og gjöld við hvern og einn hluta hans.

Verðbréfafyrirtækið skal gefa viðunandi lýsingu á ólíkum hlutum slíks samnings eða pakka og hvernig samspil þeirra breytir áhættunni þegar líklegt er að áhættan sem leiðir af samningnum eða pakkanum sem boðinn er almennum fjárfesti sé ólík þeirri áhættu sem tengist einstökum hlutum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ásamt Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni skal semja, eigi síðar en 3. janúar 2016, og uppfæra reglulega leiðbeinandi reglur um mat og eftirlit með fylgisöluvenjum (e. *cross-selling practices*) sem gefa til kynna sér í lagi stöðu þar sem fylgisöluvenjur eru ekki í samræmi við þær skyldur sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

12. Í undantekningartilvikum geta aðildarríki gert viðbótarkröfur á verðbréfafyrirtæki að því er varðar málefni sem falla undir þessa grein. Rökstyðja verður slíkar kröfur með hlutlægum hætti eins og hæfir til að taka á sérstakri áhættu sem snýr að vernd fjárfesta eða heilleika markaðarins sem er sérlega mikilvægt í ljósi gerðar markaðarins í því aðildarríki.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar kröfur sem þau hyggjast mæla fyrir um í samræmi við þessa málsgrein, án ástæðulausrar tafar og a.m.k. tveimur mánuðum fyrir þann dag sem er tilgreindur gildistökudagur þessarar kröfu. Í tilkynningunni skal koma fram rökstuðningur fyrir þessari kröfu. Allar viðbótarkröfur skulu ekki takmarka eða hafa önnur áhrif á réttindi fjárfestingarfyrirtækja skv. 34. og 35. gr. þessarar tilskipunar.

Innan tveggja mánaða frá því að framkvæmdastjórnin tekur við tilkynningunni sem um getur í annarri undirgrein skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort slíkar viðbótarkröfur séu hæfilegar og réttlætanlegar.

Framkvæmdastjórnin skal senda aðildarríkjum viðbótarkröfurnar sem gerðar eru í samræmi við þessa málsgrein og birta þær á vefsetri sínu.

Aðildarríkin skulu viðhalda þeim viðbótarkröfum sem tilkynntar hafa verið framkvæmdastjórninni í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2006/73/EB fyrir 2. júlí 2014 að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari grein, séu uppfyllt.

13. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að tryggja að verðbréfafyrirtæki fylgi meginreglunum sem settar eru fram í þessari grein þegar það veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, þ.m.t.:

a) skilyrði sem upplýsingarnar verða að uppfylla til þess að þær teljist sanngjarnar, skýrar og ekki villandi,

b) upplýsingar um efni og snið upplýsinga til viðskiptavina í tengslum við flokkun viðskiptavina, verðbréfafyrirtæki og þjónustu þeirra, fjármálagerninga, kostnað og önnur gjöld,

c) viðmið vegna mats á ýmiss konar fjármálagerningum sem standa til boða á markaðnum,

d) viðmið vegna mats á reglufylgni fyrirtækja sem fá hvata gegn því að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við ýtrustu hagsmuni viðskiptavinarins.

Við mótun krafna hvað varðar upplýsingar um fjármálagerninga í tengslum við b-lið 4. mgr. skal taka með upplýsingar um samsetningu afurðarinnar með tilliti til, þar sem við á, hvers konar viðeigandi staðlaðra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins.

14. Framseldu gerðirnar, sem um getur í 13. mgr., skulu hafa hliðsjón af:

a) eðli þjónustunnar sem boðin er eða veitt viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavini, með hliðsjón af tegund, markmiði, stærð og tíðni viðskiptanna,

b) eðli og umfangi afurða sem boðnar eru eða koma til álita, þ.m.t. ólíkar tegundir fjármálagerninga,

c) því hvort viðskiptavinurinn eða hugsanlegir viðskiptavinir eru almennir fjárfestar eða fagfjárfestar eða, í tilviki 4. og 5. mgr., flokkaðir sem viðurkenndir mótaðilar.

25. gr.

Mat á hæfi og hæfni og skýrslugjöf til viðskiptavina

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu til verðbréfafyrirtækja að þau tryggi og sýni lögbærum yfirvöldum fram á, að fenginni beiðni, að þeir einstaklingar sem veita fjárfestingarráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga, fjármálaþjónustu eða viðbótarþjónustu til viðskiptavina af hálfu verðbréfafyrirtækisins búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfi til að uppfylla skyldur sínar skv. 24. gr. og þessari grein. Aðildarríkin skulu birta viðmið sem eru notuð til að meta þekkingu og hæfni.

2. Verðbréfafyrirtæki skal, þegar það veitir fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónustu, afla nauðsynlegra upplýsinga um reynslu og þekkingu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem máli skipta fyrir tiltekna tegund afurðar eða þjónustu, fjárhagsstöðu hans, þ.m.t. getu hans til að mæta tapi, og fjárfestingarmarkmið, þ.m.t. áhættuþol hans, til að gera fyrirtækinu kleift að mæla með hentugri fjárfestingarþjónustu og fjármálagerningum við viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn sem eru einkum í samræmi við áhættuþol hans og getu til að mæta tapi.

Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar verðbréfafyrirtæki veitir fjárfestingarráðgjöf þar sem mælt er með þjónustu- eða afurðapakka skv. 11. mgr. 24. gr. að slíkur heildarpakki sé við hæfi.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki biðji viðskiptavininn eða hugsanlegan viðskiptavin um að veita upplýsingar um þekkingu sína og reynslu á sviði fjárfestinga, sem máli skiptir fyrir þá tilteknu tegund afurð eða þjónustu sem er í boði eða gerð er krafa um, til þess að gera verðbréfafyrirtækinu kleift að meta hvort fjárfestingarþjónustan eða -afurðin hentar viðskiptavininum þegar það veitir aðra fjárfestingarþjónustu en þá sem um getur í 2. mgr. Við mat á þjónustu- eða afurðapakka skv. 11. mgr. 24. gr. skal litið til þess hvort slíkur heildarpakki er við hæfi.

Verðbréfafyrirtækið skal vara viðskiptavininn eða hugsanlegan viðskiptavin við þegar verðbréfafyrirtæki telur, miðað við þær upplýsingar sem það fær samkvæmt fyrstu undirgrein, að afurðin eða þjónustan henti ekki viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavini. Heimilt er að veita slíka viðvörun á stöðluðu formi.

Þegar viðskiptavinir eða mögulegir viðskiptavinir veita ekki upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eða þegar þeir veita ófullnægjandi upplýsingar um þekkingu sína og reynslu, skal verðbréfafyrirtækið vara viðskiptavinina eða hugsanlega viðskiptavini við því að það sé ekki í aðstöðu til að ákveða hvort fyrirhuguð þjónusta eða afurð henti þeim. Þessa viðvörun má veita á stöðluðu sniði.

4. Aðildarríkin skulu heimila verðbréfafyrirtækjum sem veita fjárfestingarþjónustu sem felst eingöngu í því að framkvæma eða taka á móti og miðla fyrirmælum viðskiptavina með eða án viðbótarþjónustu, að undanskildum lánveitingum eins og tilgreint er í þætti B.1 í I. viðauka, sem fellur ekki innan fyrirliggjandi lánamarka fyrir lán, ávísanareikninga og yfirdráttarheimilda viðskiptavina, að veita viðskiptavinum sínum þessa fjárfestingarþjónustu án þess að krefjast upplýsinganna eða taka ákvörðunina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þjónustan varðar einhverja eftirtalinna fjármálagerninga:

i. hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði eða á sambærilegum markaði þriðja lands eða á markaðstorgi fjármálagerninga þegar þau eru hlutabréf í fyrirtækjum og að undanskildum sjóðum sem ekki eru verðbréfasjóðir og hlutabréfum með innbyggðri afleiðu,

ii. skuldabréf eða annars konar verðbréfuð skuld sem tekin hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði eða á sambærilegum markaði þriðja lands eða á markaðstorgi fjármálagerninga, að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu eða fela í sér samsetningu sem gerir viðskiptavini erfitt um vik með að skilja áhættu sem þeim fylgja,

iii. peningamarkaðsgerninga, að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu eða felur í sér samsetningu sem gerir viðskiptavini erfitt um vik með að skilja áhættu sem þeim fylgja,

iv. hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, þó ekki afleiðutengdum verðbréfasjóðum eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 583/2010,

v. samsettar innstæður, að undanskildum þeim sem fela í sér samsetningu sem gera viðskiptavini erfitt um vik að átta sig á óvissu um ávöxtun eða kostnað fyrirliggjandi afurðar fyrir lokadagsetningu,

vi. aðra einfalda fjármálagerninga að því er þessa málsgrein varðar.

Að því er þennan lið varðar skal líta svo á að markaður þriðja lands samsvari skipulegum markaði ef uppfylltar hafa verið þær kröfur og fylgt þeirri verklagsreglu sem mælt er fyrir um í þriðju og fjórðu undirgrein 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/71/EB,

b) þjónustan er veitt að frumkvæði viðskiptavinarins eða hugsanlegs viðskiptavinar,

c) viðskiptavinurinn eða hugsanlegur viðskiptavinur hefur verið skilmerkilega upplýstur um að þegar verðbréfafyrirtæki veitir þessa þjónustu sé þess ekki krafist að það meti hentugleika fjármálagerningsins eða þjónustunnar sem veitt er eða stendur til boða og af þeim sökum njóti hann ekki samsvarandi verndar viðeigandi viðskiptareglna. Heimilt er að veita slíka viðvörun á stöðluðu formi.

d) verðbréfafyrirtækið uppfyllir skuldbindingar sínar skv. 23. gr.

5. Verðbréfafyrirtækið skal halda skrá sem hefur að geyma skjalið eða skjölin sem verðbréfafyrirtækið og viðskiptavinurinn hafa gert samkomulag um þar sem sett eru fram réttindi og skyldur aðilanna og aðrir skilmálar sem verðbréfafyrirtækið verður að hlíta þegar það veitir viðskiptavininum þjónustu. Réttindi og skyldur aðilanna að samningnum kunna að vera felld inn með tilvísun í önnur skjöl eða réttarreglur.

6. Verðbréfafyrirtækið skal láta viðskiptavininum í té fullnægjandi skýrslur um veitta þjónustu á varanlegum miðli. Í þessum skýrslum skulu koma fram reglubundnar tilkynningar til viðskiptavina með hliðsjón af þeirri tegund fjármálagerninga sem þjónustan varðar og því hversu flóknir þeir eru og eðli þeirrar þjónustu sem er veitt viðskiptavininum og þær skulu, þegar við á, taka til kostnaðar sem tengist viðskiptunum og þjónustunni sem á sér stað fyrir hönd viðskiptavinarins.

Þegar verðbréfafyrirtækið veitir fjárfestingarráðgjöf skal það áður en viðskipti fara fram afhenda viðskiptavininum yfirlýsingu um hæfi á varanlegum miðli þar sem tilgreint er hvaða ráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum almenna fjárfestisins.

Þegar gerður er samningur um kaup eða sölu á fjármálagerningi með fjarsölu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að afhenda fyrirfram yfirlýsingu um hæfi getur verðbréfafyrirtækið afhent skriflega yfirlýsingu um hæfi á varanlegum miðli um leið og viðskiptavinurinn hefur skuldbundið sig með samningi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn hefur samþykkt að taka við yfirlýsingu um hæfi án óþarfrar tafar eftir að viðskiptin fara fram og

b) verðbréfafyrirtækið hefur gefið viðskiptavininum kost á að fresta viðskiptunum til þess að hann geti tekið við yfirlýsingunni um hæfi fyrirfram.

Reglubundna skýrslan skal fela í sér uppfærða yfirlýsingu um hvernig fjárfestingin fellur að áherslum, markmiðum og öðrum þörfum hins almenna fjárfestis þegar verðbréfafyrirtæki annast eignastýringu eða hefur upplýst viðskiptavininn um að það muni framkvæma reglubundið mat á hæfi hans.

7. Þjónusta þessi skal ekki falla undir skuldbindingarnar í þessari grein ef skilyrði er sett í lánssamningi er tengist íbúðarhúsnæði og fellur undir ákvæði um lánshæfismat viðskiptavina, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB ([1]), að veita skuli þessum sama neytanda fjárfestingarþjónustu í tengslum við veðskuldabréf sem eru gefin út sérstaklega til að tryggja fjármögnun lánssamningsins í tengslum við íbúðarhúsnæði og hafa sömu skilmála og hann til að lánið komi til greiðslu, sé endurfjármagnað eða innleyst.

8. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að tryggja að verðbréfafyrirtæki fylgi meginreglunum sem settar eru fram í 2.–6. mgr. þessarar greinar þegar það veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, þ.m.t. hvaða upplýsinga beri að afla þegar meta á hvort fjárfestingarþjónustan og fjármálagerningarnir henta viðskiptavinum þeirra, viðmiðin til að meta einfalda fjármálagerninga með tilliti til vi. undirliðar a-liðar 4 mgr. þessarar greinar, efni og form skýrslna og samninga vegna veitingar þjónustu við viðskiptavini og reglubundinna skýrslna til viðskiptavina um þjónustuna sem er veitt. Í framseldu gerðunum skal taka tillit til:

a) eðlis þjónustunnar sem er í boði eða veitt viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavini, með hliðsjón af tegund, markmiði, stærð og tíðni viðskiptanna,

b) eðlis afurðanna sem eru boðnar til kaups eða koma til álita, þ.m.t. ólíkra tegunda fjármálagerninga,

c) þess hvort viðskiptavinurinn eða hugsanlegir viðskiptavinir eru almennir fjárfestar eða fagfjárfestar eða, í tilviki 6. mgr., flokkaðir sem viðurkenndir mótaðilar.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal samþykkja eigi síðar en 3. janúar 2015 leiðbeinandi reglur þar sem tilgreind eru viðmiða fyrir mat á þekkingu og hæfi sem krafist er í 1. mgr.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja, eigi síðar en 3. janúar 2015, og uppfæra með reglubundnum hætti leiðbeinandi reglur fyrir mat á:

a) fjármálagerningum sem fela í sér samsetningu sem gerir viðskiptavininum erfitt um vik með að skilja áhættuna sem um er að ræða í samræmi við ii. og iii. undirlið a-liðar 4. mgr.,

b) samsettum innstæðum sem fela í sér samsetningu sem gera viðskiptavininum erfitt um vik með að skilja arðsáhættu eða kostnað við að skila fyrirliggjandi afurð fyrir gjalddaga, í samræmi við v. undirlið a-liðar 4. mgr.

11. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að móta leiðbeinandi reglur og uppfæra þær reglulega til að meta fjármálagerninga sem eru flokkaðir sem einfaldir að því er varðar vi. undirlið a-liðar 4. mgr. með hliðsjón af framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 8. mgr.

26. gr.

Veiting þjónustu fyrir milligöngu annars verðbréfafyrirtækis

Aðildarríkin skulu heimila verðbréfafyrirtæki sem tekur á móti fyrirmælum um að framkvæma fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd viðskiptavinar fyrir milligöngu annars verðbréfafyrirtækis að reiða sig á upplýsingar um viðskiptavin sem sendar eru frá síðarnefnda fyrirtækinu. Verðbréfafyrirtækið sem miðlar fyrirmælunum ber áfram ábyrgð á því að sendar upplýsingar séu heildstæðar og nákvæmar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánssamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34).

Verðbréfafyrirtækið sem tekur á móti fyrirmælum um að framkvæma þjónustu fyrir hönd viðskiptavinar á þennan hátt skal einnig geta reitt sig á meðmæli að því er varðar þjónustu eða viðskipti sem annað verðbréfafyrirtæki hefur veitt viðskiptavininum. Verðbréfafyrirtækið sem miðlar fyrirmælunum ber áfram ábyrgð á því að meðmæli eða ráðgjöf sem veitt er viðskiptavininum hæfi honum.

Verðbréfafyrirtækið sem tekur á móti leiðbeiningum eða fyrirmælum frá viðskiptavinum fyrir milligöngu annars verðbréfafyrirtækis ber áfram ábyrgð á framkvæmd þeirrar þjónustu eða viðskipta sem byggjast á slíkum upplýsingum eða meðmælum í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa bálks.

27. gr.

Skyldan til að framkvæma fyrirmæli með skilmálum sem eru hagstæðastir viðskiptavininum

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar verðbréfafyrirtækin framkvæma fyrirmæli leiti allra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framkvæmd og greiðslu, stærðar, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta fyrir framkvæmd fyrirmælanna. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd almenns fjárfestis skal ákvarða bestu mögulegu niðurstöðu út frá heildargreiðslu sem sýnir verð fjármálagerningsins og kostnað vegna framkvæmdarinnar en í henni skal falinn allur kostnaður viðskiptavinar sem er beinlínis tengdur framkvæmd fyrirmælanna, þ.m.t. þóknanir vegna viðskiptastaða, þóknanir vegna greiðslujöfnunar og uppgjörs og hvers konar aðrar þóknanir sem greiddar eru þriðju aðilum sem koma að framkvæmd fyrirmælanna.

Í því skyni að tryggja besta hugsanlegu niðurstöðu í samræmi við fyrstu undirgrein, ef fleiri en einn viðskiptastaður er í samkeppni um að framkvæma fyrirmæli um fjármálagerning og til þess að meta og bera saman niðurstöður sem unnt væri að ná fyrir viðskiptavininn með því að framkvæma fyrirmæli á hverjum þeim viðskiptastað sem er tilgreindur í stefnu verðbréfafyrirtækisins um framkvæmd fyrirmæla og sem getur framkvæmt þau, skal taka tillit til eigin umboðslauna og kostnaðar verðbréfafyrirtækisins vegna framkvæmdar fyrirmælanna á sérhverjum þeirra viðskiptastaða sem eru viðurkenndir.

2. Verðbréfafyrirtæki skal ekki fá nokkuð endurgjald, afslátt eða óbeningalegan ávinning fyrir að beina fyrirmælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptavettvangs eða viðskiptastaðar sem væri andstætt kröfum um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra eða umbuna sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar og 16. gr. (3. mgr.) 23. og 24. gr.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess, að því er varðar fjármálagerninga sem falla undir viðskiptaskyldu skv. 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að hver viðskiptavettvangur og innmiðlari og, að því er varðar aðra fjármálagerninga, hver viðskiptastaður geri gögn, sem varða það hversu vönduð viðskipti eru á þeim vettvangi, aðgengileg almenningi endurgjaldslaust a.m.k. einu sinni á ári og að verðbréfafyrirtækið upplýsi viðskiptavininn um það hvar fyrirmælin voru framkvæmd í kjölfar þess að fyrirmæli eru framkvæmd fyrir hönd hans. Slíkar reglulegar skýrslur skulu hafa að geyma upplýsingar um verð, kostnað, hraða og líkur á að af viðskiptum fyrir einstaka fjármálagerninga verði.

4. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki geri skilvirkar ráðstafanir til að fara að ákvæðum 1. mgr. Aðildarríkin skulu einkum krefjast þess að verðbréfafyrirtæki komi á og framfylgi stefnu um framkvæmd fyrirmæla sem geri þeim kleift að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína í samræmi við 1. mgr.

5. Í stefnu um framkvæmd fyrirmæla skulu koma fram, að því er varðar hvern flokk fjármálagerninga, upplýsingar um þá mismunandi vettvanga sem verðbréfafyrirtækið notar til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina sinna og þá þætti sem hafa áhrif á val viðskiptastaðar. Hún skal a.m.k. tilgreina þá staði sem gera verðbréfafyrirtækinu kleift að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu að því er varðar framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki veiti viðskiptavinum sínum viðeigandi upplýsingar um stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla. Í upplýsingunum skal greina viðskiptavinum skilmerkilega, nægilega ítarlega og á þann hátt að auðskilið sé fyrir viðskiptavininn hvernig verðbréfafyrirtækið muni framkvæma fyrirmælin. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki afli fyrirframsamþykkis viðskiptavina sinna að því er varðar stefnu um framkvæmd fyrirmæla.

Aðildarríkin skulu krefjast þess, þegar stefna um framkvæmd fyrirmæla býður upp á þann möguleika að fyrirmæli viðskiptavina séu framkvæmd utan viðskiptavettvangs, að verðbréfafyrirtækið upplýsi viðskiptavini sína sérstaklega um þann möguleika. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki afli fyrirframsamþykkis viðskiptavina sinna áður en þau framkvæma fyrirmæli þeirra utan viðskiptavettvangs. Verðbréfafyrirtæki geta annaðhvort aflað almenns samþykkis eða samþykkis að því er varðar einstök viðskipti.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki sem framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar taki saman og birti árlega, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit yfir fimm efstu viðskiptastaðina með tilliti til viðskiptamagns þar sem fyrirmæli viðskiptavina voru framkvæmd á næstliðnu ári og upplýsingar um gæði framkvæmdar.

7. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki sem framkvæma fyrirmæli viðskiptavina hafi eftirlit með skilvirkni þess fyrirkomulags og stefnu sem þau setja um framkvæmd fyrirmæla til að geta greint annmarka og bætt úr þeim, eins og við á. Þau skulu einkum meta reglulega hvort viðskiptastaðirnir, sem eru hluti af stefnu þess um framkvæmd fyrirmæla, veita bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn eða hvort þau þurfa að gera breytingar á fyrirkomulagi sínu við framkvæmd fyrirmæla, m.a. með hliðsjón af upplýsingunum sem eru birtar skv. 3. og 6. mgr. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki tilkynni viðskiptavinum sínum, sem þau eru þegar í viðskiptasambandi við, um verulegar breytingar á fyrirkomulagi sínu og stefnu um framkvæmd fyrirmæla.

8. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki geti sýnt viðskiptavinum sínum fram á, óski þeir eftir því, að þau hafi framkvæmt fyrirmæli þeirra í samræmi við stefnu verðbréfafyrirtækisins um framkvæmd fyrirmæla og geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á, óski það eftir því, að þau uppfylli ákvæði þessarar greinar.

9. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr., varðandi:

a) forsendur til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi ólíkra þátta sem taka má, skv. 1. mgr., tillit til við ákvörðun um bestu mögulegu niðurstöðu, að teknu tilliti til stærðar og gerðar fyrirmæla og hvort viðskiptavinur er almennur viðskiptavinur eða fagviðskiptavinur,

b) þætti sem verðbréfafyrirtæki kann að taka tillit til þegar það endurskoðar ráðstafanir sínar við framkvæmd fyrirmæla og aðstæðurnar þar sem breytingar á slíkum ráðstöfunum kunna að vera við hæfi. Þar eiga einkum í hlut þættir er ákvarða hvaða staðir gera verðbréfafyrirtækinu kleift að fá ætíð bestu mögulegu niðurstöðu að því er varðar framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina,

c) eðli og umfang upplýsinganna sem láta ber viðskiptavinum í té skv. 5. mgr. varðandi stefnu þeirra um framkvæmd fyrirmæla.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða:

a) sértækt efni, snið og tíðni gagna er varða gæði framkvæmdarinnar sem á að birta í samræmi við 3. mgr., með tilliti til tegundar viðskiptastaðar og tegundar viðkomandi fjármálagernings,

b) efni og snið upplýsinga sem verðbréfafyrirtækin eiga að birta í samræmi við 6. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

28. gr.

Reglur um meðferð fyrirmæla viðskiptavina

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki, sem hafa leyfi til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina, hafi til staðar verkferla og fyrirkomulag þar sem kveðið er á um skjóta og sanngjarna framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina samanborið við fyrirmæli annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuni verðbréfafyrirtækisins.

Samkvæmt þessu verklagi eða fyrirkomulagi skulu fyrirmæli viðskiptavina, sem eru sambærileg að öðru leyti, framkvæmd í samræmi við það hvenær verðbréfafyrirtækið tók við þeim.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að ef skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar vegna hlutabréfa, sem viðskipti eru leyfð með á skipulegum viðskiptamarkaði eða á viðskiptavettvangi, eru ekki framkvæmd án tafar við ríkjandi markaðsaðstæður skuli verðbréfafyrirtæki gera ráðstafanir til að greiða fyrir því að þau verði framkvæmd eins skjótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis þannig að þau séu aðgengileg öðrum markaðsaðilum, nema viðskiptavinurinn gefi skýr fyrirmæli um annað. Aðildarríkin geta ákveðið að verðbréfafyrirtæki uppfylli þessa kröfu með því að senda skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar til viðskiptavettvangs. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbær yfirvöld megi veita undanþágu frá þeirri skyldu að birta skilyrt fyrirmæli sem eru óvenju umfangsmikil samanborið við venjulega markaðsstærð í skilningi 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 89. gr., til að skilgreina:

a) skilyrði og eðli þess verklags og fyrirkomulags sem leiða til skjótrar og sanngjarnrar framkvæmdar fyrirmæla viðskiptavina og þær aðstæður eða tegundir viðskipta þar sem má telja eðlilegt að verðbréfafyrirtæki víki frá skjótri framkvæmd til að ná betri kjörum fyrir viðskiptavini,

b) mismunandi aðferðir sem nota má til að staðfesta að verðbréfafyrirtæki teljist hafa uppfyllt skyldu sína um að birta ekki samstundis á markaðinum skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar sem unnt er að framkvæma.

29. gr.

Skyldur verðbréfafyrirtækja við tilnefningu einkaumboðsmanna

1. Aðildarríkin skulu heimila verðbréfafyrirtæki að tilnefna einkaumboðsmenn til að kynna þjónustu verðbréfafyrirtækisins, stofna til viðskipta eða taka á móti fyrirmælum frá viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum og miðla þeim, selja fjármálagerninga og veita ráðgjöf að því er varðar fjármálagerninga og þjónustu sem verðbréfafyrirtækið býður.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að þegar verðbréfafyrirtæki ákveður að tilnefna einkaumboðsmann beri það fulla og ótakmarkaða ábyrgð á aðgerðum eða varrækslu eikaumboðsmannsins þegar hann starfar á vegum verðbréfafyrirtækisins. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtækið tryggi að einkaumboðsmaðurinn greini frá því hvaða hlutverki hann gegni og fyrir hvaða verðbréfafyrirtæki hann sé fulltrúi þegar hann hefur samband við viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin eða áður en umboðsmaðurinn á viðskipti við hann.

Aðildarríkin geta heimilað, í samræmi við 6., 8. og 9. mgr. 16. gr., einkaumboðsmönnum sem skráðir eru á yfirráðasvæði þeirra að taka til vörslu peninga viðskiptavina og/eða fjármálagerninga fyrir hönd og alfarið á ábyrgð verðbréfafyrirtækisins sem þeir starfa fyrir innan yfirráðasvæðis þeirra eða, ef um er að ræða aðgerðir yfir landamæri, á yfirráðasvæði aðildarríkis sem heimilar einkaumboðsmanni að taka peninga viðskiptavina til vörslu.

Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki hafi eftirlit með starfsemi einkaumboðsmanna sinna til að tryggja að þau fari áfram að þessari tilskipun þegar þau starfa fyrir milligöngu einkaumboðsmanna.

3. Einkaumboðsmenn skulu skráðir í opinbera skrá aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilvísanir eða tengla í opinberar skrár er aðildarríkin, sem ákveða að heimila að verðbréfafyrirtæki skipi einkaumboðsmenn, hafa komið á samkvæmt þessari grein.

Aðildarríkin skulu tryggja að einkaumboðsmenn séu ekki skráðir í opinberu skrána nema sýnt hafi verið fram á að þeir hafi gott orðspor og viðeigandi almenna, viðskiptalega og faglega þekkingu og hæfi til að geta veitt fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða greint viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavini nákvæmlega frá öllum viðeigandi upplýsingum varðandi fyrirhugaða þjónustu.

Aðildarríkin geta ákveðið, með fyrirvara um viðeigandi eftirlit, að verðbréfafyrirtæki geti sannreynt hvort einkaumboðsmenn sem þau hafa tilnefnt hafa gott orðspor og þá þekkingu og hæfi sem um getur í annarri undirgrein.

Skráin skal uppfærð reglulega. Hún skal vera öllum aðgengileg til skoðunar.

4. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki sem tilnefna einkaumboðsmenn geri viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif er starfsemi einkaumboðsmannsins, sem ekki fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar, gæti haft á þá starfsemi sem einkaumboðsmaðurinn annast fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins.

Aðildarríkin geta heimilað lögbærum yfirvöldum að starfa með verðbréfafyrirtækjum og lánastofnunum, samstarfsaðilum þeirra og öðrum einingum við skráningu einkaumboðsmanna og við eftirlit með því að einkaumboðsmenn fylgi kröfum 3. mgr. Einkum geta verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir eða samstarfsaðilar þeirra og aðrar einingar undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins skráð einkaumboðsmenn.

5. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki tilnefni aðeins einkaumboðsmenn sem skráðir eru í opinberu skrárnar sem um getur í 3. mgr.

6. Aðildarríkin geta samþykkt eða sett strangari ákvæði en þau sem er að finna í þessari grein eða bæta við kröfum vegna einkaumboðsmanna sem skráðir eru innan lögsögu þeirra.

30. gr.

Viðskipti við hæfa mótaðila

1. Aðildarríkin skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki, sem hafa leyfi til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina og/eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning og/eða taka á móti og miðla fyrirmælum, geti stofnað til eða tekið þátt í viðskiptum við viðurkennda mótaðila þótt þau séu ekki skuldbundin til þess að uppfylla skuldbindingar skv. 24. gr., að undanskildum 25. gr. (4. og 5. mgr.) og 27. gr. (6. mgr.) og 28. gr. (1. mgr.) að því er varðar þau viðskipti eða hvers konar viðbótarþjónustu sem tengist þeim viðskiptum beint.

Aðildarríkin skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki starfi af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samskiptum sínum við viðurkennda mótaðila og miðli upplýsingum á sanngjarnan og skýran hátt og ekki misvísandi, að teknu tilliti til eðlis viðurkennda mótaðilans og starfsemi hans.

2. Aðildarríkin skulu viðurkenna sem viðurkennda mótaðila, að því er varðar þessa grein, verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, vátryggingafélög, verðbréfasjóði og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóði og rekstrarfélög þeirra, aðrar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi eða eru reglufest samkvæmt löggjöf Sambandsins eða landslögum aðildarríkis, ríkisstjórnir og opinbera aðila þeirra, m.a. aðila sem fást við ríkisskuldir, seðlabanka og yfirþjóðlegar stofnanir.

Flokkun aðila sem viðurkennds mótaðila samkvæmt fyrstu undirgrein skal vera með fyrirvara um rétt slíkra eininga til að óska eftir meðferð, annaðhvort almennt eða á grundvelli hverra viðskipta fyrir sig, sem viðskiptavinir er eiga í viðskiptum við verðbréfafyrirtækið skv. 24., 25., 27. og 28. gr.

3. Aðildarríkin geta líka viðurkennt sem mótaðila önnur fyrirtæki er uppfylla áður skilgreindar, hlutfallslegar kröfur sem taka einnig mið af stærðarmörkum. Ef um er að ræða viðskipti þar sem hugsanlegir mótaðilar eru staðsettir í mismunandi lögsagnarumdæmum skal verðbréfafyrirtækið viðurkenna þá stöðu sem hitt fyrirtækið hefur samkvæmt lögum eða ráðstöfunum aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur staðfestu.

Aðildarríkin skulu tryggja að þegar verðbréfafyrirtækið stofnar til viðskipta við slík fyrirtæki, í samræmi við 1. mgr., afli það ótvíræðrar staðfestingar frá hugsanlegum mótaðila á því að hann samþykki að farið sé með hann sem viðurkenndan mótaðila. Aðildarríkin skulu heimila verðbréfafyrirtækinu að afla þessarar staðfestingar, annaðhvort sem almenns samþykkis eða samþykkis vegna einstakra viðskipta.

4. Aðildarríkin geta viðurkennt sem mótaðila einingar þriðja lands er samsvara þeim flokkum eininga sem um getur í 2. mgr.

Aðildarríkin geta einnig viðurkennt sem hæfa mótaðila fyrirtæki þriðja lands, eins og þau sem um getur í 3. mgr., með sömu skilyrðum og kröfum og mælt er fyrir um í 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að tilgreina:

a) verklag varðandi beiðnir um að njóta meðferðar sem viðskiptavinir skv. 2. mgr.,

b) verklag varðandi öflun beins samþykkis frá hugsanlegum mótaðilum skv. 3. mgr.,

c) fyrirframákveðnar, hlutfallslegar kröfur sem taka einnig mið af stærðarmörkum sem stuðla að því að telja megi fyrirtæki viðurkenndan mótaðila skv. 3. mgr.

3. þáttur

Gagnsæi og heilleiki markaðar

31. gr.

Eftirlit með að reglum markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs og öðrum lagaskyldum sé fylgt

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg komi á og viðhaldi skilvirkum ráðstöfunum og verklagi sem varðar markaðstorgið eða skipulega viðskiptavettvanginn til að hafa reglulegt eftirlit með því að aðilar eða þátttakendur eða notendur fari að reglum þess. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg skulu hafa eftirlit með tilboðum, afturköllunum og viðskiptum, sem aðilar eða þátttakendur eða notendur þeirra stofna til, í því skyni að greina brot á þessum reglum, ótilhlýðileg viðskiptakjör eða hegðun sem kann að fela í sér markaðssvik og er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða kerfisraskanir í tengslum við fjármálagerning og skal nýta nauðsynleg úrræði til að tryggja skilvirkni slíks eftirlits.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg tilkynni lögbæru yfirvaldi sínu þegar í stað um veruleg brot á reglum þess eða ótilhlýðileg viðskiptakjör eða hegðun sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða kerfisraskanir í tengslum við fjármálagerning.

Lögbær yfirvöld verðbréfafyrirtækjanna og þeirra sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöld hinna aðildarríkjanna upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Lögbært yfirvald verður, í tengslum við háttsemi sem kann að gefa til kynna hegðun sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014, að vera sannfært um að slík hegðun eigi eða hafi átt sér stað áður en það sendir lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tilkynningu um það.

3. Aðildarríkin skulu einnig gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg veiti lögbæru yfirvaldi, sem rannsakar og lögsækir vegna markaðssvika, upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. án tafar og veiti yfirvaldinu jafnframt fulla aðstoð við rannsókn og lögsókn vegna markaðssvika sem eiga sér stað í eða gegnum kerfi þeirra.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að ákvarða hvaða kringumstæður kalla á upplýsingagjöf, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

32. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi

1. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg er heimilt að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða taka hann úr viðskiptum, uppfylli hann ekki lengur reglur markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulega markaðarins, nema slík ákvörðun sé líkleg til að valda verulegu tjóni á hagsmunum fjárfestanna eða skipulegri starfsemi markaðarins og með fyrirvara um rétt lögbærs yfirvalds, skv. 2. mgr. 69. gr., til að krefjast tímabundinnar stöðvunar á viðskiptum með fjármálagerninginn eða taka hann úr viðskiptum.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg og stöðvar tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða tekur hann úr viðskiptum, stöðvi einnig tímabundið viðskipti með, eða taki úr viðskiptum, afleiður sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka og tengjast eða eru notaðar sem viðmið fyrir þennan fjármálagerning þegar nauðsyn krefur til að styðja við markmiðin að baki tímabundinni stöðvun á viðskiptum með undirliggjandi fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum. Verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg skal birta ákvörðun sína um tímabundna stöðvun á viðskiptum með fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum og hvers konar tengdrar afleiðu og tilkynna lögbæru yfirvaldi um ákvarðanir sínar.

Lögbært yfirvald, sem er með lögsögu þar sem tímabundin stöðvun á viðskiptum eða taka úr viðskipum er upprunnin, skal krefjast þess að skipulegir markaðir, önnur markaðstorg fjármálagerninga, annar skipulegur viðskiptavettvangur og aðrir innmiðlarar sem falla undir lögsögu þess og eiga viðskipti með sama fjármálagerning eða afleiður, sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka við tilskipunina, og tengjast eða eru notaðar sem viðmið fyrir þennan fjármálagerning, stöðvi einnig tímabundið viðskipti með þann fjármálagerning eða afleiður eða taki úr viðskiptum þegar tímabundna stöðvunin eða taka úr viðskiptum er vegna gruns um markaðssvik, yfirtökutilboð eða að innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning hafi ekki verið birtar, sem er brot á 7. og 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, nema þegar slík ákvörðun geti valdið verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaðsins.

Lögbært yfirvald skal þegar í stað birta og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna um slíka ákvörðun.

Lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna skulu þegar þau fá tilkynningu krefjast þess að skipulegir markaðir, önnur markaðstorg fjármálagerninga, annar skipulegur viðskiptavettvangur og aðrir innmiðlarar, sem falla undir lögsögu þeirra og eiga viðskipti með sama fjármálagerning eða afleiður sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka við tilskipunina og tengjast eða eru notaðar sem viðmið fyrir þennan fjármálagerning, stöðvi einnig tímabundið viðskipti með þann fjármálagerning, eða afleiðu, eða taki úr viðskiptum ef það er gert vegna gruns um markaðssvik, yfirtökutilboð eða að innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning hafa ekki verið birtar sem er brot á 7. og 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, nema slík ákvörðun geti valdið verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða eðlilegri starfsemi markaðsins.

Sérhvert lögbært yfirvald skal þegar þær fær tilkynningu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og önnur lögbær yfirvöld vita um ákvörðun sína, þ.m.t. skýringu ef ákvörðunin lýtur að tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum, þ.m.t. afleiður sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka og tengjast eða eru notaðar sem viðmið fyrir þennan fjármálagerning.

Þessi málsgrein á einnig við þegar aflétt er tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerning eða afleiður, sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka og tengjast eða eru notaðar sem viðmið fyrir þann fjármálagerning.

Tilkynningarferlið sem um getur í þessari málsgrein skal einnig eiga við þegar lögbært yfirvald tekur, skv. m- og n-lið 2. mgr. 69. gr., ákvörðun um að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða taka hann úr viðskiptum, þ.m.t afleiður sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka og tengjast eða eru notaðar sem viðmið fyrir þann fjáramálagerning.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tryggja að gætt sé meðalhófs við beitingu þeirrar skyldu að stöðva tímabundið viðskipti með slíkar afleiður eða taka þær úr viðskiptum til að greina frekar tilvikin þar sem tengsl milli afleiðu, eins og um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka, sem tengist eða er notuð sem viðmið fyrir fjármálagerning sem viðskipti eru stöðvuð með tímabundið eða tekin er úr viðskiptum, og upphaflega fjármálagerningsins fela í sér að viðskipti með afleiðuna séu einnig stöðvuð tímabundið eða hún tekin úr viðskiptum til að ná markmiði tímabundinnar stöðvunar á viðskiptum með undirliggjandi fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt heimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða snið og tímasetningu tilkynninganna og birtingarinnar sem um getur í 2.mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmda-stjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt heimild til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að skrá aðstæðurnar sem teljast vera skaðlegar hagsmunum fjárfesta og eðlilegri starfsemi markaðarins, eins og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. þáttur

Vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja

33. gr.

Vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að rekstraraðili markaðstorgs fjármálagerninga geti sótt um það til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu að markaðstorg hans fyrir fjármálagerninga verði skráð sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki geti skráð markaðstorg fjármálagerninga sem vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ef lögbært yfirvald fær til sín umsóknina sem um getur í 1. mgr. og telur að kröfurnar í 3. mgr. hafi verið uppfylltar með tilliti til markaðstorgs fjármálagerninga.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að markaðstorg fjármálagerninga falli undir skilvirkar reglur, kerfi og málsmeðferðarreglur sem tryggja eftirfarandi:

a) a.m.k. 50% útgefenda sem eiga fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga séu lítil og meðalstór fyrirtæki á þeim tíma þegar markaðstorg fjármálagerninga er skráð sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á hverju almanaksári eftir það,

b) sett séu viðeigandi viðmið fyrir upphaflega töku fjármálagerninga útgefenda til viðskipta á markaði og áframhaldandi viðskipti með þá,

c) birtar séu nægjanlegar upplýsingar þegar fjármálagerningar eru upphaflega teknir til viðskipta til að gera fjárfestum kleift að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingu, annaðhvort með viðeigandi skráningarskjali eða lýsingu þegar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/71/EB, eiga við að því er varðar almennt útboð í tengslum við það þegar fjármálagerningur er tekinn til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga í fyrsta sinn,

d) útgefandi setji fram viðeigandi viðvarandi og reglubundin reikningsskil, eða annar fyrir hans hönd, t.d. endurskoðaða ársreikninga,

e) útgefendur á markaði, eins og þeir eru skilgreindir í 21. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, aðilar sem bera stjórnunarábyrgð, eins og þeir eru skilgreindir í 25. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, og aðilar sem tengjast þeim náið eins og þeir eru skilgreindir í 26. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, uppfylli viðeigandi skilyrði sem eiga við um þá samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014,

f) upplýsingar er varða þessa útgefendur á markaði lögum samkvæmt séu geymdar og þeim miðlað til almennings,

g) til staðar séu skilvirk kerfi og stjórntæki sem miða að því að koma í veg fyrir og greina markaðssvik á þeim markaði. eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

4. Viðmiðin í 3. mgr. eru með fyrirvara um að verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga uppfylli aðrar skuldbindingar samkvæmt þessari tilskipun varðandi starfrækslu markaðstorga fyrir fjármálagerninga. Þær koma heldur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga setji kröfur til viðbótar þeim sem eru tilgreindar í þeirri málsgrein.

5. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki geti tekið markaðstorg fjármálagerninga af skrá sem vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í einhverjum eftirfarandi tilvika:

a) verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðinn sækir um afskráninguna,

b) kröfurnar í 3. mgr. eru ekki lengur uppfylltar í tengslum við markaðstorg fjármálagerninga.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki skuli, ef það skráir eða afskráir markaðstorg fjármálagerninga sem vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samkvæmt þessari grein, tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eins fljótt og unnt er um þá skráningu eða afskráningu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og uppfæra hana reglulega.

7. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar fjármálagerningur útgefanda er tekinn til viðskipta á einum vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að því aðeins verði einnig heimilt að taka fjármálagerninginn til viðskipta á öðrum vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að útgefandinn hafi verið upplýstur um slíkt og ekki hreyft andmælum. Útgefandanum ber í slíkum tilvikum ekki skylda til að uppfylla reglur um stjórnarhætti fyrirtækja eða upphaflega, áframhaldandi eða viðbótarbirtingu upplýsinga með tilliti til síðari vaxtarmarkaðarins fyrir líti og meðalstór fyrirtæki.

8. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild, í samræmi við 89. gr., til að samþykkja framseldar gerðir sem tilgreina nánar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. þessarar greinar. Með ráðstöfununum skal hafa hliðsjón af því að viðhalda þarf ríkri vernd fjárfesta til að efla tiltrú þeirra á þessum mörkuðum en draga jafnframt úr stjórnsýslubyrði útgefenda á markaði og að hvorki komi til afskráninga né heldur skuli synja um skráningar einungis vegna þess að skilyrðin sem eru sett fram í a-lið 3. mgr. þessarar greinar eru ekki uppfyllt tímabundið.

III. KAFLI

Réttindi verðbréfafyrirtækja

34. gr.

Frelsi til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki, sem hafa starfsleyfi og sæta eftirliti lögbærra yfirvalda í öðru aðildarríki í samræmi við þessa tilskipun, og að því er varðar lánastofnanir í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB, sé frjálst að veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi auk viðbótarþjónustu á yfirráðasvæði þeirra að því tilskildu að slík þjónusta og starfsemi falli undir starfsleyfið. Viðbótarþjónustu má einungis veita ásamt fjárfestingarþjónustu og/eða fjárfestingarstarfsemi.

Aðildarríkin skulu ekki gera frekari kröfur til slíks verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar að því er varðar málefnin sem þessi tilskipun tekur til.

2. Sérhvert verðbréfafyrirtæki sem óskar í fyrsta sinn eftir að veita þjónustu eða stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða óskar eftir því að breyta slíkri þjónustu eða starfsemi skal koma eftirfarandi upplýsingum til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu:

a) aðildarríkið þar sem það hyggst starfa,

b) starfsáætlun þar sem einkum er tilgreind fjárfestingarþjónustan og/eða -starfsemin og viðbótarþjónustan sem það hyggst veita á yfirráðasvæði aðildarríkisins og hvort það hyggst nota til þess einkaumboðsmenn sem hafa staðfestu í heimaaðildarríki þess. Þegar verðbréfafyrirtæki hyggst nota einkaumboðsmenn skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu um það hverjir þessir einkaumboðsmenn eru.

Þegar verðbréfafyrirtæki hyggst nota einkaumboðsmenn sem hafa staðfestu í heimaaðildarríki þess á yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem það hyggst veita þjónustu skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu senda lögbæra yfirvaldinu í gistiaðildarríkinu, sem er tilnefnt sem tengiliður í samræmi við 1. mgr. 79. gr., upplýsingar um einkaumboðsmennina sem verðbréfafyrirtækið hyggst nota til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi í því aðildarríki innan eins mánaðar frá viðtöku allra upplýsinganna. Gistiaðildarríkið getur birt slíkar upplýsingar. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að óska eftir upplýsingum í samræmi við málsmeðferðina og samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, innan mánaðar frá viðtöku upplýsinganna, senda þær lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu sem tilnefnt hefur verið sem tengiliður í samræmi við 1. mgr. 79. gr. Verðbréfafyrirtækinu er þá heimilt að hefja viðkomandi fjárfestingarþjónustu og -starfsemi í gistiaðildarríkinu.

4. Verðbréfafyrirtæki skal, þegar breytingar verða á upplýsingunum sem komið er á framfæri skv. 2. mgr., tilkynna þær skriflega til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu um þessa breytingu.

5. Lánastofnun, sem óskar eftir því að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi, auk viðbótarþjónustu, í samræmi við 1. mgr. í gegnum einkaumboðsmenn, skal senda lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu upplýsingar um þessa einkaumboðsmenn.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, þegar lánastofnun hyggst nota einkaumboðsmenn sem hafa staðfestu í heimaaðildarríki þess á yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem það hyggst veita þjónustu skal, innan eins mánaðar frá viðtöku allra upplýsinganna, senda lögbæra yfirvaldinu í gistiaðildarríkinu, sem er tilnefnt sem tengiliður í samræmi við 1. mgr. 79. gr., upplýsingar um einkaumboðsmennina sem lánastofnunin hyggst nota til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi í því aðildarríki. Gistiaðildarríkið skal birta slíkar upplýsingar.

6. Aðildarríkin skulu heimila, án frekari lagaskilyrða eða stjórnsýslufyrirmæla, verðbréfafyrirtækjum og rekstraraðilum markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga og skipulegum markaðstorgum frá öðrum aðildarríkjum að gera viðeigandi ráðstafanir á yfirráðasvæði sínu til að auðvelda fjarnotendum, aðilum eða þátttakendum sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra aðgang að og viðskipti á þessum mörkuðum.

7. Verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða viðskiptavettvang skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins í hvaða aðildarríki ætlunin er að gera slíkar ráðstafanir. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal senda þessar upplýsingar innan mánaðar til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem markaðstorg fjármálagerninga eða viðskiptavettvangurinn hyggst gera slíkar ráðstafanir.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki markaðstorgs fjármálagerninga skal, að beiðni lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkis markaðstorgs fjármálagerninga og án ástæðulausrar tafar, veita upplýsingar um hvaða fjaraðilar eða þátttakendur markaðstorgs fjármálagerninga hafa staðfestu í því aðildarríki.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar er tilkynna skal í samræmi við 2., 4., 5. og 7. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir sendingu upplýsinga í samræmi við 3., 4., 5. og 7. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2016.

Framkvæmdastjórninni er fengið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

35. gr.

Stofnun útibús

1. Aðildarríkin skulu tryggja að veita megi fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi, auk viðbótarþjónustu, á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við þessa tilskipun og tilskipun 2013/36/ESB á grundvelli staðfesturéttar, hvort sem það er gert með stofnun útibús eða með því að nota einkaumboðsmann með staðfestu í aðildarríki utan heimaaðildarríkis, að því tilskildu að sú þjónusta eða starfsemi falli undir starfsleyfið sem verðbréfafyrirtækinu eða lánastofnuninni er veitt í heimaaðildarríkinu. Viðbótarþjónustu má einungis veita ásamt fjárfestingarþjónustu og/eða fjárfestingarstarfsemi.

Aðildarríkin skulu ekki gera frekari kröfur en þær sem heimilar eru skv. 8. mgr. um skipulag og starfrækslu útibúsins að því er varðar málefnin sem þessi tilskipun tekur til.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki sem óska eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða nota einkaumboðsmenn með staðfestu í öðru aðildarríki þar sem þau hafa ekki komið á fót útibúi, tilkynni það fyrst lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkjum sínum og veiti því eftirfarandi upplýsingar:

a) aðildarríkin á yfirráðasvæðinu þar sem það hyggst koma á fót útibúi eða aðildarríkið þar sem það hefur ekki komið á fót útibúi en hyggst nota þar einkaumboðsmenn sem þar hafa staðfestu,

b) starfsáætlun þar sem fram kemur m.a. fjárfestingarþjónustan og/eða fjárfestingarstarfsemin, auk viðbótarþjónustunnar,

c) þegar útibúi hefur verið komið á fót, stjórnskipulag útibúsins og tilgreina hvort útibúið hyggst nota einkaumboðsmenn og tilgreina þá einkaumboðsmenn,

d) þegar nota á einkaumboðsmenn í aðildarríki þar sem verðbréfafyrirtæki hefur ekki komið á fót útibúi, lýsing á fyrirhugaðri notkun einkaumboðsmanns/-manna og stjórnskipulag, þ.m.t. boðleiðir, sem gefa til kynna hvernig umboðsmaðurinn/-mennirnir passa inn í stjórnskipulag verðbréfafyrirtækisins,

e) heimilisfang í gistiaðildarríkinu þar sem skjöl eru látin í té,

f) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórn útibúsins eða einkaumboðsmannsins.

Þegar verðbréfafyrirtæki notar einkaumboðsmann sem hefur staðfestu í aðildarríki utan heimaaðildarríkis skal einkaumboðsmaðurinn gegna jafnri stöðu á við útibúið, þegar slíku útibúi hefur verið komið á fót, og skal, hvað sem öðru líður, lúta þeim ákvæðum þessarar tilskipunar sem varða útibú.

3. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, hafi það ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða lánastofnunarinnar sé fullnægjandi og með tilliti til þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð, tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu, sem hefur verið tilnefnt sem tengiliður í samræmi við 1. mgr. 79. gr., um upplýsingarnar og láta hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki vita innan þriggja mánaða frá viðtöku þeirra.

4. Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu senda upplýsingar um viðurkennda bótakerfið sem verðbréfafyrirtækið er aðili að í samræmi við tilskipun 97/9/EB til lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins ef breytingar verða á upplýsingunum.

5. Neiti lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins að veita lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu upplýsingarnar ber því að greina hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að því hafa borist allar upplýsingar.

6. Heimilt er að stofna útibúið og hefja starfsemi þegar tilkynning berst frá lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu, eða slík tilkynning berst ekki frá því innan tveggja mánaða frá því að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu sendi tilkynninguna.

7. Lánastofnun sem vill nota einkaumboðsmann er hefur staðfestu í aðildarríki öðru en heimaaðildarríki sínu til að veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi, svo og viðbótarþjónustu, í samræmi við þessa tilskipun skal tilkynna það lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu og veita því þær upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, hafi það ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða lánastofnunarinnar sé fullnægjandi, senda lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu, sem hefur verið tilnefnt sem tengiliður í samræmi við 1. mgr. 79. gr., upplýsingar um það og láta hlutaðeigandi lánastofnun vita innan þriggja mánaða frá viðtöku þeirra.

Neiti lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins að veita lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu upplýsingarnar ber því að greina hlutaðeigandi lánastofnun frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að þeim hafa borist allar upplýsingar.

Einkaumboðsmanninum er heimilt að hefja starfsemi þegar tilkynning berst frá lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu, eða slík tilkynning berst ekki frá því innan tveggja mánaða frá því að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu sendi tilkynninguna. Þessi einkaumboðsmaður skal falla undir ákvæði þessarar tilskipunar er varða útibú.

8. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem útibúið er staðsett skal taka ábyrgð á því að tryggja að þjónustan sem útibúið veitir á yfirráðasvæði þess sé í samræmi við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 24., 25., 27., 28. gr. þessarar tilskipunar og 14.–26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og ráðstafanirnar sem gistiaðildarríkið samþykkir samkvæmt þeim þegar slíkt er heimilt í samræmi við 12. mgr. 24. gr.

Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem útibúið er staðsett skal eiga rétt á því að kanna ráðstafanir útibúsins og óska eftir breytingum sem aðkallandi eru til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að framfylgja skuldbindingum skv. 24., 25., 27., 28. gr. þessarar tilskipunar og 14.–26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og ráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þeim hvað varðar þjónustuna og/eða starfsemina sem útibúið veitir eða stundar innan yfirráðasvæðis þess.

9. Sérhvert aðildarríki skal kveða á um að þar sem verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki hefur stofnað útibú á yfirráðasvæði þess geti lögbært yfirvald heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins, í samræmi við ábyrgð sína og eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins um það, annast vettvangsskoðun í útibúinu.

10. Verðbréfafyrirtæki skal, verði breyting á upplýsingunum sem gefnar eru skv. 2. mgr., tilkynna hana skriflega til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal einnig tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins um þessa breytingu.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna skal í samræmi við 2., 4., 7. og 10. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir sendingu upplýsinga í samræmi við 3., 4., 7. og 10. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er fengið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

36. gr.

Aðgengi að skipulegum mörkuðum

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning, hafi rétt til aðildar eða aðgangs að skipulegum mörkuðum sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra með eftirfarandi hætti:

a) beint, með því að stofna útibú í gistiaðildarríkjunum,

b) með því að gerast fjaraðilar eða hafa fjaraðgang að skipulega markaðinum án þess að þurfa að hafa staðfestu í heima-aðildarríki skipulega markaðarins þegar fyrirkomulag viðskipta eða markaðskerfi hlutaðeigandi markaðar gerir ekki kröfu um viðveru þeirra til að stunda viðskipti á honum.

2. Aðildarríki skulu ekki setja frekari lagaskilyrði eða stjórnsýslufyrirmæli um verðbréfafyrirtæki sem neyta réttarins sem veittur er í 1. mgr. að því er varðar þau málefni sem þessi tilskipun tekur til.

37. gr.

Aðgangur að miðlægum mótaðila, færsluvísunar- og uppgjörsfyrirkomulagi og réttur til að tilgreina uppgjörskerfi

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um III., IV. eða V. bálk reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, gera kröfu um að verðbréfa-fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum hafi rétt til beins og óbeins aðgangs að miðlægum mótaðila, færsluvísunarstöð og uppgjörskerfi á yfirráðasvæði þeirra til að ljúka eða koma í kring lokum viðskipta með fjármálagerninga.

Aðildarríkin skulu gera kröfu um að beinn og óbeinn aðgangur þessara verðbréfafyrirtækja að slíkri aðstöðu sé háður sömu gagnsæju og hlutlægu viðmiðunum sem eru án mismununar og gilda um aðila og þátttakendur á þessu svæði. Aðildarríkin skulu ekki takmarka notkun þessarar aðstöðu við færsluvísun og uppgjör viðskipta með fjármálagerninga sem fara fram á viðskiptavettvangi á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að á skipulegum mörkuðum á yfirráðasvæði þeirra sé öllum aðilum eða þátttakendum boðinn réttur til að tilgreina kerfi til uppgjörs viðskipta með fjármálagerninga sem fram fara á þeim skipulega markaði með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) tengslin og ráðstafanirnar á milli tilgreinda uppgjörskerfisins og annars kerfis eða aðstöðu séu þannig að þau tryggi skilvirkt og hagkvæmt uppgjör umræddra viðskipta,

b) lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með skipulega markaðinum, hafi samþykkt að tæknileg skilyrði uppgjörs viðskipta, sem fram fara á skipulega markaðinum í gegnum annað uppgjörskerfi en það sem hann tiltekur, séu þannig að þau geri snurðulausa og skipulega starfsemi fjármálamarkaða mögulega.

Þetta mat lögbærs yfirvalds skipulega markaðarins skal vera með fyrirvara um valdheimildir seðlabanka til að hafa umsjón með uppgjörskerfum eða öðrum eftirlitsyfirvöldum sem hafa valdheimildir í tengslum við slík kerfi. Lögbært yfirvald skal taka tillit til þeirrar umsjónar/eftirlits sem þessar stofnanir annast þegar svo að forðast megi óþarfa tvíverknað við eftirlit.

38. gr.

Ákvæði um fyrirkomulag miðlægra mótaðila, færsluvísunar- og uppgjörsfyrirkomulag að því er varðar markaðstorg fjármálagerninga

1. Aðildarríkin skulu ekki hindra verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaða sem starfrækja markaðstorg í því að koma á viðeigandi fyrirkomulagi með miðlægum mótaðila eða færsluvísunarstöð og uppgjörskerfi í öðru aðildarríki í því skyni að stöðustofna og/eða gera upp sum eða öll viðskipti sem aðilar eða þátttakendur í kerfum þeirra ljúka.

2. Lögbært yfirvald verðbréfafyrirtækja og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg mega ekki standa í vegi fyrir notkun miðlægra mótaðila, færsluvísunarstöðva og/eða uppgjörskerfa í öðru aðildarríki nema hægt sé að sýna fram á að það sé nauðsynlegt til að viðhalda skipulegri starfsemi markaðstorgsins og að teknu tilliti til skilyrða um uppgjörskerfi sem komið er á í 2. mgr. 37. gr.

Lögbært yfirvald skal, til að komast hjá ónauðsynlegum tvíverknaði við eftirlit, taka tillit til umsjónar og eftirlits með færsluvísunarstöðvum og uppgjörskerfum sem þegar fer fram af hálfu seðlabanka sem eftirlitsaðila með færsluvísunar- og uppgjörskerfum eða öðrum eftirlitsyfirvöldum með valdheimildir í tengslum við slík kerfi.

IV. KAFLI

Fjárfestingarþjónusta og starfsemi fyrirtækja þriðju landa

1. þáttur

Fjárfestingarþjónusta eða fjárfestingarstarfsemi með stofnun útibús

39. gr.

Stofnun útibús

1. Aðildarríki getur krafist þess að þriðja land, sem hyggst veita á yfirráðasvæði ríkisins almennum fjárfestum eða fagfjárfestum, í skilningi II. þáttar II. viðauka, fjárfestingarþjónustu eða stunda þar fjárfestingarstarfsemi, með eða án viðbótarþjónustu, stofni útibú í aðildarríkinu.

2. Þegar aðildarríki krefst þess að fyrirtæki þriðja lands, sem hyggst veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi með eða án viðbótarþjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkisins, komi á fót útibúi skal útibúið fyrirfram verða sér úti um starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því aðildarríki í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) veiting þjónustu sem fyrirtæki þriðja lands sækir fyrirfram um starfsleyfi fyrir fellur undir starfsleyfi og eftirlit í þriðja landi þar sem fyrirtækið hefur staðfestu og fyrirtækið sem sækir um hefur fengið tilskilin leyfi þar sem lögbært yfirvald tekur tilhlýðilegt tillit til tilmæla fjármálaaðgerðahópsins í tengslum við baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

b) samstarfsfyrirkomulag sem tekur til ákvæða sem reglufesta upplýsingaskipti í þeim tilgangi að varðveita heilbrigði markaðarins og vernda fjárfesta, liggur fyrir milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu þar sem koma á útibúinu á fót og lögbærra eftirlitsyfirvald í þriðja landi þar sem fyrirtækið hefur staðfestu,

c) útibúið hefur nægilegt stofnfé til ráðstöfunar,

d) tilnefndir eru einn eða fleiri aðilar sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins og þeir uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.,

e) þriðja landið þar sem fyrirtæki þriðja lands hefur staðfestu hefur undirritað samning við aðildarríkið, þar sem koma á útibúinu á fót, sem fer að öllu leyti að stöðlunum sem mælt er fyrir um í 26. gr. skattasamningsfyrirmyndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um tekjur og fjármagn og tryggir skilvirk upplýsingaskipti um skattamál, þ.m.t. hvers konar marghliða samninga um skattamál,

f) fyrirtækið tilheyrir bótakerfi fyrir fjárfesta sem er heimilað og viðurkennt í samræmi við tilskipun 97/9/EB.

3. Fyrirtæki þriðja lands, sem um getur í 1. mgr., skal leggja fram umsókn hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem það hyggst koma á fót útibúi.

40. gr.

Upplýsingaskylda

Fyrirtæki þriðja lands, sem hyggst fá starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi með eða án viðbótarþjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkis um útibú, skal láta lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki eftirfarandi í té:

a) heiti þess yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu í viðkomandi þriðja landi. Séu þau fleiri en eitt skal láta í té upplýsingar um valdheimildir hvers þeirra um sig,

b) allar viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið (heiti, rekstrarform að lögum, skráða skrifstofu og heimilisfang, aðila í stjórn, viðkomandi hluthafa) og starfsáætlun um fjárfestingarþjónustu og/eða fjárfestingarstarfsemi, auk viðbótarþjónustu sem veita á, og stjórnskipulag útibúsins, þ.m.t. lýsingu á útvistun til þriðju aðila á verkefnum sem hafa mikilvæga þýðingu,

c) nöfn þeirra aðila sem bera ábyrgð á stjórnun útibús og viðeigandi skjöl til að sýna fram á að farið sé að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.,

d) upplýsingar um það stofnfé sem útibúið hefur til skilyrðislausrar ráðstöfunar.

41. gr.

Veiting starfsleyfis

1. Lögbært yfirvald í aðildarríki þar sem fyrirtæki þriðja lands hefur staðfestu eða hyggst koma á fót útibúi sínu skal einungis veita starfsleyfi þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissað sig um að:

a) skilyrði skv. 39. gr. hafi verið uppfyllt og

b) útibú fyrirtækis þriðja lands muni geta uppfyllt þau ákvæði sem um getur í 2. mgr.

Lögbært yfirvald skal, innan sex mánaða frá því að fyrirtæki þriðja lands leggur fram fullbúna umsókn, tilkynna því um það hvort starfsleyfið hefur verið veitt eða ekki.

2. Útibú fyrirtækis þriðja lands, sem fær starfsleyfi í samræmi við 1. mgr., skal uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 16.–20. gr., 23., 24., 25. og 27. gr., 28. gr. (1. mgr.) og 30., 31. og 32. gr. þessarar tilskipunar og í 3.–26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og ráðstafanir sem eru samþykktar í samræmi við það og falla undir eftirlit lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem starfsleyfið er veitt.

Aðildarríki skulu ekki leggja frekari kröfur á fyrirtæki og rekstur útibúa hvað varðar málefni sem falla undir þessa tilskipun og skulu ekki veita útibúi fyrirtækis þriðja lands hagstæðari meðferð en fyrirtækjum Sambandsins.

42. gr.

Veiting þjónustu einungis að frumkvæði viðskiptavinar

Aðildarríkin skulu tryggja að þegar almennur fjárfestir eða fagfjárfestir í skilningi II. þáttar II. viðauka með staðfestu eða aðsetur í Sambandinu, hefur forgöngu að því, einvörðungu að eigin frumkvæði, að fyrirtæki þriðja lands veiti fjárfestingarþjónustu eða stundi fjárfestingarstarfsemi gildir þessi krafa um starfsleyfi skv. 39. gr. ekki um veitingu þjónustu eða starfsemi fyrirtækis þriðja lands til handa þeim aðila, þ.m.t. tengsl sem sérstaklega varða veitingu þeirrar þjónustu eða ástundun þeirrar starfsemi. Frumkvæði af hálfu slíkra viðskiptavina skal ekki veita fyrirtæki þriðja lands rétt til að markaðssetja fyrir viðskiptavini nýja flokka fjárfestingarvara eða fjárfestingarþjónustu nema í gegnum útibú þegar útibús er krafist í samræmi við landslög.

2. þáttur

Afturköllun starfsleyfa

43. gr.

Afturköllun starfsleyfa

Lögbæru yfirvaldi, sem veitti starfsleyfi skv. 41. gr., er heimilt að afturkalla starfsleyfið sem var gefið út til handa fyrirtæki í þriðja landi þegar fyrirtækið:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust starfsleyfinu eða hefur ekki veitt fjárfestingarþjónustu eða stundað fjárfestingarstarfsemi næstliðna sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfið falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan óeðlilegan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir veitingu starfsleyfis,

d) hefur brotið alvarlega og ítrekað gegn ákvæðum, sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun, um skilyrði fyrir starfsemi verðbréfafyrirtækja og viðeigandi fyrirtækja í þriðju löndum,

e) fellur undir ákvæði í landslögum um afturköllun starfsleyfis að því er varðar mál utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

III. BÁLKUR

SKIPULEGIR MARKAÐIR

44. gr.

Starfsleyfi og gildandi lög

1. Aðildarríkin skulu áskilja sér rétt til að veita aðeins starfsleyfi þeim kerfum sem uppfylla ákvæði þessa bálks sem skipulegur markaður.

Einungis skal veita starfsleyfi fyrir skipulegan markað þegar lögbært yfirvald hefur fullvissað sig um að bæði rekstraraðili markaðar og kerfi skipulega markaðarins uppfylli a.m.k kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum bálki.

Aðildarríkin skulu, þegar um er að ræða skipulegan markað sem er lögaðili og annar rekstraraðili markaðar en markaðurinn sjálfur stjórnar eða rekur, kveða á um hvernig þeim mismunandi skyldum, sem lagðar eru á rekstraraðila markaðar samkvæmt þessari tilskipun, skuli skipt á milli skipulega markaðarins og rekstraraðila markaðarins.

Rekstraraðili markaðar skal veita allar upplýsingar, þ.m.t. starfsáætlun þar sem meðal annars kemur fram hvers konar rekstur er fyrirhugaður og stjórnskipulag, sem nauðsynlegt er til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að færa sönnur á að skipulegi markaðurinn hafi, þegar upphaflegt starfsleyfi var veitt, gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum þessa bálks.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstraraðili markaðar inni af hendi verk sem tengjast skipulagi og starfrækslu skipulega markaðarins undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld endurskoði reglulega hvort skipulegir markaðir uppfylla ákvæði þessa bálks. Þau skulu einnig tryggja að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með því að skipulegir markaðir uppfylli ávallt skilyrðin fyrir upphaflegri starfsleyfisveitingu sem sett eru í þessum bálki.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðili markaðar beri ábyrgð á því að tryggja að skipulegi markaðurinn sem hann stjórnar uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum bálki.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að rekstraraðili markaðar hafi rétt á að neyta þeirra réttinda sem eiga við um skipulega markaðinn sem hann stjórnar samkvæmt þessari tilskipun.

4. Opinber réttur um viðskipti, sem fara fram samkvæmt kerfum skipulega markaðarins, skal vera hinn sami og í heima-aðildarríki skipulega markaðarins, með fyrirvara um viðeigandi ákvæði í reglugerð (EB) nr. 596/2014 eða tilskipun 2014/57/ESB.

5. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem veitt hefur verið skipulegum markaði, þegar hann:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða, afsalar sér starfsleyfinu sérstaklega eða hefur ekki starfað næstliðna sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir starfsleyfisveitingu,

d) hefur brotið alvarlega og ítrekað gegn ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014,

e) fellur undir ákvæði í landslögum um afturköllun starfsleyfis.

6. Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um afturkallanir á starfsleyfi.

45. gr.

Kröfur varðandi stjórn rekstraraðila markaðar

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að allir stjórnarmenn rekstraraðila markaðar hafi ávallt gott orðspor, búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að gegna skyldum sínum. Samsetning stjórnarinnar skal endurspegla nægilega fjölbreytta reynslu.

2. Stjórnarmenn skulu einkum uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Allir stjórnarmenn skulu gefa sér nægan tíma til að sinna verkefnum sínum hjá rekstraraðila markaðar. Hafa skal hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og eðli og umfangi starfsemi rekstraraðila markaðar og því hversu flókin hún er, þegar litið er til fjölda stjórnunarstaða sem stjórnarmaður má gegna á sama tíma hjá lögaðila.

Stjórnarmenn rekstraraðila markaðar, sem eru mikilvægir með tilliti til stærðar sinnar, innra skipulags, umfangs og þess hversu flókin starfsemi þeirra er, skulu ekki gegna, nema sem fulltrúar aðildarríkisins, fleiri stöðum en felast í einni af eftirfarandi samsetningum:

i. ein framkvæmdastjórastaða og tvær stjórnunarstöður aðrar en framkvæmdastjórastöður,

ii. fjórar stjórnunarstöður aðrar en framkvæmdastjórastöður.

Litið skal á framkvæmdastjórastöður eða aðrar stjórnunarstöður innan sömu samstæðu eða fyrirtækja þar sem rekstraraðili markaðar á virkan eignarhlut sem eina stjórnunarstöðu.

Lögbær yfirvöld geta til viðbótar heimilað stjórnarmönnum að gegna einni stjórnunarstöðu sem er ekki framkvæmda-stjórastaða. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina reglulega um slíkar heimildir.

Stjórnunarstöður hjá stofnun sem vinnur ekki fyrst og fremst að viðskiptalegum markmiðum skulu undanþegnar takmörkunum á fjölda stjórnunarstaða sem stjórnarmaður getur gegnt.

b) Stjórnin skal búa yfir fullnægjandi sameiginlegri þekkingu, hæfni og reynslu til að geta skilið starfsemi rekstraraðila markaðar, þ.m.t. megináhætturnar.

c) Hver stjórnarmaður skal starfa af heiðarleika, ráðvendni og óhæði til að meta á skilvirkan máta og vefengja ákvarðanir framkvæmdastjórnar ef nauðsyn krefur og til að hafa skilvirka umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku.

3. Rekstraraðilar markaða skulu verja nægum mannauði og fjármagni til inntöku og þjálfunar nýrra stjórnarmanna.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar markaða, sem eru mikilvægir með tilliti til stærðar sinnar, innra skipulags og eðlis og umfangs starfsemi sinnar og þess hversu flókin hún er, komi á tilnefningarnefnd sem skipuð er stjórnarmönnum er taka ekki þátt í daglegri stjórnun hlutaðeigandi markaðsrekanda.

Tilnefningarstjórnin skal hafa eftirfarandi verkefni með höndum:

a) auðkenna og mæla með umsækjendum til samþykktar hjá stjórn eða á hluthafafundi til að manna lausar stöður í stjórn. Tilnefningarnefndin skal í því sambandi meta jafnvægi milli þekkingar, hæfni, fjölbreytileika og reynslu innan stjórnar. Nefndin skal enn fremur gera lýsingu á störfunum og getunni sem þarf til tiltekinnar stöðu og meta hversu mikinn tíma þarf til að sinna henni. Þar að auki skal tilnefningarnefndin setja markmið um fyrirsvar þess kyns sem er í minnihluta í stjórninni og marka stefnu um það með hvaða hætti fjölga megi fulltrúum þess kyns sem er í minnihluta í stjórn til að uppfylla markmiðið,

b) meta, með reglulegu millibili og a.m.k. árlega, skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnar og beina tilmælum til hennar er varða hvers konar breytingar,

c) meta, með reglulegu millibili og a.m.k. árlega, þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna og stjórnarinnar í heild og gefa stjórninni skýrslu um það,

d) endurskoða með reglulegu millibili stefnu stjórnarinnar um val og tilnefningu í framkvæmdastjórn og beina tilmælum til stjórnarinnar.

Tilnefningarnefndin skal, við skyldustörf sín og að því marki sem mögulegt er og á áframhaldandi grundvelli, hafa hliðsjón af þörfinni á því að sjá til þess að einn aðili eða lítill hópur einstaklinga sé ekki ráðandi við ákvarðanatöku stjórnar með þeim hætti að skaði hagsmuni rekstraraðila markaðar í heild sinni.

Tilnefningarnefndin skal við skyldustörf sín geta nýtt sér hvers konar úrræði sem hún telur við eiga, þ.m.t. utanaðkomandi ráð.

Grein þessi gildir ekki þegar stjórnin hefur ekki, samkvæmt landslögum, valdheimildir í tengslum við val og tilnefningu stjórnarmanna.

5. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að rekstraraðilar markaða og tilnefningarnefndir hvers þeirra fái til starfa einstaklinga með breitt svið eiginleika og hæfni þegar aðilar eru ráðnir í stjórn og komi í þeim tilgangi á stefnu sem stuðlar að fjölbreytni innan stjórnar.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að stjórn rekstraraðila markaðar skilgreini og hafi umsjón með framkvæmd stjórnunarfyrirkomulags sem tryggir skilvirka og varfærna stjórnun stofnunar, þ.m.t. aðgreiningu starfa innan stofnunarinnar og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, og á þann hátt sem stuðlar að heilbrigði markaðarins.

Aðildarríkin skulu tryggja að stjórnin hafi eftirlit með og meti með reglulegu millibili skilvirkni stjórnunar rekstraraðila markaðar og geri viðeigandi ráðstafanir til að taka á hvers konar annmörkum.

Stjórnarmenn skulu hafa fullnægjandi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og skjölum til að hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar.

7. Lögbært yfirvald skal synja um starfsleyfi ef það telur ekki sýnt að stjórnarmenn rekstraraðila markaðar hafi nægilega gott orðspor, þekkingu, hæfni og reynslu og ætli nægan tíma til starfa sinna eða ef fyrir liggja hlutlægar og sannanlegar ástæður til að ætla að stjórn rekstraraðila markaðar kunni að ógna skilvirkri, traustri og varfærinni stjórn hans og að nægileg hliðsjón sé höfð af heilbrigði markaðarins.

Aðildarríkin skulu tryggja að við veitingu starfsleyfis til skipulegs markaðar að aðilinn eða aðilarnir, sem í reynd stjórna og annast rekstur skipulegs markaðar sem hefur þegar starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun, teljist uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

8. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að rekstraraðili markaðar tilkynni lögbæru yfirvaldi um það hverjir stjórnarmenn hans eru og allar breytingar á stjórninni, auk allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta hvort rekstraraðili markaðar fullnægi ákvæðum 1.–5. mgr.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gefa út leiðbeinandi reglur um eftirfarandi:

a) að stjórnarmaður verji nægum tíma til að sinna stjórnarskyldum sínum, í tengslum við hvert tilvik fyrir sig og eðli og umfang starfsemi rekstraraðila markaðar og hversu flókin hún er,

b) fullnægjandi sameiginlega þekkingu, hæfni og reynslu stjórnar, eins og um getur í b-lið 2. mgr.,

c) heiðarleika, ráðvendni og óhæði stjórnarmanns, eins og um getur í 2. mgr.,

d) að fullnægjandi mannafla og fjármunum sé varið í inntöku og þjálfunar nýrra stjórnarmanna, eins og um getur í 3. mgr.,

e) að tekið sé tillit til fjölbreytni við val á stjórnarmönnum, eins og um getur í 5. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gefa út þessar leiðbeinandi reglur eigi síðar en 3. janúar 2016.

46. gr.

Kröfur varðandi aðila sem hafa umtalsverð áhrif á stjórnun skipulegs markaðar

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að aðilar sem geta haft umtalsverð bein eða óbein áhrif á stjórnun skipulegs markaðar séu hæfir í því tilliti.

2. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að sá sem rekur skipulegan markað:

a) láti lögbæru yfirvaldi í té upplýsingar um eignarhald á skipulega markaðinum og/eða rekstraraðila markaðar og birti þær, einkum um deili á þeim aðilum sem eru í aðstöðu til að hafa umtalsverð áhrif á stjórnun og um það hversu víðtækir hagsmunir þeirra eru,

b) tilkynni lögbæru yfirvaldi um og birti yfirfærslu eignarréttar sem leiðir til breytingar á því hvaða aðilar hafa umtalsverð áhrif á starfrækslu skipulegs markaðar.

3. Lögbært yfirvald skal neita að samþykkja fyrirhugaðar breytingar á ráðandi hlut í skipulega markaðinum og/eða rekstraraðila markaðar þegar hlutlægar og sannanlegar ástæður eru til að ætla að þær geti ógnað traustri og varfærinni stjórnun skipulega markaðarins.

47. gr.

Skipulagskröfur

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að á skipulegur markaður skuli:

a) hafa til staðar fyrirkomulag til að greina með skýrum hætti og takast á við hugsanlegar neikvæðar afleiðingar hagsmunaárekstra fyrir rekstur skipulega markaðarins eða aðila og þátttakendur, sem komið geta upp á milli skipulega markaðarins, eigenda hans eða rekstraraðila annars vegar og traustrar virkni markaðarins hins vegar, einkum þegar slíkir hagsmunaárekstrar gætu haft neikvæð áhrif á framkvæmd verkefna sem lögbæra yfirvaldið hefur falið skipulega markaðinum að sinna,

b) vera nægilega vel í stakk búinn til að stýra áhættum sem að honum snúa, koma á viðeigandi ráðstöfunum og kerfum til að greina allar verulegar áhættur fyrir rekstur hans og koma á skilvirkum ráðstöfunum til að milda þær,

c) hafa til staðar fyrirkomulag sem tryggir öruggan rekstur tæknilegra kerfa, þ.m.t. að komið sé á skilvirkri viðbúnaðaráætlun til að takast á við áhættur vegna kerfisraskana,

d) hafa gagnsæjar og óhlutdrægar reglur og ferlar sem tryggja að viðskipti geti farið fram á heiðarlegan og sanngjarnan hátt og komi á hlutlægum viðmiðum um skilvirka framkvæmd fyrirmæla,

e) gera ráðstafanir til að lok viðskipta í kerfum hans geti farið fram tímanlega og með skilvirkum hætti,

f) búa ávallt yfir nægilegu fjármagni á þeim tíma sem starfsleyfi er veitt og þaðan í frá til að greiða fyrir skipulegri starfsemi, að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskiptanna sem fram fara á markaðinum og þess hvers eðlis og hversu mikil áhættan er á honum.

2. Aðildarríkin skulu ekki heimila rekstraraðila markaðar að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina með því að nýta eiginfjármagn eða taka þátt í jöfnuðum eigin viðskiptum á neinum þeirra skipulegu markaða sem þeir sjálfir reka.

48. gr.

Álagsþol kerfa, sjálfvirk stöðvun viðskipta og rafræn viðskipti

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður búi yfir skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi til að tryggja að viðskiptakerfi hans séu álagsþolin, búi yfir nægilegri getu til að ráða við álagstoppa í magni tilboða og skilaboða, geti tryggt hnökralaus viðskipti þegar mikið álag er á markaði, hafi verið prófuð að fullu til að tryggja að þessi skilyrði séu uppfyllt og falli undir skilvirkt fyrirkomulag samfelldrar starfsemi til að tryggja samfellu í þjónustu hans ef bilun verður í viðskiptakerfum hans.

2. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður hafi til reiðu:

a) skriflega samninga við öll verðbréfafyrirtæki sem vinna eftir markaðsáætlun um skipulegan markað,

b) kerfi til að tryggja að nægilega mörg verðbréfafyrirtæki séu aðilar að samningum þar sem gerð er krafa um að þau sendi föst tilboð á samkeppnishæfu verði svo að seljanleiki myndist á markaði bæði reglubundið og fyrirsjáanlega þegar þessi krafa hæfir eðli og umfangi viðskipta á þeim skipulega markaði.

3. Tilgreina skal í skriflega samningnum, sem um getur í 2. mgr., a.m.k.:

a) skuldbindingar verðbréfafyrirtækisins í tengslum við að mynda seljanleika og, ef við á, sérhverja skuldbindingu sem leiðir af þátttöku í kerfinu sem um getur í b-lið 2. mgr.,

b) hvers konar hvata í formi afsláttar eða annars sem skipulegur markaður býður verðbréfafyrirtæki til að mynda seljanleika á markaði með reglubundnum og fyrirsjáanlegum hætti og, ef við á, önnur réttindi sem verðbréfafyrirtækið fær með því að taka þátt í kerfinu sem um getur í b-lið 2. mgr.

Skipulegi markaðurinn skal hafa eftirlit með og sjá til þess að verðbréfafyrirtæki fari að kröfum slíkra bindandi skriflegra samninga. Skipulegi markaðurinn skal upplýsa lögbært yfirvald um efni þessa bindandi skriflega samnings og láta lögbæru yfirvaldi í té, að fenginni beiðni, allar frekari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera því kleift að ganga úr skugga um að skipulegi markaðurinn uppfylli ákvæði þessarar málsgreinar.

4. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður búi yfir skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi til að hafna fyrirmælum sem fara umfram fyrirfram ákveðið magn og verðmörk eða eru augljóslega röng.

5. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður sé fær um að stöðva tímabundið eða takmarka viðskipti þegar verulegar verðsveiflur verða á fjármálagerningi á þeim markaði eða tengdum markaði á stuttu tímabili og vera, í undantekningartilvikum, fær um að hætta við, breyta eða leiðrétta hvers konar viðskipti. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður tryggi að breyturnar sem notaðar eru til að stöðva viðskipti séu stilltar þannig að þær taki tillit til seljanleika mismunandi flokka og undirflokka eigna, eðlis markaðslíkansins eða tegunda notenda og nægi til að komast megi hjá verulegri röskun á viðskiptum.

Aðildarríkin skulu tryggja að skipulegur markaður gefi lögbæru yfirvaldi skýrslu um breyturnar sem eru notaðir til að stöðva viðskipti og hvers konar mikilvægar breytingar á breytunum á samkvæman og samanburðarhæfan hátt og skal lögbæra yfirvaldið áframsenda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skýrsluna. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að þegar skipulegur markaður, sem er mikilvægur hvað varðar seljanleika þess fjármálagernings stöðvar viðskipti í aðildarríki, hafi viðskiptavettvangurinn yfir að ráða nauðsynlegum kerfum og verkferlum til að tryggja að lögbær yfirvöld fái tilkynningu þannig að þau geti samræmt viðbrögð sem ná til alls markaðarins og ákvarðað hvort rétt sé að stöðva viðskipti á öðrum vettvangi þar sem fjármálagerningurinn er í viðskiptum þar til viðskipti hefjast að nýju á upprunalega markaðnum.

6. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður hafi skilvirk kerfi, verkferla og fyrirkomulag sem m.a. skyldar þátttakendur til að framkvæma fullnægjandi prófanir á algrími og bjóði upp á umhverfi til að greiða fyrir slíkri prófun til að tryggja að algrímsviðskiptakerfi geti ekki skapað eða stuðlað að truflunum á aðstæðum til viðskipta og til að bregðast við slíkum truflunum af völdum slíkra algrímskerfa, þ.m.t. kerfi sem getur takmarkað hlutfall óframkvæmdra tilboða sem aðili eða þátttakandi setur inn í kerfið, til að geta hægt á flæði tilboða ef hætta er á því að kerfi þess nálgist getumörk og takmarkað og framfylgt lágmarksverðskrefi sem heimilt er að framkvæma á markaði.

7. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður sem heimilar beinan rafrænan aðgang ráði yfir skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi til að tryggja að einungis aðilar eða þátttakendur hafi heimild til að láta slíka þjónustu í té ef þeir eru verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun eða lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun

2013/36/ESB að viðeigandi viðmið séu sett og þeim beitt hvað varðar hæfi persóna sem kunna að fá slíkan aðgang og að aðilar eða þátttakendur beri áfram ábyrgð á tilboðum og viðskiptum sem eru framkvæmd á grundvelli þeirrar þjónustu í tengslum við kröfur þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin skulu einnig gera þá kröfu að skipulegi markaðurinn setji viðeigandi staðla varðandi áhættustýringu og viðmiðunarmörk fyrir viðskipti um slíkan aðgang og sé fær um að greina og, ef þörf krefur, stöðva fyrirmæli eða viðskipti af hálfu aðila sem notar beinan rafrænan aðgang, aðskilinn frá öðrum tilboðum, eða viðskipta af hálfu aðilans eða þátttakandans.

Skipulegi markaðurinn skal hafa til staðar fyrirkomulag á því að fresta eða stöðva veitingu beins rafræns aðgangs sem aðili eða þátttakandi veitir viðskiptavini þegar ekki er farið að ákvæðum þessarar málsgreinar.

8. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður tryggi að reglur hans um þjónustu við samnýtingu aðstöðu séu gagnsæjar, sanngjarnar og án mismununar.

9. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður tryggi að fyrirkomulag þóknana, þ.m.t. viðskipta- og viðbótarþóknanir og hvers konar afslættir í formi endurgreiðslu, sé gagnsætt, sanngjarnt og án mismununar og myndi ekki hvata til að setja fram, breyta eða afturkalla tilboð eða framkvæma viðskipti á þann hátt að það ýti undir ótilhlýðilegar viðskiptakaðstæður eða markaðssvik. Aðildarríkin skulu einkum krefjast þess að skipulegur markaður geri kröfu um viðskiptavakt með einstök hlutabréf eða viðeigandi körfu þeirra í skiptum fyrir hvers konar afslætti í formi endurgreiðslu.

Aðildarríkin skulu heimila skipulegum markaði að miða þóknanir fyrir afturkölluð tilboð við þann tíma sem tilboðið var til staðar og ákvarða mismunandi þóknanir eftir fjármálagerningum.

Aðildarríkin geta heimilað skipulega markaðnum að krefjast hærri þóknunar fyrir að gera tilboð sem eru afturkölluð síðar, heldur en fyrir tilboð sem eru framkvæmd og hærri gjöld á þátttakendur með hátt hlutfall afturkallaðra tilboða borið saman við framkvæmd tilboð og frá þeim sem nota hátíðniviðskipti með notkun algríms sem endurspeglar viðbótarálag á afkastagetu kerfisins.

10. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegur markaður geti greint, með flöggun aðila eða þátttakenda, tilboð sem eru mynduð með algrímsviðskiptum, ólík algrím sem eru notuð við myndun tilboða og viðkomandi persónur sem standa að baki tilboðunum. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum sé þess óskað.

11. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegir markaðir hafi til reiðu fyrir lögbært yfirvald, að beiðni lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki skipulega markaðarins, gögn er tengjast tilboðaskrá eða veita lögbæru yfirvaldi aðgang að henni þannig að það geti sinnt eftirliti með viðskiptum.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar:

a) kröfurnar til að tryggja að viðskiptakerfi skipulegra markaða séu álagsþolin og hafi nægilega afkastagetu,

b) hlutfallið sem um getur í 6. mgr. með hliðsjón af þáttum á borð við verðmæti tilboða sem hafa ekki verið framkvæmd í tengslum við verðmæti framkvæmdra viðskipta,

c) eftirlit varðandi beinan rafrænan aðgang á þann hátt að það tryggi að eftirlit sem er beitt gagnvart aðgangi í gegnum annan sé a.m.k. jafngilt því sem beitt er við beinan markaðsaðgang,

d) kröfurnar til að tryggja að þjónusta til samnýtingar aðstöðu og fyrirkomulag þóknana sé sanngjörn og án mismununar og að fyrirkomulag þóknana myndi ekki hvata til ótilhlýðilegra viðskiptaaðstæðna eða markaðssvika,

e) ákvarða hvenær skipulegur markaður telst vera þýðingarmikill með tilliti til seljanleika þess fjármálagernings,

f) kröfurnar til að tryggja að viðskiptavakakerfi séu sanngjörn og án mismununar og til að koma á lágmarksskuldbindingum viðskiptavaka sem skipulegir markaðir verða að setja fram þegar þeir koma á viðskiptavakakerfi og með hvaða skilyrðum krafan um að fyrir liggi viðskiptavakakerfi er ekki viðeigandi, með tilliti til eðlis og umfangs viðskipta á þeim skipulega markaði, þ.m.t. hvort skipulegi markaðurinn heimilar eða gerir algrímsviðskiptum kleift að fara um kerfi sín,

g) kröfurnar til að tryggja viðeigandi prófun algríms til að tryggja að kerfi algrímsviðskipta, þ.m.t. hátíðniviðskipti með notkun algríms, geti ekki myndað eða stuðlað að ótilhlýðilegum viðskiptakjörum á markaðnum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

13. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal þróa, eigi síðar en 3. janúar 2016, leiðbeinandi reglur um viðeigandi kvörðun fyrir stöðvun viðskipta skv. 5. mgr., með tilliti til þeirra þátta sem um getur í þeirri málsgrein.

49. gr.

Verðskref

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegir markaðir komi á verðskrefakerfi (e. *tick sizes regime*) vegna hlutabréfa, innlánaskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga og með hvers konar aðra fjármálagerninga sem tæknilegir eftirlitsstaðlar eru þróaðir fyrir í samræmi við 4. mgr.

2. Kerfi verðskrefa, sem um getur í 1. mgr., skulu:

a) stillt þannig að þau endurspegli seljanleikalýsingu fjármálagerningsins á mismunandi mörkuðum og meðaltal verðbils kaup- og sölutilboða með hliðsjón af því hversu æskilegt er að stuðla að hæfilegum stöðugleika í verði án þess að komið sé, að óþörfu, í veg fyrir frekari þrengingu verðbils,

b) aðlaga verðskref fyrir hvern fjármálagerning með viðeigandi hætti.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina lágmarks-verðskref eða kerfi verðskrefa fyrir tiltekin hlutabréf, innlánaskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaðra fjármálagerninga þar sem þörf krefur til að tryggja eðlilega starfsemi markaða í samræmi við þættina í 2. mgr., einnig verðið, verðbilið og hversu seljanlegur fjármálagerningurinn er.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessu drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina lágmarksverðskref eða kerfi verðskrefa fyrir tiltekna fjármálagerninga, aðra en þá sem skráðir eru í 3. mgr., þegar nauðsyn krefur til að tryggja eðlilega starfsemi markaða í samræmi við þættina í 2. mgr., einnig verð, verðbil og hversu seljanlegir fjármálagerningarnir eru.

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina öll slíkt drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

50. gr.

Samstilling á viðskiptaklukkum

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að allir viðskiptavettvangar og aðilar að þeim eða þátttakendur þeirra samstilli viðskiptaklukkur sem þeir nota til að skrá dag- og tímasetningu á sérhverjum tilkynningarskyldum atburði.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hversu nákvæm þessi samstilling klukkna skuli vera með hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

51. gr.

Taka fjármálagerninga til viðskipta

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að skipulegir markaðir setji skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta.

Þessar reglur skulu tryggja að hægt sé að stunda viðskipti með alla fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt og án takmarkana þegar um framseljanleg verðbréf er að ræða.

2. Þegar um er að ræða afleiður skulu reglurnar, sem um getur í 1. mgr., einkum tryggja að við gerð afleiðusamningsins sé gert ráð fyrir eðlilegri verðmyndun og skilvirkum uppgjörsskilyrðum.

3. Aðildarríki skulu, til viðbótar kvöðunum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr., gera kröfu um að skipulegi markaðurinn geri skilvirkar ráðstafanir og viðhaldi þeim sem geri kleift að ganga úr skugga um að útgefendur framseljanlegra verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, uppfylli skyldur sínar í samræmi við lög Sambandsins að því er varðar upphaflega, viðvarandi eða sérstaka upplýsingagjöf.

Aðildarríki skulu tryggja að skipulegi markaðurinn geri ráðstafanir til að auðvelda aðilum hans eða þátttakendum að hafa aðgang að upplýsingum sem gerðar hafa verið opinberar samkvæmt lögum Sambandsins.

4. Aðildarríki skulu tryggja að skipulegir markaðir hafi komið á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að viðhafa reglubundið eftirlit með því að fjármálagerningar, sem þeir heimila að teknir séu til viðskipta, uppfylli skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta.

5. Hægt er að heimila viðskipti með framseljanleg verðbréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði eða á öðrum skipulegum mörkuðum síðar, án samþykkis útgefanda og í samræmi við viðeigandi ákvæði í tilskipun 2003/71/EB. Skipulegur markaður skal tilkynna útgefanda um það að viðskipti fari fram með verðbréf hans á markaðinum. Útgefanda skal ekki bera nein skylda til að veita upplýsingarnar, sem krafist er skv. 3. mgr., beint til skipulegs markaðar sem hefur tekið verðbréf útgefandans til viðskipta án samþykkis hans.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem:

a) tilgreind eru einkenni mismunandi flokka fjármálagerninga sem skipulegur markaður skal taka tillit til við mat á því hvort fjármálagerningur er gefinn út á þann hátt að samrýmist skilyrðunum sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. um að leyfa viðskipti inn á mismunandi hlutum markaðarins sem hann starfrækir,

b) skýrðar eru ráðstafanirnar sem skipulegi markaðurinn þarf að hrinda í framkvæmd til að hann teljist hafa uppfyllt þá skyldu sína að ganga úr skugga um að útgefandi framseljanlegs verðbréfs uppfylli skyldur sínar í samræmi við lög Sambandsins að því er varðar upphaflega, viðvarandi eða sérstaka upplýsingaskyldu,

c) skýrðar eru ráðstafanirnar sem skipulegi markaðurinn þarf að gera, í samræmi við 3. mgr., til þess að auðvelda aðilum eða þátttakendum sínum að afla sér aðgangs að upplýsingum sem birtar hafa verið samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

52. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum á skipulegum markaði

1. Rekstraraðila markaðar er heimilt, með fyrirvara um rétt lögbærs yfirvalds skv. 2. mgr. 69. gr. til að krefjast tímabundinnar stöðvunar viðskipta með fjármálagerning eða töku úr viðskiptum, að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða taka hann úr viðskiptum ef hann uppfyllir ekki lengur reglur skipulegs markaðar nema líkur séu á að slík aðgerð geti verulega skaðað hagsmuni fjárfestanna eða skipulega starfsemi markaðarins.

2. Aðildarríki skal gera kröfu um að rekstraraðili markaðar, sem stöðvar tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða tekur hann úr viðskiptum, stöðvi einnig tímabundið viðskipti með afleiður eða taki þær úr viðskiptum, eins og um getur í 4.–10. lið í C-þætti I. viðauka, sem tengjast eða vísa í fjármálagerninginn, þegar nauðsyn krefur til þess að styðja við markmið tímabundinnar stöðvunar viðskipta með undirliggjandi fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum. Rekstraraðili markaðar skal birta ákvörðun sína um tímabundna stöðvun eða töku fjármálagernings úr viðskiptum og einnig hvers konar tengdrar afleiðu og tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um viðkomandi ákvarðanir.

Lögbært yfirvald, sem fer með lögsögu þar sem tímabundin stöðvun eða taka fjármálagernings úr viðskiptum á sér stað, skal krefjast þess að aðrir skipulegir markaðir, markaðstorg fjármálagerninga, skipuleg markaðstorg og innmiðlarar sem eru innan lögsögu þess og eiga viðskipti með sama fjármálagerning eða afleiður, eins og um getur í 4.–10. lið C-þáttar I. viðauka við þessa tilskipun, og sem tengjast eða vísa í þann fjármálagerning, stöðvi einnig tímabundið viðskipti með þann fjármálagerning eða afleiður eða taki úr viðskiptum þegar stöðvun viðskipta eða taka úr viðskiptum kemur til vegna grunsemda um markaðssvik, yfirtökutilboð eða að ekki hafi verið tilkynnt um innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning sem brýtur í bága við 7. og 17. gr. reglugerð (ESB) nr. 596/2014, nema slík tímabundin stöðvun viðskipta eða taka úr viðskiptum geti verulega skaðað hagsmuni fjárfesta eða eðlilega starfsemi markaðarins.

Sérhvert lögbært yfirvald sem fær tilkynninguna skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum um ákvörðun sína, þ.m.t. að útskýra ef það ákveður að stöðva ekki tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða afleiður eða taka úr viðskiptum sem um getur í 4.–10. lið C-þáttar I. viðauka og tengjast eða vísa í þann fjármálagerning.

Lögbæra yfirvaldið skal þegar í stað birta ákvörðun sína og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna um það.

Lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna sem fá tilkynninguna skulu gera kröfu um að skipulegir markaðir, önnur markaðstorg fjármálagerninga, annað skipulegt markaðstorg og innmiðlarar, sem eru innan lögsögu þeirra og eiga viðskipti með sama fjármálagerning eða afleiður, sem um getur í 4.–10. lið C-þáttar I. viðauka við þessa tilskipun og sem tengjast eða vísa í þann fjármálagerning, stöðvi einnig tímabundið viðskipti með fjármálagerninginn eða afleiðurnar eða taki úr viðskiptum þegar tímabundin stöðvun viðskipta eða taka úr viðskiptum kemur til vegna grunsemda um markaðssvik, yfirtökutilboð eða að ekki hafi verið tilkynnt um innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning, sem brýtur í bága við 7. og 17. gr. reglugerð (ESB) nr. 596/2014, nema slík tímabundin stöðvun viðskipta eða taka úr viðskiptum geti verulega skaðað hagsmuni fjárfesta eða eðlilega starfsemi markaðarins.

Málsgrein þessi gildir einnig þegar tímabundinni stöðvun viðskipta með fjármálagerning eða afleiður, sem um getur í 4.–10. lið C-þáttar I. viðauka og varðar eða vísa í þann fjármálagerning, er aflétt.

Tilkynningarferlið, sem um getur í þessari málsgrein, skal einnig notað þegar lögbært yfirvald tekur, skv. m- og n-lið 2. mgr. 69. gr., ákvörðun um að stöðva tímabundið eða taka úr viðskiptum fjármálagerning eða afleiður, sem um getur í 4.–10. lið þáttar C í I. viðauka, og sem tengjast eða eru notaðar sem viðmiðanir fyrir þann fjáramálagerning.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, til þess að tryggja að meðalhófs sé gætt við að framfylgja kröfunni um að stöðva tímabundið viðskipti með slíkar afleiður eða taka úr viðskiptum, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar þau tilvik þar sem tenging milli afleiðu, sem tengist eða vísar í fjármálagerning, sem viðskipti hafa verið stöðvuð tímabundið með eða sem tekinn hefur verið úr viðskiptum, og upprunalegs fjármálagernings felur í sér að viðskipti með afleiðuna séu einnig stöðvuð tímabundið eða hún tekin úr viðskiptum til þess að ná markmiðinu um tímabundna stöðvun viðskipta með undirliggjandi fjármálagerning eða töku hans úr viðskiptum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða snið og tímasetningu á orðsendingum og útgefnu efni sem um getur í 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmda-stjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. í því skyni að tilgreina sérstaklega aðstæður sem geta verulega skaðað hagsmuni fjárfesta og eðlilega starfsemi markaða eins og um getur í 1. og 2. mgr.

53. gr.

Aðgengi að skipulegum markaði

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að skipulegur markaður komi á og viðhaldi gagnsæjum reglum sem mismuna ekki og byggðar eru á hlutlægum forsendum sem stjórna aðgengi að skipulega markaðinum eða aðild að honum.

2. Í reglunum sem um getur í 1. mgr. skal tilgreina allar skyldur sem aðilar eða þátttakendur skulu uppfylla varðandi:

a) skipulag og stjórnun skipulega markaðarins,

b) reglur um viðskipti á markaðinum,

c) faglegar kröfur sem gerðar eru til starfsfólks verðbréfafyrirtækja eða lánastofnana sem starfa á markaðinum,

d) skilyrði sem aðilar eða þátttakendur, aðrir en verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir skv. 3. mgr., skulu uppfylla,

e) reglur og verklag varðandi greiðslujöfnun og uppgjör viðskipta sem fram fara á skipulega markaðinum.

3. Skipulegir markaðir geta samþykkt sem aðila eða þátttakendur verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB og aðra aðila sem:

a) hafa nægilega gott orðspor,

b) hafa fullnægjandi getu, hæfni og reynslu til að eiga viðskipti,

c) uppfylla skipulagskröfur, eftir atvikum,

d) hafa yfir nægilegu fjármagni að ráða til að gegna ætluðu hlutverki, að teknu tilliti til mismunandi fjárhagsráðstafana sem skipulegi markaðurinn kann að hafa komið á til að tryggja fullnægjandi uppgjör viðskipta.

4. Aðildarríki skulu tryggja að aðilar og þátttakendur þurfi ekki að virða skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 24., 25., 27. og 28. gr, sín á milli þegar um er að ræða viðskipti á skipulegum markaði. Aðilar eða þátttakendur skipulegs verðbréfamarkaðar skulu þó virða skyldurnar, sem kveðið er á um í 24., 25., 27., og 28. gr., með tilliti til viðskiptavina sinna þegar þeir framkvæma fyrirmæli fyrir þeirra hönd á skipulegum markaði.

5. Aðildarríki skulu tryggja að í reglunum um aðgengi eða aðild að skipulega markaðinum eða þátttöku á honum sé kveðið á um beina þátttöku eða fjarþátttöku verðbréfafyrirtækja og lánastofnana.

6. Aðildarríki skulu heimila skipulegum mörkuðum annarra aðildarríkja að gera viðeigandi ráðstafanir á yfirráðasvæðum sínum til að auðvelda fjaraðilum eða þátttakendum sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra aðgang að og stunda viðskipti á þeim mörkuðum, án frekari lagaákvæða eða stjórnsýslufyrirmæla.

Skipulegi verðbréfamarkaðurinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu í hvaða aðildarríki ætlunin er að gera slíkar ráðstafanir. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal senda þessar upplýsingar innan eins mánaðar til aðildarríkisins þar sem skipulegi markaðurinn ætlar að gera slíkar ráðstafanir. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að óska eftir upplýsingum í samræmi við málsmeðferðina og samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki skipulega markaðarins skal, að beiðni lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríkinu og án ástæðulausrar tafar, greina frá því hverjir eru aðilar eða þátttakendur skipulega markaðarins sem hefur staðfestu í því aðildarríki.

7. Aðildarríki skulu gera kröfu um að sá sem rekur skipulegan markað sendi lögbæru yfirvaldi skipulega markaðarins reglulega skrá yfir aðila eða þátttakendur á skipulega markaðinum.

54. gr.

Eftirlit með því að reglur skipulegs markaðar og aðrar lagaskyldur séu uppfylltar

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að skipulegir markaðir komi á og viðhaldi skilvirkum ráðstöfunum og verklagi, þ.m.t. nægum fjármunum, vegna reglulegs eftirlits með því að aðilar þeirra eða þátttakendur fari að reglum þeirra. Skipulegir markaðir skulu hafa eftirlit með tilboðum sem gefin eru, þ.m.t. afturköllunum þeirra, og viðskiptum sem aðilar að þeim eða þátttakendur stofna til í markaðskerfum þeirra til þess að greina brot á þessum reglum, óróleika í viðskiptum eða háttsemi sem kann að benda til hegðunar sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða kerfisraskanir í tengslum við fjármálagerning.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að þeir aðilar sem starfrækja skipulega markaði tilkynni lögbærum yfirvöldum sínum þegar í stað um veruleg brot á reglum markaðarins eða óróleika í viðskiptum eða háttsemi sem kann að benda til hegðunar sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eða kerfisraskana í tengslum við fjármálagerning.

Lögbær yfirvöld skipulegra markaða skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum í hinum aðildarríkjunum upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Lögbært yfirvald skal, með tilliti til háttsemi sem gæti benti til hegðunar sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014, vera fullvisst um að slík hegðun eigi sér stað eða hafi átt sér stað áður en það tilkynnir lögbærum yfirvöldum í hinum aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hana.

3. Aðildarríki skulu einnig gera kröfu um að rekstraraðili markaðar veiti lögbæru yfirvaldi, án ástæðulausrar tafar, viðeigandi upplýsingar við rannsókn á eða saksókn vegna markaðssvika á skipulega markaðinum og að hann veiti því fulla aðstoð við rannsókn og saksókn vegna markaðssvika sem eiga sér stað á skipulega markaðinum eða gegnum markaðskerfi hans.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. sem tilgreina aðstæður sem vekja upp kröfu um upplýsingagjöf eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

55. gr.

Ákvæði um ráðstafanir vegna miðlægs mótaðila og stöðustofnunar og uppgjörs

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um III., IV. eða V. bálk í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ekki hindra skipulega markaði í því að gera viðeigandi samninga við miðlægan mótaðila eða færsluvísunarstöð og uppgjörskerfi í öðru aðildarríki í því skyni að stöðustofna og/eða gera upp sum eða öll viðskipti sem markaðsaðilar í kerfum þeirra ljúka.

2. Lögbært yfirvald skipulegs markaðar skal, með fyrirvara um III., IV. eða V. bálk í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ekki standa gegn notkun á miðlægum mótaðila, færsluvísunarstöðvum og/eða uppgjörskerfum í öðru aðildarríki nema hægt sé að sýna fram á að það sé nauðsynlegt til að viðhalda skipulegri starfsemi þess skipulega markaðar og að teknu tilliti til skilyrða um uppgjörskerfi sem sett eru í 2. mgr. 37. gr. þessarar tilskipunar.

Lögbært yfirvald skal, til að forðast óþarfa tvíverknað við eftirlit, taka tillit til umsjónar/eftirlits með færsluvísunarstöðvum og uppgjörskerfum sem þegar fer fram hjá seðlabanka sem eftirlitsaðila með færsluvísunarstöðvum og uppgjörskerfum eða öðrum eftirlitsyfirvöldum með valdheimildir í tengslum við slík kerfi.

56. gr.

Skrá yfir skipulega markaði

Sérhvert aðildarríki skal gera skrá yfir skipulega markaði sem það er heimaaðildarríki fyrir og senda skrána til hinna aðildarríkjanna og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Senda skal sambærilega tilkynningu vegna allra breytinga á þessari skrá. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá yfir alla skipulega markaði á vefsetri sínu. Í skránni skal koma fram sérstakur kóði sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðar í samræmi við 6. mgr. 65. gr. og þar sem skipulegir markaðir eru auðkenndir til notkunar í skýrslum í samræmi við g-lið 1. mgr. 65. gr. og g-lið 2. mgr. 65. gr. þessarar tilskipunar og 6., 10. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

IV. BÁLKUR

HÁMÖRK Á STÖÐUR OG STÖÐUSTJÓRNUNAREFTIRLIT MEÐ HRÁVÖRUAFLEIÐUM OG SKÝRSLUGJÖF

57. gr.

Hámörk á stöður og stöðustjórnunareftirlit með hrávöruafleiðum

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld, í samræmi við reikningsaðferðina sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveður, fastsetji hámörk á stöður og beiti þeim gagnvart stærð hreinnar stöðu sem hver aðili má hafa hverju sinni í hrávöruafleiðum sem viðskipti eru höfð með á viðskiptavettvangi og í fjárhagslega sambærilegum OTC-samningum. Setja skal hámörk á grundvelli allra staðna sem hver aðili hefur og þeirra sem hann hefur fyrir hönd annarra á samstæðustigi, til að:

a) koma í veg fyrir markaðssvik,

b) styðja við eðlilega verðmyndun og uppgjörsskilyrði, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir stöður sem valda markaðsröskun, einkum að tryggja samleitni milli verðs afleiðna í afhendingarmánuði þeirra og stundarverðs undirliggjandi hrávöru án þess að hafa áhrif á verðmyndun á markaði fyrir hina undirliggjandi hrávöru.

Hámörkum á stöður skal ekki beitt gagnvart stöðum sem önnur eining, sem ekki er fjármálafyrirtæki, tekur og er unnt að meta með hlutlægum hætti að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi einingarinnar sem er ekki fjármálafyrirtæki.

2. Hámörk á stöður skulu fela í sér skýr megindleg mörk fyrir hámarksstærð stöðu sem sá aðili getur haft í hrávöruafleiðu.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða reikningsaðferðina sem lögbær yfirvöld eiga að beita við að ákvarða hámörk á stöðu líðandi mánaðar og önnur hámörk á mánaðarstöðum fyrir hrávöruafleiður sem hafa verið gerðar upp efnislega og hrávöruafleiður sem gerðar hafa verið upp með reiðufé á grundvelli eiginleika viðkomandi afleiðu. Reikningsaðferðin skal a.m.k. taka mið af eftirfarandi þáttum:

a) gildistíma samninganna um hrávöruafleiður,

b) afhendingarbæru magni í undirliggjandi hrávöru,

c) heildartölu opinna staðna í þeim samningi og í öðrum fjármálagerningum með sömu undirliggjandi hrávöru,

d) óstöðugleika viðkomandi markaða, þ.m.t. staðgönguafleiðum og undirliggjandi vörumörkuðum,

e) fjölda og stærð markaðsaðila,

f) eiginleikum undirliggjandi hrávörumarkaða, þ.m.t. eiginleikum framleiðslu, neyslu og flutnings á markað,

g) þróun nýrra samninga,

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einnig taka tillit til reynslu af stöðuhámörkum verðbréfafyrirtækja eða rekstraraðila markaða sem starfa á viðskiptavettvangi í lögsögu annarra ríkja.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Lögbært yfirvald skal setja tímamörk fyrir hvern samning með hrávöruafleiður sem viðskipti eru höfð með á viðskiptavettvangi á grundvelli reikningsaðferðinnar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðar í samræmi við 3. mgr. Þetta stöðuhámark skal fela í sér fjárhagslega sambærilega OTC-samninga.

Lögbært yfirvald skal endurskoða hámörk á stöður þegar veruleg breyting verður á afhendingarbæru magni eða opnum stöðum eða einhver önnur veruleg breyting á markaðinum, á grundvelli ákvörðunar þess á afhendingarbæru magni og opnum stöðum og breyta stöðuhámarkinu í samræmi við reikningsaðferðina sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin mótar.

5. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um nákvæm stöðuhámörk sem þau áforma að setja í samræmi við reikningsaðferðina sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fastsetur skv. 3. mgr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan tveggja mánaða frá viðtöku tilkynningarinnar, senda hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi álit varðandi mat á því hvort hámörk á stöður samrýmist markmiðunum í 1. mgr. og reikningsaðferðinni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur ákveðið skv. 3. mgr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta álitið á vefsetri sínu. Hlutaðeigandi lögbært yfirvald skal breyta stöðuhámörkunum í samræmi við álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða leggja fram fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina rökstuðning fyrir því hvers vegna breytingin telst vera nauðsynleg. Lögbært yfirvald skal, þegar það setur á hámörk á stöður sem eru í andstöðu við álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, birta á vefsetri sínu tilkynningu þar sem ítarlega er greint frá ástæðum þess.

Komist Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að raun um að hámörk á stöður séu ekki í samræmi við reikningsaðferðina í 3. mgr. skal hún grípa til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem hún hefur skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Þegar viðskipti eru höfð með sömu hrávöruafleiðu í verulegu magni á mörgum viðskiptavettvöngum í lögsögu fleiri en einu ríki skal lögbært yfirvald viðskiptavettvangsins þar sem stærsti hluti viðskipta fer fram (miðlægt lögbært yfirvald) ákvarða sameiginlegt hámark á stöðu sem skal notuð í öllum viðskiptum í þeim samningi. Miðlægt lögbært yfirvald skal hafa samráð við lögbær yfirvöld annars viðskiptavettvangs þar sem viðskipti eru höfð með þessa afleiðu í verulegu magni um sameiginlegt hámark á stöðu sem notuð verður og allar endurskoðanir á því sameiginlega hámarki á stöðu. Lögbær yfirvöld skulu, nái þau ekki samkomulagi, setja fram skriflega skýrir og ítarlegar ástæður þess að þau telja að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. séu ekki uppfylltar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leysa öll deilumál vegna ósamkomulags milli lögbærra yfirvalda í samræmi við valdheimildir sínar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Lögbær yfirvöld viðskiptavettvangsins, þar sem viðskipti með sömu hrávöruafleiðu fara fram og lögbær yfirvöld stöðutaka í þeirri hrávöruafleiðu, skulu koma á samstarfsfyrirkomulagi sem felur m.a. í sér að þau skiptist á viðkomandi gögnum þannig að þau geti haft eftirlit með og framfylgt sameiginlega stöðuhámarkinu.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal a.m.k. einu sinni á ári hafa eftirlit með því hvernig lögbær yfirvöld hafa framkvæmt hámörk á stöður sem ákvörðuð eru í samræmi við reikningsaðferðina sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðar í samræmi við 3. mgr. Við eftirlitið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sjá til þess að sameiginlega stöðuhámarkið gildi um sama samning, óháð því hvar viðskipti fara fram með hann, í samræmi við 6. mgr.

8. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang þar sem viðskipti eru höfð með hrávöruafleiður beiti eftirliti með stöðustjórnun. Eftirlit þetta skal a.m.k. taka til heimilda viðskiptavettvangs til að:

a) hafa eftirlit með opnum stöðum aðila,

b) fá aðgang að upplýsingum, þ.m.t. öllum viðeigandi skjölum, frá aðilum um stærð og markmið stöðunnar eða áhættunnar sem tekin er, upplýsingum um raunverulega eigendur eða undirliggjandi eigendur, hvers konar sameiginlegt fyrirkomulag og allar tengdar eignir eða skuldir á undirliggjandi markaði,

c) krefjast þess að aðili loki stöðu eða minnki hana tímabundið eða til frambúðar eftir eðli máls og gera einhliða viðeigandi ráðstafanir til að trygga lokun eða minnkun stöðu ef aðilinn fer ekki að þeirri kröfu og

d) krefjast þess, eftir því sem við á, að aðili skapi seljanleika tímabundið á markaði með því að eiga viðskipti á umsömdu verði og magni í þeim sérstaka tilgangi að draga úr áhrifum af stórum eða ráðandi stöðum.

9. Stöðuhámörk og stöðustjórnunareftirlit skulu vera gagnsæ og án mismununar, með upplýsingum um hvernig þau gilda um aðila og skulu þau taka mið af eðli og samsetningu markaðsaðila og hvernig þeir nota samninga sem lagðir eru fram til viðskipta.

10. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um einstök atriði stöðustjórnunareftirlits.

Lögbæra yfirvaldið skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sömu upplýsingar og jafnframt nákvæmar upplýsingar um stöðuhámörk sem það hefur ákvarðað og skal hún birta og viðhalda á vefsetri sínu gagnagrunn með yfirliti yfir öll hámörk á stöður og hvers konar stöðustjórnunareftirlit.

11. Lögbær yfirvöld skulu koma á stöðuhámörkum sem um getur í 1. mgr. skv. p-lið 2. mgr. 69. gr.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með það fyrir augum að ákvarða:

a) viðmið og aðferðir til að ákvarða hvort staða telst draga úr áhættu sem tengist viðskiptastarfseminni beint,

b) aðferðir til að ákvarða hvenær staða eins aðila skuli lögð saman við aðra innan samstæðu,

c) viðmið til að ákvarða hvort samningur er fjárhagslega sambærilegur OTC-samningi, sem viðskipti eru höfð með á viðskiptavettvangi sem um getur í 1. mgr. á þann hátt að hann greiði fyrir skýrslugjöf á stöðum sem teknar eru í sambærilegum OTC-samningum til hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds, eins og ákvarðað er í 2. mgr. 58. gr.,

d) skilgreiningu á því hvað telst vara sama hrávöruafleiða og verulegt magn skv. 6. mgr. þessarar greinar,

e) aðferðafræðina til að safna saman og skuldajafna OTC-stöður og hrávörustöður á viðskiptavettvangi til að ákvarða hreina stöðu í þeim tilgangi að meta hvort þau hámörk séu virt. Slík aðferðafræði skal fastsetja viðmið til að ákvarða hvaða stöður er hægt að jafna hver á móti annarri og eiga að greiða fyrir uppbyggingu á stöðum á þann hátt að hún samrýmist markmiðunum sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar,

f) fyrirkomulagið þar sem greint er frá því hvernig aðilar geta sótt um undanþágu samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar og hvernig hlutaðeigandi lögbært yfirvald muni samþykkja slíkar umsóknir,

g) reikningsaðferðina til að ákvarða vettvanginn þar sem stærsti hluti viðskipta með hrávöruafleiðu fer fram og verulegt magn skv. 6. mgr. þessarar greinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

13. Lögbær yfirvöld skulu ekki kveða á um frekari hámörk á stöður en þau sem eru samþykkt skv. 1. mgr., nema í undantekningartilvikum þegar hægt er að rökstyðja þau með hlutlægum hætti og gætt sé meðalhófs að teknu tilliti til seljanleika á tilteknum markaði og skipulegrar starfsemi hans. Lögbær yfirvöld skulu birta á vefsetri sínu nákvæmar upplýsingar um frekari stöðuhámörk sem þau ákveða að leggja á og skulu gilda á upphafstímabili sem ekki er lengra en sex mánuður frá birtingardegi á vefsetrinu. Heimilt er að endurnýja frekari stöðuhámörk fyrir fleiri tímabil sem ekki eru lengri en sex mánuðir í senn, ef ástæður fyrir takmörkuninni halda áfram að gilda. Þær skulu falla úr gildi sjálfkrafa verði þær ekki endurnýjaðar eftir þetta þriggja mánaða tímabil.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þegar þau ákveða að setja frekari hámörk á stöður. Í tilkynningunni skal vera rökstuðningur fyrir frekari hámörkum á stöður. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 24 klukkustunda, gefa út álit um hvort hún telji að þörf sé á frekari stöðuhámörkum til að afgreiða undantekningartilvikin. Álitið skal birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Lögbært yfirvald skal, þegar það setur á hámörk sem eru í andstöðu við álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, birta á vefsetri sínu tilkynningu þar sem ítarlega er greint frá ástæðum þess.

14. Aðildarríki skulu kveða á um að lögbær yfirvöld geti beitt heimildum sínum til að beita viðurlögum samkvæmt þessari tilskipun vegna brota á stöðuhámörkum sem sett eru í samræmi við þessa grein í tengslum við:

a) stöður í eigu aðila sem eru staðsettir eða starfa á yfirráðasvæði þess eða erlendis þar sem farið er yfir hámörk á samningum með hrávöruafleiður sem lögbært yfirvald hefur sett, með tilliti til samninga á mörgum viðskiptavettvöngum sem staðsettir eru eða starfræktir á yfirráðasvæði þess eða fjárhagslega sambærilegra OTC-samninga,

b) stöður í eigu aðila sem eru staðsettir eru eða starfa á yfirráðasvæði þar sem farið er yfir hámörk á samningum með hrávöruafleiður sem lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum setja.

58. gr.

Stöðutilkynningar eftir flokkum stöðueigenda

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang þar sem fram fara viðskipti með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra:

a) birti opinberlega í hverri viku skýrslu með samanlögðum stöðum, sem ýmsir flokkar aðila eiga, í hrávöruafleiðum, losunarheimildum eða afleiðum með losunarheimildir sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi, þar sem tilgreindur er fjöldi gnótt- og skortstaðna eftir slíkum flokkum, breytingar á þeim frá síðustu skýrslu, hundraðshluti heildarfjölda opinna staðna í hverjum flokki og fjöldi aðila sem eiga stöðu í hverjum flokki í samræmi við 4. gr. og sendi þessa skýrslu lögbæra yfirvaldinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni; Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hefjast handa við miðlæga birtingu á upplýsingunum sem er að finna í þessum skýrslum,

b) láti lögbæru yfirvaldi í té, a.m.k. daglega, nákvæma sundurliðun á stöðum allra aðila, þ.m.t. aðila eða þátttakenda og viðskiptavina þeirra, á þeim viðskiptavettvangi.

Kvöðin sem mælt er fyrir um í a-lið á eingöngu við þegar bæði fjöldi aðila og opnar stöður þeirra fara yfir lágmarksviðmiðin.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki, sem eiga viðskipti með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra utan viðskiptavettvangs, láti lögbæru yfirvaldi viðskiptavettvangsins, þar sem viðskipti eru höfð með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra, eða miðlægu lögbæru yfirvaldi, þar sem viðskipti eru höfð með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra í verulegu magni á viðskiptavettvöngum í lögsögu fleiri ríkja en eins, a.m.k. daglega í té nákvæma sundurliðun á stöðum sem þau taka í hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum þeirra og ganga kaupum og sölu á viðskiptavettvangi og fjárhagslega sambærilegum OTC-samningum, og jafnframt stöðum viðskiptavina þeirra og viðskiptavina þessara viðskiptavina þar til endanlegum viðskiptavini hefur verið náð í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og þar sem við á 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011.

3. Aðildarríki skulu, svo að hægt sé að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum 1. mgr. 57. gr., gera kröfu um að aðilar eða þátttakendur á skipulegum mörkuðum og markaðstorgum og einnig viðskiptavinir skipulegs markaðstorgs, veiti verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir viðkomandi viðskiptavettvang greinagóða lýsingu á eigin stöðum, sem þeir eiga samkvæmt samningum sem viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi, og einnig stöðum viðskiptavina þeirra og viðskiptavina þessara viðskiptavina þar til komið er að endanlegum viðskiptavini.

4. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang skal flokka aðila, sem eiga stöður í hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum með losunarheimildir með hliðsjón af eðli meginstarfsemi þeirra, að teknu tilliti til hvers konar gildandi starfsleyfis, sem:

a) verðbréfafyrirtæki eða lánastofnanir,

b) fjárfestingarsjóði, annaðhvort verðbréfasjóði (UCITS), eins og skilgreint er í tilskipun 2009/65/EB eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða, eins og skilgreint er í tilskipun 2011/61/EB.

c) aðrar fjármálastofnanir, þ.m.t. vátryggingafélög og endurtryggingafélög, eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2009/138/EB og stofnanir um starfstengdan lífeyri, eins og skilgreint er í tilskipun 2003/41/EB,

d) atvinnustarfsemi,

e) þegar um ræðir losunarheimildir eða afleiður þeirra, rekstraraðila sem uppfylla skyldur samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

Í skýrslunum sem um getur í a-lið 1. mgr. skal tilgreina fjölda gnótt- og skortstaðna eftir flokkum aðila, sérhverjar breytingar á þeim frá því að síðasta skýrsla var gerð, hundraðshluta allra opinna staðna sem hver flokkur stendur fyrir og fjölda aðila í hverjum flokki.

Í skýrslunum sem um getur í a-lið 1. mgr. og í sundurliðuninni, sem um getur í 2. mgr. skal gera greinarmun á:

a) stöðum sem eru greindar sem stöður sem hægt er að mæla hlutlægt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfseminni og

b) öðrum stöðum.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða form á skýrslum sem um getur í a-lið 1. mgr. og sundurliðunina sem um getur í 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Skýrslugjöf skal ekki hafa áhrif á hlítingu skuldbindinga samkvæmt tilskipun 2003/87/EB þegar um ræðir losunarheimildir eða afleiður þeirra.

6. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. í því skyni að tilgreina viðmiðunarmörkin sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af heildarfjölda opinna staðna og stærðar þeirra og heildarfjölda aðila sem eiga stöðu.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum í tengslum við ráðstafanir til að gera kröfu um að allar skýrslur sem um getur í a-lið 1. mgr. verði sendar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni á tilteknum tíma í hverri viku þannig að hægt sé að birta þær miðlægt.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

V. BÁLKUR

GAGNASKÝRSLUÞJÓNUSTA

1. þáttur.

Málsmeðferð við veitingu starfsleyfa til þeirra sem bjóða gagnaskýrsluþjónustu

59. gr.

Starfsleyfiskröfur

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að til að mega veita gagnaskýrsluþjónustuna, sem lýst er í D-þætti I. viðauka, sem reglubundna starfsemi eða starfsemi í atvinnuskyni þurfi starfsleyfi fyrirfram í samræmi við þennan þátt. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis, sem tilnefnt er í samræmi við 67. gr., skal veita slíkt starfsleyfi.

2. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 1. mgr., heimila verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang að starfrækja gagnaskýrsluþjónustu fyrir viðurkennda birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar og viðurkennt skýrslugjafarkerfi að því tilskildu að fyrir liggi staðfesting á því að þessir aðilar uppfylli skilyrði þessa bálks. Starfsleyfi þeirra skal falla undir þessa þjónustu.

3. Aðildarríki skulu skrá alla aðila sem veita gagnaskýrsluþjónustu. Skráin skal vera aðgengileg almenningi og fela í sér upplýsingar um þjónustuna sem veitandi gagnaskýrsluþjónustunnar hefur starfsleyfi til að veita. Hún skal uppfærð reglulega. Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhvert starfsleyfi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera skrá yfir alla veitendur gagnaskýrsluþjónustu í Sambandinu. Skráin skal innihalda upplýsingar um þjónustu sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu hefur starfsleyfi til að veita og skal hún uppfærð reglulega. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá þessa á vefsetri sínu.

Þegar lögbært yfirvald hefur afturkallað starfsleyfi í samræmi við 62. gr. skal afturköllunin birt í skránni næstu fimm árin.

4. Aðildarríki skal gera kröfu um að veitendur gagnaskýrsluþjónustu veiti þjónustu sína undir eftirliti lögbærs yfirvalds. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld sannreyna reglulega hvort veitendur gagnaskýrsluþjónustu uppfylli ákvæði þessa bálks. Þau skulu einnig sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með því að veitendur gagnaskýrsluþjónustu uppfylli ávallt skilyrðin fyrir upphaflegri starfsleyfisveitingu sem sett eru samkvæmt þessum bálki.

60. gr.

Gildissvið starfsleyfis

1. Heimaaðildarríki skal sjá til þess að í starfsleyfinu sé tilgreind sú gagnaskýrsluþjónusta sem veitandi gagnaskýrslu-þjónustu hefur fengið heimild til að veita. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu sem sækir leyfi til að auka við starfsemi sína með frekari gagnaskýrsluþjónustu skal leggja fram beini um aukið starfsleyfi.

2. Starfsleyfið skal gilda alls staðar í Sambandinu og heimila veitanda gagnaskýrsluþjónustu að veita þá þjónustu sem starfsleyfið tekur til alls staðar í Sambandinu.

61. gr.

Málsmeðferð við að samþykkja og hafna umsóknum um starfsleyfi

1. Lögbært yfirvald skal ekki veita starfsleyfi fyrr en það hefur að fullu gengið úr skugga um að umsækjandinn fari að öllum kröfum ákvæða sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal leggja fram allar upplýsingar, þ.m.t. starfsáætlun þar sem meðal annars kemur fram hvers konar rekstur er fyrirhugaður og stjórnskipulagið, sem nauðsynlegar eru til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að fullvissa sig um að veitandi gagnaskýrsluþjónustu hafi, þegar upphaflegt starfsleyfi var veitt, gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum þessa bálks.

3. Innan sex mánaða frá því að umsækjandi leggur fram fullbúna umsókn skal honum tilkynnt um hvort starfsleyfi hefur verið veitt eða ekki.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með það fyrir augum að ákvarða:

a) upplýsingarnar, sem leggja á fram fyrir lögbær yfirvöld skv. 2. mgr., þ.m.t. starfsáætlunina,

b) upplýsingarnar, sem er að finna í tilkynningunum skv. 3. mgr. 63. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, snið og verklagsreglur fyrir tilkynningu eða tilhögun upplýsingamiðlunar sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 63. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

62. gr.

Afturköllun starfsleyfa

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem veitanda gagnaskýrsluþjónustu hefur verið veitt, ef hann:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða, afsalar sér starfsleyfinu sérstaklega eða hefur ekki veitt neina gagnaskýrsluþjónustu næstliðna sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan óeðlilegan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem voru til grundvallar veitingu starfsleyfis,

d) hefur brotið gróflega og ítrekað gegn ákvæðum þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

63. gr.

Kröfur sem gilda um stjórn veitanda gagnaskýrsluþjónustu

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að allir stjórnarmenn veitanda gagnaskýrsluþjónustu hafi ávallt nægilega gott orðspor, búi yfir nægilegri þekkingu, færni og reynslu og verji nægum tíma til að sinna skyldustörfum sínum.

Stjórnin skal í heildina búa yfir fullnægjandi þekkingu, færni og reynslu til að geta skilið starfsemi veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar. Sérhver stjórnarmaður skal annast skyldustörf sín af heiðarleika, ráðvendni og óhæði svo hann geti á skilvirkan hátt og þegar nauðsyn krefur gagnrýnt ákvarðanir framkvæmdastjórnar og haft umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar, þegar nauðsyn krefur.

Þegar rekstraraðili markaðar sækir um starfsleyfi til að starfrækja viðurkennda birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt tilkynningakerfi og stjórnarmenn þessarar viðurkenndu birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennda skýrslugjafarkerfinu eru þeir sömu og meðlimir í stjórn skipulegs markaðar verða þessir aðilar að fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 3. janúar 2016, útfæra viðmiðunarreglur fyrir mat á hæfi stjórnarmanna, sem greint er frá í 1. mgr., með tilliti til ólíkra hlutverka þeirra og verkefna sem þeir inna af hendi og nauðsynjar þess að komast hjá hagsmunaárekstrum milli stjórnarmanna og notenda viðurkenndrar birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennds skýrslugjafarkerfis.

3. Aðildarríki skulu gera kröfu um að veitandi gagnaskýrsluþjónustu tilkynni lögbæru yfirvaldi um alla stjórnarmenn sína og um allar breytingar á stjórn þess og aðild að stjórn þess, auk allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta hvort fyrirtækið fer að ákvæðum 1. mgr.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórn veitanda gagnaskýrsluþjónustu skilgreini og hafi umsjón með framkvæmd stjórnarhátta sem tryggi skilvirka og varfærna stjórnun félags, þ.m.t. að aðgreina störf í félaginu og koma í veg fyrir hagsmuna-árekstra og stuðla þannig að heilleika markaðarins og hagsmunum viðskiptavina.

5. Lögbært yfirvald skal synja um starfsleyfi ef það telur ekki sýnt að aðili eða aðilar, sem í reynd munu fara með stjórn viðskipta hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustu, hafi nægilega gott orðspor eða ef hlutlægar ástæður, sem hægt er sýna fram á, eru til að ætla að fyrirhugaðar breytingar á stjórn fyrirtækisins ógni traustri og varfærinni stjórnun þess og að fullnægjandi tillit sé tekið til hagsmuna viðskiptavina þess og heilleika markaðarins.

2. þáttur.

Skilyrði fyrir viðurkennda birtingarþjónustu

64. gr.

Skipulagskröfur

1. Heimaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennd birtingarþjónusta hafi yfir að ráða viðeigandi stefnum og fyrirkomulagi til að gera upplýsingarnar, sem krafist er skv. 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, opinberar eins nálægt rauntíma og tæknilega er mögulegt á eðlilegum viðskiptakjörum. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir að viðurkennd birtingarþjónusta birtir þær. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennda birtingarþjónustan geti á skilvirkan og samkvæman hátt miðlað slíkum upplýsingum þannig að það tryggi skjótan aðgang að þeim án mismununar og á sniði sem greiðir fyrir samþættingu þessara gagna og svipaðra gagna af öðrum uppruna.

2. Upplýsingarnar, sem viðurkennda birtingarþjónustan birtir opinberlega í samræmi við 1. mgr., skulu a.m.k. tilgreina eftirfarandi:

a) auðkenni fjármálagerningsins,

b) umsamið verð í viðskiptunum,

c) magn viðskiptanna,

d) tímasetningu viðskiptanna,

e) tímasetningu tilkynningar um viðskiptin,

f) verðviðmið viðskiptanna,

g) kóða viðskiptavettvangsins þar sem viðskiptin fóru fram eða, ef viðskiptin fóru fram gegnum innmiðlara, kóðann „SI“ eða annars kóðann „OTC“,

h) ef við á, tilgreiningu á því að viðskiptin hafi verið háð sérstökum skilyrðum,

3. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennda birtingarþjónustan beiti og viðhaldi skilvirku stjórnunarfyrirkomulagi sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra við viðskiptavini þess. Einkum skal viðurkennd birtingarþjónusta, sem einnig er rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki, fara með allar upplýsingar sem hefur verið safnað án mismununar og skal beita og viðhalda skilvirku stjórnunarfyrirkomulagi til að aðskilja mismunandi viðskiptastarfsemi.

4. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennda birtingarþjónustan hafi öryggisferla til að tryggja öryggi aðferða við að senda upplýsingar, draga eins og verða má úr hættu á spillingu gagna og aðgangi óviðkomandi aðila og koma í veg fyrir að upplýsingum sé lekið fyrir birtingu. Viðurkennd birtingarþjónusta skal hafa yfir að ráða nægum aðföngum og varakerfi til að hún geti ávallt boðið og viðhaldið þjónustu sinni.

5. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennda birtingarþjónustan hafi yfir að ráða kerfum sem geta á skilvirkan hátt greint heilleika viðskipaskýrslna, hvort upplýsingar vanti og komið auga á augljósar villur og farið fram á að slíkar gallaðar skýrslur séu endursendar.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða sameiginleg snið, gagnastaðla og tæknilega tilhögun til að greiða fyrir sameiningu upplýsinga ,eins og um getur í 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. og skýra hvað sé sanngjarn viðskiptagrunnur til að birta upplýsingar eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) á hvaða hátt viðurkennd birtingarþjónusta getur uppfyllt upplýsingaskylduna sem um getur í 1. mgr.,

b) efni upplýsinganna, sem birtar eru skv. 1. mgr., sem taka a.m.k. til upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. á þann hátt að hægt sé að birta upplýsingarnar sem krafist er skv. 64. gr.,

c) raunhæfar skipulagskröfur sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr.,

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. þáttur.

Skilyrði í tengslum við þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar

65. gr.

Skipulagskröfur

1. Heimaðildarríki skal gera kröfu um að þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hafi yfir að ráða viðeigandi stefnum og fyrirkomulagi til að safna saman upplýsingunum sem gera skal opinberar í samræmi við 6. og 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, samþætta þær í órofinn rafrænan gagnastraum og birta eins nálægt rauntíma og tæknilega er mögulegt á eðlilegum viðskiptakjörum.

Upplýsingarnar skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi atriði:

a) auðkenni fjármálagerningsins,

b) umsamið verð í viðskiptunum,

c) magn viðskiptanna,

d) tímasetningu viðskiptanna,

e) tímasetningu tilkynningar um viðskiptin,

f) verðviðmið viðskiptanna,

g) kóða viðskiptavettvangsins þar sem viðskiptin fóru fram eða, ef viðskiptin fóru fram gegnum innmiðlara, kóðann „SI“ eða annars kóðann „OTC“,

h) eftir atvikum, þá staðreynd að tölvualgrím verðbréfafyrirtækisins bar ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni og framkvæmd viðskiptanna.

i) ef við á, tilgreiningu á því að viðskiptin hafi verið háð sérstökum skilyrðum;

j) flöggun til að sýna hvers konar undanþágu viðskiptin njóta, ef veitt er undanþága frá þeirri skyldu að birta upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir að þjónustan fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar hefur birt þær. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar geti á skilvirkan og samræmdan hátt miðlað slíkum upplýsingum og tryggi þannig skjótan aðgang að upplýsingunum án mismununar á aðgengilegu sniði sem nýtist markaðsaðilum.

2. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hafi yfir að ráða viðeigandi stefnum og fyrirkomulagi til að safna saman upplýsingum sem á að gera opinberar í samræmi við 10. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, samþætta þær í órofinn rafrænan gagnastraum og birta eins nálægt rauntíma og tæknilega er mögulegt á eðlilegum viðskiptakjörum sem nær yfir a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) auðkenni eða auðkennandi eiginleika fjármálagerningsins,

b) umsamið verð í viðskiptunum,

c) magn viðskiptanna,

d) tímasetningu viðskiptanna,

e) tímasetningu tilkynningar um viðskiptin,

f) verðviðmið viðskiptanna,

g) kóða viðskiptavettvangsins þar sem viðskiptin fóru fram eða, ef viðskiptin fóru fram gegnum innmiðlara, kóðann „SI“ eða annars kóðann „OTC“,

h) ef við á, tilgreiningu á því að viðskiptin hafi verið háð sérstökum skilyrðum,

Gera skal upplýsingar þessar aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hefur birt þær. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar geti á skilvirkan og samræmdan hátt miðlað slíkum upplýsingum og tryggt þannig skjótan aðgang að upplýsingunum án mismununar og á almennt samþykktum sniðum sem eru innbyrðis samhæf, aðgengileg og sem nýtast markaðsaðilum.

3. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar tryggi að framlögðum gögnum hafi verið safnað saman frá öllum skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum og viðurkenndum veitendum birtingarþjónustu og fyrir fjármálagerninga sem tilgreindir eru í tæknilegu eftirlitsstöðlunum skv. c-lið 8. mgr.

4. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar starfræki og viðhaldi skilvirku stjórnunarfyrirkomulagi sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Einkum skal rekstraraðili markaðar eða viðurkennd birtingarþjónusta, sem einnig rekur kerfi fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, fara með allar upplýsingar sem hefur verið safnað án mismununar og skal starfrækja og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi til að aðskilja mismunandi viðskiptastarfsemi.

5. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hafi öryggisferla til að tryggja öryggi aðferða við að senda upplýsingar, draga eins og verða má úr hættu á spillingu gagna og aðgangi óviðkomandi aðila. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hafi yfir nægum aðföngum að ráða og varakerfi svo að hún geti ávallt boðið og viðhaldið þjónustu sinni.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða gagnastaðla og snið vegna upplýsinga sem á að birta í samræmi við 6., 10., 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, sem ná yfir auðkenni fjármálagerninga, verð, magn, tíma, verðviðmið og vettvangskennimerki og einnig tilgreiningar á sérstökum skilyrðum sem gilda um viðskiptin ásamt tæknilegri tilhögun til að greiða fyrir skilvirkri og samræmdri miðlun upplýsinga, þannig að auðvelt sé að nálgast þær og sem nýtast markaðsaðilum eins og um getur í 1. og 2. mgr., að meðtalinni tilgreiningu á viðbótarþjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar sem stuðlaði að aukinni skilvirkni markaðarins.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015, að því er varðar upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 6. og 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og eigi síðar en 3. júlí 2015 að því er varðar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 10. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. og skýra hvað sé sanngjarn viðskiptagrunnur til að veita aðgang að gagnastraumum, eins og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) á hvaða hátt þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar geti uppfyllt upplýsingaskylduna sem um getur í 1. og 2. mgr.,

b) inntak upplýsinganna sem birtar eru skv. 1. og 2. mgr.

c) gögn um fjármálagerninga sem þurfa að vera í gagnastraumi og, að því er varðar aðra gerninga en hlutabréfagerninga, viðskiptavettvangi og viðurkenndri birtingarþjónustu, sem eiga að teljast með,

d) aðrar leiðir sem eiga að tryggja að gögn, sem mismunandi þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar birtir, séu samræmd og geri mögulega alhliða kortlagningu og millivísanir sambærilegra gagna úr öðrum heimildum og sem hægt er að safna saman á vettvangi Sambandsins,

e) raunhæfar skipulagskröfur sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. þáttur.

Skilyrði í tengslum við viðurkennd skýrslugjafarkerfi

66. gr.

Skipulagskröfur

1. Heimaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennt skýrslugjafakerfi hafi yfir að ráða viðeigandi stefnum og fyrirkomulagi til að senda upplýsingarnar, sem krafist er skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok virks dags daginn eftir að viðskiptin fóru fram. Greina skal frá slíkum upplýsingum í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

2. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennda skýrslugjafakerfið beiti og viðhaldi skilvirku stjórnskipulagi sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra við viðskiptavini þess. Einkum skal viðurkennt skýrslugjafakerfi, sem einnig er rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki, fara með allar upplýsingar, sem hefur verið safnað án mismununar, og skal starfrækja og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi til að aðskilja mismunandi viðskiptastarfsemi.

3. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennt skýrslugjafakerfi hafi öryggisferla til að tryggja öryggi og áreiðanleika aðferða við miðlun upplýsinga, draga eins og verða má úr hættu á spillingu gagna og aðgangi óviðkomandi aðila og koma í veg fyrir að upplýsingum sé lekið fyrir birtingu til að tryggja öryggi gagna á öllum tímum. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennt skýrslugjafakerfi hafi yfir nægilegum aðföngum að ráða og varakerfi til að það geti ávallt boðið og viðhaldið þjónustu sinni.

4. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að viðurkennt skýrslugjafakerfi hafi yfir að ráða kerfum sem geta á skilvirkan hátt greint heilleika viðskiptaskýrslna, hvort upplýsingar vanti og komið auga á augljósar villur sem rekja má til verðbréfafyrirtækisins og að láta verðbréfafyrirtækinu í té nánari upplýsingar um það þegar slíkar villur eða upplýsingar sem vantar og fara fram á að allar slíkar gallaðar skýrslu séu endursendar.

Heimaaðildarríki skal einnig gera kröfu um að viðurkennt skýrslugjafakerfi hafi yfir að ráða kerfum sem gera því kleift að greina villur eða upplýsingar sem vantar sem rekja má til viðurkennda skýrslugjafarkerfisins sjálfs og gera því kleift að endursenda lögbæru yfirvaldi, eftir því sem við á, leiðréttar og fullgerðar viðskiptaskýrslur.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) á hvaða hátt viðurkennt skýrslugjafakerfi getur uppfyllt upplýsingaskylduna sem um getur í 1. mgr. og

b) raunhæfar skipulagskröfur sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

VI. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD

I. KAFLI

Tilnefning, valdheimildir og úrlausnarmeðferð

67. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld sem eiga að annast þau skyldustörf sem kveðið er á um í ýmsum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um hvaða lögbæru yfirvöld eigi að bera ábyrgð á að þessum skyldustörfum sé sinnt og hvernig þau skiptast á milli þeirra.

2. Lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera opinber yfirvöld með fyrirvara um möguleikann á því að úthluta verkefnum til annarra eininga þegar kveðið er skýrt á um það í 4. mgr. 29. gr.

Úthlutun verkefna til annarra eininga en yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr. má ekki fela í sér beitingu almannavalds eða heimildar til að taka ákvörðun sem byggist á mati. Aðildarríki skulu gera kröfu um að lögbær yfirvöld geri allar eðlilegar ráðstafanir áður en úthlutun fer fram til að tryggja að einingin, sem verkefnum er úthlutað til, hafi getu og tilföng til að framkvæma á skilvirkan hátt öll verkefnin og að úthlutun eigi sér ekki stað nema komið hafi verið á skýrum og skjalfestum ramma um framkvæmd úthlutaðra verkefna þar sem verkefnin, sem inna á af hendi, eru tiltekin og skilyrðin við framkvæmd þeirra. Þessi skilyrði skulu fela í sér ákvæði sem skyldar viðkomandi einingu til að haga starfsemi sinni og skipulagningu þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra og að upplýsingar, sem fást þegar verið er að sinna úthlutuðum verkefnum séu ekki notaðar á óréttmætan hátt eða til að hindra samkeppni. Endanleg ábyrgð á eftirliti með að farið sé að þessari tilskipun og framkvæmdarráðstöfunum hennar skal hvíla á lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum sem eru tilnefnd í samræmi við 1. mgr.

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem samið hefur verið um varðandi úthlutun verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíka úthlutun.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra á vefsetri sínu skrá yfir lögbær yfirvöld sem um getur í 1. og 2. mgr.

68. gr.

Samstarf milli yfirvalda í sama aðildarríki

Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald til að framfylgja ákvæði í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 skal hlutverk þeirra hvers og eins skýrt skilgreint og þau skulu vinna náið saman.

Sérhvert aðildarríki skal gera kröfu um að slíkt samstarf fari einnig fram milli lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð í því aðildarríki á eftirliti með lánastofunum og öðrum fjármálastofnunum, lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum, vátrygginga- og endurtryggingamiðlurum og vátryggingafélögum.

Aðildarríki skulu gera kröfu um að lögbær yfirvöld skiptist á upplýsingum sem eru nauðsynlegar eða skipta máli fyrir þau við að sinna hlutverkum sínum og skyldustörfum.

69. gr.

Eftirlitsheimildir

1. Lögbær yfirvöld skulu fá allar eftirlitsheimildir, þ.m.t. rannsóknarheimildir og valdheimildir, til að koma á nauðsynlegum úrræðum til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

2. Valdheimildirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi valdheimildir til að:

a) hafa aðgang að hvers konar skjölum eða öðrum gögnum, í hvaða formi sem er og lögbær yfirvöld telja að skipti máli við störf þeirra, og fá eða taka afrit af þeim,

b) krefjast eða fara fram á upplýsingar frá hvaða aðila sem er og, þegar nauðsyn krefur, boða aðila á fund og leggja fyrir hann spurningar í því skyni að afla upplýsinga,

c) annast vettvangsskoðanir eða rannsóknir,

d) krefjast þess að fá upptökur af símtölum, skrám um rafræn fjarskipti eða gagnaumferð sem til eru hjá verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða einhverri annarri stofnun sem fellur undir þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

e) óska eftir frystingu eða upptöku eigna, eða hvortveggja,

f) óska eftir tímabundnu banni við atvinnustarfsemi,

g) óska eftir að endurskoðendur viðurkenndra verðbréfafyrirtækja, skipulagðir verðbréfamarkaðir og veitendur gagnaskýrsluþjónustu leggi fram upplýsingar,

h) vísa málum til saksóknar,

i) heimila endurskoðendum eða sérfræðingum að annast sannprófanir eða rannsóknir,

j) óska eftir eða fara fram á að látnar séu í té upplýsingar, þ.m.t. öll viðkomandi skjöl frá öllum aðilum um stærð og markmið stöðu eða áhættu sem tekin er gegnum hrávöruafleiðu, og hvers konar tengdar eignir eða skuldir á undirliggjandi markaði,

k) óska eftir að bundinn sé endir á hvers konar starfsvenju eða framferði, tímabundið eða til frambúðar, sem lögbært yfirvald telur brjóta í bága við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og ákvæðin sem hafa verið samþykkt við framkvæmd þessarar tilskipunar og komið sé í veg fyrir að slík starfsvenja eða framferði endurtaki sig,

l) samþykkja hvers konar ráðstafanir til að tryggja að verðbréfafyrirtæki, skipulegir markaðir og aðrir aðilar sem falla undir þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014, haldi áfram að uppfylla lagaskilyrði,.

m) krefjast þess að viðskipti með fjármálagerning verði stöðvuð tímabundið,

n) krefjast þess að hætt verði að stunda viðskipti með fjármálagerning, hvort heldur er á skipulegum markaði eða samkvæmt öðrum viðskiptaráðstöfunum,

o) krefjast þess sérhver aðili geri ráðstafanir til að draga úr stærð stöðunnar eða áhættunnar,

p) takmarka getu allra aðila til að undirrita hrávöruafleiðu, þ.m.t. að setja takmarkanir á stærð stöðu sem hver aðili má hafa hverju sinni í samræmi við 57. gr. þessarar tilskipunar,

q) gefa út opinberar tilkynningar,

r) krefjast, svo fremi landslög heimili það, tiltækra skráa um gagnaumferð, sem fjarskiptafyrirtæki heldur, ef rökstuddur grunur leikur á um brot og ef slíkar skrár kunna að skipta máli við rannsókn á brotum gegn þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014,

s) stöðva tímabundið markaðssetningu eða sölu á fjármálagerningum eða samsettum innstæðum, að uppfylltum skilyrðum 40., 41. eða 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

t) stöðva tímabundið markaðssetningu eða sölu á fjármálagerningum eða samsettum innstæðum hafi verðbréfafyrirtækið ekki þróað eða notað skilvirkt ferli til viðurkenningar á vöru eða á annan hátt látið hjá líða að fara að 3. mgr. 16. gr. þessarar tilskipunar,

u) krefjast þess að einstaklingi sé vikið úr stjórn verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 3. júlí 2016, tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um lög og stjórnsýslufyrirmæli til lögleiðingar á 1. og 2. mgr. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, án ástæðulausrar tafar, um hvers konar síðari tíma breytingar á þeim.

Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirkomulag sé fyrir hendi til þess að tryggja að bætur séu greiddar eða gripið sé til aðgerða í samræmi við landslög vegna fjárhagstjóns eða skaða sem aðilar verða fyrir vegna brota gegn þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

70. gr.

Viðurlög við brotum

1. Aðildarríki skulu mæla fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög og tryggja að lögbær yfirvöld þeirra geti beitt viðeigandi stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum gegn brotum á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og innlendum ákvæðum sem samþykkt eru við lögleiðingu á þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt, með fyrirvara um eftirlitsheimildir, þ.m.t. rannsóknarheimildir og valdheimildir lögbærra yfirvalda til að beita úrræðum í samræmi við 69. gr. og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum. Slík viðurlög og ráðstafanir skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið, hafa letjandi áhrif og gilda um brot jafnvel þótt ekki sé sérstaklega fjallað um þau í 3., 4. og 5. mgr.

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota sem falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum þeirra. Þegar svo háttar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni viðeigandi ákvæði refsiréttar.

Aðildarríki skulu, eigi síðar en 3. júlí 2016, tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um lög og stjórnsýslufyrirmæli til lögleiðingar á þessari grein, þ.m.t. viðeigandi ákvæði refsiréttar. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, án ástæðulausrar tafar, um hvers konar síðari tíma breytingar á þeim.

2. Aðildarríki skulu, þegar um er að ræða brot, sjá til þess að beita megi viðurlögum og gera aðrar ráðstafanir gegn aðilum í stjórn verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða og gegn öðrum einstaklingum eða lögaðilum sem bera ábyrgð á brotinu samkvæmt landslögum, þegar verðbréfafyrirtæki, markaðsaðilar, veitendur gagnaskýrsluþjónustu, lánastofnanir sem tengjast fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi og viðbótarstarfsemi og einnig útibú fyrirtækja þriðju landa, falla undir skyldur um meðferð brota, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í landslögum á þeim sviðum sem samræmd eru með þessari tilskipun.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að a.m.k. brot á eftirfarandi ákvæðum þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 teljist vera brot á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014:

a) að því er varðar þessa tilskipun:

i. b-liður 8. gr.,

ii. 1.–6. mgr. 9. gr.,

iii. 1. og 3. mgr. 11. gr.,

iv. 1.–11. mgr. 16. gr.,

v. 1.–6. mgr. 17. gr.,

vi. 1.–9. mgr. og fyrsti málsliður 10. mgr. 18. gr.,

vii. 19. og 20. gr.,

viii. 1. mgr. 21. gr.,

ix. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr.,

x. 1.–5. mgr., 7.–10. mgr. og fyrsta og önnur undirgrein 11. mgr. 24. gr.,

xi. 1.–6. mgr. 25. gr.,

xii. annar málsliður 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 26. gr.,

xiii. 1.–8. mgr. 27. gr.,

xiv. 1. og 2. mgr. 28. gr.,

xv. fyrsta og þriðja undirgrein 2. mgr., fyrsti málsliður 3. mgr., fyrsta undirgrein 4. mgr. og 5. mgr. 29. gr.,

xvi. önnur undirgrein 1. mgr. og fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 3. mgr. 30. gr.,

xvii. 1. mgr., fyrsta undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. 31. gr.,

xviii. 1. mgr., fyrsta, önnur og fjórða undirgrein 2. mgr. 32. gr.,

xix. 3. mgr. 33. gr.,

xx. 2. mgr., fyrsti málsliður 4. mgr., fyrsti málsliður 5. mgr. og fyrsti málsliður 7. mgr. 34. gr.,

xxi. 2. mgr., fyrsta undirgrein 7. mgr., og fyrsti málsliður 10. mgr. 35. gr.,

xxii. 1. mgr. 36. gr.,

xxiii. fyrsta undirgrein, fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 37. gr.,

xxiv. fjórða undirgrein 1. mgr., fyrsti málsliður 2. mgr., fyrsta undirgrein 3. mgr. og b-liður 5. mgr. 44. gr.,

xxv. 1.–6. og 8. mgr. 45. gr.,

xxvi. 1. mgr. og a- og b-liður 2. mgr. 46. gr.,

xxvii. 47. gr.,

xxviii. 1.–11. mgr. 48. gr.,

xxix. 1. mgr. 49. gr.,

xxx. 1. mgr. 50. gr.,

xxxi. 1.–4. mgr. og annar málsliður 5. mgr. 51. gr.,

xxxii. 1. mgr., fyrsta, önnur og fimmta undirgrein 2. mgr. 52. gr.,

xxxiii. 1., 2. og 3 mgr., fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 6. mgr. og 7. mgr. 53. gr.,

xxxiv. 1. mgr., fyrsta undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. 54. gr.,

xxxv. 1. og 2. mgr., 8. mgr. og fyrsta undirgrein 10. mgr. 57. gr.,

xxxvi. 1.–4. mgr. 58. gr.,

xxxvii. 1., 3. og 4. mgr. 63. gr.,

xxxviii. 1.–5. mgr. 64. gr.,

xxxix. 1.–5. mgr. 65. gr.,

xxxx. 1.–4. mgr. 66. gr.,

b) að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 600/2014,

i. 1. og 3. mgr. 3. gr.,

ii. fyrsta undirgrein 3. mgr. 4. gr.,

iii. 6. gr.,

iv. fyrsti málsliður þriðju undirgreinar 1. mgr. 7. gr.,

v. 1., 3. og 4. mgr. 8. gr.,

vi. 10. gr.,

vii. fyrsti málsliður þriðju undirgreinar 1. mgr. og þriðja undirgrein 3. mgr. 11. gr.,

viii. 1. mgr. 12. gr.,

ix. 1. mgr. 13. gr.,

x. 1. mgr., fyrsti málsliður 2. mgr., og annar, þriðji og fjórði málsliður 3. mgr. 14. gr.,

xi. fyrsta undirgrein, fyrsti og þriðji málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. og annar málsliður 4. mgr. 15. gr.,

xii. annar málsliður 1. mgr. 17. gr.,

xiii. 1. og 2. mgr., fyrsti málsliður 4. mgr., fyrsti málsliður 5. mgr., fyrsta undirgrein 6. mgr., 8. og 9. mgr. 18. gr.,

xiv. 1. mgr. og fyrsti málsliður 2. mgr. 20. gr.,

xv. 1., 2. og 3. mgr. 21. gr.,

xvi. 2. mgr. 22. gr.,

xvii. 1. og 2. mgr. 23. gr.,

xviii. 1. og 2. mgr. 25. gr.,

xix. fyrsta undirgrein 1. mgr., 2. til 5. mgr. 26. gr., fyrsta undirgrein 6. mgr., fyrsta til fimmtu og áttunda undirgrein 7. mgr. 26. gr.,

xx. 1. mgr. 27. gr.,

xxi. 1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 28. gr.,

xxii. 1. og 2. mgr. 29. gr.,

xxiii. 1. mgr. 30. gr.,

xxiv. 2. og 3. mgr. 31. gr.,

xxv. 1., 2. og 3. mgr. 35. gr.,

xxvi. 1., 2. og 3. mgr. 36. gr.,

xxvii. 1. og 3. mgr. 37. gr.,

xxviii. 40., 41. og 42. gr.

4. Boð um fjárfestingarþjónustu eða ástundun fjárfestingarstarfsemi án tilskilins starfsleyfis eða samþykkis í samræmi við eftirfarandi ákvæði þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal teljast vera brot á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014:

a) 5. gr., 6. gr. (2. mgr.) eða 34., 35., 39., 44. eða 59. gr. þessarar tilskipunar, eða

b) þriðji málsliður 1. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

5. Skortur á samstarfsvilja eða á að uppfylla skuldbindingar sínar við rannsókn, skoðun eða beiðni sem fellur undir 69. gr. telst einnig vera brot á þessari tilskipun.

6. Aðildarríki skulu, þegar um ræðir brot sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. og í samræmi við landslög, kveða á um að lögbær yfirvöld hafi valdheimild til að grípa til eða beita a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum:

a) opinberri yfirlýsingu sem gefur til kynna einstaklinginn eða lögaðilann og eðli brotsins í samræmi við 71. gr.,

b) skipun til þess einstaklings eða lögaðila um að hætta framferðinu sem veldur brotinu og um að endurtaka það ekki,

c) afturköllun eða tímabundinni niðurfellingu á starfsleyfi stofnunarinnar í samræmi við 8., 43. og 65. mgr. þegar um er að ræða verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaðar sem hefur leyfi til að starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg, skipulegan markað, viðurkennda birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og viðurkennt skýrslugjafarkerfi,

d) tímabundnu banni eða banni til frambúðar við því að stjórnarmaður í verðbréfafyrirtæki eða annar einstaklingur, sem talinn er ábyrgur, gegni stjórnunarstörfum í verðbréfafyrirtækjum þegar um endurtekin alvarleg brot er að ræða,

e) tímabundnu banni á verðbréfafyrirtæki sem er aðili að eða þátttakandi í skipulegum mörkuðum eða markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum markaðstorgum,

f) þegar um er að ræða lögaðila, hámarksstjórnsýslusekt sem nemur a.m.k. 5 000 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem hafa annan gjaldmiðil, samsvarandi verðgildi í gjaldmiðli þeirra 2. júlí 2014 eða allt að 10% af heildarveltu lögaðilans á ári samkvæmt síðasta fyrirliggjandi ársreikningi sem stjórnin samþykkir; viðkomandi heildarvelta skal vera heildarvelta á ári eða samsvarandi tegund tekna í samræmi við viðeigandi lagagerðir um reikningsskil samkvæmt síðustu tiltæku árlegu samstæðureikningum, sem stjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt, þegar lögaðili er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem á að gera samstæðureikninga, samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB,

g) þegar um er að ræða einstakling, hámarksstjórnsýslusekt sem nemur a.m.k. 5 000 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem hafa annan gjaldmiðil, samsvarandi verðgildi í gjaldmiðli þeirra 2. júlí 2014,

h) hámarksstjórnsýslusekt, sem er a.m.k. tvöföld fjárhæð ávinningsins sem fæst af brotinu, þegar hægt er að reikna hana, jafnvel þótt hún sé hærri en hámarksfjárhæðirnar sem um getur í f- og g-lið.

7. Aðildarríkjum er heimilt að veita lögbærum yfirvöldum heimild til að beita viðurlögum til viðbótar þeim sem um getur í 6. mgr. eða leggja á sektir sem eru hærri en fjárhæðirnar sem um getur í f-, g- og h-lið 6. mgr.

71. gr.

Birting ákvarðana

1. Aðildarríki skulu kveða á um að lögbær yfirvöld birti hvers konar ákvarðanir um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða -ráðstöfunum vegna brota á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 eða innlendum ákvæðum sem samþykkt eru við framkvæmd þessarar tilskipunar á opinberum vefsetrum sínum án ástæðulausrar tafar eftir að einstaklingnum, sem viðurlögin varða, hefur verið tilkynnt um þá ákvörðun. Birtingin skal að lágmarki fela í sér upplýsingar um tegund og eðli brotsins og um hvaða einstaklingar bera ábyrgð á því. Skylda þessi gildir ekki um ákvarðanir sem kveða á um ráðstafanir innan ramma rannsóknar.

Aðildarríki skulu þó, þegar lögbært yfirvald telur að með birtingu á auðkenni lögaðila eða persónuupplýsingum einstaklinga sé ekki gætt meðalhófs, eftir að hvert tilvik fyrir sig hefur verið metið með tilliti til þess, eða, ef birting á slíkum gögnum stofnar stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða yfirstandandi rannsókn, tryggja að lögbær yfirvöld skuli annaðhvort:

a) fresta birtingu ákvörðunar um að beita viðurlögum eða ráðstöfunum þar til ástæður fyrir því að birta hana ekki eru ekki lengur fyrir hendi,

b) birta ákvörðun um að beita viðurlögum eða ráðstöfun undir nafnleynd á þann hátt að það sé í samræmi við landslög ef slík birting undir nafnleynd tryggir raunverulega vernd viðkomandi persónuupplýsinga,

c) birta alls ekki ákvörðun um að beita viðurlögum eða ráðstöfun þegar möguleikarnir, sem settir eru fram í a- og b-lið, teljast vera ófullnægjandi til að tryggja:

i. að stöðugleika fjármálamarkaða verði ekki stefnt í tvísýnu,

ii. að meðalhófs sé gætt við birtingu á þessum ákvörðunum ef þessar ráðstafanir eru taldar hafa minniháttar þýðingu.

Heimilt er, þegar um er að ræða ákvörðun um að birta viðurlög eða ráðstöfun undir nafnleynd, að veita hæfilegan frest fyrir birtingu á viðkomandi gögnum ef fyrirséð er að ástæður fyrir nafnlausri birtingu séu ekki lengur fyrir hendi þegar hann rennur út.

2. Þegar ákvörðun um að beita viðurlögum eða ráðstöfun er skotið til þar til bærs dómsvalds eða annarra yfirvalda skulu lögbær yfirvöld án tafar einnig birta á opinberu vefsetri sínu slíkar upplýsingar og allar upplýsingar í kjölfarið um niðurstöðu þessa málskots. Enn fremur skal birta allar ákvarðanir til ógildingar á fyrri ákvörðun um að beita viðurlögum eða ráðstöfun.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að hvers konar útgefið efni í samræmi við þessa grein verði áfram á opinberu vefsetri þeirra í minnst fimm ár frá birtingu þess. Persónuupplýsingar sem fram koma í birtingunni skulu eingöngu vera á opinberu vefsetri lögbæra yfirvaldsins eins lengi og nauðsynlegt er í samræmi við gildandi reglur um gagnavernd.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um öll stjórnsýsluviðurlög sem beitt er en ekki birt í samræmi við c-lið 1. mgr., þ.m.t. hvers konar málskot þar að lútandi og niðurstöðu þeirra. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld fái upplýsingar og endanlegan dóm í tengslum við hugsanleg refsiviðurlög sem beitt er og senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa yfir að ráða miðlægu gagnasafni yfir viðurlög sem tilkynnt er um til hennar í þeim eina tilgangi að miðla upplýsingum milli lögbærra yfirvalda. Eingöngu lögbær yfirvöld skulu hafa aðgang að þessum gagnagrunni sem er uppfærður á grundvelli upplýsinga sem lögbær yfirvöld láta í té.

4. Aðildarríkin skulu árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heildarupplýsingar sem varða öll viðurlög og ráðstafanir sem kveðið hefur verið á um í samræmi við 1. og 2. mgr. Skylda þessi gildir ekki um ráðstafanir sem gripið er til innan ramma rannsóknar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta þessar upplýsingar í ársskýrslu sinni.

Lögbær yfirvöld aðildarríkja, sem hafa kosið að mæla fyrir um refsiviðurlög í samræmi við 70. gr. vegna brota á ákvæðunum sem um getur í þeirri grein, skulu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni árlega í té samantekin nafnlaus gögn sem varða alla rannsókn sakamálsins sem hafist er handa við og refsiviðurlögin sem kveðið er á um. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í ársskýrslu birta gögn um beitt refsiviðurlög.

5. Lögbært yfirvald skal, þegar það hefur birt upplýsingar um stjórnsýslulegar ráðstafanir, viðurlög eða refsiviðurlög opinberlega, samtímis tilkynna það Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal bæta við tilvísun í birt viðurlög í viðeigandi skrá þegar birt viðurlög á sviði refsiréttar eða stjórnsýslu varða verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaðar, veitendur gagnaskýrsluþjónustu, lánastofnanir í tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi eða viðbótarþjónustu, eða útibú fyrirtækja þriðju landa sem hafa starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um verkferli og form fyrir framlagningu upplýsinga, eins og um getur í þessari grein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdtil að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

72. gr.

Nýting eftirlitsheimilda og valdheimilda til að beita viðurlögum

1. Lögbær yfirvöld skulu nota eftirlitsheimildir, þ.m.t. rannsóknarheimildir og heimildir þegar þau grípa til úrræðanna sem um getur í 69. gr., og valdheimildir til að beita viðurlögum sem um getur í 70. gr. í samræmi við lagaramma einstakra ríkja:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) á eigin ábyrgð með því að fela þau einingum sem verkefnum hefur verið úthlutað til í samræmi við 2. mgr. 67. gr. eða

d) með því að leita til dómsyfirvalda.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstafana sem lagðar eru á, þ.m.t. og eftir því sem við á:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,

b) hversu mikil ábyrgð einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu er,

c) fjárhagslegs styrks einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð, eins og fram kemur í heildarveltu þegar um er að ræða lögaðila, eða árstekjum og hreinum eignum þegar um einstakling er að ræða,

d) hagnaðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgðina eða tapsins sem hann kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,

e) taps þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,

f) umfangs samstarfs einstaklings sem ber ábyrgð eða lögaðila við lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um að nauðsynlegt er að tryggja að viðkomandi endurgreiði hagnaðinn sem varð til eða tapið sem hann komst hjá,

g) fyrri brota einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu.

Lögbær yfir völd geta tekið tillit annarra atriða auk þeirra sem um getur í fyrstu undirgrein þegar ákvörðun er tekin um tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstafana.

73. gr.

Skýrslugjöf um brot

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á skilvirku fyrirkomulagi sem geri kleift að greina lögbærum yfirvöldum frá mögulegum eða raunverulegum brotum á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og landsákvæðum sem samþykkt eru við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Fyrirkomulagið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi atriði:

a) sérstakar reglur um móttöku skýrslna um möguleg eða raunveruleg brot og eftirfylgni með þeim, þ.m.t. um að koma á öruggum samskiptaleiðum í tengslum við slíkar skýrslur,

b) viðeigandi vernd fyrir starfsmenn fjármálastofnana sem skýra frá brotum sem framin eru innan fjármálastofnunarinnar, a.m.k. gegn hefndarráðstöfunum, mismunun eða annars konar ósanngjarnri meðferð,

c) verndun á auðkenni bæði þeirra aðila sem skýra frá brotunum og einstaklingsins, sem talið er að beri ábyrgð á broti á öllum stigum málsmeðferðarinnar, nema gerð sé krafa í landslögum um að þessar upplýsingar séu birtar í tengslum við frekari rannsókn eða stjórnsýslu- eða dómsmeðferð síðar.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða, veitendur gagnaskýrsluþjónustu, lánastofnanir sem tengjast fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu og einnig útibú fyrirtækja þriðju landa hafi yfir að ráða viðeigandi verkferlum fyrir starfsmenn sína um hvernig þeir eigi að skýra frá mögulegum eða raunverulegum brotum innanhúss um tiltekna, óháða og sjálfstæða tengingu.

74. gr.

Málskotsréttur

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að unnt sé að skjóta til dómstóla öllum ákvörðunum sem eru teknar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 eða samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun og að þær séu vel rökstuddar. Málskotsréttur skal einnig gilda þegar engin ákvörðun hefur verið tekin innan sex mánaða frá því að umsókn um starfsleyfi, sem veitir umbeðnar upplýsingar samkvæmt gildandi ákvæðum, hefur verið lögð fram.

2. Aðildarríki skulu kveða á um að einn eða fleiri eftirtalinna aðila geti, eins og ákvarðað er samkvæmt landslögum, í þágu neytenda og í samræmi við landslög, hafið málsókn fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum til að tryggja að reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og ákvæðum landslaga um framkvæmd þessarar tilskipunar verði beitt:

a) opinberar stofnanir eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmæta hagsmuni af því að vernda neytendur,

c) fagfélög sem hafa lögmæta hagsmuni af því að grípa til aðgerða til að vernda félaga sína.

75. gr.

Fyrirkomulag utan dómstóla fyrir kvartanir neytenda

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að komið verði á markvissri og skilvirkri málsmeðferð við að fjalla um kvartanir og leita lausna utan réttar í deilumálum neytenda varðandi veitingu verðbréfafyrirtækja á fjárfestingarþjónustu og viðbótarþjónustu með aðstoð þeirra aðila sem fyrir eru, eftir því sem við á. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að öll verðbréfafyrirtæki tengist einum eða fleiri slíkum aðilum sem annast meðferð slíkra kvartana og leita lausna á deilumálum utan réttar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að þessir aðilar séu í virku samstarfi við samsvarandi aðila í öðrum aðildarríkjum við lausn deilumála yfir landamæri.

3. Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um meðferð kvartana og úrlausn deilumála utan réttar eins og um getur í 1. mgr. og eru tiltæk innan lögsögu þeirra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá yfir allt fyrirkomulag utan dómstóla á vefsetri sínu.

76. gr.

Þagnarskylda

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld, allir aðilar sem starfa fyrir eða hafa starfað fyrir lögbær yfirvöld eða einingar sem hefur verið úthlutað verkefnum skv. 2. mgr. 67. gr. og einnig endurskoðendur og sérfræðingar, sem starfa samkvæmt fyrirmælum lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Þeir skulu ekki ljóstra upp trúnaðarupplýsingum sem þeir fá hugsanlega vitneskju um við skyldustörf sín nema um sé að ræða samantekt eða útdrátt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða, skipulega markaði eða aðra aðila, þó með fyrirvara um kröfur samkvæmt refsirétti, skattalögum eða önnur ákvæði þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

2. Þó má, ef slíkt er nauðsynlegt vegna málsmeðferðarinnar, skýra frá trúnaðarupplýsingum í málum sem heyra undir einkamála- eða verslunarrétt, þar sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðili markaðar eða skipulegur markaður hefur verið lýstur gjaldþrota eða verið knúinn til félagsslita, snerti þau ekki þriðju aðila.

3. Lögbærum yfirvöldum, aðilum eða einstaklingum eða lögaðilum, öðrum en lögbærum yfirvöldum sem taka við trúnaðarupplýsingum í samræmi við þessa tilskipun, er aðeins heimilt, með fyrirvara um kröfur í refsirétti eða skattalögum, að nota þær til að sinna hlutverki sínu eða skyldum, þegar um er að ræða lögbær yfirvöld, innan gildissviðs þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eða, þegar um er að ræða önnur yfirvöld, aðila eða einstaklinga eða lögaðila, í þeim tilgangi sem slíkar upplýsingar voru veittar og/eða í samhengi við stjórnsýslu- eða dómsmál sem tengjast sérstaklega þessu hlutverki. Þó er yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum, heimilt að nota þær í öðrum tilgangi þegar lögbært yfirvald eða annað yfirvald, stofnun eða einstaklingur sem miðlar upplýsingunum samþykkir það.

4. Ákvæði um þagnarskyldu, sem mælt er fyrir um í þessari grein, skulu gilda um trúnaðarupplýsingar sem fengnar eru, skipst er á eða eru sendar í samræmi við þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Grein þessi skal þó ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld skiptist á eða sendi trúnaðarupplýsingar í samræmi við þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og aðrar tilskipanir eða reglugerðir sem gilda um verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, lífeyrissjóði, verðbréfasjóði, fagfjárfestasjóði, vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, vátryggingafélög, skipulega markaði eða rekstraraðila markaða, miðlæga mótaðila, miðlægar verðbréfamiðstöðvar eða á annan hátt með samþykki lögbæra yfirvaldsins eða annars yfirvalds eða aðila, einstaklings eða lögaðila sem kom upplýsingunum til skila.

5. Grein þessi skal ekki hindra lögbær yfirvöld í því að skiptast á eða senda trúnaðarupplýsingar, sem þau hafa ekki fengið frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis, í samræmi við innlend lög.

77. gr.

Tengsl við endurskoðendur

1. Aðildarríki skulu a.m.k. kveða á um að hverjum þeim einstaklingi sem hefur viðeigandi heimild í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([1]) og annast í verðbréfafyrirtæki, á skipulegum markaði eða hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustu það verkefni sem er lýst í 34. gr. tilskipunar ráðsins 2013/34/ESB eða 73. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eða annað lögboðið verkefni, skuli skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvörðun varðandi fyrirtækið sem viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og getur:

a) falist í því að efnislega er gengið á svig við lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði sem fjalla um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða sérstaklega um starfsemi verðbréfafyrirtækja,

b) haft áhrif á áframhaldandi starfsemi verðbréfafyrirtækisins,

c) leitt til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir.

Þessum einstaklingi ber skylda til að upplýsa um málsatvik og ákvarðanir sem hann verður áskynja um í starfi sínu, eins og um getur í fyrstu undirgrein, í fyrirtæki sem hefur náin tengsl við verðbréfafyrirtækið þar sem hann vinnur framangreint verkefni.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem hafa heimild í skilningi tilskipunar 2006/43/EB til að upplýsa í góðri trú lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir skv. 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

78. gr.

Gagnavernd

Eftir atvikum skal framkvæma vinnslu persónuupplýsinga, sem safnað er vegna beitingar valdheimilda til eftirlits, þ.m.t. heimilda til rannsóknar í samræmi við þessa tilskipun, í samræmi við tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001.

II. KAFLI

Samstarf milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

79. gr.

Samstarfsskylda

1. Lögbær yfirvöld í ýmsum aðildarríkjum skulu starfa saman ef nauðsyn krefur svo þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og nýtt valdheimildir sínar hvort sem mælt er fyrir um þær í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 eða í landslögum.

Aðildarríki skulu sjá til þess, þegar þau hafa valið í samræmi við 70. gr. að mæla fyrir um refsiviðurlög vegna brota á ákvæðunum sem um getur í þeirri grein, að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að lögbær yfirvöld hafi yfir að ráða öllum nauðsynlegum valdheimildum til að tryggja samráð við dómsmálayfirvöld innan lögsögu þeirra svo að þau geti fengið tilteknar upplýsingar sem varða rannsókn og meðferð sakamála sem hafist hefur verið handa við vegna hugsanlegra brota á þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og veita lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samsvarandi upplýsingar til að fullnægja skuldbindingunni um samstarf hvert við annað og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

Lögbær yfirvöld skulu veita lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja aðstoð. Þau skulu einkum skiptast á upplýsingum og vinna saman að rannsóknar- eða eftirlitsstarfsemi.

Lögbærum yfirvöldum er einnig heimilt að eiga samstarf við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum í því skyni að auðvelda innheimtu sekta.

Aðildarríkin skulu, til að auðvelda og hraða samstarfi, einkum í upplýsingaskiptum, tilnefna eitt lögbært yfirvald sem tengilið vegna þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og hin aðildarríkin um hvaða yfirvöld hafa verið tilnefnd til að veita viðtöku beiðnum um upplýsingaskipti eða samstarf samkvæmt þessari málsgrein. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá yfir yfirvöld þessi á vefsetri sínu.

2. Lögbær yfirvöld í heima- og gistiaðildarríkinu þar sem viðskiptavettvangur er skulu koma á viðeigandi samstarfsfyrirkomulagi þegar, að teknu tilliti til aðstæðna á verðbréfamörkuðum í gistiaðildarríkinu, starfsemi viðskiptavettvangs, sem hefur gert ráðstafanir í gistiaðildarríki, er orðin verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og að því er varðar vernd fjárfesta í því heimaaðildarríki.

3. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar stjórnunar- og skipulagsráðstafanir til að greiða fyrir þeirri aðstoð sem kveðið er á um í 1. mgr.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að nota valdheimildir sínar til að taka upp samstarf jafnvel þegar atferlið, sem er til rannsóknar, felur ekki í sér brot á gildandi reglum í því aðildarríki.

4. Lögbært yfirvald skal, þegar það hefur gildar ástæður til að ætla að aðilar, sem lúta ekki eftirliti þess, hafi brotið eða brjóti gegn ákvæðum þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, tilkynna lögbæru yfirvaldi hins aðildarríkisins og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það á eins nákvæman hátt og unnt er. Lögbæra yfirvaldið sem tilkynninguna fær skal grípa til viðeigandi aðgerða. Það skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem tilkynnir þetta, og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um niðurstöður aðgerðanna og, eftir því sem unnt er, um mikilvæga þróun á meðan á þessu stendur. Þessi málsgrein er með fyrirvara um valdheimildir lögbærs yfirvalds sem sendir tilkynninguna.

5. Lögbær yfirvöld skulu, með fyrirvara um 1. og 4. mgr., tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum upplýsingar um:

a) allar beiðnir um að minnka stærð stöðu eða áhættu skv. o-lið 2. mgr. 69. gr.,

b) allar takmarkanir á möguleika aðila til að gera samninga um hrávöruafleiðu skv. p-lið 2. mgr. 69. gr.

Tilkynningin skal innihalda, þar sem við á, öll atriði beiðninnar eða kröfunnar skv. j-lið 2. mgr. 69. gr., þ.m.t. auðkenni aðilans eða aðilanna sem henni er beint að og ástæður fyrir henni, og einnig gildissvið takmarkanna, sem settar eru skv. p-lið 2. mgr. 69. gr., þ.m.t. viðkomandi aðila, gildandi fjármálagerninga, allar takmarkanir á stærð stöðu sem aðili getur haft hverju sinni, allar undanþágur sem veittar eru í samræmi við 57. gr. og ástæður fyrir þeim.

Senda skal tilkynninguna eigi síðar en 24 dögum áður en fyrrnefndar breytingar eiga að taka gildi. Við sérstakar aðstæður getur lögbært yfirvald gefið út tilkynninguna 24 klukkustundum áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi þegar ekki er unnt að veita hana með 24 klukkustunda fyrirvara.

Lögbæru yfirvaldi í aðildarríki, sem tekur við tilkynningu samkvæmt þessari grein, er heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við o- eða p-lið 2. mgr. 69. gr. þegar það er fullvisst um að ráðstöfunin sé nauðsynleg til að ná markmiði annars lögbærs yfirvalds. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna, í samræmi við þessa grein, þegar það fyrirhugar að gera ráðstafanir.

Lögbært yfirvald skal, þegar aðgerð skv. a- eða b-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar varðar heildsöluorkuafurð, einnig tilkynna hana til Samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER) sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 713/2009.

6. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar losunarheimildir, hafa samstarf við þar til bæra opinbera aðila við að hafa eftirlit með númörkuðum og uppboðsmörkuðum og lögbær yfirvöld, skrárstjórnendur og aðra opinbera aðila sem annast eftirlit með því að farið sé að tilskipun 2003/87/EB til að tryggja að þeir geti fengið heildstætt yfirlit yfir markaði með losunarheimildir.

7. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar landbúnaðarhrávöruafleiður, skila skýrslu og hafa samráð við opinbera aðila sem eru bærir til að sinna eftirliti, stjórnun og skipulagi efnislegra búvörumarkaða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

8. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við í 89. gr., þar sem sett eru viðmið um hvernig starfsemi viðskiptavettvangur í gistiaðildarríki getur talist verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og vernd fjárfesta í gistiaðildarríkinu.

9. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og verklagsreglum fyrir fyrirkomulag samvinnunnar sem um getur í 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

80. gr.

Samstarf milli lögbærra yfirvalda við eftirlitsstarfsemi, sannprófanir á staðnum og rannsóknir

1. Lögbæru yfirvaldi eins aðildarríkis er heimilt að óska eftir samstarfi við lögbært yfirvald annars aðildarríkis vegna eftirlitsstarfsemi, sannprófunar á staðnum eða rannsóknar. Lögbæru yfirvaldi skipulegs markaðar er heimilt, þegar um er að ræða verðbréfafyrirtæki sem eru fjaraðilar að skipulega markaðinum eða þátttakendur á honum, að kjósa að hafa beint samband við þau og skal í því tilviki tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu um fjaraðilann eða þátttakandann.

Lögbært yfirvald skal, þegar það tekur á móti beiðni um sannprófun á staðnum eða rannsókn, innan ramma valdheimilda sinna:

a) annast sannprófanirnar eða rannsóknirnar sjálft,

b) heimila yfirvaldinu, sem leggur fram beiðnina, að annast sannprófunina eða rannsóknina,

c) heimila endurskoðendum eða sérfræðingum að annast sannprófunina eða rannsóknina.

2. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að taka þátt í starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila í því skyni að stuðla að samleitni í eftirlitsaðferðum, þ.m.t. sannprófanir eða rannsóknir á staðnum sem tvö eða fleiri lögbær yfirvöld framkvæma í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvaða upplýsingum skuli miðla til lögbærra yfirvalda í tengslum við samstarf við eftirlit, sannprófanir á staðnum og rannsóknir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og verklagsreglum fyrir lögbær yfirvöld vegna samstarfs við eftirlit, sannprófanir á staðnum og rannsóknir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

81. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum, sem tilnefnd hafa verið sem tengiliðir að því er þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 varðar og í samræmi við 1. mgr. 79. gr. þessarar tilskipunar, skulu þegar í stað veita hvert öðru nauðsynlegar upplýsingar til að lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. 67. gr., geti sinnt skyldunum sem tilgreindar eru í samræmi við 1. mgr. 67. gr. þessarar tilskipunar og settar eru fram í ráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

Lögbærum yfirvöldum, sem skiptast á upplýsingum við önnur lögbær yfirvöld samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014, er heimilt að tilkynna, þegar samskiptin fara fram, að óheimilt sé að birta slíkar upplýsingar án skýlauss samþykkis þeirra en í því tilviki er því aðeins heimilt að skiptast á slíkum upplýsingum að það sé gert í eim tilgangi sem þau hafa veitt samþykki fyrir.

2. Lögbæru yfirvaldi, sem tilnefnt hefur verið sem tengiliður í samræmi við 1. mgr. 79. gr., er heimilt að senda upplýsingarnar, sem tekið er á móti skv. 1. mgr. þessarar greinar og 77. og 88. gr., til yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr. 67. gr. Þau skulu ekki senda þær til annarra aðila eða einstaklinga eða lögaðila án skýlauss samþykkis lögbæra yfirvalda sem birtu þær og aðeins í þeim tilgangi sem þau yfirvöld hafa veitt samþykki fyrir nema aðstæður gefi nægilegt tilefni til. Í því tilviki skal tengiliðurinn þegar í stað tilkynna það tengiliðnum sem sendi upplýsingarnar.

3. Aðeins yfirvöldunum, sem um getur í 71. gr. auk annarra aðila eða einstaklinga og lögaðila sem taka á móti trúnaðarupplýsingum skv. 1. mgr. þessarar greinar eða skv. 77. og 88. gr., er heimilt að nota þær við að sinna skyldum sínum, einkum:

a) til að fylgjast með því að skilyrði um stofnun og rekstur verðbréfafyrirtækja séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit, á samstæðugrundvelli eða ekki, með rekstri slíkrar starfsemi, einkum með tilliti til eiginfjárþarfa sem kveðið er á um í tilskipun 2013/36/ESB, aðferða fyrir stjórnun og bókhald og innri eftirlitskerfa,

b) til að hafa eftirlit með traustri virkni viðskiptavettvanga,

c) til að leggja á viðurlög,

d) þegar ákvörðun lögbærra yfirvalda er skotið til æðra stjórnsýslustigs,

e) við málarekstur fyrir dómstóli sem hafinn er skv. 74. gr.,

f) í fyrirkomulaginu utan dómstóla fyrir kvartanir fjárfesta sem kveðið er á um í 75. gr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og verklagsreglum fyrir upplýsingaskipti.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Hvorki þessi grein né 76. eða 88. gr. skal koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópska kerfisáhætturáðsins, seðlabanka Evrópu, Seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, sem gegna hlutverki yfirvalda á sviði peningamála og, þar sem við á, til annarra opinberra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðsluuppgjörskerfum, trúnaðarupplýsingar sem ætlaðar til framkvæmdar verkefnum þeirra. Á sama hátt skal ekki koma í veg fyrir að slík yfirvöld eða aðilar miðli upplýsingum til lögbærra yfirvalda sem þau kunna að þarfnast til að sinna því hlutverki sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

82. gr.

Bindandi sáttaumleitun

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að vísa til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar aðstæðum þar sem beiðni sem varðar einn af eftirfarandi þáttum hefur verið hafnað eða ekki hefur verið gripið til aðgerða innan eðlilegra tímamarka:

a) beiðni um að stunda eftirlitsstarfsemi, sannprófun á staðnum eða rannsókn, eins og kveðið er á um í 80. gr., eða

b) beiðni um að skiptast á upplýsingum, eins og kveðið er á um í 81. gr.

2. Í aðstæðunum sem um getur í 1. mgr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að aðhafast í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, með fyrirvara um möguleikana á að neita aðhafast vegna beiðni um upplýsingar sem veittar eru í 83. gr. þessarar tilskipunar og möguleika þess að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðhafist í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

83. gr.

Höfnun samstarfs

Lögbæru yfirvaldi er því aðeins heimilt að neita að verða við beiðni um samstarf við að framkvæma rannsókn, sannprófun á staðnum eða eftirlitsstarfsemi, eins og kveðið er á um í 84. gr., eða að skiptast á upplýsingum, eins og kveðið er á um 81. gr., þegar:

a) dómsmál er þegar hafið að því er varðar sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum fyrir yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis,

b) endanlegur dómur hefur þegar fallið í viðkomandi aðildarríki að því er varðar sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum.

Lögbært yfirvald skal, þegar um slíka neitun er að ræða, tilkynna lögbæru yfirvaldi sem leggur fram beiðni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni til samræmis við það og veita eins nákvæmar upplýsingar og unnt er.

84. gr.

Samráð áður en starfsleyfi er veitt

1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins áður en verðbréfafyrirtæki er veitt starfsleyfi, þegar það er, eftir því sem við á:

a) dótturfyrirtæki verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar eða lánastofnunar með starfsleyfi í öðru aðildarríki,

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki,

c) undir yfirráðum einstaklinga eða lögaðila sem einnig fer með yfirráð yfir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í aðildarríki sem annast eftirlit með lánastofnunum eða vátryggingafélögum áður en verðbréfafyrirtækjum eða rekstraraðila markaðar er veitt starfsleyfi þegar það er, eftir því sem við á:

a) dótturfyrirtæki lánastofnunar eða vátryggingafélags með starfsleyfi í Sambandinu,

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis lánastofnunar eða vátryggingafélags með starfsleyfi í Sambandinu,

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig fer með yfirráð yfir lánastofnun eða vátryggingafélags með starfsleyfi í Sambandinu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna eða aðilanna svo og á orðspori og reynslu þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna því fyrirtæki sem tekur þátt í stjórnun annarrar einingar í sömu samstæðu. Þau skulu skiptast á öllum upplýsingum um hæfi hluthafa eða aðila og um orðspor og reynslu einstaklinga sem í reynd stjórna viðskiptunum sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna starfsleyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort skilyrði fyrir starfseminni eru uppfyllt.

4. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og verklagsreglum fyrir samráð við önnur lögbær yfirvöld áður en starfsleyfi er veitt.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegu framkvæmdastöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 3. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdtil að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

85. gr.

Valdheimildir gistiaðildarríkja

1. Gistiaðildarríki skulu kveða á um að lögbært yfirvald geti krafist þess vegna vinnslu tölfræðiupplýsinga að öll verðbréfafyrirtæki með útibú á yfirráðasvæði þeirra gefi þeim reglulega skýrslu um starfsemi útibúanna.

2. Gistiaðildarríki skulu kveða á um, þegar þau inna af hendi skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun, að lögbært yfirvald geti krafist þess að útibú verðbréfafyrirtækja veiti nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að hafa eftirlit með því hvort þau fari að þeim reglum í gistiaðildarríkinu sem gilda um þau í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 8. mgr. 35. gr. Þó mega þessar kröfur ekki vera strangari en þær sem sama aðildarríki gerir til fyrirtækja, sem hafa þar staðfestu, varðandi eftirlit með því hvort þau fari að sömu reglum.

86. gr.

Varúðarráðstafanir sem gistiaðildarríki skal gera

1. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríki skal, þegar það hefur gildar og sannanlegar ástæður til að ætla að verðbréfafyrirtæki, sem starfar á yfirráðasvæði þess á grundvelli frelsis til að veita þjónustu, uppfylli ekki þær skyldur sem ákvæði, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, hafa í för með sér eða að verðbréfafyrirtæki, sem hefur útibú innan yfirráðasvæðis þess, uppfylli ekki skyldurnar sem ákvæði, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun en veita lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins ekki valdheimildir, hafa í för með sér, vísa málinu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu.

Eftirfarandi gildir ef verðbréfafyrirtækið starfar áfram með hætti sem er augljóslega skaðlegur hagsmunum fjárfesta í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins eða skipulegri starfsemi markaða, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gerir eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi:

a) lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal gera allar viðeigandi ráðstafanir sem þörf er á til að vernda fjárfesta og trausta virkni markaða, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu um þær, þar á meðal skal felast möguleikinn á að koma í veg fyrir frekari viðskipti brotlegra verðbréfafyrirtækja á yfirráðasvæðum þeirra. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tafarlaust um allar slíkar ráðstafanir og

b) lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu er heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem er heimilt að beita valdheimildunum sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki skulu, þegar þau komast að raun um að verðbréfafyrirtæki, sem hefur útibú á yfirráðasvæði þess, brýtur gegn lögum eða regluákvæðum, sem það ríki hefur samþykkt samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, sem veita lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu valdheimildir, gera kröfu um að hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki fari að settum reglum.

Hafi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umrætt verðbréfafyrirtæki fari að settum reglum. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um það hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal, haldi verðbréfafyrirtæki áfram að brjóta gegn þeim lögum eða regluákvæðum sem um getur í fyrstu undirgrein og í gildi eru í gistiaðildarríkinu, þrátt fyrir ráðstafanir sem gistiaðildarríkið gerir og eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu um það, gera allar viðeigandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda fjárfesta og eðlilega starfsemi markaða. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tafarlaust um allar slíkar ráðstafanir,

Einnig er lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem er heimilt að grípa til valdheimildanna sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríki skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs skal, þegar það hefur gildar og sannanlegar ástæður til að ætla að skipulegi markaðurinn, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulega markaðstorgið uppfylli ekki skyldurnar sem samþykkt ákvæði samkvæmt þessari tilskipun hafa í för með sér, vísa málinu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki skipulega markaðarins, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulega markaðstorgsins.

Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal, þegar framangreindur skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg heldur áfram aðgerðum sem eru greinilega skaðlegar hagsmunum fjárfesta í gistiaðildarríkinu eða skipulegri starfsemi markaða, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hefur gert eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi og eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu um þær, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta og trausta virkni markaðanna, þar á meðal skal felast möguleikinn á að koma í veg fyrir að viðkomandi skipulegir markaðir, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegir viðskiptavettvangar geri fyrirkomulag sitt aðgengilegt fjarlægum aðilum eða þátttakendum sem hafa fast aðsetur í gistiaðildarríki. Framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal tilkynnt um allar slíkar ráðstafanir án ástæðulausrar tafar,

Einnig er lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem er heimilt að grípa til valdheimildanna sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Rökstyðja skal vel allar ráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 1., 2. og 3. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmarkanir á starfsemi verðbréfafyrirtækis eða skipulegs markaðar, og tilkynna þær hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki eða skipulegum markaði.

87. gr.

Samvinna og upplýsingaskipti við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina

1. Lögbæru yfirvöldin skulu vinna með Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbær yfirvöld skulu, án ástæðulausrar tafar, veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og í samræmi við 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

III. KAFLI

Samstarf við þriðju lönd

88. gr.

Upplýsingaskipti við þriðju lönd

1. Aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum ef um upplýsingarnar ríkir þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og krafist er í 76. gr. Slík upplýsingaskipti verða að eiga sér stað við framkvæmd verkefna þessara lögbæru yfirvalda.

Flutningur persónuupplýsinga frá aðildarríki til þriðja lands skal vera í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB.

Flutningur persónuupplýsinga frá Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni til þriðja lands skal vera í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 45/2001.

Aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við yfirvöld í þriðju löndum, aðila og einstaklinga eða lögaðila sem bera ábyrgð á einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

a) eftirliti með lánastofnunum, öðrum fjármálastofnunum, vátryggingafélögum og eftirliti með fjármálamörkuðum,

b) félagsslitum og gjaldþrotaskiptum verðbréfafyrirtækja og annarri svipaðri málsmeðferð,

c) að annast, sem hluta af eftirlitshlutverki sínu, lögboðna endurskoðun reikninga verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana, lánastofnana og vátryggingafélaga eða er annast, sem hluta af hlutverki sínu, stjórn bótakerfa,

d) eftirliti með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum verðbréfafyrirtækja og annarri svipaðri málsmeðferð,

e) eftirliti með aðilum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana,

f) eftirliti með aðilum sem eru virkir á mörkuðum fyrir losunarheimildir í því skyni að tryggja heildstætt yfirlit yfir fjármálamarkaði og númarkaði,

g) eftirliti með aðilum sem eru virkir á mörkuðum fyrir landbúnaðarhrávöruafleiður í því skyni að tryggja heildstætt yfirlit yfir fjármálamarkaði og númarkaði.

Aðeins má komast að niðurstöðu um samstarfssamningana, sem um getur í þriðju undirgrein, þegar meðfylgjandi upplýsingar falla undir ábyrgðaryfirlýsingar um þagnarskyldu sem jafnast hið minnsta við þær sem krafist er samkvæmt 76. gr. Slík upplýsingaskipti skulu eiga sér stað við framkvæmd verkefna þessara lögbæru yfirvalda eða aðila eða einstaklinga eða lögaðila. Þegar samstarfssamningur varðar flutning aðildarríkjanna á persónuupplýsingum skal hann vera í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001 ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin á hlut að flutningnum.

2. Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er óheimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá þeim lögbæru yfirvöldum sem hafa sent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir. Sama ákvæði gildir um upplýsingar sem lögbær yfirvöld þriðju landa veita.

VII. HLUTI

FRAMSELDAR GERÐIR

89. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. gr. (3. mgr.), 4. gr. (annarri undirgrein 1. tölul. 2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 16. gr. (12. mgr.), 23. gr. (4. mgr.), 24. gr. (13. mgr.), 25. gr. (8. mgr.), 27. gr. (9. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 30. gr. (5. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 32. gr. (4. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 54. gr. (4. mgr.), 58. gr., (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 65. gr. (7. mgr.) og 79. gr. (8. mgr.), til óákveðins tíma frá 2. júlí 2014.

3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 2. gr. (3. mgr.), 4. gr. (annarri undirgrein 1. tölul. 2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 16. gr. (12. mgr.), 23. gr. (4. mgr.), 24. gr. (13. mgr.), 25. gr. (8. mgr.), 27. gr. (9. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 30. gr. (5. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 32. gr. (4. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 54. gr. (4. mgr.), 58. gr. (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 65. gr. (7. mgr.) og 79. gr. (8. mgr.) Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. gr. (3. mgr.), 4. gr. (annarri undirgrein 1. tölul. 2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 16. gr. (12. mgr.), 23. gr. (4. mgr.), 24. gr. (13. mgr.), 25. gr. (8. mgr.), 27. gr. (9. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 30. gr. (5. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 32. gr. (4. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 54. gr. (4. mgr.), 58. gr., (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 65. gr. (7. mgr.) og 79. gr. (8. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

LOKAÁKVÆÐI

90. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 3. mars 2019 og að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um:

a) starfsemi skipulegs markaðstorgs, þ.m.t. um sérstaka notkun hans á jöfnuðum eigin viðskiptum að teknu tilliti til reynslu lögbærra yfirvalda af eftirliti, fjölda skipulegra markaðstorga með starfsleyfi í Sambandinu og markaðshlut þeirra, og með því að skoða sérstaklega hvort gera þarf einhverjar breytingar á skilgreiningunni á skipulegum viðskiptavettvangi og hvort fjármálagerningar sem falla undir flokkinn skipulegur viðskiptavettvangur eigi áfram við,

b) hvernig fyrirkomulagið fyrir vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja virkar, að teknu tilliti til fjölda markaðstorga fjármálagerninga, sem eru skráðir sem vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja, fjölda útgefenda sem starfa á þeim og umfang viðskipta sem tekið er mið af.

   Einkum skal í skýrslunni meta hvort viðmiðunarmörkin í a-lið 3. mgr. 33. gr. séu áfram viðeigandi lágmark til að ná markmiðunum fyrir vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem sett eru fram í þessari tilskipun.

c) áhrifin af kröfunum varðandi algrímsviðskipti, þ.m.t. hátíðniviðskipti með notkun algríms,

d) reynsluna af fyrirkomulaginu sem gerir kleift að banna tilteknar vörur eða starfshætti, að teknu tilliti til þess hversu oft kerfin hafa verið virkjuð og áhrifin af því,

e) beitingu stjórnsýsluviðurlaga og refsiviðurlaga, einkum nauðsynjar þess að samræma frekar stjórnsýsluviðurlög sem sett eru vegna þess að ekki er farið að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 600/2014,

f) áhrifin af beitingu stöðutakmarkana og stöðustjórnunar á seljanleika, markaðssvik og eðlilega verðlagningu og uppgjörsskilmála á mörkuðum fyrir hrávöruafleiður,

g) þróun á verði fyrir upplýsingar frá skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum og viðurkenndum birtingarþjónustum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti,

h) áhrifin af kröfunum um að greina frá hvers konar greiðslum, þóknunum og ópeningalegum ávinningi í tengslum við það þegar viðskiptavinum er veitt fjárfestingarþjónusta eða viðbótarþjónusta í samræmi við 9. mgr. 24., þ.m.t. áhrifin á trausta virkni innri markaðarins varðandi fjárfestingaráðgjöf yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig birting á sameinuðum viðskiptaupplýsingum, sem komið var á í samræmi við V. bálk, virkar. Leggja skal fram skýrsluna sem varðar 1. mgr. 65. gr. eigi síðar en 3. september 2018. Leggja skal fram skýrsluna sem varðar 2. mgr. 65. gr. eigi síðar en 3. september 2020.

Í skýrslunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal meta hvernig birting á sameinuðum viðskiptaupplýsingum virkar með tilliti til eftirfarandi viðmiðana:

a) að hægt sé að hafa aðgang að upplýsingum tímanlega, eftir að viðskipti fara fram, á samstæðusniði þar sem fram koma öll viðskipti óháð því hvort þau fóru fram á viðskiptavettvangi eða ekki,

b) að hægt sé að hafa aðgang að vönduðum upplýsingum, öllum eða hluta þeirra, tímanlega eftir að viðskipti fara fram og á sniði sem markaðsþátttakendur eiga auðvelt með að nálgast og nota og er aðgengilegt á sanngjörnum viðskiptagrunni.

Framkvæmdastjórnin skal láta skýrslunni fylgja beiðni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um, komist Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hafi ekki veitt upplýsingar á þann hátt að fullnægt sé viðmiðum sem sett eru fram í annarri undirgrein, að hefja viðræður um málsmeðferð varðandi að tilnefna í opinberu innkaupaferli, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sér um, viðskiptaeiningu sem annast sameinaðar viðskiptaupplýsingar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hefja málsmeðferðina eftir að hafa fengið beiðni frá framkvæmdastjórninni um skilmálana sem tilgreindir eru í beiðni framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([1]).

3. Framkvæmdastjórninni skal, þegar málsmeðferðin sem greint er frá í 2. gr. er hafin, vera falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. um breytingu á 59.–65. gr. D-þáttar I. viðauka við þessa tilskipun og 19. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, með því að tilgreina ráðstafanir til að:

a) kveða á um tímalengd samnings fyrir viðskiptaeininguna sem annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum og ferli og skilyrði fyrir endurnýjun samningsins og við að koma af stað nýju opinberu innkaupaferli,

b) kveða á um að viðskiptaeiningin sem annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum geri það einnig á einkaréttargrundvelli og að engin önnur eining sé viðurkennd sem þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar í samræmi við 59. gr.,

c) veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimild til að tryggja að viðskiptaeiningin, sem annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum og valin er í opinberu innkaupaferli, fari að útboðsskilmálum,

d) sjá til þess að upplýsingarnar sem viðskiptaeiningin sem annast birtingu á sameinuðum upplýsingum lætur í té eftir að viðskipti fara fram séu vandaðar, á sniði sem þátttakendur eiga auðvelt með að hafa aðgang að og nota og á samstæðusniði sem nær yfir markaðinn í heild,

e) sjá til þess að upplýsingar, eftir að viðskipti fara fram, séu veittar á sanngjörnum viðskiptagrunni bæði á samstæðugrundvelli og grunni sem ekki myndar samstæðu og fullnægir þörfum notenda þessara upplýsinga alls staðar í Sambandinu,

f) sjá til þess að viðskiptavettvangur og viðurkennd birtingarþjónusta geri gögn sín um viðskipti aðgengileg viðskiptaeiningu, sem annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum og er tilnefnd er í opinberu innkaupaferli sem er í höndum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, á sanngjörnu verði,

g) tilgreina gildandi fyrirkomulag þar sem viðskiptaeining sem annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum og sem tilnefnd er í opinberu innkaupaferli lætur hjá líða að uppfylla útboðsskilmálana,

h) tilgreina fyrirkomulag þar sem þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, sem er með starfsleyfi skv. 59. gr., getur haldið áfram að annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum þegar valdheimildin, sem kveðið er á um í b-lið þessarar málsgreinar, er ekki notuð eða þegar engin eining er tilnefnd í opinberu innkaupaferli, þar til nýju opinberu innkaupaferli er lokið og viðskiptaeining tilnefnd til að annast birtingu á sameinuðum viðskiptaupplýsingum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2018 og að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði, taka saman skýrslu með mati á mögulegum áhrifum á orkuverð og starfsemi orkumarkaðarins og einnig hagkvæmni og ávinningi af því að draga úr áhættu mótaðila og kerfisáhættu svo og beinum kostnaði af C6 orkuafleiðusamningum, sem falla undir stöðustofnunarskylduna, sem sett er fram í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, aðferðina til mildunar áhættu sem sett er fram í 3. mgr. 11. gr. hennar, og er innifalið í útreikningi á stöðustofnun skv. 10. gr.

Telji framkvæmdastjórnin að ekki sé mögulegt eða til hagsbóta að telja þessa samninga með skal hún, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við í 89. gr. þessarar tilskipunar, til að framlengja um 42 mánuði tímabilið sem um getur í 1. mgr. 95. gr. þessarar tilskipunar, einu sinni um tvö ár og aftur einu sinni um eitt ár.

91. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/92/EB

Tilskipun 2002/92/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar málsgreinar í 3. töluliðar komi eftirfarandi:

„Að undanskildum III. kafla A í þessari tilskipun skal ekki litið á þessa starfsemi sem vátryggingamiðlun eða vátryggingaúthlutun þegar hún er á vegum vátryggingafélagsins eða starfsmanns vátryggingafélagsins sem starfar í umboði þess.“

b) Eftirfarandi töluliður bætist við:

„13) Að því er varðar III. kafla A er með hugtakinu „vátryggingatengd fjárfestingarafurð“ átt við vátryggingarafurð sem býður upp á binditíma eða endurkaupsvirði sem er að öllu leyti eða að hluta til, beint eða óbeint, háð markaðssveiflum og skal ekki ná yfir:

a) skaðatryggingavörur sem skráð eru í I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (flokkar skaðatrygginga),

b) líftryggingarsamninga þar sem samningsbundnar bætur greiðast eingöngu við andlát eða þegar um er að ræða óvinnufærni vegna áverka, sjúkdóma eða veikinda,

c) lífeyrisvörur sem samkvæmt landslögum er ætlað að gegna því meginhlutverki að tryggja fjárfesta eftirlaunatekjur og sem veita honum rétt á tilteknum bótum,

d) opinberlega viðurkennd starfstengd lífeyriskerfi, sem falla undir gildissvið tilskipunar 2003/41/EB eða tilskipunar 2009/138/EB,

e) einstaka lífeyrisvörur, þar sem gerð er krafa um fjárframlag frá atvinnurekanda samkvæmt landslögum og þar sem vinnuveitandi eða starfsmaður hefur ekkert val um lífeyrisvöru eða veitanda hennar.“

2) Eftirfarandi kafli er felldur inn:

„*III. KAFLI A*

Viðbótarkröfur um fjárfestavernd í tengslum við vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir

13. gr. a

Gildissvið

Í þessum kafla er mælt fyrir um viðbótarkröfur fyrir vátryggingamiðlun og beina sölu sem vátryggingafélög annast, með fyrirvara um undanþáguna í annarri undirgrein 3. mgr. 2. gr., þegar um er að ræða tengsl við sölu á vátryggingatengdum fjárfestingarafurðum. Vísað skal til þessarar starfsemi sem vátryggingaúthlutunar.

13. gr. b

Komið í veg fyrir hagsmunaárekstra

Vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag skal viðhalda og beita skilvirkum skipulags- og stjórnunarráðstöfunum með það fyrir augum að gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar, eins og þeir eru skilgreindir í 13. gr. c, hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þess.

13. gr. c

Hagsmunaárekstrar

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög geri allar viðeigandi ráðstafanir til að greina hagsmunaárekstra sem koma upp milli þeirra, þar á meðal stjórnenda þeirra, starfsfólks og fastra vátryggingamiðlara eða einstaklinga sem tengjast þeim beint eða óbeint með yfirráðarétti og viðskiptavina þeirra eða á milli einstakra viðskiptavina í starfsemi á sviði vátryggingaúthlutunar.

2. Þegar skipulags- eða stjórnunarráðstafanir, sem vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag hefur gert í samræmi við 13. gr. b til að takast á við hagsmunaárekstra, nægja ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið verði í veg fyrir að slíkt skaði hagsmuni viðskiptavinar skal vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag skýra viðskiptavini skilmerkilega frá almennu eðli og/eða ástæðum hagsmunaárekstra áður en það tekur að sér að starfa fyrir hans hönd.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. e, til að:

a) skilgreina aðgerðirnar sem ætla mætti, á skynsamlegan hátt, að vátryggingamiðlarar eða vátryggingafélög geri til að greina, hindra, stjórna og skýra frá hagsmunaárekstrum þegar það veitir ýmis konar starfsemi á sviði vátrygginga-úthlutunar,

b) koma á viðeigandi viðmiðum til að ákvarða hvaða tegundir hagsmunaárekstra kunni að skaða hagsmuni viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina vátryggingamiðlara eða vátryggingafélags.

13. gr. d

Almennar meginreglur og upplýsingar til viðskiptavina

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag annast starfsemi í tengslum við vátryggingaúthlutun starfi það heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku með hagsmuni viðskiptavinanna að leiðarljósi.

2. Allar upplýsingar, þ.m.t. samskipti vegna markaðssetningar, frá vátryggingamiðlara eða vátryggingafélagi til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina skulu vera sanngjörn, skýr og ekki villandi. Skýrt skal koma fram í samskiptum vegna markaðssetningar um hvað er að ræða.

3. Aðildarríkjum er heimilt að banna vátryggingamiðlurum eða vátryggingafélögum að þiggja eða taka við þóknunum, umboðslaunum eða peningalegum eða ópeningalegum ávinningi frá þriðja aðila, eða aðila sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila, í tengslum við úthlutun á vátryggingatengdum fjárfestingarafurðum.

13. gr. e

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framselda gerð með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald um óákveðinn tíma frá 2. júlí 2014 til að samþykkja framselda gerð sem um getur í 13. gr. c.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 13. gr. c. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem þar er tilgreint. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr. c, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

92. gr.

Breytingar á tilskipun 2011/61/ESB

Tilskipun 2011/61/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í r-lið 1. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„vii. Aðildarríki, sem ekki er heimaaðildarríkið þar sem stjórnandi sérhæfðs sjóðs í Evrópusambandinu lætur í té þjónustu sem um getur í 4. mgr. 6. gr.“

2) Ákvæðum 33. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Skilyrði fyrir því að starfrækja sérhæfða sjóði í Sambandinu með staðfestu í öðrum ríkjum og til að veita þjónustu í öðrum aðildarríkjum.“

b) Í stað 1. mgr. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu sjá til þess að rekstraraðili sérhæfðra sjóða í Evrópusambandinu með starfsleyfi geti beint, eða með því að stofna útibú:

a) starfrækt sérhæfða sjóði í Evrópusambandinu með staðfestu í öðru aðildarríki, að því tilskildu að rekstraraðili sérhæfðu sjóðanna hafi starfsleyfi til að starfrækja þá tegund sérhæfðra sjóða,

b) veitt þjónustu, sem um getur í 4. mgr. 6. gr. og það hefur starfsleyfi fyrir að veita í öðru aðildarríki.

2. Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal, þegar hann hefur í hyggju að annast starfsemi og veita þjónustu sem um getur í 1. mgr. í fyrsta sinn, senda eftirfarandi upplýsingar til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu um:

a) í hvaða aðildarríki hann hyggst starfrækja sérhæfða sjóði beint eða stofna útibú, og/eða veita þjónustuna sem um getur í 4. mgr. 6. gr.,

b) rekstraráætlun þar sem einkum er tilgreind sú þjónusta sem hann hyggst veita og/eða hvaða sérhæfða sjóði hann hyggst starfrækja.“

93. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. júlí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Aðildarríki skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 3. janúar 2017, að undanskildum ákvæðunum sem lögleiða 2. mgr. 65. gr. og koma til framkvæmda 3. september 2018.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríki skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum, reglugerðum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með tilskipun þessari sem tilvísanir í tilskipun þessa. Aðildarríki skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skuli sett fram.

2. Frá og með 3. júlí 2015 skulu aðildarríki beita þeim ráðstöfunum sem um getur í 92. gr.

3. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

94. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2004/39/EB, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka, er hér með felld úr gildi frá og með 3. janúar 2017, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 2004/39/EB og tilskipun 93/22/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og skal lesa þær með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka við þessa tilskipun.

Líta ber á tilvísanir í hugtök eða greinar, sem skilgreindar eru í tilskipun 2004/39/EB eða tilskipun 93/22/EBE, sem tilvísanir í sambærileg hugtök sem skilgreind eru í þessari tilskipun, eða greinar hennar.

95. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Til 3. júlí 2020:

a) skal stöðustofnunarskyldan, sem sett er fram í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, og aðferðir til mildunar útlánahættu sem settar eru fram í 3. mgr. 11.gr., ekki gilda um C6 orkuafleiðusamninga sem ófjárhagslegir mótaðilar gera og uppfylla skilyrðin í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða ófjárhagslegir mótaðilar sem fá starfsleyfi í fyrsta sinn sem verðbréfafyrirtæki frá og með 3. janúar 2017 og

b) slíkir C6 orkuafleiðusamningar skulu ekki teljast OTC-afleiðusamningar að því er varðar viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

C6 orkuafleiðusamningar, sem njóta góðs af umbreytingarfyrirkomulaginu í fyrstu undirgrein, skulu háðir öllum öðrum kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. Viðkomandi lögbært yfirvald skal veita undanþáguna sem um getur í 1. mgr. Lögbært yfirvald skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um C6 orkuafleiðusamningana, sem fengið hafa undanþágu í samræmi við 1. mgr., og skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birta á vefsetri sínu skrá yfir þessa C6 orkuafleiðusamninga.

96. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

97. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁR YFIR ÞJÓNUSTU, STARFSEMI OG FJÁRMÁLAGERNINGA

ÞÁTTUR A

Fjárfestingarþjónusta og -starfsemi

1) Móttaka og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga.

2) Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.

3) Viðskipti fyrir eigin reikning.

4) Eignastýring.

5) Fjárfestingaráðgjöf.

6) Sölutrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli.

7) Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar.

8) Starfræksla markaðstorgs fjármálagerninga.

9) Starfræksla skipulegs viðskiptavettvangs.

ÞÁTTUR B

Viðbótarþjónusta

1) Varðveisla og umsýsla fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina, þ.m.t. varsla og tengd þjónusta, s.s. stýring reiðufjár/tryggingа og að undanskilinni vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi.

2) Veiting lána til fjárfestis til að gera honum kleift að annast viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga þar sem fyrirtækið, sem veitir lánið, kemur að viðskiptunum.

3) Ráðgjöf til fyrirtækja um samsetningu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

4) Gjaldeyrisþjónusta sem tengist því að veita fjárfestingarþjónustu.

5) Fjárfestingarrannsóknir og fjárhagsgreining eða önnur form almennra ráðlegginga sem tengjast viðskiptum með fjármálagerninga.

6) Þjónusta tengd sölutryggingu.

7) Fjárfestingarþjónusta og -starfsemi, sem og viðbótarþjónusta af þeirri tegund sem fellur undir þátt A eða B í 1. viðauka sem tengjast því sem liggur að baki afleiðum í 5., 6., 7. og 10. lið þáttar C, þegar þau tengjast veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

ÞÁTTUR C

Fjármálagerningar

1) Framseljanleg verðbréf.

2) Peningamarkaðsgerningar.

3) Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4) Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtasamningar og aðrir afleiðusamningar sem varða verðbréf, gjaldmiðla, vexti eða ávöxtunarkröfur, losunarheimildir eða aðra afleidda gerninga, efnahagsvísa eða fjárhagsráðstafanir sem kunna að verðar gerðar upp efnislega eða með reiðufé.

5) Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrir afleiðusamningar sem varða hrávörur sem verður að gera upp með reiðufé eða má gera upp með reiðufé ef einn aðilanna kýs það, af annarri ástæðu en vanefndum eða öðru sem jafngildir uppsögn.

6) Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar og aðrir afleiðusamningar sem varða hrávörur og hægt er að gera upp efnislega að því tilskildu að viðskipti með þá fari fram á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða á skipulegum viðskiptavettvangi, þó ekki heildsöluorkuafurðir sem viðskipti eru höfð með á skipulegum viðskiptavettvangi og gera verður upp efnislega.

7) Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrir afleiðusamningar, sem varða hrávörur sem gera má upp efnislega og ekki er minnst á í 6. lið þessa þáttar og eru ekki til viðskiptanota, sem hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga.

8) Afleiðugerningar til yfirfærslu á útlánaáhættu.

9) Samningar um fjárhagslegan mismun.

10) Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtasamningar og aðrir afleiðusamningar sem tengjast loftslagsbreytum, farmgjöldum eða verðbólgu eða öðrum opinberum efnahagslegum hagskýrslum sem verður að gera upp í reiðufé eða gera má upp í reiðufé ef einn aðilanna kýs það, af annarri ástæðu en vanefndum eða öðru sem jafngildir uppsögn, auk annarra afleiðusamninga sem tengjast eignum, réttindum, skyldum, vísitölum og ráðstöfunum sem annars er ekki minnst á í þessum þætti, sem hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga, m.a. með hliðsjón af því hvort verslað er með þá á skipulegum markaði, skipulegum viðskiptavettvangi eða markaðstorgi fjármálagerninga.

11) Losunarheimildir sem samanstanda af hverjum þeim einingum sem viðurkennt er að séu í samræmi við kröfur tilskipunar 2003/87/EB (losunarviðskiptakerfi).

ÞÁTTUR D

Gagnaskýrsluþjónusta

1) Rekstur viðurkenndrar birtingarþjónustu.

2) Rekstur þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.

3) Rekstur viðurkennds tilkynningakerfis.

———

II. VIÐAUKI

HVERJIR TELJAST FAGFJÁRFESTAR AÐ ÞVÍ ER ÞESSA TILSKIPUN VARÐAR

Fagfjárfestir er viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Til að teljast vera fagfjárfestir verður viðskiptavinurinn að uppfylla eftirfarandi viðmið:

I. FLOKKAR VIÐSKIPTAVINA SEM TELJAST FAGAÐILAR

Eftirfarandi skulu teljast fagaðilar í allri fjárfestingarþjónustu og starfsemi og fjármálagerningum í þessari tilskipun.

1) Einingar sem þurfa starfsleyfi eða eru reglufestar til að starfa á fjármálamörkuðum. Litið skal svo á að eftirfarandi skrá taki til allra eininga sem hafa starfsleyfi og sinna hefðbundinni starfsemi nefndra eininga: einingar sem hafa starfsleyfi frá aðildarríki samkvæmt tilskipun, einingar sem aðildarríki veitir starfsleyfi eða reglufestir án vísunar til tilskipunar og einingar sem þriðju lönd veita starfsleyfi eða reglufesta:

   a) lánastofnanir,

   b) verðbréfafyrirtæki,

   c) aðrar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi eða eru reglufestar,

   d) vátryggingafélög,

   e) sameiginlegir fjárfestingarsjóðir og rekstrarfélög slíkra sjóða,

   f) lífeyrissjóðir og rekstrarfélög slíkra sjóða,

   g) seljendur hrávöru og hrávöruafleiða,

   h) staðbundnir aðilar,

   i) aðrir stofnanafjárfestar.

2) Stór fyrirtæki sem uppfylla tvær af eftirfarandi stærðarkröfum:

   — niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20 000 000 evrur

   — hreina veltu: 40 000 000 evrur

   — eigið fé: 2 000 000 evrur

3) Ríkisstjórnir og héraðsstjórnir, þ.m.t. opinberir aðilar sem stjórna opinberum skuldum á lands- eða svæðisvísu, seðlabankar, alþjóðlegar og yfirþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar svipaðar alþjóðastofnanir.

4) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa þá aðalstarfsemi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. einingar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.

Einingarnar, sem um getur hér að framan, teljast vera fagaðilar. Þeim skal hins vegar heimilt að óska eftir að ekki verði farið með þá sem fagaðila og verðbréfafyrirtæki geta samþykkt að veita meiri vernd. Verðbréfafyrirtækið verður, þegar viðskiptavinur verðbréfafyrirtækis er fyrirtæki sem getið er hér að framan, að tilkynna það áður en það veitir þjónustu á grundvelli þeirra upplýsinga sem verðbréfafyrirtækið hefur aðgang að þar sem viðskiptavinurinn er talinn fagfjárfestir og farið verður með hann sem slíkan nema verðbréfafyrirtækið og viðskiptavinurinn komist að samkomulagi um annað. Verðbréfafyrirtækið verður einnig að tilkynna viðskiptavininum að hann að geti óskað eftir breytingum á skilmálum samkomulagsins til að tryggja meiri vernd.

Viðskiptavinur, sem talinn er vera fagfjárfestir, ber ábyrgð á því að biðja um aukna vernd þegar hann telur að hann geti ekki metið eða stjórnað á réttan hátt áhættunni sem er til staðar.

Aukin vernd verður veitt þegar viðskiptavinur, sem talinn er fagaðili, gerir skriflegt samkomulag við verðbréfafyrirtækið þess efnis að ekki verði farið með hann sem fagaðila samkvæmt viðeigandi viðskiptareglum. Í slíku samkomulagi skal tilgreina hvort þetta gildir um eina tiltekna tegund þjónustu eða viðskipta eða fleiri, eða um eina eða fleiri tegundir vöru eða viðskipta.

II. VIÐSKIPTAVINIR SEM FARA SKAL MEÐ SEM FAGAÐILA SÉ ÞESS ÓSKAÐ

II.1. Viðmiðanir til auðkenningar

Viðskiptavinum, öðrum en þeim sem um getur í I. þætti, þ.m.t. opinberir aðilar, staðaryfirvöld, sveitarfélög og einstakir einkafjárfestar, kann einnig að vera heimilt að afsala sér hluta þeirrar verndar sem viðskiptareglurnar veita.

Verðbréfafyrirtækjum skal þess vegna heimilt að fara með þessa viðskiptavini sem fagaðila svo fremi að eftirfarandi viðeigandi viðmiðanir og málsmeðferð séu uppfylltar. Þó skal ekki gert ráð fyrir að viðskiptavinirnir hafi markaðsþekkingu og -reynslu sambærilega þeirri sem er að finna í flokkunum sem skráðir eru í I. þætti.

Afsal slíkrar verndar, sem veitt er samkvæmt stöðluðum viðskiptareglum, skal aðeins teljast gilt ef fullnægjandi mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinarins, sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir, tryggir, þannig að nokkuð öruggt sé í ljósi þess hvers eðlis viðskiptin eða fyrirhugaða þjónustan er, að viðskiptavinurinn geti tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst.

Hæfnisprófið, sem lagt er fyrir stjórnendur og yfirmenn eininga sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipunum á fjármálasviðinu, má telja sem dæmi um mat á sérfræðikunnáttu og þekkingu. Þegar um er að ræða smærri einingar skal einstaklingurinn, sem matið á við um, vera sá sem hefur leyfi til að annast viðskipti fyrir hönd einingarinnar.

Við framkvæmd matsins skulu að lágmarki tvær af eftirfarandi viðmiðunum uppfylltar:

— viðskiptavinurinn hafi stundað umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,

— stærð eignasafns viðskiptavinarins, skilgreint þannig að það í því séu innlán í reiðufé og fjármálagerningar, sé yfir 500 000 evrur,

— viðskiptavinurinn gegni eða hafi gegnt faglegri stöðu á fjármálasviði í a.m.k. eitt ár sem krefst þekkingar á viðskiptunum eða þjónustunni sem fyrirhuguð er.

Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja sértæk viðmið vegna mats á sérþekkingu og þekkingu sveitarfélaga og staðaryfirvalda sem fara fram á að farið sé með þau sem fagfjárfesta. Þessi viðmið geta komið í stað eða til viðbótar þeim sem skráðar eru í fimmtu málsgrein.

II.2. Verklagsreglur

Viðskiptavinirnir mega því aðeins afsala sér ávinningi af ítarlegu viðskiptareglunum að eftirfarandi verklagsreglum sé fylgt:

— þeir verða að tilkynna verðbréfafyrirtækinu skriflega að þeir óski eftir því að farið verði með þá sem fagfjárfesta, annaðhvort almennt eða að því er varðar tiltekna fjárfestingarþjónustu eða viðskipti, eða tegund viðskipta eða vöru,

— verðbréfafyrirtækið verður að gefa þeim skýra skriflega viðvörun um þá vernd og þau bótaréttindi fjárfesta sem þeir kunna að tapa,

— þeir verða að tilkynna skriflega, í sérstöku skjali sem aðskilið er frá samningnum, að þeim sé kunnugt um afleiðingar þess að tapa slíkri vernd.

Áður en verðbréfafyrirtæki ákveða að samþykkja beiðni um afsal skal þess krafist að þau geri allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að viðskiptavinur, sem óskar eftir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti, uppfylli viðeigandi kröfur sem fram koma í þætti II.1.

Ætlunin er ekki sú, ef viðskiptavinir hafa hins vegar þegar verið flokkaðir sem fagaðilar samkvæmt færibreytum og málsmeðferð sambærilegri þeirri sem um getur hér að framan, að samband þeirra við verðbréfafyrirtæki verði fyrir áhrifum af nýjum reglum sem samþykktar eru samkvæmt þessum viðauka.

Fyrirtæki verða að koma á skriflegri innanhússstefnu og málsmeðferð til að flokka viðskiptavini. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna verðbréfafyrirtækinu um allar breytingar sem gætu haft áhrif á hver flokkun þeirra er. Verðbréfafyrirtækið skal grípa til viðeigandi aðgerða verði því kunnugt um að viðskiptavinurinn uppfylli ekki lengur upphafleg skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagaðila.

———

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 94. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/31/EB (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/10/EB (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 33).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 120).

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til að taka upp í landslög

(sem um getur í 94. gr.)

Tilskipun 2004/39/EB	
Umbreytingartímabil	31. janúar 2007
Framkvæmdartímabil	1. nóvember 2007
Tilskipun 2006/31/EB	
Umbreytingartímabil	31. janúar 2007
Framkvæmdartímabil	1. nóvember 2007
Tilskipun 2007/44/EB	
Umbreytingartímabil	21. mars 2009
Tilskipun 2010/78/EB	
Umbreytingartímabil	31. desember 2011

———

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla sem um getur í 94. gr.

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.	
2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.	
a-liður 1. mgr. 2. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.	
b-liður 1. mgr. 2. gr.	b-liður 1. mgr. 2. gr.	
c-liður 1. mgr. 2. gr.	c-liður 1. mgr. 2. gr.	
d-liður 1. mgr. 2. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.	
e-liður 1. mgr. 2. gr.	f-liður 1. mgr. 2. gr.	
f-liður 1. mgr. 2. gr.	g-liður 1. mgr. 2. gr.	
g-liður 1. mgr. 2. gr.	h-liður 1. mgr. 2. gr.	
h-liður 1. mgr. 2. gr.	i-liður 1. mgr. 2. gr.	
i-liður 1. mgr. 2. gr.	j-liður 1. mgr. 2. gr.	
j-liður 1. mgr. 2. gr.	k-liður 1. mgr. 2. gr.	
k-liður 1. mgr. 2. gr.	i-liður 1. mgr. 2. gr.	
l-liður 1. mgr. 2. gr.	—	
m-liður 1. mgr. 2. gr.	l-liður 1. mgr. 2. gr.	
n-liður 2. mgr. 1. gr.	m-liður 1. mgr. 2. gr.	
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.	
3. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.	
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.	
2. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.	
1. liður 1. mgr. 4. gr.	1. liður 1. mgr. 4. gr.	
2. liður 1. mgr. 4. gr.	2. liður 1. mgr. 4. gr.	
3. liður 1. mgr. 4. gr.	3. liður 1. mgr. 4. gr.	
4. liður 1. mgr. 4. gr.	4. liður 1. mgr. 4. gr.	
5. liður 1. mgr. 4. gr.	5. liður 1. mgr. 4. gr.	
6. liður 1. mgr. 4. gr.	6. liður 1. mgr. 4. gr.	
7. liður 1. mgr. 4. gr.	20. liður 1. mgr. 4. gr.	
8. liður 1. mgr. 4. gr.	7. liður 1. mgr. 4. gr.	
9. liður 1. mgr. 4. gr.	8. liður 1. mgr. 4. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
10. liður 1. mgr. 4. gr.	9. liður 1. mgr. 4. gr.	
11. liður 1. mgr. 4. gr.	10. liður 1. mgr. 4. gr.	
12. liður 1. mgr. 4. gr.	11. liður 1. mgr. 4. gr.	
13. liður 1. mgr. 4. gr.	18. liður 1. mgr. 4. gr.	
14. liður 1. mgr. 4. gr.	21. liður 1. mgr. 4. gr.	
15. liður 1. mgr. 4. gr.	22. liður 1. mgr. 4. gr.	
16. liður 1. mgr. 4. gr.	14. liður 1. mgr. 4. gr.	
17. liður 1. mgr. 4. gr.	15. liður 1. mgr. 4. gr.	
18. liður 1. mgr. 4. gr.	44. liður 1. mgr. 4. gr.	
19. liður 1. mgr. 4. gr.	17. liður 1. mgr. 4. gr.	
20. liður 1. mgr. 4. gr.	55. liður 1. mgr. 4. gr.	
21. liður 1. mgr. 4. gr.	56. liður 1. mgr. 4. gr.	
22. liður 1. mgr. 4. gr.	26. liður 1. mgr. 4. gr.	
23. liður 1. mgr. 4. gr.	27. liður 1. mgr. 4. gr.	
24. liður 1. mgr. 4. gr.	28. liður 1. mgr. 4. gr.	
25. liður 1. mgr. 4. gr.	29. liður 1. mgr. 4. gr.	
26. liður 1. mgr. 4. gr.	30. liður 1. mgr. 4. gr.	
27. liður 1. mgr. 4. gr.	31. liður 1. mgr. 4. gr.	
28. liður 1. mgr. 4. gr.	32. liður 1. mgr. 4. gr.	
29. liður 1. mgr. 4. gr.	33. liður 1. mgr. 4. gr.	
30. liður 1. mgr. 4. gr.	b-liður 35. liðar 1. mgr. 4. gr.	
31. liður 1. mgr. 4. gr.	35. liður 1. mgr. 4. gr.	
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 4. gr.	
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.	
2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.	
3. mgr. 5. gr.	3. mgr. 5. gr.	
4. mgr. 5. gr.	4. mgr. 5. gr.	
5. mgr. 5. gr.	—	
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 6. gr.	
2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 6. gr.	
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 6. gr.	
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 7. gr.	
3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.	
4. mgr. 7. gr.	4. og 5. mgr. 7. gr.	
a-liður 8. gr.	a-liður 8. gr.	
b-liður 8. gr.	b-liður 8. gr.	
c-liður 8. gr.	c-liður 8. gr.	
d-liður 8. gr.	d-liður 8. gr.	
e-liður 8. gr.	e-liður 8. gr.	
1. mgr. 9. gr.	1. og 3. mgr. 9. gr.	
2. mgr. 9. gr.	5. mgr. 9. gr.	
3. mgr. 9. gr.	4. mgr. 9. gr.	
4. mgr. 9. gr.	6. mgr. 9. gr.	
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 10. gr.	
2. mgr. 10. gr.	2. mgr. 10. gr.	
3. mgr. 10. gr.	1. mgr. 11. gr.	
4. mgr. 10. gr.	2. mgr. 11. gr.	
5. mgr. 10. gr.	3. mgr. 11. gr.	
6. mgr. 10. gr.	3. mgr. 10 gr., 4. mgr. 11. gr.	
1. mgr. 10. gr. a	1. mgr. 12. gr.	
2. mgr. 10. gr. a	2. mgr. 12. gr.	
3. mgr. 10. gr. a	3. mgr. 12. gr.	
4. mgr. 10. gr. a	4. mgr. 12. gr.	
5. mgr. 10. gr. a	5. mgr. 12. gr.	
6. mgr. 10. gr. a	6. mgr. 12. gr.	
7. mgr. 10. gr. a	7. mgr. 12. gr.	
8. mgr. 10. gr. a	8. og 9. mgr. 12. gr.	
1. mgr. 10. gr. b	1. mgr. 13. gr.	
2. mgr. 10. gr. b	2. mgr. 13. gr.	
3. mgr. 10. gr. b	3. mgr. 13. gr.	
4. mgr. 10. gr. b	4. mgr. 13. gr.	
5. mgr. 10. gr. b	5. mgr. 13. gr.	
11. gr.	14. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
12. gr.	15. gr.	
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 16. gr.	
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 16. gr.	
3. mgr. 13. gr.	3. mgr. 16. gr.	
4. mgr. 13. gr.	4. mgr. 16. gr.	
5. mgr. 13. gr.	5. mgr. 16. gr.	
6. mgr. 13. gr.	6. mgr. 16. gr.	
7. mgr. 13. gr.	8. mgr. 16. gr.	
8. mgr. 13. gr.	9. mgr. 16. gr.	
9. mgr. 13. gr.	11. mgr. 16. gr.	
10. mgr. 13. gr.	12. mgr. 16. gr.	
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 19. gr.	
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 18. gr.	
3. mgr. 14. gr.	4. mgr. 19. gr.	
4. mgr. 14. gr.	3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr.	
5. mgr. 14. gr.	6. mgr. 18. gr., 3. mgr. 19. gr.	
6. mgr. 14. gr.	8. mgr. 18. gr.	
7. mgr. 14. gr.	9. mgr. 18. gr.	
15. gr.	—	
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 21. gr.	
2. mgr. 16. gr.	2. mgr. 21. gr.	
3. mgr. 16. gr.	—	
1. mgr. 17. gr.	22. gr.	
2. mgr. 17. gr.	—	
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 23. gr.	
2. mgr. 18. gr.	2. mgr. 23. gr.	
3. mgr. 18. gr.	4. mgr. 23. gr.	
1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 24. gr.	
2. mgr. 19. gr.	3. mgr. 24. gr.	
3. mgr. 19. gr.	4. mgr. 24. gr.	
4. mgr. 19. gr.	2. mgr. 25. gr.	
5. mgr. 19. gr.	3. mgr. 25. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
6. mgr. 19. gr.	4. mgr. 25. gr.	
7. mgr. 19. gr.	5. mgr. 25. gr.	
8. mgr. 19. gr.	6. mgr. 25. gr.	
9. mgr. 19. gr.	6. mgr. 24. gr., 7. mgr. 25. gr.	
10. mgr. 19. gr.	24. gr. (13. mgr.)., 24. gr. (14. mgr.), 25. gr. (8. mgr.)	
20. gr.	26. gr.	
1. mgr. 21. gr.	1. mgr. 27. gr.	
2. mgr. 21. gr.	4. mgr. 27. gr.	
3. mgr. 21. gr.	5. mgr. 27. gr.	
4. mgr. 21. gr.	7. mgr. 27. gr.	
5. mgr. 21. gr.	8. mgr. 27. gr.	
6. mgr. 21. gr.	9. mgr. 27. gr.	
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 28. gr.	
2. mgr. 22. gr.	2. mgr. 28. gr.	
3. mgr. 22. gr.	3. mgr. 28. gr.	
1. mgr. 23. gr.	1. mgr. 29. gr.	
2. mgr. 23. gr.	2. mgr. 29. gr.	
3. mgr. 23. gr.	3. mgr. 29. gr.	
4. mgr. 23. gr.	4. mgr. 29. gr.	
5. mgr. 23. gr.	5. mgr. 29. gr.	
6. mgr. 23. gr.	6. mgr. 29. gr.	
1. mgr. 24. gr.	1. mgr. 30. gr.	
2. mgr. 24. gr.	2. mgr. 30. gr.	
3. mgr. 24. gr.	3. mgr. 30. gr.	
4. mgr. 24. gr.	4. mgr. 30. gr.	
5. mgr. 24. gr.	5. mgr. 30. gr.	
1. mgr. 25. gr.		24. gr.
2. mgr. 25. gr.		1. mgr. 25. gr.
3. mgr. 25. gr.		1. og 2. mgr. 26. gr.
4. mgr. 25. gr.		3. mgr. 26. gr.
5. mgr. 25. gr.		7. mgr. 26. gr.
6. mgr. 25. gr.		8. mgr. 26. gr.

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
7. mgr. 25. gr.		9. mgr. 26. gr.
1. mgr. 26. gr.	1. mgr. 31. gr.	
2. mgr. 26. gr.	2. og 3. mgr. 31. gr.	
1. mgr. 27. gr.		1.–5. mgr. 14. gr.
2. mgr. 27. gr.		6. mgr. 14. gr.
3. mgr. 27. gr.		1.–4. mgr. 15. gr.
4. mgr. 27. gr.		16. gr.
5. mgr. 27. gr.		1. mgr. 17. gr.
6. mgr. 27. gr.		2. mgr. 17. gr.
7. mgr. 27. gr.		3. mgr. 17. gr.
1. mgr. 28. gr.		1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 28. gr.		2. mgr. 20. gr.
3. mgr. 28. gr.		3. mgr. 20. gr.
1. mgr. 29. gr.		1., 2. og 3. mgr. 3. gr.
2. mgr. 29. gr.		1., 2. og 3. mgr. 4. gr.
3. mgr. 29. gr.		6. mgr. 4. gr.
1. mgr. 30. gr.		1. og 2. mgr. 6. gr.
2. mgr. 30. gr.		1. mgr. 7. gr.
3. mgr. 30. gr.		2. mgr. 7. gr.
1. mgr. 31. gr.	1. mgr. 34. gr.	
2. mgr. 31. gr.	2. mgr. 34. gr.	
3. mgr. 31. gr.	3. mgr. 34. gr.	
4. mgr. 31. gr.	4. mgr. 34. gr.	
5. mgr. 31. gr.	6. mgr. 34. gr.	
6. mgr. 31. gr.	7. mgr. 34. gr.	
7. mgr. 31. gr.	8. og 9. mgr. 34. gr.	
1. mgr. 32. gr.	1. mgr. 35. gr.	
2. mgr. 32. gr.	2. mgr. 35. gr.	
3. mgr. 32. gr.	3. mgr. 35. gr.	
4. mgr. 32. gr.	4. mgr. 35. gr.	
5. mgr. 32. gr.	5. mgr. 35. gr.	
6. mgr. 32. gr.	6. mgr. 35. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
7. mgr. 32. gr.	8. mgr. 35. gr.	
8. mgr. 32. gr.	9. mgr. 35. gr.	
9. mgr. 32. gr.	10. mgr. 35. gr.	
10. mgr. 32. gr.	11. og 12. mgr. 35. gr.	
1. mgr. 33. gr.	1. mgr. 36. gr.	
2. mgr. 33. gr.	2. mgr. 36. gr.	
1. mgr. 34. gr.	1. mgr. 37. gr.	
2. mgr. 34. gr.	2. mgr. 37. gr.	
3. mgr. 34. gr.	—	
1. mgr. 35. gr.	1. mgr. 38. gr.	
2. mgr. 35. gr.	2. mgr. 38. gr.	
1. mgr. 36. gr.	1. mgr. 44. gr.	
2. mgr. 36. gr.	2. mgr. 44. gr.	
3. mgr. 36. gr.	3. mgr. 44. gr.	
4. mgr. 36. gr.	4. mgr. 44. gr.	
5. mgr. 36. gr.	5. mgr. 44. gr.	
6. mgr. 36. gr.	6. mgr. 44. gr.	
1. mgr. 37. gr.	1. og 8. mgr. 45. gr.	
2. mgr. 37. gr.	Önnur undirgrein 7. mgr. 45. gr.	
1. mgr. 38. gr.	1. mgr. 46. gr.	
2. mgr. 38. gr.	2. mgr. 46. gr.	
3. mgr. 38. gr.	3. mgr. 46. gr.	
39. gr.	1. mgr. 47. gr.	
1. mgr. 40. gr.	1. mgr. 51. gr.	
2. mgr. 40. gr.	2. mgr. 51. gr.	
3. mgr. 40. gr.	3. mgr. 51. gr.	
4. mgr. 40. gr.	4. mgr. 51. gr.	
5. mgr. 40. gr.	5. mgr. 51. gr.	
6. mgr. 40. gr.	6. mgr. 51. gr.	
1. mgr. 41. gr.	1. mgr. 52. gr.	
2. mgr. 41. gr.	2. mgr. 52. gr.	
1. mgr. 42. gr.	1. mgr. 53. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
2. mgr. 42. gr.	2. mgr. 53. gr.	
3. mgr. 42. gr.	3. mgr. 53. gr.	
4. mgr. 42. gr.	4. mgr. 53. gr.	
5. mgr. 42. gr.	5. mgr. 53. gr.	
6. mgr. 42. gr.	6. mgr. 53. gr.	
7. mgr. 42. gr.	7. mgr. 53. gr.	
1. mgr. 43. gr.	1. mgr. 54. gr.	
2. mgr. 43. gr.	2. og 3. mgr. 54. gr.	
1. mgr. 44. gr.		1., 2. og 3. mgr. 3. gr.
2. mgr. 44. gr.		1., 2. og 3. mgr. 4. gr.
3. mgr. 44. gr.		6. mgr. 4. gr.
1. mgr. 45. gr.		1. og 2. mgr. 6. gr.
2. mgr. 45. gr.		1. mgr. 7. gr.
3. mgr. 45. gr.		2. mgr. 7. gr.
1. mgr. 46. gr.	1. mgr. 55. gr.	
2. mgr. 46. gr.	2. mgr. 55. gr.	
47. gr.	56. gr.	
1. mgr. 48. gr.	1. mgr. 67. gr.	
2. mgr. 48. gr.	2. mgr. 67. gr.	
3. mgr. 48. gr.	3. mgr. 67. gr.	
49. gr.	68. gr.	
1. mgr. 50. gr.	1. mgr. 69 gr., 1. mgr. 72. gr.	
2. mgr. 50. gr.	2. mgr. 69. gr.	
1. mgr. 51. gr.	1. og 2. mgr. 70. gr.	
2. mgr. 51. gr.	5. mgr. 70. gr.	
3. mgr. 51. gr.	1. mgr. 71. gr.	
4. mgr. 51. gr.	4. mgr. 71. gr.	
5. mgr. 51. gr.	5. mgr. 71. gr.	
6. mgr. 51. gr.	6. mgr. 71. gr.	
1. mgr. 52. gr.	1. mgr. 74. gr.	
2. mgr. 52. gr.	2. mgr. 74. gr.	
1. mgr. 53. gr.	1. mgr. 75. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
2. mgr. 53. gr.	2. mgr. 75. gr.	
3. mgr. 53. gr.	3. mgr. 75. gr.	
1. mgr. 54. gr.	1. mgr. 76. gr.	
2. mgr. 54. gr.	2. mgr. 76. gr.	
3. mgr. 54. gr.	3. mgr. 76. gr.	
4. mgr. 54. gr.	4. mgr. 76. gr.	
5. mgr. 54. gr.	5. mgr. 76. gr.	
1. mgr. 55. gr.	1. mgr. 77. gr.	
2. mgr. 55. gr.	2. mgr. 77. gr.	
1. mgr. 56. gr.	1. mgr. 79. gr.	
2. mgr. 56. gr.	2. mgr. 79. gr.	
3. mgr. 56. gr.	3. mgr. 79. gr.	
4. mgr. 56. gr.	4. mgr. 79. gr.	
5. mgr. 56. gr.	8. mgr. 79. gr.	
6. mgr. 56. gr.	9. mgr. 79. gr.	
1. mgr. 57. gr.	1. mgr. 80. gr.	
2. mgr. 57. gr.	2. mgr. 80. gr.	
3. mgr. 57. gr.	3. og 4. mgr. 80. gr.	
1. mgr. 58. gr.	1. mgr. 81. gr.	
2. mgr. 58. gr.	2. mgr. 81. gr.	
3. mgr. 58. gr.	3. mgr. 81. gr.	
4. mgr. 58. gr.	4. mgr. 81. gr.	
5. mgr. 58. gr.	5. mgr. 81. gr.	
58. gr. a	82. gr.	
59. gr.	83. gr.	
1. mgr. 60. gr.	1. mgr. 84. gr.	
2. mgr. 60. gr.	2. mgr. 84. gr.	
3. mgr. 60. gr.	3. mgr. 84. gr.	
4. mgr. 60. gr.	4. mgr. 84. gr.	
1. mgr. 61. gr.	1. mgr. 85. gr.	
2. mgr. 61. gr.	2. mgr. 85. gr.	
1. mgr. 62. gr.	1. mgr. 86. gr.	

Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2014/65/ESB	Reglugerð (ESB) nr. 600/2014
2. mgr. 62. gr.	2. mgr. 86. gr.	
3. mgr. 62. gr.	3. mgr. 86. gr.	
4. mgr. 62. gr.	4. mgr. 86. gr.	
1. mgr. 62. gr. a	1. mgr. 87. gr.	
2. mgr. 62. gr. a	2. mgr. 87. gr.	
1. mgr. 63. gr.	1. mgr. 88. gr.	
2. mgr. 63. gr.	2. mgr. 88. gr.	
64. gr.	—	—
64. gr. a	—	—
65. gr.	—	—
66. gr.	—	—
67. gr.	—	—
68. gr.	—	—
69. gr.	—	—
70. gr.	—	—
71. gr.	—	—
72. gr.	—	—
73. gr.	—	—
I. viðauki	I. viðauki	
II. viðauki	II. viðauki	

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/565 **2020/EES/20/04**

frá 25. apríl 2016

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ([1]), einkum 2. gr. (3. mgr.), 4. gr. (annarri undirgrein 2. töluliðar 1. mgr.), og 4. gr. (2. mgr.), 16. gr. (12. mgr.), 23. gr. (4. mgr.), 24. gr. (13. mgr.), 25. gr. (8. mgr.), 27. gr. (9. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 30. gr. (5. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 32. gr. (4. mgr.), 33. gr. (8. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 54. gr. (4. mgr.), 58. gr. (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 65. gr. (7. mgr.) og 79. gr. (8. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2014/65/ESB kemur á regluramma um fjármálamarkaði í Sambandinu sem gildir um rekstrarskilyrði fyrir stundun verðbréfafyrirtækja á fjárfestingarþjónustu og, þar sem við á, viðbótarþjónustu og fjárfestingastarfsemi, skipulagskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki sem stunda slíka þjónustu og starfsemi, og jafnframt um skipulega markaði og veitendur gagnaskýrsluþjónustu, skýrslugjafarkröfur að því er varðar viðskipti með fjármálagerninga, stöðuhámörk og stöðustjórnunareftirlit með hrávöruafleiðum og gagnsæiskröfur að því er varðar viðskipti með fjármálagerninga.

2) Með tilskipun 2014/65/ESB er framkvæmdastjórninni veitt heimild til að samþykkja fjölmargar framseldar gerðir. Mikilvægt er að allar ítarlegar viðbótarreglur um starfsleyfið, áframhaldandi rekstur, gagnsæi og heilleika markaðar, sem eru óaðskiljanlegir þættir sem tengjast stofnun og rekstri þeirrar þjónustu og starfsemi sem fellur undir tilskipun 2014/65/ESB, taki gildi á sama tíma og tilskipun 2014/65/ESB til að hægt sé að beita nýju kröfunum á skilvirkan hátt. Til að tryggja samfellu og auðvelda aðilum sem bundnir eru þessum skyldum sem og fjárfestum að fá heildaryfirlit og greiðan aðgang að ákvæðunum á sama stað er æskilegt að taka með í þessa reglugerð framseldu gerðirnar sem tengjast framangreindum reglum.

3) Nauðsynlegt er að tilgreina nánar viðmiðin til að ákvarða við hvaða aðstæður verði að gera samninga í tengslum við heildsöluorkuafurðir upp efnislega í þeim tilgangi að takmarka gildissviðið sem sett er fram í 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB. Til að tryggja að gildissvið þessarar undanþágu takmarkist við að koma í veg fyrir glufur er nauðsynlegt að í slíkum samningum sé krafa um að bæði kaupandi og seljandi komi á viðeigandi fyrirkomulagi til að senda eða taka við afhendingu á undirliggjandi hrávöru þegar samningurinn rennur út. Til að koma í veg fyrir glufur þegar um jöfnunarsamninga við flutningskerfisstjórann á sviði raforku og gass er að ræða ætti eingöngu að telja

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

slíka jöfnunarsamninga vera hæfilegar ráðstafanir ef aðilarnir að fyrirkomulaginu eru skyldugir til þess að afhenda rafmagn eða gas efnislega. Samningarnir ættu einnig að kveða á um skýlausar skyldur um efnislega afhendingu sem ekki er hægt að jafna og jafnframt viðurkenna að mismunandi form rekstrarlegrar skuldajöfnunar, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011([1]) eða landslögum, ættu ekki að teljast jöfnun. Samningar sem gera verður upp efnislega ættu að heimila afhendingu með ýmsum aðferðum þótt allar aðferðirnar ættu að taka til framsals eignarhaldslegs réttar á viðkomandi undirliggjandi hrávöru eða viðkomandi magni hennar.

4) Til að skýra hvenær gera verður samning í tengslum við heildsöluorkuafurð upp efnislega er nauðsynlegt að tilgreina nánar hvenær tilteknar aðstæður, s.s. óviðráðanleg atvik eða vangeta í góðri trú til uppgjörs, eru fyrir hendi, sem ættu ekki að breyta lýsingu á eiginleikum þessara samninga þannig að þá „verði að gera upp efnislega“. Einnig er mikilvægt að skýra hvernig túlka beri orkuafleiður fyrir olíu og kol að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB. Í þessu samhengi ætti ekki að túlka samninga sem tengjast olíuleirsteini sem orkuafleiður fyrir kol.

5) Eingöngu ætti að líta á afleiðusamning sem fjármálagerning skv. 7. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB ef hann tengist hrávöru og uppfylli nokkur viðmið sem notuð eru til að ákvarða hvort samningur ætti að teljast hafa sömu eiginleika og aðrir afleiddir fjármálagerningar og hafi ekki viðskiptalegan tilgang. Þetta ætti að taka til samninga sem eru staðlaðir og viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum eða samninga sem jafngilda þeim, þar sem allir skilmálar slíkra samninga eru jafngildir þeim samningum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum. Í þessu tilviki ættu skilmálar þessara samninga einnig að teljast innihalda ákvæði svo sem um gæði hrávörunnar eða afhendingarstað.

6) Til að varpa ljósi á skilgreiningarnar í samningum sem varða undirliggjandi breytur sem settar eru fram í 10. tölulið C-þáttar tilskipunar 2014/65/ESB ætti að setja viðmið sem varða skilmála og undirliggjandi breytur í þessum samningum. Það að fella tryggingafræðilegar tölfræðiupplýsingar inn í listann yfir undirliggjandi breytur ætti ekki að túlkast sem útvíkkun á gildissviði þessara samninga þannig að þeir nái til vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi.

7) Með tilskipun 2014/65/ESB er komið á almennum regluramma fyrir fjármálamarkaði í Sambandinu og í C-þætti I. viðauka er að finna lista yfir fjármálagerninga sem hann nær yfir. Í 4. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB eru teknir með fjármálagerningar sem tengjast gjaldmiðli og falla því undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

8) Til að tryggja samræmda beitingu á tilskipun 2014/65/ESB er nauðsynlegt að útlista nánar skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 4. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB vegna annarra afleiðusamninga sem tengjast gjaldmiðlum og útskýra að stundarsamningar sem tengjast gjaldmiðlum eru ekki aðrir afleiðusamningar að því er varðar 4. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

9) Uppgjörstímabilið fyrir stundarsamning er almennt viðurkennt í flestum megingjaldmiðlum að eigi sér stað innan tveggja daga eða skemur, en þar sem þetta er ekki markaðsvenja er nauðsynlegt að fastsetja ákvæði sem heimilar að uppgjör fari fram í samræmi við eðlilegar markaðsvenjur. Í slíkum tilvikum útheimtir efnislegt uppgjör ekki notkun seðla og getur það verið á rafrænu formi.

10) Einnig er hægt að nota gjaldeyrissamninga í þeim tilgangi að framkvæma greiðslu og ekki ætti að telja þessa samninga til fjármálagerninga, svo fremi að viðskipti með þá fari ekki fram á viðskiptavettvangi. Þess vegna þykir rétt að telja til stundarsamninga þá gjaldeyrissamninga sem notaðir eru til að inna af hendi greiðslu fyrir fjármálagerninga þegar uppgjörstímabilið fyrir þessa samninga er lengra en tveir viðskiptadagar og styttra en fimm viðskiptadagar. Einnig þykir rétt að telja til greiðslumiðla þá gjaldeyrissamninga sem gerðir eru í þeim tilgangi að fá vissu um umfang greiðslna fyrir vörur, þjónustu og raunverulega fjárfestingu. Þetta leiðir til þess að undanskildir eru frá skilgreiningunni á fjármálagerningum þeir gjaldeyrissamningar sem gerðir eru af fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, er taka á móti greiðslum í erlendum gjaldeyri fyrir útflutning á auðgreinanlegum vörum og þjónustu og af fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, er framkvæma greiðslur í erlendum gjaldeyri vegna innflutnings á tilteknum vörum og þjónustu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1).

11) Greiðslujöfnun er mikilvæg fyrir skilvirkan og árangursríkan rekstur gjaldmiðlauppgjörskerfa og þess vegna ætti flokkunin á erlendum gjaldmiðlasamningi sem um stundarviðskipti væri að ræða ekki að kalla á það að hver og einn stundarsamningur í erlendum gjaldmiðli sé gerður upp út af fyrir sig.

12) Framvirkir samningar sem ekki er hægt að afhenda eru samningar sem varða mismuninn á gengi sem samþykkt er fyrirfram og raunverulegu stundargengi á lokadegi og ættu þeir þess vegna ekki að teljast vera stundarsamningar, óháð uppgjörstímabili þeirra.

13) Samningur fyrir skipti á einum gjaldmiðli á móti öðrum gjaldmiðli ætti að teljast vera bein og skilyrðislaus skipti á þessum gjaldmiðlum. Ef um er að ræða samning sem gerir ráð fyrir að mörgum gjaldmiðlum sé skipt ætti að taka hver gjaldmiðlaskipti til athugunar sérstaklega. Ekki ætti þó að telja valrétt eða skipti á gjaldmiðli sem samning um sölu eða skipti á gjaldmiðli og getur það því ekki talist vera stundarsamningur eða greiðslumiðill, óháð líftíma skiptanna eða valréttarins og óháð því hvort viðskipti eru með hann á viðskiptavettvangi eða ekki.

14) Ráðgjöf um fjármálagerninga sem veitt er almenningi ætti ekki að teljast persónuleg ráðlegging samkvæmt skilgreiningunni á „fjárfestingarráðgjöf“ í tilskipun 2014/65/ESB. Í ljósi vaxandi fjölda millilliða sem veita persónulegar ráðleggingar gegnum dreifileiðir ætti að útskýra að ráðlegging, sem jafnvel er ætluð fáum útvöldum, og birt er á dreifileiðum á borð við Netið, getur talist vera persónuleg ráðlegging. Í aðstæðum þar sem t.d. tölvupóstsamskipti eru notuð til að veita tilteknum aðila persónulegar ráðleggingar, fremur en að beina upplýsingum til almennings, getur því talist jafngilda fjárfestingarráðgjöf.

15) Almenn ráðgjöf um tiltekna tegund fjármálagernings telst ekki vera fjárfestingarráðgjöf að því er varðar tilskipun 2014/65/ESB. Aftur á móti ef verðbréfafyrirtæki veitir viðskiptavini almenna ráðgjöf um tiltekna tegund fjármálagernings sem það setur fram þannig að hún hæfi honum, eða byggir á mati á aðstæðunum hjá þeim viðskiptavini, og sú ráðgjöf hæfi í reynd ekki viðskiptavininum, eða grundvallast ekki á mati á aðstæðum hans, er sennilegt að fyrirtækið brjóti í bága við 1. eða 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Einkum er líklegt að fyrirtæki sem veitir viðskiptavini slíka ráðgjöf brjóti í bága við kröfuna í 1. mgr. 24. gr. um að það starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Á sama hátt er líklegt að slík ráðgjöf brjóti í bága við kröfuna í 3. mgr. 24. gr. um að upplýsingar frá fyrirtæki til viðskiptavinar ættu að vera sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.

16) Telja ætti aðgerðir af hálfu verðbréfafyrirtækis sem eru til undirbúnings því að veita fjárfestingarþjónustu eða annast fjárfestingastarfsemi, sem óaðskiljanlegan hluta þeirrar þjónustu eða starfsemi. Þetta nær t.d. yfir veitingu almennrar ráðgjafar verðbréfafyrirtækis til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina áður en eða samhliða veitingu fjárfestingaráðgjafar eða annarrar fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi.

17) Veiting almennra ráðlegginga um viðskipti með fjármálagerning eða tiltekna tegund fjármálagernings, felur í sér veitingu viðbótarþjónustu í samræmi við 5. tölulið B-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og þar af leiðandi gilda ákvæði tilskipunar 2014/65/ESB og verndarákvæði hennar um veitingu þeirrar ráðleggingar.

18) Til að tryggja hlutlæga og skilvirka beitingu á skilgreiningunni á innmiðlurum í Sambandinu í samræmi við 20. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, ætti að skilgreina nánar gildandi fyrirframsett mörk að því er varðar hvað teljist vera tíð, kerfisbundin og veruleg viðskipti utan viðskiptavettvangs. Fyrirframskilgreind mörk verður að fastsetja við viðeigandi stig til að tryggja að viðskipti utan viðskiptavettvangs af þeirri stærð að þau hefðu veruleg áhrif á verðmyndun séu innan þeirra, en jafnframt undanskilja viðskipti utan viðskiptavettvangs sem eru í það litlu magni að óhóflegt væri að krefjast hlítingar við kröfurnar sem gilda um innmiðlara.

19) Samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB ætti innmiðlara ekki að vera heimilt að leiða saman kaup- og söluhagsmuni þriðja aðila á sama hátt og viðskiptavettvangur. Innmiðlari ætti ekki að hafa yfir að ráða innra jöfnunarkerfi sem framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina á marghliða grundvelli, starfsemi sem þarf starfsleyfi fyrir sem markaðstorg fjármálagerninga

(MTF). Innra jöfnunarkerfi í þessu samhengi er kerfi til að leiða saman fyrirmæli viðskiptavina þannig að verðbréfafyrirtækið tekur að sér jöfnun eigin viðskipta reglubundið en ekki aðeins stöku sinnum.

20) Með tilliti til skýrleika og réttarvissu og til að tryggja samræmda beitingu þykir rétt að mæla fyrir um viðbótarákvæði í tengslum við skilgreiningarnar sem varða algrímsviðskipti, hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms og beinan rafrænan aðgang. Í sjálfvirkum viðskiptum er nýtt margs konar tæknifyrirkomulag. Mikilvægt er að skýra nánar hvernig flokka á þetta fyrirkomulag í tengslum við skilgreiningarnar á algrímsviðskiptum og beinum rafrænum aðgangi. Viðskiptaferli sem byggjast á beinum rafrænum aðgang útiloka ekki þau sem fela í sér algrímsviðskipti eða undirþátt þeirra, sem eru hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms. Viðskipti aðila sem eru með beinan rafrænan aðgang geta þess vegna einnig fallið undir skilgreininguna á algrímsviðskiptum, þ.m.t. hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms.

21) Algrímsviðskipti í samræmi við 39. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ættu að ná yfir fyrirkomulag þar sem kerfið tekur ákvarðanir, aðrar en eingöngu að ákvarða viðskiptavettvanginn eða -vettvangana þar sem leggja á fram fyrirmælin, á einhverju stigi viðskiptaferlisins, þ.m.t. á stigi þess að setja af stað, búa til, beina eða framkvæma fyrirmæli. Þess vegna ætti að útskýra að algrímsviðskipti sem ná yfir viðskipti sem eru með takmörkuðum mannlegum afskiptum eða án þeirra vísi ekki eingöngu til sjálfvirkrar myndunar fyrirmæla, heldur einnig til bestunar framkvæmdarferla fyrirmæla með sjálfvirkum hætti.

22) Algrímsviðskipti ættu að ná yfir snjallstýringu fyrirmæla fyrir milligöngu beina *(e. smart order routers (SOR)*) þegar slíkur búnaður notar algrím til að besta framkvæmdarferla fyrirmæla sem ákvarða breytur fyrirmælanna, aðrar en vettvanginn eða vettvangana þar sem leggja ætti fyrirmælin fram. Algrímsviðskipti ættu ekki að ná yfir sjálfvirkni fyrirmæla fyrir milligöngu beina (e. *automated order routers* ((AOR)) þegar, þrátt fyrir notkun algríma, slíkur búnaður ákvarðar eingöngu viðskiptavettvanginn eða -vettvangana þar sem leggja ætti fram fyrirmælin, án þess að breyta neinum öðrum breytum fyrirmælanna.

23) Hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms í samræmi við 40. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, sem er undirþáttur algrímsviðskipta, ætti að vera skilgreind nánar með því að koma á viðmiðum til að skilgreina mikinn fjölda skilaboða innan dagsins sem samanstanda af tilboðum, verðtilboðum, breytingum eða afturköllunum. Notkun tölugilda megindlegra marka sem grundvallast á fjölda skilaboða veitir réttarvissu þar sem fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum er gert kleift að meta hverja einstaka viðskiptastarfsemi fyrirtækja. Gildin fyrir þessi viðmiðunarmörk og umfang þeirra ættu að vera nægjanlega víð til að ná yfir viðskipti sem teljast vera hátíðniviðskipti, þ.m.t. þau sem notuð eru í tengslum við stakan gerning eða marga gerninga.

24) Þar sem hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms er langalgengust í tengslum við seljanlega gerninga ætti einungis að telja gerninga sem virkur markaður er með við útreikninginn á miklum fjölda skilaboða innan dags. Að því gefnu að hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms sé undirþáttur algrímsviðskipta ættu skilaboð sem send eru í þeim tilgangi að eiga í viðskiptum og sem uppfylla viðmið 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB einnig að vera talin með við útreikninginn á miklum fjölda skilaboða innan dags. Til að undanskilja aðra viðskiptastarfsemi en hátíðniviðskipti með notkun algríms, og með hliðsjón af eiginleikum slíkra viðskipta eins og sett er fram í 61. forsendu tilskipunar 2014/65/ESB, einkum því að slík viðskipti eru venjulega stunduð af seljendum sem nota eigið fé til að framkvæma hefðbundnari viðskiptaáætlanir, s.s. viðskiptavaka eða högnun með notkun háþróaðrar tækni, ætti eingöngu að telja skilaboð sem send eru í þeim tilgangi að eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning með við útreikninginn á miklum fjölda skilaboða innan dags en ekki þau sem send eru í þeim tilgangi að taka við og senda fyrirmæli eða framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina. Skilaboð sem send eru með annarri tækni en þeirri sem byggist á viðskiptum fyrir eigin reikning ætti þó að telja með við útreikninginn á miklum fjölda skilaboða innan dags þegar, heildstætt og að teknu tilliti til allra aðstæðna, beiting tækninnar er þannig uppbyggð að komist er hjá því að framkvæmdin eigi sér stað fyrir eigin reikning, s.s. með sendingu fyrirmæla á milli eininga innan sömu samstæðu. Til þess að taka tillit til auðkenna viðskiptavinarins sem er hinn endanlegi aðili á bak við starfsemina þegar ákvarðað er hvað teljist vera mikill fjöldi skilaboða innan dags ættu skilaboð sem eiga upptök hjá viðskiptavinum veitenda beins, rafræns aðgangs að vera undanskilin útreikningi á miklum fjölda skilaboða innan dags að því er varðar slíka veitendur.

25) Skilgreininguna á beinum rafrænum aðgangi ætti að skýra nánar. Skilgreiningin á beinum rafrænum aðgangi ætti ekki að ná yfir neina aðra starfsemi umfram veitingu á beinum markaðsaðgangi og aðgangi í gegnum annan. Því ætti að greina á milli fyrirkomulags þar sem fyrirmælum viðskiptavinar er miðlað með rafrænum hætti af aðilum eða þátttakendum á viðskiptavettvangi, s.s. verðbréfamiðlun á Netinu og fyrirkomulagi þar sem viðskiptavinir hafa beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi.

26) Þegar um er að ræða milligöngu fyrirmæla hafa þeir sem setja inn fyrirmæli ekki nægilega stjórn yfir breytum fyrirkomulagsins fyrir markaðsaðgangi og ættu því ekki að falla innan gildissviðs beins rafræns aðgangs. Fyrirkomulag sem gerir viðskiptavinum kleift að senda fyrirmæli til verðbréfafyrirtækis á rafrænu formi, s.s. verðbréfamiðlun á Netinu, ætti þess vegna ekki að teljast beinn rafrænn aðgangur, að því tilskildu að viðskiptavinir geti ekki ákvarðað nákvæmlega á hvað sekúndubroti innsetning tilboðs fer fram og um gildistíma tilboðsins innan þess tímaramma.

27) Fyrirkomulag þar sem viðskiptavinur aðila eða þátttakanda á viðskiptavettvangi, þ.m.t. viðskiptavinur beinna viðskiptavina á skipulegum markaðstorgum, senda fyrirmæli sín gegnum fyrirkomulag sem bestar framkvæmdarferlið sem ákvarðar breytur tilboðsins aðrar en þær á hvaða vettvangi eða vettvöngum setja ætti inn tilboðið gegnum snjallstýringu fyrir milligöngu beina og sem er innbyggð í innviði veitandans en ekki innviði viðskiptavinarins, ætti að undanskilja gildissviði beins rafræns aðgangs þar sem viðskiptavinur veitandans hefur ekki stjórn á tíma innsetningar tilboðsins og gildistíma þess. Lýsing á eiginleikum beins rafræns aðgangs þegar snjallstýring fyrirmæla fyrir milligöngu beina er notuð ætti þess vegna að vera háð því hvort snjallstýring fyrir milligöngu beina sé innbyggð í kerfi viðskiptavinarins og ekki hvort það sé hluti af kerfi veitandans.

28) Reglur um framkvæmd reglurammans um skipulagskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki sem annast fjárfestingarþjónustu og, þar sem við á, viðbótarþjónustu og fjárfestingastarfsemi í atvinnuskyni, fyrir skipulega markaði og veitendur gagnaskýrsluþjónustu ættu að samrýmast markmiðum tilskipunar 2014/65/ESB. Þær ættu að miða að því að tryggja mikinn heilleika, hæfi og traustleika hjá verðbréfafyrirtækjum og einingum sem reka skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga eða skipuleg markaðstorg og vera beitt á samræmdan hátt.

29) Nauðsynlegt er að tilgreina raunhæfar skipulagskröfur og verkferla fyrir verðbréfafyrirtæki sem annast slíka þjónustu eða starfsemi. Einkum ætti að kveða á um stífa verkferla í tengslum við atriði á borð við regluvörslu, áhættustýringu, meðferð kvartana, einkaviðskipti, útvistun og auðkenningu, stýringu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

30) Skipulagskröfur og skilyrði fyrir starfsleyfi verðbréfafyrirtækja ættu að vera sett fram í formi reglna sem tryggja samræmda beitingu viðeigandi ákvæða tilskipunar 2014/65/ESB. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja að verðbréfafyrirtæki hafi jafnan aðgang á sambærilegum kjörum að öllum mörkuðum í Sambandinu og til að ryðja úr vegi hindrunum sem tengjast málsmeðferð við leyfisveitingar vegna starfsemi yfir landamæri á sviði fjárfestingarþjónustu.

31) Reglurnar um framkvæmd reglurammans um rekstrarskilyrði fyrir veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu sem og fjárfestingastarfsemi ættu að endurspegla markmiðið sem liggur til grundvallar rammanum. Þær ættu að miða að því að tryggja yfirgripsmikla vernd fjárfesta og vera beitt á samræmdan hátt með innleiðingu skýrra staðla og krafna sem gilda um sambandið á milli verðbréfafyrirtækis og viðskiptavinar þess. Að því er varðar fjárfestavernd, einkum veitingu upplýsinga til fjárfesta eða leit eftir upplýsingum frá fjárfestum, ætti hins vegar að taka tillit til þess hvort viðskiptavinurinn eða hinn hugsanlegi viðskiptavinur sem um ræðir, sé almennur fjárfestir eða fagfjárfestir.

32) Í því skyni að tryggja samræmda beitingu ýmissa ákvæða sem skipta máli í tilskipun 2014/65/ESB er nauðsynlegt að koma á samræmdum skipulagskröfum og rekstrarskilyrðum fyrir verðbréfafyrirtæki.

33) Verðbréfafyrirtæki geta verið mjög mismunandi að því er varðar stærð, uppbyggingu og eðli starfsemi þeirra. Laga ætti reglurammann að þessari fjölbreytni en jafnframt setja tilteknar réttarfarslegar grundvallarkröfur sem eiga við um öll fyrirtæki. Eftirlitsskyldir aðilar ættu að uppfylla strangar skyldur og útfæra og taka upp ráðstafanir sem falla best að sérstökum eiginleikum þeirra og aðstæðum.

34) Rétt þykir að kveða á um almenn viðmið til að meta hvort fjárfestingarþjónusta sé veitt af aðila með tilfallandi hætti sem hluti af atvinnustarfsemi til að tryggja samræmda og rétta framkvæmd undanþágunnar sem veitt er samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Undanþágan ætti eingöngu að gilda ef fjárfestingarþjónustan tengist náið meginatvinnustarfseminni og er undirskipuð henni.

35) Skipulagskröfurnar sem komið er á samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB ættu ekki að hafa áhrif á kerfi sem komið er á fót samkvæmt landslögum fyrir skráninguna eða eftirlit lögbærra yfirvalda eða fyrirtækja einstaklinga sem starfa innan verðbréfafyrirtækja.

36) Að því er varðar kröfu um að verðbréfafyrirtæki komi á, innleiði og viðhaldi fullnægjandi áhættustýringarstefnu, ætti áhættan sem tengist starfsemi fyrirtækisins, ferlum og kerfum að ná yfir áhættu sem tengist útvistun nauðsynlegra eða mikilvægra starfsþátta. Þessi áhætta ætti að taka til áhættu sem tengist sambandi fyrirtækisins við þjónustuveitandann sem og hugsanlegrar áhættu sem verður þegar útvistaðir starfsþættir margra verðbréfafyrirtækja eða annarra eftirlitsskyldra aðila þjappast saman hjá takmörkuðum fjölda þjónustuveitenda.

37) Jafnvel þótt sami aðili annist áhættustýringu og regluvörslu þýðir það ekki endilega að sjálfstæði hvors starfsþáttar um sig sé teflt í tvísýnu. Þegar um er að ræða lítil verðbréfafyrirtæki má vera að ekki sé gætt meðalhófs þegar sett eru skilyrði um að aðilar sem koma að regluvörslu séu útilokaðir frá þeim verkefnum sem þeir hafa eftirlit með og að aðferðin við að ákvarða starfskjör þessara aðila ætti ekki að vera líkleg til að skaða hlutlægni þeirra. Að því er varðar stærri fyrirtæki munu þau þó einungis í undantekningartilvikum vera óhófleg.

38) Viðskiptavinir eða hugsanlegir viðskiptavinir ættu að geta látið í ljósi óánægju sína með fjárfestingarþjónustu sem verðbréfafyrirtæki veita til að auka fjárfestavernd og jafnframt til að verðbréfafyrirtæki uppfylli betur skyldur sínar. Kvartanir viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina ætti að afgreiða á skilvirkan og óháðan hátt af starfseiningu um meðferða kvartana. Í samræmi við meðalhófsregluna gæti regluvörslueiningin gegnt þessu hlutverki.

39) Verðbréfafyrirtæki eiga að safna saman og viðhalda upplýsingum sem varða viðskiptavini og þjónustu sem veitt er viðskiptavinum. Þegar þessar kröfur varða söfnun og vinnslu persónuupplýsinga ætti að tryggja að rétturinn til verndar persónuupplýsingum sé virtur í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/52/EB ([2]) sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer við beitingu þessarar tilskipunar. Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) við beitingu þessarar reglugerðar fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([3]).

40) Innleiða ætti skilgreiningu á starfskjörum til þess að tryggja skilvirka og samræmda beitingu krafna er varða hagsmunaárekstra og viðskiptahætti í tengslum við starfskjör og ætti hún að ná yfir öll form fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings eða greiðslna sem fyrirtæki láta af hendi beint eða óbeint til viðkomandi aðila sem veita viðskiptavinum fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu, s.s. reiðufé, hlutabréf, valrétti, niðurfellingu lána til viðkomandi aðila við uppsögn, lífeyrisiðgjöld, launagreiðslur þriðju aðila, t.d. í gegnum árangurstengd þóknana-, launa- eða stöðuhækkanalíkön, sjúkratryggingu, afslætti eða sérgreiðslur, rausnarlega útgjaldareikninga eða námskeið á framandi áfangastöðum.

41) Til að tryggja að hagsmunir viðskiptavina skaðist ekki ættu verðbréfafyrirtæki að útfæra og innleiða starfskjarastefnu fyrir alla aðila sem gætu haft áhrif á þjónustuna sem veitt er eða athæfi fyrirtækisins, þ.m.t. einstaklinga sem tilheyra framlínu-, söludeildar- eða öðru starfsfólki sem kemur að veitingu fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu með beinum hætti. Aðilar sem hafa umsjón með sölufólki, s.s. deildarstjórar, sem geta haft hvata til að setja þrýsting á sölufólk, eða fjármálagreinendur sem sölufólk gæti notað heimildir frá til að freista viðskiptavini til að taka fjárfestingaákvarðanir, eða aðila sem koma að meðferð kvartana eða eru á vöruhönnunar og -þróunarsviði ættu einnig að vera teknir með í markþýðinu yfir viðkomandi aðila sem heyra undir hlutaðeigandi starfskjarareglur. Viðkomandi aðilar ættu einnig að taka til einkaumboðsmanna. Þegar starfskjör einkaumboðsmanna eru ákvörðuð ættu fyrirtæki að taka til athugunar sérstaka stöðu einkaumboðsmanna og viðkomandi landsbundin einkenni. Í slíkum tilvikum ætti þó í starfskjarastefnu og -venjum fyrirtækis áfram að skilgreina viðeigandi viðmið sem nota á til að meta frammistöðu viðkomandi aðila, þ.m.t. eigindleg viðmið sem hvetja viðkomandi aðila til að starfa með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi.

42) Ef einkaviðskipti fara fram hver á eftir öðrum fyrir hönd aðila í samræmi við fyrirmæli sem sá aðili hefur áður gefið ættu skyldur sem tengjast einkaviðskiptum ekki að gilda sérstaklega um hverja slíka röð viðskipta, ef þessi fyrirmæli halda áfram að gilda og breytast ekki. Á sama hátt ættu þessar skyldur ekki að gilda þegar slík fyrirmæli eru ógilt eða

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

þegar þau eru dregnar til baka, að því tilskildu að fjármálagerningum, sem höfðu áður verið keyptir samkvæmt leiðbeiningunum, sé ekki ráðstafað á sama tíma og fyrirmælin falla úr gildi eða eru afturkölluð. Þessar skyldur ættu þó að gilda í tengslum við einkaviðskipti, eða við upphafið á röð einkaviðskipta, sem fara fram fyrir hönd sama aðila, ef þessum fyrirmælum er breytt eða ef ný fyrirmæli eru gefin út.

43) Lögbær yfirvöld ættu ekki að láta starfsleyfi fyrir veitingu fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi ráðast af almennu banni við útvistun eins eða fleiri nauðsynlegra eða mikilvægra starfsþátta. Verðbréfafyrirtækjum ætti að vera heimilt að útvista slíkum starfsþáttum ef útvistunarsamningarnir sem fyrirtækið kemur á uppfylla tiltekin skilyrði.

44) Útvistun fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi eða nauðsynlegra og mikilvægra starfsþátta getur haft í för með sér verulega breytingu á skilyrðunum fyrir starfsleyfisveitingu verðbréfafyrirtækisins, eins og um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Ef slíku útvistunarfyrirkomulagi er komið á eftir að verðbréfafyrirtækið hefur fengið starfsleyfi í samræmi við ákvæðin í I. kafla II. þáttar tilskipunar 2014/65/ESB ætti að tilkynna lögbæru yfirvaldi um þetta fyrirkomulag eftir því sem krafist er í 2. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar.

45) Meðal aðstæðna sem ætti að meðhöndla sem orsök hagsmunaárekstra eru tilvik þar sem árekstur verður á milli hagsmuna fyrirtækisins eða tiltekinna aðila sem tengjast fyrirtækinu eða fyrirtækjasamstæðunni og skyldunnar sem fyrirtækið hefur gagnvart viðskiptavini; eða milli ólíkra hagsmuna tveggja eða fleiri viðskiptavina þess sem fyrirtækið hefur skyldur gagnvart. Ekki er nóg að fyrirtækið hljóti ávinning ef ekki er einnig hugsanlegt að viðskiptavinur verði fyrir óhagræði, eða að einn viðskiptavinur sem fyrirtækið hefur skyldur gagnvart geti hagnast eða komist hjá tapi án þess að annar viðskiptavinur verði samtímis fyrir hugsanlegu tapi.

46) Eingöngu ætti að setja reglur um hagsmunaárekstra ef verðbréfafyrirtæki veitir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu. Staða viðskiptavinarins sem þjónustan er veitt til — annaðhvort sem almenns fjárfestis eða fagfjárfestis eða viðurkennds gagnaðila — ætti ekki að skipta máli í þessu sambandi.

47) Þegar verðbréfafyrirtækið uppfyllir skyldu sína að marka stefnu um hagsmunaárekstra samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB þar sem auðkenndar eru aðstæður sem fela í sér hagsmunaárekstra eða geta valdið þeim ætti það einkum að hafa í huga fjárfestingagreiningar og –ráðgjöf, eigin viðskipti, stýringu eignasafns og fyrirtækjafjármögnun, þ.m.t. sölutryggingu eða sölu í verðbréfaútboði og ráðgjöf við samruna og yfirtöku. Einkum er mikilvægt að gefa því sérstakan gaum ef fyrirtækið eða aðili, sem er beint eða óbeint tengdur fyrirtækinu í gegnum yfirráð, hefur með höndum tvö eða fleiri slík samtengd verkefni.

48) Verðbréfafyrirtæki ættu að stefna að því að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem verða í tengslum við ýmsa starfsemi þeirra og starfsemi samstæðunnar samkvæmt heildstæðri stefnu um hagsmunaárekstra. Þótt krafist sé birtingar upplýsinga um sérstaka hagsmunaárekstra í 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ætti það að vera þrautavaraúrræði sem eingöngu skal notað ef skipulags- eða stjórnunarráðstafanirnar, sem verðbréfafyrirtækið kemur á til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra þess í samræmi við 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB duga ekki til að tryggja svo fullnægjandi þyki, að komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist. Það að reiða sig um of á upplýsingagjöf án þess að meta nægilega vel hvernig hægt sé með tilhlýðilegum hætti að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra ætti ekki að viðgangast. Þótt verðbréfafyrirtæki veiti upplýsingar um hagsmunaárekstra þýðir það ekki að það sé undanþegið skyldunni að viðhalda skilvirkum skipulags- og stjórnunarráðstöfunum eins og krafist er í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

49) Fyrirtæki ættu ætíð að hlíta reglunum um hvatagreiðslur skv. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, þ.m.t. þegar þjónusta við útboð (e. *placing service*) er veitt. Einkum ættu gjöld móttekin af verðbréfafyrirtækjum sem annast útboð fjármálagerningana sem útgefnir eru til fjárfestingaviðskiptavina þess að fylgja þessum ákvæðum og telja ætti upptröppun (e. *laddering*) og forgangsboð (e. *spinning*) sem markaðssvik.

50) Fjárfestingagreiningar ættu að vera undirflokkur þeirrar tegundar upplýsinga sem skilgreindar eru sem ráðleggingar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([1]) (markaðssvik).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

51) Ráðstafanir og fyrirkomulag sem verðbréfafyrirtæki tekur upp til að takast á við hagsmunaárekstra sem geta skapast vegna samantektar og dreifingar á efni sem er sett fram sem fjárfestingagreiningar ættu að vera með þeim hætti að það verndi hlutlægni og óhæði fjármálagreinenda og greininganna sem þeir vinna. Þessar ráðstafanir og fyrirkomulag ættu að tryggja að fjármálagreinendur séu nægilega óháðir hagsmunum aðila sem bera ábyrgð á verkefnum eða eiga viðskiptahagsmuna að gæta sem kunna með réttu að stangast á við hagsmuni þeirra aðila sem fjárfestingagreiningunni er miðlað til.

52) Meðal þeirra aðila sem bera ábyrgð eða eiga viðskiptahagsmuna að gæta, sem sennilega má telja að stangist á við hagsmuni þeirra aðila sem fjárfestingagreiningu er miðlað til, ætti að telja starfslið sem annast fjármál fyrirtækja og aðila sem sjá um sölu og viðskipti fyrir hönd viðskiptavina eða fyrirtækisins.

53) Meðal sérstakra aðstæðna þar sem fjármálagreinendum og öðrum aðilum sem tengjast verðbréfafyrirtækinu sem koma að framkvæmd fjárfestingagreiningarinnar er heimilt, að fengnu fyrirframsamþykki, að annast einkaviðskipti með gerninga sem rannsóknin varðar, ættu að teljast aðstæður þar sem krafist er að fjármálagreinandinn eða annar aðili innleysi stöðu af persónulegum ástæðum vegna fjármálaörðugleika.

54) Eingöngu ætti að samþykkja gjöld, þóknanir, peningalegan eða ópeningalegan ávinning, sem fyrirtækið sem gerir fjárfestingarannsóknir móttekur frá þriðja aðila, þegar þau eru veitt í samræmi við kröfurnar sem tilgreindar eru í 9 mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 13. gr. framseldrar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 ([1]).

55) Hugtakið „miðlun niðurstaðna fjárfestingagreininga til viðskiptavina eða almennings“ ætti ekki að ná yfir miðlun sem eingöngu er til aðila innan samstæðu verðbréfafyrirtækisins. Telja ætti gildandi ráðleggingar vera þær ráðleggingar sem er að finna í fjárfestingagreiningunum og sem hafa ekki verið dregnar til baka eða eru fallnar úr gildi. Veruleg breyting á fjárfestingagreiningunum sem unnin er af þriðja aðila ætti að falla undir sömu kröfur og gilda um gerð greininga.

56) Fjármálagreinendur ættu ekki að taka þátt í annarri starfsemi en gerð fjárfestingagreininga ef þátttaka í slíkri starfsemi samræmist því ekki að sá aðili haldi hlutlægni sinni. Þetta felur í sér þátttöku í fjárfestingabankastarfsemi, s.s. fyrirtækjafjármálum og sölutryggingu, þátttöku í að koma á nýjum viðskiptatækifærum (e. *pitches*), kynningum (e. *road shows*) á nýjum útgáfum fjármálagerninga, eða að koma á einhvern hátt að undirbúningi að markaðssetningu útgefanda.

57) Vegna sérstakra eiginleika þjónustu sem tengist sölutryggingu og útboði og möguleikans á að hagsmunaárekstrar verði í tengslum við slíka þjónustu ætti að skilgreina ítarlegri og sérsniðnar kröfur í þessari reglugerð. Einkum ætti með slíkum kröfum að tryggja að ferlinu við sölutryggingu og útboð sé stýrt þannig að það taki mið af hagsmunum ólíkra aðila. Verðbréfafyrirtæki ættu að tryggja að þeirra eigin hagsmunir eða hagsmunir annarra viðskiptavina þeirra hafi ekki með óviðeigandi hætti áhrif á gæði þjónustunnar sem veitt er viðskiptavininum sem er útgefandi. Útskýra ætti slíkt fyrirkomulag fyrir þeim viðskiptavini, ásamt því að veita aðrar mikilvægar upplýsingar um útboðsferlið, áður en fyrirtækið samþykkir að taka að sér útboðið.

58) Verðbréfafyrirtæki sem annast sölutryggingarstarfsemi eða útboð ættu að hafa yfir að ráða viðeigandi fyrirkomulagi til að tryggja að verðsetningarferlið, þ.m.t. tilboðssala, skaði ekki hagsmuni útgefandans.

59) Útboðsferlið felur í sér að verðbréfafyrirtæki þarf að meta úthlutunina á útgáfu og vera byggt á tilteknum staðreyndum og aðstæðum er varða fyrirkomulagið sem hætta er á að leiði til hagsmunaárekstra. Fyrirtækið ætti að koma á skilvirkum skipulagskröfum til að tryggja að úthlutanir sem gerðar eru sem hluti af útboðsferlinu leiði ekki til þess að hagsmunir fyrirtækisins séu settir framar hagsmunum viðskiptavinarins sem er útgefandi, eða að hagsmunir eins viðskiptavinar í fjárfestingarþjónustu séu settir framar hagsmunum annars viðskiptavinar í fjárfestingarþjónustu. Einkum ættu fyrirtæki að setja ferlið til að þróa ráðleggingar um úthlutun fram með skýrum hætti í stefnu um úthlutun.

60) Kröfur sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. kröfur sem tengjast einkaviðskiptum, sem varða þekkingu á fjárfestingagreiningum og vinnslu eða miðlun niðurstaðna fjárfestingagreininga, ættu að gilda með fyrirvara um kröfur tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og viðkomandi framkvæmdarráðstöfunum þeirra.

([1]) Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 frá 7. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar að vernda fjármálagerninga og fjármuni í eigu viðskiptavina, skuldbindingar vegna vörustýringar og reglurnar sem gilda um veitingu eða móttöku gjalda, þóknana eða hvers konar peningalegs eða ópeningalegs ávinnings (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 500).

61) Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur um upplýsingar sem beint er til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina, þ.m.t. markaðsefni, til að tryggja að slíkar upplýsingar séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi í samræmi við 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

62) Í þessari reglugerð er ekkert sem útheimtir að lögbær yfirvöld samþykki innihald og form markaðsefnis. Ákvæði hennar koma þó ekki í veg fyrir að þau geri það, að svo miklu leyti sem slíkt fyrirframsamþykki byggist eingöngu á því að farið sé að skyldunni í tilskipun 2014/65/ESB um að upplýsingar til viðskiptavina, eða hugsanlegra viðskiptavina, þ.m.t. markaðsefni, séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.

63) Setja ætti upplýsingakröfur þar sem tekið er tillit til stöðu viðskiptavinarins, annaðhvort sem almenns fjárfestis, fagfjárfestis eða viðurkennds gagnaðila. Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/65/ESB er að tryggja að hóflegt jafnvægi ríki milli fjárfestaverndar og upplýsingaskyldnanna sem gilda um verðbréfafyrirtæki. Í þessu skyni þykir rétt að koma á vægari sértækum upplýsingakröfum fyrir fagfjárfesta en fyrir almenna fjárfesta.

64) Verðbréfafyrirtæki ættu að veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum nauðsynlegar upplýsingar um eðli fjármálagerninga og áhættuna sem fylgir fjárfestingu í þeim þannig að viðskiptavinir þeirra séu upplýstir á viðeigandi hátt. Sundurliðun upplýsinganna sem veita á getur verið mismunandi eftir því hvort viðskiptavinurinn er almennur fjárfestir eða fagfjárfestir og eftir eðli og áhættusniði fjármálagerninganna sem boðnir eru, en ættu ætíð að innihalda alla mikilvæga þætti. Aðildarríki geta skilgreint nákvæm skilyrði, eða innihald, áhættulýsingarinnar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, að teknu tilliti til upplýsingakrafnanna sem settar eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ([1]).

65) Skilyrðin sem upplýsingarnar sem verðbréfafyrirtæki beina til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina verða að uppfylla til þess að þær teljist sanngjarnar, skýrar og ekki villandi ættu að gilda um markaðsefni sem ætlað er almennum fjárfestum eða fagfjárfestum þannig að þau séu viðeigandi og hófleg, t.d. að teknu tilliti til miðlunaraðferðarinnar og upplýsinganna sem markaðsefninu er ætlað að koma á framfæri við viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini. Einkum væri óviðeigandi að beita slíkum skilyrðum á markaðsefni sem samanstendur eingöngu af einu eða fleira af eftirfarandi: heiti fyrirtækis, kennimerki eða öðru tákni sem tengist fyrirtækinu, tengilið, tilvísun til tegundar fjárfestingarþjónustu sem fyrirtækið veitir.

66) Til þess að bæta samkvæmni upplýsinganna sem fjárfestar fá ættu verðbréfafyrirtæki að tryggja að upplýsingarnar sem hverjum viðskiptavini er látið í té séu settar fram með samræmdum hætti á sama tungumáli á öllum upplýsingasniðum og í öllu markaðsefni sem sá viðskiptavinur fær. Þetta ætti þó ekki að fela í sér kröfu um að fyrirtæki þýði lýsingar sem veittar eru viðskiptavinum, og undirbúnar eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB ([2]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([3]).

67) Til þess að gefa raunsanna og jafnvæga mynd af ávinningi og áhættum ættu verðbréfafyrirtæki ætíð að vera með skýra og áberandi ábendingu um áhættur sem skipta máli, þ.m.t. vankanta og veikleika, þegar vísað er til mögulegs ávinnings af þjónustu eða fjármálagerningi.

68) Upplýsingar ættu að teljast vera villandi ef í þeim gætir tilhneigingar til að villa um fyrir aðilanum eða aðilunum sem þeim er beint að eða þeim sem sennilegt er að taki við þeim, óháð því hvort aðilinn sem veitir upplýsingarnar ætlar eða ætlar ekki að hafa þær villandi.

69) Í þeim tilvikum þegar þess er krafist að verðbréfafyrirtæki veiti viðskiptavini upplýsingar áður en þjónustan er veitt ætti ekki að meta það sem svo að sérhver viðskipti sem varða sömu tegund fjármálagernings sé ný eða annars konar þjónusta.

70) Ítarlegar upplýsingar um hvort fjárfestingarráðgjöf er veitt á óháðum grundvelli, með yfirgripsmikilli eða takmarkaðri greiningu á mismunandi tegundum gerninga, og um valferlið sem notað er, ættu að hjálpa viðskiptavinum að meta umfang ráðgjafarinnar sem veitt er. Veita ætti viðskiptavinum nægilega ítarlegar upplýsingar um fjölda fjármálagerninga sem fyrirtækin greina. Fjöldi og fjölbreytni fjármálagerninga sem taka á til athugunar, aðrir en þeir sem

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingavörur fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

verðbréfafyrirtækið eða aðilar sem nátengdir eru fyrirtækinu láta í té, ætti að vera í réttu hlutfalli við umfang ráðgjafarinnar sem veita á, óskir og þarfir viðskiptavinar. Án tillits til umfangs þjónustunnar sem í boði er ætti allt mat að byggjast á nægilegum fjölda fjármálagerninga sem eru aðgengilegir á markaðinum til að hægt sé að meta á tilhlýðilegan hátt ýmsa aðra kosti sem standa til boða á honum.

71) Umfang ráðgjafar sem verðbréfafyrirtæki veita á óháðum grundvelli getur verið frá yfirgripsmikilli og almennri til sérfræðilegrar og sértækrar ráðgjafar. Til að tryggja að umfang ráðgjafarinnar geri kleift að bera saman mismunandi fjármálagerninga á sanngjarnan og viðeigandi hátt ættu fjárfestingarráðgjafar sem sérhæfa sig í tilteknum flokkum fjármálagerninga og með áherslu á viðmið sem ekki byggjast á tæknilegri uppbyggingu gerningsins út af fyrir sig, s.s. „grænum“ eða „siðrænum“ fjárfestingum, að fullnægja tilteknum skilyrðum ef þeir koma fram sem óháðir ráðgjafar.

72) Það að sami ráðgjafi geti veitt bæði óháða og háða ráðgjöf gæti valdið ruglingi hjá viðskiptavininum. Til að tryggja að viðskiptavinir skilji eðli og grundvöll fjárfestingarráðgjafar sem veitt er ætti einnig að koma á tilteknum skipulagskröfum.

73) Veiti verðbréfafyrirtæki viðskiptavini afrit af lýsingu sem hefur verið samin og birt í samræmi við tilskipun 2003/71/EB ætti ekki að leggja það að jöfnu við að fyrirtækið veiti viðskiptavini upplýsingar að því er varðar rekstrarskilyrði, samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, sem tengjast gæðum og efni slíkra upplýsinga, ef fyrirtækið ber ekki ábyrgð á upplýsingunum sem veittar eru í lýsingunni samkvæmt þeirri tilskipun.

74) Með tilskipun 2014/65/ESB er skerpt á skyldum verðbréfafyrirtækja að birta upplýsingar um allan kostnað og gjöld og þessar skyldur víkkaðar út til að ná yfir samskipti við fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila. Til að tryggja að allir flokkar viðskiptavina hagnist af slíku auknu gagnsæi um kostnað og gjöld ætti verðbréfafyrirtækjum að vera heimilt, í tilteknum aðstæðum, þegar fjárfestingarþjónusta er veitt fagfjárfestum eða viðurkenndum gagnaðilum, að gera samkomulag við þessa viðskiptavini um að setja takmörk á þær ítarlegu kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð. Þetta ætti þó aldrei að leiða til afnáms skyldna sem lagðar eru á verðbréfafyrirtæki skv. 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Í þessu samhengi ættu verðbréfafyrirtæki að upplýsa fagfjárfesta um allan kostnað og gjöld eins og sett er fram í þessari reglugerð, þegar þjónusta á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns er veitt eða þegar, án tillits til fjárfestingarþjónustunnar sem veitt er, hlutaðeigandi fjármálagerningar innihalda afleiðu. Verðbréfafyrirtæki ættu einnig að upplýsa viðurkennda gagnaðila um allan kostnað og gjöld eins og sett er fram í þessari reglugerð þegar, án tillits til fjárfestingarþjónustunnar sem veitt er, viðkomandi fjármálagerningur inniheldur afleiðu og verður dreift til viðskiptavina þeirra. Í öðrum tilvikum, þegar fjárfestingarþjónusta er veitt fagfjárfestum eða viðurkenndum gagnaðilum, geta verðbréfafyrirtæki þó samþykkt, t.d. að beiðni hlutaðeigandi viðskiptavinar, að láta ekki í té framsetningu upplýsinga sem sýnir samanlögð áhrif kostnaðar á ávöxtun eða tilgreiningu á gjaldmiðlinum sem um ræðir og gildandi umreikningsgengi og kostnað þar sem sérhver hluti heildarkostnaðarins og -gjaldana er gefin upp í erlendum gjaldmiðli.

75) Að teknu tilliti til hinnar almennu skyldu að starfa í samræmi við hagsmuni viðskiptavina og vegna þess hve mikilvægt er að veita viðskiptavinum upplýsingar á grundvelli áætlunar fram í tímann um allan kostnað og gjöld sem stofnað verður til ætti, þegar fjárfestingar- og viðbótarþjónusta er veitt viðskiptavinum, tilvísun til fjármálagerninga sem mælt er með eða eru markaðssettir einkum að ná yfir verðbréfafyrirtæki sem veita þjónustu á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns og fyrirtæki sem veita almennar ráðleggingar varðandi fjármálagerninga eða kynna tiltekna fjármálagerninga. Þetta á t.d. við um verðbréfafyrirtæki sem gert hafa dreifingar- eða markaðssetningarsamninga við framleiðanda afurðar eða útgefanda.

76) Í samræmi við hina almennu skyldu að starfa með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og að teknu tilliti til skyldnanna sem leiða af sérstakri löggjöf Sambandsins um tiltekna fjármálagerninga (einkum hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og pakkaðar fjárfestingarafurðir og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP)) ættu verðbréfafyrirtæki að birta upplýsingar um og taka saman allan kostnað og gjöld, þ.m.t. kostnað í tengslum við fjármálagerninginn, í öllum tilvikum þar sem verðbréfafyrirtæki eru skyldug til að veita viðskiptavininum upplýsingar um kostnað vegna fjármálagernings í samræmi við löggjöf Sambandsins.

77) Ef verðbréfafyrirtæki hafa ekki markaðssett eða mælt með fjármálagerningi eða þurfa ekki samkvæmt lögum Sambandsins að veita viðskiptavinum upplýsingar um kostnað vegna fjármálagernings eru þau mögulega ekki í stöðu til að taka tillit til alls þess kostnaðar sem tengist þeim fjármálagerningi. Jafnvel í þessum afmörkuðu tilvikum ættu verðbréfafyrirtæki að upplýsa viðskiptavini, á fyrirframgefnum grundvelli, um allan kostnað og gjöld sem tengjast

fjárfestingarþjónustunni og verðið fyrir að eignast viðkomandi fjármálagerning. Verðbréfafyrirtæki ættu enn fremur að fara að sérhverjum öðrum skyldum um að veita viðeigandi upplýsingar um áhættuna sem fylgir viðkomandi fjármálagerningi, í samræmi við b-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eða að veita viðskiptavinum, að fenginni reynslu, fullnægjandi skýrslur um þjónustuna sem veitt var í samræmi við 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, þ.m.t. um kostnaðarþætti.

78) Til að tryggja að viðskiptavinum sé kunnugt um allan kostnað og gjöld sem til falla, sem og mat á slíkum upplýsingum og samanburð við ólíka fjármálagerninga og fjárfestingarþjónustu, ættu verðbréfafyrirtæki að veita viðskiptavinum skýrar og skiljanlegar upplýsingar um allan kostnað og gjöld með góðum fyrirvara áður en þjónustan er veitt. Fyrirframgefnar upplýsingar um kostnaðinn sem tengist fjármálagerningi eða viðbótarþjónustu má veita á grundvelli áætlaðrar fjárfestingarfjárhæðar. Kostnaðurinn og gjöldin sem upplýst er um ættu þó að sýna kostnaðinn sem viðskiptavinurinn mun í reynd greiða miðað við þá áætluðu fjárfestingarfjárhæð. Ef verðbréfafyrirtæki býður til dæmis ýmsa viðvarandi þjónustu þar sem mismunandi gjöld tengjast hverri þjónustu ætti fyrirtækið að upplýsa um kostnaðinn sem tengist þjónustunni sem viðskiptavinurinn hefur skráð sig fyrir. Fyrir birtingu raunupplýsinga ættu upplýsingar sem tengjast kostnaði og gjöldum að endurspegla raunverulega fjárfestingarfjárhæð viðskiptavinarins á þeim tíma sem upplýsingarnar eru birtar.

79) Til að tryggja að fjárfestar fái upplýsingar um allan kostnað og gjöld skv. 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ætti undirliggjandi markaðsáhætta eingöngu að teljast tengjast hreyfingum á virði fjármagnsins sem var fjárfest og orsakast beint af hreyfingum á virði undirliggjandi eigna. Því ætti einnig að taka viðskiptakostnað og viðvarandi gjöld vegna fjármálagerningsins með í samtöluna sem krafist er yfir kostnað og gjöld og þau ætti að áætla með því að nota raunhæfar forsendur, ásamt útskýringu á að slíkar áætlanir séu byggðar á forsendum og geti því vikið frá kostnaði og gjöldum sem stofnað verður raunverulega til. Til að fylgja sama markmiði um heildstæða birtingu upplýsinga ætti ekki að undanskilja frá skyldunni að veita upplýsingar um kostnað og gjöld, starfsvenjur þar sem á sér stað „skuldajöfnun“ kostnaðar. Birting upplýsinga um kostnað og gjöld byggist á meginreglunni um að birta eigi allan mismun á stöðuverði fyrir fyrirtækið og viðkomandi verði fyrir viðskiptavininn, þ.m.t. verðhækkanir og -lækkanir.

80) Verðbréfafyrirtæki ættu að leggja saman allan kostnað og gjöld í samræmi við 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og gefa viðskiptavinum upp heildarkostnaðinn bæði sem fjárhæð og prósentu, en þar að auki ætti þeim að vera heimilt að veita viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum sundurliðaðar tölur sem samanstanda af upphaflegum kostnaði og gjöldum, samanteknum áframhaldandi kostnaði og gjöldum og samanteknum útgöngukostnaði.

81) Verðbréfafyrirtæki sem selja fjármálagerninga án þess að veita fullnægjandi upplýsingar um kostnað og gjöld ættu að auki að upplýsa viðskiptavini sína um þennan kostnað sem og um allan annan kostnað og tengd gjöld sem varða veitingu fjárfestingarþjónustu í tengslum við þessa fjármálagerninga, til að tryggja rétt viðskiptavina til að fá allar upplýsingar um kostnað og gjöld. Þetta á við um verðbréfafyrirtæki sem selja hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem viðskiptakostnaður hefur ekki verið gefinn upp fyrir, af t.d. einingum í rekstrarfélagi verðbréfasjóðs (UCITS). Í slíkum tilvikum ætti verðbréfafyrirtækið að hafa samband við rekstrarfélag verðbréfasjóðsins til að fá viðkomandi upplýsingar.

82) Til að auka gagnsæi fyrir viðskiptavini um tengdan kostnað við fjárfestingar þeirra og árangurinn af fjárfestingum þeirra miðað við viðkomandi kostnaði og gjöld yfir tíma ætti einnig reglubundið að veita raunupplýsingar þegar verðbréfafyrirtækin eru eða hafa verið í viðvarandi sambandi við viðskiptavininn á árinu. Birting raunupplýsinga um allan viðkomandi kostnað og gjöld ætti að vera veitt á einstaklingsmiðuðum grunni. Hægt er að koma á reglubundinni birtingu raunupplýsinga með því að byggja á fyrirliggjandi skýrslugjafarskyldum, s.s. skyldum fyrirtækja sem framkvæma önnur fyrirmæli en stýringu eignasafns, eignasafnsstýringu eða vörslu fjármálagerninga eða fjármuna viðskiptavinar.

83) Upplýsingarnar sem krafist er að verðbréfafyrirtæki veiti viðskiptavinum um kostnað og tengd gjöld ná yfir upplýsingar um greiðslufyrirkomulag eða efndir á samningnum um að veita fjárfestingarþjónustu og á öðrum samningum sem tengjast fjármálagerningi sem í boði er. Í þessu skyni er yfirleitt við hæfi að hafa sérstakt greiðslufyrirkomulag þegar sagt er upp samningi um fjármálagerning með uppgjöri í reiðufé. Fyrirkomulag um efndir er yfirleitt við hæfi þegar tilskilið er við uppsögn fjármálagernings að afhenda skuli hlutabréf, skuldabréf, tryggingu, gullstangir eða annan gerning eða hrávöru.

84) Nauðsynlegt er að innleiða mismunandi kröfur um beitingu hæfismatsins sem sett er fram í 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og tilhlýðileikamatsins sem sett er fram í 3. mgr. 25. gr. þeirrar tilskipunar. Þessi próf eru mismunandi að umfangi að því er varðar fjárfestingarþjónustuna sem þau tengjast og þau gegna mismunandi hlutverki og hafa mismunandi eiginleika.

85) Verðbréfafyrirtæki ættu að taka með í hæfisskýrsluna og vekja athygli viðskiptavina á upplýsingum um hvort ráðlagða þjónustan eða gerningarnir kalli á að almenni fjárfestirinn þurfi að sækjast eftir reglubundinni endurskoðun á fyrirkomulagi þeirra. Þetta nær til aðstæðna þar sem viðskiptavinur er líklegur til að þurfa að leita eftir ráðgjöf til að færa fjárfestingasafn aftur til samræmis við upphaflegu ráðlögðu úthlutunina, þegar möguleiki er á að eignasafnið víki frá mörkuðu eignaskiptingunni.

86) Til að taka tillit til markaðsþróunar og tryggja jafna fjárfestavernd ætti að gera grein fyrir því að ábyrgð á framkvæmd hæfismats ætti áfram að liggja hjá verðbréfafyrirtækinu þegar þjónusta á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns er veitt að öllu leyti eða að hluta gegnum sjálfvirkt eða hálfsjálfvirkt kerfi.

87) Í samræmi við kröfuna um hæfismat skv. 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ætti einnig að gera grein fyrir því að verðbréfafyrirtæki ættu ekki eingöngu að gera hæfismat í tengslum við ráðleggingar um kaup á fjármálagerningi heldur fyrir allar ákvarðanir um viðskipti, þ.m.t. hvort kaupa á eða ekki, eiga áfram eða selja fjárfestingu.

88) Að því er varðar 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB getur verið að viðskipti hæfi ekki viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavini vegna þeirrar áhættu sem fylgir fjármálagerningunum, tegundar viðskiptanna, eiginleika fyrirmælanna eða tíðni viðskiptanna. Röð viðskipta sem hver og ein eru við hæfi þegar þau eru skoðuð sérstaklega, geta verið óhæf ef ráðleggingarnar eða ákvarðanirnar um að eiga viðskipti eru veittar eða teknar með þeirri tíðni sem er ekki hagkvæmust fyrir viðskiptavininn. Ef um er að ræða stýringu eignasafns geta viðskipti einnig verið óhæf ef þau hafa í för með sér óhæft eignasafn.

89) Ráðleggingar eða tilmæli, eða ráðgjöf sem eignasafnsstjóri veitir viðskiptavini og fela í sér að viðskiptavinurinn veiti eða breyti umboði eignastjórans þar sem skilgreint er innan hvaða marka eignasafnsstjórinn getur tekið ákvarðanir, ættu að teljast ráðleggingar eins og um getur í 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

90) Til að veita réttarvissu og gera viðskiptavinum kleift að skilja betur eðli þjónustunnar sem veitt er ættu verðbréfafyrirtæki sem veita viðskiptavinum fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu að gera skriflegan grunnsamning við viðskiptavininn, sem kveður á um mikilvægustu réttindi og skyldur fyrirtækisins og viðskiptavinarins.

91) Í þessari reglugerð ættu lögbær yfirvöld ekki að vera krafin um að viðurkenna efni grunnsamningsins milli verðbréfafyrirtækis og viðskiptavina þess. Né ætti að koma í veg fyrir að þau geri það, að svo miklu leyti sem slík viðurkenning byggist einungis á því að fyrirtækið fari að skyldum sínum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB um að starfa heiðarlega, af sanngirni og á fagmannlegan hátt með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi, og setji saman skrá þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja og viðskiptavina þeirra og aðra skilmála sem gilda um þjónustuna sem fyrirtæki veita viðskiptavinum sínum.

92) Skrárnar sem verðbréfafyrirtæki er krafið um að halda ættu að vera aðlagaðar að tegund viðskiptastarfsemi og umfangi fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem stunduð er, að því tilskildu að farið sé að skyldunum um skráahald sem settar eru fram í tilskipun 2014/65/ESB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([1]), reglugerð (ESB) nr. 596/2014, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/57/ESB ([2]) og þessari reglugerð og að lögbær yfirvöld geti innt af hendi eftirlitsverkefni sín og annast framfylgdaraðgerðir með það fyrir augum að tryggja bæði fjárfestavernd og heildarvirkni markaðar.

93) Í ljósi mikilvægis skýrslna og reglubundinna samskipta fyrir alla viðskiptavini, og útvíkkunar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB þannig að hún taki til sambandsins við viðurkennda gagnaðila ættu skýrslugjafarkröfurnar sem settar eru í þessari reglugerð að gilda um alla flokka viðskiptavina. Að teknu tilliti til eðlis samskiptanna við viðurkennda gagnaðila ætti verðbréfafyrirtækjum að vera heimilt að gera samninga sem ákvarða tiltekið efni og tímasetningu upplýsingargjafar sem ólík er þeim sem gilda um almenna fjárfesta og fagfjárfesta.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/57/EB frá 16. apríl 2014 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 179).

94) Í þeim tilvikum þegar þess er krafist að verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns veiti viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum upplýsingar um tegundir fjármálagerninga sem geta verið í eignasafni viðskiptavinarins og tegundir viðskipta sem hægt er að framkvæma með slíka gerninga, ætti sérstaklega að vera tekið fram í þessum upplýsingum hvort verðbréfafyrirtækið sé skuldbundið til að fjárfesta í fjármálagerningum sem teknir eru til viðskipta á skipulegum markaði, í afleiðum eða í illseljanlegum eða mjög sveiflukenndum gerningum, eða taka að sér skortsölu, kaup með lánsfé, fjármögnunarviðskipti með verðbréf eða einhver önnur viðskipti sem fela í sér tryggingagreiðslur, tryggingarinnlán eða gengisáhættu.

95) Upplýsa ætti viðskiptavini um árangurinn af eignasafni þeirra og verðrýrnun á upphaflegu fjárfestingunum. Ef um er að ræða stýringu eignasafns ætti þetta að gerast ef heildarvirði eignasafnsins fellur um10%, og eftir það við margfeldi af 10% en ætti ekki að gilda um einstakar eignir.

96) Að því er varðar upplýsingaskyldu í tengslum við eignasafnsstýringu ættu viðskipti með ófyrirséða skuldbindingu að fela í sér hvers konar raunverulega eða hugsanlega skuldbindingu fyrir viðskiptavininn sem nemur hærri fjárhæð en kostnaðinum af því að eignast gerninginn.

97) Að því er varðar ákvæðin um upplýsingagjöf til viðskiptavina ætti að túlka tilvísun í tegund fyrirmæla á þá leið að hún vísi til stöðu þeirra sem skilyrtra fyrirmæla, markaðsfyrirmæla eða annarra sértækra tegunda fyrirmæla.

98) Að því er varðar ákvæðin um upplýsingagjöf til viðskiptavina ætti að túlka tilvísun í tegund fyrirmæla sem tilvísun til fyrirmæla um skráningu fyrir verðbréfum, eða nýtingu valréttar, eða svipaðra fyrirmæla viðskiptavinar.

99) Þegar komið er á stefnu um framkvæmd í samræmi við 4. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ætti verðbréfafyrirtæki að ákvarða vægi þáttanna sem nefndir eru í 1. mgr. 27. gr. þeirrar tilskipunar, eða a.m.k. koma á ferli sem það notar til að ákvarða vægi þessara þátta, svo að það geti skilað sem bestri mögulegri niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd ætti verðbréfafyrirtæki að velja viðskiptastaði sem gera því kleift að ná ætíð bestu mögulegri niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina. Til að fullnægja lagalegu skyldunni um bestu framkvæmd, þegar viðmiðinu um bestu framkvæmd fyrir fagfjárfesta er beitt, nota verðbréfafyrirtæki alla jafnan ekki sömu viðskiptastaði fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFT) og önnur viðskipti. Þetta er vegna þess að fjármögnunarviðskipti með verðbréf eru notuð sem uppspretta fjármögnunar sem fellur undir skuldbindingu um að lántakinn muni skila jafngildum verðbréfum á ákveðnum degi síðar og skilmálarnir á fjármögnunarviðskiptum með verðbréf eru venjulega skilgreindir tvíhliða á milli gagnaðilanna áður en kemur að framkvæmd. Valið á viðskiptastöðum fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf er þess vegna takmarkaðra en ef um væri að ræða önnur viðskipti, að því gefnu að það ráðist af einstökum skilmálum sem skilgreindir eru fyrirfram á milli gagnaðilanna og af því hvort á þessum viðskiptastöðum sé sérstök eftirspurn eftir viðkomandi fjármálagerningum. Í stefnunni um framkvæmd fyrirmæla sem verðbréfafyrirtæki koma á ætti þar af leiðandi að taka tillit til sérstakra eiginleika fjármögnunarviðskipta með verðbréf og skrá sérstaklega viðskiptastaði sem notaðir eru fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Verðbréfafyrirtæki ætti að beita framkvæmdarstefnu sinni gagnvart öllum fyrirmælum viðskiptavina sem það framkvæmir í því skyni að ná bestu mögulegri niðurstöðu fyrir viðskiptavininn í samræmi við þessa stefnu.

100) Til að tryggja að verðbréfafyrirtæki sem senda eða leggja fram fyrirmæli viðskiptavina hjá öðrum aðilum til framkvæmdar starfi með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi í samræmi við 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um að veita viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið og þjónustu þess, ættu verðbréfafyrirtæki að veita viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar um fimm mikilvægustu aðilana fyrir hvern flokk fjármálagerninga sem þau senda eða leggja fram fyrirmæli viðskiptavina hjá og útvega viðskiptavinum upplýsingar um gæði framkvæmdarinnar, í samræmi við 6. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og viðkomandi framkvæmdarráðstafanir. Verðbréfafyrirtæki sem senda eða leggja fram fyrirmæli hjá öðrum aðilum til að framkvæmda þau geta eingöngu valið einn aðila fyrir framkvæmdina ef þau geta sýnt fram á að þetta geri þeim kleift að ná ætíð bestu mögulegri niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína og ef þau geta með sæmilegri vissu vænst þess að aðilinn sem valinn er geri þeim mögulegt að ná árangri fyrir viðskiptavini sem er a.m.k. jafn góður og niðurstaðan sem þau gætu vænst af því að nota aðra aðila fyrir framkvæmdina. Þessar réttmætu væntingar ættu að vera studdar viðeigandi gögnum, birtum í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eða með innri greiningum sem þessi verðbréfafyrirtæki gera.

101) Til að tryggja að verðbréfafyrirtæki nái bestu mögulegri niðurstöðu fyrir viðskiptavininn við framkvæmd fyrirmæla almenns fjárfestis, þegar ekki eru fyrir hendi sérstakar leiðbeiningar frá viðskiptavini, ætti fyrirtækið að taka til athugunar alla þætti sem gera því kleift að ná besta mögulega árangri að því er varðar heildarendurgjaldið, sem stendur fyrir verðið á fjármálagerningnum og kostnaðinum við framkvæmdina. Gefa má hraða, líkum á framkvæmd og greiðslu,

umfangi og eðli fyrirmæla, markaðsáhrifum og sérhverjum öðrum óbeinum kostnaði vegna viðskipta forgang fram yfir beint verð og kostnað en aðeins að því marki að þessi atriði eigi þátt í að koma til skila bestu mögulegu niðurstöðu að því er varðar heildarendurgjaldið til hins almenna fjárfestis.

102) Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir fyrirmæli samkvæmt sérstökum leiðbeiningum viðskiptavinar ætti að líta svo á að það hafi uppfyllt skyldur sínar um bestu framkvæmd eingöngu að því er varðar þann hluta eða þátt fyrirmælanna sem leiðbeiningar viðskiptavinarins tengjast. Ekki ætti að telja að sú staðreynd að viðskiptavinurinn hafi gefið sérstakar leiðbeiningar, sem ná til eins hluta eða þáttar fyrirmælanna, feli í sér að verðbréfafyrirtækið sé leyst undan skyldum sínum um bestu framkvæmd að því er varðar aðra hluta eða þætti í fyrirmælum viðskiptavinarins sem slíkar leiðbeiningar ná ekki til. Verðbréfafyrirtæki ætti ekki að hvetja viðskiptavin til að gefa sér leiðbeiningar um að framkvæma fyrirmæli á ákveðinn hátt, með því að gefa afdráttarlaust til kynna eða stinga óbeint upp á við viðskiptavininn hvert innihald slíkra leiðbeininga skuli vera, þegar fyrirtækið ætti með réttu að vita að líklega komi slíkar leiðbeiningar í veg fyrir að það fái bestu mögulegu niðurstöðu fyrir þann viðskiptavin. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að fyrirtæki bjóði viðskiptavini að velja milli tveggja eða fleiri tilgreindra viðskiptavettvanga, að því tilskildu að þessir vettvangar séu í samræmi við framkvæmdarstefnu fyrirtækisins.

103) Líta ætti á viðskipti verðbréfafyrirtækis fyrir eigin reikning við viðskiptavin sem framkvæmd á fyrirmælum viðskiptavinar, og þau falli því undir kröfurnar í tilskipun 2014/65/ESB og þessari reglugerð, einkum þær skyldur sem tengjast bestu framkvæmd. Hins vegar ef verðbréfafyrirtæki gerir viðskiptavini verðtilboð og það verðtilboð uppfyllir skyldur verðbréfafyrirtækisins skv. 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, á þeim tíma sem verðtilboðið er gert, þá ætti fyrirtækið að uppfylla þessar sömu skyldur ef það framkvæmir verðtilboð sitt eftir að viðskiptavinurinn samþykkir það, að því tilskildu að verðtilboðið sé augljóslega ekki úrelt með tilliti til breytinga á markaðsaðstæðum og þess tíma sem líður frá því að fyrirmælin eru gefin og þar til verðtilboðið er samþykkt.

104) Skyldan til þess að ná bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla fyrir viðskiptavin gildir um allar tegundir fjármálagerninga. Vegna mismunandi markaðsgerðar eða gerðar fjármálagerninga getur þó verið erfitt að ákvarða og beita samræmdum staðli og ferli fyrir bestu framkvæmd sem væri lögmæt og skilvirk fyrir alla flokka gerninga. Skyldum um bestu framkvæmd ætti því að vera beitt á þann hátt að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna í tengslum við framkvæmd fyrirmæla sem tengjast tilteknum tegundum fjármálagerninga. Viðskipti með sérsniðinn fjármálagerning utan viðskiptavettvangs sem fela í sér einstök samningsbundin tengsl sem eru sniðin að aðstæðum viðskiptavinarins og verðbréfafyrirtækisins, geta t.d. ekki verið sambærileg bestu framkvæmd viðskipta með hlutabréf sem viðskipti eru með á miðlægðum viðskiptastöðum. Þar sem skyldan um bestu framkvæmd gildir um alla fjármálagerninga, óháð því hvort viðskipti eru með þá á viðskiptavettvöngum eða utan viðskiptavettvangs, ættu verðbréfafyrirtæki að safna sama viðeigandi markaðsgögnum til að skoða hvort verðið utan verðbréfamarkaðar sem boðið er viðskiptavini sé sanngjarnt og uppfylli skylduna um bestu framkvæmd.

105) Ákvæðin í þessari reglugerð að því er varðar framkvæmdarstefnu ættu að vera með fyrirvara um þá almennu skyldu verðbréfafyrirtækis skv. 7. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að hafa eftirlit með skilvirkni fyrirkomulags þess við framkvæmd fyrirmæla og stefnuna og meta viðskiptavettvangana í framkvæmdarstefnu sinni með reglulegu millibili.

106) Í þessari reglugerð ætti ekki að krefjast tvíverknaðar hvað varðar bestu framkvæmd á milli verðbréfafyrirtækis sem veitir þá þjónustu að taka á móti og senda áfram fyrirmæli eða eignasafnsstýringu, og verðbréfafyrirtækis sem þetta verðbréfafyrirtæki sendir fyrirmæli sín um framkvæmd til.

107) Skyldan um bestu framkvæmd samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB útheimtir að verðbréfafyrirtæki verða að gera fullnægjandi ráðstafanir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Gæði framkvæmdarinnar, sem nær til þátta á borð við hraða og líkur á framkvæmd (s.s. framkvæmdarstig) og möguleikans á betra verði, er mikilvægur þáttur í því að ná fram bestu framkvæmd. Aðgengi, samanburðarhæfi og samsteypt gögn, sem tengjast gæðum framkvæmdar sem hinir ýmsu viðskiptastaðir veita, hefur úrslitaþýðingu til að verðbréfafyrirtæki og fjárfestar geti greint þá viðskiptastaði sem skila mestum gæðum í framkvæmd fyrir viðskiptavini sína. Til að ná bestri niðurstöðu á framkvæmd fyrir viðskiptavin ættu verðbréfafyrirtæki að bera saman og greina viðkomandi gögn, þ.m.t. þau sem gerð hafa verið opinber í samræmi við 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og tilsvarandi framkvæmdarráðstafanir.

108) Verðbréfafyrirtæki sem framkvæma fyrirmæli ættu ekki að geta gert ráð fyrir einum viðskiptastað í stefnu sinni nema þau geti sýnt fram á að það geri þeim kleift að ná ætíð bestu framkvæmd fyrir viðskiptavini sína. Verðbréfafyrirtæki ættu ekki að velja einn viðskiptastað nema þau geti með sæmilegri vissu vænst þess að viðskiptastaðurinn sem valinn er muni gera þeim kleift að ná niðurstöðum fyrir viðskiptavini sem eru a.m.k. jafn góðar og niðurstöðurnar sem þau geta

með sæmilegri vissu vænst með því að nota aðra viðskiptastaði. Þessar réttmætu væntingar ættu að vera studdar með viðeigandi gögnum sem birt eru í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða með öðrum innri greiningum sem fyrirtækin gera.

109) Telja ætti að endurúthlutun viðskipta geti verið skaðleg viðskiptavini ef sú endurúthlutun hefur í för með sér að verðbréfafyrirtækinu eða einhverjum tilteknum viðskiptavini er veittur óréttmætur forgangur.

110) Án þess að það hafi áhrif á reglugerð (ESB) nr. 596/2014, að því er varðar ákvæði þessarar reglugerðar um meðhöndlun fyrirmæla viðskiptavinar, ætti ekki að meðhöndla fyrirmæli viðskiptavinar sem annars eru sambærileg ef tekið er á móti þeim um aðra miðla og ógerlegt er að afgreiða þau í röð. Öll notkun verðbréfafyrirtækis á upplýsingum sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar í því skyni að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með fjármálagerningana, sem fyrirmæli viðskiptavinarins tengjast, eða með tengda fjármálagerninga, ætti að teljast vera misnotkun á þeim upplýsingum. Sú staða að viðskiptavakar eða aðilar, sem hafa heimild til að koma fram sem gagnaðilar takmarka sig við að sinna lögmætri starfsemi við kaup og sölu fjármálagerninga, eða að einstaklingar, sem hafa heimild til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd þriðju aðila, takmarka sig við að inna fyrirmæli samviskusamlega af hendi, ætti í sjálfu sér ekki teljast misnotkun upplýsinga.

111) Þegar mat er lagt á það hvort markaður uppfyllir kröfuna sem mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB um að a.m.k. 50% útgefenda fjármálagerninga, sem teknir eru til viðskipta á þeim markaði, séu lítil og meðalstór fyrirtæki (SME), ættu lögbær yfirvöld að beita sveigjanlegri nálgun að því er varðar markaði sem hafa enga fyrri rekstrarsögu, nýlega stofnuð lítil og meðalstór fyrirtæki með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta fyrir minna en þremur árum og útgefendur sem gefa eingöngu út aðra fjármálagerninga en hlutabréf.

112) Með tilliti til fjölbreytni rekstrarlíkana núverandi markaðstorga fjármálagerninga (MTF) með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki í Sambandinu, og til að tryggja góðan árangur af hinum nýja vaxtarmarkaðarflokki fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þykir rétt að veita vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki viðeigandi sveigjanleika við mat á því hversu hæfir útgefendur eru til að fá aðgang að viðskiptavettvangi þeirra. Vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ætti í öllum tilvikum ekki að vera með reglur sem leggja meiri byrðar á útgefendur en þær sem gilda um útgefendur á skipulegum mörkuðum.

113) Að því er varðar efni skráningarskjalsins sem útgefandi þarf að leggja fram þegar verðbréf hans eru tekin í fyrsta sinn til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þegar krafan um að birta lýsingu samkvæmt tilskipun 2003/71/EB gildir ekki, þykir rétt að lögbær yfirvöld hafi ákvörðunarvald til að meta hvort reglurnar sem rekstraraðili vaxtarmarkaðarins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki setur fram tryggi réttar upplýsingar til fjárfesta. Þótt full ábyrgð á upplýsingunum sem fram koma í skráningarskjalinu ætti að liggja hjá útgefandanum ætti það að vera undir rekstraraðila vaxtarmarkaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki komið að skilgreina hvernig skráningarskjalið ætti að vera endurskoðað með viðeigandi hætti. Þetta ætti ekki nauðsynlega að fela í sér formlegt samþykki lögbæra yfirvaldsins eða rekstraraðilans.

114) Birting útgefenda á heils- og hálfsársreikningsskilum þýðir að viðeigandi lágmarkskröfum um gagnsæi sé fullnægt, sem er í samræmi við gildandi bestu starfsvenjur á starfandi mörkuðum með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. Hvað varðar efni reikningsskila ætti rekstraraðila vaxtarmarkaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að vera frjálst að mæla fyrir um að útgefendur með fjármálagerninga sem viðskipti eru á með á viðskiptavettvangi hans noti alþjóðlega reikningsskilastaðla eða reikningsskilastaðla sem heimilaðir eru samkvæmt landslögum og reglugerðum, eða báða. Frestir til að birta reikningsskil ættu að vera sveigjanlegri en þeir sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([1]) þar sem rýmri tímarammar virðast henta betur þörfum og aðstæðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

115) Þar sem reglurnar um miðlun upplýsinga um útgefendur á skipulegum markaði, samkvæmt tilskipun 2004/109/EB myndu vera of íþyngjandi fyrir útgefendur á vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þykir rétt að vefsetur rekstraraðila vaxtarmarkaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki verði sameiginlegur staður fyrir fjárfesta til að leita upplýsinga um útgefendur sem stunda viðskipta á þeim viðskiptavettvangi. Birting á vefsetri rekstraraðila vaxtarmarkaðarins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki getur einnig farið fram með því að hafa beinan tengil á vefsetur útgefandans í þeim tilvikum sem upplýsingarnar eru birtar þar, svo fremi tengillinn leiði beint á viðkomandi hluta vefseturs útgefandans þar sem fjárfestar geta með auðveldum hætti fundið tilskildar upplýsingar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

116) Nauðsynlegt er að tilgreina nánar hvenær tímabundin stöðvun eða taka fjármálagernings úr viðskiptum er líkleg til að skaða hagsmuni fjárfesta eða eðlilega virkni markaðarins verulega. Samleitni á því sviði er nauðsynleg til að tryggja að markaðsaðilar í aðildarríki þar sem viðskipti með fjármálagerninga hafa verið stöðvuð tímabundið eða fjármálagerningar teknir úr viðskiptum séu ekki verr settir samanborið við markaðsaðila í öðru aðildarríki þar sem viðskipti eiga sér ennþá stað.

117) Til þess að tryggja nauðsynlega mikla samleitni þykir rétt að taka saman lista yfir þær aðstæður sem geta skaðað verulega hagsmuni fjárfesta og eðlilega starfsemi markaðarins og sem getur myndað grundvöll fyrir ákvörðun lögbærra landsyfirvalda, rekstraraðila markaðar sem starfrækir skipulegan markað eða verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg, um að fara ekki fram á tímabundna stöðvun eða töku fjármálagernings úr viðskiptum, eða að fara ekki að tilkynningu þar um. Rétt þykir að slíkur listi sé ekki tæmandi þar sem hann kemur þannig til með að mynda ramma fyrir mat lögbærra yfirvalda og veita þeim nauðsynlegt svigrúm við mat á einstaka tilvikum.

118) Með ákvæðum 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2014/65/ESB er þess krafist að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg, og rekstraraðilar skipulegra markaða, upplýsi lögbær landsyfirvöld sín þegar í stað við tilteknar aðstæður. Þessari kröfu er ætlað að tryggja að lögbær landsyfirvöld geti innt af hendi eftirlitsverkefni sín og séu upplýst tímanlega um viðkomandi tilvik sem geta haft neikvæð áhrif á virkni og heilbrigði markaðanna. Upplýsingarnar sem mótteknar eru frá rekstraraðilum viðskiptavettvanga ættu að gera lögbærum landsyfirvöldum kleift að greina og meta áhættuna fyrir markaðina og þátttakendurnar á þeim, sem og til að bregðast við á skilvirkan hátt og grípa til aðgerða ef nauðsyn krefur.

119) Rétt þykir að taka saman lista sem ekki er tæmandi yfir alvarlegar aðstæður þar sem gera má ráð fyrir verulegum brotum á reglum viðskiptavettvangs, óeðlilegum viðskiptaskilyrðum eða kerfistruflunum í tengslum við fjármálagerning, þannig að rekstraraðili viðskiptavettvanga bregðist við skyldum sínum um að upplýsa tafarlaust lögbær yfirvöld sín, eins og sett er fram í 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Í þeim tilgangi ætti að túlka tilvísun í „reglur viðskiptavettvanga“ vítt og ætti hún ná yfir allar reglur, úrskurði, fyrirmæli sem og almenna skilmála samningsins milli viðskiptavettvangsins og þátttakenda hans sem taka til skilyrðanna fyrir viðskiptum og aðgangi að viðskiptavettvanginum.

120) Að því er varðar háttsemi sem er hugsanleg vísbending um misnotkun sem fellur undir gildissvið reglugerð (ESB) nr. 596/2014 þykir einnig rétt að taka saman lista, sem ekki er tæmandi, yfir vísbendingar um innherjasvik og markaðsmisnotkun sem rekstraraðili viðskiptavettvangs ætti að taka tillit til þegar viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti eru rannsökuð til að ákvarða hvort skyldan að upplýsa viðkomandi lögbær landsyfirvöld á við, eins og sett er fram í 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Í þeim tilgangi ætti tilvísun í „fyrirmæli um viðskipti“ að ná yfir allar tegundir fyrirmæla, þ.m.t. upphafleg fyrirmæli, breytingar, uppfærslur og niðurfellingar á fyrirmælum, án tillits til þess hvort þau hafa verið framkvæmd eða ekki og án tillits til þess með hvaða hætti aðgengi fæst að viðskiptavettvanginum.

121) Listinn yfir vísbendingar um innherjasvik og markaðsmisnotkun ætti hvorki að vera tæmandi né ákvarðandi um markaðssvik eða tilrauna til markaðssvika, þar sem hver vísbending þarf í sjálfu sér ekki endilega að þýða að um markaðssvik eða tilraunir til markaðssvika sé að ræða. Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem veita vísbendingu, eina eða fleiri, kunna að vera framkvæmd af lögmætum ástæðum eða í samræmi við reglur viðskiptavettvangsins.

122) Til að tryggja gagnsæi fyrir hagsmunaaðila markaðarins en jafnframt koma í veg fyrir markaðssvik og gæta þess að trúnaður ríki um auðkenni stöðutaka, ætti birting samantekinna vikulegra stöðutilkynninga um þær stöður sem um getur í a-lið 1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eingöngu að gilda um samninga sem tiltekinn fjöldi aðila á viðskipti með, umfram tiltekna stærð eins og tilgreint er í þessari reglugerð.

123) Til að tryggja að markaðsgögn séu veitt á sanngjörnum viðskiptakjörum og á samræmdan hátt í Sambandinu eru í þessari reglugerð tilgreind skilyrðin sem viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar verða að uppfylla. Þessi skilyrði eru byggð á markmiðinu um að tryggja að skyldan til að veita markaðsgögn á sanngjörnum viðskiptakjörum sé nægjanlega skýr til að skilvirk og samræmd beiting sé möguleg og samtímis sé tekið tillit til mismunandi rekstrarlíkana og kostnaðarsamsetninga hjá gagnaveitendum.

124) Til að tryggja að gjöld fyrir markaðsgögn séu sanngjörn, og til að uppfylla skylduna að veita markaðsgögn á sanngjörnum viðskiptakjörum, þarf verð að grundvallast á eðlilegum tengslum við kostnaðinn við að afla og miðla þessum gögnum. Án þess að það hafi áhrif á beitingu samkeppnisreglna ættu gagnaveitendur þess vegna að ákveða gjöld sín á grundvelli kostnaðar síns, en jafnframt er þeim heimilt að beita eðlilegri álagningu, sem byggð er á þáttum eins og rekstrarhagnaði, kostnaðarávöxtun, arðsemi af rekstrareignum og arðsemi eigin fjár. Þegar gagnaveitendur stofna til sameiginlegs kostnaðar vegna gagnaafhendingar og veitingar annarrar þjónustu, getur kostnaður við veitingu gagna falið í sér eðlilega hlutdeild í kostnaði af annarri viðkomandi þjónustu sem veitt er. Þar sem mjög flókið er að tilgreina nákvæman kostnað ætti í staðinn að tilgreina kostnaðarskiptingu og aðferðafræði við kostnaðarskiptingu, og láta veitendum markaðsgagna um að gera nákvæmari grein fyrir þessum kostnaði.

125) Veita ætti markaðsgögn án mismununar, sem kallar á að sama verð og sömu skilmálar ættu að standa til boða öllum viðskiptavinum sem falla í sama flokk í samræmi við opinberlega birt, hlutlæg viðmið.

126) Til að gera gagnanotendum kleift að afla markaðsgagna án þess að þurfa að kaupa aðra þjónustu ættu markaðsgögn að vera boðin aðgreind frá annarri þjónustu. Til að komast hjá því að gagnanotendur greiði oftar en einu sinni fyrir sömu markaðsgögnin þegar gögn eru keypt frá mismunandi seljendum markaðsgagna, ætti að bjóða markaðsgögn á grundvelli notanda nema ef það myndi samsvara illa kostnaðinum af slíkri aðferð við að bjóða gögnin, með hliðsjón af umfangi og yfirgripi markaðsgagnanna sem viðurkennda birtingarþjónustan og þjónustan fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veitir.

127) Til að gera gagnanotendum og lögbærum yfirvöldum kleift að meta á skilvirkan hátt hvort markaðsgögn eru veitt á sanngjörnum viðskiptakjörum er nauðsynlegt að öll helstu skilyrði fyrir veitingu þeirra séu birt almenningi. Gagnaveitendur ættu þess vegna að birta upplýsingar um gjöld sín og efni markaðsgagnanna, sem og aðferðafræðina við útreikning á kostnaði sem notuð er til að ákvarða kostnað þeirra, án þess að þurfa að birta raunverulegan kostnað sinn.

128) Rétt þykir að setja viðmið fyrir ákvörðun um hvenær rekstur skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs telst hafa verulega þýðingu í gistiaðildarríki, þannig að komast megi hjá því að viðskiptavettvangur verði skyldugur til að taka mið af eða falla undir eftirlit fleiri en eins lögbærs yfirvalds þegar það er ekki nauðsynlegt samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Að því er varðar markaðstorg fjármálagerninga eða skipuleg markaðstorg þykir rétt að eingöngu markaðstorg fjármálagerninga og skipulögð markaðstorg sem eru með umtalsverða markaðshlutdeild teljist hafa verulega þýðingu, þannig að flutningur á eða yfirtaka á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi sem ekki er efnahagslega mikilvæg valdi ekki sjálfkrafa því að samstarfsfyrirkomulaginu sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sé komið á.

129) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (sáttmáli). Til samræmis við það ætti að túlka og beita þessari reglugerð í samræmi við þessi réttindi og meginreglur, einkum réttinn til verndar persónuupplýsingum, frelsi til atvinnurekstrar, réttinn til neytendaverndar, réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Við vinnslu allra persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að virða grundvallarréttindi, þ.m.t. réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttinn til verndar persónuupplýsinga skv. 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og að hún sé í samræmi við tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001.

130) Leitað hefur verið til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), um tæknilega ráðgjöf.

131) Í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum og verðbréfafyrirtækjum kleift að aðlaga sig að nýju kröfunum í þessari reglugerð, svo þeim sé beitt á skilvirkan og árangursríkan hátt, ætti fyrsti dagurinn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda að vera aðlagaður að gildistökudegi tilskipunar 2014/65/ESB.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Ákvæði II. kafla og 1.–4. þáttar, 59. gr. (4. mgr.) og 60. gr. og 6. og 8. þáttar í III. kafla og, að því marki sem þau tengjast þessum ákvæðum, ákvæði I. kafla og 9. þáttar í III. kafla og ákvæði IV. kafla þessarar reglugerðar gilda um rekstrarfélög í samræmi við 6. gr. (4. mgr.) tilskipunar 2009/65/EB og 6. gr. (6. mgr.) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([1]).

2. Tilvísanir til verðbréfafyrirtækja skulu ná til lánastofnana og tilvísanir til fjármálagerninga skulu ná til samsettra innstæðna að því er varðar allar kröfur sem um getur í 3. mgr. 1. gr. og 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og framkvæmdarákvæðum þeirra eins og getið er um í þessari reglugerð.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðkomandi aðili“: í tengslum við verðbréfafyrirtæki, eitthvað af eftirfarandi:

   a) stjórnarmaður, meðeigandi eða sambærilegur aðili, stjórnandi eða einkaumboðsmaður fyrirtækisins,

   b) stjórnarmaður, meðeigandi eða sambærilegur aðili eða stjórnandi hjá einkaumboðsmanni fyrirtækisins,

   c) starfsmaður fyrirtækisins eða einkaumboðsmanns fyrirtækisins og aðrir einstaklingar sem veita þjónustu í umboði og undir stjórn fyrirtækisins eða einkaumboðsmanns fyrirtækisins sem koma að því að veita fjárfestingarþjónustu fyrirtækisins eða annast fjárfestingarstarfsemi þess,

   d) einstaklingur sem kemur beint að því að veita verðbréfafyrirtækinu eða einkaumboðsmanni þess þjónustu samkvæmt útvistunarfyrirkomulagi sem er gagngert til að fyrirtækið geti veitt fjárfestingarþjónustu eða annast fjárfestingarstarfsemi.

2) „fjármálagreinandi“: aðili sem útbýr fjárfestingagreiningar efnislega.

3) „útvistun“: fyrirkomulag á hvaða formi sem er milli verðbréfafyrirtækis og þjónustuveitanda sem felur í sér að þjónustuveitandi tekur að sér framkvæmd ferlis, þjónustu eða starfsemi sem verðbréfafyrirtækið myndi ella annast sjálft.

3a) „einstaklingur sem tengdur er aðila fjölskylduböndum“ merkir eitthvað af eftirfarandi:

   a) maki aðila eða förunautur hans sem telst, samkvæmt landslögum, jafngilda maka,

   b) barn eða stjúpbarn viðkomandi aðila sem er á hans framfæri,

   c) annað skyldmenni aðila sem hefur búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár á þeim degi sem viðkomandi einkaviðskipti (e. *personal transaction*) fara fram.

4) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og þau eru skilgreind í 11. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ([2]).

5) „starfskjör“: öll form greiðslna eða fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings sem fyrirtæki láta af hendi beint eða óbeint til viðkomandi aðila sem veita viðskiptavinum fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

6) „hrávara“: hvers konar jafngengar (e. *fungible*) afurðir sem unnt er að afhenda, þ.m.t. málmar og málmgrýti og blendi þeirra, landbúnaðarafurðir og orka, svo sem raforka.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

3. gr.

Skilyrði sem gilda um veitingu upplýsinga

1. Þegar krafist er í reglugerð þessari að upplýsingar séu veittar á varanlegum miðli, eins og skilgreint er í 62. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skal verðbréfafyrirtækjum einungis heimilt að veita þær upplýsingar á öðrum varanlegum miðli en skriflega á pappír ef:

a) veiting upplýsinganna með þeim hætti er viðeigandi í þeim aðstæðum sem viðskiptin fara fram, eða munu fara fram, milli fyrirtækisins og viðskiptavinarins og

b) viðtakandi upplýsinganna kýs sérstaklega að fá þær með þeim hætti, þegar honum er boðið að velja á milli þess að fá upplýsingar á pappír og þessum öðrum varanlegum miðli.

2. Veiti verðbréfafyrirtæki viðskiptavini upplýsingar skv. 46., 47., 48., 49., 50. eða 66. gr. (3. mgr.) þessarar reglugerðar gegnum vefsetur, og upplýsingunum er ekki beint til viðskiptavinarins persónulega, skal verðbréfafyrirtækið tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðeigandi sé að veita upplýsingarnar á þeim varanlega miðli í þeim aðstæðum sem viðskiptin fara fram, eða munu fara fram, milli fyrirtækisins og viðskiptavinarins,

b) viðskiptavinurinn samþykki sérstaklega að upplýsingarnar séu veittar með þeim hætti,

c) viðskiptavinurinn sé upplýstur rafrænt um veffang vefsetursins og hvar á vefsetrinu má nálgast upplýsingarnar,

d) upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega,

e) ávallt sé unnt að nálgast upplýsingarnar á því vefsetri í þann tíma sem eðlilegt er að viðskiptavinurinn geti þurft að skoða þær.

3. Að því er varðar þessa grein telst miðlun upplýsinga með rafrænum fjarskiptum viðeigandi í þeim aðstæðum sem viðskiptin milli fyrirtækisins og viðskiptavinarins fara fram, eða munu fara fram, ef unnt er að sýna fram á að viðskiptavinurinn hafi reglulegan aðgang að Netinu. Litið skal á það sem sönnun í þessu sambandi ef viðskiptavinurinn gefur upp netfang í því skyni að sinna þessum viðskiptum.

4. gr.

Veiting fjárfestingarþjónustu með tilfallandi hætti

(Ákvæði 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Að því er varðar undanþáguna í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB telst fjárfestingarþjónusta veitt með tilfallandi hætti sem hluti af atvinnustarfsemi ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) náin og raunveruleg tengsl eru á milli starfseminnar og veitingar fjárfestingarþjónustu til sama viðskiptavinar, þannig að líta megi á fjárfestingarþjónustuna sem viðbót við meginatvinnustarfsemina,

b) veiting fjárfestingarþjónustu til viðskiptavina meginatvinnustarfseminnar er ekki ætlað að skapa kerfisbundna tekjulind fyrir aðilann sem stundar atvinnustarfsemina og

c) aðilinn sem stundar atvinnustarfsemina hvorki markaðssetur né kemur á framfæri á annan hátt möguleika hans á að veita fjárfestingarþjónustu, nema þegar viðskiptavinir eru upplýstir um hana sem viðbót við meginatvinnustarfsemina.

5. gr.

Heildsöluorkuafurðir sem gera verður upp efnislega

(Ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB verður að gera upp heildsöluorkuafurð efnislega (e. *physically*) þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) hún felur í sér ákvæði sem tryggja að aðilar samningsins hafi gert hæfilegar ráðstafanir til að geta afhent eða tekið á móti undirliggjandi hrávöru; samningur um jöfnun (e. *balancing*) við rekstraraðila flutningskerfisins á sviði raforku og gass telst vera hæfileg ráðstöfun ef samningsaðilum ber að tryggja efnislega afhendingu rafmagns eða gass.

b) hún felur í sér að kveðið sé á um skilyrðislausar, ótakmarkaðar og framfylgjanlegar skyldur samningsaðilanna til að afhenda og taka á móti undirliggjandi hrávöru,

c) hún heimilar hvorugum aðila að skipta út efnislegri afhendingu fyrir uppgjör með peningum,

d) skuldbindingarnar samkvæmt samningnum er ekki unnt að jafna á móti skuldbindingum samkvæmt öðrum samningum milli hlutaðeigandi aðila, með fyrirvara um réttindi samningsaðila til að skuldajafna skuldbindingar sínar til að inna af hendi peningagreiðslur.

Að því er varðar d-lið skal ekki telja rekstrarlega jöfnun (e. *operational netting*) á orku- og gasmörkuðum sem jöfnun á samningsskyldum á móti skyldum samkvæmt öðrum samningum.

2. Skilja ber rekstrarlega jöfnun sem tilgreiningu (e. *nomination*) á magni orku og gass sem farið er fram á að sé matað inn á flutningskerfi samkvæmt reglum eða að beiðni flutningskerfisstjóra eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB ([1]) fyrir aðila sem gegnir sams konar hlutverki og rekstraraðili flutningskerfis á landsvísu. Slík tilgreining magns á grundvelli rekstrarlegrar jöfnunar skal ekki lúta ákvörðunarvaldi samningsaðilanna.

3. Að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal telja til óviðráðanlegra atvika sérhvern óvenjulegan atburð eða aðstæður sem aðilar samnings hafa ekki stjórn á, sem ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að þeir geti séð fyrir eða komist hjá með viðeigandi og eðlilegri aðgæslu og sem koma í veg fyrir að annar eða báðir samningsaðilar uppfylli samningsskyldur sínar.

4. Að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal vangeta í góðri trú til uppgjörs taka til hvers atburðar eða aðstæðna, sem teljast ekki óviðráðanleg atvik eins og um getur í 3. mgr., eru skilgreind á hlutlægan og skýran hátt í samningsskilmálunum og koma í veg fyrir að annar eða báðir samningsaðilar, sem aðhefst/aðhafast í góðri trú, uppfylli samningsskyldur sínar.

5. Óviðráðanleg atvik eða vangeta í góðri trú til uppgjörs skulu ekki koma í veg fyrir að samningur teljist „gerður upp efnislega“ að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

6. Vanefndarákvæði sem kveða á um að aðili eigi rétt á fébótum komi til vanefnda eða efndabrests á samningnum skulu ekki koma í veg fyrir að samningurinn teljist „gerður upp efnislega“ í skilningi 6. töluliðar C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

7. Til afhendingaraðferða þeirra samninga sem teljast „gerðir upp efnislega“ í skilningi 6. töluliðar C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skulu a.m.k. teljast:

a) efnisleg afhending á viðkomandi hrávörum,

b) afhending skjals sem veitir eignarrétt á viðkomandi hrávörum eða viðkomandi magni þeirra hrávara sem um ræðir,

c) aðrar aðferðir til framsals eignarhaldslegs réttar í tengslum við viðkomandi magn af vörum án efnislegrar afhendingar þeirra, þ.m.t. tilkynningar, áætlunargerð eða tilgreining (e. *nomination*) til rekstraraðila orkuveitukerfis, sem veita móttakandanum rétt á viðkomandi magni vörunnar.

6. gr.

Orkuafleiðusamningar sem varða olíu og kol og heildsöluorkuafurðir

(Ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB merkir „orkuafleiðusamningur sem varðar olíu“ samningur þar sem undirliggjandi þátturinn er jarðolía af hvaða tagi sem er eða jarðolíugas, hvort heldur er fljótandi eða á gasformi, þ.m.t. afurðir, efnisþættir og afleiður af olíu og olíueldsneyti til flutninga, þ.m.t. með lífeldsneytisíblöndunarefni.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn á sviði raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

2. Að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB merkir „orkuafleiðusamningur sem varðar kol“ samningur þar sem undirliggjandi þátturinn er kol, sem eru skilgreind sem svart eða dökkbrúnt brennanlegt steinefni sem samanstendur af koluðu (e. *carbonised*) plöntuefni og er notað sem eldsneyti.

3. Að því er varðar 6. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB merkir „afleiðusamningur sem hefur eiginleika heildsöluorkuafurða“, eins og þær eru skilgreindar í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011, afleiður þar sem undirliggjandi þátturinn er rafmagn eða jarðgas, í samræmi við b- og d-lið 4. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

7. gr.

Aðrir afleiðugerningar

(Ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar 7. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB telst samningur sem ekki er stundarsamningur í samræmi við 2. mgr. og hefur ekki viðskiptalegan tilgang sbr. 4. mgr. hafa sömu eiginleika og aðrir afleiðugerningar ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) hann uppfyllir eitt af eftirfarandi viðmiðum:

   i. viðskipti með hann fara fram á viðskiptavettvangi í þriðja landi sem stundar sambærilega starfsemi og skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg,

   ii. skýrt er tekið fram að viðskipti með hann fari fram á eða falli undir reglur skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga, skipulegs markaðstorgs eða sambærilegs viðskiptavettvangs í þriðja landi,

   iii. hann jafngildir samningi sem viðskipti eru með á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi eða sambærilegum viðskiptavettvangi í þriðja landi, að því er varðar verð, lotu, afhendingardag og aðra samningsskilmála,

b) hann er staðlaður þannig að verðið, lotan, afhendingardagur og aðrir skilmálar séu einkum ákvarðaðir með vísun í verð, staðlaðar lotur eða staðlaða afhendingardaga sem eru birt reglulega.

2. Stundarsamningur í skilningi 1. mgr. merkir samningur um sölu á hrávöru, eign eða rétti með skilmálum sem kveða á um að afhending sé áformuð innan þess tímabils sem er lengra af eftirfarandi:

a) tveir viðskiptadagar,

b) tímabilið sem almennt er viðurkennt á markaðnum sem venjulegur afhendingartími viðkomandi hrávöru, eignar eða réttar.

Samningur skal ekki teljast stundarsamningur ef sameiginlegur skilningur ríkir á milli samningsaðila, óháð beinum skilmálum samningsins, um að fresta afhendingu undirliggjandi þáttar og að hún skuli ekki fara fram innan tímabilsins sem um getur í 2. mgr.

3. Að því er varðar 10. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([1]) skal afleiðusamningur sem tengist undirliggjandi þætti sem um getur í þeim þætti eða 8. gr. þessarar reglugerðar teljast hafa sömu eiginleika og aðrir afleiðugerningar ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) hann er gerður upp í reiðufé eða hægt er að gera hann upp í reiðufé ef einn eða fleiri aðilar kjósa það af annarri ástæðu en vanefndum eða öðrum atburði sem jafngildir uppsögn,

b) viðskipti með hann fara fram á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi, eða viðskiptavettvangi í þriðja landi sem stundar sambærilega starfsemi og skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg,

c) skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. eru uppfyllt að því er varðar þann samning.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

4. Samningur skal talinn hafa viðskiptalegan tilgang að því er varðar 7. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og ekki hafa sömu eiginleika og aðrir afleiðugerningar að því er varðar 7. og 10. tölulið C-þáttar þess viðauka ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) hann er gerður við eða af rekstraraðila eða umsjónaraðila orkuflutnings-, orkujöfnunar- eða leiðslukerfis,

b) hann er nauðsynlegur til að viðhalda jafnvægi milli orkubirgða og -notkunar á tilteknum tíma, þ.m.t. þegar varaaflgeta sem flutningskerfisstjóri, eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/72/ESB, hefur gert samning um er yfirfærð frá einum fyrirframsamþykktum veitanda jöfnunarþjónustu til annars fyrirframsamþykkts veitanda jöfnunarþjónustu með samþykki viðkomandi rekstraraðila flutningskerfis.

8. gr.

Afleiður skv. 10. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB

(Ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Auk afleiðusamninga sem sérstaklega er getið um í 10. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal afleiðusamningur falla undir ákvæði þess þáttar ef hann uppfyllir þau viðmið sem tilgreind eru í þeim þætti og í 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og tengist einhverju af eftirtöldu:

a) fjarskiptabandvídd,

b) geymslurými hrávöru,

c) flutningsgetu sem tengist hrávörum, hvort heldur er eftir línum, leiðslum eða öðrum leiðum, að undanskildum flutningsrétti sem tengist getu til raforkuflutnings milli svæða þegar til hans er stofnað á frummarkaðinum gagnvart eða af flutningskerfisstjóra eða aðilum sem koma fram sem þjónustuveitendur fyrir hans hönd og til að úthluta flutningsgetunni,

d) heimild, inneign, leyfi, rétti eða sambærilegri eign sem tengist beint afhendingu, dreifingu eða notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, nema þegar samningurinn fellur þegar undir C-þátt I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,

e) jarðfræðilegri, umhverfislegri eða annarri efnislegri breytu, nema ef samningurinn varðar einingar sem viðurkennt er að hlíti kröfum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([1]),

f) annarri jafngengri (e. *fungible*) eign eða rétti, að undanskildum rétti til þjónustu, sem unnt er að framselja,

g) vísitölu eða mælikvarða sem tengist verði, verðmæti eða magni viðskipta með eign, rétt, þjónustu eða skuldbindingu,

h) vísitölu eða mælikvarða sem byggist á tryggingafræðilegum tölfræðigögnum.

9. gr.

Fjárfestingarráðgjöf

(Ákvæði 4. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Að því er varðar skilgreininguna á „fjárfestingarráðgjöf“ í 4. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal persónuleg ráðlegging teljast ráðlegging til aðila sem er fjárfestir eða hugsanlegur fjárfestir, eða umboðsmaður fjárfestis eða hugsanlegs fjárfestis.

Ráðlegginguna skal setja fram þannig að hún hæfi viðkomandi aðila, eða byggjast á mati á aðstæðum þess aðila, og vera ráðlegging um að gera annað af eftirfarandi:

a) kaupa, selja, skrá sig fyrir, skipta, innleysa, halda/eiga eða sölutryggja tiltekinn fjármálagerning,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

b) nýta eða nýta ekki rétt, sem tiltekinn fjármálagerningur veitir, til að kaupa, selja, skrá sig fyrir, skipta eða innleysa fjármálagerning.

Ráðlegging skal ekki teljast persónuleg ráðlegging ef hún er eingöngu veitt almenningi.

10. gr.

Eiginleikar annarra afleiðusamninga sem varða gjaldmiðla

1. Að því er varðar 4. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skulu aðrir afleiðusamningar í tengslum við gjaldmiðil ekki teljast fjármálagerningar ef samningurinn er eitt af eftirfarandi:

a) stundarsamningur í skilningi 2. mgr. þessarar greinar,

b) greiðslumiðill sem:

i. verður að gera upp efnislega af annarri ástæðu en vanefndum eða öðrum atburði sem jafngildir uppsögn,

ii. stofnað er til af minnst einum aðila sem ekki er fjárhagslegur mótaðili í skilningi 8. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([1]),

iii. stofnað er til í því skyni að auðvelda greiðslu fyrir tilteknar vörur, þjónustu eða beina fjárfestingu, og

iv. viðskipti eru ekki með á viðskiptavettvangi.

2. Stundarsamningur að því er varðar 1. mgr. merkir samningur um skipti á einum gjaldeyri fyrir annan gjaldeyri, með skilmálum sem kveða á um að afhending sé áætluð innan þess tímabils sem er lengst af eftirfarandi:

a) tveir viðskiptadagar, sé um að ræða par einhverra þeirra helstu gjaldmiðla sem taldir eru upp í 3. mgr.,

b) fyrir öll gjaldmiðlapör þar sem a.m.k. annar gjaldmiðillinn er ekki einn af helstu gjaldmiðlum, það tímabil sem er lengra af tveimur viðskiptadögum og tímabilinu sem almennt er viðurkennt á markaðnum sem venjulegur afhendingartími fyrir það gjaldmiðlapar,

c) sé samningurinn um skipti á þessum gjaldmiðlum notaður í þeim megintilgangi að selja eða kaupa framseljanlegt verðbréf eða hlutdeildarskírteini í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, það tímabili sem almennt er viðurkennt á markaðnum fyrir uppgjör þess framseljanlega verðbréfs eða hlutdeildarskírteinis í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem venjulegur afhendingartími eða fimm viðskiptadagar, hvort heldur er styttra.

Samningur skal ekki teljast stundarsamningur sé til staðar samkomulag milli samningsaðila, óháð beinum skilmálum samningsins, um að fresta afhendingu gjaldeyrisins og að afhendingin fari ekki fram innan tímabilsins sem tilgreint er í fyrstu undirgrein.

3. Helstu gjaldmiðlar að því er varðar 2. mgr. skulu eingöngu vera Bandaríkjadalur, evra, japanskt jen, sterlingspund, Ástralíudalur, svissneskur franki, Kanadadalur, Hong Kong dalur, sænsk króna, nýsjálenskur dalur, singapúrskur dalur, norsk króna, mexíkóskur pesi, króatísk kúna, búlgarskt lef, tékknesk króna, dönsk króna, ungversk forinta, pólskt slot og rúmenskt lei.

4. Að því er varðar 2. mgr. merkir viðskiptadagur hver sá dagur sem venjubundin viðskipti eru stunduð í lögsögu beggja gjaldmiðla sem skipt er samkvæmt samningnum um skipti þeirra og í lögsögu þriðja gjaldmiðils ef eitthvert eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) skipti þeirra gjaldmiðla fela í sér umreikning þeirra gegnum þann þriðja gjaldmiðil vegna seljanleika,

b) staðlaður afhendingartími fyrir skipti þeirra gjaldmiðla miðast við lögsögu þess þriðja gjaldmiðils.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

11. gr.

Peningamarkaðsgerningar

(Ákvæði 17. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Til peningamarkaðsgerninga skv. 17. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu teljast ríkisvíxlar, innlánsskírteini, viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum og aðrir gerningar sem eru í stórum dráttum sambærilegir, ef þeir hafa eftirfarandi eiginleika:

a) unnt er að ákvarða virði þeirra hvenær sem er,

b) þeir eru ekki afleiður,

c) binditími þeirra við útgáfu er 397 dagar eða skemmri.

12. gr.

Innmiðlarar fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga

(Ákvæði 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skal teljast innmiðlari í skilningi 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar hvert hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða annan svipaðan fjármálagerning ef það á í viðskiptum fyrir eigin reikning í samræmi við eftirfarandi viðmið:

a) á tíðum og kerfisbundnum grunni með fjármálagerning sem virkur markaður er með eins og hann er skilgreindur í b-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ef eftirfarandi á við um næstliðna sex mánuði:

   i. fjöldi viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina jafngildir eða er meiri en 0,4% af heildarfjölda viðskipta í viðkomandi fjármálagerningi sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs á sama tímabili.

   ii. viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina í viðkomandi fjármálagerningi eiga sér stað daglega að meðaltali,

b) á tíðum og kerfisbundnum grunni með fjármálagerning sem ekki er virkur markaður með eins og hann er skilgreindur í b-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í á næstliðnum sex mánuðum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eiga sér stað daglega að meðaltali,

c) á umfangsmikinn hátt með fjármálagerninginn ef magn viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina er, á næstliðnum sex mánuðum, jafnt eða meira en annaðhvort:

   i. 15% af heildarveltu viðskipta í þeim fjármálagerningi sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina og framkvæmd eru á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs,

   ii. 0,4% af heildarveltu viðskipta í þeim fjármálagerningi sem framkvæmd er í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

13. gr.

Innmiðlarar fyrir skuldabréf

(Ákvæði 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skal teljast innmiðlari í skilningi 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar öll skuldabréf sem tilheyra flokki skuldabréfa sem sami aðili, eða aðili innan sömu samstæðu, gefur út ef það á í viðskiptum fyrir eigin reikning í tengslum við slíkt skuldabréf samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

a) á tíðum og kerfisbundnum grunni með skuldabréf sem virkur markaður er með eins og hann er skilgreindur í a-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ef eftirfarandi á við um næstliðna sex mánuði:

   i. fjöldi viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina jafngildir eða er meiri en 2,5% af heildarfjölda viðskipta í viðkomandi skuldabréfi sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs á sama tímabili,

ii. viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina í viðkomandi fjármálagerningi eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

b) á tíðum og kerfisbundnum grunni með skuldabréf sem ekki er virkur markaður með eins og hann er skilgreindur í b-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í á næstliðnum sex mánuðum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

c) í verulegum mæli með skuldabréf ef magn viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina er, á næstliðnum sex mánuðum, jafnt eða meira en annaðhvort af eftirfarandi:

i. 25% af heildarveltu viðskipta í því skuldabréfi sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina og framkvæmd eru á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs,

ii. 1% af heildarveltu viðskipta í því skuldabréfi sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

14. gr.

Innmiðlarar fyrir samsettar fjármálaafurðir

(Ákvæði 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skal teljast innmiðlari í skilningi 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar allar samsettar fjármálaafurðir sem tilheyra flokki samsettra fjármálaafurða sem sami aðili, eða aðili innan sömu samstæðu, gefur út ef það á í viðskiptum fyrir eigin reikning í tengslum við slíka samsetta fjármálaafurð, samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

a) á tíðum og kerfisbundnum grunni með samsetta fjármálaafurð sem virkur markaður er með eins og hann er skilgreindur í a-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ef eftirfarandi á við um næstliðna sex mánuði:

i. fjöldi viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina jafngildir eða er meiri en 4 % af heildarfjölda viðskipta í viðkomandi samsettri fjármálaafurð sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs á sama tímabili,

ii. viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina í viðkomandi fjármálagerningi eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

b) á tíðum og kerfisbundnum grunni með samsetta fjármálaafurð sem ekki er virkur markaður með eins og hann er skilgreindur í b-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í á næstliðnum sex mánuðum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

c) á umfangsmikinn hátt með samsetta fjármálaafurð ef magn viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina er, á næstliðnum sex mánuðum, jafnt eða meira en annaðhvort af eftirfarandi:

i. 30% af heildarveltu viðskipta í þeirri samsettu fjármálaafurð sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina og framkvæmd eru á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs,

ii. 2,25% af heildarveltu viðskipta í þeirri samsettu fjármálaafurð sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

15. gr.

Innmiðlarar fyrir afleiður

(Ákvæði 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skal teljast innmiðlari í skilningi 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar allar afleiður sem tilheyra flokki afleiðna ef það á í viðskiptum fyrir eigin reikning, í tengslum við slíka afleiðu, samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

a) á tíðum og kerfisbundnum grunni með afleiðu sem virkur markaður er með eins og hann er skilgreindur í a-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ef eftirfarandi á við um næstliðna sex mánuði:

i. fjöldi viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina jafngildir eða er meiri en 2,5% af heildarfjölda viðskipta í viðkomandi flokki afleiðna sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs á sama tímabili,

ii. viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina í viðkomandi flokki afleiðna eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

b) á tíðum og kerfisbundnum grunni með afleiðu sem ekki er virkur markaður með eins og hann er skilgreindur í b-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í á næstliðnum sex mánuðum með viðkomandi flokk afleiðna fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

c) á umfangsmikinn hátt með afleiðu ef magn viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina er, á næstliðnum sex mánuðum, jafnt eða meira en annaðhvort af eftirfarandi:

i. 25% af heildarveltu í þeim flokki afleiðna sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina og framkvæmd er á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs eða

ii. 1% af heildarveltu viðskipta í þeim flokki afleiðna sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

16. gr.

Innmiðlarar fyrir losunarheimildir

(Ákvæði 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skal teljast innmiðlari í skilningi 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar losunarheimildir ef það á í viðskiptum fyrir eigin reikning, í tengslum við slíkan gerning, samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

a) á tíðum og kerfisbundnum grunni með losunarheimild sem virkur markaður er með eins og hann er skilgreindur í a-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ef eftirfarandi á við um næstliðna sex mánuði:

i. fjöldi viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina jafngildir eða er meiri en 4 % af heildarfjölda viðskipta í viðkomandi tegund losunarheimilda sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs á sama tímabili,

ii. viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina um viðkomandi tegund losunarheimilda eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

b) á tíðum og kerfisbundnum grunni með losunarheimild sem ekki er virkur markaður með eins og hann er skilgreindur í b-lið 17. töluliðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef viðskiptin utan viðskiptavettvangs sem það á í á næstliðnum sex mánuðum með viðkomandi tegund losunarheimilda fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eiga sér stað einu sinni á viku að meðaltali,

c) á umfangsmikinn hátt með losunarheimild ef magn viðskipta utan viðskiptavettvangs sem það á í fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina er, á næstliðnum sex mánuðum, jafnt eða meira en annaðhvort af eftirfarandi:

i. 30% af heildarveltu viðskipta í þeirri tegund losunarheimilda sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina og framkvæmd eru á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs,

ii. 2,25% af heildarveltu viðskipta í þeirri tegund losunarheimilda sem framkvæmd eru í Sambandinu á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

17. gr.

Viðeigandi matstímabil

(Ákvæði 20. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Skilyrðin sem tilgreind eru í 12.–16. gr. skulu metin ársfjórðungslega á grundvelli gagna frá næstliðnum sex mánuðum. Matstímabilið skal hefjast á fyrsta virka degi mánaðanna janúar, apríl, júlí og október.

Nýlega útgefnir gerningar skulu einungis taldir með í matinu þegar söguleg gögn ná til a.m.k. þriggja mánaða tímabils ef um er að ræða hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga, og sex vikna tímabils ef um er að ræða skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir og afleiður.

18. gr.

Algrímsviðskipti

(Ákvæði 39. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Að því er varðar nánari skilgreiningu á algrímsviðskiptum í samræmi við 39. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal kerfi talið vera með takmörkuðum mannlegum afskiptum eða án þeirra ef sjálfvirkt kerfi tekur ákvarðanir um fyrirmælaferli eða ferli til bestunar á framkvæmd fyrirmæla á einhverju stigi þess sem setja af stað, búa til, beina eða framkvæma fyrirmæli/tilboð eða verðtilboð samkvæmt fyrirframákvörðuðum breytum.

19. gr.

Hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms

(Ákvæði 40. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Mikill fjöldi skilaboða innan dags sbr. 40. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu að meðaltali samanstanda af annaðhvort:

a) a.m.k. tveimur skilaboðum á sekúndu um stakan fjármálagerning sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi,

b) a.m.k. fjórum skilaboðum á sekúndu um alla fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu skilaboð sem varða fjármálagerninga sem virkur markaður er með í samræmi við 17. tölulið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 talin með við útreikninginn. Skilaboð sem send eru í þeim tilgangi að eiga í viðskiptum sem uppfylla viðmið 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu talin með við útreikninginn.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu skilaboð sem send eru í þeim tilgangi að eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning talin með við útreikninginn. Skilaboð sem send eru á grundvelli annarra viðskiptaaðferða en viðskipta fyrir eigin reikning skulu talin með við útreikninginn ef aðferð fyrirtækisins er með þeim hætti að komist sé hjá því að framkvæmdin eigi sér stað fyrir eigin reikning.

4. Að því er varðar 1. mgr. skal við útreikning á miklum fjölda skilaboða innan dags sem tengjast veitendum beins, rafræns aðgangs undanskilja skilaboð sem viðskiptavinir þeirra senda í gegnum beinan, rafrænan aðgang.

5. Að því er varðar 1. mgr. skulu viðskiptavettvangar hafa áætlanir aðgengilegar hlutaðeigandi fyrirtækjum, berist um það beiðni, um meðalfjölda skilaboða á sekúndu fyrir hvern mánuð, tveimur vikum eftir lok hvers almanaksmánaðar, sem tekur til allra skilaboða sem lögð hafa verið fram á næstliðnum 12 mánuðum.

20. gr.

Beinn rafrænn aðgangur

(Ákvæði 41. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Aðili skal talinn ófær um að senda tilboð sem varða fjármálagerning með beinum, rafrænum hætti beint til viðskiptavettvangs sbr. 41. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ef hann hefur ekki ákvörðunarvald um það nákvæmlega á hvaða sekúndubroti innsetning tilboðs fer fram og um gildistíma tilboðsins innan þess tímaramma.

2. Aðili skal talinn ófær um að senda bein rafræn tilboð ef sending þeirra á sér stað gegnum fyrirkomulag sem bestar framkvæmdarferlið, sem ákvarðar breytur tilboða aðrar en þær á hvaða vettvangi eða vettvöngum setja á inn tilboðið, nema þetta fyrirkomulag sé innbyggt í kerfi viðskiptavina aðilans og ekki inn í kerfi aðila eða þátttakanda á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða viðskiptavinar skipulegs markaðstorgs.

II. KAFLI

SKIPULAGSKRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Skipulag

21. gr.

Almennar skipulagskröfur

(Ákvæði 2. til 10. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu uppfylla eftirfarandi skipulagskröfur:

a) koma á, innleiða og viðhalda verklagi um ákvarðanatöku og skipuriti sem felur í sér að boðlínur séu tilgreindar á skýran og skjalfestan hátt og hlutverk og ábyrgð séu skilgreind,

b) tryggja að viðkomandi aðilum sé kunnugt um það verklag sem fylgja skal til að inna af hendi skyldur sínar með tilhlýðilegum hætti,

c) koma á, innleiða og viðhalda fullnægjandi kerfi innra eftirlits til að tryggja hlítingu við ákvarðanir og verklag á öllum stigum innan verðbréfafyrirtækisins,

d) hafa á að skipa starfsfólki með þá færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem er nauðsynleg til að gegna þeim skyldum sem því er falið,

e) koma á, innleiða og viðhalda skilvirkri innri skýrslugjöf og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi stigum innan verðbréfafyrirtækisins,

f) halda fullnægjandi og skipulegar skrár um starfsemi sína og innra skipulag,

g) tryggja að þegar viðkomandi aðilar sinna margþættum verkefnum sínum komi það ekki í veg fyrir, og sé ekki líklegt til að koma í veg fyrir, að þeir vinni einhver tiltekin verkefni sín á traustan, heiðarlegan og fagmannlegan hátt.

Að því er varðar hlítingu við kröfur þessarar málsgreinar skulu verðbréfafyrirtæki taka mið af eðli, umfangi og flækjustigi starfsemi þess sem og eðlis og fjölbreytileika þeirrar fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem stunduð er af fyrirtækinu.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda kerfum og verklagi sem eru fullnægjandi til að vernda öryggi, heilleika og trúnað upplýsinga, að teknu tilliti til eðlis viðkomandi upplýsinga.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda fullnægjandi stefnu um rekstrarsamfellu sem miðar að því að tryggja varðveislu mikilvægra gagna og virkni ef truflun á sér stað í kerfum þeirra eða verkferlum, og að fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sé viðhaldið og ef því verður ekki komið við, tryggja tímanlega endurheimt slíkra gagna og virkni og að fjárfestingarþjónusta og -starfsemi þeirra hefjist að nýju tímanlega.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda reikningsskilaaðferðum og verklagi sem gera þeim kleift að afhenda tímanlega lögbæru yfirvaldi, að beiðni þess, reikningsskil sem gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu þeirra og uppfylla gildandi reikningsskilastaðla og -reglur.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa eftirlit með og meta reglulega hvort kerfi þeirra, innra eftirlitskerfi og ráðstafanir sem komið er á í samræmi við 1.–4. mgr. séu fullnægjandi og skilvirkar og grípa til viðeigandi aðgerða til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

22. gr.

Regluvarsla

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda fullnægjandi stefnum og verklagi sem miða að því að greina hvers konar þeirrahættu á því að fyrirtækið uppfylli ekki skyldur sínar þeirra samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, sem og tengdar áhættur, og gera fullnægjandi ráðstafanir og koma á fót ferlum sem miða að því að lágmarka slíka áhættur og gera lögbærum yfirvöldum kleift að beita heimildum sínum á skilvirkan hátt samkvæmt þeirri tilskipun.

Verðbréfafyrirtæki skulu taka tillit til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi þeirra, sem og eðlis og fjölbreytileika fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem stunduð er af fyrirtækinu.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á og viðhalda varanlegri og skilvirkri regluvörslu sem er sjálfstæð og hefur eftirfarandi verkefni með höndum:

a) varanlegt eftirlit með og reglulegt mat á því hvort þær ráðstafanir, stefnur og verklag sem komið er á í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., og þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að taka á annmörkum á því að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar, séu fullnægjandi og skilvirkar

b) veita viðkomandi aðilum sem bera ábyrgð á veitingu fjárfestingarþjónustu og sjá um fjárfestingarstarfsemi ráðgjöf og aðstoð við að uppfylla skyldur fyrirtækisins samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB,

c) veita stjórn skýrslu, a.m.k. árlega, um framkvæmd og skilvirkni heildareftirlitskerfis vegna fjárfestingarþjónustu og –starfsemi, um áhættur sem hafa verið greindar og um meðferð kvartana sem og úrræði sem hefur verið eða verður gripið til,

d) fylgjast með verklagi við meðferð kvartana og meta kvartanir sem mikilvæga uppsprettu upplýsinga við rækslu á almennu eftirlitshlutverki regluvörslu.

Til að uppfylla a- og b-lið þessarar málsgreinar skal regluvarsla framkvæma mat sem áhættumiðuð eftirlitsáætlun skal byggja á, sem tekur mið af öllum sviðum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi og viðkomandi viðbótarþjónustu verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. upplýsingum sem safnað er við eftirlit með meðferð kvartana. Í eftirlitsáætluninni skulu forgangsatriði skilgreind út frá mati á regluvörsluáhættu til að tryggja ítarlegt eftirlit með regluvörsluáhættu.

3. Til þess að gera regluvörslu sem um getur í 2. mgr. kleift að rækja skyldur sínar á tilhlýðilegan og sjálfstæðan hátt skal verðbréfafyrirtæki tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) regluvarslan hafi nauðsynlegar valdheimildir, aðföng, sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,

b) stjórnin skipi og skipti út regluverði og beri ábyrgð á regluvörslueiningunni og allri skýrslugjöf um regluvörslu sem krafist er samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar,

c) sértækar skýrslur regluvörslu séu sendar beint til stjórnar eftir þörfum þegar regluvarsla verður vör við verulega regluvörsluáhættu hjá fyrirtækinu vegna skyldna þess samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB,

d) viðkomandi aðilar sem komi að regluvörslu taki ekki þátt í að veita þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með,

e) aðferðin við að ákvarða starfskjör viðkomandi aðila sem koma að regluvörslu ógni ekki hlutlægni þeirra og sé ekki líkleg til að gera það.

4. Verðbréfafyrirtæki skal ekki skylt að uppfylla ákvæði d- eða e-liðar 3. mgr. ef það getur sýnt fram á að í ljósi eðlis, umfangs og flækjustigs rekstrar síns og eðlis og fjölbreytileika fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sinnar séu kröfur d- eða e-liðar óhóflegar og regluvarsla þess verði áfram skilvirk. Í slíkum tilvikum skal verðbréfafyrirtækið meta hvort skilvirkni regluvörslunnar sé ógnað. Matið skal endurskoða reglulega.

23. gr.

Áhættustýring

(Ákvæði 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu gera eftirfarandi ráðstafanir í tengslum við áhættustýringu:

a) koma á, innleiða og viðhalda viðunandi áhættustýringarstefnum og -ferlum til að greina áhættu í tengslum við starfsemi, ferla og kerfi fyrirtækisins og, eftir því sem við á, ákvarða áhættuþol fyrirtækisins,

b) taka upp skilvirkar ráðstafanir, verklag og fyrirkomulag til stýringar á áhættu í tengslum við starfsemi, ferla og kerfi fyrirtækisins, í ljósi þeirra áhættuþolmarka,

c) hafa eftirlit með eftirfarandi:

i. að áhættustýringarstefnur og -ferli verðbréfafyrirtækisins séu fullnægjandi og skilvirk,

ii. regluvörslu verðbréfafyrirtækisins og viðkomandi aðila þess við fyrirkomulagið, ferlana og kerfin sem komið er á í samræmi við b-lið,

iii. að ráðstafanir sem gerðar eru til að ráða bót á hvers konar annmörkum í slíkum stefnum, starfsreglum, fyrirkomulagi, ferlum og kerfum séu fullnægjandi og skilvirkar, þ.m.t. ef misbrestur verður á því hjá viðkomandi aðilum að fylgja slíkum ráðstöfunum, verklagi og fyrirkomulagi eða fylgja slíkum stefnum og starfsreglum.

2. Verðbréfafyrirtæki skal koma á fót og viðhalda sjálfstæðri áhættustýringareiningu þegar við á og það er hæfilegt með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs rekstrar þess og eðlis og fjölbreytileika fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem stunduð er af fyrirtækinu, sem hefur eftirfarandi með höndum:

a) framkvæmd stefnu og starfsreglna sem um getur í 1. mgr.,,

b) að gefa framkvæmdastjórn skýrslur og ráðgjöf í samræmi við 2. mgr. 25. gr..

Ef verðbréfafyrirtæki kemur ekki á fót áhættustýringareiningu samkvæmt fyrstu undirgrein skal það, berist um það beiðni, geta sýnt fram á að þær stefnur og starfsreglur sem það hefur sett í samræmi við 1. mgr. uppfylli þær kröfur sem þar er mælt fyrir um.

24. gr.

Innri endurskoðun

(Ákvæði 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skulu koma á fót og viðhalda sjálfstæðri einingu sem er aðskilin frá öðrum einingum og annarri starfsemi fyrirtækisins, eftir því sem við á og hæfilegt er með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs rekstrar þeirra og eðlis og fjölbreytileika þeirrar fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem stunduð er af fyrirtækinu, sem hefur eftirfarandi með höndum:

a) að koma á, innleiða og viðhalda endurskoðunaráætlun til að kanna og meta hvort kerfi, innra eftirlitskerfi og ráðstafanir verðbréfafyrirtækisins séu fullnægjandi og skilvirk,

b) að gefa út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu vinnu sem unnin er í samræmi við a-lið og sannreyna að þessum tilmælum sé fylgt,

c) að gefa skýrslur um innri endurskoðun í samræmi við 2. mgr. 25. gr.

25. gr.

Ábyrgðarsvið framkvæmdastjórnar

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Við verkaskiptingu innan verðbréfafyrirtækis skal tryggja að framkvæmdastjórn og eftir atvikum, eftirlitseining, þ.e. stjórn, beri ábyrgð á að tryggja að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Einkum skal framkvæmdastjórn og eftir atvikum, eftirlitseiningunni, skylt að meta og reglulega endurskoða skilvirkni þeirra stefna, fyrirkomulags og ferla sem komið er á til að uppfylla skyldurnar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum þar að lútandi.

Við úthlutun mikilvægra starfssviða meðal framkvæmdastjóra skal skilgreint á skýran hátt hver ber ábyrgð á hafa umsjón með og viðhalda skipulagskröfum fyrirtækisins. Skráningum um úthlutun mikilvægra hlutverka skal haldið uppfærðum..

2. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að framkvæmdastjórn þeirra fái tíðar skriflegar skýrslur, a.m.k. árlega, um málefni sem ákvæði 22., 23. og 24. gr. taka til, og skulu í þeim skýrslum fjalla sérstaklega um hvort viðeigandi úrbætur hafi verið gerðar í tilvikum þar sem annmarkar hafa fundist

3. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að eftirlitseining, þ.e. stjórn, fái reglulega skriflegar skýrslur um þau málefni sem ákvæði 22., 23. og 24. gr. taka til.

4. Í þessari grein merkir eftirlitseining sú starfseining innan verðbréfafyrirtækis sem ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmdastjórn þess.

26. gr.

Meðferð kvartana

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda skilvirkum og gagnsæjum reglum og ferlum fyrir meðferð kvartana svo afgreiða megi kvartanir frá viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum með skjótum hætti. Verðbréfafyrirtæki skulu halda skrá yfir mótteknar kvartanir og þær aðgerðir sem gripið er til við úrlausn þeirra.

Reglur um meðferð kvartana skulu veita skýrar, nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um ferla fyrir meðferð þeirra. Stjórn fyrirtækisins skal samþykkja þessar reglur.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu birta nákvæmar upplýsingar um ferla sem fylgja skal við meðferð kvartana. Þar á meðal skulu vera reglur fyrirtækisins um meðferð kvartana og upplýsingar um leiðir til að hafa samband við þá starfseiningu sem sér um meðferð kvartana. Upplýsingarnar skulu veittar viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum, samkvæmt beiðni, og þegar móttaka kvörtunar er staðfest. Verðbréfafyrirtæki skulu gera viðskiptavinum og hugsanlegum viðskiptavinum kleift að leggja fram kvartanir endurgjaldslaust.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á fót starfseiningu um meðferð kvartana sem sér um rannsókn kvartana. Regluvarslan getur einnig gegnt þessu hlutverki.

4. Við afgreiðslu kvörtunar skulu verðbréfafyrirtæki eiga samskipti við viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini á einföldu máli sem auðvelt er að skilja og svara kvörtuninni án ótilhlýðilegrar tafar.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu gera viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum grein fyrir afstöðu fyrirtækisins til kvörtunarinnar og upplýsa þá um valkosti þeirra, þ.m.t. að þeim kunni að standa til boða að vísa kvörtuninni til úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla, eins og hann er skilgreindur í h-lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB ([1]) um lausn deilumála neytenda utan dómstóla (ADR), eða að höfða einkamál.

6. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðkomandi lögbærum yfirvöldum og, þegar við á samkvæmt landslögum, úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla upplýsingar um kvartanir og meðferð þeirra.

7. Regluvarsla verðbréfafyrirtækja skal greina kvartanir og gögn um meðferð kvartana til að tryggja að komið sé auga á og ráðin bót á hvers konar áhættum og álitamálum.

27. gr.

Starfskjarastefna og -venjur

(Ákvæði 16., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu skilgreina og innleiða starfskjarastefnu og starfshætti í innra verklag þeirra, að teknu tilliti til hagsmuna allra viðskiptavina fyrirtækisins, með það fyrir augum að tryggja að viðskiptavinir hljóti sanngjarna meðferð og hagsmunir þeirra skaðist ekki vegna starfskjaravenja sem fyrirtækið tekur upp, hvort sem til skamms, meðal- eða langs tíma er litið.

Starfskjarastefnur og -venjur skal útfæra þannig að ekki séu skapaðir hagsmunaárekstrar eða hvatar sem geta valdið því að viðkomandi aðili hyglir eigin hagsmunum eða hagsmunum fyrirtækisins sem hefur mögulega í för með sér skaða á hagsmunum viðskiptavinar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (Tilskipun um lausn deilumála neytenda utan dómstóla (ADR)) (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 63):

2. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að starfskjarastefna og -venjur þeirra gildi um alla viðkomandi aðila sem hafa bein eða óbein áhrif á fjárfestingar- og viðbótarþjónustu sem verðbréfafyrirtækið veitir eða á hegðun fyrirtækisins, óháð tegund viðskiptavina, að því marki sem starfskjör slíkra viðkomandi aðila og svipaðir hvatar geta valdið hagsmunaárekstrum sem ýta undir að þeir gangi gegn hagsmunum viðskiptavina fyrirtækisins.

3. Stjórn verðbréfafyrirtækisins skal samþykkja starfskjarastefnu þess að fengnum ráðleggingum regluvörslu. Framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækisins ber ábyrgð á daglegri framkvæmd starfskjarastefnunnar og eftirliti með regluvörsluáhættu í tengslum við stefnuna.

4. Starfskjör og svipaðir hvatar skulu ekki byggja eingöngu eða aðallega á megindlegum viðskiptalegum viðmiðum, heldur skal tekið fullt tillit til viðeigandi eigindlegra viðmiða sem endurspegla hlítingu við gildandi reglur, sanngjarna meðferð viðskiptavina og gæði þjónustu við viðskiptavini.

Ávallt skal viðhalda jafnvægi á milli fastra og breytilegra þátta í starfskjörum þannig að uppbygging starfskjara hygli ekki hagsmunum verðbréfafyrirtækisins eða viðkomandi aðilum þess á kostnað hagsmuna nokkurs viðskiptavinar.

28. gr.

Skilgreining á einkaviðskiptum

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Að því er varðar ákvæði 29. og 37. gr. eru einkaviðskipti viðskipti með fjármálagerning af hálfu eða fyrir hönd viðkomandi aðila þegar a.m.k. eitt eftirfarandi viðmiða er uppfyllt:

a) viðkomandi aðili er utan þess verksviðs sem heyrir undir starf hans,

b) viðskiptin fara fram fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:

   i. viðkomandi aðilans

   ii. aðila sem hann er tengdur fjölskylduböndum eða í nánum tengslum við,

   iii. aðila sem viðkomandi aðilinn hefur verulegra beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta að því er varðar niðurstöðu viðskiptanna, annarra en að fá gjald eða þóknun fyrir framkvæmd viðskiptanna.

29. gr.

Einkaviðskipti

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda fullnægjandi fyrirkomulagi sem miðar að því að koma í veg fyrir þá háttsemi sem fjallað er um í 2., 3. og 4. mgr. í tilvikum þar sem viðkomandi aðili er viðriðinn aðstæður sem geta valdið hagsmunaárekstrum eða hefur aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem varða viðskiptavini eða viðskipti við eða fyrir viðskiptavini í krafti starfa hans fyrir fyrirtækið.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að viðkomandi aðili stofni ekki til einkaviðskipta sem uppfylla eitt eða fleiri af eftirfarandi viðmiðum:

a) aðilanum er bannað að stofna til þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014,

b) þau fela í sér misnotkun eða ótilhlýðilega birtingu á trúnaðarupplýsingum,

c) þau stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldu verðbréfafyrirtækisins samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að viðkomandi aðilar veiti hvorki aðilum ráðgjöf né mæli með viðskiptum með fjármálagerninga sem 2. mgr. eða a- eða b-liður 2. mgr. 37. gr. eða 3. mgr. 67. gr. ná yfir ef um einkaviðskipti þeirra væri að ræða, nema það sé viðeigandi fyrir starf þeirra, eða er samkvæmt samningi um þjónustu.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja, án áhrifa á gildi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, að viðkomandi aðilar láti ekki öðrum aðila í té upplýsingar eða álit nema í eðlilegu sambandi við starf þeirra eða samning um þjónustu, ef viðkomandi aðilar vita eða ættu með réttu að vita að það verður til þess að hinn aðilinn muni eða sé líklegur til að gera annaðhvort af eftirfarandi:

a) eiga í viðskiptum með fjármálagerninga sem myndu falla undir 2. eða 3. mgr. eða a- eða b-lið 2. mgr. 37. gr. eða 3. mgr. 67. gr. ef um væri að ræða einkaviðskipti viðkomandi aðilans,

b) ráðleggja eða hvetja annan einstaklingi til að eiga í slíkum viðskiptum.

5. Fyrirkomulagið sem krafist er í 1. mgr. skal miða að því að tryggja að:

a) hverjum viðkomandi aðila sem fellur undir 1., 2., 3. og 4. mgr. sé kunnugt um takmarkanir á einkaviðskiptum og um þær ráðstafanir sem verðbréfafyrirtækið gerir í tengslum við einkaviðskipti og upplýsingagjöf, í samræmi við 1., 2., 3. og 4. mgr.,

b) fyrirtækinu sé tafarlaust gert viðvart um öll einkaviðskipti sem viðkomandi aðili á í, annaðhvort með tilkynningu um viðskiptin eða með öðrum leiðum sem gera fyrirtækinu kleift að bera kennsl á slík viðskipti,

c) haldin sé skrá um einkaviðskipti sem fyrirtækinu er tilkynnt um eða það ber kennsl á, þ.m.t. allar heimildir eða bönn í tengslum við slík viðskipti.

Þegar um er að ræða útvistunarsamninga skal verðbréfafyrirtækið tryggja að fyrirtækið sem starfsemin er útvistuð til haldi skrá yfir einkaviðskipti sem hver viðkomandi aðili á í og veiti verðbréfafyrirtækinu þessar upplýsingar tafarlaust sé þess farið á leit.

6. Ákvæði 1.-5. mgr. gilda ekki um eftirfarandi einkaviðskipti:

a) einkaviðskipti sem eru framkvæmd eru í virkri eignastýringu (e. *discretionary portfolio management*), án samskipta um viðskiptin milli stjórnanda eignasafnsins og viðkomandi aðilans eða annars aðila ef viðskiptin eru framkvæmd fyrir reikning hans,

b) einkaviðskipti í verðbréfasjóðum (UCITS) eða sérhæfðum sjóðum sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögum aðildarríkis sem krefjast sambærilegrar áhættudreifingar á eignum þeirra, svo fremi sem viðkomandi aðilinn og/eða annar aðili ef viðskiptin fara fram fyrir reikning hans, eru ekki viðriðnir stjórnun viðkomandi sjóðs.

2. ÞÁTTUR

Útvistun

30. gr.

Skilgreining nauðsynlegra og mikilvægra rekstrarþátta

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. og fyrstu undirgreinar 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar fyrstu undirgrein 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal rekstrarþáttur teljast nauðsynlegur eða mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd hans myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á getu verðbréfafyrirtækis til að uppfylla með viðvarandi hætti skyldur og skilyrði fyrir starfsleyfi þess eða aðrar skyldur þess samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, eða á fjárhagslega afkomu þess eða styrkleika og samfellu í fjárfestingarþjónustu og –starfsemi þess.

2. Án þess að hafa áhrif á vægi annarra skulu eftirfarandi rekstrarþættir ekki taldir nauðsynlegir eða mikilvægir að því er varðar 1. mgr.:

a) veiting ráðgjafarþjónustu til fyrirtækisins og önnur þjónusta sem er ekki hluti af fjárfestingarstarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. lögfræðiráðgjöf til fyrirtækisins, þjálfun starfsfólks fyrirtækisins, reikningagerð og öryggisvarsla í húsakynnum fyrirtækisins og hjá starfsfólki þess,

b) kaup á staðlaðri þjónustu, þ.m.t. markaðsupplýsingum og gagnastraumi verðupplýsinga.

31. gr.

Útvistun nauðsynlegra eða mikilvægra rekstrarþátta

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. og fyrstu undirgreinar 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem útvistar nauðsynlegum eða mikilvægum rekstrarþáttum skulu áfram bera fulla ábyrgð á því að gegna öllum skyldum sínum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) að útvistunin leiði ekki til þess að framkvæmdastjórn feli öðrum ábyrgð sína,

b) að samband og skyldur verðbréfafyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum sínum samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB breytist ekki,

c) að ekki sé grafið undan starfsleyfisskilyrðum sem verðbréfafyrirtækið verður að uppfylla til að fá og halda starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

d) að engin önnur skilyrði sem eru forsendur starfsleyfis fyrirtækisins falli brott eða breytist.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu sýna tilhlýðilega færni, aðgát og kostgæfni þegar þau stofna til, hafa umsjón með eða segja upp hvers konar fyrirkomulagi útvistunar nauðsynlegra eða mikilvægra rekstrarþátta til þjónustuveitanda og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þjónustuveitandinn hafi hæfni, getu, nægileg aðföng og viðeigandi skipurit sem styður við framkvæmd á útvistuðum rekstrarþáttum, og hafi öll starfsleyfi sem lög krefjast til að framkvæma útvistaða rekstrarþætti á áreiðanlegan og fagmannlegan hátt,

b) þjónustuveitandinn inni útvistaða þjónustu af hendi á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur, og fyrirtækið hafi í því skyni tekið upp aðferðir og komið á ferlum til að meta frammistöðu þjónustuveitandans og endurskoða á viðvarandi grundvelli þá þjónustu sem hann veitir,

c) þjónustuveitandinn hafi tilhlýðilegt eftirlit með framkvæmd útvistaðra rekstrarþátta og stýri á fullnægjandi hátt áhættum sem tengjast útvistuninni,

d) gripið sé til viðeigandi aðgerða ef svo virðist sem þjónustuveitandinn sinni ekki rekstrarþáttunum á skilvirkan hátt eða í samræmi við gildandi lög og reglur,

e) verðbréfafyrirtækið hafi skilvirkt eftirlit með hinum útvistuðu rekstrarþáttum eða þjónustu og stýri þeim áhættum sem tengjast útvistuninni, og hafi áfram á að skipa starfsfólki með nauðsynlega sérfræðiþekkingu og aðföng til að hafa eftirlit með hinum útvistuðu starfsþáttum á skilvirkan hátt og til að stýra þessum áhættum,

f) þjónustuveitandinn upplýsi verðbréfafyrirtækið um alla þróun sem gæti haft veruleg áhrif á getu hans til að sinna hinum útvistuðu rekstrarþáttum á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur,

g) verðbréfafyrirtækið geti sagt upp fyrirkomulaginu um útvistun ef nauðsyn krefur, og öðlist þá uppsögnin gildi þegar í stað þegar það er í þágu viðskiptavina þess, án þess að skaða gæði eða samfellu í þjónustu sem það veitir viðskiptavinum sínum,

h) þjónustuveitandinn vinni með lögbærum yfirvöldum verðbréfafyrirtækisins í tengslum við hina útvistuðu rekstrarþætti,

i) verðbréfafyrirtækið, endurskoðendur þess og viðkomandi lögbær yfirvöld hafi greiðan aðgang að gögnum sem tengjast hinum útvistuðu rekstrarþáttum og að viðkomandi starfsstöð þjónustuveitandans, sé það nauðsynlegt fyrir skilvirkt eftirlit í samræmi við þessa grein, og lögbær yfirvöld geti nýtt sér þennan aðgangsrétt,

j) þjónustuveitandinn verndi allar trúnaðarupplýsingar er varða verðbréfafyrirtækið og viðskiptavini þess,

k) verðbréfafyrirtækið og þjónustuveitandinn hafi komið á, innleitt og viðhaldið viðbúnaðaráætlun vegna stóráfalla og reglubundnum prófunum á varakerfum (e. *back-up facilities*), ef nauðsynlegt er með tilliti til þess rekstrarþáttar, þjónustu eða starfsemi sem hefur verið útvistað,

l) verðbréfafyrirtækið hafi tryggt samfellu og gæði hinna útvistuðu rekstrarþátta eða þjónustu komi til uppsagnar á útvistuninni, annaðhvort með því að færa hina útvistuðu rekstrarþætti eða þjónustu til annars þriðja aðila eða annast þá sjálft.

3. Sérhver réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja og þjónustuveitanda skal afmarka með skýrum hætti og tilgreina í skriflegum samningi. Einkum skal verðbréfafyrirtækið halda rétti sínum til að gefa fyrirmæli og til uppsagnar, rétti sínum til upplýsinga og rétti sínum til eftirlitsskoðana og aðgengis að bókhaldi og starfsstöðvum. Samningurinn skal tryggja að útvistun af hálfu þjónustuveitandans sé háð skriflegu samþykki verðbréfafyrirtækisins.

4. Tilheyri verðbréfafyrirtækið og þjónustuveitandinn sömu samstæðu er verðbréfafyrirtækinu heimilt, í því skyni að uppfylla ákvæði þessarar greinar og 32. gr., að taka tillit til þess að hve miklu leyti fyrirtækið hefur yfirráð yfir þjónustuveitandanum eða getur haft áhrif á aðgerðir hans.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu, samkvæmt beiðni, hafa allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu sem gera þeim kleift að hafa eftirlit með því að við framkvæmd útvistaðra rekstrarþátta sé farið að kröfum tilskipunar 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstafanna hennar.

32. gr.

Þjónustuveitendur sem staðsettir eru í þriðju löndum

(Ákvæði 2. mgr. 16. gr. og fyrstu undirgreinar 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Til viðbótar þeim kröfum sem settar eru fram í 31. gr. skal verðbréfafyrirtæki sem útvistar rekstrarþáttum sem tengjast veitingu eignastýringarþjónustu til þjónustuveitanda sem staðsettur er í þriðja landi tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þjónustuveitandinn hafi starfsleyfi eða sé skráður í heimalandi sínu til að veita þá þjónustu og lúti skilvirku eftirliti lögbærs yfirvalds í því þriðja landi,

b) gerður hafi verið viðeigandi samstarfssamningur milli lögbærs yfirvalds verðbréfafyrirtækisins og eftirlitsyfirvalds þjónustuveitandans.

2. Samstarfssamningurinn sem um getur í b-lið 1. mgr. skal tryggja að lögbær yfirvöld verðbréfafyrirtækisins geti a.m.k.:

a) aflað nauðsynlegra upplýsinga eftir beiðni, til að inna af hendi eftirlitsverkefni sín samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014,

b) fengið aðgang að þeim gögnum sem skipta máli fyrir framkvæmd eftirlitsverkefna þeirra og geymd eru í þriðja landinu,

c) móttekið upplýsingar frá eftirlitsyfirvaldinu í þriðja landinu eins skjótt og unnt er til rannsóknar á augljósum brotum á kröfum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstafana hennar og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

d) átt samstarf um framfylgd, í samræmi við lands- og alþjóðalög sem gilda um eftirlitsyfirvald þriðja landsins og lögbæru yfirvöldin í Sambandinu, komi til brota á kröfum tilskipunar 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstafanna hennar og viðkomandi landslögum.

3. Lögbær yfirvöld skulu birta á vefsetri sínu lista yfir eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum sem þau hafa gert samstarfssamning við eins og um getur í b-lið 1. mgr.

Lögbær yfirvöld skulu uppfæra samstarfssamninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar innan sex mánaða frá þeim degi.

3. ÞÁTTUR

Hagsmunaárekstrar

33. gr.

Hagsmunaárekstrar sem geta mögulega skaðað viðskiptavin

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr. og 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Í því skyni að greina þær tegundir hagsmunaárekstra sem skapast við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, eða blöndu af hvoru tveggja, og sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavinar skal verðbréfafyrirtæki að lágmarki meta hvort einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við um verðbréfafyrirtækið eða viðkomandi aðila, eða um aðila sem er beint eða óbeint tengdur fyrirtækinu gegnum yfirráð, hvort sem það er vegna veitingar fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða fjárfestingastarfsemi eða annars:

a) líklegt sé að fyrirtækið eða sá aðili njóti fjárhagslegs ávinnings, eða komist hjá fjárhagslegu tapi, á kostnað viðskiptavinar,

b) fyrirtækið eða sá aðili eigi aðra hagsmuni undir en viðskiptavinur af niðurstöðu þjónustu sem veitt er viðskiptavini eða viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinarins,

c) fyrirtækið eða sá aðili hafi fjárhagslegan eða annan hvata til að setja hagsmuni eins viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum annars viðskiptavinar,

d) fyrirtækið eða sá aðili stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur,

e) fyrirtækið eða sá aðili taki við eða muni taka við hvatagreiðslu í formi peningalegs eða ópeningalegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.

34. gr.

Reglur um hagsmunaárekstra

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr. og 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda skilvirkum, skriflegum reglum um hagsmunaárekstra í samræmi við stærð og skipulag fyrirtækisins og eðli, umfang og flækjustig starfseminnar.

Sé fyrirtækið hluti af samstæðu skulu reglurnar einnig taka mið af hvers konar aðstæðum sem fyrirtækinu er eða ætti að vera kunnugt um og gætu leitt til hagsmunaárekstra vegna skipulags og starfsemi annarra aðila í samstæðunni.

2. Reglur um hagsmunaárekstra skv. 1. mgr. skulu fela í sér eftirfarandi:

a) í þeim skal koma fram greining, með hliðsjón af þeirri tilteknu fjárfestingarþjónustu og -starfsemi og viðbótarþjónustu sem er veitt og stunduð af eða fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins, á þeim aðstæðum sem valda eða kunna að valda hagsmunaárekstrum sem fela í sér hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist,

b) þær skulu tilgreina verklag sem fylgja skal og ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra.

3. Verklagið og ráðstafanirnar sem um getur í b-lið 2. mgr. skulu miða að því að tryggja að viðkomandi aðilar sem sinna mismunandi störfum sem fela í sér hagsmunaárekstra af þeirri tegund sem tilgreind er í a-lið 2. mgr. sinni störfunum af tilhlýðilegu óhæði miðað við stærð og starfsemi verðbréfafyrirtækisins og samstæðunnar sem það tilheyrir, og miðað við áhættuna á því að hagsmunir viðskiptavina skaðist.

Að því er varðar b-lið 2. mgr. skal það verklag sem fylgja skal og ráðstafanir sem gera skal fela a.m.k. í sér þau atriði á eftirfarandi lista sem eru nauðsynleg til að fyrirtækið geti tryggt nauðsynlegt óhæði:

a) skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir eða stýra upplýsingaskiptum milli viðkomandi aðila sem sinna störfum sem fela í sér hættu á hagsmunaárekstri, ef upplýsingaskiptin kunna að skaða hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina,

b) sérstakt eftirlit með viðkomandi aðilum sem hafa það meginhlutverk að sinna starfsemi fyrir hönd viðskiptavina eða veita viðskiptavinum þjónustu, sem eiga hagsmuna að gæta sem stangast geta á, eða sem á annan hátt fara fyrir mismunandi hagsmunum er stangast geta á, þ.m.t. fyrirtækisins,

c) afnám allra beinna tengsla milli starfskjara viðkomandi aðila sem sinna aðallega störfum á tilteknu verksviði og starfskjara annarra viðkomandi aðila sem sinna aðallega störfum á öðrum verksviðum, eða milli tekna sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra getur komið í tengslum við þessi verksvið,

d) ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka óviðeigandi áhrif nokkurs aðila á það hvernig viðkomandi aðili sinnir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða starfsemi,

e) ráðstafanir til að takmarka eða stýra þeim tilvikum þar sem viðkomandi aðili tekur þátt samtímis, eða í beinu framhaldi, í mismunandi fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða starfsemi ef slík þátttaka kann að skaða viðhlítandi stýringu hagsmunaárekstra.

4. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að upplýsingagjöf til viðskiptavina, sbr. 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, sé þrautavaraúrræði sem eingöngu skal notað ef skilvirkar skipulags- og stjórnunarráðstafanir sem verðbréfafyrirtækið kemur á til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra þess, í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, duga ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist.

Í upplýsingunum skal það koma skýrt fram að skipulags- og stjórnunarráðstafanirnar sem verðbréfafyrirtækið hefur komið á til að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra dugi ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist. Í upplýsingunum skal vera sérstök lýsing á þeim hagsmunaárekstrum sem skapast við að veita fjárfestingar- og/eða viðbótarþjónustu, að teknu tilliti til eðlis viðskiptavinarins sem upplýsingarnar eru veittar. Í lýsingunni skal útskýra almennt eðli og upptök hagsmunaárekstra, sem og áhættuna fyrir viðskiptavininn sem leiðir af hagsmunaárekstrum og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þessari áhættu, á nægjanlega ítarlegan hátt til að gera viðkomandi viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingar- eða viðbótarþjónustuna sem hagsmunaárekstrarnir varða.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu meta og endurskoða reglulega, í það minnsta árlega, reglur um hagsmunaárekstra sem settar eru í samræmi við 1. til 4. mgr. og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum. Það að reiða sig um of á upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra skal teljast annmarki á reglum verðbréfafyrirtækisins um hagsmunaárekstra..

35. gr.

Skráning á þjónustu eða starfsemi sem veldur skaðlegum hagsmunaárekstrum

(Ákvæði 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skulu halda og uppfæra reglulega skrá yfir þær tegundir fjárfestingar- og viðbótarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem er veitt og stunduð af eða fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins þar sem hagsmunaárekstur hefur skapast, eða sem getur skapast ef um er að ræða samfellda þjónustu eða starfsemi, þar sem hætta er á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist.

Framkvæmdastjórn skal fá tíðar skriflegar skýrslur, a.m.k. árlega, um aðstæður sem um getur í þessari grein.

36. gr.

Fjárfestingagreiningar og markaðsefni

(Ákvæði 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar 37. gr. merkja fjárfestingagreiningar rannsóknir eða aðrar upplýsingar sem, með beinum eða óbeinum hætti, fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga, þ.m.t. hvers konar álit á núverandi virði eða verði eða framtíðarvirði eða -verði slíkra gerninga, sem ætlað er til dreifingar eða ætlað er almenningi og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) rannsóknirnar eða upplýsingarnar eru nefndar eða þeim lýst sem fjárfestingagreiningum eða á áþekkan hátt, eða eru settar fram á annan hátt sem hlutlæg eða óháð skýring á því efni sem ráðleggingin tekur til,

b) ef verðbréfafyrirtæki veitti viðskiptavini ráðlegginguna sem um ræðir telst hún ekki fjárfestingarráðgjöf í skilningi tilskipunar 2014/65/ESB.

2. Ráðlegging af þeirri tegund sem 35. töluliður 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 tekur til sem uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. skal meðhöndluð sem markaðsefni í skilningi tilskipunar 2014/65/ESB og skulu verðbréfafyrirtæki sem búa til eða miðla slíkri ráðleggingu tryggja að hún sé greinilega auðkennd sem slík.

Að auki skulu fyrirtæki tryggja að slíkar ráðleggingar feli í sér skýra og áberandi yfirlýsingu um (eða, sé um að ræða munnlega ráðleggingu, þess efnis) að hún hafi ekki verið unnin í samræmi við lagakröfur sem ætlað er að stuðla að óhæði fjárfestingagreininga og að hún falli ekki undir bann við að eiga viðskipti áður en fjárfestingagreiningunni er miðlað.

37. gr.

Auknar skipulagskröfur í tengslum við fjárfestingagreiningar eða markaðsefni

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem útbúa eða láta útbúa fjárfestingagreiningar sem fyrirhugað er eða líklegt er að miðlað verði til viðskiptavina fyrirtækisins eða almennings, af þeirra hálfu eða aðila í samstæðunni, skulu tryggja að allar ráðstafanir séu innleiddar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 34. gr. í tengslum við fjármálagreinendur sem koma að vinnslu fjárfestingagreininga og aðra viðkomandi aðila ef ábyrgðarsvið þeirra eða viðskiptahagsmunir kunna að stangast á við hagsmuni þeirra aðila sem fjárfestingagreiningum er miðlað til.

Skyldurnar samkvæmt fyrstu undirgrein gilda einnig um ráðleggingar sem um getur í 2. mgr. 36. gr.

2. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. skulu gera ráðstafanir til að tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) fjármálagreinendur og aðrir viðkomandi aðilar stofni hvorki til einkaviðskipta né annist viðskipti nema í góðri trú sem viðskiptavakar og við venjubundna viðskiptavakt eða framkvæmd fyrirmæla viðskiptavinar að frumkvæði hans, fyrir hönd annars aðila, þ.m.t. verðbréfafyrirtækisins, með fjármálagerninga sem fjármálagreiningar þeirra varða, né með tengda fjármálagerninga, sé þeim kunnugt um líklega tímasetningu eða efni þessara fjárfestingagreininga, sem eru ekki aðgengileg almenningi eða viðskiptavinum og ekki er auðvelt að álykta um út frá fyrirliggjandi upplýsingum, fyrr en móttakendur greiningarinnar hafa fengið sanngjarnt tækifæri til að bregðast við upplýsingunum,

b) við aðstæður sem ekki er getið um í a-lið stofni hvorki fjármálagreinendur né aðrir viðkomandi aðilar sem koma að vinnslu fjármálagreininga til einkaviðskipta með fjármálagerninga sem fjármálarannsóknirnar varða, né með tengda fjármálagerninga, andstætt gildandi ráðleggingum, nema í undantekningartilvikum og að fengnu samþykki starfsmanns hjá lögfræðieiningu eða regluvörslu fyrirtækisins,

c) áþreifanlegur (e. *physical*) aðskilnaður sé á milli fjármálagreinenda sem vinna að gerð fjárfestingagreininga og annarra viðkomandi aðila með fara með verkefni eða viðskiptahagsmuni sem kunna að stangast á við hagsmuni þeirra aðila sem fjárfestingagreiningum er miðlað til eða, sé slíkur aðskilnaður ekki talinn viðeigandi fyrir stærð og skipulag fyrirtækisins sem og eðli, umfang og flækjustig rekstrar þess, að aðrar viðeigandi upplýsingahindranir séu settar upp og innleiddar,

d) verðbréfafyrirtækin sjálf, fjármálagreinendur og aðrir viðkomandi aðilar sem koma að vinnslu fjárfestingagreininga þiggi ekki hvatagreiðslur frá þeim sem eiga verulega hagsmuni af efni fjárfestingagreininganna,

e) verðbréfafyrirtækin sjálf, fjármálagreinendur og aðrir viðkomandi aðilar sem koma að vinnslu fjárfestingagreininganna lofi ekki útgefendum hagstæðum greiningum,

f) áður en niðurstöðum fjárfestingagreininga sé miðlað sé útgefendum, viðkomandi aðilum öðrum en greinendum og öðrum aðilum óheimilt að skoða drög að greiningunum í því skyni að sannreyna áreiðanleika staðhæfinga um staðreyndir í þeim, eða í öðrum tilgangi en að sannreyna að fyrirtækið uppfylli lagaskyldur, feli drögin í sér ráðleggingu eða verðmatsgengi.

Í þessari málsgrein merkir „tengdur fjármálagerningur“ fjármálagerning sem er undir verulegum áhrifum af verðbreytingum annars fjármálagernings sem er umfjöllunarefni fjárfestingagreiningar, þar með talið afleiður síðarnefnda fjármálagerningsins.

3. Verðbréfafyrirtæki sem miðla fjárfestingagreiningum sem unnar eru af öðrum aðila, til almennings eða viðskiptavina, skulu undanþegin ákvæðum 1. mgr. ef eftirfarandi viðmið eru uppfyllt:

a) aðilinn sem vinnur fjárfestingagreininguna er ekki hluti af sömu samstæðu og verðbréfafyrirtækið tilheyrir,

b) verðbréfafyrirtækið gerir ekki verulegar breytingar á ráðleggingunum fjárfestingagreiningunni,

c) verðbréfafyrirtækið kynnir ekki fjárfestingargreininguna eins og það hafi unnið hana,

d) verðbréfafyrirtækið gengur úr skugga um að aðilinn sem vann fjárfestingagreininguna falli undir kröfur sem jafngilda kröfum þessarar reglugerðar í tengslum við vinnslu hennar, eða hefur sett sér reglur sem gera slíkar kröfur.

38. gr.

Auknar kröfur í tengslum við sölutryggingu eða útboð fjármálagerninga

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem veita fyrirtækjaráðgjöf um áætlunargerð , sbr. 3. lið. B þáttar í I. viðauka, og veita jafnframt sölutryggingu í útboði eða hafa umsjón með útboði fjármálagerninga skulu áður en þau taka að sér slíkt umboð, hafa til staðar verklag til að geta upplýst útgefandann um eftirfarandi

a) mismunandi fjármögnunarkosti sem standa til boða og viðskiptakostnað vegna hvers kosts,

b) tímasetningu og ferlið við fyrirtækjaráðgjöfina um verðlagningu í útboðinu,

c) tímasetningu og ferlið við fyrirtækjaráðgjöfina um útboðið,

d) nánari upplýsingar um markhóp fjárfesta sem fyrirtækið hefur í hyggju að bjóða fjármálagerningana,

e) starfsheiti og deildir viðkomandi einstaklinga sem koma að því að veita fyrirtækjaráðgjöf um verð og úthlutun fjármálagerninga og

f) ráðstafanir fyrirtækisins til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem geta skapast þegar fyrirtækið býður viðkomandi fjármálagerning í útboði til viðskiptavina sinna í fjárfestingarþjónustu eða í sitt eigið eignasafn.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa yfir að ráða miðlægu ferli til að greina alla starfsemi sína á sviði sölutrygginga og útboða og skrá slíkar upplýsingar, þ.m.t. dagsetningar þegar fyrirtækið fékk upplýsingar um hugsanlega sölutryggingu eða útboð. Fyrirtæki skulu tilgreina alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem stafa af annarri starfsemi verðbréfafyrirtækisins eða samstæðunnar og koma á viðeigandi verklagi um meðferð þeirra. Sé verðbréfafyrirtæki ókleift að takast á við hagsmunaárekstur með viðeigandi verklagi skal það ekki stunda viðkomandi starfsemi.

3. Verðbréfafyrirtæki sem veita þjónustu í tengslum við framkvæmd fyrirmæla og greiningar auk þess að veita sölutryggingarþjónustu og umsjón með útboði skulu tryggja að til staðar séu fullnægjandi stjórntæki til að takast á við hugsanlega hagsmunaárekstra sem komið geta upp á milli þessarar starfsemi og á milli mismunandi viðskiptavina sem njóta þessarar þjónustu.

39. gr.

Auknar kröfur í tengslum við verðlagningu í útboðum vegna útgáfu fjármálagerninga

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu búa yfir kerfum, stjórntækjum og ferlum til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem skapast í tengslum við mögulega undir- eða yfirverðlagningu útgáfu eða aðkomu viðkomandi aðila að ferlinu. Einkum er gerð sú lágmarkskrafa að verðbréfafyrirtæki komi á, innleiði og viðhaldi innra verklagi sem miðar að því að tryggja hvort tveggja af eftirfarandi

a) að verðlagning í útboðinu hygli ekki hagsmunum annarra viðskiptavina eða eigin hagsmunum fyrirtækisins með hætti sem kann að stríða gegn hagsmunum útgefandans og

b) að komið sé í veg fyrir eða höfð sé stjórn á aðstæðum þar sem aðilar, sem veita viðskiptavinum fyrirtækisins fjárfestingarþjónustu, koma með beinum hætti að ákvörðunum um fyrirtækjaráðgjöf til útgefandans varðandi verðlagningu.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðskiptavinum upplýsingar um hvernig ráðgjöf um verðlagningu í útboði og tímasetningar er ákvörðuð. Einkum skal fyrirtækið upplýsa og eiga í samskiptum við viðskiptavininn sem er útgefandinn um allar áhættuvarnar- og verðjöfnunaraðferðir sem það hyggst beita í tengslum við útboðið, þ.m.t. hvaða áhrif þessar aðferðir kunna að hafa á hagsmuni útgefandans. Meðan á útboðsferlinu stendur skulu fyrirtæki einnig gera allar tiltækar ráðstafanir til að halda útgefandanum upplýstum um þróun mála að því er varðar verðlagningu útgáfunnar.

40. gr.

Auknar kröfur í tengslum við útboð

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem hafa umsjón með útboði fjármálagerninga skulu koma á, innleiða og viðhalda skilvirku verklagi til að koma í veg fyrir að núverandi tengsl eða tengsl í framtíðinni hafi óviðeigandi áhrif á ráðleggingar um setningu á markað.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, innleiða og viðhalda skilvirku innra fyrirkomulagi til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem skapast þegar aðilar sem veita viðskiptavinum fyrirtækisins fjárfestingarþjónustu koma með beinum hætti að ákvörðunum um ráðleggingar til útgefandans um úthlutun.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu ekki taka við greiðslum eða ávinningi frá þriðja aðila nema slíkar greiðslur eða ávinningur uppfylli kröfur varðandi hvatagreiðslur skv. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Einkum skal eftirfarandi athæfi teljast brjóta í bága við þær kröfur og því teljast óheimilt:

a) úthlutun sem hvetur til greiðslu óhóflega hárra gjalda fyrir ótengda þjónustu sem verðbréfafyrirtækið veitir („upptröppun“, e. *laddering*), s.s. óhóflega hárra gjalda eða þóknana sem viðskiptavinur í fjárfestingarþjónustu greiðir, eða óeðlilegs magns viðskipta fyrir hóflega þóknun, sem viðskiptavinurinn greiðir gegn því að fá úthlutun í útgáfunni,

b) úthlutun til yfirstjórnanda eða yfirmanns fyrirtækis sem er núverandi eða hugsanlegur viðskiptavinur sem útgefandi, sem er endurgjald fyrir að útvega viðskipti í fortíð eða framtíð á sviði fyrirtækjaráðgjafar („forgangsboð“, e. *spinning*),

c) úthlutun sem er með beinum eða óbeinum hætti skilyrt við móttöku framtíðarfyrirmæla eða kaup á þjónustu verðbréfafyrirtækisins af hálfu viðskiptavinar í fjárfestingarþjónustu eða aðila sem fjárfestirinn yfirmaður hjá.

4. Verðbréfafyrirtæki skal koma á, innleiða og viðhalda stefnu um úthlutun sem tilgreinir ferlið við að mótun ráðgjafar um úthlutanir. Stefna um úthlutun skal afhent útgefanda áður en fyrirtækið samþykkir að taka að sér umsjón með útboði. Stefnan skal tilgreina viðeigandi upplýsingar sem eru tiltækar á því stigi um tillagða úthlutunaraðferð vegna útgáfunnar.

5. Verðbréfafyrirtæki skal hafa útgefandann með í ráðum um útboðsferlið svo fyrirtækið geti skilið og tekið tillit til hagsmuna og markmiða hans. Verðbréfafyrirtækið skal fá samþykki útgefanda fyrir tillögu um úthlutun eftir tegund viðskiptavina við viðskiptin í samræmi við úthlutunarstefnuna.

41. gr.

Auknar kröfur í tengslum við ráðgjöf, dreifingu og útboð eigin fjármálagerninga

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa kerfi, stjórntæki og ferla til að greina og takast á við hagsmunaárekstra sem skapast við veitingu fjárfestingarþjónustu til viðskiptavinar sem felst í kaupum í nýrri útgáfu ef verðbréfafyrirtækið fær þóknanir, gjöld eða annan peningalegan eða ópeningalegan ávinning í tengslum við umsjón með útgáfunni. Allar þóknanir, gjöld eða peningalegur eða ópeningalegur ávinningur skal uppfylla kröfur 7., 8. og 9. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, vera skráð í reglur verðbréfafyrirtækisins um hagsmunaárekstra og það endurspeglist í verklagi fyrirtækisins vegna hvatagreiðslna.

2. Verðbréfafyrirtæki sem hafa umsjón með útboði fjármálagerninga útgefnum af þeim sjálfum eða aðilum innan sömu samstæðu til eigin viðskiptavina, þ.m.t. núverandi innstæðueigenda ef um er að ræða lánastofnanir, eða fjárfestingarsjóða sem stýrt er af aðilum í samstæðunni, skulu koma á, innleiða og viðhalda skýru og skilvirku verklagi til að greina, koma í veg fyrir og takast á við hugsanlega hagsmunaárekstra sem skapast í tengslum við slíka starfsemi. Slíkt verklag skal fela í sér framkvæmd mats á því hvort láta eigi ógert að stunda starfsemina ef ekki er unnt að takast á við hagsmunaárekstra með viðhlítandi hætti til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á viðskiptavini.

3. Þegar upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra er áskilin skulu verðbréfafyrirtæki uppfylla kröfur 4. mgr. 34. gr., þ.m.t. um útskýringu á eðli og upptökum innbyggðra hagsmunaárekstra vegna viðkomandi tegundar starfsemi, og veita upplýsingar um þær áhættur sem tengist henni til að gera viðskiptavinum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

4. Verðbréfafyrirtæki sem bjóða viðskiptavinum sínum fjármálagerninga sem þau sjálf eða aðrir aðilar í samstæðunni gefa út og eru hluti af útreikningi á varfærniskröfum sem tilgreindar eru í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([2]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([3]) skulu veita þeim viðskiptavinum viðbótarupplýsingar sem útskýra muninn á fjármálagerningnum og innstæðum að því er varðar ávöxtun, áhættu, seljanleika og hverja þá vernd sem veitt er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ([4]).

42. gr.

Auknar kröfur í tengslum við lánveitingar eða lánafyrirgreiðslu við sölutryggingu eða útboð

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Í þeim tilvikum þar sem fyrri lánveitingu eða lánafyrirgreiðslu af hálfu verðbréfafyrirtækis til útgefanda sem er viðskiptavinur þess, eða aðila innan samstæðunnar, er heimilt að endurgreiða með fjármunum sem er aflað með útgáfunni skal verðbréfafyrirtækið búa yfir verklagi til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem skapast geta við það.

2. Reynist verklag sem komið er á til að takast á við hagsmunaárekstra ófullnægjandi til að tryggja að komið sé í veg fyrir hættu á skaða fyrir útgefandann skal verðbréfafyrirtækið upplýsa hann um þá tilteknu hagsmunaárekstra sem skapast hafa í tengslum við starfsemi þess, eða starfsemi aðila í samstæðunni, sem lánveitanda og starfsemi þess í tengslum við útboðið.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

3. Reglur verðbréfafyrirtækja um hagsmunaárekstra skulu gera ráð fyrir að upplýsingum um fjárhagsstöðu útgefandans sé deilt með aðilum í samstæðunni sem eru lánveitendur, að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við hindranir á upplýsingaflæði sem fyrirtækið hefur sett upp til að vernda hagsmuni viðskiptavinar.

43. gr.

Varðveisla gagna í tengslum við sölutryggingu eða útboð

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr., 23. og 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skulu halda skrár um efni og tímasetningu fyrirmæla frá viðskiptavinum. Gögn um ákvarðanir um úthlutanir skulu varðveitt til að halda megi utan um heildargagnaslóð hreyfinga á reikningum viðskiptavina og fyrirmæla sem verðbréfafyrirtækið móttekur. Einkum skulu lokaúthlutanir til hvers viðskiptavinar rökstuddar og skrásettar með skýrum hætti. Heildargagnaslóð um mikilvæg skref í sölutryggingar- og útboðsferli skal vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum berist beiðni þess efnis.

III. KAFLI

REKSTRARSKILYRÐI VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

1. ÞÁTTUR

Upplýsingar til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina

44. gr.

Kröfur um sanngjarnar, skýrar og ekki villandi upplýsingar

(Ákvæði 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að allar upplýsingar, þ.m.t. markaðsefni, sem þau beina til, eða miðla með þeim hætti að líklegt sé að þær berist til almennra fjárfesta eða fagfjárfesta eða hugsanlegra almennra fjárfesta eða fagfjárfesta uppfylli skilyrði í 2.–8. mgr.

2. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) upplýsingarnar innihaldi heiti verðbréfafyrirtækisins,

b) upplýsingarnar séu réttar og gefi ætíð raunsanna mynd af öllum áhættum sem skipta máli á áberandi hátt þegar þær vísa til mögulegs ávinnings af fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerningi,

c) í upplýsingunum sé notuð a.m.k. jafn stór leturstærð í ábendingum um áhættur sem skipta máli og í öðrum upplýsingum sem veittar eru og umbrot þeirra tryggi að slíkar ábendingar séu áberandi,

d) upplýsingarnar séu nægjanlegar og settar þannig fram að líklegt sé að þær séu skiljanlegar fyrir einstakling með meðalþekkingu og -reynslu í hópnum sem þeim er beint til eða líklegt er að fái þær,

e) upplýsingarnar dylji ekki, dragi ekki úr eða geri ekki illskiljanleg mikilvæg atriði, yfirlýsingar eða viðvaranir,

f) upplýsingarnar séu settar fram með samræmdum hætti á sama tungumáli á öllum upplýsingasniðum og í öllu markaðsefni sem hverjum viðskiptavini er látið í té, nema viðskiptavinurinn hafi samþykkt að taka við upplýsingum á fleiri en einu tungumáli,

g) upplýsingum sé haldið uppfærðum og viðeigandi fyrir samskiptamiðilinn sem notaður er.

3. Feli upplýsingarnar í sér samanburð á fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, fjármálagerningum eða aðilum sem veita fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu skulu verðbréfafyrirtæki tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) samanburðurinn sé marktækur og settur fram á sanngjarnan og jafnvægan hátt,

b) uppruni upplýsinganna sem notaðar eru við samanburðinn sé tilgreindur,

c) helstu staðreyndir og ályktanir sem notaðar eru til samanburðarins komi fram.

4. Vísi upplýsingarnar til fyrri árangurs fjármálagernings, fjármálavísitölu eða fjárfestingarþjónustu skulu verðbréfafyrirtæki tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) sú tilvísun sé ekki mest áberandi hluti upplýsinganna,

b) í upplýsingunum komi fram viðeigandi upplýsingar um árangur næstliðinna fimm ára, eða alls þess tímabils sem fjármálagerningurinn hefur verið í boði, fjármálavísitölunni hefur verið haldið úti eða fjárfestingarþjónustan veitt ef það tímabil er styttra en fimm ár, eða lengra tímabils eftir því sem fyrirtækið ákveður, og í öllum tilvikum skulu þær upplýsingar um árangur byggjast á heilum 12 mánaða tímabilum,

c) viðmiðunartímabilið og uppruni upplýsinganna séu tilgreind með skýrum hætti,

d) í upplýsingunum sé að finna áberandi viðvörun um að tölur vísi til fortíðar og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð,

e) ef tilvísunin byggist á tölum sem gefnar eru upp í öðrum gjaldmiðli en þess aðildarríkis sem almenni fjárfestirinn eða hugsanlegi almenni fjárfestirinn hefur aðsetur í sé gjaldmiðilinn tilgreindur greinilega ásamt viðvörun um að ávöxtunin geti aukist eða minnkað vegna gengissveiflna,

f) ef tilvísunin byggist á brúttó árangri skulu áhrif þóknana, gjalda og annars kostnaðar gefin upp.

5. Ef upplýsingarnar tilgreina eða vísa til hermiárangurs í fortíð skal verðbréfafyrirtæki tryggja að upplýsingarnar tengist fjármálagerningi eða fjármálavísitölu og að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) hermiárangurinn í fortíð byggist á raunárangri eins eða fleiri fjármálagerninga eða fjármálavísitala í fortíð sem eru þeir sömu, eða að stærstum hluta þeir sömu og viðkomandi fjármálagerningur eða eru undirliggjandi honum,

b) að því er varðar raunárangur í fortíð, sem um getur í a-lið, skulu þau skilyrði sem tilgreind eru í a- til c-lið, e- og f-lið 4. mgr. uppfyllt,

c) í upplýsingunum sé áberandi viðvörun um að tölurnar vísi til hermiárangurs í fortíð og að hann gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð.

6. Ef upplýsingarnar tilgreina árangur í framtíð skulu verðbréfafyrirtækin tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) upplýsingarnar hvorki byggist á né vísi til hermiárangurs í fortíð,

b) upplýsingarnar byggist á skynsamlegum ályktunum sem studdar séu hlutlægum gögnum,

c) ef upplýsingarnar byggjast á brúttó árangri séu áhrif þóknana, gjalda og annars kostnaðar gefin upp,

d) upplýsingarnar byggist á árangurssviðsmyndum við mismunandi markaðsaðstæður (bæði neikvæðum og jákvæðum sviðsmyndum) og endurspegli eðli og áhættur þeirra tilteknu tegunda gerninga sem greiningin nær til,

e) í upplýsingunum sé áberandi viðvörun um að slíkar spár gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

7. Ef vísað er til tiltekinnar skattalegrar meðferðar í upplýsingunum skal tekið fram með áberandi hætti að hún ráðist af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og geti tekið breytingum í framtíðinni.

8. Í upplýsingunum skal ekki nota heiti lögbærs yfirvalds með þeim hætti að það geti gefið til kynna eða gefið í skyn að það yfirvald mæli með eða samþykki afurðir eða þjónustu verðbréfafyrirtækisins.

45. gr.

Upplýsingar um flokkun viðskiptavina

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu tilkynna nýjum viðskiptavinum, og núverandi viðskiptavinum sem verðbréfafyrirtækið hefur flokkað að nýju eins og krafist er í tilskipun 2014/65/ESB, um flokkun þeirra sem almennir fjárfestar, fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar í samræmi við þá tilskipun.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu upplýsa viðskiptavini á varanlegum miðli um hvern þann rétt sem viðskiptavinir hafa til að fara fram á aðra flokkun og um allar takmarkanir á fjárfestavernd sem önnur flokkun myndi hafa í för með sér.

3. Verðbréfafyrirtækjum er heimilt, annaðhvort að þeirra eigin frumkvæði eða að beiðni viðkomandi viðskiptavinar, að fara með viðskiptavin með eftirfarandi hætti:

a) sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti ef annars mætti flokka hann sem viðurkenndan gagnaðila skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

b) sem almennan fjárfesti ef sá viðskiptavinur er talinn fagfjárfestir skv. I. þætti II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

46. gr.

Almennar kröfur um upplýsingar til viðskiptavina

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini eftirfarandi upplýsingar, með góðum fyrirvara áður en hann verður bundinn af samningi um fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða áður en slík þjónusta er veitt, hvort heldur ber fyrr að:

a) skilmála slíks samnings,

b) þær upplýsingar sem krafist er skv. 47. gr. og tengjast þeim samningi eða þeirri fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu veita þær upplýsingar sem krafist er skv. 47.–50. gr. með góðum fyrirvara áður en viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum er veitt fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta

3. Þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu veittar á varanlegum miðli eða á vefsetri (ef það felur ekki í sér varanlegan miðil) að því tilskildu að skilyrðin sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. séu uppfyllt.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu tilkynna viðskiptavini með góðum fyrirvara um allar mikilvægar breytingar á upplýsingum sem veittar eru skv. 47.–50. gr. og skipta máli í tengslum við þjónustu sem fyrirtækið veitir viðkomandi viðskiptavini. Slík tilkynning skal vera á varanlegum miðli ef upplýsingarnar sem hún tengist eru veittar á varanlegum miðli.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að upplýsingar í markaðsefni samrýmist öllum öðrum upplýsingum sem fyrirtækið veitir viðskiptavinum við veitingu á fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

6. Markaðsefni sem felur í sér tilboð eða boð um eftirfarandi og tiltekur hvernig svara skuli eða sem eyðublað fylgir sem unnt er að nota til að svara skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 47.–50. gr. eftir því sem þær skipta máli fyrir það tilboð eða boð:

a) tilboð um að gera samning sem tengist fjármálagerningi eða fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu við hvern þann aðila sem bregst við markaðsefninu,

b) boð til hvers þess aðila sem bregst við markaðsefninu um að gera tilboð um að ganga til samninga sem tengjast fjármálagerningi eða fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.

Ákvæði fyrstu undirgreinar gilda þó ekki ef hugsanlegur viðskiptavinur verður að vísa til annars skjals eða annarra skjala, sem eitt sér eða til samans innihalda þær upplýsingar, sem þarf til að svara tilboði eða boði sem markaðsefnið felur í sér.

47. gr.

Upplýsingar um verðbréfafyrirtæki og þjónustu þess fyrir viðskiptavini og hugsanlega viðskiptavini

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum eftirfarandi almennar upplýsingar, þar sem við á:

a) heiti og heimilisfang verðbréfafyrirtækisins og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera viðskiptavinum kleift að hafa samband við fyrirtækið á skilvirkan hátt,

b) tungumálin sem viðskiptavinurinn getur notað til að eiga samskipti við verðbréfafyrirtækið og taka við skjölum og öðrum upplýsingum frá fyrirtækinu,

c) samskiptaleiðir sem nota á milli verðbréfafyrirtækisins og viðskiptavinarins, þ.m.t. leiðir til að senda og taka við fyrirmælum, þar sem við á,

d) yfirlýsingu þess efnis að verðbréfafyrirtækið hafi starfsleyfi, auk heitis og heimilisfangs tengiliðar þess lögbæra yfirvalds sem annaðist leyfisveitinguna,

e) ef verðbréfafyrirtækið aðhefst gegnum einkaumboðsmann, yfirlýsingu þess efnis og í hvaða aðildarríki umboðsmaðurinn er skráður,

f) eðli, tíðni og tímasetningu skýrslna um framkvæmd þjónustunnar sem verðbréfafyrirtækinu ber að gefa viðskiptavininum í samræmi við 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

g) ef verðbréfafyrirtækið varðveitir fjármálagerninga viðskiptavinar eða fjármuni viðskiptavinar, ágrip af lýsingu á þeim ráðstöfunum sem það gerir til að tryggja vernd þeirra, þ.m.t. ágrip af upplýsingum um viðkomandi tryggingakerfi fyrir fjárfesta eða innstæðutryggingakerfi sem gildir um fyrirtækið á grundvelli starfsemi þess í aðildarríki,

h) lýsingu á reglum fyrirtækisins um hagsmunaárekstra í samræmi við 34. gr., sem má leggja fram sem ágrip,

i) að beiðni viðskiptavinar, nánari upplýsingar um reglurnar um hagsmunaárekstra á varanlegum miðli eða á vefsetri (ef það felur ekki í sér varanlegan miðil), að því tilskildu að skilyrðin sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. séu uppfyllt.

Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a- til i-lið skulu veittar með góðum fyrirvara áður en fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta er veitt viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum.

2. Þegar verðbréfafyrirtæki veita eignastýringarþjónustu skulu þau beita viðeigandi aðferð við mat og samanburð, s.s. viðeigandi viðmiðunum, sem byggist á fjárfestingamarkmiðum viðskiptavinarins og þeim tegundum fjármálagerninga sem eru í eignasafni viðskiptavinarins, til að gera viðskiptavininum sem þjónustan er veitt kleift að meta árangur fyrirtækisins.

3. Ef verðbréfafyrirtæki hyggjast veita viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini eignastýringarþjónustu skal það veita viðskiptavininum eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á, til viðbótar við þær upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr.:

a) upplýsingar um aðferðina við og tíðni verðmats fjármálagerninga í eignasafni viðskiptavinarins,

b) nánari upplýsingar um það ef umboð er veitt til að taka ákvarðanir fyrir hönd viðskiptavinar um stýringu (e. *discretionary management*) allra fjármálagerninga eða fjármuna í eignasafni viðskiptavinarins eða hluta þeirra,

c) tilgreiningu á viðmiðunum sem árangur eignasafns viðskiptavinarins verður borinn saman við,

d) tegundir fjármálagerninga sem geta verið í eignasafni viðskiptavinarins og tegundir viðskipta sem unnt er að framkvæma með slíka gerninga, þ.m.t. hvers konar mörk,

e) markmið í stýringu, áhættustig sem á að endurspeglast í því hvernig eignasafnsstjórinn beitir umboði sínu, og allar sérstakar hömlur á því umboði.

Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a- til e-lið skulu veittar með góðum fyrirvara áður en fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta er veitt viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum.

48. gr.

Upplýsingar um fjármálagerninga

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Með góðum fyrirvara áður en fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta er veitt viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum skulu verðbréfafyrirtæki gefa þeim almenna lýsingu á eðli og áhættu fjármálagerninga, einkum með tilliti til flokkunar viðskiptavinarins sem almenns fjárfestis, fagfjárfestis eða viðurkennds gagnaðila. Sú lýsing skal greina frá eðli þeirrar tilteknu tegundar gernings sem um ræðir, virkni og þróun á virði fjármálagerningsins við mismunandi markaðsskilyrði, þ.m.t. bæði jákvæð og neikvæð skilyrði, sem og þeirri áhættu sem einkum tengist viðkomandi tegund gernings, og skulu upplýsingarnar vera nógu ítarlegar til að gera viðskiptavininum kleift að taka upplýstar fjárfestingaákvarðanir.

2. Í lýsingunni á áhættu sem um getur í 1. mgr. skulu eftirfarandi atriði koma fram, þegar það skiptir máli fyrir viðkomandi tegund gernings og stöðu og þekkingu viðskiptavinarins:

a) áhættan sem tengist viðkomandi tegund fjármálagernings, þ.m.t. skýring á skuldsetningu og áhrifum hennar og hættunni á að tapa allri fjárfestingunni, þ.m.t. áhættu sem tengist ógjaldfærni útgefandans eða tengdum atburðum, s.s. eftirgjöf skulda.

b) verðflökt slíkra gerninga og takmarkanir á þeim mörkuðum sem eru fyrir hendi fyrir slíka gerninga,

c) upplýsingar um söluhindranir eða -hömlur, t.d. eins og getur átt við um illseljanlega fjármálagerninga eða fjármálagerninga með binditíma, þ.m.t. lýsing á mögulegum útgönguaðferðum og afleiðingum af útgöngu, mögulegum hömlum og áætluðum tímaramma sölu fjármálagerningsins áður en upphafskostnaður viðskipta með viðkomandi tegund fjármálagerninga endurheimtist,

d) sú staðreynd að fjárfestirinn gæti tekið á sig, vegna viðskipta með slíka gerninga, fjárhagsskuldbindingar og aðrar viðbótarskuldbindingar, þ.m.t. ófyrirséðar skuldbindingar, til viðbótar við kostnaðinn við að kaupa gerningana,

e) allar kröfur um tryggingar eða sambærilegar skuldbindingar sem eiga við um viðkomandi tegund gerninga.

3. Veiti verðbréfafyrirtæki almennum fjárfesti eða hugsanlegum almennum fjárfesti upplýsingar um fjármálagerning sem er boðinn í yfirstandandi almennu útboði og birt hefur verið lýsing fyrir það útboð í samræmi við tilskipun 2003/71/EB skal fyrirtækið, með góðum fyrirvara áður en fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta er veitt viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum, upplýsa viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn um hvar almenningur getur nálgast lýsinguna.

4. Sé fjármálagerningur samsettur úr tveimur eða fleiri mismunandi gerningum eða þjónustu skal verðbréfafyrirtækið gefa viðunandi lýsingu á lagalegu eðli fjármálagerningsins, þeim þáttum sem hann samanstendur af og því hvaða áhrif samspil þáttanna hefur á áhættu fjárfestingarinnar.

5. Sé um að ræða fjármálagerninga sem fela í sér ábyrgð eða höfuðstólsvörn skal verðbréfafyrirtækið veita viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini upplýsingar um umfang og eðli slíkrar ábyrgðar eða höfuðstólsverndar. Sé ábyrgðin veitt af þriðja aðila skulu upplýsingar um ábyrgðina hafa að geyma nægilega ítarlega lýsingu á ábyrgðaraðilanum og ábyrgðinni til að gera viðskiptavininum eða hugsanlega viðskiptavininum kleift að meta ábyrgðina á sanngjarnan hátt.

49. gr.

Upplýsingar um varðveislu fjármálagerninga eða fjármuna viðskiptavina

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem varðveita fjármálagerninga eða fjármuni í eigu viðskiptavina skulu veita þeim viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 2.–7. mgr., eftir því sem við á.

2. Verðbréfafyrirtækið skal upplýsa viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn um það ef mögulegt er að þriðji aðili varðveiti fjármálagerninga eða fjármuni þess viðskiptavinar fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins og um ábyrgð verðbréfafyrirtækisins samkvæmt gildandi landslögum á aðgerðum eða aðgerðaleysi þriðja aðilans og þær afleiðingar sem ógjaldfærni þriðja aðilans kann að hafa í för með sér fyrir viðskiptavininn.

3. Ef mögulegt er að fjármálagerningar viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar séu varðveittir af þriðja aðila á safnreikningi, sé það heimilt samkvæmt landslögum, skal verðbréfafyrirtækið upplýsa viðskiptavininn um þetta og gefa áberandi viðvörun um þá áhættu sem þetta hefur í för með sér.

4. Verðbréfafyrirtækið skal upplýsa viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn um það ef ekki er unnt samkvæmt landslögum að aðgreina sérstaklega fjármálagerninga viðskiptavinar sem þriðji aðili varðveitir frá fjármálagerningum í eigu slíks þriðja aðila eða verðbréfafyrirtækisins og skal gefa áberandi viðvörun um þá áhættu sem þetta hefur í för með sér.

5. Verðbréfafyrirtækið skal upplýsa viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn um það ef reikningar sem geyma fjármálagerninga eða fjármuni í eigu hlutaðeigandi viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar falla, eða munu falla, undir löggjöf lögsagnarumdæmis utan aðildarríkja og benda á að réttindi viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins sem tengjast þessum fjármálagerningum eða fjármunum geti því verið mismunandi.

6. Verðbréfafyrirtæki skal upplýsa viðskiptavininn um það ef fyrir hendi eru skilmálar um tryggingu eða veð sem fyrirtækið á eða kann að eiga í fjármálagerningum eða fjármunum viðskiptavinarins, og hvers konar rétt til skuldajöfnunar sem það á í tengslum við slíka gerninga eða fjármuni. Ef við á skal það einnig tilkynna viðskiptavininum um það að vörsluaðili kunni að hafa tryggingar eða veð í þessum gerningum eða fjármunum eða rétt til skuldajöfnunar með þeim.

7. Áður en verðbréfafyrirtæki stofnar til fjármögnunarviðskipta með verðbréf í tengslum við fjármálagerninga sem það varðveitir fyrir hönd viðskiptavinar, eða áður en það notar slíka fjármálagerninga á annan hátt fyrir eigin reikning eða fyrir reikning annars viðskiptavinar, skal það með góðum fyrirvara áður en það notar þá gerninga veita viðskiptavininum skýrar, ítarlegar og réttar upplýsingar, á varanlegum miðli, um skuldbindingar og ábyrgðir verðbréfafyrirtækisins að því er varðar notkun þeirra fjármálagerninga, þ.m.t. skilmála fyrir skilum þeirra, og um áhættuna sem þessu fylgir.

50. gr.

Upplýsingar um kostnað og tengd gjöld

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar upplýsingagjöf til viðskiptavina um allan kostnað og gjöld skv. 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu verðbréfafyrirtæki fullnægja hinum ítarlegu kröfum 2.–10. mgr.

Án þess að hafa áhrif á þær skyldur sem tilgreindar eru í 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu verðbréfafyrirtæki sem veita fagfjárfestum fjárfestingarþjónustu eiga rétt á að semja við þá um takmarkaða beitingu þeirra ítarlegu krafna sem tilgreindar eru í þessari grein. Verðbréfafyrirtækjum skal óheimilt að semja um slíkar takmarkanir þegar þjónusta á sviði fjárfestingaráðgjafar eða stýringar eignasafns er veitt eða þegar, óháð því hvaða fjárfestingarþjónusta er veitt, viðkomandi fjármálagerningar fela í sér afleiðu.

Án þess að hafa áhrif á þær skyldur sem tilgreindar eru í 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu verðbréfafyrirtæki sem veita viðurkenndum gagnaðilum fjárfestingarþjónustu eiga rétt á að semja um takmarkaða beitingu þeirra ítarlegu krafna sem tilgreindar eru í þessari grein nema þegar, óháð því hvaða fjárfestingarþjónusta er veitt, viðkomandi fjármálagerningar fela í sér afleiðu og viðurkenndi gagnaðilinn hyggst bjóða viðskiptavinum sínum þá.

2. Við upplýsingagjöf, bæði fyrirfram og eftirá, um kostnað og gjöld til viðskiptavina skulu verðbréfafyrirtæki leggja saman eftirfarandi:

a) allan kostnað og tengd gjöld sem verðbréfafyrirtækið tekur, eða aðrir aðilar taka þegar viðskiptavininum hefur verið vísað til slíkra annarra aðila, fyrir þá fjárfestingarþjónustu og/eða viðbótarþjónustu sem er veitt viðskiptavininum, og

b) allan kostnað og tengd gjöld sem tengjast því að búa til og hafa umsjón með fjármálagerningunum.

Kostnaðurinn sem um getur í a- og b-lið er talinn upp í II. viðauka þessarar reglugerðar. Að því er varðar a-lið skal skrá með aðskildum hætti greiðslur frá þriðja aðila sem verðbréfafyrirtæki taka við í tengslum við fjárfestingarþjónustu sem veitt er viðskiptavini, leggja saman heildarkostnað og -gjöld og tilgreina þau bæði sem peningafjárhæð og sem prósentu.

3. Ef greiða á hluta heildarkostnaðar- og gjalda í erlendum gjaldmiðli eða þau fela í sér fjárhæð í slíkum gjaldmiðli skulu verðbréfafyrirtæki tilgreina viðkomandi gjaldmiðil, gildandi umreikningsgengi og kostnað. Verðbréfafyrirtæki skulu einnig veita upplýsingar um fyrirkomulag greiðslu eða annarra efnda.

4. Í tengslum við upplýsingagjöf um kostnað og gjöld vegna afurðar sem ekki eru tilgreind í lykilupplýsingum um verðbréfasjóð (UCITS KIID) skulu verðbréfafyrirtæki reikna út og veita upplýsingar um þann kostnað, t.d. á grundvelli samskipta við rekstrarfélag verðbréfasjóðsins til að afla viðkomandi upplýsinga.

5. Sú skylda að veita með góðum fyrirvara fullar upplýsingar um heildarkostnað og -gjöld sem tengjast fjármálagerningnum og þeirri fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu sem veitt er skal gilda um verðbréfafyrirtæki við eftirfarandi aðstæður:

a) ef verðbréfafyrirtækið mælir með fjármálagerningum við, eða markaðssetur fjármálagerninga til, viðskiptavina, eða

b) ef verðbréfafyrirtækinu sem veitir fjárfestingarþjónustu ber að veita viðskiptavinum lykilupplýsingar um verðbréfasjóð (UCITS KIID) eða lykilupplýsingar um pakkaðar fjárfestingarafurðir og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP KID) í tengslum við viðkomandi fjármálagerninga, í samræmi við viðkomandi löggjöf Sambandsins.

6. Verðbréfafyrirtæki sem hvorki mæla með við né markaðssetja fjármálagerning til viðskiptavinarins eða er ekki skylt að veita viðskiptavininum lykilupplýsingar fyrir fjárfesta (KID/KIID) í samræmi við viðkomandi löggjöf Sambandsins skulu upplýsa viðskiptavini sína um allan kostnað og gjöld sem tengjast fjárfestingunni og/eða viðbótarþjónustu sem veitt er.

7. Veiti fleiri en eitt verðbréfafyrirtæki viðskiptavininum fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu skal hvert verðbréfafyrirtæki veita upplýsingar um kostnaðinn við fjárfestingar- eða viðbótarþjónustuna sem það veitir. Verðbréfafyrirtæki sem mælir með við eða markaðssetur til viðskiptavina sinna þjónustu sem annað fyrirtæki veitir skal leggja saman kostnaðinn og gjöldin fyrir þjónustu sína og kostnaðinn og gjöldin fyrir þjónustuna sem hitt fyrirtækið veitir. Verðbréfafyrirtæki skal taka tillit til kostnaðar og gjalda sem tengjast fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu sem önnur fyrirtæki veita hafi það vísað viðskiptavininum til slíkra annarra fyrirtækja.

8. Við útreikning á áætluðum kostnaði og gjöldum skulu verðbréfafyrirtæki nota raunverulega áfallinn kostnað sem viðmið um væntan kostnað og gjöld. Liggi raunkostnaður ekki fyrir skal verðbréfafyrirtækið leggja raunhæft mat á þann kostnað. Verðbréfafyrirtæki skulu endurskoða fyrirframgefnar forsendur út frá því sem gerist í reynd og leiðrétta þær forsendur eftir því sem nauðsynlegt er.

9. Verðbréfafyrirtæki skulu veita árlegar raunupplýsingar um allan kostnað og gjöld, bæði sem tengjast fjármálagerningnum (/-gerningunum) og fjárfestingar- og viðbótarþjónustunni, ef þau hafa mælt með við eða markaðssett fjármálagerninginn (/-gerningana) til eða afhent viðskiptavininum lykilupplýsingar (KID/KIID) um fjármálagerninginn (/gerningana) og eiga eða hafa átt í viðvarandi sambandi við viðskiptavininn á árinu. Slíkar upplýsingar skulu byggjast á áföllnum kostnaði og skulu veittar á einstaklingsmiðuðum grunni.

Verðbréfafyrirtæki geta valið að veita slíkar samanteknar upplýsingar um kostnað og gjöld fyrir fjárfestingarþjónustu og fjármálagerninga ásamt reglubundinni upplýsingagjöf til viðskiptavina sem fyrir er.

10. Verðbréfafyrirtæki skulu sjá viðskiptavinum sínum fyrir framsetningu upplýsinga sem sýnir samanlögð áhrif kostnaðar á ávöxtun þegar fjárfestingarþjónusta er veitt. Slíka framsetningu skal veita bæði á grundvelli áætlunar fram í tímann og raunupplýsinga. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að framsetningin uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) framsetningin sýni áhrif heildarkostnaðar og -gjalda á ávöxtun fjárfestingarinnar.

b) framsetningin sýni allar kostnaðarhækkanir og -sveiflur sem búist er við og

c) framsetningunni fylgi lýsing á henni.

51. gr.

Upplýsingar sem veittar eru í samræmi við tilskipun 2009/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1286/2014

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki sem selja hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða pakkaðar fjárfestingarafurðir og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) skulu að auki upplýsa viðskiptavini sína um allan annan kostnað og tengd gjöld sem tengjast afurðinni og mögulega er ekki getið um í viðkomandi lykilupplýsingum (UCITS KID eða PRIIP KID) og um kostnað og gjöld vegna fjárfestingarþjónustu þeirra í tengslum við þann fjármálagerning.

2. ÞÁTTUR

Fjárfestingarráðgjöf

52. gr.

Upplýsingar um fjárfestingarráðgjöf

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu útskýra á skýran og gagnorðan hátt hvort og hvers vegna fjárfestingarráðgjöf telst vera óháð eða háð og tegund og eðli takmarkana sem gilda, þ.m.t. bann við því að taka við og halda eftir hvatagreiðslum ef fjárfestingarráðgjöf er veitt á óháðum grundvelli.

Sé ráðgjöf boðin eða veitt sama viðskiptavini á bæði óháðum og háðum grundvelli skulu verðbréfafyrirtækin skýra umfang hvorrar þjónustu um sig til að gera fjárfestum kleift að skilja muninn þar á milli og ekki kynna sig sem óháðan fjárfestingarráðgjafa að því er varðar alla starfsemina. Í samskiptum sínum við viðskiptavini skulu fyrirtæki ekki leggja meiri áherslu en tilefni er til á óháða fjárfestingarráðgjafarþjónustu sína umfram háða fjárfestingarráðgjafarþjónustu sína.

2. Verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf, hvort sem er á óháðum eða háðum grundvelli, skulu gera viðskiptavinum grein fyrir því úrvali fjármálagerninga sem unnt er að mæla með, þ.m.t. tengslum fyrirtækisins við útgefendur eða veitendur gerninganna.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu gefa lýsingu á tegundum þeirra fjármálagerninga sem koma til greina, úrvali fjármálagerninga og veitenda sem hafa verið greindir eftir hverri tegund gernings í samræmi við umfang þjónustunnar, og, þegar óháð ráðgjöf er veitt, því hvernig þjónustan sem veitt er uppfyllir skilyrðin fyrir veitingu fjárfestingarráðgjafar á óháðum grundvelli ásamt lýsingu á þeim þáttum sem horft er til í valferlinu sem verðbréfafyrirtækið notar til að mæla með fjármálagerningum, s.s. áhættu, kostnaði og flækjustigi fjármálagerninganna.

4. Þegar það úrval fjármálagerninga sem verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf á óháðum grundvelli metur felur í sér eigin fjármálagerninga verðbréfafyrirtækisins eða fjármálagerninga sem aðilar í nánum tengslum eða öðru nánu lagalegu eða fjárhagslegu sambandi við verðbréfafyrirtækið gefa út eða veita, og auk þess fjármálagerninga sem aðrir útgefendur eða veitendur sem ekki eru í tengslum eða sambandi við það gefa út, skal verðbréfafyrirtækið aðgreina sérstaklega fyrir hverja tegund fjármálagernings það úrval fjármálagerninga sem aðilar sem eru ekki í tengslum við verðbréfafyrirtækið gefa út eða veita.

5. Verðbréfafyrirtæki sem veita reglubundið mat á hæfi ráðlegginga sem veittar eru skv. 12. mgr. 54. gr. skulu birta upplýsingar um allt eftirfarandi:

a) tíðni og umfang hins reglubundna mats á hæfi og, ef við á, þær aðstæður sem leiða til slíks mats,

b) að hve miklu leyti upplýsingar sem hefur áður verið aflað lúta endurmati og

c) hvernig uppfærð ráðlegging verður tilkynnt viðskiptavininum.

53. gr.

Fjárfestingarráðgjöf á óháðum grundvelli

(Ákvæði 4. og 7. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf á óháðum grundvelli skulu skilgreina og koma á valferli til að meta og bera saman nægjanlegt úrval fjármálagerninga sem í boði eru á markaðnum í samræmi við a-lið 7. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Valferlið skal fela í sér eftirfarandi þætti:

a) hæfilegan fjölda og hæfilega fjölbreytni fjármálagerninga sem teknir eru til athugunar miðað við umfang þjónustunnar á sviði fjárfestingarráðgjafar sem óháði fjárfestingarráðgjafinn býður,

b) að fjöldi og fjölbreytni fjármálagerninga sem teknir eru til athugunar endurspegli nægjanlega þá fjármálagerninga sem eru í boði á markaðnum,

c) að magn fjármálagerninga sem sjálft verðbréfafyrirtækið eða aðilar í nánum tengslum við það gefa út sé í eðlilegu hlutfalli við heildarmagn fjármálagerninga sem teknir eru til athugunar og

d) að viðmiðin við val mismunandi fjármálagerninga taki til allra þátta sem skipta máli, s.s. áhættu, kostnaðar og flækjustigs sem og eiginleika viðskiptavina verðbréfafyrirtækisins, og tryggi að val þeirra gerninga sem mæla á með sé ekki hlutdrægt.

Sé slíkur samanburður ekki mögulegur vegna viðskiptalíkans eða tiltekins umfangs veittrar þjónustu skal verðbréfafyrirtækið sem veitir fjárfestingarráðgjöfina ekki kynna sig sem óháð.

2. Verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf á óháðum grundvelli og sem leggur áherslu á tiltekna flokka eða tilgreint úrval fjármálagerninga skal hlíta eftirfarandi kröfum:

a) fyrirtækið skal markaðssetja sig með hætti sem er ætlað að laða eingöngu að viðskiptavini sem leggja áherslu á viðkomandi flokka eða úrval fjármálagerninga,

b) fyrirtækið skal fara fram á það við viðskiptavini að þeir lýsi því yfir að þeir hafi eingöngu áhuga á að fjárfesta í hinum tilgreinda flokki eða úrvali fjármálagerninga og

c) áður en þjónustan er veitt skal fyrirtækið tryggja að þjónusta þess sé viðeigandi fyrir hvern nýjan viðskiptavin á þeim grundvelli að viðskiptalíkan þess hæfi þörfum og markmiðum viðskiptavinarins, og að úrval fjármálagerninganna henti viðskiptavininum. Sé svo ekki skal fyrirtækið ekki veita viðskiptavininum slíka þjónustu.

3. Verðbréfafyrirtæki sem býður fjárfestingarráðgjöf á bæði óháðum og háðum grundvelli skal hlíta eftirfarandi skyldum:

a) verðbréfafyrirtækið hafi með góðum fyrirvara áður en það veitir þjónustu sína upplýst viðskiptavini sína, á varanlegum miðli, um hvort ráðgjöfin verði óháð eða háð, í samræmi við a-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og viðkomandi framkvæmdarráðstafanir:

b) verðbréfafyrirtækið hafi kynnt sig sem óháð hvað varðar þá þjónustu sem það veitir fjárfestingarráðgjöf í tengslum við á óháðum grunni,

c) verðbréfafyrirtækið búi yfir fullnægjandi skipulagskröfum og stjórntækjum til að tryggja að þessar tvær tegundir ráðgjafarþjónustu og ráðgjafa séu skýrt aðgreindar frá hvor annarri, viðskiptavinir séu ekki líklegir til að ruglast á þeim tegundum ráðgjafar sem þeir fá og þeim sé veitt tegund ráðgjafar sem er viðeigandi fyrir þá. Verðbréfafyrirtækið skal ekki heimila einstaklingi að veita bæði óháða og háða ráðgjöf.

3. ÞÁTTUR

Mat á hæfi og tilhlýðileika

54. gr.

Hæfismat og -skýrslur

(Ákvæði 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu ekki valda tvíræðni, margræðni eða ruglingi að því er varðar ábyrgð þeirra í því ferli að meta hæfi í tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerninga í samræmi við 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Við hæfismatið skal fyrirtækið upplýsa viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini sína á skýran og einfaldan hátt um að tilgangur matsins sé að gera fyrirtækinu kleift að aðhafast með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi.

Þegar veitt er þjónusta á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns að öllu leyti eða að hluta gegnum sjálfvirkt eða hálfsjálfvirkt kerfi skal ábyrgðin á framkvæmd hæfismats liggja hjá verðbréfafyrirtækinu sem veitir þjónustuna og skal notkun rafræns kerfis til að veita einstaklingsbundna ráðleggingu eða taka ákvörðun um viðskipti ekki draga úr þeirri ábyrgð.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu ákvarða umfang þeirra upplýsinga sem afla skal frá viðskiptavinum á grundvelli allra þátta þjónustunnar á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns sem veita á viðkomandi viðskiptavinum. Verðbréfafyrirtæki skulu afla frá viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum sínum þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru svo fyrirtækið geti skilið mikilvægar staðreyndir um viðskiptavininn og hafi traustan grunn til að ákvarða, að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og umfangs veittrar þjónustu, hvort þau tilteknu viðskipti sem mæla á með eða eiga í sem hluta af því að veita þjónustu á sviði eignasafnsstýringar uppfylli eftirfarandi viðmið.:

a) þau hæfi fjárfestingarmarkmiðum viðkomandi viðskiptavinar, þ.m.t. með tilliti til áhættuþols hans,

b) þau séu þess eðlis að viðskiptavinurinn sé fjárhagslega fær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu í samræmi við fjárfestingarmarkmið sín,

c) þau séu þess eðlis að viðskiptavinurinn hafi nauðsynlega reynslu og þekkingu til að skilja áhættuna sem felst í viðskiptunum eða í stýringu eignasafns hans.

3. Veiti verðbréfafyrirtæki fagfjárfesti fjárfestingarþjónustu skal því heimilt að gera ráð fyrir því að hvað varðar afurðir, viðskipti og þjónustu sem fagfjárfestirinn er flokkaður sem slíkur í tengslum við hafi hann nægilega reynslu og þekkingu í skilningi c-liðar 2. mgr.

Feli slík fjárfestingarþjónusta í sér fjárfestingarráðgjöf við fagfjárfesti sem fellur undir 1. þátt II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal verðbréfafyrirtækinu heimilt að gera ráð fyrir því, í skilningi b-liðar 2. mgr., að viðskiptavinurinn sé fjárhagslega fær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu sem samræmist fjárfestingarmarkmiðum hans.

4. Upplýsingarnar um fjárhagsstöðu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar skulu, þar sem við á, fela í sér upplýsingar um uppruna og umfang reglulegra tekna hans, eigna hans, þ.m.t. lausafjáreigna, fjárfestinga og fasteigna, og um reglulegar fjárhagsskuldbindingar hans.

5. Upplýsingarnar um fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar skulu fela í sér, þar sem við á, upplýsingar um hve lengi viðskiptavinurinn óskar eftir að halda fjárfestingunni, óskir hans um áhættutöku, áhættusnið hans og tilgang hans með fjárfestingunni.

6. Sé viðskiptavinur lögaðili eða hópur tveggja eða fleiri einstaklinga, eða sé um að ræða að einstaklingur komi fram fyrir hönd eins eða fleiri annarra einstaklinga, skal verðbréfafyrirtækið setja og framfylgja reglum um það hver skuli gangast undir hæfismatið og hvernig þetta mat er útfært í reynd, þ.m.t. frá hverjum eigi að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu, fjárhagsstöðu og fjárfestingarmarkmið. Verðbréfafyrirtækið skal skrá þessar reglur.

Komi einstaklingur fram fyrir hönd annars einstaklings eða eigi að meta hæfi lögaðila sem hefur óskað eftir því að farið sé með hann sem fagfjárfesti í samræmi við 2. þátt II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal mat á fjárhagsstöðu og fjárfestingarmarkmiðum miðast við lögaðilann eða, í tengslum við einstakling, viðskiptavininn sem stendur að baki fremur en þann sem kemur fram fyrir hönd hins. Þekking og reynsla skulu miðast við þann sem kemur fram fyrir hönd einstaklingsins eða þann einstakling sem hefur heimild til að eiga í viðskiptum fyrir hönd viðskiptavinarins sem stendur að baki honum.

7. Verðbréfafyrirtæki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar sem aflað er um viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini þeirra séu áreiðanlegar. Þetta skal fela í sér, en ekki takmarkast við, eftirfarandi:

a) að tryggja að viðskiptavinir séu meðvitaðir um mikilvægi þess að veita réttar og uppfærðar upplýsingar,

b) að tryggja að öll tól, s.s. til áhættumats eða mats á þekkingu og reynslu viðskiptavinar, sem beitt er í hæfismatsferlinu þjóni vel tilgangi sínum og henti til mats á viðskiptavinum þeirra, og að allar takmarkanir séu tilgreindar og dregið sé úr áhrifum þeirra með virkum hætti í öllu hæfismatsferlinu,

c) að tryggja að spurningar sem notaðar eru í ferlinu séu líklegar til að vera skiljanlegar fyrir viðskiptavini og dragi fram bæði rétta mynd af markmiðum og þörfum viðskiptavinarins og þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar hæfismatinu og

d) að gera ráðstafanir, eftir því sem við á, til að tryggja samræmi í upplýsingum viðskiptavinar, s.s. að kanna hvort eitthvað sé augljóslega rangt í upplýsingum sem viðskiptavinir veita.

Verðbréfafyrirtæki sem eru í viðvarandi sambandi við viðskiptavin, s.s. með því að veita viðvarandi þjónustu á sviði ráðgjafar eða stýringar eignasafns, skulu hafa og geta sýnt fram á að þau hafi viðeigandi stefnur og starfsreglur til að viðhalda fullnægjandi og uppfærðum upplýsingum um viðskiptavini að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla kröfur 2. mgr.

8. Fái verðbréfafyrirtæki ekki þær upplýsingar sem krafist er skv. 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB þegar það veitir fjárfestingarþjónustu á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns skal fyrirtækið ekki mæla með fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerningum við viðkomandi viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin.

9. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa og skulu geta sýnt fram á að þau hafi fullnægjandi stefnur og starfsreglur til að tryggja að þau skilji eðli og eiginleika, þ.m.t. kostnað og áhættu af, fjárfestingarþjónustu og fjármálagerningum sem valdir eru fyrir viðskiptavini þeirra og að þau leggi mat á það, að teknu tilliti til kostnaðar og flækjustigs, hvort sambærileg fjárfestingarþjónusta eða fjármálagerningar geti uppfyllt þarfir viðskiptavinarins.

10. Þegar verðbréfafyrirtæki veitir fjárfestingarþjónustu á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns skal það ekki mæla með eða ákveða að eiga í viðskiptum ef hvorki þjónustan né gerningarnir hæfa viðskiptavininum.

11. Þegar þau veita þjónustu á sviði fjárfestingaráðgjafar eða stýringar eignasafns sem felur í sér að skipta um fjárfestingar, annaðhvort með því að selja gerning og kaupa annan eða með nýtingu réttar til að gera breytingu í tengslum við gerning sem er þegar fyrir hendi, skulu verðbréfafyrirtæki afla nauðsynlegra upplýsinga um fjárfestingar viðskiptavinarins sem fyrir eru og nýju fjárfestingarnar sem mælt er með og greina kostnað og ávinning skiptanna, svo þau geti sýnt fram á með fullnægjandi hætti að ávinningur skiptanna vegi þyngra en kostnaðurinn.

12. Þegar verðbréfafyrirtæki veita fjárfestingarráðgjöf skulu þau leggja fyrir almenna fjárfestinn skýrslu sem hefur að geyma yfirlit um ráðgjöfina sem er veitt og af hverju ráðleggingin hentar almenna fjárfestinum, þ.m.t. hvernig hún þjónar markmiðum og hæfir einstaklingsbundnum aðstæðum viðskiptavinarins með tilliti til fjárfestingartímans sem til þarf, þekkingar og reynslu viðskiptavinarins, viðhorfs hans til áhættu og getu hans til að taka á sig tap.

Verðbréfafyrirtæki skulu vekja athygli viðskiptavina á og veita í hæfisskýrslunni upplýsingar um það hvort hin ráðlagða þjónusta eða gerningar séu líkleg til að krefjast þess að viðkomandi almennur fjárfestir sækist eftir reglubundinni endurskoðun á fyrirkomulagi þeirra.

Veiti verðbréfafyrirtæki þjónustu sem felur í sér reglulegt hæfismat og -skýrslur er nægilegt að síðari skýrslur eftir að þjónustan hefst fjalli um breytingar á viðkomandi þjónustu eða gerningum og/eða aðstæðum viðskiptavinarins, og þurfa þær því ekki að endurtaka öll atriði fyrstu skýrslunnar.

13. Verðbréfafyrirtæki sem veita reglulegt hæfismat skulu a.m.k. árlega endurskoða hve vel ráðleggingar sem þau hafa gefið henta, í þeim tilgangi að bæta þjónustuna. Tíðni þessa mats skal aukin allt eftir áhættusniði viðskiptavinar og tegund fjármálagerninga sem mælt er með.

55. gr.

Ákvæði sem eru sameiginleg með hæfis- og hentugleikamati

(Ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að á meðal upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sé eftirfarandi, að því marki sem við á með tilliti til eðlis viðskiptavinar, eðlis og umfangs þjónustunnar sem veita á og tegundar þeirra afurða eða viðskipta sem fyrirhuguð eru, þ.m.t. flækjustigs þeirra og þeirrar áhættu sem þeim fylgir:

a) tegundir þjónustu, viðskipta og fjármálagerninga sem viðskiptavinurinn er kunnugur,

b) eðli, umfang og tíðni viðskipta viðskiptavinarins með fjármálagerninga og tímabilið sem þau hafa farið fram á,

c) menntunarstig og atvinna eða fyrri atvinna viðskiptavinar, eða hugsanlegs viðskiptavinar, sem skiptir máli í þessu sambandi.

2. Verðbréfafyrirtæki skal ekki ráða viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini frá því að veita upplýsingar sem krafist er að því er varðar 2. og 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

3. Verðbréfafyrirtæki skal heimilt að reiða sig á upplýsingar sem viðskiptavinir eða hugsanlegir viðskiptavinir þess veita, nema því sé kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um að upplýsingarnar séu sannanlega úreltar, rangar eða ófullgerðar.

56. gr.

Mat á hentugleika og tengdar skráningarskyldur

(Ákvæði 3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Þegar verðbréfafyrirtæki meta hvort fjárfestingarþjónusta eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB henti viðskiptavini skulu þau ákvarða hvort viðkomandi viðskiptavinur hefur nauðsynlega reynslu og þekkingu til að skilja áhættuna sem tengist afurðinni eða fjárfestingarþjónustunni sem boðin er eða óskað er eftir.

Verðbréfafyrirtæki skal heimilt að gera ráð fyrir því að fagfjárfestir hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til að skilja þá áhættu sem tengist viðkomandi fjárfestingarþjónustu eða viðskiptum, eða tegundum viðskipta eða afurða, sem viðskiptavinurinn er flokkaður sem fagfjárfestir fyrir.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu halda skrár um hentugleikamat sem fram fer, sem skulu innihalda eftirfarandi:

a) niðurstöðu hentugleikamatsins,

b) allar viðvaranir sem gefnar hafa verið viðskiptavininum þegar fjárfestingarþjónusta eða kaup á afurð var metin sem mögulega óhentug fyrir viðskiptavininn, hvort viðskiptavinurinn óskaði eftir því að halda áfram með viðskiptin þrátt fyrir viðvörunina og, eftir atvikum, hvort fyrirtækið samþykkti beiðni viðskiptavinarins um að halda áfram með viðskiptin,

c) allar viðvaranir sem gefnar hafa verið viðskiptavininum þegar hann veitti ekki nægjanlegar upplýsingar til að gera fyrirtækinu kleift að vinna hentugleikamat, hvort viðskiptavinurinn óskaði eftir því að haldið yrði áfram með viðskiptin þrátt fyrir þessa viðvörun og, eftir atvikum, hvort fyrirtækið samþykkti beiðni viðskiptavinarins um að halda áfram með viðskiptin.

57. gr.

Veiting þjónustu með einfalda gerninga

(Ákvæði 4. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Telja skal fjármálagerning sem ekki er tilgreindur sérstaklega í a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB einfaldan að því er varðar vi. tölulið a-liðar 4. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ef hann uppfyllir eftirfarandi viðmið:

a) hann fellur ekki undir c-lið 44. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða 4.–11. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,

b) tíð tækifæri eru til að selja, innleysa eða á annan hátt leysa út viðkomandi gerning á verði sem er opinberlega aðgengilegt markaðsaðilum og sem er annaðhvort markaðsverð eða verð sem gert er aðgengilegt, eða er staðfest, af verðmatskerfum sem eru óháð útgefandanum,

c) hann felur ekki í sér skuldbindingu eða hugsanlega skuldbindingu fyrir viðskiptavininn sem nemur hærri fjárhæð en kostnaðinum af því að eignast gerninginn,

d) hann felur ekki í sér ákvæði, skilyrði eða mörk sem gætu breytt í grundvallaratriðum eðli eða áhættu fjárfestingarinnar eða tilhögun útgreiðslna, s.s. fjárfestinga sem fela í sér rétt til að breyta gerningnum í annars konar fjárfestingu,

e) hann felur ekki í sér bein eða óbein innlausnargjöld sem gera fjárfestinguna illseljanlega jafnvel þótt tæknilega séu tíð tækifæri til að selja, innleysa eða á annan hátt leysa hann út,

f) nægilega ítarlegar upplýsingar um eiginleika hans séu aðgengilegar almenningi og líklegar til að vera auðskiljanlegar, þannig að almennum fjárfesti með þekkingu og reynslu í meðallagi sé kleift að taka upplýsta ákvörðun um hvort eiga skuli í viðskiptum með viðkomandi gerning.

58. gr.

Samningar við almenna fjárfesta og fagfjárfesta

(Ákvæði 1. mgr. 24. gr. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki sem veita viðskiptavini fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu sem um getur í 1. tölulið B-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB eftir daginn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda skulu gera skriflegan grunnsamning við viðskiptavininn, á pappírsformi eða öðrum varanlegum miðli, sem kveður á um helstu réttindi og skyldur fyrirtækisins og viðskiptavinarins. Verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf skulu hlíta þessari skyldu einungis ef hentugleiki fjármálagerninganna eða -þjónustunnar sem mælt er með er metinn reglulega.

Skriflegi samningurinn skal kveða á um helstu réttindi og skyldur aðilanna og hafa að geyma eftirfarandi:

a) lýsingu á þjónustunni og, þar sem við á, eðli og umfangi fjárfestingarráðgjafarinnar sem veita á,

b) sé um að ræða þjónustu á sviði stýringar eignasafns, upptalningu á þeim tegundum fjármálagerninga sem heimilt er að kaupa og selja og tegundum viðskipta sem heimilt er að stunda fyrir hönd viðskiptavinarins, sem og öllum gerningum eða viðskiptum sem eru óheimil og

c) lýsingu á meginþáttum allrar þjónustu sem um getur í 1. tölulið B-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og veita á, þ.m.t., eftir atvikum, hlutverki fyrirtækisins að því er varðar fyrirtækjaaðgerðir sem tengjast gerningum viðskiptavinar og þeim skilmálum sem fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem taka til verðbréfa viðskiptavinar munu skila ávöxtun fyrir viðskiptavininn samkvæmt.

4. ÞÁTTUR

Upplýsingagjöf til viðskiptavina

59. gr.

Upplýsingaskylda að því er varðar framkvæmd fyrirmæla annarra en um stýringu eignasafns

(Ákvæði 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem hafa framkvæmt fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar, önnur en um stýringu eignasafns, skulu að því er varðar þau fyrirmæli:

a) tafarlaust veita viðskiptavininum, á varanlegum miðli, helstu upplýsingar um framkvæmd þeirra fyrirmæla,

b) senda viðskiptavininum tilkynningu á varanlegum miðli til staðfestingar á framkvæmd fyrirmælanna eins fljótt og auðið er og eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir framkvæmdina eða, ef verðbréfafyrirtækið móttekur staðfestinguna frá þriðja aðila, eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir móttöku staðfestingarinnar frá þriðja aðilanum.

Ákvæði b-liðar gilda ekki ef í staðfestingunni væru sömu upplýsingar og í staðfestingu sem annar aðili mun senda tafarlaust til viðskiptavinarins.

Ákvæði a- og b-liðar gilda ekki ef fyrirmæli sem eru framkvæmd fyrir hönd viðskiptavina varða skuldabréf sem fjármagna veðlánssamninga við sömu viðskiptavini, en í slíku tilviki skal skýra frá viðskiptunum á sama tíma og greint er frá skilmálum veðlánsins, en eigi síðar en einum mánuði eftir framkvæmd fyrirmælanna.

2. Til viðbótar við kröfur 1. mgr. skulu verðbréfafyrirtæki veita viðskiptavininum, að ósk hans, upplýsingar um stöðu fyrirmæla hans.

3. Þegar um er að ræða fyrirmæli viðskiptavina sem tengjast hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu og eru framkvæmd reglulega skulu verðbréfafyrirtæki annaðhvort gera þá ráðstöfun sem tilgreind er í b-lið 1. mgr., eða veita viðskiptavininum, a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti, þær upplýsingar sem taldar eru upp í 4. mgr. að því er varðar þau viðskipti.

4. Í tilkynningu af því tagi sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á, í samræmi við tæknilegu eftirlitsstaðlana um skýrslugjafarskyldu sem samþykktir eru í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014:

a) auðkenning fyrirtækis sem sendir tilkynningu,

b) nafn eða annað auðkenni viðskiptavinarins,

c) viðskiptadagur,

d) tími viðskipta,

e) tegund fyrirmæla,

f) auðkenning viðskiptavettvangs,

g) auðkenning gernings,

h) kaup-/söluvísir,

i) eðli fyrirmæla ef þau eru ekki kaup-/sölufyrirmæli,

j) magn,

k) einingaverð,

l) heildarendurgjald,

m) samtala umboðslauna og innheimtra útgjalda og, ef viðskiptavinurinn fer þess á leit, sundurliðuð skipting ásamt, ef við á, fjárhæð álagningar eða niðurfærslu sem beitt er ef viðskiptin voru framkvæmd af verðbréfafyrirtæki í viðskiptum fyrir eigin reikning, og verðbréfafyrirtækinu ber skylda til að tryggja viðskiptavininum bestu framkvæmd,

n) gengi gjaldmiðla sem notað er ef viðskiptin fela í sér umreikning þeirra,

o) ábyrgð viðskiptavinar í tengslum við viðskiptauppgjörið, þ.m.t. tímamörk greiðslu eða afhendingar og viðeigandi reikningsupplýsingar ef viðskiptavinurinn hefur ekki áður fengið þessar upplýsingar og honum verið tilkynnt um þessa ábyrgð,

p) sú staðreynd, sé það tilfellið, að í reynd hafi mótaðili viðskiptavinarins verið verðbréfafyrirtækið sjálft eða annar aðili í samstæðu verðbréfafyrirtækisins eða annar viðskiptavinur verðbréfafyrirtækisins, nema fyrirmælin hafi verið framkvæmd gegnum viðskiptakerfi sem gerir kleift að stunda nafnlaus viðskipti.

Að því er varðar k-lið skal verðbréfafyrirtækið, ef fyrirmælin eru framkvæmd í áföngum, veita viðskiptavininum upplýsingar um verð í hverjum áfanga eða meðalverð. Sé meðalverð gefið upp skal verðbréfafyrirtækið veita viðskiptavininum upplýsingar um verðið í hverjum áfanga að ósk hans.

5. Verðbréfafyrirtækið getur veitt viðskiptavininum þær upplýsingar sem um getur í 4. mgr. með því að nota staðlaða kóða ef það útskýrir jafnframt kóðana sem eru notaðir.

60. gr.

Upplýsingaskylda að því er varðar stýringu eignasafns

(Ákvæði 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem veita viðskiptavinum þjónustu á sviði stýringar eignasafns skulu útvega hverjum slíkum viðskiptavini reglulegt yfirlit á varanlegum miðli um aðgerðir í eignasafnsstýringunni sem framkvæmdar hafa verið fyrir hönd viðkomandi viðskiptavinar nema annar aðili leggi fram slíkt yfirlit.

2. Reglulegt yfirlit sem krafist er skv. 1. mgr. skal veita sanngjarnar og óhlutdrægar upplýsingar um aðgerðir sem ráðist var í og um afkomu eignasafnsins á yfirlitstímabilinu og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar, þar sem við á:

a) heiti verðbréfafyrirtækisins,

b) nafn eða annað auðkenni reiknings viðskiptavinar,

c) yfirlit um innihald og verðmat eignasafns, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um hvern fjármálagerning í því, markaðsvirði hans eða gangvirði ef markaðsvirði liggur ekki fyrir, reiðufjárstöðu í upphafi og við lok yfirlitstímabilsins og afkomu eignasafnsins á yfirlitstímabilinu,

d) heildarfjárhæð þóknana og gjalda sem stofnað er til á yfirlitstímabilinu með sundurliðun á a.m.k. heildarumsjónarlaunum og heildarkostnaði sem tengjast framkvæmd, þ.m.t., þar sem við á, yfirlýsingu um að ítarlegri sundurliðun verði lögð fram sé þess óskað,

e) samanburð á afkomu á tímabilinu sem yfirlitið nær til, með afkomuviðmiði fjárfestingar (ef eitthvert er) sem verðbréfafyrirtækið og viðskiptavinurinn ákváðu sín í milli,

f) heildarfjárhæð arðgreiðslna, vaxta og annarra móttekinna greiðslna á yfirlitstímabilinu í tengslum við eignasafn viðskiptavinar,

g) upplýsingar um aðrar fyrirtækjaaðgerðir sem veita réttindi í tengslum við fjármálagerninga í eignasafninu,

h) þær upplýsingar sem um getur í c- til l-lið 4. mgr. 59. gr. um hver viðskipti sem framkvæmd eru á tímabilinu, þar sem við á, nema viðskiptavinurinn kjósi að fá upplýsingar um framkvæmd viðskipti á grundvelli einstakra viðskipta, en þá gilda ákvæði 4. mgr. þessarar greinar.

3. Reglulega yfirlitið sem um getur í 1. mgr. skal leggja fram einu sinni á þriggja mánaða fresti nema í eftirfarandi tilvikum:

a) ef verðbréfafyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum aðgang að nettengdu kerfi sem telst varanlegur miðill þar sem unnt er að nálgast uppfært verðmat eignasafns viðskiptavinarins, viðskiptavinurinn getur auðveldlega nálgast þær upplýsingar sem krafist er í 2. mgr. 63. gr. og fyrirtækið hefur sönnun fyrir því að viðskiptavinurinn hafi nýtt sér aðgang að verðmati eignasafns síns a.m.k. einu sinni á viðkomandi ársfjórðungi,

b) ef ákvæði 4. mgr. gilda skal leggja fram reglulega yfirlitið a.m.k. einu sinni á 12 mánaða fresti,

c) heimili samningurinn milli verðbréfafyrirtækis og viðskiptavinar um þjónustu á sviði stýringar eignasafns skuldsett (e. *leveraged*) eignasafn verður að leggja fram reglulegt yfirlit a.m.k. einu sinni í mánuði.

Undantekningin sem getið er um í b-lið gildir ekki ef um er að ræða viðskipti með fjármálagerninga sem falla undir ákvæði c-liðar 44. töluliðar 1. mgr. 4. gr., eða einhverra af 4. til 11. töluliðar C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

4. Kjósi viðskiptavinur að fá upplýsingar um framkvæmd viðskipti á grundvelli einstakra viðskipta skulu verðbréfafyrirtæki tafarlaust, þegar eignasafnsstjóri framkvæmir viðskiptin, veita viðskiptavininum helstu upplýsingar um þau viðskipti á varanlegum miðli.

Verðbréfafyrirtækið skal senda viðskiptavininum tilkynningu til staðfestingar á viðskiptunum, sem hefur að geyma þær upplýsingar sem um getur í 4. mgr. 59. gr., eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir þá framkvæmd eða, ef verðbréfafyrirtækið móttekur staðfestinguna frá þriðja aðila, eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir móttöku staðfestingarinnar frá þriðja aðila.

Ákvæði annarrar undirgreinar gilda ekki ef í staðfestingunni væru sömu upplýsingar og í staðfestingu sem annar aðili mun tafarlaust senda viðskiptavininum.

61. gr.

Upplýsingaskylda að því er varðar viðurkennda gagnaðila

(Ákvæði 4. mgr. 24. gr. og 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Þær kröfur sem eiga við um skýrslur fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta skv. 49. og 59. gr. gilda nema verðbréfafyrirtæki geri samning við viðurkenndan gagnaðila sem kveður á um efni og tímasetningu upplýsingagjafar.

62. gr.

Viðbótartilkynningaskylda vegna stýringar eignasafns eða viðskipta með ófyrirséðar skuldbindingar

(Ákvæði 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns skulu gera viðskiptavininum viðvart ef heildarvirði eignasafnsins, eins og það er metið við upphaf hvers yfirlitstímabils, fellur um 10% og eftir það við hvert margfeldi af 10%, eigi síðar en í lok þess virka dags sem farið er fram úr viðmiðunarmörkum eða, ef farið er fram úr viðmiðunarmörkum á degi sem ekki er virkur dagur, í lok næsta virka dags.

2. Verðbréfafyrirtæki sem stýra reikningi almenns fjárfestis sem felur í sér stöður í skuldsettum fjármálagerningum eða viðskipti með ófyrirséðar skuldbindingar skulu gera viðskiptavininum viðvart ef upphaflegt virði hvers gernings fellur um 10% og eftir það við hvert margfeldi af 10%. Tilkynningar samkvæmt þessari málsgrein ættu að vera á grundvelli einhvers og eins gernings nema um annað hafi verið samið við viðskiptavininn og skal eiga sér stað eigi síðar en í lok þess virka dags sem farið er fram úr viðmiðunarmörkunum eða, sé farið fram úr viðmiðunarmörkunum á degi sem ekki er virkur dagur, í lok næsta virka dags.

63. gr.

Yfirlit um fjármálagerninga eða fjármuni viðskiptavina

(Ákvæði 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verbréfafyrirtæki sem varðveita fjármálagerninga eða fjármuni viðskiptavina skulu a.m.k. ársfjórðungslega senda hverjum viðskiptavini sem þau varðveita fjármálagerninga eða fjármuni fyrir yfirlit á varanlegum miðli um viðkomandi fjármálagerninga eða fjármuni nema þær upplýsingar hafi verið veittar í öðru reglulegu yfirliti. Að ósk viðskiptavinar skulu fyrirtæki veita slíkt yfirlit oftar á viðskiptakjörum.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um lánastofnun með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB ([1]) að því er varðar innlán í skilningi þeirrar tilskipunar hjá þeirri stofnun.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. ESB L 126, 26.5.2000, bls. 1).

2. Í yfirlitinu um eignir viðskiptavina sem um getur í 1. mgr. skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um alla fjármálagerninga eða fjármuni sem verðbréfafyrirtækið varðveitir fyrir viðskiptavininn við lok þess tímabils sem yfirlitið nær til,

b) að hvaða marki fjármálagerningar viðskiptavinar eða fjármunir viðskiptavinar hafa verið notaðir í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf,

c) að hvaða marki hvers konar ávinningur hefur runnið til viðskiptavinarins gegnum þátttöku í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, og á hvaða grundvelli þessi ávinningur hefur fengist,

d) skýr tilgreining á eignum og fjármunum sem falla undir reglur tilskipunar 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstafanir hennar, og á þeim eignum og fjármunum sem gera það ekki, s.s. þeim sem falla undir samning um framsal eignarréttar til veðsetningar,

e) skýr tilgreining á því hvaða eignir verða fyrir áhrifum af sérstökum eiginleikum eignarhalds þeirra, t.d. vegna veðsetningar,

f) markaðsvirði eða, þegar markaðsvirði liggur ekki fyrir, áætlað virði þeirra fjármálagerninga sem yfirlitið tekur til, auk þess sem skýrt skal koma fram að það að markaðsverð liggi ekki fyrir gefi sennilega til kynna skort á seljanleika. Fyrirtækið skal meta áætlað virði eftir bestu getu.

Feli eignasafn viðskiptavinar í sér afrakstur einna eða fleiri óuppgerðra viðskipta má byggja upplýsingarnar sem um getur í a-lið annaðhvort á viðskiptadegi eða uppgjörsdegi, að því tilskildu að sama grundvelli sé beitt með samræmdum hætti á allar slíkar upplýsingar í yfirlitinu.

Ekki skal leggja fram reglulega yfirlitið um eignir viðskiptavinar sem um getur í 1. mgr. ef verðbréfafyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum aðgang að nettengdu kerfi sem telst varanlegur miðill þar sem viðskiptavinurinn getur auðveldlega nálgast uppfærð yfirlit um fjármálagerninga eða fjármuni sína og fyrirtækið hefur sönnun fyrir því að viðskiptavinurinn hafi nýtt sér aðganginn að þessu yfirliti a.m.k. einu sinni á viðkomandi ársfjórðungi.

3. Verðbréfafyrirtæki sem varðveita fjármálagerninga eða fjármuni og veita viðskiptavini þjónustu á sviði stýringar eignasafns geta látið yfirlitið um eignir viðskiptavinar sem um getur í 1. mgr. fylgja reglulega yfirlitinu sem það veitir þeim viðskiptavini skv. 1. mgr. 60. gr.

5. ÞÁTTUR

Besta framkvæmd

64. gr.

Viðmið um bestu framkvæmd

(Ákvæði 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina skulu verðbréfafyrirtæki taka tillit til eftirfarandi viðmiða til ákvörðunar á vægi þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB:

a) eiginleika viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir,

b) eiginleika fyrirmæla viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort þau fela í sér fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

c) eiginleika þeirra fjármálagerninga sem eru efni fyrirmælanna,

d) eiginleika þeirra viðskiptastaða sem unnt er að senda fyrirmælin til.

Að því er varðar þessa grein og 65. og 66. gr. merkir „viðskiptastaður“ skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegur viðskiptavettvangur, innmiðlari eða markaðsvaki eða annar aðili sem útvegar seljanleika eða aðili sem gegnir sambærilegu hlutverki í þriðja landi og því sem einhver framangreindra aðila gegnir.

2. Verðbréfafyrirtæki uppfyllir þá skyldu sína skv. 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að leita allra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin að því marki sem það framkvæmir fyrirmæli eða tiltekinn þátt fyrirmæla samkvæmt tiltekinni tilsögn viðskiptavinarins í tengslum við fyrirmælin eða sérstakan þátt fyrirmælanna.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu ekki skipta umboðslaunum sínum eða innheimta þau á þann hátt að það leiði til ósanngjarnar mismununar milli viðskiptastaða.

4. Þegar fyrirmæli eru framkvæmd eða ákvörðun er tekin um að eiga viðskipti með afurðir utan viðskiptavettvangs, þ.m.t. sérsniðnar afurðir, skal verðbréfafyrirtækið kanna sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavininn með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð slíkra afurða og, þegar unnt er, gera samanburð við svipaðar eða sambærilegar afurðir.

65. gr.

Skylda verðbréfafyrirtækja sem annast stýringu eignasafns og móttöku og sendingu fyrirmæla til að hafa hagsmuni viðskiptavinar að leiðarljósi

(Ákvæði 1. og 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Við stýringu eignasafna skulu verðbréfafyrirtæki uppfylla þá skyldu skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að þjóna hagsmunum viðskiptavina sinna sem best þegar þau senda fyrirmæli til annarra aðila um framkvæmd sem leiða af ákvörðunum verðbréfafyrirtækisins um að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavinar.

2. Þegar verðbréfafyrirtæki veita þá þjónustu að taka við og senda fyrirmæli skulu þau uppfylla þá skyldu skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að þjóna hagsmunum viðskiptavina sinna sem best þegar þau senda fyrirmæli viðskiptavina til annarra aðila til framkvæmdar

3. Í því skyni að uppfylla ákvæði 1. eða 2. mgr. skulu verðbréfafyrirtæki hlíta ákvæðum 4.–7. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 64. gr.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu gera fullnægjandi ráðstafanir til að ná fram sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína að teknu tilliti til þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Ákvarða skal vægi þessara þátta út frá viðmiðunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 64. gr. og, að því er varðar almenna fjárfesta, kröfum 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Verðbréfafyrirtæki uppfyllir skyldur sínar skv. 1. eða 2. mgr., og þess er ekki krafist að það geri þær ráðstafanir sem um getur í þessari málsgrein, að því marki sem það fylgir sérstökum leiðbeiningum viðskiptavinar síns þegar fyrirmæli eru send, eða þeim er miðlað, til annars aðila til framkvæmdar.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu setja og framfylgja stefnu sem gerir þeim kleift að uppfylla skylduna sem kveðið er á um í 4. mgr. Í stefnunni skal tilgreina, fyrir hvern flokk gerninga, þá aðila sem fyrirmæli eru lögð fram hjá eða sem verðbréfafyrirtækið sendir fyrirmæli til framkvæmdar. Þeir aðilar sem tilgreindir eru skulu búa yfir fyrirkomulagi framkvæmdar sem gerir verðbréfafyrirtækinu kleift að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein þegar það leggur fram eða sendir þeim aðilum fyrirmæli til framkvæmdar.

6. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um þá stefnu sem sett er í samræmi við 5. mgr. og 2.–9. mgr. 66. gr. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið og þjónustu þess og þá aðila sem valdir eru til að annast framkvæmd fyrirmæla. Sér í lagi skal verðbréfafyrirtæki sem velur önnur fyrirtæki til að veita þjónustu við framkvæmd fyrirmæla taka saman og birta opinberlega á ári hverju, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit um fimm mikilvægustu verðbréfafyrirtækin út frá viðskiptamagni sem það sendi, eða lagði fram hjá, fyrirmæli viðskiptavina til framkvæmdar á næstliðnu ári og upplýsingar um gæði framkvæmdarinnar. Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við þær upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við tæknilegu staðlana sem samdir eru skv. b-lið 10. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Að fenginni réttmætri beiðni þar um frá viðskiptavini skulu verðbréfafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum eða hugsanlegum viðskiptavinum upplýsingar um þá aðila sem fyrirmæli eru send til eða lögð fram hjá til framkvæmdar.

7. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni þeirrar stefnu sem sett er í samræmi við 5. mgr., einkum gæði framkvæmdar hjá þeim aðilum sem tilgreindir eru í þeirri stefnu og, þar sem við á, ráða bót á hvers konar annmörkum í þessum efnum.

Verðbréfafyrirtæki skulu endurskoða stefnuna og fyrirkomulagið a.m.k. árlega. Slík endurskoðun skal einnig fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu fyrirtækisins til að halda áfram að ná besta hugsanlega árangri fyrir viðskiptavini sína.

Verðbréfafyrirtæki skulu meta hvort veruleg breyting hefur orðið og íhuga að gera breytingar að því er varðar þá viðskiptastaði eða aðila sem þau reiða sig einkum á til að uppfylla almennu kröfuna um bestu framkvæmd.

Veruleg breyting merkir mikilvægur atburður sem gæti haft áhrif á viðmið um bestu framkvæmd, s.s. kostnað, verð, hraða, líkur á framkvæmd og uppgjöri, stærð, eðli eða aðra þætti sem skipta máli fyrir framkvæmd fyrirmælanna.

8. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef verðbréfafyrirtækið sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns eða móttöku og sendingu fyrirmæla framkvæmir einnig móttekin fyrirmælin eða ákvarðanir um að eiga viðskipti fyrir eignasafn viðskiptavinarins. Í slíkum tilvikum gildir 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

66. gr.

Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

(Ákvæði 5. og 7. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu endurskoða a.m.k. árlega þá framkvæmdarstefnu sem sett er skv. 4. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og fyrirkomulag sitt við framkvæmd fyrirmæla.

Slík endurskoðun skal einnig fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður, eins og hún er skilgreind í 7. mgr. 65. gr., sem hefur áhrif á getu fyrirtækisins til þess að ná áfram besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina sinna með samræmdum hætti gegnum þá vettvanga sem taldir eru upp í framkvæmdarstefnu þess. Verðbréfafyrirtæki skal meta hvort veruleg breyting hefur orðið og íhuga að gera breytingar á vægi viðmiða um bestu framkvæmd til að uppfylla almennu kröfuna um bestu framkvæmd.

2. Upplýsingarnar um framkvæmdarstefnuna skulu sérsniðnar að viðkomandi flokki fjármálagernings og tegund þjónustu sem veitt er og skulu fela í sér þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3.–9. mgr.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu veita viðskiptavinum eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdarstefnu sína með góðum fyrirvara áður en þjónustan er veitt:

a) yfirlit um það vægi sem verðbréfafyrirtækið gefur þeim þáttum sem um getur í 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, í samræmi við þau viðmið sem tilgreind eru í 1. mgr. 59. gr., eða ferlið sem fyrirtækið beitir til að ákvarða vægi þessara þátta,

b) lista yfir þá viðskiptastaði sem fyrirtækið reiðir sig einkum á við að uppfylla skyldur sínar um að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að ná með samræmdum hætti besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina, sem tilgreinir einnig hvaða viðskiptastaðir eru notaðir fyrir hvern flokk fjármálagerninga, fyrir fyrirmæli almennra fjárfesta, fyrirmæli fagfjárfesta og fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

c) lista yfir viðmið við val á viðskiptastað, þ.m.t. eigindleg viðmið svo sem stöðustofnunarkerfi, stöðvun viðskipta, áætlaðar aðgerðir eða önnur atriði sem skipta máli, og vægi hvers viðmiðs. Upplýsingar um slík viðmið við val á viðskiptastað til framkvæmdar skulu vera í samræmi við þau stjórntæki sem fyrirtækið notar til að sýna viðskiptavinum fram á að besta framkvæmd hafi náðst með samræmdum hætti þegar tekið er til endurskoðunar hvort stefna þess og fyrirkomulag er fullnægjandi,

d) hvernig framkvæmdarþættirnir kostnaður, hraði, líkur á framkvæmd og aðrir þættir sem skipta máli eru metnir sem hluti af fullnægjandi heildarráðstöfunum til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn,

e) eftir atvikum, upplýsingar um að fyrirtækið framkvæmi fyrirmæli utan viðskiptavettvangs, afleiðingar þess, t.d. mótaðilaáhættu sem stafar af framkvæmd utan viðskiptavettvangs, og, að beiðni viðskiptavinar, viðbótarupplýsingar um afleiðingar viðkomandi framkvæmdaraðferðar,

f) skýra og áberandi viðvörun um að sérstakar leiðbeiningar viðskiptavinar kunni að koma í veg fyrir að fyrirtækið geti gert þær ráðstafanir sem það hefur þróað og innleitt með framkvæmdarstefnu sinni í því skyni að ná besta mögulega árangri við framkvæmd viðkomandi fyrirmæla að því er varðar þá þætti sem þær leiðbeiningar ná til,

g) samantekt um ferlið við val á viðskiptastöðum, aðferðir sem beitt er við framkvæmd, verklag og ferli sem notuð eru til að greina gæði framkvæmdar og hvernig fyrirtækið fylgist með og sannreynir að besta mögulega niðurstaða hafi náðst fyrir viðskiptavini.

Þessar upplýsingar skulu veittar á varanlegum miðli eða á vefsetri (ef það felur ekki í sér varanlegan miðil) að því tilskildu að skilyrðin sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. séu uppfyllt.

4. Leggi verðbréfafyrirtæki á mismunandi gjöld eftir viðskiptastöðum skal það útskýra þennan mismun nógu ítarlega til að gera viðskiptavininum kleift að skilja kosti og ókosti þess að velja einn viðskiptastað.

5. Bjóði verðbréfafyrirtæki viðskiptavinum að velja viðskiptastað skal veita sanngjarnar, skýrar og ekki villandi upplýsingar til að koma í veg fyrir að viðskiptavinir velji einn viðskiptastað umfram annan eingöngu á grundvelli þeirrar verðstefnu sem fyrirtækið beitir.

6. Verðbréfafyrirtæki skulu eingöngu taka við greiðslum frá þriðja aðila sem eru í samræmi við ákvæði 9. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og skulu upplýsa viðskiptavini um þá hvatagreiðslur sem fyrirtækið kann að fá frá viðskiptastöðum. Í upplýsingunum skal tilgreina þau gjöld sem verðbréfafyrirtækið leggur á alla mótaðila sem koma að viðskiptunum, og séu gjöldin breytileg eftir viðskiptavinum skulu upplýsingarnar tilgreina þau hámarksgjöld eða bil gjalda sem kunna að koma til greiðslu.

7. Leggi verðbréfafyrirtæki gjöld á fleiri en einn þátttakanda í viðskiptum, í samræmi við 9. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstafanir hennar, skal fyrirtækið upplýsa viðskiptavini sína um virði alls peningalegs og ópeningalegs ávinnings sem fyrirtækið móttekur.

8. Leggi viðskiptavinur fram réttmætar og hæfilegar beiðnir til verðbréfafyrirtækis um upplýsingar um stefnur og fyrirkomulag þess og hvernig þær eru endurskoðaðar skal verðbréfafyrirtækið svara með skýrum hætti innan hæfilegs frests.

9. Framkvæmi verðbréfafyrirtæki fyrirmæli fyrir almenna fjárfesta skal það veita viðkomandi viðskiptavinum samantekt á viðkomandi stefnu, með áherslu á heildarkostnað sem af þeim hlýst. Í samantektinni skal einnig vera tengill í nýjustu gögn um gæði framkvæmdar sem birt eru í samræmi við 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB fyrir hvern viðskiptastað sem verðbréfafyrirtækið telur upp í framkvæmdarstefnu sinni.

6. ÞÁTTUR

Meðferð fyrirmæla viðskiptavina

67. gr.

Almennar meginreglur

(Ákvæði 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði þegar þau sinna fyrirmælum viðskiptavina:

a) þau skulu tryggja að fyrirmæli sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavina séu skráð og þeim úthlutað án tafar og af nákvæmni,

b) þau skulu sinna fyrirmælum viðskiptavina sem eru sambærileg að öðru leyti í þeirri röð sem þau berast og án tafar nema það sé ógerlegt vegna eðlis fyrirmælanna eða ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir viðskiptavinarins krefjast annars,

c) þau skulu tilkynna almennum fjárfesti um öll veruleg vandkvæði sem varða tilhlýðilega framkvæmd fyrirmæla um leið og þeim verður kunnugt um slík vandkvæði.

2. Beri verðbréfafyrirtæki ábyrgð á því að hafa umsjón með eða koma í kring uppgjöri eftir framkvæmd fyrirmæla skal það gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningar viðskiptavinar eða fjármunum viðskiptavinar sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þeirra fyrirmæla séu án tafar og með viðeigandi hætti lagðir inn á reikning viðkomandi viðskiptavinar.

3. Verðbréfafyrirtæki skal ekki misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar og skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hindra að nokkrir viðkomandi aðilar þess misnoti slíkar upplýsingar.

68. gr.

Samsöfnun og úthlutun fyrirmæla

(Ákvæði 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu ekki framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar eða viðskipti fyrir eigin reikning með því að safna þeim saman með öðrum fyrirmælum viðskiptavinar nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) ólíklegt sé að viðkomandi samsöfnun fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð nokkrum viðskiptavini sem fyrirmæli sem setja á í safnið tilheyra,

b) útskýrt sé fyrir hverjum viðskiptavini sem fyrirmæli sem setja á í safnið tilheyra að áhrif samsöfnunarinnar geti reynst honum óhagstæð að því er varðar tiltekin fyrirmæli,

c) sett hafi verið stefna um úthlutun fyrirmæla, sem sé framkvæmd með skilvirkum hætti og kveði á um sanngjarna úthlutun samsafnaðra fyrirmæla og viðskipta, þ.m.t. hvernig magn og verð fyrirmæla ákvarða úthlutun og meðferð fyrirmæla sem eru framkvæmd að hluta.

2. Safni verðbréfafyrirtæki saman fyrirmælum með einum eða fleiri öðrum fyrirmælum viðskiptavinar og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta skal fyrirtækið úthluta tengdu viðskiptunum í samræmi við stefnu sína um úthlutun fyrirmæla.

69. gr.

Samsöfnun og úthlutun viðskipta fyrir eigin reikning

(Ákvæði 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem hafa safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning með einum eða fleiri fyrirmælum viðskiptavinar skulu ekki úthluta tengdu viðskiptunum með hætti sem skaðar viðskiptavin.

2. Safni verðbréfafyrirtæki saman fyrirmælum viðskiptavinar með viðskiptum fyrir eigin reikning og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta skal fyrirtækið úthluta tengdu viðskiptunum til viðskiptavinarins þannig að hann njóti forgangs fram yfir fyrirtækið.

Geti verðbréfafyrirtæki sýnt fram á það með rökum að án samsöfnunarinnar hefði því verið ókleift að framkvæma fyrirmælin á svo hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, er því heimilt að úthluta viðskiptunum fyrir eigin reikning hlutfallslega í samræmi við stefnu sína um úthlutun fyrirmæla sem um getur í c-lið 1. mgr. 68. gr.

3. Sem hluta stefnunnar um úthlutun fyrirmæla sem um getur í c-lið 1. mgr. 68. gr. skulu verðbréfafyrirtæki taka upp verklag sem miðar að því að koma í veg fyrir endurúthlutun viðskipta fyrir eigin reikning sem framkvæmd eru ásamt fyrirmælum viðskiptavinar ef sú endurúthlutun veldur viðskiptavininum tjóni.

70. gr.

Tafarlaus, sanngjörn og skjót framkvæmd fyrirmæla viðskiptavinar og birting óframkvæmdra skilyrtra fyrirmæla viðskiptavinar um hlutabréf sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi

(Ákvæði 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Þegar um er að ræða skilyrt fyrirmæli (e. *limit order*) viðskiptavinar um hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og fyrirmælin hafa ekki verið framkvæmd þegar í stað vegna ríkjandi markaðsaðstæðna, eins og um getur í 2. mgr. 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skulu þau teljast aðgengileg almenningi þegar verðbréfafyrirtækið hefur lagt fram fyrirmælin til framkvæmdar á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða veitandi gagnaskýrsluþjónustu sem er staðsettur í einu aðildarríki hefur birt fyrirmælin opinberlega og auðvelt er að framkvæma þau jafnskjótt og markaðsaðstæður leyfa.

2. Skipulegir verðbréfamarkaðir og markaðstorg fjármálagerninga skulu njóta forgangs samkvæmt framkvæmdarstefnu fyrirtækisins til að tryggja framkvæmd jafnskjótt og markaðsaðstæður leyfa.

7. ÞÁTTUR

Viðurkenndir gagnaðilar

71. gr.

Viðurkenndir gagnaðilar

(Ákvæði 30. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Auk þeirra flokka sem eru tilgreindir sérstaklega í 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2014/65/ESB geta aðildarríki viðurkennt sem viðurkenndan gagnaðila, í samræmi við 3. mgr. 30. gr. þeirrar tilskipunar, félag sem fellur undir flokk viðskiptavina sem telja skal fagfjárfesta í samræmi við 1., 2. og 3. lið. I. þáttar II. viðauka þeirrar tilskipunar.

2. Ef viðurkenndur gagnaðili óskar eftir því, sbr. aðra undirgrein 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, að farið sé með hann sem viðskiptavin í viðskiptum við verðbréfafyrirtæki sem falla undir 24., 25., 27. og 28. gr. þeirrar tilskipunar ætti sú beiðni að vera skrifleg og skal í henni tekið fram hvort meðferðin sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir skuli gilda um eitt eða fleiri tilvik fjárfestingarþjónustu eða viðskipta, eða eina eða fleiri tegund viðskipta eða afurða.

3. Óski viðurkenndur mótaðili eftir því að farið sé með hann sem viðskiptavin í viðskiptum við verðbréfafyrirtæki sem falla undir 24., 25., 27. og 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB en óskar ekki sérstaklega eftir meðferð sem almennur fjárfestir skal fyrirtækið fara með þann viðurkennda mótaðila sem fagfjárfesti.

4. Óski viðurkenndur mótaðili sérstaklega eftir því að farið sé með hann sem almennan fjárfesti skal verðbréfafyrirtækið fara með hann sem almennan fjárfesti og beita ákvæðunum um beiðnir um að ekki verði farið með aðila sem fagaðila sem er að finna í annarri, þriðju og fjórðu undirgrein I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

5. Óski viðskiptavinur eftir því að farið sé með hann sem viðurkenndan mótaðila, í samræmi við 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skal fylgja eftirfarandi verklagi:

a) verðbréfafyrirtækið skal veita viðskiptavininum skýra skriflega viðvörun um afleiðingar slíkrar beiðni fyrir viðskiptavininn, þ.m.t. um þá vernd sem hann getur glatað,

b) viðskiptavinurinn skal staðfesta skriflega beiðni sína um meðferð sem viðurkenndur mótaðili, annaðhvort almennt eða að því er varðar eitt eða fleiri tilvik fjárfestingarþjónustu eða -viðskipta eða tegund viðskipta eða afurðar, og að honum sé kunnugt um afleiðingarnar í tengslum við þá vernd sem hann getur glatað vegna beiðninnar.

8. ÞÁTTUR

Skráahald

72. gr.

Varðveisla skráninga

(Ákvæði 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Varðveita skal skráningar á miðli sem gerir kleift að geyma upplýsingar á þann hátt að lögbæra yfirvaldinu sé unnt að nálgast þær síðar og á slíku formi og með þeim hætti að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) lögbæra yfirvaldið geti nálgast þær auðveldlega og endurgert hvert mikilvægt stig í vinnslu hverra viðskipta,

b) auðvelt sé að ganga úr skugga um allar leiðréttingar eða aðrar breytingar, sem og efni skráninga áður en þessar leiðréttingar eða breytingar voru gerðar,

c) ekki sé hægt að hagræða eða breyta skráningunum að öðru leyti,

d) þegar greining gagnanna er ekki auðveld vegna magns og eðlis þeirra sé upplýsingatæknileg eða önnur skilvirk nýting möguleg og

e) fyrirkomulag fyrirtækisins fullnægi kröfunum um skráahald óháð þeirri tækni sem er notuð.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu varðveita a.m.k. þær skráningar sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa reglugerð, allt eftir eðli starfsemi þeirra.

Listinn yfir skráningar sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa reglugerð hefur ekki áhrif á aðrar skráningarskyldur sem leiða af annarri löggjöf.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu einnig varðveita skrár um allar stefnur og starfsreglur sem þeim ber að halda samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, reglugerð (ESB) nr. 600/2014, tilskipun 2014/57/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og framkvæmdaráðstöfunum þeirra skriflega.

Lögbær yfirvöld geta krafist þess af verðbréfafyrirtækjum að þau varðveiti skráningar til viðbótar við þær sem taldar eru upp á listanum sem tilgreindur er í I. viðauka við þessa reglugerð.

73. gr.

Varðveisla gagna um réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækis og viðskiptavinar

(Ákvæði 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Gögn sem tilgreina viðkomandi réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækisins og viðskiptavinarins samkvæmt samningi um að veita þjónustu, eða tilgreina skilmála sem fyrirtækið veitir viðskiptavininum þjónustu samkvæmt, skulu varðveitt a.m.k. á meðan sambandið við viðskiptavininn varir.

74. gr.

Skráningar á fyrirmælum viðskiptavina og ákvörðunum um viðskipti

(Ákvæði 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skal, í tengslum við öll upphafleg fyrirmæli sem berast frá viðskiptavini og hverja upphaflega ákvörðun sem tekin er um viðskipti, tafarlaust skrá og hafa til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið a.m.k. þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. þætti IV. viðauka við þessa reglugerð að því marki sem þær eiga við um viðkomandi fyrirmæli eða ákvörðun um viðskipti.

Sé einnig mælt fyrir um þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. þætti IV. viðauka við þessa reglugerð, skv. 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ætti að viðhalda þessum upplýsingum á samræmdan hátt og samkvæmt sömu kröfum og mælt er fyrir um í 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

75. gr.

Skráningar um viðskipti og afgreiðslu fyrirmæla

(Ákvæði 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Verðbréfafyrirtæki skulu, tafarlaust eftir að þeim berast fyrirmæli viðskiptavinar eða þau taka ákvörðun um að eiga viðskipti, skrá og hafa til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið a.m.k. þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. þætti IV. viðauka, að því marki sem þær eiga við um viðkomandi fyrirmæli eða ákvörðun um viðskipti.

Séu þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. þætti IV. viðauka einnig tilskildar skv. 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ætti að viðhalda þessum upplýsingum á samræmdan hátt og samkvæmt sömu kröfum og mælt fyrir um í 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

76. gr.

Skráning símtala eða rafrænna samskipta

(Ákvæði 7. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skulu koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirkri skriflegri stefnu um skráningu/upptöku símtala og rafrænna samskipta sem er í samræmi við stærð og skipulag fyrirtækisins og eðli, umfang og flækjustig rekstrar þess. Stefnan skal hafa að geyma og kveða á um eftirfarandi.

a) auðkenningu símtala og rafrænna samskipta, þ.m.t. símtala og rafrænna samskipta innan fyrirtækis sem skipta máli, sem falla undir skráningarkröfurnar í samræmi við 7. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, og

b) lýsingu á verklaginu sem fylgja skal og ráðstöfununum sem gera skal til að tryggja að fyrirtækið hlíti þriðju og áttundu undirgrein 7. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB þegar sérstakar aðstæður skapast og fyrirtækinu er ókleift að skrá/taka upp samtölin/samskiptin á tækjabúnað sem fyrirtækið útvegar, samþykkir eða heimilar. Sönnun um slíkar aðstæður skal varðveitt og vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að stjórn fyrirtækisins hafi skilvirkt eftirlit með og stjórn á stefnum og starfsreglum er varða skráningu fyrirtækisins á símtölum og rafrænum samskiptum.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að ráðstafanir sem gerðar eru til að fara að skráningarkröfum séu tæknilega hlutlausar (e. *technology-neutral*). Fyrirtæki skulu reglulega leggja mat á skilvirkni stefna og starfsreglna fyrirtækisins og gera allar aðrar ráðstafanir eða viðbótarráðstafanir og setja þær starfsreglur sem eru nauðsynlegar og viðeigandi. Slíkar aðrar ráðstafanir eða viðbótar-ráðstafanir skal að lágmarki gera þegar nýr samskiptamiðill er samþykktur eða heimilaður til notkunar hjá fyrirtækinu.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu halda og reglulega uppfæra skrá yfir þá einstaklinga sem eru með tækjabúnað frá fyrirtækinu eða tækjabúnað í eigin eigu sem fyrirtækið hefur samþykkt til notkunar.

5. Verðbréfafyrirtæki skulu fræða starfsfólk um og þjálfa það í því verklagi sem gildir í tengslum við kröfur 7. mgr. 16. gr. til-skipunar 2014/65/ESB.

6. Til að hafa eftirlit með hlítingu við kröfurnar um upptökur og skráningu í samræmi við 7. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu verðbréfafyrirtæki reglulega hafa eftirlit með upptökum/skrám um viðskipti og fyrirmæli sem falla undir þessar kröfur, þ.m.t. viðkomandi samtölum. Slíkt eftirlit skal vera áhættumiðað og hæfilegt að umfangi.

7. Verðbréfafyrirtæki skulu gera viðkomandi lögbærum yfirvöldum grein fyrir stefnum, starfsreglum og eftirliti stjórnenda með reglum um upptökur/skráningar, sé þess óskað.

8. Áður en verðbréfafyrirtæki veita fjárfestingarþjónustu og annast starfsemi sem varðar móttöku, sendingu og framkvæmd fyrirmæla fyrir nýja viðskiptavini og viðskiptavini sem fyrir eru skulu þau upplýsa viðskiptavininn um eftirfarandi:

a) að samtöl og samskipti séu tekin upp/skráð og

b) að afrit af upptökum/skráningum slíkra samtala og samskipta við viðskiptavininn verði aðgengileg samkvæmt beiðni í fimm ár og, fari lögbæra yfirvaldið þess á leit, í allt að sjö ár.

Þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu veittar á sama tungumáli eða -málum og notast er við til að veita viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu.

9. Verðbréfafyrirtæki skulu skrá á varanlegum miðli allar upplýsingar sem skipta máli í tengslum við viðkomandi samtöl við viðskiptavini augliti til auglitis. Skráðu upplýsingarnar skulu hafa að geyma a.m.k. eftirfarandi:

a) dagsetningu og tíma funda,

b) staðsetningu funda,

c) deili á viðstöddum,

d) hver átti frumkvæði að fundunum og

e) upplýsingar sem skipta máli í tengslum við fyrirmæli viðskiptavinarins, þ.m.t. verð, magn, tegund fyrirmæla og hvenær á að senda og framkvæma þau.

10. Skráningar/upptökur skulu geymdar á varanlegum miðli sem gerir kleift að endurspila eða afrita þær og skulu varðveittar á sniði sem gerir ekki mögulegt að breyta eða eyða upphaflegu skráningunni/upptökunni.

Skráningar/upptökur skulu geymdar á miðli sem veitir viðskiptavinum greiðan aðgang að þeim samkvæmt beiðni.

Fyrirtæki skulu tryggja gæði skráninga á öllum símaupptökum og rafrænum samskiptum, þær séu réttar og ekkert vanti í þær.

11. Varðveislutímabil skráningar/upptöku skal hefjast á deginum sem hún fer fram.

9. ÞÁTTUR

Vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja

77. gr.

Hæfi sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki

(Ákvæði 13. töluliðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Útgefandi hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta fyrir minna en þremur árum skal teljast til lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar a-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ef markaðsverðmæti hans er undir 200 milljónum evra á grundvelli einhvers af eftirfarandi:

a) lokagengis hlutabréfanna á fyrsta viðskiptadegi, hafi hlutabréf hans verið tekin til viðskipta fyrir minna en einu ári,

b) síðasta dagslokagengis hlutabréfanna á fyrsta viðskiptaári, hafi hlutabréf hans verið tekin til viðskipta fyrir meira en einu ári en minna en tveimur árum,

c) meðaltals síðasta dagslokagengis hlutabréfanna á fyrstu tveimur viðskiptaárum, hafi hlutabréf hans verið tekin til viðskipta fyrir meira en tveimur árum en minna en þremur árum.

2. Útgefandi sem ekki er með neina hlutabréfagerninga (e. *equity instruments*) í viðskiptum á viðskiptavettvangi skal teljast til lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar 13. tölulið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ef hann uppfyllir, samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi, a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur viðmiðum: á fjárhagsárinu hafi starfsmenn hans að meðaltali verið færri en 250, niðurstöðutala efnahagsreiknings hafi ekki verið hærri en 43 000 000 evrur og hrein ársvelta ekki meiri en 50 000 000 evrur.

78. gr.

Skráning sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja

(Ákvæði 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Þegar ákvarðað er hvort a.m.k. 50% útgefenda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga teljast til lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til skráningar sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja í samræmi við a-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríki rekstraraðila viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga reikna út meðalhlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja af heildarfjölda útgefenda með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðkomandi markaði. Meðalhlutfallið skal reiknað út miðað við 31. desember á næstliðnu almanaksári sem meðaltal af hlutföllunum tólf í lok hvers mánaðar á því almanaksári.

Án þess að hafa áhrif á önnur skilyrði fyrir skráningu sem tilgreind eru í b- til g-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal lögbært yfirvald skrá umsækjanda með enga fyrri rekstrarsögu sem vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja og, að liðnum þremur almanaksárum, staðfesta að hann uppfylli kröfuna um lágmarkshlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eins og ákvarðað er í samræmi við fyrstu undirgrein.

2. Að því er varðar viðmiðin sem tilgreind eru í b-, c-, d- og f-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríki rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga ekki skrá viðkomandi markaðstorg fjármálagerninga sem vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja nema það hafi fullvissað sig um að það markaðstorg fjármálagerninga:

a) hafi sett og beiti reglum sem mæla fyrir um hlutlæg og gagnsæ viðmið um fyrstu og áframhaldandi töku útgefenda til viðskipta á vettvangi þess,

b) hafi rekstrarlíkan sem hæfir hlutverki þess og tryggir að viðhaldið sé sanngjörnum og skipulegum viðskiptum með fjármálagerningana sem teknir eru til viðskipta á vettvangi þess,

c) hafi sett og beiti reglum sem gera þá til kröfu til útgefanda sem sækir um töku fjármálagerninga sinna til viðskipta á því markaðstorgi fjármálagerninga að hann birti, í tilvikum þar sem tilskipun 2003/71/EB gildir ekki, viðeigandi skráningarskjal sem samið sé á ábyrgð útgefandans og tilgreini með skýrum hætti hvort hann hafi verið samþykktur eða tekinn til athugunar eða ekki, og af hverjum,

d) hafi sett og beiti reglum sem skilgreina lágmarksefni skráningarskjalsins sem um getur í c-lið, með þeim hætti að fjárfestum séu veittar nægar upplýsingar til að leggja upplýst mat á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur útgefandans, og þau réttindi sem fylgja verðbréfum hans,

e) geri þá kröfu til útgefandans að hann lýsi því yfir í skráningarskjalinu sem um getur í c-lið hvort veltufé hans nægi, að hans áliti, til að uppfylla núverandi þarfir hans og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf,

f) hafi gert ráðstafanir til að tryggja að skráningarskjalið sem um getur í c-lið sé rýnt á viðeigandi hátt m.t.t. heildstæðni, samræmi og skiljanleika,

g) geri þá kröfu til útgefenda verðbréfa sem eru í viðskiptum á vettvangi þess að þeir birti ársreikninga sína innan sex mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs, og hálfsársreikningsskil sín innan fjögurra mánaða frá lokum fyrstu sex mánaða hvers fjárhagsárs,

h) tryggi miðlun til almennings á lýsingum sem samdar eru í samræmi við tilskipun 2003/71/EB, skráningarskjölum sem um getur í c-lið, reikningsskilum sem um getur í g-lið og upplýsingum sem skilgreindar eru í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og útgefendur verðbréfa í viðskiptum á vettvangi þess birta opinberlega, með því að birta þau á vefsetri sínu eða setja á það beinan tengil í síðuna á vefsetri útgefendanna þar sem slík skjöl, reikningsskil og upplýsingar eru birt,

i) tryggi að tilskildar upplýsingar sem um getur í h-lið og beinir tenglar verði tiltæk á vefsetri þess í a.m.k. fimm ár.

79. gr.

Afskráning sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja

(Ákvæði 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og án þess að hafa áhrif á önnur skilyrði sem tilgreind eru í b- til g-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 2. mgr. 78. gr. þessarar reglugerðar, skal vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja eingöngu afskráður af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis hans ef hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja á honum, eins og það er ákvarðað í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 78. gr. þessarar reglugerðar, fellur niður fyrir 50% í þrjú samfelld almanaksár.

2. Að því er varðar þau skilyrði sem tilgreind eru í b- til g-lið 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 2. mgr. 78. gr. þessarar reglugerðar skal rekstraraðili vaxtarmarkaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja afskráður af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis hans ef slík skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

IV. KAFLI

REKSTRARLEGAR SKYLDUR VIÐSKIPTAVETTVANGA

80. gr.

Aðstæður sem fela í sér verulegan skaða fyrir hagsmuni fjárfesta og eðlilega virkni markaðarins

(Ákvæði 1. og 2. mgr. 32. gr. og 1. og 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar 1. og 2. mgr. 32. gr. og 1. og 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerning eða taka fjármálagernings úr viðskiptum talin líkleg til að skaða hagsmuni fjárfesta eða eðlilega virkni markaðarins verulega í a.m.k. eftirfarandi aðstæðum:

a) ef hún myndi skapa kerfisáhættu sem grefur undan fjármálastöðugleika, svo sem þegar þörf er á að vinda ofan af ráðandi markaðsstöðu, eða ef uppgjörsskuldbindingar yrðu ekki uppfylltar sem næmi verulegu magni,

b) ef áframhaldandi viðskipti á markaðnum eru nauðsynleg til að framkvæma mikilvægar áhættustýringaraðgerðir eftir viðskipti þegar þörf er á innlausn fjármálagerninga vegna vanskila stöðustofnunaraðila í tengslum við vanskilaferli miðlægs mótaðila og miðlægur mótaðili yrði útsettur fyrir óásættanlegri áhættu vegna vangetu til að reikna út kröfur um tryggingar,

c) ef fjárhagslegum lífvænleika útgefandans yrði ógnað, svo sem ef hann kemur að fyrirtækjaviðskiptum eða fjármögnun.

2. Við ákvörðun þess hvort tímabundin stöðvun viðskipta eða taka úr viðskiptum er líkleg til að skaða hagsmuni fjárfesta eða eðlilega virkni markaðar verulega í tilteknu tilviki skulu viðkomandi lögbær landsyfirvöld, rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegan verðbréfamarkað eða verðbréfafyrirtæki, eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskipvettvang, taka tillit til allra þátta sem skipta máli, þ.m.t.:

a) mikilvægis viðkomandi markaðar fyrir seljanleika, ef afleiðingar aðgerðanna eru líklegar til að verða meiri ef viðkomandi markaður er mikilvægari fyrir seljanleika en aðrir markaðir,

b) eðlis ráðgerðrar aðgerðar, ef aðgerðir sem hafa viðvarandi eða langvarandi áhrif á getu fjárfesta til að eiga viðskipti með fjármálagerning á viðskiptavettvöngum, svo sem taka úr viðskiptum, eru líklegar til að hafa meiri áhrif á fjárfesta en aðrar aðgerðir,

c) keðjuverkandi áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða töku úr viðskiptum á nægjanlega tengdar afleiður, vísitölur eða viðmiðanir ef gerningurinn sem tekinn er úr viðskiptum eða viðskipti eru stöðvuð með tímabundið er undirliggjandi þáttur eða hluti þeirra,

d) áhrifa tímabundinnar stöðvunar viðskipta á hagsmuni endanotenda markaðar sem ekki eru fjárhagslegir mótaðilar, svo sem aðila sem stunda viðskipti með fjármálagerninga til að verjast viðskiptaáhættu.

3. Einnig skal taka tillit til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. mgr. ef lögbært landsyfirvald, rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegan verðbréfamarkað eða verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskiptavettvang ákveður að hvorki stöðva tímabundið viðskipti með né taka úr viðskiptum fjármálagerning á grundvelli aðstæðna sem ekki er getið um í listanum í 1. mgr.

81. gr.

Aðstæður þar sem gera má ráð fyrir verulegum brotum á reglum viðskiptavettvangs eða óeðlilegum viðskiptaskilyrðum eða kerfistruflunum í tengslum við fjármálagerning

(Ákvæði 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Þegar rekstraraðilar viðskiptavettvanga meta hvort sú krafa að upplýsa lögbær yfirvöld sín tafarlaust um veruleg brot á reglum viðskiptavettvangs síns eða um óeðlileg viðskiptaskilyrði eða kerfistruflanir í tengslum við fjármálagerning á við skulu þeir taka tillit til þeirra vísbendinga sem taldar eru upp í A-þætti III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Eingöngu skal krefjast upplýsinga þegar um er að ræða mikilvæga atburði sem geta mögulega teflt í tvísýnu hlutverki og virkni viðskiptavettvanga sem hluta af innviðum fjármálamarkaða.

82. gr.

Aðstæður þar sem gera má ráð fyrir háttsemi sem bendir til athæfis sem er óheimilt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014

(Ákvæði 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Þegar rekstraraðilar viðskiptavettvanga meta hvort krafan um að tilkynna lögbærum yfirvöldum sínum tafarlaust um háttsemi sem kann að benda til athæfis sem er óheimilt samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) nr. 596/2014 á við skulu þeir taka tillit til þeirra vísbendinga sem taldar eru upp í B-þætti III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Rekstraraðili eins eða fleiri viðskiptavettvanga þar sem viðskipti eru með fjármálagerning og/eða tengdan fjármálagerning skal gæta meðalhófs og beita dómgreind sinni að því er varðar vísbendingar sem koma fram, þ.m.t. allar vísbendingar sem ekki eru sérstaklega taldar upp í B-þætti III. viðauka við þessa reglugerð, áður en hann gerir viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum viðvart, að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) frávika frá venjulegu viðskiptamynstri fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta, eða viðskipti eru með, á viðskiptavettvangi hans og

b) þeirra upplýsinga sem tiltækar eru eða aðgengilegar rekstraraðilanum, hvort sem þær tilheyra innri rekstri viðskiptavettvangsins eða eru aðgengilegar almenningi.

3. Rekstraraðili eins eða fleiri viðskiptavettvanga skal taka tillit til framhjáhlaupsviðskipta (e. *front running*), sem felur í sér að markaðsaðili eða -þátttakandi stundar viðskipti fyrir eigin reikning á undan viðskiptavini sínum, og skal í þeim tilgangi nota þau gögn í tilboðaskránni sem viðskiptavettvanginum ber að skrá skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, einkum gögn sem tengjast því með hvaða hætti markaðsaðilinn eða -þátttakandinn stundar viðskipti sín.

V. KAFLI

STÖÐUTILKYNNINGAR UM HRÁVÖRUAFLEIÐUR

83. gr.

Stöðutilkynning

(Ákvæði 1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Að því er varðar vikulegar skýrslur sem um getur a-lið 1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal sú skylda viðskiptavettvangs að birta slíka skýrslu opinberlega gilda þegar báðum eftirfarandi viðmiðunarmörkum er náð:

a) í tilteknum samningi á tilteknum viðskiptavettvangi séu 20 stöðutakar opinna staðna og

b) tölugildi brúttómagns opinna gnótt- eða skortstaðna í heild, gefið upp sem fjöldi lotna viðkomandi hrávöruafleiða, verður hærra en sem nemur fjórföldu því magni sem unnt er að afhenda af sömu hrávöruafleiðu, gefnu upp sem fjölda lotna.

Ef hrávöruafleiðan felur ekki í sér undirliggjandi efnislega eign sem unnt er að afhenda, eða um er að ræða losunarheimildir og afleiður þeirra, gildir b-liður ekki.

2. Viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. skulu gilda í heild á grundvelli allra flokka aðila óháð fjölda stöðutaka í einstökum flokki aðila.

3. Ef um er að ræða samninga þar sem færri en fimm stöðutakar eru virkir í tilteknum flokki aðila skal ekki birta fjölda stöðutaka í þeim flokki.

4. Ef um er að ræða samninga sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. í fyrsta skipti skulu viðskiptavettvangar birta fyrstu vikulega skýrslu um samningana svo fljótt sem auðið er, eigi síðar en þremur vikum eftir daginn sem viðmiðunarmörkunum er fyrst náð.

5. Séu skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. ekki lengur uppfyllt skulu viðskiptavettvangar halda áfram að birta vikulegar skýrslur í þrjá mánuði. Sú skylda að birta vikulega skýrslu gildir ekki lengur ef skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. hafa verið samfellt óuppfyllt þegar það tímabil rennur út.

VI. KAFLI

SKYLDA VEITENDA GAGNASKÝRSLUÞJÓNUSTU TIL AÐ AFHENDA GÖGN

84. gr.

Skylda til að veita markaðsgögn á sanngjörnum viðskiptakjörum

(Ákvæði 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Í þeim tilgangi að gera markaðsgögn sem hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 6., 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 aðgengileg almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum í samræmi við 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar uppfylla þær skyldur sem um getur í 85.–89. gr.

2. Ákvæði 85. gr. 86. gr. (2. mgr.), 87. gr., 88. gr. (2. mgr.) og 89. gr. skulu ekki gilda um viðurkennda birtingarþjónustu og þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar sem gera markaðsgögn aðgengileg almenningi án endurgjalds.

85. gr.

Veiting markaðsgagna á grundvelli kostnaðar

(Ákvæði 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verð markaðsgagna skal byggjast á kostnaðinum við að taka saman og dreifa slíkum gögnum og getur falið í sér eðlilega álagningu.

2. Kostnaðurinn við að taka saman og dreifa markaðsgögnum getur falið í sér eðlilega hlutdeild í sameiginlegum kostnaði af annarri þjónustu sem viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veita.

86. gr.

Skylda til að veita markaðsgögn án mismununar

(Ákvæði 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu gera markaðsgögn tiltæk öllum viðskiptavinum sem falla í sama flokk á sama verði og með sömu skilmálum í samræmi við opinberlega birt, hlutlæg viðmið.

2. Allur munur á verði sem viðskiptavinir í mismunandi flokkum greiða skal vera í hlutfallslegu samræmi við virði markaðsgagnanna fyrir viðkomandi viðskiptavini, að teknu tilliti til:

a) yfirgrips og umfangs markaðsgagnanna, þ.m.t. fjölda fjármálagerninga sem þau taka til og viðskiptamagns þeirra,

b) notkunar viðskiptavinarins á markaðsgögnunum, þ.m.t. þess hvort þau eru notuð í eigin viðskiptum viðskiptavinarins, til endursölu eða til gagnasöfnunar.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar hafa sveigjanlega getu til að tryggja að viðskiptavinir geti ávallt fengið aðgang að markaðsgögnum tímanlega og án mismununar.

87. gr.

Gjöld á grundvelli notkunar

(Ákvæði 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu leggja á gjöld fyrir notkun markaðsgagna samkvæmt notkun einstakra endanlegra notenda á markaðsgögnunum („á grundvelli notkunar“). Viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu gera ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé tekið gjald einu sinni fyrir hverja einstaka notkun markaðsgagna..

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ákveðið að gera ekki markaðsgögn tiltæk með gjaldtöku á grundvelli notkunar ef slík gjaldtaka myndi samsvara illa kostnaðinum við að gera markaðsgögnin tiltæk, með hliðsjón af umfangi og yfirgripi markaðsgagnanna.

3. Viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu rökstyðja synjun um að gera markaðsgögn tiltæk með gjaldtöku á grundvelli notkunar og birta rökstuðninginn á vefsíðu sinni.

88. gr.

Skylda til að hafa markaðsgögn ekki samþætt og aðgreina þau

(Ákvæði 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu gera markaðsgögn tiltæk án þess að þau séu samþætt annarri þjónustu.

2. Verð fyrir markaðsgögn skal byggjast á aðgreiningarstigi þeirra, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eins og nánar er tilgreint í greinum framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/572 ([1]).

89. gr.

Gagnsæisskylda

(Ákvæði 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu birta og gera verð og aðra skilmála um veitingu markaðsgagna aðgengileg almenningi á auðveldan hátt.

2. Birtingin skal fela í sér eftirfarandi:

a) gildandi gjaldskrár, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

   i. gjöld fyrir hvern notanda sýndra gagna (e. *display user*),

   ii. gjöld fyrir gögn sem ekki eru sýnd (e. *non-display fees*),

   iii. afsláttarstefnu,

   iv. gjöld í tengslum við leyfisskilyrði,

   v. gjöld fyrir for- og eftirviðskiptamarkaðsgögn,

   vi. gjöld fyrir aðra undirflokka upplýsinga, þ.m.t. þær sem krafist er í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

   vii. aðra samningsskilmála,

b) fyrirframbirtingu upplýsinga um framtíðarverðbreytingar með a.m.k. 90 daga fyrirvara,

c) upplýsingar um efni markaðsgagnanna, þ.m.t. eftirfarandi:

   i. fjölda gerninga sem þau taka til,

   ii. heildarveltu gerninga sem þau taka til,

   iii. hlutfall milli for- og eftirviðskiptamarkaðsgagna,

   iv. upplýsingar um gögn sem veitt eru auk markaðsgagna,

   v. dagsetningu síðustu breytingar á leyfisgjaldi fyrir veitt markaðsgögn,

d) tekjur af því að gera markaðsgögn tiltæk og hlutfall þeirra tekna af heildartekjum viðkomandi viðurkenndrar birtingarþjónustu eða þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar,

e) upplýsingar um hvernig verðið var ákvarðað, þ.m.t. kostnaðarbókhaldsaðferðir sem notaðar voru og upplýsingar um þær sértæku meginreglur sem gilda um úthlutun beins og breytilegs sameiginlegs kostnaðar og skiptingu á föstum sameiginlegum kostnaði milli samantektar og dreifingar markaðsgagna og annarrar þjónustu sem viðurkennd birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veitir.

VII. KAFLI

LÖGBÆR YFIRVÖLD OG LOKAÁKVÆÐI

90. gr.

Ákvörðun þess hvort starfsemi viðskiptavettvangs í gistiaðildarríki telst hafa verulega þýðingu

(Ákvæði 2. mgr. 79. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar í gistiaðildarríki skal teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í því gistiaðildarríki ef a.m.k. eitt eftirfarandi viðmiða er uppfyllt:

a) gistiaðildarríkið hefur áður verið heimaaðildarríki viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar,

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/572 frá 2. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu gagna fyrir og eftir viðskipti sem boðið er upp á og aðgreiningarstig gagna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 142).

b) viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður hefur með samruna, yfirtöku eða annars konar framsali eignast alla, eða hluta af, starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar sem var áður starfræktur af rekstraraðila markaðar sem hafði skráða skrifstofu eða höfuðstöðvar sínar í gistiaðildarríkinu.

2. Starfsemi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs viðskiptavettvangs í gistiaðildarríki skal teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í því gistiaðildarríki ef a.m.k. eitt þeirra viðmiða sem mælt er fyrir um í 1. mgr. er uppfyllt að því er varðar það markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskiptavettvang og a.m.k. eitt eftirfarandi viðbótarviðmiða er uppfyllt:

a) áður en aðrar hvorar þeirra aðstæðna sem tilgreindar eru í 1. mgr. sköpuðust að því er varðar markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskiptavettvang hafi markaðshlutdeild viðskiptavettvangsins verið a.m.k. 10% viðskipta á grundvelli heildarveltu í peningum í viðskiptum á viðskiptavettvanginum og í innmiðlaraviðskiptum í gistiaðildarríkinu í a.m.k. einum eignaflokki sem fellur undir þær gagnsæisskyldur sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014,

b) viðkomandi markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegur viðskiptavettvangur er skráður sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

91. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal gilda frá þeim degi sem kemur fyrst fram í annarri undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skráahald

Lágmarkslisti yfir skrár sem verðbréfafyrirtækjum ber að halda, allt eftir eðli starfsemi þeirra

Eðli skyldu	Tegund skrár	Samantekt á efni	Tilvísun í löggjöf
Mat á viðskiptavin			
	Upplýsingar til viðskiptavina	Efni eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 39.–45. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 4. mgr. 24. gr. II. MiFID-tilskipunar Ákvæði 39.–45. gr. þessarar reglugerðar
	Samkomulag og samningar við viðskiptavini	Skrár eins og mælt er fyrir um í 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB	Ákvæði 5. mgr. 25. gr. II. MiFID-tilskipunar Ákvæði 53. gr. þessarar reglugerðar
	Mat á hæfi og hentugleika	Efni eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 50. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 35., 36. og 37. gr. þessarar reglugerðar
Meðferð fyrirmæla			
	Meðferð fyrirmæla viðskiptavina — samsöfnuð viðskipti	Skrár eins og mælt er fyrir um í 63.–66. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 63.–66. gr. þessarar reglugerðar
	Samsöfnun og úthlutun viðskipta fyrir eigin reikning	Skrár eins og mælt er fyrir um í 65. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 65. gr. þessarar reglugerðar
Fyrirmæli viðskiptavina og viðskipti			
	Skráningar á fyrirmælum viðskiptavina og ákvörðunum um að eiga viðskipti	Skrár eins og mælt er fyrir um í 69. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 6 mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 69. gr. þessarar reglugerðar
	Skráningar á viðskiptum og afgreiðslu fyrirmæla	Skrár eins og mælt er fyrir um í 70. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 6 mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 70. gr. þessarar reglugerðar
Upplýsingagjöf til viðskiptavina			
	Skylda sem varðar þjónustu sem veitt er viðskiptavinum	Efni eins og mælt er fyrir um í 53.–58. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 1. og 6. mgr. 24. gr. og 1. og 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 53.–58. gr. þessarar reglugerðar
Varðveisla eigna viðskiptavina			
	Fjármálagerningar viðskiptavinar sem verðbréfafyrirtæki varðveitir	Skrár eins og mælt er fyrir um í 8. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 2. gr. framseldrar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593	Ákvæði 8 mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 2. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) nr. 2017/593

Eðli skyldu	Tegund skrár	Samantekt á efni	Tilvísun í löggjöf
	Fjármunir viðskiptavinar sem verðbréfafyrirtæki varðveitir	Skrár eins og mælt er fyrir um í 9. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 2. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) 2017/593	Ákvæði 9 mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 2. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) nr. 2017/593
	Notkun fjármálagerninga viðskiptavinar	Skrár eins og mælt er fyrir um í 5. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) 2017/593	Ákvæði 8.–10. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 5. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) nr. 2017/593
Samskipti við viðskiptavini			
	Upplýsingar um kostnað og tengd gjöld	Efni eins og mælt er fyrir um í 45. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði c-liðar 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 45. gr. þessarar reglugerðar
	Upplýsingar um verðbréfafyrirtækið og þjónustu þess, fjármálagerninga og varðveislu eigna viðskiptavinar	Efni eins og mælt er fyrir um í 45. og 46. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 45. og 46. gr. þessarar reglugerðar
	Upplýsingar til viðskiptavina	Skrár um samskipti	Ákvæði 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 39. gr. þessarar reglugerðar
	Markaðsefni (nema munnlegt)	Allt markaðsefni sem verðbréfafyrirtækið gefur út (nema á munnlegu formi) eins og mælt er fyrir um í 36. og 37. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 36. og 37. gr. þessarar reglugerðar
	Fjárfestingarráðgjöf til almennra fjárfesta	i. Sú staðreynd að fjárfestingarráðgjöf var veitt, ásamt tíma og dagsetningu og ii. fjármálagerningurinn sem mælt var með, auk iii. hæfisskýrslu sem afhent var viðskiptavininum	Ákvæði 6 mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 54. gr. þessarar reglugerðar
	Fjárfestingagreiningar	Allar fjárfestingagreiningar sem verðbréfafyrirtækið gefur út á varanlegum miðli	Ákvæði 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 36. og 37. gr. þessarar reglugerðar
Skipulagskröfur			
	Rekstur fyrirtækisins og innra skipulag	Skrár eins og mælt er fyrir um í h-lið 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 2.–10. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði h-liðar 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar
	Regluvörsluskýrslur	Hver regluvörsluskýrsla til stjórnar	Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði b-liðar 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar
	Skrá um hagsmunaárekstra	Skrár eins og mælt er fyrir um í 35. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 35. gr. þessarar reglugerðar

Eðli skyldu	Tegund skrár	Samantekt á efni	Tilvísun í löggjöf
	Hvatagreiðslur	Upplýsingar sem birtar eru viðskiptavinum skv. 9. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB	Ákvæði 9. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 11. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) nr. 2017/593
	Skýrslur um áhættustýringu	Hver skýrsla um áhættustýringu til framkvæmdastjórnar	Ákvæði 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði b-liðar 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar
	Skýrslur um innri endurskoðun	Hver skýrsla um innri endurskoðun til framkvæmdastjórnar	Ákvæði 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 24. gr. og 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar
	Skrár um meðferð kvartana	Hver kvörtun og ráðstafanir til meðferðar kvartana	Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði 26. gr. þessarar reglugerðar
	Skrár um einkaviðskipti	Skrár eins og mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 29. gr. þessarar reglugerðar	Ákvæði 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB Ákvæði c-liðar 2. mgr. 29. gr. þessarar reglugerðar

II. VIÐAUKI

Kostnaður og gjöld

Tilgreindur kostnaður sem ætti að vera hluti þess kostnaðar sem er birtur viðskiptavinum(1)

Tafla 1 — Allur kostnaður og tengd gjöld sem innheimt eru fyrir fjárfestingarþjónustu og/eða viðbótarþjónustu sem veitt er viðskiptavininum og ættu að vera hluti þeirrar fjárhæðar sem veita á upplýsingar um

Kostnaðarliðir sem veita á upplýsingar um		Dæmi:
Einskiptisgjöld sem tengjast fjárfestingarþjónustu	Allur kostnaður og gjöld sem greiðast verðbréfafyrirtækinu við upphaf eða lok veittrar fjárfestingarþjónustu.	Inngreiðslugjöld, uppsagnargjöld og skiptakostnaður (1).
Viðvarandi gjöld sem tengjast fjárfestingarþjónustu	Allur viðvarandi kostnaður og gjöld sem greidd eru verðbréfafyrirtækjum fyrir þjónustu sem þau veita viðskiptavininum.	Umsjónargjöld, ráðgjafarþóknanir, vörslugjöld.
Allur kostnaður sem tengist viðskiptum sem stofnað er til sem hluta fjárfestingarþjónustu	Allur kostnaður og gjöld sem tengjast viðskiptum sem verðbréfafyrirtækið eða aðrir aðilar annast.	Þóknanir miðlara (2), upphafs- og innlausnargjöld sem greidd eru rekstrarfélagi sjóðs, gjöld vettvangs, álagning (hluti viðskiptaverðs), stimpilgjöld, skattur á viðskipti og gjaldeyriskostnaður.
Gjöld sem tengjast viðbótarþjónustu	Allur kostnaður og gjöld sem tengjast viðbótarþjónustu og falla ekki undir ofangreindan kostnað.	Rannsóknakostnaður Vörslukostnaður
Tilfallandi kostnaður		Árangurstengdar þóknanir

(1) „Skiptakostnaður“ merkir kostnaður (ef einhver er) sem fjárfestar stofna til þegar þeir skipta frá einu verðbréfafyrirtæki til annars verðbréfafyrirtækis.

(2) „Þóknanir miðlara“ merkir kostnaður sem innheimtur er af verðbréfafyrirtækjum fyrir framkvæmd fyrirmæla.

Tafla 2 — Allur kostnaður og tengd gjöld sem tengjast fjármálagerningnum og ættu að vera hluti af fjárhæðinni sem veita á upplýsingar um

Kostnaðarliðir sem veita á upplýsingar um		Dæmi:
Einskiptisgjöld	Allur kostnaður og gjöld (sem eru innifalin í verðinu eða til viðbótar við verð fjármálagerningsins) sem greidd eru þeim sem útvega afurðina við upphaf eða lok fjárfestingarinnar í fjármálagerningnum.	Upphafsþóknun fyrir umsjón, samsetningargjald(1), dreifingargjald
Viðvarandi gjöld	Allur viðvarandi kostnaður og gjöld sem tengjast umsjón með fjármálaafurðinni og eru dregin frá virði fjármálagerningsins meðan fjárfestingin í fjármálagerningnum varir.	Umsjónarlaun, þjónustukostnaður, skiptagjöld, kostnaður og skattur vegna verðbréfalána, fjármögnunarkostnaður.

(1) Athygli er vakin á því að vissir kostnaðarliðir birtast í báðum töflum en eru þó ekki tvítaldir vegna þess að þeir vísa annars vegar til kostnaðar við afurðina og hins vegar til kostnaðar við þjónustuna. Sem dæmi eru umsjónarlaun (í töflu 1 vísa þau til umsjónarlauna sem innheimt eru af verðbréfafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði eignasafnsstýringar, en í töflu 2 vísa þau til umsjónarlauna sem rekstraraðili fjárfestingarsjóðs innheimtir frá fjárfestum) og þóknun miðlara (í töflu1 vísa þau til þóknana sem verðbréfafyrirtæki stofnar til þegar það á í viðskiptum fyrir hönd viðskiptavina sinna, en í töflu 2 vísa þau til þóknana sem fjárfestingarsjóðir greiða þegar þeirra eiga í viðskiptum fyrir hönd sjóðsins).

Kostnaðarliðir sem veita á upplýsingar um		Dæmi:
Allur kostnaður sem tengist viðskiptunum	Allur kostnaður og gjöld sem stofnað er til vegna kaupa og sölu á fjárfestingum.	Þóknanir miðlara, upphafs- og innlausnargjöld sem greidd eru af sjóðnum, álagning sem er hluti viðskiptaverðs, stimpilgjöld, skattur á viðskipti og gjaldeyriskostnaður.
Tilfallandi kostnaður		Árangurstengdar þóknanir

([1]) „Samsetningargjöld“ merkir gjöld sem innheimt eru af aðilum sem búa til samsettar fjárfestingarafurðir fyrir að setja saman afurðirnar. Þau geta náð yfir víðara þjónustusvið slíks aðila.

III. VIÐAUKI

Krafa um að rekstraraðilar viðskiptavettvanga upplýsi tafarlaust lögbær landsyfirvöld sín

A-ÞÁTTUR

Hugsanlegar vísbendingar um veruleg brot á reglum viðskiptavettvangs eða óeðlileg viðskiptaskilyrði eða kerfistruflanir í tengslum við fjármálagerning

Veruleg brot á reglum viðskiptavettvangs

1. Markaðsaðilar brjóta í bága við reglur viðskiptavettvangsins sem miða að því að vernda heilbrigði og eðlilega virkni markaðarins eða verulega hagsmuni annarra markaðsaðila og:

2. Viðskiptavettvangur telur brot nægjanlega alvarlegt eða að það hafi nægjanleg áhrif til að ástæða sé til að íhuga beitingu viðurlaga.

Óeðlileg viðskiptaskilyrði

3. Verðákvörðunarferlið verður fyrir truflun í umtalsverðan tíma.

4. Getu viðskiptakerfisins er náð eða farið fram úr henni.

5. Viðskiptavakar/aðilar sem útvega seljanleika fullyrða endurtekið að misbrestir í viðskiptum (e. *mis-trades*) hafi átt sér stað, eða:

6. Bilun eða brestur í nauðsynlegum kerfum, sbr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og framkvæmdarráðstafanir hennar, sem hafa þann tilgang að vernda viðskiptavettvanginn gegn áhættu í tengslum við algrímsviðskipti.

Kerfistruflanir

7. Hvers konar meiriháttar starfstruflun eða bilun kerfisins fyrir markaðsaðgang sem leiðir til þess að þátttakendur geta ekki sett inn, breytt eða ógilt fyrirmæli/tilboð sín.

8. Hvers konar meiriháttar starfstruflun eða bilun kerfisins um pörun viðskipta sem leiðir til þess að þátttakendur vita ekki lengur með vissu um stöðu lokinna viðskipta eða virkra tilboða, auk þess að upplýsingar sem eru ómissandi fyrir viðskipti verði óaðgengilegar (t.d. miðlun vísitölugildis fyrir viðskipti með tilteknar afleiður sem byggja á þeirri vísitölu).

9. Hvers konar meiriháttar starfstruflun eða bilun kerfa um miðlun gagna til að tryggja gagnsæi fyrir og eftir viðskipti og annarra gagna sem skipta máli og viðskiptavettvangar birta í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

10. Hvers konar meiriháttar starfstruflun eða bilun kerfa viðskiptavettvangs til eftirlits og stýringar á viðskiptum markaðsaðila, og hvers konar meiriháttar starfstruflun eða bilun hjá öðrum tengdum þjónustuveitendum, einkum miðlægum mótaðilum og verðbréfamiðstöðvum, sem hefur áhrif á viðskiptakerfið.

B-ÞÁTTUR

Hugsanlegar vísbendingar um misnotkun samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014

Vísbendingar um möguleg innherjasvik eða markaðsmisnotkun

1. Óvenjuleg samþjöppun viðskipta og/eða fyrirmæla um viðskipti í tilteknum fjármálagerningi hjá einum aðila/þátttakanda eða á milli tiltekinna aðila/þátttakenda.

2. Óvenjuleg endurtekning viðskipta meðal fárra aðila/þátttakenda á tilteknu tímabili.

Vísbendingar um möguleg innherjasvik

3. Óvenjuleg og umtalsverð viðskipti eða magn fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga fyrirtækis hjá tilteknum aðilum/þátttakendum í aðdraganda þess að tilkynnt er um mikilvæga atburði hjá fyrirtæki eða verðmótandi upplýsingar sem varða fyrirtækið, eða fyrirmæli um viðskipti sem leiða til skyndilegra og óvenjulegra breytinga á magni fyrirmæla/viðskipta og/eða verði í aðdraganda opinberrar tilkynningar í tengslum við viðkomandi fjármálagerning.

4. Markaðsaðili/-þátttakandi gefur fyrirmæli um eða á í viðskiptum í aðdraganda þess eða strax eftir að sami aðili/þátttakandi eða aðilar sem almennt er vitað að eru tengdir þeim aðila/þátttakanda vinna að eða miðla rannsóknum eða ráðleggingum um fjárfestingu sem eru gerðar aðgengilegar almenningi.

Vísbendingar um mögulega markaðsmisnotkun

Þær vísbendingar sem lýst er hér að neðan í 18.–23. tölulið eiga einkum við um sjálfvirkt viðskiptaumhverfi.

5. Viðskipti sem fyrirmæli eru gefin um eða eru framkvæmd og nema verulegu hlutfalli daglegs viðskiptamagns með viðkomandi fjármálagerning á viðkomandi viðskiptavettvangi, einkum þegar þau leiða til verulegrar breytingar á verði fjármálagerninganna.

6. Aðili/þátttakandi sem á verulega kaup- eða söluhagsmuni undir í fjármálagerningi gefur fyrirmæli um eða á í viðskiptum sem leiða til verulegra breytinga á verði fjármálagerningsins á viðskiptavettvangi.

7. Viðskipti sem fyrirmæli eru gefin um eða eru framkvæmd eru samþjöppuð á stuttan tíma á viðskiptatímabilinu og leiða til verðbreytingar sem gengur síðan til baka.

8. Fyrirmæli sem gefin eru um viðskipti og breyta upplýsingum um besta kaup- eða söluverð fjármálagernings sem tekinn hefur verið til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða í víðara samhengi upplýsingum í tilboðaskránni sem markaðsaðilar hafa aðgang að, og eru afturkölluð áður en þau eru framkvæmd.

9. Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti frá markaðsaðila/-þátttakanda sem virðast aðeins hafa þann tilgang að hækka/lækka verð eða virði fjármálagernings, eða að hafa veruleg áhrif á framboð eða eftirspurn eftir honum, þ.e. sem eiga sér stað/eru gefin nálægt viðmiðunarpunkti á viðskiptadegi, t.d. við opnun eða nálægt lokun.

10. Kaup eða sala fjármálagernings á viðmiðunartíma viðskiptatímabils (t.d. við opnun, lokun, uppgjör) í þeim tilgangi að hækka, lækka eða viðhalda viðmiðunarverði (t.d. opnunarverði, lokaverði, uppgjörsverði) á tilteknu stigi (venjulega nefnt „hagræðing lokaverðs“, e. „*marking the close*“).

11. Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að hækka/lækka vegið meðalverð dagsins eða tímaskeiðs á viðskiptatímabilinu.

12. Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að stilla af markaðsverð þegar seljanleiki fjármálagerningsins eða dýpt tilboðaskrárinnar nægja ekki til að fastsetja verð innan viðskiptatímabilsins.

13. Framkvæmd viðskipta sem breyta kaup-/söluverði þar sem verðbilið er þáttur í ákvörðun verðs í öðrum viðskiptum, hvort sem það er á sama eða öðrum viðskiptavettvangi.

14. Innsetning tilboða sem fela í sér verulegt magn í miðlægri tilboðaskrá viðskiptakerfisins nokkrum mínútum fyrir verðákvörðunarfasa uppboðs, og afturköllun þeirra tilboða nokkrum sekúndum áður en tilboðaskráin er fastsett til útreiknings á uppboðsverði, sem leiðir til þess að fræðilegt opnunarverð (e. *theoretical opening price*) getur litið út fyrir að vera hærra eða lægra en það hefði annars verið.

15. Að átt sé í viðskiptum eða röð viðskipta sem sýnd eru á opinberum birtingarvettvangi, til að láta líta út fyrir að um sé að ræða virkni með eða hreyfingu á verði fjármálagernings (e. *painting the tape*).

16. Viðskipti sem fara fram vegna þess að sett eru inn kaup- og sölutilboð um viðskipti á sama eða nánast sama tíma sem eru mjög svipuð að magni og á svipuðu verði af sama markaðsaðila/-þátttakanda eða mismunandi aðilum sem hafa samráð (e. *improper matched orders*).

17. Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að farið sé framhjá hliðvörðum (e. *trading safeguards*) markaðarins (t.d. að því er varðar magntakmarkanir, verðmörk, viðmið um verðbil kaup- og sölutilboðs o.s.frv.)

18. Innsetning tilboða um viðskipti eða raðar tilboða um viðskipti, eða framkvæmd viðskipta eða raðar viðskipta, sem eru líkleg til að setja af stað eða auka tiltekna leitni og að ýta undir að aðrir þátttakendur auki hraða leitninnar eða framlengi hana til að skapa tækifæri til að loka/opna stöðu á hagstæðu verði (e. *momentum ignition*).

19. Innsetning margra eða stórra tilboða um viðskipti, oft langt frá þrengsta verðbili, á annarri hlið tilboðaskrárinnar til að framkvæma viðskipti á hinni hlið tilboðaskrárinnar. Þegar þau viðskipti hafa farið fram eru falstilboðin afturkölluð (e. *layering og spoofing*).

20. Innsetning smárra tilboða um viðskipti til að komast að því hvert umfang falinna tilboða er, einkum til að meta hvað er til staðar á ógagnsæjum vettvangi (e. *ping order*).

21. Innsetning mikils fjölda tilboða um viðskipti og/eða afturkallanir og/eða uppfærslur á tilboðum um viðskipti til að skapa óvissu hjá öðrum þátttakendum, hægja á ferli þeirra og fela eigin áætlun (e. *quote stuffing*).

22. Innsetning tilboða um viðskipti í því skyni að laða að aðra markaðsaðila/-þátttakendur sem beita hefðbundnum viðskiptaaðferðum (e. *slow traders*), sem er síðan snögglega breytt í óhagstæðari skilmála í von um að ná fram hagnaði á móti innflæði tilboða um viðskipti frá þeim (e. *smoking*).

23. Framkvæmd fyrirmæla eða raðar fyrirmæla um viðskipti til að svipta hulunni af tilboðum annarra þátttakanda og setja síðan inn tilboð um viðskipti til að notfæra sér þær upplýsingar sem þannig fást (e. *phishing*).

24. Að hvaða marki fyrirmæli um viðskipti sem gefin hafa verið eða framkvæmd viðskipti benda til þess, samkvæmt bestu vitund rekstraraðila viðskiptavettvangs, að stöðutökum hafi verið snúið við á skömmum tíma sem nemi verulegum hluta daglegs viðskiptamagns með viðkomandi fjármálagerning á viðkomandi viðskiptavettvangi og kunni að tengjast verulegum breytingum á verði fjármálagernings sem tekinn hefur verið til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvanginum.

Vísbendingar um markaðsmisnotkun með fleiri en eina afurð, þ.m.t. á mismunandi viðskiptavettvöngum

Rekstraraðili viðskiptavettvangs skal einkum taka neðangreindar vísbendingar til athugunar ef bæði fjármálagerningur og tengdir fjármálagerningar eru teknir til viðskipta eða viðskipti eru með þá á viðskiptavettvanginum, eða viðskipti eru með slíka tengda gerninga á fleiri en einum viðskiptavettvangi sem starfræktir eru af sama rekstraraðila.

25. Viðskipti eða tilboð um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að hækka/lækka/viðhalda verði fjármálagernings dagana í aðdraganda útgáfu, valkvæðrar innlausnar eða lokadags tengdrar afleiðu eða breytanlegs gernings.

26. Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að halda verði undirliggjandi fjármálagernings undir eða yfir lausnarverði, eða öðrum þætti sem notaður er til að ákvarða útgreiðslu (t.d. hindrun), tengdrar afleiðu á lokadegi.

27. Viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að breyta verði undirliggjandi fjármálagernings þannig að það fari fram úr/nái ekki lausnarverði, eða öðrum þætti sem notaður er til að ákvarða útgreiðslu (t.d. hindrun), tengdrar afleiðu á lokadegi.

28. Viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að breyta uppgjörsverði fjármálagernings þegar það verð er notað sem viðmið/ákvörðunarþáttur, einkum við útreikning krafna um tryggingar.

29. Aðili/þátttakandi sem á verulega kaup- eða söluhagsmuni undir í fjármálagerningi gefur fyrirmæli um viðskipti, eða á í viðskiptum, sem leiða til verulegra breytinga á verði tengdrar afleiðu eða undirliggjandi eignar sem tekin er til viðskipta á viðskiptavettvangi.

30. Viðskipti fara fram eða tilboð um viðskipti eru sett inn á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs (þ.m.t. innsetning skilaboða um viðskiptaáhuga) með það fyrir augum að hafa óeðlileg áhrif á verð tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs (e. *cross-product manipulation* (viðskipti með fjármálagerning til að hagræða með óeðlilegum hætti verði tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs)).

31. Að skapa eða auka möguleika á högnun milli fjármálagernings og annars tengds fjármálagernings með því að hafa áhrif á viðmiðunarverð annars fjármálagerninganna, sem unnt er að gera með mismunandi fjármálagerningum (svo sem réttindum/hlutabréfum, stundarmörkuðum/afleiðumörkuðum, áskriftarréttindum/hlutabréfum o.s.frv.). Í tengslum við réttindi væri unnt að gera þetta með því að hafa áhrif á (fræðilegt) opnunar- eða (fræðilegt) lokaverð réttindanna.

———

IV. VIÐAUKI

1. ÞÁTTUR

Skráningar á fyrirmælum viðskiptavina og ákvörðunum um viðskipti

1. Nafn og auðkenni viðskiptavinar
2. Nafn og auðkenni viðkomandi aðila sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinar
3. Auðkenni til að tilgreina miðlarann (auðkenni miðlara) sem er ábyrgur innan verðbréfafyrirtækisins fyrir fjárfestingarákvörðuninni
4. Auðkenni til að tilgreina algrímið (auðkenni algríms) sem tekur fjárfestingarákvörðunina innan verðbréfafyrirtækisins
5. Kaup-/söluvísir
6. Auðkenning gernings
7. Einingarverð og verðframsetning
8. Verð
9. Verðmargfaldari
10. Gjaldmiðill 1
11. Gjaldmiðill 2
12. Upphaflegt magn og magntáknun
13. Gildistími
14. Tegund fyrirmæla
15. Aðrar upplýsingar, skilyrði og sérstakar leiðbeiningar frá viðskiptavini
16. Dagsetning og nákvæm tímasetning viðtöku fyrirmæla eða dagsetning og nákvæm tímasetning þegar ákvörðun um viðskipti var tekin. Nákvæma tímasetningu skal mæla í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í stöðlunum um samstillingu á klukkum skv. 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. ÞÁTTUR

Skráningar um viðskipti og afgreiðslu fyrirmæla

1. Nafn og auðkenni viðskiptavinar
2. Nafn og auðkenni viðkomandi aðila sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinar
3. Auðkenni til að tilgreina miðlarann (auðkenni miðlara) sem er ábyrgur innan verðbréfafyrirtækisins fyrir fjárfestingarákvörðuninni
4. Auðkenni til að tilgreina algrímið (auðkenni algríms) sem tekur fjárfestingarákvörðunina innan verðbréfafyrirtækisins
5. Tilvísunarnúmer viðskipta
6. Auðkenni til að tilgreina fyrirmæli (auðkenni fyrirmæla)
7. Auðkenniskóði tilboðs sem viðskiptavettvangur úthlutar við móttöku fyrirmæla
8. Einkvæmt auðkenni fyrir hvert samsafn af tilboðum viðskiptavina (sem verða í framhaldinu lögð fram sem eitt blokktilboð á tilteknum viðskiptavettvangi). Í þessu auðkenni skal standa „aggregated_X“ þar sem X táknar fjölda viðskiptavina að baki þeim tilboðum sem safnað hefur verið saman.
9. Markaðsauðkenniskóði markaðssviðs (e. *segment MIC*) fyrir viðskiptavettvanginn þar sem tilboðið hefur verið sett inn.

10. Nafn og annað auðkenni aðilans sem fyrirmælin voru send til

11. Auðkenni til að tilgreina seljanda og kaupanda

12. Viðskiptahlutverk

13. Auðkenni til að tilgreina miðlarann (auðkenni miðlara) sem er ábyrgur fyrir framkvæmdinni

14. Auðkenni til að tilgreina algrímið (auðkenni algríms) sem sér um framkvæmdina

15. Kaup-/söluvísir

16. Auðkenning gernings

17. Endanlegur undirliggjandi þáttur

18. Auðkenni sölu-/kaupréttar

19. Lausnarverð

20. Fyrirframgreiðsla

21. Tegund afhendingar

22. Tegund valréttar

23. Lokadagur

24. Einingarverð og verðframsetning

25. Verð

26. Verðmargfaldari

27. Gjaldmiðill 1

28. Gjaldmiðill 2

29. Eftirstandandi magn

30. Breytt magn

31. Framkvæmt magn

32. Dagsetning og nákvæm tímasetning framlagningar tilboðs eða ákvörðunar um að eiga viðskipti. Nákvæma tímasetningu skal mæla í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í stöðlunum um samstillingu á klukkum skv. 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

33. Dagsetning og nákvæm tímasetning allra skilaboða sem send eru til og móttekin frá viðskiptavettvanginum í tengslum við hvers konar atburði sem hafa áhrif á tilboð. Nákvæma tímasetningu skal mæla í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2017/574 ([1]).

34. Dagsetning og nákvæm tímasetning allra skilaboða sem eru send til og móttekin frá öðru verðbréfafyrirtæki í tengslum við hvers konar atburði sem hafa áhrif á tilboð. Nákvæma tímasetningu skal mæla í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í stöðlunum um samstillingu á klukkum skv. 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

35. Öll skilaboð sem eru send til og móttekin frá viðskiptavettvangnum í tengslum við tilboð sem verðbréfafyrirtækið setur inn.

36. Hvers konar aðrar upplýsingar og skilyrði sem lögð voru fram til og móttekin frá öðru verðbréfafyrirtæki í tengslum við tilboðið.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148).

37. Röð atburða fyrir hvert tilboð sem sett er inn, sem endurspeglar tímaröð hvers atburðar sem hafði áhrif á það, þ.m.t., án þess að takmarkast við, breytingar, niðurfellingar og framkvæmd.

38. Skortsöluvísir

39. Undanþáguvísir frá reglugerð um skortsölu

40. Undanþáguvísir

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/567 **2020/EES/20/05**

frá 18. maí 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaíhlutun og stöður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 2. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.), 17. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. og 3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 40. gr. (8. mgr.), 41. gr. (8. mgr.), 42. gr. (7. mgr.) og 45. gr. (10. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þessi reglugerð tilgreinir nánar viðmiðin fyrir ákvörðun „virks markaðar“ í samræmi við b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Í þessum tilgangi er nauðsynlegt að tilgreina viðmiðin fyrir flot, meðalfjölda viðskipta á dag og meðaldagsveltu, sérstaklega fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði og skírteini, til að taka tillit til sérstakra eiginleika sérhverra þessara fjármálagerninga. Reglur sem tilgreina hvernig reikna ætti út seljanleika fyrst eftir að fjármálagerningurinn er tekinn til viðskipta eru nauðsynlegar til að tryggja samræmda og einsleita beitingu innan Sambandsins.

2) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fjalla annars vegar um skilgreiningar og tilgreina kröfur í tengslum við gagnsæi fyrir og eftir viðskipti innmiðlara og opinbera birtingu viðskiptavettvanga og innmiðlara á gögnum og hins vegar um heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) til afurðaíhlutunar og stöðustjórnunar. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem taka ættu gildi á sama tíma og til að auðvelda hagsmunaaðilum, einkum þeim sem falla undir þessar skyldur, að hafa heildarsýn, er nauðsynlegt að láta eina reglugerð ná yfir þessi ákvæði.

3) Til að lágmarksfjöldi seljanlegra hlutabréfagerninga sé til staðar í öllu Sambandinu ætti lögbæra yfirvaldið í aðildarríki þar sem viðskipti eru með færri en fimm seljanlega eiginfjárgerninga í hverjum flokki hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða og skírteina, að geta tilgreint einn eða fleiri seljanlega fjármálagerninga til viðbótar, að því tilskildu að heildarfjöldi fjármálagerninga sem teljast hafa virkan markað sé ekki meiri en fimm í hverjum þessara flokka fjármálagerninga.

4) Til að tryggja að markaðsgögn séu veitt á sanngjörnum viðskiptakjörum með samræmdum hætti eru í þessari reglugerð tilgreind þau skilyrði sem rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvanga og innmiðlarar verða að uppfylla. Þessi skilyrði byggjast á því markmiði að tryggja að skyldan til að veita markaðsgögn á sanngjörnum viðskiptakjörum sé nægilega skýr til að beitingin geti verið skilvirk og samræmd en á sama tíma sé tekið tillit til ólíkra rekstrarkerfa og kostnaðarsamsetninga rekstraraðila markaða og verðbréfafyrirtækja sem starfrækja viðskiptavettvanga og innmiðlara.

5) Til að tryggja að gjöld fyrir markaðsgögn séu ákveðin með sanngjörnum hætti felur skyldan til að veita markaðsgögn á sanngjörnum viðskiptakjörum í sér að gjöldin byggist á eðlilegum tengslum við að taka þessi gögn saman og dreifa þeim. Með fyrirvara um beitingu samkeppnisreglna ættu gagnaveitendur því að ákvarða gjöld sín á grundvelli kostnaðar en mega bæta við eðlilegri álagningu á grundvelli þátta svo sem rekstrarhagnaðarhlutfalls, ávöxtun að teknu tilliti til kostnaðar, arðsemi rekstrareigna og ávöxtun eigin fjár. Þegar gagnaveitendur stofna til sameiginlegs kostnaðar, vegna veitingar gagna og annarrar þjónustu, getur kostnaður við að útvega markaðsgögn falið í sér eðlilega hlutdeild í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 90. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

sameiginlegum kostnaði af annarri viðkomandi þjónustu sem veitt er. Þar sem flókið er að tilgreina nákvæman kostnað ætti frekar að tilgreina aðferðafræðina við skiptingu kostnaðar og úthlutun hans og láta veitendum markaðsgagna eftir að tilgreina þann kostnað en þó með tilliti til markmiðsins um að tryggja að gjöld fyrir markaðsgögn séu sanngjörn í Sambandinu.

6) Markaðsgögn ætti að veita án mismununar, sem þýðir að sama verð og sömu skilmálar ættu að bjóðast öllum viðskiptavinum sem eru í sama flokki í samræmi við opinberlega birt, hlutlæg viðmið.

7) Til að gera gagnanotendum kleift að fá markaðsgögn án þess að þurfa að kaupa aðra þjónustu, ættu markaðsgögn að bjóðast ósamþætt annarri þjónustu. Til að gagnanotendur þurfi ekki að greiða oftar en einu sinni fyrir sömu markaðsgögnin þegar þeir kaupa gagnasöfn frá viðskiptavettvöngum og öðrum þeim aðilum sem dreifa markaðsgögnum, ættu markaðsgögn að bjóðast á grundvelli notkunar nema slíkt myndi samsvara illa kostnaðinum við að bjóða þau gögn á þann hátt með hliðsjón af umfangi og yfirgripi markaðsgagnanna sem rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækir viðskiptavettvang eða innmiðlari veitir.

8) Til að gera gagnanotendum og lögbærum yfirvöldum kleift að meta á skilvirkan hátt hvort markaðsgögn eru veitt á sanngjörnum viðskiptakjörum, er nauðsynlegt að grundvallarskilyrðin fyrir veitingu þeirra séu birt opinberlega. Gagnaveitendur ættu því að veita upplýsingar um gjöld sín og efni markaðsgagnanna, sem og þær reikningsaðferðir sem notaðar eru til að ákvarða kostnað án þess að þurfa að upplýsa um raunverulegan kostnað sinn.

9) Í þessari reglugerð eru tilgreind nánar þau skilyrði sem innmiðlarar verða að uppfylla til að hlíta þeirri skyldu að gera verðtilboð opinber reglulega og samfellt á venjulegum viðskiptatíma og vel aðgengileg öðrum markaðsaðilum til að tryggja að markaðsaðilar sem vilja nálgast verðtilboðin geti í rauninni gert það.

10) Þegar innmiðlarar birta verðtilboð sín í gegnum fleiri en eitt fyrirkomulag birtingar ættu þeir að gera það á sama tíma í gegnum hvert fyrirkomulag til að tryggja að birt verðtilboð séu samræmd og að markaðsaðilar geti fengið aðgang að upplýsingunum á sama tíma. Þegar innmiðlarar birta verðtilboð í gegnum fyrirkomulag á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða í gegnum veitanda gagnaskýrsluþjónustu ættu þeir að segja á sér deili í verðtilboðinu til að markaðsaðilar geti beint fyrirmælum sínum til þeirra.

11) Í þessari reglugerð eru tilgreindir nánar hinir ýmsu tæknilegu þættir varðandi umfang gagnsæisskyldu innmiðlara til að tryggja samkvæma og samræmda beitingu í Sambandinu. Nauðsynlegt er að undanþágan frá þeirri skyldu innmiðlara að gera verðtilboð sín opinber reglulega og samfellt einskorðist við aðstæður þar sem áframhaldandi veiting fastra verða til viðskiptavina getur verið gagnstæð varfærinni stýringu áhættu sem verðbréfafyrirtækið tekur sem innmiðlari, með hliðsjón af annarri tilhögun sem getur veitt viðbótarvernd gegn slíkri áhættu.

12) Til að tryggja að undanþágan frá skyldu innmiðlara að framkvæma fyrirmælin samkvæmt þeim verðtilboðum sem gilda þegar þau berast, í samræmi við 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, takmarkist við viðskipti sem í eðli sínu eiga ekki þátt í verðmyndun, eru í þessari reglugerð nánar tilgreind á ítarlegan hátt skilyrðin fyrir því að viðskipti með nokkur verðbréf teljist hluti af sömu viðskipum og fyrir því að fyrirmæli geti verið háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði.

13) Viðmiðið sem tilgreinir að verð sé innan verðbils sem er opinbert og liggi nálægt markaðsskilyrðum endurspeglar þá þörf að tryggja að viðskipti sem innmiðlarar framkvæma stuðli að verðmyndun en hindri þó ekki þann möguleika innmiðlara að bjóða betra verð í rökstuddum tilvikum.

14) Til að tryggja að viðskiptavinir hafi aðgang að verðtilboðum innmiðlara án mismununar en á sama tíma tryggja viðeigandi áhættustýringu sem tekur tillit til eðlis, umfangs og flækjustigsí starfsemi einstakra fyrirtækja, er nauðsynlegt að tilgreina að fjöldi eða magn fyrirmæla frá sama viðskiptavini ætti að teljast verulega umfram venju ef innmiðlari

getur ekki framkvæmt þessi fyrirmæli án þess að taka óþarfa áhættu, en þetta ætti að skilgreina fyrir fram sem hluta af áhættustýringarstefnu fyrirtækisins og byggjast á hlutlægum þáttum, vera staðfest skriflega og vera tiltækt viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum.

15) Þar sem bæði viðskiptavakar og innmiðlarar stunda viðskipti fyrir eigin reikning og stofna til sambærilegrar áhættu þykir rétt að ákvarða stærðina sem á sértaklega við um gerninginn á samræmdan hátt í þessum flokkum. Stærðin sem á sérstaklega við um gerninginn, að því er varðar 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ætti því að vera sú stærð sem á sérstaklega við um gerninginn sem ákvörðuð er í samræmi við d-lið 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og sem tilgreind er nánar í tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við þetta ákvæði.

16) Til að tilgreina þættina sem varða samþjöppun eignasafns, svo hægt sé að afmarka hana frá viðskipta- og stöðustofnunarþjónustu, er nauðsynlegt að skilgreina ferlið þegar afleiðum er að fullu eða að hluta lokað og þeim skipt út fyrir nýjar afleiður, einkum þau þrep ferlisins, efni samkomulagsins og lagaleg skjöl sem styðja samþjöppun eignasafnsins.

17) Til að tryggja að nægilegt gagnsæi hafi náðst í samþjöppun eignasafns hjá mótaðilum er nauðsynlegt að tilgreina upplýsingarnar sem ætti að gera opinberar.

18) Nauðsynlegt er að tilgreina tiltekna þætti í heimildum til íhlutunar bæði viðkomandi lögbærra yfirvalda og, í undantekningartilvikum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót og beitir heimildum sínum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót og beitir heimildum sínum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]), að því er varðar verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki eða í Sambandinu. Til að ástand teljist vera „ógn“, sem er ein af forsendunum fyrir íhlutun út frá hugmyndinni um eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika fjármálakerfisins, þarf stærra áhyggjuefni en “verulegt áhyggjuefni“ að vera til staðar, en það er forsenda fyrir íhlutun að því er varðar fjárfestavernd.

19) Til að tryggja samræmda nálgun sem leyfir jafnframt að gripið sé til viðeigandi aðgerða þegar óvæntir óhagstæðir atburðir eða óhagstæð þróun á sér stað ætti að gera skrá yfir viðmið og þætti sem lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að taka með í reikninginn þegar ákvarðað er hvort slíkt áhyggjuefni eða ógn er fyrir hendi. Þörfin á að meta öll viðmið og þætti sem gætu verið til staðar í tilteknum raunverulegum aðstæðum ætti samt ekki að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin noti heimildir sínar til tímabundinnar íhlutunar þegar aðeins einn af þessum þáttum eða viðmiðum veldur slíku áhyggjuefni eða ógn.

20) Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða aðstæður Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur notað stöðustjórnunarvald sitt, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2014, til að tryggja samræmda nálgun, sem leyfir jafnframt að gripið sé til viðeigandi aðgerða þegar óvæntir, óhagstæðir atburðir eða óhagstæð þróun á sér stað.

21) Til að gæta samræmis og tryggja eðlilega virkni fjármálamarkaðsins er nauðsynlegt að ákvæðin í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi. Til að tryggja að nýja reglukerfið um gagnsæi sé skilvirkt ættu tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar þó að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi hennar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ÁKVÖRÐUN VIRKS MARKAÐAR MEÐ HLUTABRÉFAGERNINGA

1. gr.

Ákvörðun virks markaðar með hlutabréf

(Ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal hlutabréf sem viðskipti eru með daglega teljast hafa virkan markað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) flot (e. *free float*) hlutabréfsins er:

   i. a.m.k. 100 milljónir evra ef um er að ræða hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði,

   ii. a.m.k. 200 milljónir evra ef um er að ræða hlutabréf sem aðeins eru viðskipti með á markaðstorgum fjármálagerninga,

b) meðalfjöldi viðskipta á dag með hlutabréfið er a.m.k. 250,

c) meðaldagsvelta hlutabréfsins er a.m.k. ein milljón evra.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal reikna út flot hlutabréfs með því að margfalda fjölda útistandandi hluta með verði hvers hlutar, að undanskildum einstökum eignarhlutum í hlutabréfinu sem nema meira en 5% af heildaratkvæðamagni í útgefandanum, nema slíkir eignarhlutir séu í eigu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða lífeyrissjóðs. Atkvæðisréttur skal reiknaður út á grundvelli allra hluta sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting hans falli niður.

3. Liggi engar raunupplýsingar fyrir í samræmi við 2. mgr. skal, að því er varðar ii. lið a-liðar 1. mgr., reikna út flot hlutabréfs sem aðeins eru viðskipti með á markaðstorgum fjármálagerninga með því að margfalda fjölda útistandandi hluta með verði hvers hlutar.

4. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal reikna út dagsveltu hlutabréfs með því að leggja saman útkomurnar af því að margfalda, fyrir hver viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptadegi, fjölda hluta sem fóru á milli kaupanda og seljanda með verði hvers hlutar.

5. Á því sex vikna tímabili sem hefst fyrsta viðskiptadag eftir að hlutabréf er fyrst tekið til viðskipta á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga skal hlutabréfið teljast hafa virkan markað að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef samtalan sem fæst með því að margfalda fjölda útistandandi hluta með verði hlutabréfsins í upphafi fyrsta viðskiptadags er metin a.m.k. 200 milljónir evra og ef skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. eru uppfyllt samkvæmt áætluðum gögnum fyrir það tímabil.

6. Ef færri en fimm hlutabréf sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum aðildarríkis og fyrst eru tekin til viðskipta í því aðildarríki teljast hafa virkan markað í samræmi við 1. mgr. getur lögbært yfirvald þess aðildarríkis tilgreint eitt eða fleiri hlutabréf, sem fyrst eru tekin til viðskipta á þessum viðskiptavettvöngum, sem hlutabréf sem teljast hafa virkan markað, að því tilskildu að heildarfjöldi hlutabréfa sem fyrst eru tekin til viðskipta í því aðildarríki og teljast hafa virkan markað sé ekki meiri en fimm.

2. gr.

Ákvörðun virks markaðar með heimildarskírteini

(Ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal heimildarskírteini sem viðskipti eru með daglega teljast hafa virkan markað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) flot er a.m.k. 100 milljónir evra,

b) meðalfjöldi viðskipta með heimildarskírteinið á dag er a.m.k. 250,

c) meðaldagsvelta heimildarskírteinisins er a.m.k. ein milljón evra.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal flot heimildarskírteinis reiknað út með því að margfalda fjölda útistandandi eininga heimildarskírteinis með verði hverrar einingar.

3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal dagsvelta heimildarskírteinis reiknuð út með því að leggja saman útkomurnar af því að margfalda, fyrir hver viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptadegi, fjölda eininga heimildarskírteinisins sem fóru á milli kaupanda og seljanda með verði hverrar einingar.

4. Á því sex vikna tímabili sem hefst fyrsta viðskiptadag eftir að heimildarskírteini er fyrst tekið til viðskipta á viðskiptavettvangi skal heimildarskírteinið teljast hafa virkan markað að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef flot í upphafi fyrsta viðskiptadags er metið a.m.k. 100 milljónir evra og ef skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. eru uppfyllt samkvæmt áætluðum gögnum fyrir það tímabil.

5. Ef færri en fimm heimildarskírteini sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum aðildarríkis og fyrst eru tekin til viðskipta í því aðildarríki teljast hafa virkan markað í samræmi við 1. mgr. getur lögbært yfirvald þess aðildarríkis tilgreint eitt eða fleiri heimildarskírteini sem fyrst eru tekin til viðskipta á viðkomandi viðskiptavettvöngum sem heimildarskírteini sem teljast hafa virkan markað, að því tilskildu að heildarfjöldi heimildarskírteina sem fyrst eru tekin til viðskipta í því aðildarríki og talin eru hafa virkan markað sé ekki meiri en fimm.

3. gr.

Ákvörðun virks markaðar með kauphallarsjóði

(Ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal kauphallarsjóður sem viðskipti eru með daglega teljast hafa virkan markað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) flot er a.m.k. 100 einingar,

b) meðalfjöldi viðskipta í kauphallarsjóðnum á dag er a.m.k. 10,

c) meðaldagsvelta kauphallarsjóðsins er a.m.k. 500 000 evrur.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal flot kauphallarsjóðs vera fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina til viðskipta.

3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal dagsvelta kauphallarsjóðs reiknuð út með því að leggja saman útkomurnar af því að margfalda, fyrir hver viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptadegi, fjölda hlutdeildarskírteina kauphallarsjóðsins sem fóru á milli kaupanda og seljanda með gengi hlutdeildarskírteinanna.

4. Á því sex vikna tímabili sem hefst fyrsta viðskiptadag eftir að kauphallarsjóður er fyrst tekinn til viðskipta á viðskiptavettvangi skal kauphallarsjóðurinn teljast hafa virkan markað að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef flot hans í upphafi fyrsta viðskiptadags er metið a.m.k. 100 hlutdeildarskírteini og ef skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. eru uppfyllt samkvæmt áætluðum gögnum fyrir það tímabil.

5. Ef færri en fimm kauphallarsjóðir sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum aðildarríkis og fyrst eru teknir til viðskipta í því aðildarríki teljast hafa virkan markað í samræmi við 1. mgr. getur lögbært yfirvald þess aðildarríkis tilgreint einn eða fleiri kauphallarsjóði sem fyrst eru teknir til viðskipta á þessum viðskiptavettvöngum sem kauphallarsjóði sem teljast hafa virkan markað, að því tilskildu að heildarfjöldi kauphallarsjóða sem fyrst eru teknir til viðskipta í því aðildarríki og teljast hafa virkan markað sé ekki meiri en fimm.

4. gr.

Ákvörðun virks markaðar með skírteini

(Ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu skírteini sem viðskipti eru með daglega teljast hafa virkan markað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) flot er a.m.k. ein milljón evra,

b) meðalfjöldi viðskipta með skírteinið á dag er a.m.k. 20,

c) meðaldagsvelta skírteinisins er a.m.k. 500 000 evrur.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal flot skírteinis vera stærð útgáfunnar óháð fjölda útgefinna eininga.

3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal dagsvelta skírteinis reiknuð út með því að leggja saman útkomurnar af því að margfalda, fyrir hver viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptadegi, fjölda eininga skírteinisins sem fóru á milli kaupanda og seljanda með verði hverrar einingar.

4. Á því sex vikna tímabili sem hefst fyrsta viðskiptadag eftir að skírteini er fyrst tekið til viðskipta á viðskiptavettvangi skal skírteinið teljast hafa virkan markað að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ef flot í upphafi fyrsta viðskiptadags er metið a.m.k. ein milljón evra og ef skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. eru uppfyllt samkvæmt áætluðum gögnum fyrir það tímabil.

5. Ef færri en fimm skírteini sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum aðildarríkis og fyrst eru tekin til viðskipta í því aðildarríki teljast hafa virkan markað í samræmi við 1. mgr. getur lögbært yfirvald þess aðildarríkis tilgreint eitt eða fleiri skírteini, sem fyrst eru tekin til viðskipta á viðkomandi viðskiptavettvöngum, sem skírteini sem teljast hafa virkan markað, að því tilskildu að heildarfjöldi skírteina sem fyrst eru tekin til viðskipta í því aðildarríki og teljast hafa virkan markað sé ekki meiri en fimm.

5. gr.

Mat lögbærra yfirvalda á seljanleika hlutabréfagerninga

(Ákvæði b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Lögbært yfirvald þess markaðar sem best á við með tilliti til seljanleika eins og tilgreint er í 16. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ([1]) skal meta hvort hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóður eða skírteini hefur virkan markað í skilningi b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, í samræmi við ákvæði 1.–4. gr., í öllum eftirfarandi tilvikum:

a) áður en viðskipti með fjármálagerninginn fara fyrst fram á viðskiptavettvanginum, eins og tilgreint er í 1. gr. (5. mgr.), 2. gr. (4. mgr.), 3. gr. (4. mgr.) og 4. gr. (4. mgr.),

b) frá lokum fyrstu fjögurra viknanna sem fjármálagerningurinn er í viðskiptum og til loka fyrstu sex viknanna. Mat á þessum aðstæðum skal byggjast á floti eins og það stóð á síðasta viðskiptadegi fyrstu fjögurra viknanna í viðskiptum, meðalfjölda viðskipta á dag og meðaldagsveltu að teknu tilliti til allra viðskipta með viðkomandi fjármálagerning sem framkvæmd eru í Sambandinu á fyrstu fjórum vikum viðskipta,

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.°600/2014 að því er varðar tækilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

c) frá lokum hvers almanaksárs og fyrir 1. mars næsta ár á eftir að því er varðar fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi fyrir 1. desember á viðkomandi almanaksári. Mat á þessum aðstæðum skal byggjast á floti á síðasta viðskiptadegi viðkomandi almanaksárs, meðalfjölda viðskipta á dag og meðaldagsveltu að teknu tilliti til allra viðskipta með viðkomandi fjármálagerning sem framkvæmd eru í Sambandinu á því ári,

d) strax eftir að fyrra mat breytist í kjölfar fyrirtækjaaðgerðar (e. *corporate action*).

Lögbær yfirvöld skulu tryggja að niðurstaða mats þeirra sé birt opinberlega strax að matinu loknu.

2. Lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu nota upplýsingarnar sem birtar eru opinberlega skv. 1. mgr.:

a) í sex vikur frá fyrsta degi viðskipta með fjármálagerninginn ef matið er framkvæmt skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar,

b) á tímabili sem hefst sex vikum eftir fyrsta dag viðskipta með fjármálagerninginn og lýkur 31. mars á því ári sem upplýsingarnar eru birtar opinberlega í samræmi við c-lið 1. mgr. þessarar greinar ef matið er framkvæmt skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar,

c) í eitt ár frá 1. apríl næst á eftir degi opinberrar birtingar ef matið er framkvæmt skv. c-lið 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar upplýsingunum sem um getur í þessari málsgrein er skipt út fyrir nýjar upplýsingar skv. d-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, nota nýju upplýsingarnar að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu viðskiptavettvangar leggja þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðaukanum fyrir lögbær yfirvöld innan eftirfarandi tímaramma:

a) að því er varðar fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta í fyrsta skipti, fyrir þann dag sem viðskipti með fjármálagerninginn fara fyrst fram,

b) að því er varðar fjármálagerninga sem þegar hafa verið teknir til viðskipta, innan allra eftirfarandi tímaramma:

i. eigi síðar en þremur dögum eftir að fyrstu fjórum vikum viðskipta lýkur,

ii. eftir lok hvers almanaksárs en eigi síðar en 3. janúar næsta ár á eftir,

iii. strax eftir að upplýsingar sem hafa áður verið lagðar fyrir lögbæra yfirvaldið breytast í kjölfar fyrirtækjaaðgerðar.

II. KAFLI

SKYLDUR VIÐSKIPTAVETTVANGA OG INNMIÐLARA TIL AÐ VEITA GÖGN

6. gr.

Skylda til að veita markaðsgögn á sanngjörnum viðskiptakjörum

(Ákvæði 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Í þeim tilgangi að gera markaðsgögn sem hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3., 4., 6.–11., 15. og 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 aðgengileg almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum skulu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvanga og innmiðlarar, í samræmi við 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, uppfylla þær skyldur sem um getur í 7.–11. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ákvæði 7. gr., 8. gr. (2. mgr.), 9. gr., 10. gr. (2. mgr.) og 11. gr. gilda hvorki um rekstraraðila markaða eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvanga né innmiðlara sem gera markaðsgögn aðgengileg almenningi án endurgjalds.

7. gr.

Skylda til að veita markaðsgögn á grundvelli kostnaðar

(Ákvæði 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Verð markaðsgagna skal byggjast á kostnaðinum við að taka saman og dreifa slíkum gögnum og getur falið í sér eðlilega álagningu.

2. Kostnaðurinn við að taka saman og dreifa markaðsgögnum getur falið í sér eðlilega hlutdeild í sameiginlegum kostnaði af annarri þjónustu sem rekstraraðilar markaða eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang eða innmiðlarar veita.

8. gr.

Skylda til að veita markaðsgögn án mismununar

(Ákvæði 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar skulu gera markaðsgögn tiltæk öllum viðskiptavinum sem falla í sama flokk á sama verði og með sömu skilmálum í samræmi við opinberlega birt, hlutlæg viðmið.

2. Allur munur á verði sem viðskiptavinir í mismunandi flokkum greiða skal vera í hlutfallslegu samræmi við virði markaðsgagnanna fyrir viðkomandi viðskiptavini, að teknu tilliti til:

a) yfirgrips og umfangs markaðsgagnanna, þ.m.t. fjölda fjármálagerninga sem þau taka til og viðskiptamagns þeirra,

b) notkunar viðskiptavinarins á markaðsgögnunum, þ.m.t. þess hvort þau eru notuð í eigin viðskiptum viðskiptavinarins, til endursölu eða til gagnasöfnunar.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar hafa sveigjanlega getu til að tryggja að viðskiptavinir fái ávallt aðgang að markaðsgögnum tímanlega og án mismununar.

9. gr.

Skyldur í tengslum við gjöld á grundvelli notkunar

(Ákvæði 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar skulu taka gjöld fyrir notkun markaðsgagna samkvæmt notkun einstakra endanlegra notenda á markaðsgögnunum („á grundvelli notkunar“). Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar skulu gera ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé tekið gjald einu sinni fyrir hverja einstaka notkun markaðsgagna.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar ákveðið að gera ekki markaðsgögn tiltæk á grundvelli notkunar ef gjaldtaka á grundvelli notkunar samsvarar illa kostnaðinum við að gera gögnin tiltæk, með hliðsjón af umfangi og yfirgripi gagnanna.

3. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar skulu rökstyðja synjun um að gera markaðsgögn tiltæk með gjaldtöku á grundvelli notkunar og birta rökstuðninginn á vefsíðu sinni.

10. gr.

Skylda til að hafa gögn ekki samþætt og aðgreina þau

(Ákvæði 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar skulu gera markaðsgögn tiltæk án þess að þau séu samþætt annarri þjónustu.

2. Verð fyrir markaðsgögn skal byggjast á aðgreiningarstigi markaðsgagnanna, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

11. gr.

Gagnsæisskylda

(Ákvæði 13. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 18. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og innmiðlarar skulu birta verð og aðra skilmála um veitingu markaðsgagna á aðgengilegan hátt fyrir almenning.

2. Birtingin skal fela í sér eftirfarandi:

a) gildandi gjaldskrár, þ.m.t.:

— gjöld fyrir hvern notanda sýndra gagna (e. *display user*),

— gjöld fyrir gögn sem ekki eru sýnd (e. *non-display fees*),

— afsláttarstefnu,

— gjöld í tengslum við leyfisskilyrði,

— gjöld fyrir for- og eftirviðskiptamarkaðsgögn,

— gjöld fyrir aðra undirflokka upplýsinga, þ.m.t. þær sem krafist er samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/572 ([1]),

— aðra samningsskilmála um gildandi gjaldskrá,

b) fyrirframbirtingu upplýsinga um framtíðarverðbreytingar með a.m.k. 90 daga fyrirvara,

c) upplýsingar um efni markaðsgagnanna, þ.m.t.:

i. fjölda gerninga sem þau taka til,

ii. heildarveltu gerninga sem þau taka til,

iii. hlutfall milli for- og eftirviðskiptamarkaðsgagna,

iv. upplýsingar um gögn sem veitt eru auk markaðsgagna,

v. dagsetningu síðustu breytingar á leyfisgjaldi fyrir veitt markaðsgögn,

d) tekjur af því að gera markaðsgögn tiltæk og hlutfall þeirra tekna af heildartekjum rekstraraðila markaðarins og verðbréfafyrirtækisins sem starfrækir viðskiptavettvang eða innmiðlarans,

e) upplýsingar um hvernig verðið var ákvarðað, þ.m.t. kostnaðarbókhaldsaðferðir sem notaðar voru og þær sértæku meginreglur sem gilda um úthlutun beins og breytilegs sameiginlegs kostnaðar og skiptingu á föstum sameiginlegum kostnaði milli samantektar og dreifingar markaðsgagna og annarrar þjónustu sem rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang eða innmiðlarar veita.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/572 frá 2. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu gagna fyrir og eftir viðskipti sem boðið er upp á og aðgreiningarstig gagna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 142).

III. KAFLI

SKYLDUR INNMIÐLARA TIL OPINBERRAR BIRTINGAR Á GÖGNUM

12. gr.

Skylda innmiðlara til að gera verðtilboð opinber reglulega og samfellt á venjulegum viðskiptatíma

(Ákvæði 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Að því er varðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal innmiðlari teljast gera verðtilboð sín opinber reglulega og samfellt á venjulegum viðskiptatíma aðeins ef hann gerir verðtilboð sín ávallt aðgengileg á þeim tíma sem hann hefur fastsett og auglýst opinberlega fyrir fram að sé venjulegur viðskiptatími sinn.

13. gr.

Skylda innmiðlara til að tryggja greiðan aðgang að verðtilboðum

(Ákvæði 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Innmiðlarar skulu tilgreina og uppfæra upplýsingar á heimasíðu vefseturs síns um það hvaða fyrirkomulag opinberrar birtingar af því sem um getur í a-lið 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 þeir nota til að birta verðtilboð sín opinberlega.

2. Þegar innmiðlari birtir verðtilboð sín opinberlega gegnum fyrirkomulag viðskiptavettvangs eða viðurkenndrar birtingarþjónustu skal innmiðlarinn segja á sér deili í verðtilboðinu.

3. Þegar innmiðlarar nota fleiri en eitt fyrirkomulag til að birta verðtilboð sín opinberlega skulu verðtilboðin birt alls staðar á sama tíma.

4. Innmiðlarar skulu birta verðtilboð sín opinberlega á tölvulesanlegu formi. Verðtilboð skulu teljast birt opinberlega á tölvulesanlegu formi ef opinbera birtingin uppfyllir þau viðmið sem sett eru fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ([1]).

5. Birti innmiðlarar verðtilboð sín opinberlega aðeins með eigin ráðstöfunum skulu verðtilboðin einnig gerð opinber á formi sem er læsilegt mönnum. Verðtilboð skulu teljast birt opinberlega á formi sem er læsilegt mönnum ef:

a) efni verðtilboðsins er á formi sem almennur lesandi getur skilið,

b) verðtilboðið er birt opinberlega á vefsetri innmiðlarans og skýrar leiðbeiningar eru á heimasíðu vefsetursins um hvernig á að nálgast verðtilboðið.

6. Verðtilboð skulu birt samkvæmt viðmiðum og ákvæðum framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 ([2]).

14. gr.

Framkvæmd innmiðlara á fyrirmælum

(Ákvæði 15. gr. (1. mgr.), 15. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 teljast sérstök markaðsskilyrði vera fyrir hendi þegar það væri gagnstætt varfærinni áhættustýringu að skylda innmiðlara til að gera viðskiptavinum föst verðtilboð, og einkum ef:

a) viðskiptavettvangurinn þar sem fjármálagerningurinn var fyrst tekinn til viðskipta, eða markaðurinn sem best á við með tilliti til seljanleika, stöðvar viðskipti með þann fjármálagerning í samræmi við 5. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tækilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu upplýsinga um viðskipti fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (sjá Stjtíð. L 87, 31.3.2017, bls. 387), tafla 2 í I. viðauka.

b) viðskiptavettvangurinn þar sem fjármálagerningurinn var fyrst tekinn til viðskipta eða markaðurinn sem best á við með tilliti til seljanleika leyfir tímabundna niðurfellingu skuldbindinga um viðskiptavakt,

c) áreiðanlegt markaðsverð er ekki tiltækt fyrir verulegan fjölda gerninga sem eru undirliggjandi kauphallarsjóðnum eða vísitölunni, sé um að ræða kauphallarsjóð,

d) lögbært yfirvald bannar skortsölu á viðkomandi fjármálagerningi skv. 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([1]).

2. Að því er varðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 getur innmiðlari uppfært verðtilboð sín hvenær sem er, ávallt að því tilskildu að uppfærðu verðtilboðin séu afleiðing af og í samræmi við einlæga fyrirætlan innmiðlarans um að eiga viðskipti við viðskiptavini sína án mismununar.

3. Að því er varðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 er verð innan verðbils sem er opinbert og liggur nálægt markaðsskilyrðum þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) verðið er innan bils kaup- og sölutilboða innmiðlarans,

b) verðtilboðin sem um getur í a-lið endurspegla ríkjandi markaðsskilyrði fyrir viðkomandi fjármálagerning í samræmi við 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

4. Að því er varðar 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu viðskipti með fleiri en eitt verðbréf teljast hluti sömu viðskipta ef viðmiðin sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 eru uppfyllt.

5. Að því er varðar 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu fyrirmæli teljast háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði ef viðmiðin sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 eru uppfyllt.

15. gr.

Fyrirmæli sem eru verulega umfram venju

(Ákvæði 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 telst fjöldi eða magn fyrirmæla vera verulega umfram venju ef innmiðlari getur ekki framkvæmt fjölda eða magn þeirra án þess að taka óþarfa áhættu.

2. Verðbréfafyrirtæki sem koma fram sem innmiðlarar skulu ákvarða, fyrir fram og á hlutlægan hátt sem er í samræmi við áhættustýringarstefnu þeirra og -ferla sem um getur í 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565 ([2]), hvenær fjöldi eða magn fyrirmæla frá viðskiptavinum teljast stofna fyrirtækinu í óþarfa áhættu.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal innmiðlari koma á, viðhalda og innleiða, sem hluta af áhættustýringarstefnu og -ferlum sínum, reglur til ákvörðunar á fjölda eða magni fyrirmæla sem hann getur framkvæmt án þess að taka óþarfa áhættu, að teknu tilliti til bæði þess fjár sem fyrirtækið hefur tiltækt til að mæta þeirri áhættu sem fylgir slíkum viðskiptum og til ríkjandi aðstæðna á markaðnum.

4. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu þær reglur sem um getur í 3. mgr. ekki mismuna viðskiptavinum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1).

16. gr.

Stærð sem á sérstaklega við um gerning

(Ákvæði 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Að því er varðar 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal sú stærð sem á sérstaklega við um gerning, þegar um er að ræða gerninga sem viðskipti eru höfð með gegnum tilboðsdrifin, radddrifin, blönduð eða önnur viðskiptakerfi, vera skv. III. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 ([1]).

IV. KAFLI

AFLEIÐUR

17. gr.

Þættir sem varða samþjöppun eignasafns

(Ákvæði 4. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 600/2014 skulu verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfa að samþjöppun eignasafns uppfylla skilyrði 2.–6. mgr.

2. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skulu gera samning við þátttakendurna í viðkomandi samþjöppun eignasafns sem kveður á um samþjöppunarferlið og réttaráhrif þess, þ.m.t. á hvaða tímapunkti hver samþjöppun eignasafns verður lagalega bindandi.

3. Samningurinn sem um getur í 2. mgr. skal fela í sér öll viðeigandi lagaleg skjöl sem lýsa því hvernig afleiðum sem lagðar eru í samþjöppun eignasafnsins er lokað og hvernig aðrar afleiður koma í stað þeirra.

4. Áður en hvert samþjöppunarferli hefst, skulu verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfa að samþjöppun eignasafns:

a) gera hverjum þátttakanda í samþjöppun eignasafnsins að tilgreina áhættuþol sitt, þ.m.t. mörk mótaðilaáhættu, mörk markaðsáhættu og þol fyrir greiðslu í reiðufé. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skulu virða áhættuþolið sem þátttakendurnir í samþjöppun eignasafnsins tilgreina.

b) tengja saman afleiðurnar sem lagðar eru fram í samþjöppun eignasafns og leggja fyrir hvern þátttakanda tillögu um samþjöppun eignasafnsins sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar:

   i. hvaða mótaðila samþjöppunin snertir,

   ii. tengda breytingu á samanlögðu undirliggjandi verðmæti afleiðnanna,

   iii. breytileika samanlagðrar grundvallarfjárhæðar samanborið við tilgreint áhættuþol.

5. Til að laga samþjöppunina að áhættuþolinu sem þátttakendur í samþjöppun eignasafnsins tilgreina og til að hámarka skilvirkni samþjöppunar eignasafnsins er verðbréfafyrirtækjum og rekstraraðilum markaða heimilt að veita þátttakendum viðbótartíma til að bæta við afleiðum sem eru tækar til lokunar eða lækkunar.

6. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skulu aðeins framkvæma samþjöppun eignasafns þegar allir þátttakendur í henni hafa samþykkt tillöguna um samþjöppunina.

18. gr.

Kröfur um opinbera birtingu upplýsinga um samþjöppun eignasafns

(Ákvæði 4. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 600/2014 skulu verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða gera eftirfarandi upplýsingar opinberar gegnum viðurkennda birtingarþjónustu fyrir hverja samþjöppun eignasafns:

a) lista yfir afleiður sem lagt er til að verði teknar með í samþjöppun eignasafns,

b) lista yfir afleiður sem koma í stað lokaðra afleiðna,

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.°600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (sjá Stjtíð. L 87, 31.3.2017, bls. 229).

c) lista yfir afleiður sem er breytt eða lokað vegna samþjöppunar eignasafns,

d) fjölda afleiðna og virði þeirra uppgefið sem grundvallarfjárhæð.

Sundurliða skal upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein eftir tegund afleiðu og gjaldmiðli.

2. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. eins nálægt rauntíma og tæknilega er unnt og eigi síðar en við lok næsta virka dags eftir að samþjöppunartillagan verður lagalega bindandi í samræmi við samninginn sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

V. KAFLI

EFTIRLITSRÁÐSTAFANIR VEGNA AFURÐAÍHLUTUNAR OG STÖÐUSTJÓRNUNAR

1. ÞÁTTUR

Afurðaíhlutun

19. gr.

Viðmið og þættir sem varða heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til tímabundinnar afurðaíhlutunar

(Ákvæði 2. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði a-liðar 2. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta mikilvægi allra þátta og viðmiða sem talin eru upp í 2. mgr. og taka tillit til allra viðeigandi þátta og viðmiða þegar hún ákvarðar hvenær markaðssetning, dreifing eða sala tiltekinna fjármálagerninga eða fjármálagerninga með tiltekna, tilgreinda eiginleika eða tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmd veldur verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins.

Að því er varðar fyrstu undirgrein getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðað hvort fyrir hendi sé verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins á grundvelli eins eða fleiri af þessum þáttum og viðmiðum.

2. Þeir þættir og viðmið sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin metur til að ákvarða hvort fyrir hendi sé verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins skulu vera eftirfarandi:

a) það hve flókinn fjármálagerningurinn eða tegund fjármálastarfseminnar eða framkvæmdarinnar er miðað við þá tegund viðskiptavina, samkvæmt mati í samræmi við c-lið, sem koma að fjármálastarfsemin eða framkvæmdinni á fjármálamarkaði eða sem fjármálagerningurinn er markaðssettur eða seldur til, einkum með tilliti til:

   — tegundar undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna og þess hve gagnsæjar undirliggjandi eignirnar eða viðmiðunareignirnar eru,

   — þess hve gagnsæ gjöld og kostnaður í tengslum við viðkomandi fjármálagerning, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarki eru og, sér í lagi, skorts á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,

   — þess hve flókinn útreikningur afkomunnar er, einkum með tilliti til þess hvort ávöxtunin er háð afkomu einnar eða fleiri undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna sem aðrir þættir hafa svo áhrif á, eða hvort ávöxtunin er ekki aðeins háð virði undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna á upphafsdegi eða lokagjalddaga, heldur einnig virði þeirra á líftíma afurðarinnar,

   — eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

   — þess hvort gerningurinn eða þjónustan er samþætt öðrum afurðum eða þjónustu eða

   — þess hve flóknir skilmálar eru,

b) alvarleiki mögulegra skaðlegra afleiðinga, einkum með tilliti til:

   — undirliggjandi verðmætis fjármálagerningsins,

   — fjölda viðskiptavina, fjárfesta eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,

— þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,

— líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæðar mögulegs taps,

— þess hve lengi áætlað er að skaðlegu afleiðingarnar myndu vara,

— stærðar útgáfunnar,

— fjölda millilliða sem hlut eiga að máli,

— vaxtar markaðarins eða sölu eða

— meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir fyrir í fjármálagerningnum,

c) tegund viðskiptavina sem koma að í viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði eða sem fjármálagerningurinn er markaðssettur eða seldur til, einkum með tilliti til:

— þess hvort viðskiptavinurinn er almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili,

— kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum fjármálagerningum eða söluaðferðum,

— fjárhagslegrar stöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,

— fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa eða

— þess hvort gerningurinn eða þjónustan er seld viðskiptavinum utan fyrirhugaðs markhóps eða hvort markhópurinn hafi ekki verið nægilega skilgreindur,

d) það hve gagnsær fjármálagerningurinn eða viðkomandi tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmdar er, einkum með tilliti til:

— tegundar og gagnsæis undirliggjandi þáttarins (e. *the underlying*),

— falins kostnaðar og gjalda,

— notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði viðkomandi fjármálagernings, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði,

— eðlis áhættu og gagnsæis áhættu eða

— notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en eru raunverulega möguleg eða líkleg, eða sem gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,

e) tilteknir eiginleikar eða þættir viðkomandi fjármálagernings, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði, þ.m.t. hvers kyns innbyggð skuldsetning (e. *embedded leverage*), einkum með tilliti til:

— skuldsetningar sem felst í afurðinni,

— skuldsetningar vegna fjármögnunar,

— eiginleika fjármögnunarviðskipta með verðbréfum (e. securities financing transactions) eða

— þess að verðmæti undirliggjandi þáttar sé ekki lengur aðgengilegt eða áreiðanlegt,

f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættunnar á tapi í tengslum við viðkomandi fjármálagerning, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

— samsetningarkostnaðar (e. *structuring costs*) slíks fjármálagernings, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,

— misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandi ber eða

— áhættu-/ávöxtunarmyndar,

g) það hve auðvelt og kostnaðarsamt er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi fjármálagerning eða skipta yfir í annan fjármálagerning, einkum með tilliti til:

— verðbils kaup- og sölutilboða,

— tíðni viðskiptamöguleika,

— stærðar útgáfu og eftirmarkaðar,

— þess hvort viðskiptavakar (e. *liquidity providers*) eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,

— eiginleika viðskiptakerfisins eða

— annarra útgönguhindrana,

h) verðlagning og tengdur kostnaður við fjármálagerninginn, fjármálastarfsemina eða framkvæmdina á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

— notkunar falinna eða aukalegra gjalda eða

— gjalda sem endurspegla ekki stig þjónustunnar sem veitt er,

i) það hve mikið nýnæmi felst í viðkomandi fjármálagerningi, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til

— þess hve mikið nýnæmi felst í uppbyggingu viðkomandi fjármálagernings fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði, þ.m.t. innbyggingar (e. *embedding*) og virkjunar (e. *triggering*),

— þess hve mikið nýnæmi felst í dreifingarlíkani eða lengd milligöngukeðjunnar,

— þess hve útbreitt nýnæmið er, þ.m.t. hvort viðkomandi fjármálagerningur, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði er nýnæmi fyrir tiltekna flokka viðskiptavina,

— nýnæmis sem felur í sér skuldsetningu,

— skorts á gagnsæi undirliggjandi þáttar eða

— fyrri reynslu af markaði með svipaða fjármálagerninga eða söluaðferðir,

j) söluaðferðir í tengslum við fjármálagerninginn, einkum með tilliti til:

— samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,

— upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,

— fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar eða

— þess hvort ákvörðun um að kaupa sé önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

k) fjárhags- og rekstrarstaða útgefanda fjármálagernings, einkum með tilliti til:

— fjárhagsstöðu útgefanda eða ábyrgðaraðila eða

— gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða ábyrgðaraðila,

l) það hvort upplýsingar sem annaðhvort framleiðandi eða dreifingaraðilar veita um fjármálagerninginn til að gera markaðsaðilum sem hann er ætlaður kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar fjármálagerningsins, séu ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,

m) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér mikla áhættu fyrir árangur viðskipta sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,

n) það hvort fjármálastarfsemin eða framkvæmdin dregur verulega úr heilbrigði verðmyndunarferlisins á viðkomandi markaði, þannig að verð eða virði viðkomandi fjármálagernings lúti ekki lengur eðlilegum markaðslögmálum framboðs og eftirspurnar eða markaðsaðilar geti ekki lengur reitt sig á verð sem myndast á þeim markaði eða á magn viðskipta sem grundvöll fyrir fjárfestingarákvarðanir sínar,

o) það hvort eiginleikar fjármálagernings gera hann sérstaklega til þess fallinn að vera notaður í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun fjármálagerningsins til:

— svika eða óheiðarlegs athæfis,

— misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,

— meðhöndlunar á ávinningi afbrots,

— fjármögnunar hryðjuverka eða

— þess að auðvelda peningaþvætti,

p) það hvort viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér sérstaklega mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviða þeirra,

q) það hvort fjármálagerningur, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði gæti leitt til verulegs og óeðlilegs misræmis milli verðs afleiðu og verðs á undirliggjandi markaðnum,

r) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi Sambandsins,

s) mikilvægi dreifingar fjármálagerningsins sem fjármögnunarleiðar fyrir útgefandann,

t) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér sérstaka áhættu fyrir markaðinn eða innviði greiðslukerfa, þ.m.t. viðskipta-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi, eða

u) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði getur grafið undan tiltrú fjárfesta á fjármálakerfinu.

20. gr.

Viðmið og þættir er varða heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til tímabundinnar afurðaíhlutunar

(Ákvæði 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði a-liðar 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta mikilvægi allra þátta og viðmiða sem talin eru upp í 2. mgr. og taka tillit til allra viðeigandi þátta og viðmiða þegar hún ákvarðar hvenær markaðssetning, dreifing eða sala tiltekinna samsettra innstæðna eða samsettra innstæðna með tiltekna, tilgreinda eiginleika eða tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmdar veldur verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins.

Að því er varðar fyrstu undirgrein getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákvarðað hvort fyrir hendi sé verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins á grundvelli eins eða fleiri af þessum þáttum og viðmiðum.

2. Þeir þættir og viðmið sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin metur til að ákvarða hvort fyrir hendi sé verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins skulu vera eftirfarandi:

a) það hve flókin viðkomandi samsett innstæða eða tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmdar er miðað við þá tegund viðskiptavina, samkvæmt mati í samræmi við c-lið, sem koma að fjármálastarfseminni eða framkvæmdinni á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

   — tegundar undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna og þess hve gagnsæjar undirliggjandi eignirnar eða viðmiðunareignirnar eru,

   — þess hve gagnsæ gjöld og kostnaður í tengslum við samsettu innstæðuna, viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði eru og, sér í lagi, skorts á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,

   — þess hve flókinn útreikningur afkomunnar er, einkum með tilliti til þess hvort ávöxtunin er háð afkomu einnar eða fleiri undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna sem aðrir þættir hafa svo áhrif á eða hvort ávöxtunin er ekki aðeins háð virði undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna á upphafsdegi og lokagjalddaga eða vaxtagjalddögum, heldur einnig virði þeirra á líftíma afurðarinnar,

   — eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

   — þess hvort samsetta innstæðan eða þjónustan er samþætt öðrum afurðum eða þjónustu eða

   — þess hve flóknir skilmálar eru,

b) alvarleiki mögulegra skaðlegra afleiðinga, einkum með tilliti til:

   — undirliggjandi verðmætis útgáfu samsettra innstæðna,

   — fjölda viðskiptavina, fjárfesta eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,

— þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,

— líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæðar mögulegs taps,

— þess hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar myndu vara,

— stærðar útgáfunnar,

— fjölda stofnana sem hlut eiga að máli,

— vaxtar markaðarins eða sölu,

— meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir fyrir í samsettu innstæðunni, eða

— þess stigs tryggingaverndar sem skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ([1]),

c) tegund viðskiptavina sem koma að viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, eða sem samsettar innstæður eru markaðssettar eða seldar til, einkum með tilliti til:

— þess hvort viðskiptavinurinn er almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili,

— kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum fjármálaafurðum eða söluaðferðum,

— fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,

— fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,

— þess hvort afurðin eða þjónustan er seld viðskiptavinum utan fyrirhugaðs markhóps eða hvort markhópurinn er ekki nægilega skilgreindur, eða

— hæfis til tryggingaverndar innstæðutryggingakerfis,

d) það hve gagnsæjar viðkomandi samsettar innstæður eða tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði eru, einkum með tilliti til:

— tegundar og gagnsæis undirliggjandi þáttarins,

— falins kostnaðar og gjalda,

— notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,

— tegundar og gagnsæis áhættu,

— notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem eru misvísandi með því að gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi, eða

— hvort upplýst er hvaða innlánsstofnanir gætu borið ábyrgð á innstæðu viðskiptavinarins,

e) tilteknir eiginleikar eða þættir viðkomandi samsettrar innstæðu eða fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði, þ.m.t. hvers kyns innbyggð skuldsetning (e. *embedded leverage*), einkum með tilliti til:

— skuldsetningar sem felst í afurðinni,

— skuldsetningar vegna fjármögnunar eða

— þess að verðmæti undirliggjandi þáttar sé ekki lengur tiltækt eða áreiðanlegt,

f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættunnar á tapi í tengslum við viðkomandi samsetta innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

— samsetningarkostnaðar (e. *structuring costs*) slíkra samsettra innstæða, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,

— misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandi ber eða

— áhættu-/ávöxtunarmyndar,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

g) það hve kostnaðarsamt og auðvelt er fyrir fjárfesta að ganga út úr samsettri innstæðu, einkum með tilliti til:

— þess að snemmbær úttekt sé ekki leyfileg eða

— annarra útgönguhindrana,

h) verðlagning og tengdur kostnaður við samsetta innstæðuna, fjármálastarfsemina eða framkvæmdina á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

— notkunar falinna eða aukalegra gjalda eða

— gjalda sem endurspegla ekki stig þjónustunnar sem veitt er,

i) það hve mikið nýnæmi felst í viðkomandi samsettri innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

— þess hve mikið nýnæmi felst í uppbyggingu viðkomandi samsettrar innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði, þ.m.t. innbyggingar (e. *embedding*) og virkjunar (e. *triggering*),

— þess hve mikið nýnæmi felst í dreifingarlíkani eða lengd milligöngukeðjunnar,

— þess hve útbreitt nýnæmið er, þ.m.t. hvort viðkomandi samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði er nýnæmi fyrir tiltekna flokka viðskiptavina,

— nýnæmis sem felur í sér skuldsetningu,

— skorts á gagnsæi undirliggjandi þáttar eða

— fyrri reynslu af markaðnum með svipaðar samsettar innstæður eða söluaðferðir,

j) söluaðferðir í tengslum við samsettu innstæðuna, einkum með tilliti til:

— samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,

— upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,

— fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar eða

— þess hvort ákvörðun um að kaupa sé önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

k) fjárhags- og rekstrarstaða útgefanda samsettrar innstæðu, einkum með tilliti til:

— fjárhagsstöðu útgefanda eða ábyrgðaraðila eða

— gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða ábyrgðaraðila,

l) það hvort upplýsingar sem annaðhvort framleiðandi eða dreifingaraðilar veita um samsettu innstæðuna til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar samsettu innstæðunnar, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,

m) það hvort viðkomandi samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér mikla áhættu fyrir árangur viðskipta sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,

n) það hvort viðkomandi samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði myndi gera hagkerfi Sambandsins viðkvæmt fyrir áhættu,

o) það hvort eiginleikar samsettu innstæðunnar gera hana sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun samsettra innstæða til:

— svika eða óheiðarlegs athæfis,

— misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,

— meðhöndlunar á ávinningi afbrots,

— fjármögnunar hryðjuverka eða

— þess að auðvelda peningaþvætti,

p) það hvort viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér sérstaklega mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviða þeirra,

q) það hvort samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði gæti leitt til verulegs og óeðlilegs misræmis milli verðs afleiðu og verðs á undirliggjandi markaðnum,

r) það hvort viðkomandi samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi Sambandsins, einkum með tilliti til áhættuvarnaraðferða sem fjármálastofnanir beita í tengslum við útgáfu samsettu innstæðunnar, þ.m.t. á röngu verðmati á tryggingu höfuðstóls á lokagjalddaga eða orðsporsáhættu sem viðkomandi samsett innstæða eða framkvæmd eða starfsemi veldur fjármálastofnununum,

s) mikilvægi dreifingar samsettu innstæðunnar sem fjármögnunarleiðar fyrir fjármálastofnunina,

t) það hvort viðkomandi samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér sérstaka áhættu fyrir markaðinn eða innviði greiðslukerfa, eða

u) það hvort viðkomandi samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði getur grafið undan tiltrú fjárfesta á fjármálakerfinu.

21. gr.

Viðmið og þættir sem lögbær yfirvöld skulu taka tillit til að því er varðar heimildir til afurðaíhlutunar

(Ákvæði 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar ákvæði a-liðar 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu lögbær yfirvöld meta mikilvægi allra þátta og viðmiða sem talin eru upp í 2. mgr. og taka tillit til allra viðeigandi þátta og viðmiða þegar þau ákvarða hvenær markaðssetning, dreifing eða sala tiltekinna fjármálagerninga eða samsettra innstæðna eða fjármálagerninga eða samsettra innstæðna með tiltekna, tilgreinda eiginleika eða tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmdar veldur verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi a.m.k. eins aðildarríkis.

Að því er varðar fyrstu undirgrein geta lögbær yfirvöld ákvarðað hvort fyrir hendi sé verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi a.m.k. eins aðildarríkis á grundvelli eins eða fleiri af þessum þáttum og viðmiðum.

2. Þeir þættir og viðmið sem lögbær yfirvöld meta til að ákvarða hvort fyrir hendi sé verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi a.m.k. eins aðildarríkis skulu fela í sér eftirfarandi:

a) það hve flókinn fjármálagerningurinn eða tegund viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmdar er miðað við þá tegund viðskiptavina, samkvæmt mati í samræmi við c-lið, sem koma að viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði eða sem fjármálagerningurinn eða samsetta innstæðan er markaðssett eða seld til, einkum með tilliti til:

   — tegundar undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna og þess hve gagnsæjar undirliggjandi eignirnar eða viðmiðunareignirnar eru,

   — þess hve gagnsæ gjöld og kostnaður í tengslum við viðkomandi fjármálagerning, samsetta innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði eru og, sér í lagi, skorts á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,

   — þess hve flókinn útreikningur afkomu er, að teknu tilliti til þess hvort ávöxtunin er háð afkomu eins eða fleiri undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna sem aðrir þættir hafa svo áhrif á eða hvort ávöxtunin er ekki aðeins háð virði undirliggjandi eigna eða viðmiðunareigna á upphafsdegi eða lokagjalddaga, heldur einnig virði þeirra á líftíma afurðarinnar,

   — eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

   — þess hvort afurðin eða þjónustan er samþætt öðrum afurðum eða þjónustu,

   — þess hve flóknir skilmálar eru,

b) alvarleika mögulegra skaðlegra afleiðinga, einkum með tilliti til:

   — undirliggjandi verðmætis fjármálagerningsins eða útgáfu samsettra innstæðna,

   — fjölda viðskiptavina, fjárfesta eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,

   — þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,

— líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæðar mögulegs taps,

— þess hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar myndu vara,

— stærðar útgáfunnar,

— fjölda millilliða sem hlut eiga að máli,

— vaxtar markaðarins eða sölu,

— meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir fyrir í fjármálagerningnum eða samsettu innstæðunni, eða

— þess stigs tryggingaverndar sem skilgreint er í tilskipun 2014/49/ESB fyrir samsettar innstæður,

c) tegund viðskiptavina sem taka koma að viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, eða sem viðkomandi fjármálagerningur eða samsettar innstæður eru markaðssettar eða seldar til, einkum með tilliti til:

— þess hvort viðskiptavinurinn er almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili,

— kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum fjármálagerningum eða samsettum innstæðum eða söluaðferðum,

— fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,

— fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,

— þess hvort afurðin eða þjónustan er seld viðskiptavinum utan fyrirhugaðs markhóps eða hvort markhópurinn er ekki nægilega skilgreindur eða

— hæfis til verndar innstæðutryggingakerfis, sé um að ræða samsettar innstæður,

d) það hve gagnsær viðkomandi fjármálagerningur eða samsettar innstæður eða tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði eru, einkum með tilliti til:

— tegundar og gagnsæis undirliggjandi þáttarins,

— falins kostnaðar og gjalda,

— notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði viðkomandi afurðar, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði,

— eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,

— notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem eru misvísandi með því að gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en raunverulega eru möguleg eða líkleg, eða gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi, eða

— sé um að ræða samsettar innstæður, hvort upplýst er hvaða innlánsstofnanir gætu borið ábyrgð á innstæðu viðskiptavinarins,

e) tiltekna eiginleika eða þætti viðkomandi fjármálagernings, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði, þ.m.t. hvers konar innbyggðra skuldsetningu (e. *embedded leverage*), einkum með tilliti til:

— skuldsetningar sem felst í afurðinni,

— skuldsetningar vegna fjármögnunar,

— eiginleika fjármögnunarviðskipta með verðbréfum (e. *securities financing transactions*) eða

— þess að verðmæti undirliggjandi þáttar sé ekki lengur tiltækt eða áreiðanlegt,

f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættunnar á tapi í tengslum við viðkomandi fjármálagerning, samsetta innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

— samsetningarkostnaðar (e. *structuring costs*) slíks fjármálagernings, samsettrar innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði og annars kostnaðar,

— misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandi ber eða

— áhættu-/ávöxtunarmyndar,

g) það hve kostnaðarsamt og auðvelt er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi fjármálagerning eða skipta yfir í annan fjármálagerning, eða losa sig út úr samsettri innstæðu, einkum með tilliti til eftirfarandi atriða, eftir því hvort afurðin er fjármálagerningur eða samsett innstæða:

   — verðbils kaup- og sölutilboða,

   — tíðni viðskiptamöguleika,

   — stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,

   — þess hvort viðskiptavakar (e. *liquidity providers*) eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,

   — eiginleika viðskiptakerfisins eða

   — annarra útgönguhindrana eða þess að snemmbær úttekt sé ekki leyfileg,

h) verðlagningu og tengdan kostnað við viðkomandi samsetta innstæðu, fjármálagerning, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

   — notkunar falinna eða aukalegra gjalda eða

   — gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,

i) það hve mikið nýnæmi felst í viðkomandi fjármálagerningi, samsettri innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði, einkum með tilliti til:

   — þess hve mikið nýnæmi felst í uppbyggingu viðkomandi fjármálagernings, samsettrar innstæðu, fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði, þ.m.t. innbyggingar (e. *embedding*) og virkjunar (e. *triggering*),

   — þess hve mikið nýnæmi felst í dreifingarlíkani eða lengd milligöngukeðjunnar,

   — þess hve útbreitt nýnæmið er, þ.m.t. hvort viðkomandi fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði er nýnæmi fyrir tiltekna flokka viðskiptavina,

   — nýnæmis sem felur í sér skuldsetningu,

   — skorts á gagnsæi undirliggjandi þáttar eða

   — fyrri reynslu af markaðnum með svipaða fjármálagerninga, samsettar innstæður eða söluaðferðir,

j) söluaðferðir í tengslum við fjármálagerninginn eða samsettu innstæðuna, einkum með tilliti til:

   — samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,

   — upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,

   — fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar eða

   — þess hvort ákvörðun um að kaupa sé önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

k) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda fjármálagernings eða samsettrar innstæðu, einkum með tilliti til:

   — fjárhagsstöðu útgefanda eða ábyrgðaraðila eða

   — gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða ábyrgðaraðila,

l) það hvort upplýsingar sem annaðhvort framleiðandi eða dreifingaraðilar veita um fjármálagerninginn eða samsettu innstæðuna til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar fjármálagerningsins eða samsettu innstæðunnar, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,

m) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér mikla áhættu fyrir árangur viðskipta sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,

n) það hvort fjármálastarfsemin eða framkvæmdin dregur verulega úr heilbrigði verðmyndunarferlisins á viðkomandi markaði, þannig að verð eða virði viðkomandi fjármálagernings eða samsettrar innstæðu lúti ekki lengur eðlilegum markaðslögmálum framboðs og eftirspurnar eða markaðsaðilar geti ekki lengur reitt sig á verð sem myndast á þeim markaði eða á magn viðskipta sem grundvöll fyrir fjárfestingarákvarðanir sínar,

o) það hvort fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd myndi gera hagkerfi landsins viðkvæmt fyrir áhættu,

p) það hvort eiginleikar fjármálagernings eða samsettrar innstæðu gera þá afurð sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun fjármálagerningsins eða samsettu innstæðunnar til:

— svika eða óheiðarlegs athæfis,

— misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,

— meðhöndlunar á ávinningi afbrots,

— fjármögnunar hryðjuverka eða

— þess að auðvelda peningaþvætti,

q) það hvort viðkomandi fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér sérstaklega mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviða þeirra,

r) það hvort fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði gæti leitt til verulegs og óeðlilegs misræmis milli verðs afleiðu og verðs á undirliggjandi markaðnum,

s) það hvort viðkomandi, fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi aðildarríkis viðkomandi lögbærs yfirvalds, einkum með tilliti til áhættuvarnaraðferða sem fjármálastofnanir beita í tengslum við útgáfu samsettu innstæðunnar, þ.m.t. á röngu verðmati á tryggingu höfuðstóls á lokagjalddaga eða orðsporsáhættu sem viðkomandi samsett innstæða eða framkvæmd eða starfsemi veldur fjármálastofnununum,

t) mikilvægi dreifingar fjármálagerningsins eða samsettu innstæðunnar sem fjármögnunarleiðar fyrir útgefandann eða fjármálastofnanirnar,

u) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði felur í sér sérstaka áhættu fyrir markaðinn eða innviði greiðslukerfa, þ.m.t. viðskipta-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi, eða

v) það hvort viðkomandi fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði myndi grafa undan tiltrú fjárfesta á fjármálakerfinu.

2. ÞÁTTUR

Stöðustjórnunarvald

22. gr.

Stöðustjórnunarvald Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

(Ákvæði 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar a-lið 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2004 skulu viðmiðin og þættirnir til ákvörðunar á því hvort um er að ræða ógn við eðlilega virkni og heilbrigði fjármálamarkaða, þ.m.t. markaða með hrávöruafleiður í samræmi við þau markmið sem talin eru upp í 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og í tengslum við fyrirkomulag afhendingar á efnislegum hrávörum, eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins, vera eftirfarandi:

a) hvort fyrir hendi eru alvarleg fjárhagsleg, peningaleg eða fjárlagatengd vandamál sem geta leitt til fjárhagslegs óstöðugleika aðildarríkis eða fjármálastofnunar sem telst mikilvæg fyrir alþjóðafjármálakerfið, þ.m.t. lánastofnana, vátryggingafélaga, aðila sem starfrækja innviði markaða og eignastýringarfélaga sem starfa innan Sambandsins, að því tilskildu að þessi vandamál gætu ógnað eðlilegri virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða stöðugleika fjármálakerfisins í Sambandinu,

b) breyting á einkunn eða vanskil aðildarríkis eða lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar sem talin er mikilvæg fyrir alþjóðafjármálakerfið, s.s. vátryggingafélaga, aðila sem starfrækja innviði markaða og eignastýringarfélaga sem starfa innan Sambandsins, sem valda eða sem eðlilegt er að telja að valdi verulegri óvissu um gjaldþol slíks aðila,

c) verulegur söluþrýstingur eða óvenjulegt flökt sem veldur umtalsverðri spíralmyndun niður á við fyrir hvers kyns fjármálagerning í tengslum við lánastofnun eða aðrar fjármálastofnanir sem teljast mikilvægar fyrir alþjóðafjármálakerfið, s.s. vátryggingafélög, aðila sem starfrækja innviði markaða og eignastýringarfélög sem starfa innan Sambandsins og ríkisútgefendur,

d) hvers konar tjón á efnislegum innviðum mikilvægra útgefanda á fjármálamarkaði, markaða, stöðustofnunar- og uppgjörskerfa eða lögbærra yfirvalda sem getur haft neikvæð og veruleg áhrif á markaði, einkum ef slíkt tjón hlýst af náttúruhamförum eða hryðjuverkaárás,

e) röskun á greiðslukerfi eða uppgjörsferli, einkum ef það tengist millibankaaðgerðum, sem veldur eða getur valdið verulegu greiðslufalli eða misbresti á uppgjöri eða töfum innan greiðslukerfa Sambandsins, sérstaklega ef það getur leitt til útbreiðslu á fjárhags- eða efnahagslegu álagi hjá lánastofnun eða öðrum fjármálastofnunum sem teljast mikilvægar fyrir alþjóðafjármálakerfið, s.s. vátryggingafélögum, aðilum sem starfrækja innviði markaða og eignastýringarfélögum eða hjá aðildarríki,

f) veruleg og skyndileg minnkun á framboði hrávöru eða aukin eftirspurn eftir hrávöru sem raskar jafnvægi framboðs og eftirspurnar,

g) veruleg stöðutaka eins einstaklings, eða nokkurra einstaklinga í samstarfi, í tiltekinni hrávöru á einum eða fleiri viðskiptavettvöngum, gegnum einn eða fleiri aðila að markaðnum,

h) vangeta viðskiptavettvangs til að nýta stöðustjórnunarvald sitt vegna atburðar sem hefur áhrif á rekstrarsamfellu.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu viðmiðin og þættirnir til ákvörðunar á viðeigandi lækkun stöðu eða minnkun áhættu vera eftirfarandi:

a) eðli stöðutakans, þ.m.t. framleiðandi, neytandi eða fjármálastofnun,

b) lokadagur fjármálagerningsins,

c) stærð stöðu miðað við stærð viðkomandi markaðar með hrávöruafleiður,

d) stærð stöðu miðað við stærð markaðar undirliggjandi hrávöru,

e) hvort staðan er skort- eða gnóttstaða og deltastuðull eða bil deltastuðla,

f) tilgangur stöðunnar, einkum hvort hún er til áhættuvarnar eða fjárhagslegrar áhættuskuldbindingar,

g) reynsla stöðutaka af því að eiga stöður af ákveðinni stærð eða af því að afhenda eða taka á móti ákveðinni hrávöru,

h) aðrar stöður viðkomandi einstaklings á undirliggjandi markaði eða með öðrum lokadögum sömu afleiðu,

i) seljanleiki á markaðnum og áhrif ráðstöfunarinnar á aðra markaðsaðila,

j) afhendingaraðferð.

3. Að því er varðar b-lið 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu viðmiðin um þær aðstæður þar sem upp getur komið hætta á eftirlitshögnun vera eftirfarandi:

a) hvort viðskipti eru með sama samninginn á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs (OTC),

b) hvort samningur sem er í stórum dráttum sambærilegur gengur kaupum og sölum á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs (svipaður og innbyrðis tengdur en telst ekki hluti af sömu jafngengu (e. *fungible*) opnu stöðunni),

c) áhrif ákvörðunarinnar á markað undirliggjandi hrávöru,

d) áhrif ákvörðunarinnar á markaði og þátttakendur sem lúta ekki stöðustjórnunarvaldi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlits-stofnunarinnar, og

e) líkleg áhrif á eðlilega virkni og heilbrigði markaðanna ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur ekki til aðgerða.

4. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr.600/2014 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beita þeim viðmiðum og þáttum sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, að teknu tilliti til þess hvort fyrirhuguð ráðstöfun er viðbragð við athafnaleysi lögbærs yfirvalds eða viðbótaráhættu sem lögbæra yfirvaldinu er ókleift að taka á með fullnægjandi hætti skv. j-lið eða o-lið 2. mgr. 69. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Að því er varðar fyrstu undirgrein telst það athafnaleysi lögbærs yfirvalds ef það hefur nægar eftirlitsheimildir, á grundvelli þeirra valdheimilda sem því eru veittar, til að taka fyllilega á ógninni á þeim tíma sem atburðurinn á sér stað án aðstoðar annarra lögbærra yfirvalda, en grípur ekki til slíkrar ráðstöfunar.

Telja skal að lögbæru yfirvaldi sé ókleift taka á ógn með fullnægjandi hætti ef einn eða fleiri þeirra þátta sem um getur í a-lið 10. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 eru til staðar í lögsögu lögbæra yfirvaldsins og í einni eða fleiri lögsögum til viðbótar.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skulu lögbær yfirvöld, frá gildistökudegi þessarar reglugerðar til dagsins sem hún kemur til framkvæmda, meta seljanleika og birta opinberlega niðurstöðu þessa mats um leið og því lýkur í samræmi við eftirfarandi tímaramma:

a) ef daginn sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum í fyrsta sinn á viðskiptavettvangi í Sambandinu ber upp a.m.k. 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu lögbær yfirvöld birta niðurstöðu matsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda,

b) ef dagurinn sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum í fyrsta sinn á viðskiptavettvangi í Sambandinu fellur innan þess tímabils sem hefst 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og lýkur daginn áður en reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu lögbær yfirvöld birta niðurstöðu matsins eigi síðar en á þeim degi sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda.

2. Matið sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmt eins og hér segir:

a) ef daginn sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum í fyrsta sinn á viðskiptavettvangi í Sambandinu ber upp a.m.k. sextán vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skal matið byggjast á fyrirliggjandi gögnum um fjörutíu vikna viðmiðunartímabil sem hefst fimmtíu og tveimur vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda,

b) ef dagurinn sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum í fyrsta skipti á viðskiptavettvangi í Sambandinu fellur innan þess tímabils sem hefst sextán vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og lýkur 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skal matið byggjast á fyrirliggjandi gögnum um fyrstu fjórar vikur viðskipta með fjármálagerninginn,

c) ef dagurinn sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum í fyrsta skipti á viðskiptavettvangi í Sambandinu fellur innan þess tímabils sem hefst 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og lýkur daginn áður en reglugerð (ESB) 600/2014 kemur til framkvæmda skal matið byggjast á viðskiptasögu fjármálagerninganna eða annarra fjármálagerninga sem teljast hafa svipaða eiginleika og þeir fjármálagerningar.

3. Lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu nota þær upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 fram til 1. apríl árið eftir daginn sem sú reglugerð kemur til framkvæmda.

4. Á tímabilinu sem um getur í 3. mgr. skulu lögbær yfirvöld tryggja eftirfarandi að því er varðar þá fjármálagerninga sem um getur í b- og c-lið 2. mgr.:

a) að upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. eigi enn við að því er varðar b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

b) að upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. séu uppfærðar á grundvelli lengra viðskiptatímabils og yfirgripsmeiri viðskiptasögu, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Ákvæði 23. gr. gilda þó frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Gögn sem veita skal til að ákvarða virkan markað með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði og skírteini

Tafla 1

Táknatafla

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Upp að n alstöfum	Frjáls textareitur.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 6166
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni, eins og það er skilgreint í ISO 10383
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar ættu að vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir þar af geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „–“ (mínus), — gildi eru námunduð en ekki stýfð.

Tafla 2

Upplýsingar í gögnum sem skal veita til að ákvarða virkan markað með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði og skírteini

#	Reitur	Upplýsingar sem skal veita	Snið og staðlar upplýsingagjafar
1	Auðkenniskóði gernings	Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn	{ISIN}
2	Fullt nafn gernings	Fullt nafn fjármálagerningsins	{ALPHANUM-350}
3	Viðskiptavettvangur	Markaðsauðkenniskóði markaðssviðs (e. *segment MIC*) fyrir viðskiptavettvanginn, ef tiltækur er, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila (e. *operating MIC*).	{MIC}
4	MiFIR-auðkenni	Auðkenni hlutabréfagerninga **Hlutabréf** eins og um getur í a-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, **Heimildarskírteini** eins og þau eru skilgreind í 45. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, **Kauphallarsjóður** eins og hann er skilgreindur í 46. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, **Skírteini** eins og þau eru skilgreind í 27. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,	Hlutabréfagerningar: „SHRS“ = hlutabréf „ETFS“ = kauphallarsjóðir „DPRS“ = heimildarskírteini „CRFT“ = skírteini

#	Reitur	Upplýsingar sem skal veita	Snið og staðlar upplýsingagjafar
5	Skýrslugjafardagur	Dagur sem veitt gögn taka til Veita skal gögn um a.m.k. eftirfarandi daga: — tilfelli 1: daginn sem svarar til deginum sem fjármálagerningarnir eru teknir til viðskipta eða fyrsta viðskiptadeginum sbr. a-lið 3. mgr. 5. gr., — tilfelli 2: síðasta daginn á því 4 vikna tímabili sem hefst á deginum sem fjármálagerningarnir eru teknir til viðskipta eða fyrsta viðskiptadeginum sbr. i-lið b-liðar 3. mgr. 5. gr., — tilfelli 3: síðasta viðskiptadag hvers almanaksárs sbr. ii-lið b-liðar 3. mgr. 5. gr., — tilfelli 4: daginn sem fyrirtækjaaðgerð kemur til framkvæmda sbr. iii-lið b-liðar 3. mgr. 5. gr. Fyrir tilfelli 1 skal gefa upp áætlaðar tölur fyrir reiti 6–12, eftir því sem við á.	{DATEFORMAT}
6	Fjöldi útistandandi gerninga	*Fyrir hlutabréf og heimildarskírteini* Heildarfjöldi útistandandi gerninga. *Fyrir kauphallarsjóði* Fjöldi hlutdeildarskírteina sem gefin eru út til viðskipta.	{DECIMAL-18/5}
7	Eignarhlutdeildir umfram 5% af heildaratkvæðamagni	*Aðeins fyrir hlutabréf* Heildarfjöldi hlutabréfa sem fela í sér eignarhlutdeildir umfram 5% af heildaratkvæðamagni útgefanda, nema slík eignarhlutdeild sé í höndum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða lífeyrissjóðs. Þennan reit skal aðeins fylla út ef raunupplýsingar liggja fyrir.	{DECIMAL-18/5}
8	Verð gernings	*Aðeins fyrir hlutabréf og heimildarskírteini* Verð gernings í lok skýrslugjafardags. Verðið skal gefa upp í evrum.	{DECIMAL-18/13}
9	Útgáfustærð	*Aðeins fyrir skírteini* Útgáfustærð skírteinisins gefin upp í evrum	{DECIMAL-18/5}
10	Fjöldi viðskiptadaga á tímabilinu	Heildarfjöldi viðskiptadaga sem gögn eru veitt um	{DECIMAL-18/5}
11	Heildarvelta	Heildarvelta á tímabilinu	{DECIMAL-18/5}
12	Heildarfjöldi viðskipta	Heildarfjöldi viðskipta á tímabilinu	{DECIMAL-18/5}

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/979 **2020/EES/20/06**

frá 14. mars 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2017/1129/ESB frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB ([1]), einkum 7. gr. (13. mgr.), 21. gr. (12. mgr.), 21. gr.(13. mgr.), 22. gr. (9. mgr.), 23. gr. (7. mgr.) og 25. gr. (7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar ættu að sýna helstu fjárhagsstærðir sem veita fjárfestum stutt yfirlit yfir fjármuni útgefanda, skuldir og arðsemi, sem og allar aðrar helstu fjárhagsupplýsingar sem skipta fjárfesta máli við bráðabirgðamat á fjárhagslegri afkomu og fjárhagsstöðu útgefandans. Til að tryggja að þessar upplýsingar séu gagnorðar og viðeigandi er því nauðsynlegt að tilgreina takmarkaðan fjölda birtra upplýsinga, skilgreina form þeirra og stilla af fjárhagsupplýsingarnar með hliðsjón af mismunandi tegundum útgefenda og verðbréfa.

2) Til að komast hjá því að villa um fyrir fjárfestum ættu útgefendur að hafa rétt á að bæta við tilgreindum viðbótarupplýsingum, þ.m.t. öðrum árangursmælingum, ef þeir telja að upplýsingagjöfin sem farið er fram á gefi ekki skýra mynd af afkomu þeirra og fjárhagsstöðu. Til að tryggja að fjárfestar leggi fyrst og fremst áherslu á tölurnar úr reikningsskilunum ætti þó ekki að gera öðrum árangursmælingum hærra undir höfði í lýsingunni en tölunum sem eru fengnar úr sögulegum fjárhagsupplýsingum.

3) Til að draga úr kostnaði útgefenda vegna reglufylgni og stjórnsýslubyrði þeirra ættu helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingarinnar, þ.m.t. viðbótar sérlínur og aðrar árangursmælingar, að endurtaka upplýsingar sem eru í meginmáli lýsingarinnar.

4) Rétt þykir að helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingarinnar séu lagaðar að atvinnustarfsemi útgefandans, atvinnugrein hans, helstu sérlínum í reikningsskilum hans og tegund verðbréfa sem gefin eru út eða boðin eru. Þó er ekki hægt að sjá öllum tegundum útgefenda fyrir sérstökum sniðmátum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 73, 12.9.2019, bls. 3.

([1]) Stjtíð. ESB L 168, 30.6. 2017, bls. 12.

5) Til að komast hjá því að villa um fyrir fjárfestum og tryggja samræmi við upplýsingarnar í lýsingunni, séu sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni endurgerðar vegna verulegrar skekkju í reikningsskilum eða breytinga á reikningsskilastöðlum, ættu helstu fjárhagsupplýsingarnar í samantekt lýsingarinnar að endurspegla þessar endurgerðu, sögulegu fjárhagsupplýsingar.

6) Ef útgefandi á að baki margþættan fjármálaferil ætti hann, eftir því sem við á, að leggja fram bæði fjárhagsupplýsingar sínar og fjárhagsupplýsingar sem eiga við um annan aðila, eða aðra aðila, í sérstökum kafla í samantekt lýsingarinnar.

7) Fjárfestar hafa þörf fyrir skýrleika um hvaða upplýsingar mynda hluta lýsingarinnar og að hverjum almenn útboð verðbréfa beinast. Af þessum sökum ætti lýsingin, innihaldi hún tengla, að upplýsa fjárfesta um að upplýsingarnar á tengdum vefsetrum, að undanskildum upplýsingum sem eru felldar inn með tilvísun, séu ekki hluti af lýsingunni og að lögbært yfirvald hafi hvorki athugað þær gaumgæfilega né staðfest. Ennfremur ætti að grípa til ráðstafana til að hindra að vefsetur sem notuð eru til að birta lýsinguna leitist ekki við að ná til íbúa í aðildarríkjum eða þriðju löndum þar sem almennt útboð verðbréfanna fer ekki fram, t.d. með því að hafa yfirlýsingu á vefsetrinu þar sem greint er frá viðtakendum útboðsins.

8) Tilkynningar og útgáfa gagna á rafrænu og tölvulesanlegu formi greiðir fyrir skilvirkri notkun og miðlun slíkra gagna. Því ætti að tilgreina skrá yfir gagnareiti sem tilkynna á Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni vegna flokkunar lýsinga og fara ætti fram á notkun sniðmáta á XML formi til að tryggja að slíkir reitir séu tölvulesanlegir. Gagnaskráin ætti að vera nægjanlega yfirgripsmikil til að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin uppfylli umboð sitt skv. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um að birta ársskýrslu með tölfræðilegum upplýsingum um lýsingar sem hafa verið staðfestar og tilkynntar í Sambandinu sem og greiningu á þróun að teknu tilliti til tegunda útgefenda og tegunda útgáfa.

9) Til að komast hjá að villa um fyrir almennum fjárfestum við markaðssetningu á verðbréfum, sem lagt er til að fari í almenn útboð eða verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði, ætti auglýsing ekki að hafa á sér yfirbragð helsta upplýsingaskjalsins. Þess vegna, og til að vera ekki ruglað saman við lýsingu, ættu auglýsingar ekki að vera óhæfilega langar.

10) Auglýsingar varðandi almenn útboð verðbréfa eða töku til viðskipta á skipulegum markaði geta orðið ónákvæmar eða villandi ef í ljós koma mikilvægar, nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í samsvarandi lýsingu. Setja ætti kröfur til að tryggja að auglýsingum sé breytt án ótilhlýðilegrar tafar þegar þær verða ónákvæmar eða villandi vegna slíkra nýrra upplýsinga, veigamikilla mistaka eða ónákvæmni.

11) Til að gera fjárfestum kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir ætti ekki að setja auglýsingar fram á hlutdrægan hátt, til dæmis með því að leggja minni áherslu á neikvæða þætti slíkra upplýsinga en hina jákvæðu.

12) Þar sem aðrar árangursmælingar geta haft óhófleg áhrif á fjárfestingarákvarðanir ætti ekki að heimila að upplýsingar um almenn útboð eða töku til viðskipta á skipulegum markaði, sem birtar eru annarsstaðar en í lýsingunni, innihaldi slíkar ráðstafanir nema þær séu í meginmáli lýsingarinnar.

13) Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjum athuga lýsingar ekki gaumgæfilega. Til að tryggja að fjárfestar í gistiaðildarríkjum njóti nægjanlegrar verndar þegar lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu leitar eftir aðstoð lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu ætti það því að miðla upplýsingunum sem skipta máli fyrir lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu til að meta hversu vel auglýsingin fer að innihaldi lýsingarinnar. Slík miðlun ætti að fara fram innan viðeigandi tímaramma til að tryggja að fjárfestar í gistiaðildarríkjum gjaldi ekki fyrir að lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu athugi lýsingarnar ekki gaumgæfilega og hafi nægilegan tíma til að greina hið undirliggjandi almenna útboð. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu ætti að fá eins miklar upplýsingar og það þarf til að hafa eftirlit með því að auglýsingastarfsemi í lögsögu þess samræmist reglum.

14) Til að tryggja samræmda beitingu reglugerðar (ESB) 2017/1129 og til að taka til greina tækniþróun á fjármálamörkuðum er nauðsynlegt að tilgreina aðstæður þar sem krafist er birtingar viðauka við lýsinguna. Ekki er mögulegt að tilgreina allar aðstæður þar sem krafist yrði viðauka við lýsinguna þar sem það gæti verið háð hlutaðeigandi útgefanda og verðbréfum. Því þykir rétt að tilgreina lágmarksaðstæðurnar þar sem viðauka er krafist.

15) Árleg endurskoðuð reikningsskil eru mikilvæg fyrir fjárfesta við fjárfestingarákvarðanir. Til að tryggja að fjárfestar byggi fjárfestingarákvarðanir sínar á nýjustu fjárhagsupplýsingum er nauðsynlegt að fara fram á birtingu viðauka sem hefur að geyma ný, árleg, endurskoðuð reikningsskil útgefenda hlutabréfatengdra verðbréfa og útgefenda undirliggjandi hluta ef heimildarskírteini eru birt eftir að lýsingin hefur verið staðfest.

16) Í ljósi þess að afkomuspá eða afkomuáætlun getur haft áhrif á fjárfestingarákvörðun er nauðsynlegt að birta viðauka þar sem fram koma allar breytingar á beinum eða óbeinum tölum sem standa fyrir afkomuspá eða afkomuáætlun eða afturköllun afkomuspár eða afkomuáætlunar sem þegar er að finna í lýsingunni. Ef um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf eða heimildarskírteini er einnig nauðsynlegt, af sömu ástæðu, að setja fram viðauka við lýsinguna ef ný afkomuspá eða afkomuáætlun hefur verið birt fyrir lok útboðstímans eða áður en bréfin eru tekin til viðskipta.

17) Upplýsingar um auðkenni helstu hluthafa eða ráðandi aðila hjá útgefandanum eru nauðsynlegar til að geta metið útgefandann á upplýstan hátt. Breyting á yfirráðum yfir útgefandanum er þó sérstaklega mikilvæg ef útboðið á við um hlutabréfatengd verðbréf en þau eru yfirleitt verðnæmari gagnvart breytingum hjá útgefendum. Því ætti að birta viðauka ef um er að ræða breytingu á yfirráðum yfir útgefanda hlutabréfatengdra verðbréfa eða útgefanda undirliggjandi hluta heimildarskírteina.

18) Nauðsynlegt er að mögulegir fjárfestar sem leggja mat á útboð á hlutabréfatengdum verðbréfum geti borið skilmála þess háttar útboðs saman við verð eða skiptakjör í tengslum við opinbert yfirtökutilboð sem tilkynnt er um á útboðstímanum. Þar að auki er niðurstaða opinbers yfirtökutilboðs mikilvæg við töku fjárfestingarákvörðunar þar sem fjárfestar verða að vita hvort hún feli í sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda eður ei. Því er nauðsynlegt að birta viðauka ef um er að ræða nýtt opinbert yfirtökutilboð.

19) Ef yfirlýsingin um veltufé er ekki lengur gild geta fjárfestar ekki tekið fullupplýsta fjárfestingarákvörðun um fjárhagsstöðu útgefandans. Fjárfestar ættu því að vera í stöðu til að endurmeta fjárfestingarákvarðanir sínar í ljósi nýrra upplýsinga um getu útgefanda til að nálgast handbært fé og annað lausafé til að uppfylla skuldbindingar sínar. Til að þetta sé hægt er viðauki nauðsynlegur.

20) Útgefandi eða tilboðsgjafi getur ákveðið, eftir að lýsingin hefur verið staðfest, að bjóða verðbréfin út í öðrum aðildarríkjum en þeim sem tilgreind eru í lýsingunni, eða sækja um að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum mörkuðum í öðrum aðildarríkjum en þeim sem kveðið er á um í lýsingunni. Upplýsingar um slík útboð og töku til viðskipta þar eru mikilvægar fyrir mat fjárfestis á vissum þáttum verðbréfa útgefandans og því er viðeigandi að fara fram á viðauka í slíkum tilvikum.

21) Fjárhagsstaða eða rekstur einingarinnar verður líklega fyrir áhrifum af umtalsverðri fjárskuldbindingu. Þess vegna ættu fjárfestar að hafa rétt á því að fá viðbótarupplýsingar um afleiðingar slíkrar skuldbindingar í viðauka við lýsinguna.

22) Hækkun á heildarnafnverði útboðsáætlunar veitir upplýsingar um auknar þarfir fjárfestis fyrir fjármögnun eða aukna eftirspurn eftir verðbréfum útgefanda. Í slíku tilviki ætti að birta viðauka við lýsinguna.

23) Viðkomandi lögbær yfirvöld ættu að fá lýsinguna og meðfylgjandi gögn tímanlega gegnum tilkynningagáttina, ásamt staðfestingarvottorði þar sem kemur fram að lýsingin hafi verið samin í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að tryggja að tilkynningagáttin viðhaldi öryggi og heildstæði upplýsinga sem lögbær yfirvöld skiptast á. Lögbær yfirvöld bera áfram ábyrgð á að senda slíkar upplýsingar. Til að tilkynningagáttin starfi snurðulaust og tímanlega er nauðsynlegt að tilgreina hvaða fylgigögnum á að hlaða upp í hana.

24) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]), haft opið samráð við almenning um slík drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur þó ekki haft samráð við þann hóp hagsmunaaðila um drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um tæknilega tilhögun hvað varðar tilkynningagáttina, þar sem þessi tilhögun hefur aðeins áhrif á Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær landsyfirvöld.

25) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

26) Þar sem þessi reglugerð kemur í stað framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 ([3]) og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 ([4]), verða þessar gerðir úreltar og ætti því að fella þær niður.

27) Þar sem þessi reglugerð kemur til viðbótar ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 ætti að fresta framkvæmd hennar þar til daginn sem reglugerð (ESB) 2017/1129 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

HELSTU FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR Í SAMANTEKT LÝSINGAR

1. ÞÁTTUR

Innihald helstu fjárhagsupplýsinga í samantekt lýsingar

1. gr.

Lágmarksefni helstu fjárhagsupplýsinga í samantekt lýsingar

1. Helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar skulu samanstanda af fjárhagsupplýsingunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2019/980 ([5]).

2. Ef upplýsingar sem um getur í viðeigandi töflum sem settar eru fram í I.–VI. viðauka við þessa reglugerð eru ekki í reikningsskilum útgefanda skal hann í staðinn birta samsvarandi liði úr reikningsskilum sínum.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 frá 7. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingu viðbæta við útboðs- og skráningarlýsingu (Stjtíð. ESB L 111, 15.4.2014, bls. 36).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 frá 30. nóvember 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samþykki og birtingu á lýsingunni og um dreifingu auglýsinga og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (Stjtíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 13).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (Stjtíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 26).

3. Útgefandi getur bætt við sérlínum eða öðrum árangursmælingum í samantekt lýsingar ef um er að ræða helstu fjárhagsupplýsingar um útgefanda eða um verðbréf sem boðin eru eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Að því er varðar fyrsta málslið skulu aðrar árangursmælingar vera annað fjárhagslegt mat á sögulegum árangri eða framtíðarárangri, fjárhagsstöðu, eða sjóðstreymi, en fjárhagslegar mælingar sem skilgreindar eru í gildandi lagaramma um reikningsskil.

4. Útgefendur sem falla ekki undir neinar af þeim tegundum útgefenda sem tilgreindar eru í 2.–8. gr. skulu setja fram helstu fjárhagsupplýsingar, sem fram koma í töflunum, sem þeir telja svara best til tegundar útgefinna verðbréfa.

5. Helstu fjárhagsupplýsingarnar skulu settar fram fyrir árafjöldann sem farið er fram á samkvæmt framseldri reglugerð 2019/980, fyrir útgáfutegundina og þá tegund verðbréfa sem gefin eru út.

2. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir aðila sem eru ekki fjármálastofnanir og gefa út hlutabréfatengd verðbréf

Ef útgefandi er aðili sem er ekki fjármálastofnun og gefur út hlutabréfatengd verðbréf skal samantekt lýsingarinnar hafa að geyma helstu fjárhagsupplýsingar sem fram koma í töflunum sem settar eru fram í I. viðauka.

3. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir aðila sem eru ekki fjármálastofnanir og gefa út verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

Ef útgefandi er aðili sem er ekki fjármálastofnun og gefur út verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd skal samantekt lýsingarinnar hafa að geyma helstu fjárhagsupplýsingar sem fram koma í töflum sem settar eru fram í II. viðauka.

4. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir lánastofnanir

Ef útgefandi er lánastofnun skal samantekt lýsingarinnar hafa að geyma helstu fjárhagsupplýsingar sem fram koma í töflum sem settar eru fram í III. viðauka.

5. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir vátryggingafélög

Ef útgefandi er vátryggingafélag skal samantekt lýsingarinnar hafa að geyma helstu fjárhagsupplýsingar sem fram koma í töflum sem settar eru fram í IV. viðauka.

6. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir félög með sérstakan tilgang sem gefa út eignavarin verðbréf

Ef útgefandi er félag með sérstakan tilgang og gefur út eignavarin verðbréf skal samantekt lýsingarinnar hafa að geyma helstu fjárhagsupplýsingar sem fram koma í töflum sem settar eru fram í V. viðauka.

7. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir lokaða sjóði

Ef útgefandi er lokaður sjóður skal samantekt lýsingarinnar hafa að geyma helstu fjárhagsupplýsingar sem fram koma í töflum sem settar eru fram í VI. viðauka.

8. gr.

Helstu fjárhagsupplýsingar ábyrgðarveitenda

Ef verðbréf eru tryggð með ábyrgð skulu helstu fjárhagsupplýsingar um ábyrgðarveitanda settar eins fram og ábyrgðarveitandinn væri útgefandi sömu tegundar verðbréfa og eru andlag ábyrgðarinnar og nota töflurnar sem settar eru fram í I.–VI. viðauka. Ef ábyrgðin er veitt vegna eignavarinna verðbréfa skulu helstu fjárhagsupplýsingar um ábyrgðarveitanda settar fram eins og ábyrgðarveitandinn væri útgefandi undirliggjandi verðbréfa.

2. ÞÁTTUR

Framsetning helstu fjárhagsupplýsinga í samantekt lýsingar

9. gr.

Framsetning helstu fjárhagsupplýsinga í samantekt lýsingar

1. Helstu fjárhagsupplýsingar skulu settar fram á töfluformi í samræmi við töflurnar í I.–VI. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Allar sögulegar fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, sem eru ekki fengnar úr reikningsskilum, skulu auðkenndar sem slíkar.

3. Ef *pro forma* upplýsingar, sem eiga að vera í samantekt lýsingar, hafa áhrif á helstu fjárhagsupplýsingar sem um getur í viðkomandi töflu í I.–VI. viðauka þessarar reglugerðar, skulu þær settar fram í viðbótardálkum í töflunum í I.–VI. viðauka þessarar reglugerðar, eða sem sérstök tafla. Ef nauðsyn krefur til frekari skilnings skulu fylgja *Pro forma* upplýsingunum stuttar útskýringar á tölunum sem settar eru fram í viðbótardálkunum eða hinni sérstöku töflu.

Ef um umtalsverða verga breytingu er að ræða og aðeins eigindlegar upplýsingar eru hafðar með í lýsingu, skal samantekt þeirrar lýsingar hafa að geyma yfirlýsingu þess efnis.

4. Ef útgefandi á margþættan fjármálaferil að baki, eins og sett er fram í 18. gr. framseld reglugerðar 2019/980, skulu helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar settar fram á þann hátt að samræmist lýsingunni og með því að nota viðkomandi töflur í I.–VI. viðauka þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

BIRTING LÝSINGAR

10. gr.

Birting lýsingar

1. Ef lýsing hefur að geyma tengla á vefsetur, hvort sem um eitt eða fleiri skjöl er að ræða, skal hún hafa að geyma yfirlýsingu þess efnis að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti af lýsingunni og að lögbært yfirvald hafi hvorki athugað þær né staðfest. Sú krafa skal ekki gilda um tengla við upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun.

2. Ef lýsing er birt í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal gripið til ráðstafana á vefsetrum sem notuð eru til að birta lýsinguna, til að forðast að hún beinist að íbúum í aðildarríkjum eða þriðju löndum, öðrum en þeim þar sem verðbréfin eru boðin í almennu útboði.

III. KAFLI

TÖLVULESANLEG GÖGN VEGNA FLOKKUNAR Á LÝSINGUM

11. gr.

Gögn vegna flokkunar á lýsingum

Þegar lögbært yfirvald veitir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni rafrænt afrit af staðfestri lýsingu, þ.m.t. alla viðauka við hana og endanlega skilmála eftir atvikum, skal lögbæra yfirvaldið einnig veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðeigandi fylgigögn svo unnt sé að flokka lýsingar í samræmi við töflur sem settar eru fram í VII. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Hagnýtt fyrirkomulag til að tryggja að gögn séu tölvulesanleg

Lögbært yfirvald skal afhenda fylgigögn sem um getur í 11. gr. á almennu XML formi og í samræmi við form og staðla sem settir eru fram í töflunum í VII. viðauka.

IV. KAFLI

AUGLÝSINGAR

13. gr.

AUÐKENNING LÝSINGAR

Ef útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði fellur undir þá skyldu að semja lýsingu skal lýsingin tilgreind með skýrum hætti í auglýsingu með því að:

a) tilgreina með skýrum hætti vefsetrið þar sem lýsingin er birt, eða verður birt, ef auglýsingunni er miðlað skriflega og á annan þann hátt sem ekki er rafrænn,

b) hafa að geyma tengil á lýsinguna og á viðkomandi endanlega skilmála grunnlýsingar ef auglýsingunni er miðlað skriflega á rafrænan hátt, eða með því að láta fylgja tengil á síðu vefsetursins þar sem lýsingin verður birt, ef lýsingin hefur enn ekki verið birt,

c) hafa að geyma nákvæmar upplýsingar um hvar sé hægt að nálgast lýsinguna, og nákvæmar upplýsingar um útboð verðbréfa eða töku til viðskipta á skipulegum markaði sem hún tengist, ef auglýsingunni er miðlað á formi eða með hætti sem fellur ekki undir gildissvið a eða b-liðar.

14. gr.

Áskilið efni

1. Auglýsingar sem miðlað er til mögulegra almennra fjárfesta skulu hafa að geyma eftirfarandi þætti:

a) orðið „auglýsing“ á áberandi hátt. Ef auglýsingunni er miðlað munnlega skal tilgangur miðlunarinnar tilgreindur með skýrum hætti í upphafi hennar,

b) yfirlýsingu um að ekki beri að skilja staðfestingu lýsingarinnar sem stuðning við verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði ef auglýsingin inniheldur tilvísun í lýsingu sem lögbært yfirvald hefur staðfest,

c) ráðleggingu til mögulegra fjárfesta um að þeir lesi lýsinguna áður en þeir taka fjárfestingarákvörðun, til að skilja til fulls mögulega áhættu og ávinning sem tengist ákvörðuninni um að fjárfesta í verðbréfunum, ef auglýsingin inniheldur tilvísun í lýsingu sem lögbært yfirvald hefur staðfest,

d) viðvörun um skilning eins og farið er fram á skv. b-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ([6]), ef:

   i. auglýsingin tengist flóknum verðbréfum öðrum en þeim fjármálagerningum sem vísað er til í i., ii. og vi. lið a-liðar 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([7]) og,

   ii. viðvörunin um skilning er, eða verður, í samantekt lýsingarinnar.

2. Skriflegar auglýsingar, sem er miðlað til mögulegra almennra fjárfesta, skulu vera nægjanlega ólíkar lýsingunni í formi og lengd til að fyrirbyggja allan rugling við lýsinguna.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

15. gr.

Dreifing auglýsinga

1. Auglýsingum sem dreift er til mögulegra fjárfesta skal breytt ef:

a) viðauki við lýsinguna er birtur síðar í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

b) hinar mikilvægu nýju upplýsingar, veigamiklu mistök eða ónákvæmni, sem getið er um í viðaukanum, gerir auglýsinguna sem áður var dreift verulega ónákvæma eða villandi.

Fyrsta undirgrein skal ekki gilda eftir að almennu útboði lýkur eða eftir að viðskipti hefjast á skipulegum markaði, hvort sem gerist síðar.

2. Auglýsingum sem breytt er eins og um getur í 1. mgr. skal miðlað til mögulegra fjárfesta án ástæðulausrar tafar eftir birtingu viðaukans við lýsinguna, og skulu hafa að geyma allt eftirfarandi:

a) skýra tilvísun í hina ónákvæmu eða villandi útgáfu auglýsingarinnar,

b) útskýringu á að auglýsingunni hafi verið breytt þar sem hún innihélt verulega ónákvæmar eða villandi upplýsingar,

c) skýra lýsingu á hver munurinn er á þessum tveimur útgáfum auglýsingarinnar.

3. Að undanskildum munnlegum auglýsingum skal dreifa auglýsingum, sem breytt er skv. 1. mgr., eftir a.m.k. sömu leiðum og fyrri auglýsingunni.

16. gr.

Upplýsingar um útboð verðbréfa

1. Upplýsingar sem veittar eru munnlega eða skriflega um almenn útboð verðbréfa eða töku til viðskipta á skipulegum markaði, hvort sem það er í formi auglýsingar eða í öðrum tilgangi, skulu ekki:

a) vera í mótsögn við upplýsingar í lýsingu,

b) vísa til upplýsinga sem eru í mótsögn við upplýsingar í lýsingu,

c) setja upplýsingar í lýsingu fram á efnislega hlutdrægan hátt, þ.m.t. með því að setja ekki neikvæða þætti slíkra upplýsinga fram á eins áberandi hátt og jákvæðu þættina, sleppa vissum upplýsingum eða velja úr tilteknar upplýsingar til að birta,

d) hafa að geyma aðrar afkomumælingar, nema þær sé að finna í lýsingu.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu upplýsingar í lýsingu annaðhvort samanstanda af upplýsingum sem eru í lýsingunni, hafi hún þegar verið birt, eða upplýsingum sem verða í lýsingunni, verði hún birt síðar.

3. Að því er varðar d-lið 1. mgr. skulu aðrar árangursmælingar samanstanda af fjárhagslegu mati á sögulegum árangri eða framtíðarárangri, fjárhagsstöðu eða sjóðstreymi, öðru en fjárhagslegum mælingum sem skilgreindar eru í gildandi lagaramma um reikningsskil.

17. gr.

Tilhögun samstarfs milli lögbærra yfirvalda

1. Telji lögbært yfirvald aðildarríkis, þar sem auglýsingu er dreift, að efni auglýsingarinnar sé ekki í samræmi við upplýsingar í lýsingu getur það farið fram á aðstoð lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu. Ef þess er óskað skal lögbært yfirvald, þar sem auglýsingu er dreift, koma eftirfarandi á framfæri við lögbært yfirvald heimaaðildarríkis:

a) ástæðum þess af hverju efni auglýsingarinnar er í ósamræmi við upplýsingar í lýsingu,

b) viðkomandi auglýsingu og, ef nauðsyn krefur, þýðingu hennar á tungumáli lýsingarinnar eða því tungumáli sem er venjulega notað í alþjóðafjármálageiranum.

2. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, eins fljótt og hægt er, senda hinu lögbæra yfirvaldi þar sem auglýsingunni er dreift niðurstöður mats síns á því hvort auglýsingin sé í samræmi við upplýsingarnar í lýsingunni.

V. KAFLI

VIÐAUKAR VIÐ LÝSINGU

18. gr.

Birting viðauka við lýsingu

1. Birta skal viðauka við lýsingu ef:

a) einhver eftirfarandi aðili birtir ný, árleg, endurskoðuð reikningsskil:

   i. útgefandi ef lýsing varðar hlutabréfatengd verðbréf,

   ii. útgefandi undirliggjandi hlutabréfa eða annarra framseljanlegra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum ef um er að ræða verðbréf sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) eða 20. gr. (2. mgr.) í framseldri reglugerð 2019/980,

   iii. útgefanda undirliggjandi hluta heimildarskírteina sem um getur 6. og 14. gr. framseldrar reglugerðar 2019/980,

b) útgefandi hefur birt afkomuspá eða afkomuáætlun eftir að lýsing hefur verið staðfest, þar sem áskilið er að afkomuspá eða afkomuáætlun sé í lýsingu samkvæmt framseldri reglugerð 2019/980,

c) breyting eða afturköllun á afkomuspá eða afkomuáætlun er í lýsingu,

d) breyting á yfirráðum á sér stað að því er varðar einhvern eftirfarandi aðila:

   i. útgefanda ef lýsing varðar hlutabréfatengd verðbréf,

   ii. útgefanda undirliggjandi hluta eða annarra framseljanlegra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum ef lýsing tengist verðbréfum sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) eða 20. gr. (2. mgr.) í framseldri reglugerð 2019/980,

   iii. útgefanda undirliggjandi hluta heimildarskírteina sem um getur 6. og 14. gr. framseldrar reglugerðar 2019/980,

e) þriðju aðilar setja fram nýtt yfirtökutilboð, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB ([8]), eða niðurstaða yfirtökutilboðs verður aðgengilegt að því er varðar einhverja af eftirfarandi tegundum verðbréfa:

i. hlutabréf í útgefanda ef lýsing varðar hlutabréfatengd verðbréf,

ii. hlutabréf í útgefanda undirliggjandi hluta eða annarra framseljanlegra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum ef lýsing varðar verðbréf sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) eða 20. gr. (2. mgr.) í framseldri reglugerð 2019/980,

iii. hlutabréf í útgefanda undirliggjandi hluta heimildarskírteina ef lýsing er samin í samræmi við 6. og 14. gr. framseldrar reglugerðar 2019/980,

f) yfirlýsingin um veltufé í lýsingu verður fullnægjandi eða ófullnægjandi til að mæta núverandi þörfum útgefanda, með tilliti til:

i. hlutabréfatengdra verðbréfa,

ii. verðbréfa sem eru breytanleg eða skiptanleg eins og um getur í 2. og 3. mgr. 19. gr. framseldrar reglugerðar 2019/980,

iii. heimildarskírteina sem gefin eru út vegna hlutabréfa eins og um getur í 6. og 14. gr. framseldrar reglugerðar 2019/980,

g) útgefandi sækir um töku til viðskipta á a.m.k. einum skipulegum markaði til viðbótar í a.m.k. einu aðildarríki til viðbótar eða fyrirhugar almennt útboð á verðbréfum í a.m.k. einu aðildarríki til viðbótar sem ekki er getið um í lýsingu,

h) líklegt er að ný, umtalsverð fjárskuldbinding leiði til umtalsverðrar vergrar breytingar í skilningi e-liðar 1. gr. framseldrar reglugerðar 2019/980, ef um er að ræða lýsingu varðandi hlutabréfatengd verðbréf eða önnur verðbréf sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) eða 20. gr. (2. mgr.) þeirrar framseldu reglugerðar,

i) heildarnafnverð útboðsáætlunar hefur hækkað.

VI. KAFLI

TÆKNILEGAR RÁÐSTAFANIR FYRIR STARFSEMI TILKYNNINGAGÁTTAR

19. gr.

Upphal skjala og fylgigagna

Lögbært yfirvald skal tryggja, þegar það upphalar skjölum í tilkynningagáttina sem um getur í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, að þessi skjöl séu á leitarbæru, rafrænu formi sem ekki er hægt að breyta og að þeim fylgi þær upplýsingar um þessi skjöl sem tilgreindar eru í töflunum í VII. viðauka við þessa reglugerð á almennu XML formi.

20. gr.

Vinnsla og tilkynning skjala og fylgigagna

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að tilkynningagáttin vinni sjálfvirkt úr og kanni öll upphöluð skjöl og fylgigögn og tilkynni hinu lögbæra yfirvaldi, sem sér um upphalið, hvort upphalið hafi tekist og hvort einhverjar villur hafi verið í því.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að tilkynningagáttin sendi tilkynningar um upphöluð skjöl og fylgigögn til viðkomandi lögbærra yfirvalda.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12-23).

21. gr.

Niðurhal skjala og fylgigagna

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að öll upphöluð skjöl og fylgigögn séu aðgengileg viðkomandi lögbærum yfirvöldum í tilkynningagáttinni.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

22. gr.

Niðurfelling

Framseld reglugerð (ESB) nr. 382/2014 er felld úr gildi.

Framseld reglugerð (ESB) 2016/301 er felld úr gildi.

23. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

AÐILAR SEM ERU EKKI FJÁRMÁLASTOFNANIR (HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF)

— Færsla sem er merkt með „*“ vísar til skyldubundinna upplýsinga eða hliðstæðra upplýsinga ef útgefandinn notar ekki alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útgefandi getur notað frábrugðinn titil til að setja fram efnislega sömu upplýsingar og settar eru fram í töflunni, ef sá titill er notaður í reikningsskilum hans.

— Færsla sem er merkt með „#“ merkir að ef þessar upplýsingar birtast annars staðar í lýsingunni eru þær skyldubundnar.

— Færsla sem er merkt með „~“ í tengslum við lokaða sjóði vísar til fjárfestinga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á sömu dagsetningu og innra virði (NAV).

Tafla 1

Rekstrarreikningur fyrir aðila sem eru ekki fjármálastofnanir (hlutabréfatengd verðbréf)

	Ár	Ár -1	Ár -2	Árshluti	Samanburðarárshluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Heildartekjur					
*Rekstrarhagnaður/rekstrartap eða annað svipað mat á rekstrarárangri sem útgefandinn notar í reikningsskilum					
*Hreinn rekstrarhagnaður eða tap (þegar um er að ræða samstæðureikningsskil, hreinan hagnað eða tap sem rekja má til eigenda eigin fjár móðurfélagsins)					
#Árleg tekjuaukning					
#Rekstrarhagnaðarhlutfall					
#Hreint hagnaðarhlutfall					
#Hagnaður á hlut					

Tafla 2

Efnahagsreikningur fyrir aðila sem eru ekki fjármálastofnanir (hlutabréfatengd verðbréf)

	Ár	Ár -1	Ár -2	Árshluti
*Heildareignir				
*Eigið fé alls				
#Hrein skuld (langtímaskuld auk skammtímaskuldar að frádregnu reiðufé)				

Tafla 3

Sjóðstreymisyfirlit fyrir aðila sem eru ekki fjármálastofnanir (hlutabréfatengd verðbréf)

	Ár	Ár -1	Árshluti	Samanburðarárshluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Viðeigandi hreint sjóðstreymi frá rekstri og/eða sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum og/eða reiðufé frá fjármögnunarhreyfingum				

II. VIÐAUKI

AÐILAR SEM ERU EKKI FJÁRMÁLASTOFNANIR (VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD)

— Færsla sem er merkt með „*“ vísar til skyldubundinna upplýsinga eða hliðstæðra upplýsinga ef útgefandinn notar ekki alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útgefandi getur notað frábrugðinn titil til að setja fram efnislega sömu upplýsingar og settar eru fram í töflunni, ef sá titill er notaður í reikningsskilum hans.

— Færsla sem er merkt með „#“ merkir að ef þessar upplýsingar birtast annars staðar í lýsingunni eru þær skyldubundnar.

— Færsla sem er merkt með „~“ í tengslum við lokaða sjóði vísar til fjárfestinga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á sömu dagsetningu og innra virði (NAV).

Tafla 1

Rekstrarreikningur fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

	Ár	Ár -1	Árshluti	Samanburðarárs-hluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Rekstrarhagnaður/rekstrartap eða annað svipað mat á rekstrarárangri sem útgefandinn notar í reikningsskilum				

Tafla 2

Efnahagsreikningur fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

	Ár	Ár -1	Árshluti
*Hrein skuld (langtímaskuld auk skammtímaskuldar að frá-dregnu reiðufé)			
#Veltufjárhlutfall (veltufjármunir/skammtímaskuldir)			
#Hlutfall skulda og eigin fjár (heildarskuldir/heildar eigið fé hluthafa)			
#Þekjuhlutfall vaxta (rekstrartekjur/vaxtakostnaður)			

Tafla 3

Sjóðstreymisyfirlit fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

	Ár	Ár -1	Árshluti	Samanburðarárs-hluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Hreint sjóðstreymi frá rekstri				
*Hreint sjóðstreymi frá fjármögnunarhreyfingum				
*Hreint sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum				

III. VIÐAUKI

LÁNASTOFNANIR (HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF OG VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD)

— Færsla sem er merkt með „*“ vísar til skyldubundinna upplýsinga eða hliðstæðra upplýsinga ef útgefandinn notar ekki alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útgefandi getur notað frábrugðinn titil til að setja fram efnislega sömu upplýsingar og settar eru fram í töflunni, ef sá titill er notaður í reikningsskilum hans.

— Færsla sem er merkt með „#“ merkir að ef þessar upplýsingar birtast annars staðar í lýsingunni eru þær skyldubundnar.

— Færsla sem er merkt með „~“ í tengslum við lokaða sjóði vísar til fjárfestinga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á sömu dagsetningu og innra virði (NAV).

Tafla 1

Rekstrarreikningur fyrir lánastofnanir

	Ár	Ár -1	Ár -2 ([1])	Árshluti	Samanburðar-árshluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Hreinar vaxtatekjur (eða jafngildi)					
*Hrein þóknun og umboðstekjur					
*Hreint virðisrýrnunartap á fjáreignum					
*Hreinar tekjur af viðskiptum					
*Mælingar á rekstrarárangri sem útgefandinn notar í reikningsskilum, s.s. rekstrarhagnaður					
*Hreinn rekstrarhagnaður eða tap (þegar um er að ræða samstæðureikningsskil, hreinan hagnað eða tap sem rekja má til eigenda eigin fjár móðurfélagsins)					
#Hagnaður á hlut (aðeins fyrir útgefendur hlutabréfa)					

([1]) Tiltakið helstu fjárhagsupplýsingarnar fyrir þann árafjölda sem viðeigandi upplýsingakröfur taka til samkvæmt framseldri reglugerð 2019/980.

Tafla 2

Efnahagsreikningur fyrir lánastofnanir

	Ár	Ár -1	Ár -2 ([1])	Árshluti	#Virði samkvæmt útkomu nýjustu eftirlitsúttektar og matsferlis („SREP“)
*Heildareignir					
*Forgangslán					
*Víkjandi lán					
*Lán og viðskiptakröfur á viðskiptavini (hreint)					

	Ár	Ár -1	Ár -2 (1)	Árshluti	#Virði samkvæmt útkomu nýjustu eftirlitsúttektar og matsferlis („SREP“)
*Innstæður frá viðskiptavinum					
*Eigið fé alls					
#Útlán í vanskilum (byggt á hreinu bókfærðu verði)/lán og viðskiptakröfur)					
#Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 (CET1) eða annarrar viðkomandi, varfærinnar eiginfjárþarfar, með hliðsjón af útgáfunni					
#Heildareiginfjárhlutfall					
#Vogunarhlutfall sem reiknað er út samkvæmt gildandi regluramma					

(1) Tiltakið helstu fjárhagsupplýsingarnar fyrir þann árafjölda sem viðeigandi upplýsingakröfur taka til samkvæmt framseldri reglugerð 2019/980.

IV. VIÐAUKI

VÁTRYGGINGAFÉLÖG (HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF OG VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD)

— Færsla sem er merkt með „*“ vísar til skyldubundinna upplýsinga eða hliðstæðra upplýsinga ef útgefandinn notar ekki alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útgefandi getur notað frábrugðinn titil til að setja fram efnislega sömu upplýsingar og settar eru fram í töflunni, ef sá titill er notaður í reikningsskilum hans.

— Færsla sem er merkt með „#“ merkir að ef þessar upplýsingar birtast annars staðar í lýsingunni eru þær skyldubundnar.

— Færsla sem er merkt með „~“ í tengslum við lokaða sjóði vísar til fjárfestinga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á sömu dagsetningu og innra virði (NAV).

Tafla 1

Rekstrarreikningur fyrir vátryggingafélög

	Ár	Ár -1	Ár -2 ([1])	Árshluti	Samanburðar-árshluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Hrein iðgjöld					
*Hreinn ávinningur og kröfur					
*Tekjur fyrir skatt					
*Rekstrarhagnaður (greinarmunur er gerður á líftryggingum og skaðatryggingum)					
*Hreinn rekstrarhagnaður eða tap (þegar um er að ræða samstæðureikningsskil, hreinan hagnað eða tap sem rekja má til eigenda eigin fjár móðurfélagsins)					
#Árleg tekjuaukning (hrein iðgjöld)					
#Hagnaður á hlut (aðeins fyrir útgefendur hluta-bréfa)					

([1]) Tiltakið helstu fjárhagsupplýsingarnar fyrir þann árafjölda sem viðeigandi upplýsingakröfur taka til samkvæmt framseldri reglugerð 2019/980.

Tafla 2

Efnahagsreikningur fyrir vátryggingafélög

	Ár	Ár -1	Ár -2 ([1])	Árshluti
*Fjárfestingar, þ.m.t. fjáreignir sem tengjast sjóð-stengdum samningum				
*Heildareignir				
*Skuldbindingar hvað varðar vátryggingasamninga				
*Fjárskuldbindingar				
*Heildarskuldbindingar				
*Eigið fé alls				

	Ár	Ár -1	Ár -2 ([1])	Árshluti
#Gjaldþolshlutfall (hlutfall gjaldþolsáætlunar II – hlutfall SII) eða hlutfall annarrar viðeigandi varfærinnar gjaldþolskröfu, með hliðsjón af útgáfunni				
#Taphlutfall				
#Heildarhlutfall (kröfur + útgjöld/iðgjöld fyrir tímabilið)				

([1]) Tiltakið helstu fjárhagsupplýsingarnar fyrir þann árafjölda sem viðeigandi upplýsingakröfur taka til samkvæmt framseldri reglugerð 2019/980.

V. VIÐAUKI

FÉLÖG MEÐ SÉRSTAKAN TILGANG SEM GEFA ÚT EIGNAVARIN VERÐBRÉF

— Færsla sem er merkt með „*“ vísar til skyldubundinna upplýsinga eða hliðstæðra upplýsinga ef útgefandinn notar ekki alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útgefandi getur notað frábrugðinn titil til að setja fram efnislega sömu upplýsingar og settar eru fram í töflunni, ef sá titill er notaður í reikningsskilum hans.

— Færsla sem er merkt með „#“ merkir að ef þessar upplýsingar birtast annars staðar í lýsingunni eru þær skyldubundnar.

— Færsla sem er merkt með „~“ í tengslum við lokaða sjóði vísar til fjárfestinga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á sömu dagsetningu og innra virði (NAV).

Tafla 1

Rekstrarreikningur fyrir félög með sérstakan tilgang í tengslum við eignavarin verðbréf

	Ár	Ár -1
*Hreinn hagnaður eða tap		

Tafla 2

Efnahagsreikningur fyrir félög með sérstakan tilgang í tengslum við eignavarin verðbréf

	Ár	Ár -1
*Heildareignir		
*Heildarskuldbindingar		
*Fjáreignir gefnar upp á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
*Afleiddar fjáreignir		
*Eignir sem eru ekki fjáreignir ef þær eru mikilvægar fyrir starfsemi einingarinnar		
*Fjárskuldbindingar gefnar upp á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
*Afleiddar fjárskuldbindingar		

VI. VIÐAUKI

LOKAÐIR SJÓÐIR

— Færsla sem er merkt með „*“ vísar til skyldubundinna upplýsinga eða hliðstæðra upplýsinga ef útgefandinn notar ekki alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útgefandi getur notað frábrugðinn titil til að setja fram efnislega sömu upplýsingar og settar eru fram í töflunni, ef sá titill er notaður í reikningsskilum hans.

— Færsla sem er merkt með „#“ merkir að ef þessar upplýsingar birtast annars staðar í lýsingunni eru þær skyldubundnar.

— Færsla sem er merkt með „~“ í tengslum við lokaða sjóði vísar til fjárfestinga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á sömu dagsetningu og innra virði (NAV).

Tafla 1

Viðbótarupplýsingar sem skipta máli fyrir lokaða sjóði

Hlutabréfaflokkur	Heildarverðmæti hreinnar eignar	Fjöldi hlutabréfa/eininga	~Verðmæti hreinnar eignar/hlutabréf eða markaðsverð/hlutabréf/ hlutdeildarskírteini	#Sögulegur árangur sjóðsins
A	XXX	XX	X	
	Heildarsamtala	Heildarsamtala		

Tafla 2

Rekstrarreikningur fyrir lokaða sjóði

	Ár	Ár -1	Ár -2	Árshluti	Samanburðarárs-hluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Hreinar heildartekjur/hreinar fjárfestingar-tekjur eða heildartekjur fyrir rekstrarútgjöld					
*Hreinn hagnaður/(tap)					
*Árangurstengd þóknun (uppsöfnuð/greidd)					
*Þóknun fyrir fjárfestingarstýringu (upp-söfnuð/greidd)					
*Öll önnur gjöld sem skipta máli (upp-söfnuð/greidd) til þjónustuveitenda					
#Hagnaður á hlut					

Tafla 3

Efnahagsreikningur fyrir lokaða sjóði

	Ár	Ár -1	Ár -2	Árshluti
*Hrein heildareign				
#Vogunarhlutfall				

VII. VIÐAUKI

TÖLVULESANLEG GÖGN SEM SENDA Á TIL EVRÓPSKU VERÐBRÉFAMARKAÐSEFTIRLITSSTOFNUNARINNAR

Tafla 1

Númer	Reitur	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
1.	Landsbundið auðkenni	Einkvæmt auðkenni upphöluðu færslunnar sem úthlutað er af lögbæra landsyfirvaldinu sem sendir	{ALPHANUM-50}
2.	Tengt landsbundið auðkenni	Einkvæmt auðkenni færslu sem tengist upphöluðu færslunni og úthlutað er af lögbæra landsyfirvaldinu sem sendir Ekki tilkynnt ef hið tengda landsbundna auðkenni á ekki við	{ALPHANUM-50}
3.	Sendiaðildarríki	Landskóði aðildarríkisins sem staðfesti upphöluðu færsluna eða þar sem upphalaða færslan var skráð	{LANDSKÓÐI_2}
4.	Móttökuaðildarríki (eitt eða fleiri)	Landskóði aðildarríkis (–ríkja) sem tilkynna á eða senda upphöluðu færsluna Þegar tilkynna á til margra aðildarríkja skal fært í 4. reit eins oft og þörf krefur	{LANDSKÓÐI_2}
5.	Tegund skjals	Tegund hins upphalaða skjals eða skjala	Valið úr skrá fyrirframskilgreindra reita: — „BPFT“ — grunnlýsing með endanlegum skilmálum — „BPWO“ — grunnlýsing án endanlegra skilmála — „STDA“ — sjálfstæð lýsing — „REGN“ — útgefandalýsing — „URGN“ — Almenn útgefandalýsing — „SECN“ — verðbréfalýsing — „FTWS“ — endanlegir skilmálar, þ.m.t. samantekt hverrar útgáfu sem fylgir með í viðauka — „SMRY“ — samantekt — „SUPP“ — viðauki — „SUMT“ — þýðing samantektar — „COAP“ — staðfestingarvottorð — „AMND“ — breyting Þegar tilkynna á mörg skjöl skal fært í reit [5] eins oft og þörf krefur til að lýsa hverju skjali sem færslan samanstendur af

Númer	Reitur	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
6.	Tegund samsetn-ingar	Snið sem valið er fyrir lýsinguna	Valið úr skrá fyrirframskilgreindra reita: — „SNGL“ — lýsing sem samanstendur af einu skjali — „SPWS“ — lýsing sem samanstendur af aðskildum skjölum með samantekt — „SPWO“ — lýsing sem samanstendur af aðskildum skjölum án samantektar
7.	Staðfestingar- eða skráningardagsetning	Dagurinn þegar upphalaða færslan var staðfest eða skráð	{DATEFORMAT}
8.	Tungumál	Það tungumál Evrópu-sambandsins sem drögin að upphöluðu færslunni eru samin á.	{LANGUAGE}
9.	Staðlað nafn tilboðsgjafa	Nafn og kenninafn tilboðsgjafa ef hann er einstaklingur Þegar tilkynna á marga tilboðsgjafa skal fært í reit [9] eins oft og þörf krefur	{ALPHANUM-280}
10.	Staðlað nafn ábyrgðarveitanda	Nafn og kenninafn ábyrgðar-veitanda ef hann er einstaklingur Þegar tilkynna á marga ábyrgðarveitendur skal fært í reit [10] eins oft og þörf krefur	{ALPHANUM-280}
11.	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) útgefandans	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) útgefandans Þegar tilkynna á marga útgefendur skal fært í reit [11] eins oft og þörf krefur	{LEI}
12.	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) tilboðsgjafans	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) tilboðsgjafans Þegar tilkynna á marga tilboðsgjafa skal fært í reit [12] eins oft og þörf krefur	{LEI}
13.	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) ábyrgðarveitandans	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) ábyrgðarveitandans Þegar tilkynna á marga ábyrgðarveitendur skal fært í reit [13] eins oft og þörf krefur	{LEI}

Númer	Reitur	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
14.	Búseta tilboðsgjafa	Búseta tilboðsgjafa ef hann er einstaklingur Þegar tilkynna á marga tilboðsgjafa skal fært í reit [14] eins oft og þörf krefur	{COUNTRYCODE_2}
15.	Búseta ábyrgðar-veitanda	Búseta ábyrgðarveitanda ef hann er einstaklingur Þegar tilkynna á marga ábyrgðarveitendur skal fært í reit [15] eins oft og þörf krefur	{COUNTRYCODE_2}
16.	FISN	Stuttnefni fjármálagernings verðbréfsins Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer	{FISN}
17.	ISIN-númer	Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa	{ISIN}
18.	Flokkun fjár-málagerninga	Kóði flokkunar fjármálagern-inga Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer	{CFI_CODE}
19.	Gjaldmiðill útgáfunnar	Kóði sem stendur fyrir gjaldmiðilinn sem nafnverð eða undirliggjandi verðmæti er tilgreint í Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer	{CURRENCYCODE_3}
20.	Nafnverð einingar	Nafnverð eða undirliggjandi verðmæti á einingu í gjaldmiðli útgáfunnar Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer Reitur sem á við um verðbréf með skilgreint nafnverð	{DECIMAL-18/5}
21.	Auðkenni eða heiti undirliggjandi þáttar	ISIN-númer undirliggjandi verðbréfs/vísitölu eða heitis á undirliggjandi verðbréfi/vísitölu ef ISIN-númer er ekki til Verðbréfakörfu skal auðkenna í samræmi við þetta Reitur sem á við um verðbréf með skilgreindan undirliggjandi þátt. Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer slíkra verðbréfa	Fyrir einstakan undirliggjandi þátt: — Ef um er að ræða verðbréf eða vísitölu með ISIN-númer: {ISIN} — Ef vísitalan er ekki með neitt ISIN-númer: {INDEX} — Að öðrum kosti: {ALPHANUM-50} Fyrir marga undirliggjandi þætti (fleiri en einn): "BSKT“

Númer	Reitur	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
22.	Gjalddagi eða lokadagsetning	Gjalddagi eða lokadagsetning verðbréfsins, þegar við á Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer Reitur sem á við um verðbréf með skilgreindan lokagjalddaga	{DATEFORMAT} Hvað varðar skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma ætti að færa gildið 9999-12-31 í reit 22.
23.	Magn sem boðið er	Fjöldi verðbréfa sem boðinn er Reitur sem á aðeins við um hlutabréf Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert viðkomandi ISIN-númer	{INTEGER-18} Annaðhvort sem eitt gildi, gildi á tilteknu bili eða hámarksgildi
24.	Verð sem boðið er	Verð á verðbréf sem boðið er, í peningalegu gildi. Gjaldmiðill verðsins er gjaldmiðill útgáfunnar Reitur sem á aðeins við um hlutabréf Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert viðkomandi ISIN-númer	{DECIMAL-18/5} Annaðhvort sem eitt gildi, gildi á tilteknu bili eða hámarksgildi „PNDG“ ef verðið sem er boðið er ekki tiltækt en er í biðstöðu „NOAP“ ef verðið sem boðið er á ekki við
25.	Fjárhæðin sem boðin er	Heildarfjárhæð sem boðin er, í peningalegu gildi gjaldmiðils útgáfunnar Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer	{DECIMAL-18/5} Annaðhvort sem eitt gildi, gildi á tilteknu bili eða hámarksgildi „PNDG“ ef fjárhæðin sem er boðin er ekki tiltæk en í biðstöðu „NOAP“ ef fjárhæðin sem boðin er á ekki við
26.	Tegund verðbréfa	Flokkun eftir flokkum hlutabréfatengdra verðbréfa og verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd Þennan reit ætti að endurtaka fyrir hvert ISIN-númer	Valið úr skrá fyrirframskilgreindra reita: Hlutabréf — „SHRS“: Hlutur — „UCEF“: Hlutdeildarskírteini eða hlutur í lokuðum sjóðum — „CVTS“: Breytanlegt verðbréf — „DRCP“: Heimildarskírteini — „OTHR“: Annað eigið fé Skuldabréf — „DWLD“: Skuldabréf að nafnverði a.m.k. 100 000 evrur á einingu — „DWHD“: Skuldabréf að nafnverði lægri en 100 000 evrur á einingu — „DLRM“: Skuldabréf að nafnverði lægri en 100 000 evrur á einingu og viðskipti eru með á skipulegum markaði sem aðeins hæfir fjárfestar hafa aðgang að „ABSE“: ABS „DERV“: Afleidd verðbréf

Númer	Reitur	Innihald sem skal koma fram	Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar
27.	Tegund útboðs/töku til viðskipta	Flokkunarfræði samkvæmt reglugerð um lýsingar og MiFID-tilskipuninni/MIFIR-reglugerð um markaði fyrir fjármálagerninga	Valið úr skrá fyrirframskilgreindra reita: — „IOWA“: Upphafstilboð án töku til viðskipta/skráningar — „SOWA“: Síðara tilboð án töku til viðskipta/skráningar — „IRMT“: Upphafleg taka til viðskipta á skipulegum markaði — „IPTM“: Upphafleg taka til viðskipta á skipulegum markaði en áður voru viðskipti á markaðstorgi fjármálagerninga — „IMTF“: Upphafleg taka til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga með almennu útboði — „SIRM“: Síðari útgáfa á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga
28.	Einkenni viðskiptavettvangs þar sem verðbréfið er upphaflega tekið til viðskipta	Flokkunarfræði samkvæmt reglugerð um lýsingar og MiFID-tilskipuninni/MIFIR-reglugerð um markaði fyrir fjármálagerninga	Valið úr skrá fyrirframskilgreindra reita: — „RMKT“: Skipulegur markaður opinn öllum fjárfestum — „RMQI“: Skipulegur markaður, eða hluti hans, sem aðeins hæfir fjárfestar hafa aðgang að — „MSGM“: Markaðstorg fjármálagerninga sem er vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja — „MLTF“: Markaðstorg fjármálagerninga sem er ekki vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja
29.	Reglur um upplýsingagjöf	Viðaukanúmerið sem lýsingin er samin í samræmi við samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [] Þegar tilkynna á um marga viðauka skal fært í 29. reit eins oft og þörf krefur	{INTEGER-2} frá 1 til [29]
30.	Flokkur ESB-vaxtarlýsingar	Ástæðan fyrir því að ESB-vaxtarlýsing var notuð	Valið úr skrá fyrirframskilgreindra reita: — „S15A“: Lítil og meðalstór fyrirtæki skv. a-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerð um lýsingar — „I15B“: Annar útgefandi en lítil og meðalstór fyrirtæki skv. b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerð um lýsingar — „I15C“: Annar útgefandi en lítil og meðalstór fyrirtæki skv. c-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerð um lýsingar — „O15D“: Tilboðsgjafi verðbréfa skv. d-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar um lýsingar

Tafla 2

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Frjáls textareitur
{CFI_CODE}	6 stafir	Kóði í flokkun fjármálagerninga (CFI), eins og hann er skilgreindur í ISO 10962
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja stafa landskóði, samkvæmt skilgreiningu ISO 3166-1 alfa-2 landskóði
{DATEFORMAT}	Dagsetning á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD Dagsetningar skulu tilkynntar á samræmdum heimstíma	ISO 8601 dagsetningarsnið

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{LANGUAGE}	Tveggja stafa kóði	ISO 639-1
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila (LEI-númer) samkvæmt skilgreiningu ISO 17442
{FISN}	35 alstafir með eftirfarandi uppbyggingu	FISN-kóði samkvæmt skilgreiningu ISO 18774
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 6166
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja stafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt skilgreiningu ISO 4217 gjaldmiðilskóða
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot allt að n-tölustöfum alls þar sem allt að m-tölustafir geta verið brotatölur	Tölureitur Tugastafsskiltáknið er „.“ (punktur) Gildi eru námunduð en ekki stýfð
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir alls	Tölureitur
{INDEX}	4 bókstafir	„EONA“ — EONIA „EONS“ — EONIA SWAP „EURI“ — EURIBOR „EUUS“ — EURODOLLAR „EUCH“ — EuroSwiss „GCFR“ — GCF REPO „ISDA“ — ISDAFIX „LIBI“ — LIBID „LIBO“ — LIBOR „MAAA“ — Muni AAA „PFAN“ — Pfandbriefe „TIBO“ — TIBOR „STBO“ — STIBOR „BBSW“ — BBSW „JIBA“ — JIBAR „BUBO“ — BUBOR „CDOR“ — CDOR „CIBO“ — CIBOR „OSP“ – MOSPRIM „NIBO“ — NIBOR „PRBO“ — PRIBOR „TLBO“ — TELBOR „WIBO“ — WIBOR „TREA“ — Treasury (ríkissjóður) „SWAP“ — SWAP (skiptasamningur) „FUSW’ — Future SWAP (staðlaður, framvirkur skiptasamningur)

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/980 **2020/EES/20/07**

frá 14. mars 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB ([1]), einkum 9. gr. (14. mgr.), 13. gr. (1. og 2. mgr.), 14. gr. (3. mgr.) 15. gr. (2. mgr.) og 20. gr. (11. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/1129 er mælt fyrir um kröfur sem uppfylla skal við gerð lýsinga. Kröfur varðandi athugun, skoðun, staðfestingu og skráningu almennu útgefandalýsingarinnar og breytingar á henni, kröfur varðandi snið lýsingarinnar, grunnlýsingarinnar og endanlegu skilmálanna, sérstöku upplýsingarnar sem lýsing skal hafa að geyma, lágmarksupplýsingarnar sem eiga að vera í almennu útgefandalýsingunni, samandregnu upplýsingarnar sem taka skal með samkvæmt einfölduðu fyrirkomulagi upplýsingagjafar vegna síðari útgáfa, einfaldaða efnið, staðlaða formið og röðin í ESB-vaxtarlýsingunni, einfaldað efni og staðlað form sértæku samantektarinnar sem og athugun og staðfesting á lýsingum þarf allt að tilgreina.

2) Efni og snið lýsinga byggist á margvíslegum þáttum s.s. tegund útgefanda, tegund verðbréfs, tegund útgáfu sem og mögulegri þátttöku þriðja aðila sem ábyrgðarveitanda og hvort verðbréfið verði tekið til viðskipta eða ekki. Því þykir ekki rétt að mæla fyrir um sömu kröfur fyrir allar gerðir lýsinga. Í staðinn ætti að mæla fyrir um sértækar upplýsingakröfur sem ætti að sameina með hliðsjón af þessum þáttum og gerð lýsingar. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði veiti eins ítarlegar upplýsingar og mögulegt er í lýsingunni.

3) Til að tryggja réttaröryggi og auka gagnsæi fyrir fjárfesta ættu útgefendur að tilgreina í almennri útgefandalýsingu sinni hvort almenna útgefandalýsingin hafi verið staðfest af lögbæru yfirvaldi eða aðeins skráð og birt án fyrirframsamþykkis.

4) Mildari upplýsingakröfur vegna síðari útgáfa ættu að endurspegla sérstöðu hlutabréfatengdra verðbréfa og verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd.

5) Lokaðir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu hafa sérstök fjárfestingarmarkmið og gætu sætt sérstökum fjárfestingartakmörkunum. Útgefandalýsingar þessara félaga ættu því að falla undir sérstakar upplýsingakröfur.

6) Vegna óbeinna tengsla milli fjárfestisins og undirliggjandi hlutabréfa heimildarskírteina er mikilvægt að fjárfestirinn fái upplýsingar um útgefanda hinna undirliggjandi hlutabréfa. Lýsing fyrir heimildarskírteini ætti því að hafa að geyma, auk upplýsinga um heimildarskírteinið og útgefanda þess, upplýsingar um undirliggjandi hluti og útgefanda þeirra undirliggjandi hluta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 73, 12.9.2019, bls. 3.

([1]) Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12.

7) Upplýsingarnar í lýsingum fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd ætti að aðlaga að þekkingarstigi og sérfræðistigi hverrar tegundar fjárfesta. Lýsingar fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og sem almennir fjárfestar geta fjárfest í ættu því að falla undir ítarlegri og sértækari upplýsingakröfur en lýsingar fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru aðeins í boði fyrir hæfa fjárfesta.

8) Skyldan til að leggja fram lýsingu gildir um verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út af þriðju löndum eða svæðis- og staðaryfirvöldum þeirra þegar þessir aðilar vilja bjóða verðbréf í almennu útboði í Sambandinu eða sækjast eftir að fá verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Vegna sérstaks eðlis þessara opinberu aðila ætti að mæla fyrir um sértækar upplýsingakröfur.

9) Gera ætti fjárfestum kleift að skilja stöðu útgefanda með flókna fjármálasögu og væntanleg áhrif viðskipta sem fela í sér verulega fjárskuldbindingu. Slíkir útgefendur ættu því að þurfa að gefa viðbótarupplýsingar í lýsingunni í því skyni.

10) Þegar verðbréf eru breytanleg eða skiptanleg fyrir hlutabréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, hafa hluthafar og fjárfestar venjulega þá þegar upplýsingar um undirliggjandi hlutabréf þessara verðbréfa. Því er nóg að bæta við lýsinguna yfirlýsingu sem tilgreinir tegund undirliggjandi hlutabréfsins og nánari upplýsingar um hvar hægt er að nálgast upplýsingar um það.

11) Fjárfestar gætu viljað fjárfesta í verðbréfum sem eru skiptanleg eða breytanleg í hlutabréf sem eru eða verða gefin út af útgefanda þessara verðbréfa eða aðila sem tilheyrir samstæðu þess útgefanda og sem hafa ekki enn verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Þessir fjárfestar ættu að hafa sömu upplýsingar um getu útgefanda undirliggjandi hlutabréfa til að halda starfsemi sinni áfram og um skuldsetningu hans í samanburði við fjármögnun, og fjárfestar sem hafa fjárfest í þessum hlutabréfum beint. Lýsingin ætti því að hafa að geyma yfirlýsingu um veltufé auk yfirlýsingar um fjármögnun og skuldsetningu útgefanda hinna undirliggjandi hlutabréfa.

12) Afleiður hafa í för með sér sérstaka áhættu fyrir fjárfesta þar sem til dæmis tapið gæti orðið meira en fjárfestingin og þar sem undirliggjandi þáttur er ekki alltaf tekinn til viðskipta á skipulegum markaði og upplýsingar um þann undirliggjandi þátt því ekki tiltækar. Tiltekin verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, svo sem samsett skuldabréf, fela einnig í sér tiltekna þætti afleiðna. Af þessum sökum ætti verðbréfalýsingin að hafa að geyma viðbótarupplýsingar um undirliggjandi þátt afleiðu eða um afleiðuþátt verðbréfs sem ekki er hlutabréfatengt og, eftir atvikum, yfirlýsingu um mögulegt tap sem fjárfestar gætu orðið fyrir.

13) Sé samin grunnlýsing fyrir verðbréf sem tengjast eða eru tryggð með undirliggjandi eign skal sú grunnlýsing veita allar upplýsingar um tegund undirliggjandi eignar ef sú undirliggjandi eign er þekkt daginn sem grunnlýsingin er staðfest. Markaðsaðstæður geta þó breytt því hvaða undirliggjandi eign innan flokks undirliggjandi eignar er valin. Aðeins endanlegir skilmálar grunnlýsingar ættu því að tilgreina sértækar upplýsingar um þá undirliggjandi eign.

14) Ábyrgðum er ætlað að tryggja að greiðslur sem tengjast verðbréfum skili sér á viðeigandi hátt. Þegar haft er í huga hve margvíslegar ábyrgðir geta verið ætti að kveða á um skýrar upplýsingakröfur í tengslum við eðli og umfang þessara ábyrgða.

15) Tilgreina ætti framsetningu lýsingar, grunnlýsingar og endanlegra skilmála með því að ákvarða í hvaða röð tilskildar upplýsingar skulu veittar. Vegna þess hve fjölnota almenna útgefandalýsingin er ættu útgefendur sem kjósa að semja og birta almenna útgefandalýsingu á hverju fjárhagsári þó að fá meiri sveigjanleika hvað varðar röð upplýsinganna sem veita skal í almennu útgefandalýsingunni.

16) Þó grunnlýsingin ætti að hafa að geyma allar upplýsingar sem tiltækar eru þegar grunnlýsingin er samin ætti að vera hægt að skilja eftir eyður fyrir tilteknar upplýsingar sem ekki koma í ljós fyrr en á síðari stigum og eiga að vera í endanlegum skilmálum, eða láta fylgja skrá yfir þær upplýsingar sem vantar.

17) Ekki er alltaf tilskilið að hafa samantekt í lýsingunni. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að í lýsingunni sé yfirlitskafli. Til að forðast rugling meðal fjárfesta ætti slíkur yfirlitskafli samt sem áður ekki að nefnast samantekt nema hann uppfylli allar kröfur um samantektir.

18) ESB-vaxtarlýsingu er ætlað að draga úr stjórnsýslubyrði einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Því er rétt að einfalda gerð ESB-vaxtarlýsinga með því að mæla fyrir um fasta röð sem upplýsingarnar skulu lagðar fram í. Til að tryggja að upplýsingarnar séu settar fram á samfelldan hátt og í samræmi við mismunandi viðskiptalíkön ætti að heimila sveigjanleika að því er varðar röð upplýsingaliða innan hvers kafla í ESB-vaxtarlýsingunni.

19) Til að auka sveigjanleika og hvetja til notkunar á ESB-vaxtarlýsingunni ætti ESB-vaxtarlýsingin að geta samanstaðið af aðskildum skjölum. Til að koma í veg fyrir hættuna á að upplýsingar séu tvíteknar ætti að mæla fyrir um aðskildar ítarlegar upplýsingakröfur annars vegar fyrir sértæku útgefandalýsinguna og hins vegar fyrir sértæku verðbréfalýsinguna og þær aðlagaðar viðkomandi tegund verðbréfa, þar sem greint er á milli hlutabréfatengdra verðbréfa og verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd.

20) Sértæka samantektin í ESB-vaxtarlýsingunni ætti að veita fjárfestum þær lykilupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ákveða hvaða útboð verðbréfa þeir vilja kynna sér nánar með því að skoða alla lýsinguna. Í henni ættu því að koma fram mikilvægir eiginleikar útgefandans og verðbréfanna sem boðin eru og áhætta sem tengist þeim og hún ætti að hafa að geyma almenna skilmála útboðsins. Þar sem sértæka samantektin er þó einungis inngangur að ESB-vaxtarlýsingunni og ber að lesast með öðrum hlutum hennar ætti efni sértæku samantektarinnar að vera í samræmi við aðra hluta hennar. Til að tryggja að stærð sértæku samantektarinnar sé sniðin að minnkaðri stærð ESB-vaxtarlýsingarinnar ætti að takmarka lengd samantektarinnar.

21) Til að tryggja að lögbær yfirvöld í öllu Sambandinu beiti samhæfðum stöðlum við athugun á lýsingum, og einkum hvort upplýsingar í lýsingardrögum séu fullnægjandi, samkvæmar og skiljanlegar, ætti að kveða á um viðmið fyrir athugun á lýsingum. Þessi viðmið ættu að eiga við um lýsingardrögin í heild og alla einstaka hluta þeirra, þ.m.t. almennu útgefandalýsinguna og allar breytingar og viðbætur við lýsinguna.

22) Tryggja ætti mikla fjárfestavernd. Ef nauðsyn krefur ættu lögbær yfirvöld því að geta tekið tillit til viðbótarviðmiða fyrir athugun á hvort lýsingardrög séu fullnægjandi, samkvæm og skiljanleg til að laga athugunina að séreinkennum lýsingar.

23) Tilteknir útgefendur taka þátt í mjög sértækri atvinnustarfsemi og það krefst víðtækrar þekkingar á viðkomandi starfsemi að skilja til fullnustu verðbréf sem þessir útgefendur gefa út. Það á t.d. við þegar um er að ræða fasteignafélag sem gæti þurft að birta verðmatsskýrslu sem veitir allar viðeigandi upplýsingar um mikilvægar eignir sem nauðsynlegar eru vegna verðmatsins. Lögbær yfirvöld ættu því að geta beitt hlutfallslegri nálgun og krafist þess, eftir því sem við á, að þessir útgefendur í sérstakri starfsemi veiti í lýsingunni sérstakar og aðlagaðar upplýsingar um þá starfsemi umfram upplýsingarnar sem krafist er af útgefendum sem ekki eru í sérstakri starfsemi.

24) Vegna hraðrar þróunar á verðbréfamörkuðum er möguleiki að tilteknar gerðir verðbréfa sem ekki er fjallað um í viðaukum þessarar reglugerðar verði boðnar í almennu útboði eða teknar til viðskipta. Til að gera fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun við slíkar aðstæður ættu lögbær yfirvöld að ákveða í samráði við útgefandann, tilboðsgjafann eða þann sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði hvaða upplýsingar lýsingin ætti að hafa að geyma.

25) Til að stuðla að skilvirkni í ferlinu þegar lýsingin er samin og komast hjá óþarfa álagi þykir rétt að heimila að sleppt sé upplýsingaliðum í viðaukunum við þessa reglugerð sem ekki eiga við um útgefandann eða verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

26) Athugun og staðfesting lýsinga er endurtekið ferli. Þannig getur verið að ákvörðun lögbærra yfirvalda um að staðfesta lýsingardrögin verði ekki tekin fyrr en eftir nokkrar umferðir af greiningu á lýsingardrögunum og eftirfylgjandi betrumbótum útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, til að tryggja að lýsingardrögin uppfylli staðlana um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm. Til að veita vissu um staðfestingarferlið er nauðsynlegt að tilgreina hvaða gögn eigi að leggja fram hjá lögbærum yfirvöldum á mismunandi stigum staðfestingarferlisins.

27) Í þágu skilvirkni ætti lögbærum yfirvöldum að vera heimilt að framkvæma léttari athugun ef í lýsingardrögum eru endurteknar upplýsingar sem áður voru athugaðar eða skoðaðar.

28) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að leita að sérstökum hugtökum eða orðum í framlögðum skjölum og tryggja þannig skilvirkt og tímanlegt athugunarferli lýsinga, ætti að leggja lýsingardrög og meðfylgjandi upplýsingar fram á leitarbæru, rafrænu formi og með rafrænum hætti sem hið lögbæra yfirvald samþykkir.

29) Útgefendur, tilboðsgjafar eða þeir sem sækja um töku til viðskipta á skipulegum markaði ættu að geta sýnt lögbæru yfirvaldi fram á hvernig þeir leystu úr því sem yfirvaldið gerði athugasemd við. Öll lýsingardrög sem lögð eru fram hjá lögbæru yfirvaldi, að undanteknum fyrstu drögum, ættu að hafa að geyma bæði merkta útgáfu þar sem allar breytingar, sem gerðar hafa verið á áður framlögðum drögum, eru skýrt dregnar fram og hreina útgáfu þar sem ekki er lögð áhersla á slíkar breytingar.

30) Til að lágmarka tafir á athugunarferlinu ættu lögbær yfirvöld að vera fljót að geta greint kröfur um upplýsingar sem ekki eiga við eða skipta ekki máli. Í því skyni ættu lögbær yfirvöld að vera upplýst um hvaða upplýsingar voru ekki teknar með í lýsingardrögunum.

31) Til að auðvelda gerð lýsingar og þannig að auðvelda fjármagnsöflun fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu sem og til að tryggja að sameiginlegum stöðlum sé beitt við athugun og staðfestingu lýsinga ætti að kveða á um allar kröfur í tengslum við framsetningu, efni, athugun og staðfestingu lýsinga í einni reglugerð.

32) Þar sem þessi framselda reglugerð kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 ([2]) er sú síðarnefnda úrelt og því ætti að fella hana úr gildi.

33) Samræmisins vegna ætti að fresta beitingu þessarar reglugerðar þar til daginn sem reglugerð (ESB) 2017/1129 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „eignavarin verðbréf“: verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og sem annað hvort:

i. standa fyrir eignahagsmuni, þ.m.t. öll réttindi sem ætlað er að tryggja umsýslu viðkomandi eigna, að eigendur þessara eigna móttaki þær fjárhæðir sem greiða skal vegna þessara eigna eða móttaki þær tímanlega,

ii. eru tryggð með eignum og eru með skilmálum sem kveða á um greiðslur sem eru reiknaðar út með tilvísun í þær eignir,

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga (Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1).

b) „jafngildur markaður þriðja lands“: markaður í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við þær kröfur sem eru tilgreindar í þriðju og fjórðu undirgrein 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([3]),

c) „afkomuáætlun“: afkomuspá fyrir liðið fjárhagstímabil sem engar niðurstöður hafa verið birtar um,

d) „afkomuspá“: yfirlýsing sem tilgreinir, beint eða óbeint, tiltekna fjárhæð eða lágmarks- eða hámarksfjárhæð líklegs hagnaðar eða taps á yfirstandandi eða síðari fjárhagstímabilum, eða hefur að geyma gögn sem hægt er að nota til að reikna út slíka fjárhæð framtíðarhagnaðar eða -taps, jafnvel þótt engin tiltekin fjárhæð sé nefnd og orðið „afkoma“ eða „hagnaður“ sé ekki notað,

e) „veruleg brúttóbreyting“: meira en 25% breyting á einum eða fleiri mælikvörðum á stærð starfsemi útgefanda.

II. KAFLI

EFNI LÝSINGAR

1. ÞÁTTUR

Lágmarksupplýsingar í útgefandalýsingu

2. gr.

Útgefandalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf

Sé um að ræða hlutabréfatengd verðbréf skal útgefandalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 1. viðauka við þessa reglugerð, nema hún sé samin í samræmi við 9., 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

3. gr.

Almenn útgefandalýsing

Útgefandalýsing sem er samin í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 2. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Útgefandalýsing fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa

Sértæk útgefandalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem samin er í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 3. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Útgefandalýsing fyrir hlutdeildarskírteini í lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

Sé um að ræða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal útgefandalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 4. viðauka.

6. gr.

Útgefandalýsing fyrir heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa

Sé um að ræða heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa skal útgefandalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 5. viðauka.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

7. gr.

Útgefandalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta

Sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, önnur en þau sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar, skal útgefandalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 6. viðauka við þessa reglugerð, nema hún sé samin í samræmi við 9., 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 eða hafi að geyma þær upplýsingar sem um getur í 1. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Útgefandalýsing fyrir verðbréf í heildsölu sem ekki eru hlutabréfatengd

1. Sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru eins og þau sem um getur í 2. mgr. skal útgefandalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 7. viðauka við þessa reglugerð, nema útgefandalýsingin sé samin í samræmi við 9., 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 eða hafi að geyma þær upplýsingar sem um getur í 1. til 6. viðauka við þessa reglugerð.

2. Krafan sem um getur í 1. mgr. skal gilda um verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og uppfylla annað eftirfarandi skilyrða:

a) aðeins verði viðskipti með þau á skipulegum markaði, eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgang að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf,

b) nafnverð hverrar einingar þeirra nemi a.m.k. 100 000 evrum eða, sé ekkert nafnverð á hverja einingu, að aðeins sé hægt að kaupa þau við útgáfu fyrir a.m.k. 100 000 evrur á hvert verðbréf.

9. gr.

Útgefandalýsing fyrir síðari útgáfur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd

Sértæk útgefandalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem samin er í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 8. viðauka við þessa reglugerð nema hún hafi að geyma þær upplýsingar sem um getur í 3. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Útgefandalýsing fyrir eignavarin verðbréf

Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. gr. skal útgefandalýsing sem samin er fyrir eignavarin verðbréf hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 9. viðauka.

11. gr.

Útgefandalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem gefin eru út af þriðju löndum og svæðis- og staðaryfirvöldum þeirra

Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. gr. skal útgefandalýsing sem samin er fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út af þriðju löndum eða staðar- og svæðisyfirvöldum þeirra hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 10. viðauka.

2. ÞÁTTUR

Lágmarksupplýsingar í verðbréfalýsingu

12. gr.

Verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

Sé um að ræða hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal verðbréfalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 11. viðauka við þessa reglugerð, nema hún sé samin í samræmi við 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

13. gr.

Verðbréfalýsing fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa eða hlutdeildarskírteina sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

Sértæk verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem samin er í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 12. viðauka við þessa reglugerð.

14. gr.

Verðbréfalýsing fyrir heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa

Sé um að ræða heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa skal verðbréfalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 13. viðauka.

15. gr.

Verðbréfalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta

Sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, önnur en þau sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar, skal verðbréfalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 14. viðauka við þessa reglugerð, nema sértæk verðbréfalýsing sé samin í samræmi við 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

16. gr.

Verðbréfalýsing fyrir verðbréf í heildsölu sem ekki eru hlutabréfatengd

Sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru eins og þau sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar skal verðbréfalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 15. viðauka við þessa reglugerð, nema hún hafi að geyma þær upplýsingar sem um getur í 14. viðauka við þessa reglugerð eða samin hafi verið sértæk verðbréfalýsing í samræmi við 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

17. gr.

Verðbréfalýsing fyrir síðari útgáfur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd

Sértæk verðbréfalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem samin er í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 16. viðauka við þessa reglugerð.

3. ÞÁTTUR

Viðbótarupplýsingar í lýsingu

18. gr.

Margþættur fjármálaferill og verulegar fjárskuldbindingar útgefenda hlutabréfatengdra verðbréfa

1. Eigi útgefandi hlutabréfatengds verðbréfs að baki margþættan fjármálaferil eða hefur tekið á sig verulega fjárskuldbindingu skal lýsingin hafa að geyma viðbótarupplýsingar um annan aðila en útgefanda, eins og um getur í 2. mgr.

2. Viðbótarupplýsingarnar um annan aðila en útgefanda skulu samanstanda af öllum þeim upplýsingum sem um getur í 1. viðauka og 20. viðauka við þessa reglugerð sem fjárfestar þurfa til að geta framkvæmt upplýst mat eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, eins og sá aðili væri útgefandi hlutabréfatengda verðbréfsins.

Á undan slíkum viðbótarupplýsingum skal koma skýr útskýring á því hvers vegna fjárfestar þurfa þessar upplýsingar til að geta framkvæmt upplýst mat og í þeim skal tilgreina áhrif hins margþætta fjármálaferils eða hinnar verulegu fjárskuldbindingar á útgefandann eða starfsemi hans.

3. Að því er varðar ákvæði 1. mgr. skal útgefandi teljast eiga að baki margþættan fjármálaferil ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) á þeim tíma sem lýsingin er samin gefa upplýsingarnar sem um getur í viðkomandi viðaukum ekki rétta mynd af fyrirtæki útgefandans,

b) hin ranga mynd sem um getur í a-lið hefur áhrif á getu fjárfesta til að framkvæma upplýst mat eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

c) þörf er á viðbótarupplýsingum um annan aðila en útgefanda svo fjárfestar geti framkvæmt upplýst mat eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

4. Að því er varðar 1. mgr. merkir veruleg fjárskuldbinding bindandi samning um viðskipti sem líklegt er að leiði til meira en 25% breytingar á einum eða fleiri mælikvörðum á stærð starfsemi útgefandans.

19. gr.

Verðbréf sem eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf

1. Þegar verðbréf eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði skal verðbréfalýsingin hafa að geyma, sem viðbótarupplýsingar, þær upplýsingar sem um getur í lið 2.2.2. í 17. viðauka.

2. Þegar verðbréf eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf sem eru eða verða gefin út af útgefandanum eða aðila sem tilheyrir samstæðu þess útgefanda og sem eru ekki tekin til viðskipta á skipulegum markaði skal verðbréfalýsingin einnig hafa að geyma eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

a) þær upplýsingar sem um getur í liðum 3.1 og 3.2. í 11. viðauka að því er varðar þann útgefanda eða þann aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans,

b) þær upplýsingar sem um getur í 18. viðauka að því er varðar undirliggjandi hlutabréf.

3. Þegar verðbréf eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf sem eru eða verða gefin út af útgefanda sem er þriðji aðili og sem eru ekki tekin til viðskipta á skipulegum markaði skal verðbréfalýsingin hafa að geyma, sem viðbótarupplýsingar, þær upplýsingar sem um getur í 18. viðauka.

20. gr.

Verðbréf sem leiða til greiðslu- eða afhendingarskyldu sem tengist undirliggjandi eign

1. Sé um að ræða verðbréf, önnur en þau sem um getur í 19. gr., sem veita rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa hlutabréf sem eru eða verða gefin út af útgefandanum eða aðila sem tilheyrir samstæðu þess útgefanda og sem eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði, skal verðbréfalýsingin hafa að geyma, sem viðbótarupplýsingar, þær upplýsingar sem um getur í 17. viðauka.

2. Sé um að ræða verðbréf, önnur en þau sem um getur í 19. gr. sem veita rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa hluti sem eru eða verða gefin út af útgefandanum eða aðila sem tilheyrir samstæðu þess útgefanda og sem eru ekki tekin til viðskipta á skipulegum markaði skal verðbréfalýsingin einnig hafa að geyma eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

a) þær upplýsingar sem um getur í 17. viðauka að undanskildum þeim upplýsingum sem um getur í lið 2.2.2 í þeim viðauka,

b) þær upplýsingar sem um getur í 18. viðauka að því er varðar undirliggjandi hlutabréf.

3. Sé um að ræða verðbréf, önnur en þau sem um getur í 19. gr., sem tengjast undirliggjandi þætti, öðrum en hlutabréfum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal verðbréfalýsingin hafa að geyma, sem viðbótarupplýsingar, þær upplýsingar sem um getur í 17. viðauka.

21. gr.

Eignavarin verðbréf

Sé um að ræða eignavarin verðbréf skal verðbréfalýsingin einnig hafa að geyma þær viðbótarupplýsingar sem um getur í 19. viðauka.

22. gr.

Ábyrgðir

Sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og fela í sér ábyrgðir skal verðbréfalýsingin einnig hafa að geyma þær viðbótarupplýsingar sem um getur í 21. viðauka.

23. gr.

Samþykki

Samþykki útgefandinn eða sá sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna notkun hennar eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal lýsingin hafa að geyma eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

a) þær upplýsingar sem um getur í lið 1 og lið 2A í 22. viðauka við þessa reglugerð ef samþykkið er veitt einum eða fleiri tilgreindum fjármálamilliliðum,

b) þær upplýsingar sem um getur í lið 1 og lið 2B í 22. viðauka við þessa reglugerð ef samþykkið er veitt öllum fjármálamilliliðum.

III. KAFLI

FRAMSETNING LÝSINGAR

24. gr.

Framsetning lýsingar

1. Sé lýsing samin sem eitt skjal skal hún samanstanda af eftirfarandi þáttum, settum fram í eftirfarandi röð:

a) efnisyfirliti,

b) samantekt, sé hennar krafist skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

c) þeim áhættuþáttum sem um getur í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/1129,

d) hvers konar öðrum upplýsingum sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð og sem eiga að vera í lýsingunni.

Útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði getur ákveðið í hvaða röð þær upplýsingar sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð koma fram í lýsingunni.

2. Sé lýsing samin sem aðskilin skjöl skulu útgefandalýsingin og verðbréfalýsingin samanstanda af eftirfarandi þáttum, settum fram í eftirfarandi röð:

a) efnisyfirliti,

b) þeim áhættuþáttum sem um getur í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/1129,

c) hvers konar öðrum upplýsingum sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð og sem eiga að vera í þeirri útgefandalýsingu eða verðbréfalýsingu.

Útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði getur ákveðið í hvaða röð þær upplýsingar sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð koma fram í útgefandalýsingunni og verðbréfalýsingunni.

3. Sé útgefandalýsingin samin í formi almennrar útgefandalýsingar getur útgefandinn skýrt frá þeim áhættuþáttum sem um getur í b-lið 2. mgr. meðal þeirra upplýsinga sem um getur í c-lið þeirrar málsgreinar að því tilskildu að áfram sé greinilegt að þessir áhættuþættir myndi einn kafla.

4. Sé almenn útgefandalýsing notuð í tengslum við 12. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, skal framsetning upplýsinganna í þeirri almennu útgefandalýsingu vera í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815 ([4]).

5. Sé röð þeirra upplýsinga sem um getur í d-lið 1. mgr. og c-lið 2. mgr. önnur en röð þessara upplýsinga í viðaukunum við þessa reglugerð geta lögbær yfirvöld óskað eftir lista yfir millivísanir sem tilgreinir hvaða liðum þessara viðauka upplýsingarnar samsvara.

Í listanum yfir millivísanir sem um getur í fyrstu undirgrein skal tilgreina alla liði í viðaukunum við þessa reglugerð sem hafa ekki komið fram í lýsingardrögunum vegna eðlis eða tegundar útgefanda, verðbréfa, útboðs eða töku til viðskipta.

6. Sé ekki óskað eftir lista yfir millivísanir í samræmi við 5. mgr. eða útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði leggur hann ekki fram að eigin vali, skal merkja á spássíu lýsingardraganna hvaða upplýsingar í lýsingardrögunum samsvara viðkomandi upplýsingaliðum í viðaukunum við þessa reglugerð.

25. gr.

Framsetning grunnlýsingar

1. Grunnlýsing sem samin er sem eitt skjal skal samanstanda af eftirfarandi þáttum, settum fram í eftirfarandi röð:

a) efnisyfirliti,

b) almennri lýsingu á útboðsáætlun,

c) þeim áhættuþáttum sem um getur í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/1129,

d) hvers konar öðrum upplýsingum sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð sem eiga að vera í grunnlýsingunni.

Útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði getur ákveðið í hvaða röð þær upplýsingar sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð koma fram í grunnlýsingunni.

2. Sé grunnlýsing samin sem aðskilin skjöl skulu útgefandalýsingin og verðbréfalýsingin samanstanda af eftirfarandi þáttum, settum fram í eftirfarandi röð:

a) efnisyfirliti,

b) í verðbréfalýsingunni, almennri lýsingu á útboðsáætlun,

c) þeim áhættuþáttum sem um getur í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/1129,

d) hvers konar öðrum upplýsingum sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð og sem eiga að vera í útgefandalýsingunni eða verðbréfalýsingunni.

Útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði getur ákveðið í hvaða röð þær upplýsingar sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð koma fram í útgefandalýsingunni og verðbréfalýsingunni.

3. Útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði getur steypt tveimur eða fleiri grunnlýsingum saman í eitt skjal.

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 frá 17. desember 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um forskriftir fyrir sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (Stjtíð. ESB L 143, 29.5.2019, bls. 1)

4. Sé útgefandalýsingin samin í formi almennrar útgefandalýsingar getur útgefandinn skýrt frá þeim áhættuþáttum sem um getur í c-lið 2. mgr. meðal þeirra upplýsinga sem um getur í d-lið þeirrar málsgreinar að því tilskildu að áfram sé greinilegt að þessir áhættuþættir myndi einn kafla.

5. Sé almenn útgefandalýsing notuð í tengslum við 12. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, skal framsetning upplýsinganna í þeirri almennu útgefandalýsingu vera í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2019/815.

6. Sé röð þeirra upplýsinga sem um getur í d-lið 1. mgr. og 2. mgr. önnur en röð þessara upplýsinga í viðaukunum við þessa reglugerð geta lögbær yfirvöld óskað eftir lista yfir millivísanir sem tilgreinir hvaða liðum þessara viðauka upplýsingarnar samsvara.

Listinn yfir millivísanir sem um getur í fyrstu undirgrein skal tilgreina alla liði í viðaukunum við þessa reglugerð sem hafa ekki komið fram í drögum grunnlýsingarinnar vegna eðlis eða tegundar útgefanda, verðbréfa, útboðs eða töku til viðskipta.

7. Sé ekki óskað eftir lista yfir millivísanir í samræmi við 6. mgr. eða útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði leggur hann ekki fram að eigin vali, skal merkja á spássíu grunnlýsingardraganna hvaða upplýsingar í grunnlýsingardrögunum samsvara viðkomandi upplýsingaliðum í viðaukunum við þessa reglugerð.

26. gr.

Upplýsingar í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum

1. Þær upplýsingar sem vísað er til sem „Flokks A“ í 14. til 19. viðauka og 27. viðauka við þessa reglugerð skulu vera í grunnlýsingunni.

2. Þær upplýsingar sem vísað er til sem „Flokks B“ í 14. til 19. viðauka og 27. viðauka við þessa reglugerð skulu vera í grunnlýsingunni, að undanskildum atriðum í þeim upplýsingum sem ekki eru þekkt þegar viðkomandi grunnlýsing er staðfest. Slík atriði skal setja í endanlegu skilmálana.

3. Þær upplýsingar sem vísað er til sem „Flokks C“ í 14. til 19. viðauka og 27. viðauka við þessa reglugerð skal setja í endanlegu skilmálana, nema þær séu þekktar þegar grunnlýsingin er staðfest en þá má setja þær í þá grunnlýsingu í staðinn.

4. Til viðbótar við þær upplýsingar sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar mega endanlegu skilmálarnir aðeins hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 28. viðauka við þessa reglugerð. Eyðublaðið fyrir endanlega skilmála sem um getur í a-lið 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal tilgreina hvaða upplýsingar sem vísað er til í 28. viðauka við þessa reglugerð verða ákvarðaðar í endanlegu skilmálunum.

5. Endanlegir skilmálar skulu ekki stangast á við upplýsingarnar í grunnlýsingunni.

27. gr.

Samantekt lýsingar

1. Yfirlitskafli lýsingar má aðeins nefnast „samantekt“ ef hann uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. Ef bæta á við samantekt lýsingar í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu nýju upplýsingarnar felldar inn í samantekt þeirrar lýsingar með hætti sem gerir fjárfestum kleift að greina auðveldlega hverju var breytt. Nýju upplýsingarnar skulu felldar inn í samantekt lýsingarinnar annað hvort með gerð nýrrar samantektar eða með viðbót við upprunalega samantekt.

IV. KAFLI

ESB-VAXTARLÝSING

28. gr.

Útgefandalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf

Sértæk útgefandalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem samin er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 24. viðauka við þessa reglugerð.

29. gr.

Útgefandalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

Sértæk útgefandalýsing fyrir verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, sem samin er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 25. viðauka við þessa reglugerð.

30. gr.

Verðbréfalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf

Sértæk verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem samin er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 26. viðauka við þessa reglugerð.

31. gr.

Verðbréfalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

Sértæk verðbréfalýsing fyrir verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, sem samin er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 27. viðauka við þessa reglugerð.

32. gr.

Framsetning ESB-vaxtarlýsingar

1. ESB-vaxtarlýsing sem samin er sem eitt skjal skal samanstanda af eftirfarandi þáttum í eftirfarandi röð:

a) efnisyfirliti,

b) eftir atvikum, öllum upplýsingum sem felldar eru inn með tilvísun í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

c) sértæku samantektinni,

d) sé ESB-vaxtarlýsingin samin í formi grunnlýsingar, almennri lýsingu á útboðsáætluninni,

e) þeim upplýsingum sem um getur í 1. þætti 24. viðauka eða 1. þætti 25. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

f) þeim upplýsingum sem um getur í 2. þætti 24. viðauka eða 2. þætti 25. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

g) séu hlutabréfatengd verðbréf gefin út af útgefanda með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum, þeim upplýsingum sem um getur í 2. þætti 26. viðauka við þessa reglugerð,

h) þeim upplýsingum sem um getur í 3. þætti 24. viðauka og 3. þætti 26. viðauka eða þeim upplýsingum sem um getur í 3. þætti 25. viðauka og 2. þætti 27. viðauka, eftir tegund verðbréfanna,

i) þeim upplýsingum sem um getur í 4. þætti 26. viðauka eða 3. þætti 27. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

j) þeim upplýsingum sem um getur í 5. þætti 26. viðauka eða 4. þætti 27. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

k) þeim upplýsingum sem um getur í 4. þætti 24. viðauka eða 4. þætti 25. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

l) þeim upplýsingum sem um getur í 5. þætti 24. viðauka eða 5. þætti 25. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

m) þeim upplýsingum sem um getur í 6. þætti 24. viðauka eða 6. þætti 25. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna,

n) sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem fela í sér ábyrgð, þeim upplýsingum sem um getur í 5. þætti 27. viðauka við þessa reglugerð,

o) þeim upplýsingum sem um getur í 7. þætti 24. viðauka eða 7. þætti 25. viðauka við þessa reglugerð, eftir tegund verðbréfanna.

2. Sé ESB-vaxtarlýsing samin sem aðskilin skjöl skulu útgefandalýsingin fyrir hana og verðbréfalýsingin fyrir hana fela í sér eftirfarandi þætti í eftirfarandi röð:

a) útgefandalýsingu fyrir ESB-vaxtarlýsingu:

i. efnisyfirlit,

ii. eftir atvikum, allar upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

iii. hvers konar aðrar upplýsingar sem um getur í 24. eða 25. viðauka við þessa reglugerð sem, allt eftir tegund verðbréfanna, eiga að vera í útgefandalýsingu ESB-vaxtarlýsingar í sömu röð og þættirnir sem koma fram í þessum viðaukum,

b) verðbréfalýsingu fyrir ESB-vaxtarlýsingu:

i. efnisyfirlit,

ii. eftir atvikum, allar upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

iii. almenna lýsingu á áætluninni, sé um að ræða grunnlýsingu,

iv. hvers konar aðrar upplýsingar sem um getur í 26. eða 27. viðauka við þessa reglugerð sem, allt eftir tegund verðbréfanna, eiga að vera í verðbréfalýsingu ESB-vaxtarlýsingar í sömu röð og þættirnir sem koma fram í þessum viðaukum.

3. ESB-vaxtarlýsing sem er samin annað hvort sem eitt skjal eða aðskilin skjöl getur verið í formi grunnlýsingar.

4. Lítil og meðalstór fyrirtæki, útgefendur og tilboðsgjafar sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fylgja sömu röð og þættirnir í viðaukunum við þessa reglugerð. Þau geta þó vikið frá röð upplýsingaliðanna innan þeirra þátta.

33. gr.

Sértæk samantekt fyrir ESB-vaxtarlýsingu

1. Í sértæku samantektinni fyrir ESB-vaxtarlýsinguna skal veita þær lykilupplýsingar sem fjárfestar þurfa til að skilja eðli og áhættu útgefanda, ábyrgðarveitanda og verðbréfa sem boðin eru út.

2. Efni sértækrar samantektar skal vera rétt, sanngjarnt og skýrt og ekki misvísandi.

3. Sértæk samantekt skal vera í samræmi við aðra hluta ESB-vaxtarlýsingarinnar.

4. Sértæk samantekt skal samin sem stutt skjal sem ritað er á gagnorðan hátt og vera að hámarki sex A4 blaðsíður að lengd útprentuð. Sértæka samantektin skal:

a) sett fram og hönnuð þannig að hún sé auðveld aflestrar og skulu stafir í henni vera af læsilegri stærð,

b) skrifuð á skýru og gagnorðu máli, ekki tæknilegu, sem er auðskilið fjárfestum.

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um upplýsingar sem eru settar fram í töfluformi.

5. Sértæk samantekt skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 23. viðauka við þessa reglugerð.

6. Sértæk samantekt skal hvorki hafa að geyma millivísanir í aðra hluta ESB-vaxtarlýsingarinnar né skal fella upplýsingar inn í samantektina með tilvísun.

7. Í sértæku samantektinni má nota undirfyrirsagnir til framsetningar á þeim upplýsingum sem um getur í 2., 3. og 4. þætti 22. viðauka við þessa reglugerð.

8. Heildarfjöldi áhættuþátta, sem um getur í liðum 2.3.1, 3.3. (d-lið) og 3.4.1 í 23. viðauka við þessa reglugerð og koma fram í sértæku samantektinni, skal ekki fara yfir 15.

9. Falli verðbréf einnig undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ([5]) getur lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins krafist þess að lítil og meðalstór fyrirtæki, útgefendur og tilboðsgjafar sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skipti út upplýsingunum sem um getur í 3. þætti 23. viðauka við þessa reglugerð fyrir þær upplýsingar sem koma fram í c- til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.

10. Krefjist lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins þess ekki að skipt sé út upplýsingum, eins og um getur í 9. mgr., er litlum og meðalstórum fyrirtækjum, útgefendum og tilboðsgjöfum sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 heimilt að skipta út þeim upplýsingum sem um getur í 3. þætti 23. viðauka við þessa reglugerð fyrir þær upplýsingar sem um getur í c- til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.

11. Sé upplýsingunum sem um getur í 9. og 10. mgr. skipt út skulu þær settar fram í sérstökum kafla sértæku samantektarinnar og skal tilgreint með skýrum hætti að sá kafli innihaldi þær upplýsingar sem um getur í c- til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.

12. Hámarkslengd sértæku samantektarinnar sem um getur í 4. mgr. skal aukin um:

a) eina A4 blaðsíðu til viðbótar ef sértæka samantektin hefur að geyma upplýsingar um ábyrgð sem verðbréfin eru í,

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

b) tvær A4 blaðsíður til viðbótar ef sértæka samantektin tekur til fleiri en eins verðbréfs og viðkomandi verðbréf eru sams konar nema að mjög takmörkuðu leyti, s.s. að því er varðar útgáfuverð eða lokagjalddaga,

c) þrjár A4 blaðsíður til viðbótar ef upplýsingum er skipt út eins og um getur í 9. og 10. mgr.

Að því er varðar c-lið má nota þrjár A4 blaðsíður til viðbótar fyrir hvert verðbréf ef sértæka samantektin tekur til fleiri en eins verðbréfs og viðkomandi verðbréf eru sams konar nema að mjög takmörkuðu leyti, s.s. að því er varðar útgáfuverð eða lokagjalddaga.

34. gr.

Viðaukar við sértæka samantekt fyrir ESB-vaxtarlýsingu

Ef bæta á við sértæka samantekt ESB-vaxtarlýsingar í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu nýju upplýsingarnar felldar inn í sértæka samantekt þeirrar ESB-vaxtarlýsingar með hætti sem gerir fjárfestum auðveldlega kleift að greina hverju var breytt. Nýju upplýsingarnar skulu felldar inn í sértæka samantekt ESB- vaxtarlýsingarinnar annað hvort með gerð nýrrar sértækrar samantektar eða með viðbót við upprunalega sértæka samantekt.

V. KAFLI

ATHUGUN OG STAÐFESTING LÝSINGAR OG KÖNNUN Á ALMENNRI ÚTGEFANDALÝSINGU

35. gr.

Umfang athugunar

Að því er varðar athugun lýsingar og könnun á almennri útgefandalýsingu ber að skilja tilvísanir í lýsingu sem lýsinguna eða einhverja hluta hennar, þ.m.t. almenna útgefandalýsingu, hvort sem hún hefur verið lögð fram til staðfestingar eða skráð án fyrirframsamþykkis, og allar breytingar á henni og viðauka við lýsinguna.

36. gr.

Viðmið um athugun á því hvort upplýsingar í lýsingu séu fullnægjandi

1. Að því er varðar athugun á því hvort upplýsingar í lýsingardrögum séu fullnægjandi skulu lögbær yfirvöld meta öll eftirfarandi atriði:

a) hvort lýsingardrögin eru samin í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129 og þessa reglugerð, allt eftir tegund útgefanda, tegund útgáfu, gerð verðbréfs og tegund útboðs eða töku til viðskipta,

b) hvort útgefandi á margþættan fjármálaferil að baki eða hefur tekið á sig verulegar fjárskuldbindingar eins og um getur í 18. gr.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. geta lögbær yfirvöld krafist þess að útgefandinn bæti við, breyti eða fjarlægi upplýsingar úr lýsingardrögum, að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) tegundar verðbréfa,

b) þeirra upplýsinga sem þegar eru í lýsingunni og hvort í henni eru upplýsingar sem þegar eru í lýsingu annars aðila en útgefanda og þá hvaða upplýsingar, sem og viðeigandi reikningsskila- og endurskoðunarreglna,

c) fjárhagslegs eðlis þeirra viðskipta sem útgefandi eignaðist eða seldi fyrirtæki sitt eða hluta þess gegnum og tiltekins eðlis þess fyrirtækis,

d) hvort útgefandi geti með eðlilegri fyrirhöfn fengið upplýsingar um hinn aðilann, annan en útgefanda.

37. gr.

Viðmið um athugun á skiljanleika upplýsinga í lýsingu

1. Að því er varðar athugun á því hvort upplýsingar í lýsingardrögum séu skiljanlegar skulu lögbær yfirvöld meta öll eftirfarandi atriði:

a) hvort í lýsingardrögunum sé skýrt og ítarlegt efnisyfirlit,

b) hvort lýsingardrögin séu laus við óþarfa endurtekningar,

c) hvort tengdar upplýsingar séu flokkaðar saman,

d) hvort auðlæsileg leturstærð sé notuð í lýsingardrögunum,

e) hvort uppbygging lýsingardraganna geri fjárfestum kleift að skilja efni þeirra,

f) hvort í lýsingardrögunum séu skilgreindir einstakir hlutar stærðfræðiformúla og, eftir atvikum, hvort þau lýsi greinilega uppbyggingu afurðarinnar,

g) hvort lýsingardrögin séu skrifuð á skýru máli,

h) hvort í lýsingardrögunum sé glögglega lýst eðli rekstrar útgefanda og helstu starfsemi hans,

i) hvort í lýsingardrögunum séu útskýrð sérfræðiorð sem eru bundin við viðkomandi fag- eða atvinnugreinar.

Lögbær yfirvöld skulu þó ekki þurfa að meta g-, h- og i-lið ef lýsingardrögin á eingöngu að nota við töku verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd til viðskipta á skipulegum markaði en þá er ekki krafist samantektar skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. Að því er varðar fyrstu undirgrein geta lögbær yfirvöld krafist þess, í hverju tilviki fyrir sig, að tilteknar upplýsingar sem veittar eru í lýsingardrögum komi fram í samantektinni til viðbótar við þær upplýsingar sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 og 33. gr. þessarar reglugerðar.

38. gr.

Viðmið um athugun á samræmi upplýsinga í lýsingu

Að því er varðar athugun á samræmi upplýsinga í lýsingardrögum skulu lögbær yfirvöld meta öll eftirfarandi atriði:

a) hvort lýsingardrögin eru laus við verulegt ósamræmi upplýsinga sem þau hafa að geyma, þ.m.t. í upplýsingum sem felldar eru inn með tilvísun,

b) hvort öll veruleg og sértæk áhætta sem upplýst er um annars staðar í lýsingardrögunum sé tilgreind í kaflanum um áhættuþætti,

c) hvort upplýsingarnar í samantektinni séu í samræmi við upplýsingar annars staðar í lýsingardrögunum,

d) hvort tölur um notkun ágóða samsvari fjárhæð þess ágóða sem verið er að afla og hvort tilgreind notkun ágóðans sé í samræmi við tilgreinda áætlun útgefanda,

e) hvort samræmi sé á milli lýsingarinnar á útgefandanum í yfirlitinu um rekstur og fjármál, sögulegu fjárhagsupplýsinganna, lýsingarinnar á starfsemi útgefanda og lýsingarinnar á áhættuþáttum,

f) hvort yfirlýsingin um veltufé sé í samræmi við áhættuþætti, áritun endurskoðanda, notkun ágóðans, tilgreinda áætlun útgefanda og það hvernig áætlunin verður fjármögnuð.

39. gr.

Athugun á upplýsingum í lýsingu fyrir útgefendur í sérstakri starfsemi

Lögbær yfirvöld geta krafist þess að viðbótarupplýsingum sé bætt við lýsinguna vegna rekstrar útgefenda í sérstakri starfsemi sem fellur undir einn þeirra flokka sem tilgreindir eru í 29. viðauka.

40. gr.

Viðbótarviðmið um athugun á því hvort upplýsingar í lýsingu séu fullnægjandi, skiljanlegar og samkvæmar

Ef nauðsynlegt er í þágu fjárfestaverndar getur lögbært yfirvald beitt viðbótarviðmiðum auk þeirra sem mælt er fyrir um í 36., 37. og 38. gr. til athugunar á því hvort upplýsingar í lýsingardrögum séu fullnægjandi, skiljanlegar og samkvæmar.

41. gr.

Meðalhóf við athugun á lýsingardrögum og könnun á almennri útgefandalýsingu

1. Séu fyrstu drög lýsingar sem lögð eru fram hjá lögbæru yfirvaldi í meginatriðum svipuð og lýsing sem sama lögbæra yfirvald hefur þegar staðfest og séu allar breytingar sem gerðar hafa verið á þeirri staðfestu lýsingu skýrt merktar í lýsingardrögum skal lögbæra yfirvaldið aðeins þurfa að beita þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í 36., 37. og 38. gr. til að athuga þessar breytingar og þær upplýsingar sem þær hafa áhrif á.

2. Að því er varðar athugun á almennri útgefandalýsingu sem er skráð án fyrirframsamþykkis og hefur þegar verið könnuð, eða breytingu á slíku skjali, skulu lögbær yfirvöld aðeins þurfa að beita þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í 36., 37. og 38. gr. á þá hluta almennu útgefandalýsingarinnar eða breytinganna sem hafa ekki verið kannaðir.

3. Séu upplýsingar felldar inn í fyrstu drög lýsingar með tilvísun í skjal sem hefur verið staðfest í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129 eða í samræmi við ákvæði landslaga sem leiða í lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB ([6]) skulu lögbær yfirvöld aðeins þurfa að beita þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í 38. gr. þessarar reglugerðar til að athuga þær upplýsingar.

4. Við beitingu ákvæða 1., 2. eða 3. mgr. skulu lögbær yfirvöld krefjast staðfestingar útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði á því að allar upplýsingar í lokaútgáfu lýsingarinnar eða almennu útgefandalýsingarinnar hafi verið uppfærðar og innihaldi allar þær upplýsingar sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð og eiga við um þá lýsingu eða almennu útgefandalýsinguna.

5. Séu síðari lýsingardrög lögð fram hjá lögbæru yfirvaldi skal lögbæra yfirvaldið, við athugun á slíkum síðari drögum, aðeins þurfa að beita þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í 36., 37. og 38. gr. á breytingar sem gerðar hafa verið á síðustu drögum og aðrar upplýsingar sem þær breytingar hafa áhrif á.

42. gr.

Framlagning umsóknar um staðfestingu lýsingardraga eða skráning almennrar útgefandalýsingar eða breytinga á henni

1. Öll lýsingardrög skulu lögð fram hjá lögbæru yfirvaldi á leitarbæru, rafrænu formi með rafrænum hætti.

Þegar fyrstu drög lýsingar eru lögð fram skal útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um tengilið sem yfirvaldið getur sent allar tilkynningar til skriflega og á rafrænan hátt.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

2. Eftirfarandi upplýsingar skal einnig leggja fram hjá lögbæra yfirvaldinu á leitarbæru, rafrænu formi á rafrænan hátt:

a) listinn yfir millivísanir, hafi lögbært yfirvald krafist þess í samræmi við 5. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar eða þegar hann er lagður fram að eigin frumkvæði,

b) sé ekki krafist lista yfir millivísanir, skjal sem tilgreinir öll atriði í viðaukunum við þessa reglugerð sem, vegna eðlis eða tegundar útgefanda, verðbréfa, útboðs eða töku til viðskipta, koma ekki fram í lýsingardrögunum,

c) allar upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun eins og um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, nema slíkar upplýsingar hafi þegar verið staðfestar af eða lagðar fram hjá sama lögbæra yfirvaldi á leitarbæru rafrænu formi,

d) allar rökstuddar beiðnir til lögbærs yfirvalds um að heimila að upplýsingum sé sleppt úr lýsingunni eins og um getur í 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

e) allar beiðnir til lögbærs yfirvalds um tilkynningu eins og um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

f) allar beiðnir til lögbærs yfirvalds um tilkynningu eins og um getur í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

g) viðauki eins og um getur í 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129, nema samantektar sé ekki krafist samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

h) staðfesting á að samkvæmt bestu vitund útgefanda hafi allar upplýsingar sem reglur kveða á um og ber að birta samkvæmt ákvæðum landslaga sem leiða í lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([7]), eftir atvikum, og samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 ([8]) verið lagðar fram og birtar í samræmi við þær gerðir á síðustu 18 mánuðum eða á tímabilinu síðan skyldan til að birta þær upplýsingar, sem reglur kveða á um, tók gildi, hvort sem skemmra er, ef útgefandinn er að leggja fram drög almennrar útgefandalýsingar til staðfestingar eða að skrá almenna útgefandalýsingu án fyrirframsamþykkis og óskar eftir að fá stöðu tíðs útgefanda,

i) sé almenn útgefandalýsing skráð án fyrirframsamþykkis, útskýring á því hvernig hefur verið tekið tillit til beiðni um breytingu eða viðbótarupplýsingar, eins og um getur í annarri undirgrein 9. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 í almennu útgefandalýsingunni,

j) allar aðrar upplýsingar sem lögbært yfirvald hefur krafist í tengslum við athugun og staðfestingu lýsingarinnar eða athugun, könnun og staðfestingu almennu útgefandalýsingarinnar.

3. Séu athugasemdir skráðar á spássíu almennrar útgefandalýsingar sem skráð er án fyrirframsamþykkis í samræmi við 6. mgr. 24. gr. skal henni fylgja nákvæmlega eins eintak án athugasemda á spássíu.

4. Sé almenn útgefandalýsing skráð án fyrirframsamþykkis eða almennri útgefandalýsingu breytt skulu þær upplýsingar sem um getur í a-, b-, c-, d-, h- og i-lið 2. mgr. lagðar fram á sama tíma og almenna útgefandalýsingin er skráð hjá lögbæra yfirvaldinu en þær upplýsingar sem um getur í j-lið 2. mgr. skulu lagðar fram meðan á könnunarferlinu stendur. Í öllum öðrum tilfellum skulu þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. lagðar fram með fyrstu drögum lýsingar sem lögð er fram hjá lögbæru yfirvaldi eða meðan á athugunarferlinu stendur.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

5. Tíður útgefandi sem upplýsir lögbært yfirvald um að hann hyggist leggja fram umsókn um staðfestingu lýsingardraga í samræmi við annan málslið fyrstu undirgreinar 6. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal gera það skriflega og á rafrænan hátt.

Þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu tilgreina þá viðauka við þessa reglugerð sem eiga við um þau lýsingardrög.

43. gr.

Breytingar á lýsingardrögum meðan á staðfestingarferli stendur

1. Í hverri útgáfu lýsingardraga sem lögð er fram eftir fyrstu lýsingardrög skal merkja sérstaklega allar breytingar sem gerðar hafa verið á síðustu drögum og skulu þeim fylgja drög án merkinga. Lögbær yfirvöld skulu taka við merktum útdráttum úr síðustu lýsingardrögum ef aðeins takmarkaðar breytingar hafa verið gerðar.

2. Hafi lögbær yfirvöld, í samræmi við 2. mgr. 45. gr. þessarar reglugerðar, tilkynnt útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði að lýsingardrögin uppfylli ekki kröfurnar um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm eins og um getur í 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal þeim lýsingardrögum sem lögð eru fram eftir það fylgja skýring á því með hvaða hætti hefur verið tekið á þeim eftirstandandi atriðum sem lögbært yfirvald tilkynnti um.

3. Skýri breytingar, sem eru gerðar á lýsingardrögum, sig sjálfar eða sé með þeim tekið með skýrum hætti á þeim atriðum sem lögbært yfirvald tilkynnti um, telst það fullnægjandi skýring að tilgreina hvar breytingarnar voru gerðar til að taka á hinum eftirstandandi atriðum.

44. gr.

Framlagning lokaútgáfu lýsingar til staðfestingar

1. Lokaútgáfa lýsingar skal lögð fram til staðfestingar ásamt öllum þeim upplýsingum sem um getur í 2. mgr. 42. gr. sem hafa breyst frá síðustu framlagningu að undanskildum þeim upplýsingum sem um getur í a- og h-lið þeirrar greinar. Ekki skal færa athugasemdir á spássíu lokaútgáfu lýsingar.

2. Hafi engar breytingar verið gerðar á þeim upplýsingum sem um getur í 2. mgr. 42. gr. skal útgefandi, tilboðsgjafi eða sá aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði staðfesta það skriflega og á rafrænan hátt.

45. gr.

Staðfesting á móttöku umsóknar um staðfestingu lýsingardraga eða skráningu almennrar útgefandalýsingar eða breytinga á henni og afgreiðsla umsóknar um staðfestingu lýsingardraga

1. Lögbær yfirvöld skulu staðfesta móttöku á upphaflegri umsókn um staðfestingu lýsingardraga eða á skráningu almennrar útgefandalýsingar eins og um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 eða á breytingu á slíkri almennri útgefandalýsingu skriflega og á rafrænan hátt eins fljótt og auðið er og eigi síðar en í dagslok á öðrum virkum degi eftir móttöku umsóknarinnar eða skráningarinnar.

Við móttöku upphaflegrar umsóknar um staðfestingu lýsingardraga og skráningu almennrar útgefandalýsingar, eða breytingar á þeim, skal lögbæra yfirvaldið upplýsa útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði um eftirfarandi:

a) tilvísunarnúmer umsóknarinnar eða skráningarinnar,

b) tengilið innan lögbæra yfirvaldsins sem fyrirspurnum um umsóknina eða skráninguna má beina til.

2. Uppfylli lýsingardrögin ekki kröfurnar um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm, sem nauðsynlegt er til staðfestingar hennar, eða sé þörf á breytingum eða viðbótarupplýsingum, skulu lögbær yfirvöld upplýsa útgefandann, tilboðsgjafann eða aðilann sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði um það skriflega og á rafrænan hátt.

Uppfylli almenn útgefandalýsing eins og um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, eða breyting á slíkri almennri útgefandalýsingu, ekki kröfurnar um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm eða ef þörf er á breytingum eða viðbótarupplýsingum skulu lögbær yfirvöld upplýsa útgefandann um það skriflega og með rafrænum hætti. Þurfi að ráða bót á annmarkanum án ástæðulausrar tafar, eins og krafist er í þriðju undirgrein 9. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, skal lögbæra yfirvaldið upplýsa útgefandann um það.

3. Lögbært yfirvald skal tilkynna útgefandanum, tilboðsgjafanum eða aðilanum sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði um ákvörðun sína um staðfestingu lýsingardraganna skriflega og á rafrænan hátt eins fljótt og auðið er og eigi síðar en í dagslok daginn sem sú ákvörðun er tekin.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

46. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 809/2004 er felld úr gildi.

47. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

LISTI YFIR VIÐAUKA

A-HLUTI

ÚTGEFANDALÝSINGAR

1. viðauki: Útgefandalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf

2. viðauki: Almenn útgefandalýsing

3. viðauki: Útgefandalýsing fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa

4. viðauki: Útgefandalýsing fyrir hlutdeildarskírteini í lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

5. viðauki: Útgefandalýsing fyrir heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa

6. viðauki: Útgefandalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta

7. viðauki: Útgefandalýsing fyrir verðbréf í heildsölu sem ekki eru hlutabréfatengd

8. viðauki: Útgefandalýsing fyrir síðari útgáfur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd

9. viðauki: Útgefandalýsing fyrir eignavarin verðbréf

10. viðauki: Útgefandalýsingar fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út af þriðju löndum og svæðis- og staðaryfirvöldum þeirra

B-HLUTI

VERÐBRÉFALÝSING

11. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

12. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa eða hlutdeildarskírteina sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

13. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa

14. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta

15. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir verðbréf í heildsölu sem ekki eru hlutabréfatengd

16. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir síðari útgáfur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd

C-HLUTI

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR Í LÝSINGU

17. viðauki: Verðbréf sem leiða til greiðslu- eða afhendingarskyldu sem tengist undirliggjandi eign

18. viðauki: Undirliggjandi hlutabréf

19. viðauki: Eignavarin verðbréf

20. viðauki: *Pro forma* upplýsingar

21. viðauki: Ábyrgðir

22. viðauki: Samþykki

D-HLUTI

ESB-VAXTARLÝSING

23. viðauki: Sértæk samantekt fyrir ESB-vaxtarlýsingu

24. viðauki: Útgefandalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf

25. viðauki: Útgefandalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

26. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf

27. viðauki: Verðbréfalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd

E-HLUTI

AÐRIR FLOKKAR UPPLÝSINGA

28. viðauki: Listi yfir viðbótarupplýsingar í endanlegum skilmálum

29. viðauki: Listi yfir útgefendur í sérstakri starfsemi

———

1. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi útgefandalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar.
2. ÞÁTTUR	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
Liður 2.1.	Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til (og aðild þeirra að fagfélagi).
Liður 2.2.	Hafi endurskoðendur sagt upp störfum, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til, skal veita allar upplýsingar sem máli skipta.

3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 4.1.	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda.
Liður 4.2.	Skráningarstaður útgefanda, skráningarnúmer hans og auðkenni lögaðila (LEI-númer).
Liður 4.3.	Stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema hann sé ótiltekinn,
Liður 4.4.	Lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfstöðvar ef hún er ekki á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
5. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM STARFSEMI
Liður 5.1.	Meginstarfsemi
Liður 5.1.1.	Lýsing á og lykilþættir í tengslum við eðli rekstrar útgefanda og meginstarfsemi hans þ.m.t. helstu flokkar afurða sem hann selur og/eða þjónustu sem hann veitir fyrir hvert fjárhagsár á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar ná til.
Liður 5.1.2.	Tilgreining á öllum nýjum afurðum og/eða þjónustu sem bætt hefur verið við og skipta máli og, að því marki sem þróun nýrra afurða eða þjónustu hefur verið tilkynnt opinberlega, upplýsingar um stöðu þróunar þeirra.
Liður 5.2.	Helstu markaðir Lýsing á helstu mörkuðum sem útgefandinn keppir á, þ.m.t. sundurliðun heildartekna eftir starfsþáttum og landfræðilegum mörkuðum fyrir hvert fjárhagsár sem hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar ná til.
Liður 5.3.	Mikilvægir atburðir í framvindu starfsemi útgefanda.
Liður 5.4.	Stefna og markmið Lýsing á starfsstefnu og markmiðum útgefanda, bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum (ef einhver eru). Í þessari lýsingu skal tekið tillit til framtíðaráskorana og -horfa
Liður 5.5.	Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef slíkir þættir skipta máli fyrir rekstur eða arðsemi útgefanda.
Liður 5.6.	Gefi útgefandinn yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún byggist.
Liður 5.7.	Fjárfestingar
Liður 5.7.1.	Lýsing (þ.m.t. fjárhæðir) á verulegum fjárfestingum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár á því tímabili sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingar.

Liður 5.7.2.	Lýsing á öllum verulegum fjárfestingum útgefanda sem eru yfirstandandi eða gengist hefur verið undir fastar skuldbindingar vegna, þ.m.t. landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (innanlands og erlendis) og fjármögnunaraðferð (innri eða ytri).
Liður 5.7.3.	Upplýsingar um samrekstur (*e. joint ventures*) og fyrirtæki sem útgefandi á það stóran hluta hlutafjár í að líklegt er að það hafi veruleg áhrif á mat á hans eigin eignum og skuldum, fjárhagsstöðu eða hagnaði og tapi.
Liður 5.7.4.	Lýsing á öllum umhverfisþáttum sem kunna að hafa áhrif á möguleika útgefanda til að nota fastafjármuni.
6. ÞÁTTUR	STJÓRNSKIPULAG
Liður 6.1.	Sé útgefandi hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar. Þetta getur verið í formi skýringarmyndar yfir stjórnskipulagið, eða slík mynd getur fylgt með, ef það hjálpar til við að skýra skipulagið.
Liður 6.2.	Listi yfir mikilvæg dótturfyrirtæki útgefanda, þ.m.t. nafn, heiti lands þar sem fyrirtækið er skráð eða hefur aðsetur, hlutfall eignarhluta og hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en hlutfall eignarhlutar.
7. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM REKSTUR OG FJÁRHAG
Liður 7.1.	Fjárhagsstaða
Liður 7.1.1.	Að því marki sem ekki er fjallað um það annars staðar í útgefandalýsingu og nauðsynlegt er til að skilja starfsemi útgefanda í heild, glöggt yfirlit um þróun og afkomu í rekstri útgefanda og stöðu hans fyrir hvert ár og árshluta sem krafist er sögulegra fjárhagsupplýsinga um, þ.m.t. ástæður fyrir verulegum breytingum. Yfirlitið skal vera hlutlæg og ítarleg greining á þróun og afkomu í rekstri útgefanda og stöðu hans í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar. Að því marki sem nauðsynlegt er til að skilja þróun, afkomu eða stöðu útgefanda skal greiningin fela í sér helstu árangursmælikvarða, bæði fjárhagslega og, eftir því sem við á, ófjárhagslega, fyrir viðkomandi starfsemi. Greiningin skal, eftir því sem við á, vísa til fjárhæða, sem koma fram í árlegum reikningsskilum og fela í sér frekari skýringar á þeim.
Liður 7.1.2.	Að því marki sem ekki er fjallað um annars staðar í útgefandalýsingunni og nauðsynlegt er til að skilja starfsemi útgefanda í heild skal yfirlitið einnig veita upplýsingar um: a) líklega framtíðarþróun í starfsemi útgefanda, b) rannsókna- og þróunarstarf, Uppfylla má kröfurnar í lið 7.1. með því að láta fylgja skýrslu stjórnenda sem um getur í 19. og 29. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([1]).
Liður 7.2.	Rekstrarafkoma
Liður 7.2.1.	Upplýsingar um mikilvæga þætti, þ.m.t. óvenjulega eða fátíða atburði eða nýja þróun, sem hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur útgefanda og að hvaða marki tekjurnar urðu fyrir slíkum áhrifum.
Liður 7.2.2.	Ef fram koma verulegar breytingar á nettósölu eða nettótekjum í sögulegu fjárhagsupplýsingunum skal fjalla um ástæður slíkra breytinga.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE(Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

8. ÞÁTTUR	FJÁRMAGN
Liður 8.1.	Upplýsingar um fjármagn útgefanda (bæði til skamms og langs tíma).
Liður 8.2.	Skýring á uppruna og fjárhæðum sjóðstreymis útgefanda ásamt lýsingu í frásagnarformi á sjóðstreyminu.
Liður 8.3.	Upplýsingar um lánsfjárþörf og fjármögnunarskipulag útgefanda.
Liður 8.4.	Upplýsingar um takmarkanir á notkun fjármagns sem hafa haft eða gætu haft veruleg áhrif á rekstur útgefanda með beinum eða óbeinum hætti.
Liður 8.5.	Upplýsingar um áætlaðar fjármögnunarleiðir sem þörf er á til að mæta skuldbindingum sem um getur í lið 5.7.2.
9. ÞÁTTUR	LAGAUMHVERFI
Liður 9.1.	Lýsing á því lagaumhverfi sem útgefandi starfar í og getur haft veruleg áhrif á rekstur hans, ásamt upplýsingum um hvers kyns opinbera, efnahags-, skatta-, peninga- eða stjórnmálastefnu eða tengda þætti sem hafa haft eða gætu haft veruleg bein eða óbein áhrif á rekstur útgefanda.
10. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN
Liður 10.1.	Lýsing á: a) mikilvægustu nýlegu þróun í framleiðslu, sölu og birgðum ásamt kostnaði og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs til dagsetningar útgefandalýsingar. b) öllum verulegum breytingum á fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar fyrir til dagsetningar útgefandalýsingarinnar, eða yfirlýsing um að engar slíkar verulegar breytingar hafi átt sér stað.
Liður 10.2.	Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á horfur útgefanda á a.m.k. yfirstandandi fjárhagsári.
11. ÞÁTTUR	AFKOMUSPÁR EÐA AFKOMUÁÆTLANIR
Liður 11.1.	Hafi útgefandi birt afkomuspá eða afkomuáætlun (sem hefur ekki enn raungerst en er þó í gildi) skal sú spá eða áætlun vera í útgefandalýsingunni. Hafi afkomuspá eða afkomuáætlun verið birt, ekki raungerst og er ekki lengur í gildi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt útskýringu á því hvers vegna spáin eða áætlunin er ekki lengur í gildi. Slík ógild spá eða áætlun fellur ekki undir kröfurnar í liðum 11.2. og 11.3.
Liður 11.2.	Kjósi útgefandi að láta fylgja nýja afkomuspá eða nýja afkomuáætlun eða áður birta afkomuspá eða afkomuáætlun í samræmi við lið 11.1., skal afkomuspáin eða -áætlunin vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni, c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.

Liður 11.3.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
12. ÞÁTTUR	STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR
Liður 12.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé, c) stofnenda hafi útgefandi starfað skemur en í fimm ár, d) æðstu stjórnenda sem skipta máli fyrir það að sýna fram á að útgefandi búi yfir viðeigandi sérþekkingu og reynslu til stjórnunar á rekstri sínum. Upplýsingar um eðli fjölskyldutengsla milli einhverra þeirra aðila sem um getur í a- til d-lið. Að því er varðar hvern aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og hvern einstakling, sem um getur í b- og d-lið fyrsta undirliðar, upplýsingar um viðeigandi sérþekkingu og reynslu af stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum: a) heiti allra fyrirtækja og sameignar-/samlagsfélaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin setið í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem viðkomandi einstaklingur situr einnig í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikabrota a.m.k. næstliðin fimm ár, c) upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferðir, félagsslit eða félög sem sett eru undir sérstaka stjórn í tengslum við þá einstaklinga sem lýst er í a- og d-lið fyrstu undirgreinar sem gegndu einu eða fleiri af þessum hlutverkum sínum á a.m.k. næstliðnum fimm árum, d) upplýsingar um ákærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndra fagaðila) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða hafa með höndum verkefni hjá einhverjum útgefanda á a.m.k. næstliðnum fimm árum. Þurfi ekki að birta neinar slíkar upplýsingar skal lýsa því yfir.
Liður 12.2.	Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda. Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim aðilum sem vísað er til í lið 12.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir. Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi við stærstu hluthafa, viðskiptavini, birgja eða aðra um það hverjir þeirra aðila sem um getur í lið 12.1 eru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða til að vera meðal æðstu stjórnenda. Greina skal frá öllum þeim takmörkunum sem þeir aðilar sem um getur í lið 12.1 samþykkja á ráðstöfun eignarhluta sinna í verðbréfum útgefanda innan tiltekins tímabils.
13. ÞÁTTUR	LAUN OG HLUNNINDI
	Að því er varðar þá aðila sem um getur í a- og d-lið fyrsta undirliðar liðar 12.1 skal tilgreina eftirfarandi fyrir síðasta heila fjárhagsár:

Liður 13.1.	Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtra eða frestaðra launa) og hlunnindi sem útgefandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt slíkum aðilum fyrir þjónustu af hvaða tagi sem er sem hvaða aðili sem er hefur veitt útgefanda og dótturfyrirtækjum hans. Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útgefanda og útgefandi birtir ekki slíkar upplýsingar opinberlega með öðrum hætti.
Liður 13.2.	Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útgefandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað upp vegna lífeyris, starfsloka eða svipaðra hlunninda.
14. ÞÁTTUR	STARFSVENJUR STJÓRNAR
	Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar um síðasta heila fjárhagsár útgefanda og, nema annað sé tilgreint, að því er varðar þá aðila sem um getur í a-lið fyrsta undirliðar liðar 12.1.
Liður 14.1.	Lokadag skipunartíma, ef við á, og tímabilið sem einstaklingurinn hefur gegnt viðkomandi starfi.
Liður 14.2.	Upplýsingar um þá sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn og gert hafa þjónustusamning við útgefanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans sem kveður á um hlunnindi við starfslok eða yfirlýsing um að ekki sé um slík hlunnindi að ræða.
Liður 14.3.	Upplýsingar um endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd útgefanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.
Liður 14.4.	Yfirlýsing um hvort útgefandi uppfyllir þær reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem gilda um hann. Uppfylli útgefandi ekki slíkar reglur skal fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfyllir ekki reglurnar.
Liður 14.5.	Möguleg veruleg áhrif á stjórnarhætti fyrirtækisins, þ.m.t. framtíðarbreytingar á samsetningu stjórnar og nefnda (að því marki sem stjórnin og/eða hluthafafundur hafa þegar ákveðið það).
15. ÞÁTTUR	STARFSMENN
Liður 15.1.	Tilgreina skal annað hvort fjölda starfsmanna við lok tímabilsins eða meðalfjölda þeirra fyrir hvert fjárhagsár á tímabilinu sem sögulegar upplýsingar taka til fram til dagsetningar útgefandalýsingar (og verulegar breytingar á þeim fjölda) og, ef mögulegt er og máli skiptir, veita sundurliðun á starfsmönnum eftir meginstarfssviðum og landfræðilegri staðsetningu. Starfi verulegur fjöldi tímabundinna starfsmanna hjá útgefanda skal birta meðalfjölda þeirra á næstliðnu fjárhagsári.
Liður 15.2.	Hlutafjáreign og hlutabréfavalréttur Að því er varðar hvern einstakling sem um getur í a- og b-lið fyrsta undirliðar í lið 12.1 skal veita eins nýjar upplýsingar og mögulegt er um hlutafjáreign og valrétti á slíkum hlutabréfum í útgefanda.
Liður 15.3.	Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi þess að veita starfsfólki hlutdeild í hlutafé útgefanda.
16. ÞÁTTUR	STÆRSTU HLUTHAFAR
Liður 16.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem eiga beina eða óbeina hlutdeild, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum sem gilda um útgefanda, í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, ásamt fjárhæð hlutdeildar hvers slíks aðila á dagsetningu útgefandalýsingar, eða geta þess að ekki sé um slíkt að ræða.

Liður 16.2.	Hvort helstu hluthafar útgefanda hafi mismunandi atkvæðisrétt eða geta þess að enginn slíkur atkvæðisréttur sé fyrir hendi.
Liður 16.3.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
Liður 16.4.	Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér breytingar á yfirráðum útgefanda.
17. ÞÁTTUR	VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA
Liður 17.1.	Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila (sem í þessu sambandi eru þau viðskipti sem tilgreind eru í þeim stöðlum sem samþykktir eru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([2])), sem útgefandinn hefur átt í á því tímabili sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar ná til og fram til dagsetningar útgefandalýsingarinnar skulu veittar í samræmi við viðeigandi staðal sem samþykktur er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, ef við á. Eigi slíkir staðlar ekki við um útgefandann skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar: a) eðli og umfang allra viðskipta sem, ein og sér eða í heild sinni, skipta máli fyrir útgefanda. Ef slík viðskipti tengdra aðila fara ekki fram eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða skal gefa skýringu á því. Sé um að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal tilgreina útistandandi fjárhæð, b) þá fjárhæð eða prósentu sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.
18. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP
Liður 18.1.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar
Liður 18.1.1.	Endurskoðaðar sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til næstliðinna þriggja fjárhagsára (eða þess styttra tímabils sem útgefandinn hefur starfað) ásamt áritun endurskoðanda fyrir hvert ár.
Liður 18.1.2.	Breyting á viðmiðunardegi reikningsskila Hafi útgefandinn breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um skulu hinar endurskoðuðu sögulegu upplýsingar ná til a.m.k. 36 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur starfað, hvort heldur er styttra.
Liður 18.1.3.	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu fjárhagsupplýsingarnar samdar í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Séu slíkir landsbundnir reikningsskilastaðlar þriðja lands ekki sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu reikningsskilin endurgerð í samræmi við þá reglugerð.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

Liður 18.1.4.	Breytingar á reikningsskilaumgjörð Leggja skal fram og semja nýjustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar, sem innihalda samanburðarupplýsingar við næstliðið ár, á formi sem er í samræmi við þá umgjörð reikningsskilastaðla og notuð verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum útgefanda að teknu tilliti til reikningsskilastaðla, -aðferða og löggjafar sem gildir um slík árleg reikningsskil. Breytingar á þeirri reikningsskilaumgjörð sem gildir um útgefanda krefjast ekki endurgerðar endurskoðaðra reikningsskila einungis vegna lýsingarinnar. Hyggist útgefandi hins vegar að taka upp nýja umgjörð um reikningsskilastaðla í næstu birtu reikningsskilum sínum, skal leggja fram a.m.k. ein heildstæð reikningsskil (í skilningi IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila eins og tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1606/2002), ásamt samanburðarupplýsingum, á formi sem er í samræmi við það sem notað verður í næsta birta ársreikningi útgefanda, að teknu tilliti til reikningsskilastaðla og -aðferða og löggjafar sem gildir um slíka ársreikninga.
Liður 18.1.5.	Séu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar samdar samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum skulu þær a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikning, b) rekstrarreikning, c) yfirlit sem sýnir allar breytingar á eigin fé, eða breytingar á eigin fé aðrar en þær sem stafa af fjármagnsviðskiptum (*e. capital transactions*) við eigendur og arðgreiðslum til eigenda, d) sjóðstreymisyfirlit, e) reikningsskilaaðferðir og skýringar.
Liður 18.1.6.	Samstæðureikningsskil Semji útgefandi bæði sjálfstæða reikninga og samstæðureikninga skal a.m.k. fella samstæðureikninginn inn í útgefandalýsingu.
Liður 18.1.7.	Aldur fjárhagsupplýsinga Ekki má vera lengra liðið frá dagsetningu efnahagsreiknings síðasta fjárhagsárs sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en annaðhvort: a) 18 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðaðan árshlutareikning inn í útgefandalýsingu, b) 16 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðaðan árshlutareikning inn í útgefandalýsingu.
Liður 18.2.	Árshlutaupplýsingar og aðrar fjárhagsupplýsingar
Liður 18.2.1.	Hafi útgefandi birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá dagsetningu síðustu endurskoðuðu reikningsskila skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar verið endurskoðaðar eða kannaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því. Sé útgefandalýsing dagsett meira en níu mánuðum eftir dagsetningu síðustu endurskoðuðu reikningsskila, skal hún hafa að geyma árshlutaupplýsingar, sem mega vera óendurskoðaðar (þá skal skýra frá því að svo sé) og skulu taka til a.m.k. fyrstu sex mánaða fjárhagsársins. Árshlutaupplýsingar samdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002. Að því er varðar útgefendur sem ekki falla undir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu árshlutaupplýsingar hafa að geyma samanburðarupplýsingar um sama tímabil fjárhagsársins á undan, að undanskildu því að uppfylla má kröfuna um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar um efnahagsreikning í samræmi við gildandi reikningsskilaumgjörð.

Liður 18.3.	Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga
Liður 18.3.1.	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/ESB ([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 ([4]). Ef tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við: a) skulu sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar vera endurskoðaðar eða tilkynnt um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal, b) hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka synjun, fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 18.3.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.
Liður 18.3.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að þær séu ekki endurskoðaðar.
Liður 18.4.	*Pro forma* fjárhagsupplýsingar
Liður 18.4.1.	Sé um að ræða verulega brúttóbreytingu skal lýsa því hvaða áhrif viðskiptin gætu hafa haft á eignir, skuldir og tekjur útgefanda ef viðskiptin hefðu átt sér stað við upphaf tímabilsins eða á deginum sem upplýsingar eru veittar um. Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að veita *pro forma* fjárhagsupplýsingar. Leggja skal slíkar *pro forma* fjárhagsupplýsingar fram eins og greinir í 20. viðauka og skulu þær fela í sér þær upplýsingar sem þar eru tilgreindar. *Pro forma* fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum endurskoðendum eða endurskoðunarstofu.
Liður 18.5.	Arðgreiðslustefna
Liður 18.5.1.	Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og á hvers kyns takmörkunum á þeim. Hafi útgefandi enga slíka stefnu skal geta þess.
Liður 18.5.2.	Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hvern hlut fyrir hvert fjárhagsár á tímabilinu sem hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar taka til og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal leiðrétta fjárhæðina svo tölurnar séu sambærilegar.
Liður 18.6.	Dómsmál og gerðardómsmál
Liður 18.6.1.	Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 18.7.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda
Liður 18.7.1.	Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/EB frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 196).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

19. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR
Liður 19.1.	Hlutafé Upplýsingarnar í liðum 19.1.1 til 19.1.7 í sögulegu fjárhagsupplýsingunum miðað við dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings:
Liður 19.1.1.	Fjárhæð útgefins hlutafjár, og fyrir hvern flokk hlutafjár: a) heildarfjárhæð heimilaðs hlutafjár útgefanda, b) fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu, c) nafnverð hvers hlutar, eða að hlutirnir hafi ekki nafnverð, og d) afstemming fjölda útistandandi hluta í upphafi og lok árs. Ef meira en 10% hlutafjár hefur verið greitt með öðrum eignum en reiðufé á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til skal geta þess.
Liður 19.1.2.	Sé um að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu eiginleika.
Liður 19.1.3.	Fjöldi, bókfært virði og nafnvirði hluta í útgefanda sem hann sjálfur eða einhver fyrir hans hönd á eða eru í eigu dótturfyrirtækja hans.
Liður 19.1.4.	Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (*e. warrants*), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.
Liður 19.1.5.	Upplýsingar og skilmálar um kauprétti (*e. acquisition rights*) og/eða skuldbindingar í tengslum við heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.
Liður 19.1.6.	Upplýsingar um allt hlutafé aðila að samstæðunni sem valréttur gildir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá aðila sem slíkir valréttir tengjast.
Liður 19.1.7.	Yfirlit um þróun hlutafjár á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, með áherslu á þær breytingar sem hafa átt sér stað.
Liður 19.2.	Stofnsamningur og samþykktir
Liður 19.2.1.	Upplýsingar um skrána og færslunúmerið í henni, ef við á, og stutt lýsing á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þær upplýsingar er að finna í gildandi stofnsamningi og samþykktum.
Liður 19.2.2.	Séu fleiri en einn flokkur núverandi hlutabréfa, lýsing á réttindum, forgangsrétti og takmörkunum að því er varðar hvern flokk.
Liður 19.2.3.	Stutt lýsing á hvers kyns ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða svipuðum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum yfir útgefanda.
20. ÞÁTTUR	MIKILVÆGIR SAMNINGAR
Liður 20.1.	Samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í venjulegum rekstri, sem útgefandi eða önnur félög í samstæðunni eru aðilar að á næstliðnum tveimur árum fyrir birtingu útgefandalýsingar. Samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í venjulegum rekstri) sem eitthvert félag í samstæðunni hefur gert og kveða á um skyldur eða rétt einhvers félags í samstæðunni sem skipta máli fyrir hana á dagsetningu útgefandalýsingar.

21. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 21.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

2. VIÐAUKI

ALMENN ÚTGEFANDALÝSING

1. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL UM ÚTGEFANDA
Liður 1.1.	Útgefandi skal birta upplýsingar í samræmi við kröfur um upplýsingagjöf í útgefandalýsingu fyrir hluta-bréfatengd verðbréf sem mælt er fyrir um í 1. viðauka.
Liður 1.2.	Þegar almenn útgefandalýsing er staðfest skal í lið 1.5 í 1. viðauka bæta við yfirlýsingu þess efnis að nota megi almennu útgefandalýsinguna í þeim tilgangi að bjóða verðbréf í almennu útboði eða taka þau til viðskipta á skipulegum markaði ef hún er fullgerð með breytingum, ef við á, og verðbréfalýsingu og samantekt sem staðfest eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129. Þegar almenn útgefandalýsing er skráð og birt án fyrirframsamþykkis skal í stað liðs 1.5 í 1. viðauka koma yfirlýsing þess efnis að: a) almenna útgefandalýsingin hafi verið skráð hjá [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 án fyrirframsamþykkis skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, b) nota megi almennu útgefandalýsinguna í þeim tilgangi að bjóða verðbréf í almennu útboði eða taka þau til viðskipta á skipulegum markaði ef hún er staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] ásamt öllum breytingum, ef við á, og verðbréfalýsingu og samantekt sem staðfestar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129.

3. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR SÍÐARI ÚTGÁFUR HLUTABRÉFATENGDRA VERÐBRÉFA

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal, í síðara tilfellinu, tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar. d) [útgefandalýsing/lýsing] hafi verið samin sem hluti af einfaldaðri lýsingu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.
2. ÞÁTTUR	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
Liður 2.1.	Nöfn endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til (og aðild þeirra að fagfélagi).

3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 4.1.	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda.
Liður 4.2.	Lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, auðkenni lögaðila (LEI-númer), löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar ef hún er ekki á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
5. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM STARFSEMI
Liður 5.1.	Stutt lýsing á: a) helstu starfsemi útgefanda, b) öllum mikilvægum breytingum sem hafa haft áhrif á rekstur útgefanda og helstu starfsemi frá lokum tímabilsins sem nýjustu birtu endurskoðuðu reikningsskil ná yfir, þ.m.t. eftirfarandi: i. tilgreining á öllum mikilvægum nýjum vörum og þjónustu sem bæst hafa við, ii. staða þróunar nýju varanna eða þjónustunnar að því marki sem hún hefur verið birt opinberlega, iii. allar mikilvægar breytingar á lagaumhverfi útgefandans frá tímabilinu sem nýjustu birtu og endurskoðuðu reikningsskil ná yfir.
Liður 5.2.	Fjárfestingar
Liður 5.2.1.	Lýsing á verulegum fjárfestingum sem útgefandi hefur ráðist í frá dagsetningu síðustu birtu reikningsskila og sem eru yfirstandandi og/eða sem þegar hefur verið gengist undir fastar skuldbindingar vegna og áætluðum fjármögnunarleiðum.
6. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN
Liður 6.1.	Lýsing á: a) mikilvægustu nýlegu þróun í framleiðslu, sölu og birgðum ásamt kostnaði og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs til dagsetningar útgefandalýsingar, b) öllum verulegum breytingum á fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar fyrir til dagsetningar útgefandalýsingarinnar, eða yfirlýsing um að engar slíkar verulegar breytingar hafi átt sér stað, c) þekktri þróun, óvissuþáttum, kröfum, skuldbindingum eða atburðum sem búast má við að hafi veruleg áhrif á horfur útgefanda á a.m.k. yfirstandandi fjárhagsári.
7. ÞÁTTUR	AFKOMUSPÁR EÐA AFKOMUÁÆTLANIR
Liður 7.1.	Hafi útgefandi birt afkomuspá eða afkomuáætlun (sem hefur ekki enn raungerst en er þó í gildi) skal sú spá eða áætlun vera í útgefandalýsingunni. Hafi afkomuspá eða afkomuáætlun verið birt, ekki raungerst og er ekki lengur í gildi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt útskýringu á því hvers vegna spáin eða áætlunin er ekki lengur í gildi. Slík ógild spá eða áætlun fellur ekki undir kröfurnar í liðum 7.2. og 7.3.

Liður 7.2.	Kjósi útgefandi að láta fylgja nýja afkomuspá eða nýja afkomuáætlun, eða áður birta afkomuspá eða -áætlun í samræmi við lið 7.1 skal afkomuspáin eða -áætlunin vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni, c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.
Liður 7.3.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða -áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
8. ÞÁTTUR	STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR
Liður 8.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé, c) stofnenda hafi útgefandi starfað skemur en í fimm ár, d) æðstu stjórnenda sem skipta máli fyrir það að sýna fram á að útgefandi búi yfir viðeigandi sérþekkingu og reynslu til stjórnunar á rekstri sínum. Upplýsingar um eðli allra fjölskyldutengsla milli þeirra aðila sem um getur í a- til d-lið. Að því marki sem ekki hefur þegar verið upplýst og þegar um er að ræða nýja aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda (frá dagsetningu nýjustu endurskoðuðu, árlegu reikningsskila) og fyrir hvern aðila sem um getur í b- og d-lið fyrstu undirgreinar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram: a) heiti allra fyrirtækja og sameignar-/samlagsfélaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin setið í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem viðkomandi einstaklingur situr einnig í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikabrota a.m.k. næstliðin fimm ár. c) upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferðir, félagsslit eða félög sem sett eru undir sérstaka stjórn í tengslum við þá einstaklinga sem lýst er í a- og d-lið fyrstu undirgreinar sem gegndu einu eða fleiri af þessum hlutverkum sínum á a.m.k. næstliðnum fimm árum, d) upplýsingar um ákærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndra fagaðila) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða hafa með höndum verkefni hjá einhverjum útgefanda á a.m.k. næstliðnum fimm árum. Þurfi ekki að birta neinar slíkar upplýsingar skal lýsa því yfir.

Liður 8.2.	Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa sem þeir aðilar, sem vísað er til í lið 8.1, sinna fyrir hönd útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir. Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi við stærstu hluthafa, viðskiptavini, birgja eða aðra um það hverjir þeirra aðila sem um getur í lið 8.1 eru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða til að vera meðal æðstu stjórnenda. Greina skal frá öllum þeim takmörkunum sem þeir aðilar sem um getur í lið 8.1 samþykkja á ráðstöfun eignarhluta sinna í verðbréfum útgefanda innan tiltekins tímabils.
9. ÞÁTTUR	STÆRSTU HLUTHAFAR
Liður 9.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem eiga beina eða óbeina hlutdeild, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útgefanda, í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, ásamt fjárhæð hlutdeildar hvers slíks aðila á dagsetningu útgefandalýsingar eða geta þess að ekki sé um slíkt að ræða.
Liður 9.2.	Hvort helstu hluthafar útgefanda hafi mismunandi atkvæðisrétt eða geta þess að enginn slíkur atkvæðisréttur sé fyrir hendi.
Liður 9.3.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
Liður 9.4.	Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér breytingar á yfirráðum útgefanda.
10. ÞÁTTUR	VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA
Liður 10.1.	Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila (sem í þessu sambandi eru þau viðskipti sem tilgreind eru í stöðlum sem samþykktir eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002) sem útgefandinn hefur átt í frá dagsetningu nýjustu reikningsskila, skulu veittar í samræmi við viðeigandi staðal sem samþykktur er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, ef við á. Eigi slíkir staðlar ekki við um útgefandann skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar: a) eðli og umfang hvers kyns viðskipta sem, ein og sér eða í heild sinni, skipta máli fyrir útgefanda. Ef slík viðskipti tengdra aðila fara ekki fram eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða skal gefa skýringu á því. Sé um að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal tilgreina útistandandi fjárhæð, b) þá fjárhæð eða prósentu sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.
11. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP
Liður 11.1.	Reikningsskil Birta skal reikningsskil (árleg og hálfsársreikningsskil) sem ná yfir næstliðna tólf mánuði fyrir staðfestingu lýsingarinnar. Hafi bæði árleg reikningsskil og hálfsársreikningsskil verið birt er aðeins gerð krafa um árlegu skilin ef þau eru dagsett síðar en hálfsársreikningsskilin.
Liður 11.2.	Endurskoðun árlegra fjárhagsupplýsinga

Liður 11.2.1.	Áritun endurskoðanda Árleg reikningsskil verða að vera endurskoðuð með óháðum hætti. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við: a) skulu árlegu reikningsskilin endurskoðuð eða tilkynnt um hvort þau gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: i. áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, ii. útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), b) sé áritun endurskoðanda í árlegum reikningsskilum gerð með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 11.2.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.
Liður 11.2.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan gögnin eru fengin og skýra frá því að gögnin séu ekki endurskoðuð.
Liður 11.3.	Dómsmál og gerðardómsmál Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 11.4.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um, eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
Liður 11.5.	*Pro forma* fjárhagsupplýsingar Sé um að ræða verulega brúttóbreytingu skal lýsa því hvaða áhrif viðskiptin gætu hafa haft á eignir, skuldir og tekjur útgefanda ef viðskiptin hefðu átt sér stað við upphaf tímabilsins eða á deginum sem upplýsingar eru veittar um. Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að veita *pro forma* fjárhagsupplýsingar. Leggja skal slíkar *pro forma* fjárhagsupplýsingar fram eins og greinir í 20. viðauka og skulu þær fela í sér þær upplýsingar sem þar eru tilgreindar. *Pro forma* fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum endurskoðendum eða endurskoðunarstofu.
Liður 11.6.	Arðgreiðslustefna Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og á hvers kyns takmörkunum á þeim.
Liður 11.6.1.	Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hvern hlut fyrir síðasta fjárhagsár og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal aðlaga fjárhæðina svo tölurnar séu sambærilegar.
12. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR
Liður 12.1.	Hlutafé Upplýsingarnar í liðum 12.1.1 til 12.1.2 í árlegu reikningsskilunum miðað við dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings:

Liður 12.1.1.	Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (*e. warrants*), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.
Liður 12.1.2.	Upplýsingar og skilmálar um kauprétti (*e. acquisition rights*) og/eða skuldbindingar í tengslum við heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.
13. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAGJÖF SAMKVÆMT REGLURAMMA
Liður 13.1.	Samantekt á upplýsingum sem birtar hafa verið samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 á næstliðnum tólf mánuðum og skipta máli á dagsetningu lýsingarinnar, Samantektin skal sett fram á auðgreinanlegan, gagnorðan og auðskilinn hátt og skal ekki vera endurtekning upplýsinga sem þegar hafa verið birtar skv. reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Samantektin skal sett fram í takmörkuðum fjölda flokka eftir efni.
14. ÞÁTTUR	MIKILVÆGIR SAMNINGAR
Liður 14.1.	Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í venjulegum rekstri, sem útgefandi eða önnur félög í samstæðunni eru aðilar að, á næstliðnum tveimur árum fyrir birtingu útgefandalýsingar. Stutt samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í venjulegum rekstri) sem eitthvert félag í samstæðunni hefur gert og kveða á um skyldur eða rétt einhvers félags í samstæðunni sem skipta máli fyrir hana á dagsetningu útgefandalýsingar.
15. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 15.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

4. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR HLUTDEILDARSKÍRTEINI Í LOKUÐUM SJÓÐUM UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

	Til viðbótar þeim upplýsingum sem er krafist í þessum viðauka skulu sjóðir um sameiginlega fjárfestingu veita þær upplýsingar sem krafist er í þáttum/liðum 1, 2, 3, 4, 6, 7.1, 7.2.1, 8.4, 9 (þótt lýsing lagaumhverfis sem útgefandi starfar í þurfi aðeins að greina frá því lagaumhverfi sem skiptir máli fyrir fjárfestingar útgefanda) 11, 12, 13, 14, 15.2, 16, 17, 18 (að undanskildum *pro forma* fjárhagsupplýsingum) 19, 20 og 21 í 1. viðauka eða, ef sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu uppfyllir kröfurnar í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, eftirfarandi upplýsingar eftir því sem krafist er í málsgreinum og þáttum/liðum 1, 2, 3, 4, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13 og 14 í 3. viðauka. Séu hlutdeildarskírteini gefin út af sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem er stofnaður sem sameignarsjóður sem stýrt er af rekstraraðila sjóðs, skulu þær upplýsingar sem um getur í þáttum/liðum 6, 12, 13, 14, 15.2, 16 og 20 í 1. viðauka veittar um rekstraraðilann en þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum 2, 4 og 18 í 1. viðauka skulu veittar um bæði sjóðinn og rekstraraðilann.
1. ÞÁTTUR	FJÁRFESTINGARMARKMIÐ OG -STEFNA
Liður 1.1.	a) lýsing á fjárfestingarstefnu, stefnu og markmiðum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, b) upplýsingar um hvar undirliggjandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu (einn eða fleiri) er með staðfestu ef sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu samanstendur af sjóðum, c) lýsing á tegundum eigna sem sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta í, d) hvaða aðferðum hann má beita, öll tengd áhætta og við hvaða aðstæður sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að beita vogun, e) leyfðar tegundir og grunnur vogunar og tengd áhætta, f) allar takmarkanir á beitingu vogunar og allar tryggingar og fyrirkomulag endurnotkunar eigna, g) hámark vogunar sem beita má fyrir hönd sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.
Liður 1.2.	Lýsing á því hvernig sjóður um sameiginlega fjárfestingu getur breytt fjárfestingaráætlun sinni eða fjárfestingarstefnu, eða hvoru tveggja.
Liður 1.3.	Takmarkanir á vogun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Sé ekki um að ræða neinar slíkar takmarkanir skal geta þess.
Liður 1.4.	Lagaleg staða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, ásamt heiti eftirlitsyfirvalda í skráningarlandi hans.
Liður 1.5.	Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem viðkomandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu er ætlaður fyrir.
Liður 1.6.	Yfirlýsing sem staðfestir eftirfarandi: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar.

2. ÞÁTTUR	TAKMARKANIR Á FJÁRFESTINGUM
Liður 2.1.	Yfirlýsing um þær fjárfestingatakmarkanir sem gilda um sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu, ef einhverjar eru, og tilgreining á því með hvaða hætti verðbréfaeigendur verða upplýstir um þær aðgerðir sem fjárfestingastjórinn grípur til ef brot á sér stað.
Liður 2.2.	Veita ber tilteknar upplýsingar ef heimilt er að meira en 20% af bruttóeignum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu (nema útgefandalýsingin sé gerð fyrir aðila vegna beitingar liða 2.3 eða 2.5) sé: a) fjárfest, beint eða óbeint, eða lánuð stökum undirliggjandi útgefanda (þ.m.t. dótturfélögum eða hlutdeildarfélögum undirliggjandi útgefanda), b) fjárfest í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem heimilt er að fjárfesta meira en 20% bruttóeigna sinna í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu (opnum og/eða lokuðum), c) útsett fyrir lánshæfi eða gjaldþoli eins mótaðila (þ.m.t. dótturfélaga eða hlutdeildarfélaga). Upplýsingarnar sem um getur í fyrsta málslið skulu hafa að geyma eftirfarandi í eftirfarandi tilvikum: i. hafi undirliggjandi verðbréf ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, upplýsingar um hvern undirliggjandi útgefanda/sjóð um sameiginlega fjárfestingu/mótaðila eins og hann væri útgefandi að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingagjöf í útgefandalýsingu vegna hlutabréfatengdra verðbréfa (í tilfellum sem falla undir a-lið) eða lágmarkskröfur um upplýsingagjöf í útgefandalýsingu vegna hlutdeildarskírteina sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (í tilfellum sem falla undir b-lið) eða lágmarkskröfur um upplýsingagjöf í útgefandalýsingu vegna verðbréfa í heildsölu sem ekki eru hlutabréfatengd (í tilfellum sem falla undir c-lið), ii. hafi verðbréf, sem gefin eru út af undirliggjandi útgefanda/sjóði um sameiginlega fjárfestingu/mótaðila, þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, eða jafngildum markaði þriðja lands, eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eða séu skuldbindingarnar tryggðar af aðila sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði eða jafngildum markaði eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, skal veita upplýsingar um nafn, heimilisfang, skráningarland, eðli starfsemi og heiti markaðar þar sem verðbréfin hafa verið tekin til viðskipta. Upplýsingakrafan sem um getur í i. og ii. lið á ekki við ef farið er yfir 20% mörkin vegna virðishækkunar eða lækkunar, breytinga á gengi gjaldmiðla eða viðtöku réttinda, kaupauka, hlunninda í formi hlutafjár eða hvers kyns annarra ráðstafana sem hafa áhrif á alla eigendur viðkomandi fjárfestingar, að því tilskildu að fjárfestingastjórinn taki tillit til viðmiðunarmarka þegar hann íhugar breytingar á fjárfestingareignasafninu Geti sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að hann geti ekki nálgast einhverjar eða allar upplýsingarnar sem krafist er skv. i. lið verður sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu að veita allar þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að, sem honum er kunnugt um og/eða sem hann getur ráðið af upplýsingum sem undirliggjandi útgefandi/sjóður um sameiginlega fjárfestingu/mótaðili birtir, til að uppfylla, að því marki sem unnt er, þær kröfur sem mælt er fyrir um í i. lið. Í slíkum tilvikum verður lýsingin að hafa að geyma áberandi viðvörun um að sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu hafi verið ókleift að nálgast upplýsingarnar fyrir tilgreinda upplýsingaliði sem annars bæri að hafa í lýsingunni og því hafi takmarkaðar upplýsingar verið veittar um viðkomandi undirliggjandi útgefanda, sjóð um sameiginlega fjárfestingu eða mótaðila.
Liður 2.3.	Fjárfesti sjóður um sameiginlega fjárfestingu meira en 20% af bruttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (opnum eða lokuðum) skal lýsa fjárfestingunni og dreifingu áhættunnar í tengslum við þær fjárfestingar. Auk þess skal liður 2.2 gilda til viðbótar um allar undirliggjandi fjárfestingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eins og um beinar fjárfestingar væri að ræða.
Liður 2.4.	Að því er varðar c-lið liðar 2.2 skal veita upplýsingar um tryggingar fyrir þeim hluta áhættu gagnvart stökum mótaðila sem er umfram 20% af bruttóeignum sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

Liður 2.5.	Fjárfesti sjóður um sameiginlega fjárfestingu meira en 40% bruttóeigna sinna í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal veita upplýsingar um annað af eftirtöldu: a) hvern undirliggjandi sjóð um sameiginlega fjárfestingu eins og hann sé útgefandi sem lýtur lágmarkskröfum um upplýsingagjöf eins og tilgreint er í þessum viðauka, b) ef verðbréf sem gefin eru út af undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu hafa þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, eða jafngildum markaði þriðja lands, eða á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða ef skuldbindingarnar eru tryggðar af aðila, sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði eða jafngildum markaði eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, skal veita upplýsingar um nafn, heimilisfang, skráningarland, eðli starfsemi og heiti markaðar þar sem verðbréfin hafa verið tekin til viðskipta. Geti sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að hann geti ekki nálgast einhverjar eða allar upplýsingar sem krafist er skv. i. lið, verður sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu að veita allar þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að, honum er kunnugt um og/eða hann getur ráðið af upplýsingum sem undirliggjandi útgefandi/sjóður um sameiginlega fjárfestingu/mótaðili birtir til að uppfylla, að því marki sem unnt er, þær kröfur sem mælt er fyrir um í a-lið. Í slíkum tilvikum verður lýsingin að hafa að geyma áberandi viðvörun um að sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu hafi verið ókleift að nálgast upplýsingarnar fyrir tilgreinda upplýsingaliði sem annars bæri að hafa í lýsingunni og því hafi takmarkaðar upplýsingar verið veittar um viðkomandi undirliggjandi útgefanda, sjóð um sameiginlega fjárfestingu eða mótaðila.
Liður 2.6.	Efnislegar hrávörur Fjárfesti sjóður um sameiginlega fjárfestingu beint í efnislegri hrávöru skal geta þess og tilgreina prósentu bruttóeigna sem þannig verða fjárfestar.
Liður 2.7.	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu í fasteignum Eigi sjóður um sameiginlega fjárfestingu fasteignir sem hluta eigna sinna samkvæmt fjárfestingarmarkmiðum sínum skal tilgreina þá prósentu af eignasafninu sem ætlunin er að fjárfesta í fasteignum, lýsa fasteignunum og tilgreina allan verulegan kostnað sem tengist því að kaupa og eiga slíkar fasteignir. Auk þess skal verðmatsskýrsla um fasteignina fylgja. Upplýsingakröfurnar í lið 4.1 gilda um: a) aðilann sem semur verðmatsskýrsluna, b) hvern þann annan aðila sem ber ábyrgð á umsýslu fasteignanna.
Liður 2.8.	Afleiður/peningamarkaðsgerningar/gjaldeyrir Fjárfesti sjóður um sameiginlega fjárfestingu í afleiðum, fjármálagerningum, peningamarkaðsgerningum eða gjaldeyri í öðrum tilgangi en til skilvirkrar stýringar eignasafns, þ.e. í þeim tilgangi einum að draga úr, færa til eða útrýma fjárfestingaráhættu í undirliggjandi fjárfestingum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. með hvers konar aðferð eða gerningi sem notuð eru til varnar gegn gjaldeyris- og greiðslufallsáhættu, skal tilgreina hvort þessar fjárfestingar eru notaðar í áhættuvarnarskyni eða í fjárfestingarskyni og lýsa því hvar og hvernig áhættu er dreift í tengslum við þessar fjárfestingar.
Liður 2.9.	Liður 2.2 gildir ekki um fjárfestingar í verðbréfum sem eru gefin út af eða eru með ábyrgð hins opinbera, opinbers aðila eða stofnunar aðildarríkis, svæðis- eða staðaryfirvalda eða aðildarríkis að Efnahags- og framfarastofnuninni.
Liður 2.10.	Ákvæði a-liðar liðar 2.2 gildir ekki um sjóð um sameiginlega fjárfestingu ef fjárfestingarmarkmið hans er að fylgja víðtækri og viðurkenndri, útgefinni vísitölu án þess að víkja verulega frá henni. Tilgreina skal hvar hægt er að fá upplýsingar um vísitöluna.
3. ÞÁTTUR	ÞJÓNUSTUVEITENDUR UMSÆKJANDA
Liður 3.1.	Raunveruleg eða áætluð hámarksfjárhæð allra gjalda sem máli skipta og greiðast beint eða óbeint af sjóði um sameiginlega fjárfestingu fyrir hvers kyns þjónustu sem veitt er samkvæmt samningum sem eru gerðir á eða fyrir dagsetningu útgefandalýsingar ásamt lýsingu á því hvernig þessi gjöld eru reiknuð út.

Liður 3.2.	Lýsing á öllum gjöldum sem greiðast beint eða óbeint af sjóði um sameiginlega fjárfestingu og ekki er hægt að magngreina skv. lið 3.1 og skipta máli eða gætu skipt máli.
Liður 3.3.	Hafi þjónustuaðili sjóðs um sameiginlega fjárfestingu tekið við ávinningi frá þriðju aðilum (öðrum en viðkomandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu) vegna þjónustu sem veitt er sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu og hugsanlegt er að þessi ávinningur renni ekki til sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu skal geta þess og tilgreina nafn þriðja aðilans, liggi það fyrir, og lýsa eðli ávinningsins.
Liður 3.4.	Deili á þjónustuveitendum og lýsing á skyldum og réttindum fjárfesta.
Liður 3.5.	Lýsing á hugsanlegum verulegum hagsmunaárekstrum sem þjónustuveitendur sjóðs um sameiginlega fjárfestingu geta staðið frammi fyrir milli skuldbindinga sinna við sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu og skuldbindinga gagnvart þriðju aðilum og annarra hagsmuna sinna. Lýsing á hvers konar fyrirkomulagi sem er til staðar til að taka á slíkum hugsanlegum árekstrum.
4. ÞÁTTUR	FJÁRFESTINGARSTJÓRI/RÁÐGJAFAR
Liður 4.1.	Fyrir hvern fjárfestingastjóra, skal veita þær upplýsingar sem veita skal skv. liðum 4.1 og 4.4 og, ef máli skiptir, skv. lið 5.3 í 1. viðauka ásamt lýsingu á lagalegri stöðu og reynslu.
Liður 4.2.	Að því er varðar aðila sem veitir fjárfestingarráðgjöf í tengslum við eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina nafn og gefa stutta lýsingu á þeim aðila.
5. ÞÁTTUR	VARSLA
Liður 5.1.	Full lýsing á því hvernig eignir viðkomandi sjóðs um sameiginlega fjárfestingu verða varðveittar, hver varðveitir þær, ásamt fjárvörslusambandi eða sambærilegu sambandi á milli sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og þriðja aðila í tengslum við vörslu. Sé vörsluaðili, fjárvörsluaðili eða annar umboðsmaður skipaður skal greina frá eftirfarandi: a) þeim upplýsingum sem krafist er í liðum 4.1. til 4.4 og, ef það skiptir máli, í lið 5.3 í 1. viðauka, b) lýsingu á skuldbindingum hvers aðila samkvæmt vörslusamningi eða svipuðum samningi, c) úthlutuðum vörslusamningum, d) lagalegri stöðu hvers aðila og umboðsmanna hans.
Liður 5.2.	Séu einhverjar eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í vörslu annarra aðila en um getur í lið 5.1 skal lýsa því hvernig vörslu þeirra eigna er háttað og hvers kyns viðbótaráhættu.
6. ÞÁTTUR	VERÐMAT
Liður 6.1.	Lýsing á verðmatsferlinu og aðferð við verðlagningu til mats á eignum.
Liður 6.2.	Upplýsingar um aðstæður þar sem heimilt er að fresta verðmati og yfirlýsing um það hvernig fjárfestum er tilkynnt um slíka frestun eða hvernig þeir geti nálgast upplýsingar um hana.
7. ÞÁTTUR	GAGNKVÆMAR SKULDBINDINGAR
Liður 7.1.	Sé um að ræða yfirsjóð um sameiginlega fjárfestingu skal skýra frá hvers kyns gagnkvæmum skuldbindingum sem kunna að stofnast á móti flokkum fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og ráðstöfunum sem gerðar eru til að takmarka slíkar skuldbindingar.

8. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR
Liður 8.1.	Hafi sjóður um sameiginlega fjárfestingu ekki hafið starfsemi og engin reikningsskil verið samin á dagsetningu útgefandalýsingar frá skráningar- eða stofndegi skal lýsa því yfir. Hafi sjóður um sameiginlega fjárfestingu hafið starfsemi skulu ákvæði 18. þáttar 1. viðauka eða 11. þáttar 3. viðauka gilda eftir því sem við á.
Liður 8.2.	Tæmandi og markviss greining á eignasafni sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Hafi eignasafnið ekki verið endurskoðað skal það koma skýrt fram.
Liður 8.3.	Tilgreina skal nýjasta innra virði sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða nýjasta markaðsverð hlutdeildarskírteinis eða hluta í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu. Hafi innra virði eða nýjasta markaðsverð hlutdeildarskírteinis eða hlutar hefur ekki verið endurskoðað skal það koma skýrt fram.

5. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR HEIMILDARSKÍRTEINI SEM GEFIN ERU ÚT VEGNA HLUTABRÉFA

1. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA UNDIRLIGGJANDI HLUTABRÉFA		
	Vegna heimildarskírteina sem gefin eru út vegna hlutabréfa skal veita upplýsingar um útgefanda undirliggjandi hlutabréfs í samræmi við 1. viðauka við þessa reglugerð. Vegna heimildarskírteina sem gefin eru út vegna hlutabréfa sem uppfylla kröfur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, skal veita upplýsingar um útgefanda undirliggjandi hlutabréfa í samræmi við 3. viðauka við þessa reglugerð.		
2. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 2.1.	Heiti, skráð skrifstofa, auðkenni lögaðila (LEI-númer) og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en skráð skrifstofa.	√	√
Liður 2.2.	Stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema sá tími sé ótiltekinn,	√	√
Liður 2.3.	Löggjöf sem útgefandi starfar eftir og rekstrarform hans samkvæmt þeirri löggjöf.	√	√

6. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD OG ERU FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar.
2. ÞÁTTUR	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
Liður 2.1.	Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til (og aðild þeirra að fagfélagi).
Liður 2.2.	Hafi endurskoðendur sagt upp störfum, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til, skal veita allar upplýsingar sem máli skipta.

3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann og getur haft áhrif á getu hans til að uppfylla skyldur sínar vegna verðbréfanna, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina, að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 4.1.	Saga og þróun útgefanda,
Liður 4.1.1.	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda
Liður 4.1.2.	Skráningarstaður útgefanda, skráningarnúmer hans og auðkenni lögaðila (LEI-númer).
Liður 4.1.3.	Stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema sá tími sé ótiltekinn,
Liður 4.1.4.	Lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar ef hún er ekki á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
Liður 4.1.5.	Upplýsingar um hvers kyns atburði sem hafa nýlega átt sér stað og skipta verulegu máli við mat á gjaldþoli útgefanda.
Liður 4.1.6.	Lánshæfiseinkunnir útgefanda sem gefnar eru að beiðni hans eða með samstarfi hans í matsferlinu. Stutt skýring á merkingu lánshæfiseinkunnanna ef matsfyrirtækið hefur áður birt hana.
Liður 4.1.7.	Upplýsingar um verulegar breytingar á lántöku- og fjármögnunarskipulagi frá síðasta fjárhagsári.
Liður 4.1.8.	Lýsing á væntanlegri fjármögnun á starfsemi útgefanda.
5. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM STARFSEMI
Liður 5.1.	Meginstarfsemi
Liður 5.1.1.	Lýsing á helstu starfsemi útgefanda, þ.m.t.: a) meginflokkum seldra afurða og/eða veittrar þjónustu, b) öllum mikilvægum, nýjum afurðum og vörum eða starfsemi, c) helstu mörkuðum sem útgefandinn keppir á.
Liður 5.2.	Gefi útgefandinn yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún byggist.
6. ÞÁTTUR	STJÓRNSKIPULAG
Liður 6.1.	Sé útgefandi hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar. Þetta getur verið í formi skýringarmyndar yfir stjórnskipulagið, eða slík mynd getur fylgt með, ef það hjálpar til við að skýra skipulagið.

Liður 6.2.	Sé útgefandi háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram og gefa skýringu á því hvers vegna hann sé háður viðkomandi aðilum.
7. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN
Liður 7.1.	Lýsing á: a) öllum verulegum óæskilegum breytingum á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila hans, b) öllum verulegum breytingum á fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um til dagsetningar útgefandalýsingar. Eigi hvorugt ofangreint við skal útgefandi geta þess að slíkar breytingar hafi ekki orðið.
Liður 7.2.	Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á horfur útgefanda á a.m.k. yfirstandandi fjárhagsári.
8. ÞÁTTUR	AFKOMUSPÁR EÐA AFKOMUÁÆTLANIR
Liður 8.1.	Láti útgefandi að eigin vilja fylgja afkomuspá eða afkomuáætlun (sem hefur ekki enn raungerst en er þó í gildi) skal sú spá eða áætlun í útgefandalýsingunni hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum 8.2 og 8.3. Hafi afkomuspá eða afkomuáætlun verið birt, hefur ekki raungerst og er ekki lengur í gildi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt útskýringu á því hvers vegna spáin eða áætlunin er ekki lengur í gildi. Slík ógild spá eða áætlun fellur ekki undir kröfurnar í liðum 8.2. og 8.3.
Liður 8.2.	Kjósi útgefandi að láta fylgja nýja afkomuspá eða nýja afkomuáætlun eða áður birta afkomuspá eða -áætlun í samræmi við lið 8.1, skal afkomuspáin eða -áætlunin vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni, og c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.
Liður 8.3.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða -áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
9. ÞÁTTUR	STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN
Liður 9.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé.

Liður 9.2.	Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim aðilum sem vísað er til í lið 9.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Sé ekki um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir.
10. ÞÁTTUR	STÆRSTU HLUTHAFAR
Liður 10.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
Liður 10.2.	Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér breytingar á yfirráðum útgefanda.
11. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP
Liður 11.1.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar
Liður 11.1.1.	Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til næstliðinna tveggja fjárhagsára (eða þess styttra tímabils sem útgefandinn hefur starfað) ásamt áritun endurskoðanda fyrir hvert ár.
Liður 11.1.2.	Breyting á viðmiðunardegi reikningsskila Hafi útgefandinn breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um skulu hinar endurskoðuðu sögulegu fjárhagsupplýsingar ná til a.m.k. 24 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur starfað, hvort heldur er styttra.
Liður 11.1.3.	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu fjárhagsupplýsingarnar samdar í samræmi við annað hvort: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Séu slíkir landsbundnir reikningsskilastaðlar þriðja lands ekki sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu reikningsskilin endurgerð í samræmi við þá reglugerð.
Liður 11.1.4.	Breytingar á reikningsskilaumgjörð Leggja skal fram og semja nýjustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar, sem innihalda samanburðarupplýsingar við næstliðið ár, á formi sem er í samræmi við þá umgjörð reikningsskilastaðla sem notuð verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum. Breytingar á fyrirliggjandi reikningsskilaumgjörð útgefanda krefjast þess ekki að endurskoðuð reikningsskil verði endurgerð. Hyggist útgefandi hins vegar taka upp nýja umgjörð reikningsskilastaðla í næstu birtu reikningsskilum sínum skal semja og endurskoða reikningsskil síðasta árs í samræmi við nýju umgjörðina.
Liður 11.1.5.	Séu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar samdar í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla skulu þær fjárhagsupplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikning, b) rekstrarreikning, c) sjóðstreymisyfirlit, d) reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Liður 11.1.6.	Samstæðureikningsskil Semji útgefandi bæði sjálfstæða reikninga og samstæðureikninga skal a.m.k. fella samstæðureikninginn inn í útgefandalýsingu.
Liður 11.1.7.	Aldur fjárhagsupplýsinga Ekki má vera lengra liðið frá dagsetningu efnahagsreiknings síðasta fjárhagsárs sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en 18 mánuðir miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.
Liður 11.2.	Árshlutaupplýsingar og aðrar fjárhagsupplýsingar
Liður 11.2.1.	Hafi útgefandi birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá dagsetningu síðustu endurskoðuðu reikningsskila skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar verið kannaðar eða endurskoðaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því. Sé útgefandalýsing dagsett meira en níu mánuðum eftir dagsetningu síðustu endurskoðuðu reikningsskila, skal hún hafa að geyma árshlutaupplýsingar, sem mega vera óendurskoðaðar (þá skal skýra frá því að svo sé) og skulu taka til a.m.k. fyrstu sex mánaða fjárhagsársins. Árshlutaupplýsingar sem samdar eru í samræmi við annað hvort kröfur tilskipunar 2013/34/ESB eða reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eftir því sem við á. Að því er varðar útgefendur sem hvorki falla undir tilskipun 2013/34/ESB né reglugerð (EB) nr. 1606/2002, skulu árshlutaupplýsingarnar hafa að geyma samanburðarupplýsingar um sama tímabil fjárhagsársins á undan, að undanskildu því að uppfylla má kröfuna um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar um efnahagsreikning.
Liður 11.3.	Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga
Liður 11.3.1.	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við: a) skulu sögulegar fjárhagsupplýsingar vera endurskoðaðar eða tilkynnt um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal, b) sé áritun endurskoðanda á hinum sögulegu fjárhagsupplýsingum með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 11.3.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.
Liður 11.3.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan gögnin eru fengin og skýra frá því að gögnin séu ekki endurskoðuð.
Liður 11.4.	Dómsmál og gerðardómsmál
Liður 11.4.1.	Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 11.5.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda

Liður 11.5.1.	Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um, eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
12. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR
Liður 12.1.	Hlutafé Fjárhæð útgefins hlutafjár, fjöldi og flokkar hlutabréfa sem það samanstendur af ásamt upplýsingum um helstu einkenni þeirra, sá hluti útgefins hlutafjár sem er enn ógreiddur ásamt upplýsingum um fjölda eða heildarnafnverð og tegund þeirra hlutabréfa sem enn eru ógreidd, sundurliðað, þar sem við á, eftir því að hvaða marki þau eru innborguð.
Liður 12.2.	Stofnsamningur og samþykktir Upplýsingar um skrána og færslunúmerið í henni, ef við á, og lýsing á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þau sé að finna í stofnsamningi og samþykktum.
13. ÞÁTTUR	MIKILVÆGIR SAMNINGAR
Liður 13.1.	Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í venjulegri starfsemi útgefanda sem gætu leitt til þess að eitthvert félag í samstæðunni hefði skyldum að gegna eða tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar þau verðbréf sem verið er að gefa út.
14. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 14.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

7. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR HEILDSÖLUVERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal, í síðara tilfellinu, tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar.
2. ÞÁTTUR	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
Liður 2.1.	Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til (og aðild þeirra að fagfélagi).
Liður 2.2.	Hafi endurskoðendur sagt upp störfum, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til, skal veita allar upplýsingar sem máli skipta.

3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann og getur haft áhrif á getu hans til að uppfylla skyldur sínar vegna verðbréfanna, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 4.1.	Saga og þróun útgefanda
Liður 4.1.1.	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda
Liður 4.1.2.	Skráningarstaður útgefanda, skráningarnúmer hans og auðkenni lögaðila (LEI-númer).
Liður 4.1.3.	Stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema sá tími sé ótiltekinn,
Liður 4.1.4.	Lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar ef hún er ekki á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
Liður 4.1.5.	Hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað og skipta verulegu máli við mat á gjaldþoli útgefanda.
Liður 4.1.6.	Lánshæfiseinkunnir útgefanda sem gefnar eru að beiðni hans eða með samstarfi hans í matsferlinu.
5. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM STARFSEMI
Liður 5.1.	Meginstarfsemi
Liður 5.1.1.	Stutt lýsing á helstu starfsemi útgefanda þar sem tilgreindar eru helstu afurðir og flokkar afurða sem seldar eru og/eða þjónusta sem er veitt.
Liður 5.1.2.	Gefi útgefandinn yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún byggist.
6. ÞÁTTUR	STJÓRNSKIPULAG
Liður 6.1.	Sé útgefandi hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar. Þetta getur verið í formi skýringarmyndar yfir stjórnskipulagið, eða slík mynd getur fylgt með, ef það hjálpar til við að skýra skipulagið.
Liður 6.2.	Sé útgefandi háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram og gefa skýringu á því hvers vegna hann sé háður viðkomandi aðilum.

7. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN
Liður 7.1.	Lýsing á: a) öllum verulegum óæskilegum breytingum á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila hans, og b) öllum verulegum breytingum á fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um til dagsetningar útgefandalýsingar. Ef hvorugt ofangreint á við skal útgefandi lýsa því yfir.
8. ÞÁTTUR	AFKOMUSPÁR EÐA AFKOMUÁÆTLANIR
Liður 8.1.	Láti útgefandi, að eigin vilja, fylgja nýja afkomuspá eða afkomuáætlun skal sú afkomuspá eða áætlun vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni. c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.
Liður 8.2.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða -áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
9. ÞÁTTUR	STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN
Liður 9.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé.
Liður 9.2.	Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim aðilum sem vísað er til í lið 9.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Sé ekki um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir.
10. ÞÁTTUR	STÆRSTU HLUTHAFAR
Liður 10.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.

Liður 10.2.	Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér breytingar á yfirráðum útgefanda.
11. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP
Liður 11.1.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar
Liður 11.1.1.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til næstliðinna tveggja fjárhagsára (a.m.k. 24 mánaða) eða þess styttra tímabils sem útgefandinn hefur starfað ásamt áritun endurskoðanda fyrir hvert ár.
Liður 11.1.2.	Breyting á viðmiðunardegi reikningsskila Hafi útgefandinn breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um skulu hinar endurskoðuðu sögulegu fjárhagsupplýsingar ná til a.m.k. 24 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur starfað, hvort heldur er styttra.
Liður 11.1.3.	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu reikningsskilin samin í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: a) áberandi yfirlýsing þess efnis að fjárhagsupplýsingarnar í útgefandalýsingunni hafi ekki verið samdar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og að fjárhagsupplýsingarnar kunni að vera verulega frábrugðnar þeim sögulegu fjárhagsupplýsingum sem hefðu verið samdar ef reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefði verið beitt, b) í beinu framhaldi af sögulegum fjárhagsupplýsingum, lýsing í frásagnarformi á muninum milli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem Sambandið hefur samþykkt, og þeim reikningsskilareglum sem útgefandinn notar við gerð reikningsskila sinna.
Liður 11.1.4.	Séu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar samdar samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum skulu þær a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikning, b) rekstrarreikning, c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.
Liður 11.1.5.	Samstæðureikningsskil Semji útgefandi bæði sjálfstæða reikninga og samstæðureikninga skal a.m.k. fella samstæðureikninginn inn í útgefandalýsingu.
Liður 11.1.6.	Aldur fjárhagsupplýsinga Ekki má vera lengra liðið frá dagsetningu efnahagsreiknings síðasta fjárhagsárs sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en 18 mánuðir miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

Liður 11.2.	Endurskoðun sögulegra fjárhagsupplýsinga
Liður 11.2.1.	Sögulegu fjárhagsupplýsingarnar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við: a) skulu sögulegar fjárhagsupplýsingar vera endurskoðaðar eða tilkynnt um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: i. áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, ii. útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), b) sé áritun endurskoðanda á hinum sögulegu fjárhagsupplýsingum með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 11.2.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.
Liður 11.2.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan gögnin eru fengin og skýra frá því að gögnin séu ekki endurskoðuð.
Liður 11.3.	Dómsmál og gerðardómsmál
Liður 11.3.1.	Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 11.4.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda
Liður 11.4.1.	Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um, eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
12. ÞÁTTUR	MIKILVÆGIR SAMNINGAR
Liður 12.1.	Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í venjulegri starfsemi útgefanda sem gætu leitt til þess að eitthvert félag í samstæðunni hefði skyldum að gegna eða tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar þau verðbréf sem verið er að gefa út.
13. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 13.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

8. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR SÍÐARI ÚTGÁFUR VERÐBRÉFA SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal, í síðara tilfellinu, tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar. d) [útgefandalýsing/lýsing] hafi verið samin sem hluti af einfaldaðri lýsingu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.
2. ÞÁTTUR	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
Liður 2.1.	Nöfn endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem hinar sögulegu fjárhagslegu upplýsingar taka til (og aðild þeirra að fagfélagi).

3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann og getur haft áhrif á getu hans til að uppfylla skyldur sínar vegna verðbréfanna, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 4.1.	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda.
Liður 4.2.	Lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, auðkenni lögaðila (LEI-númer), löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar ef hún er ekki á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
5. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM STARFSEMI
Liður 5.1.	Stutt lýsing á helstu starfsemi útgefanda þar sem tilgreindar eru helstu afurðir og flokkar afurða sem seldar eru og/eða þjónusta sem er veitt.
6. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN
Liður 6.1.	Lýsing á: a) öllum verulegum óæskilegum breytingum á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila hans, b) öllum verulegum breytingum á fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um til dagsetningar útgefandalýsingar. Ef hvorki a- né b-liður á við skal útgefandinn geta þess.
Liður 6.2. (Aðeins almennir fjárfestar)	Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á horfur útgefanda á a.m.k. yfirstandandi fjárhagsári.
7. ÞÁTTUR	AFKOMUSPÁR EÐA AFKOMUÁÆTLANIR
Liður 7.1.	Láti útgefandi að eigin vilja fylgja afkomuspá eða afkomuáætlun (sem hefur ekki enn raungerst en er þó í gildi) skal sú spá eða áætlun í útgefandalýsingunni hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum 7.2 og 7.3. Hafi afkomuspá eða afkomuáætlun verið birt, hefur ekki raungerst og er ekki lengur í gildi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt útskýringu á því hvers vegna spáin eða áætlunin er ekki lengur í gildi. Slík ógild spá eða áætlun fellur ekki undir kröfurnar í liðum 7.2. til 7.3. Útgefanda er í sjálfsvald sett hvort hann lætur afkomuspá eða -áætlun fylgja. Ef slík afkomuspá eða -áætlun fylgir skal útgefandalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum 7.2 og 7.3.

Liður 7.2.	Kjósi útgefandi að láta fylgja nýja afkomuspá eða nýja afkomuáætlun, eða áður birta afkomuspá eða -áætlun í samræmi við lið 7.1 skal afkomuspáin eða -áætlunin vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni, og c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.
Liður 7.3.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða -áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
8. ÞÁTTUR	STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR
Liður 8.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé.
Liður 8.2.	Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa sem þeir aðilar, sem vísað er til í lið 8.1, sinna fyrir hönd útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Sé ekki um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir.
9. ÞÁTTUR	STÆRSTU HLUTHAFAR
Liður 9.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
Liður 9.2.	Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér breytingar á yfirráðum útgefanda.
10. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP
Liður 10.1.	Reikningsskil Birta skal reikningsskil (árleg og hálfsársreikningsskil) sem ná yfir næstliðna tólf mánuði fyrir staðfestingu lýsingarinnar. Hafi bæði árleg reikningsskil og hálfsársreikningsskil verið birt er aðeins gerð krafa um árlegu skilin ef þau eru dagsett síðar en hálfsársreikningsskilin.
Liður 10.2.	Endurskoðun árlegra fjárhagsupplýsinga

Liður 10.2.1.	Áritun endurskoðanda Endurskoða verður árlegu fjárhagsupplýsingarnar með óháðum hætti. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við: a) skulu árlegu reikningsskilin endurskoðuð eða tilkynnt um hvort þau gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: i. áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, ii. útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), b) sé áritun endurskoðanda á árlegum reikningsskilum gerð með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 10.2.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.
Liður 10.2.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan gögnin eru fengin og tilgreina þau gögn sem hafa ekki verið endurskoðuð.
Liður 10.3.	Dómsmál og gerðardómsmál Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 10.4.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um, eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
11. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAGJÖF SAMKVÆMT REGLURAMMA
Liður 11.1.	Samantekt á upplýsingum sem birtar hafa verið samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 á næstliðnum tólf mánuðum og skipta máli á dagsetningu lýsingarinnar, Samantektin skal sett fram á auðgreinanlegan, gagnorðan og auðskilinn hátt og skal ekki vera endurtekning upplýsinga sem þegar hafa verið birtar skv. reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Samantektin skal sett fram í takmörkuðum fjölda flokka eftir efni.
12. ÞÁTTUR	MIKILVÆGIR SAMNINGAR
Liður 12.1.	Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í venjulegri starfsemi útgefanda sem gætu leitt til þess að eitthvert félag í samstæðunni hefði skyldum að gegna eða tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar þau verðbréf sem verið er að gefa út.
13. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 13.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

9. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR EIGNAVARIN VERÐBRÉF

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal, í síðara tilfellinu, tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hefur birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal útgefandi tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar.
2. ÞÁTTUR	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
Liður 2.1.	Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til (og aðild þeirra að fagfélagi).

3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 4.1.	Yfirlýsing um hvort útgefanda hefur verið komið á fót sem félagi með sérstakan tilgang (e. *special purpose vehicle*) eða aðila með þann tilgang að gefa út eignavarin verðbréf.
Liður 4.2.	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda og auðkenni lögaðila (LEI-númer).
Liður 4.3.	Skráningarstaður og skráningarnúmer útgefanda.
Liður 4.4.	Stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema sá tími sé ótiltekinn.
Liður 4.5.	Lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang og símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar heimilisfang hennar er annað en skráðrar skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, eða vefsetur þriðja aðila eða ábyrgðarveitanda, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
Liður 4.6.	Tilgreining á fjárhæð heimilaðs og útgefins hlutafjár og fjárhæð hlutafjár sem samþykkt hefur verið að gefa út auk fjölda og flokka verðbréfa sem það samanstendur af.
5. ÞÁTTUR	YFIRLIT UM STARFSEMI
Liður 5.1.	Stutt lýsing á helstu starfsemi útgefanda.
6. ÞÁTTUR	STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN
Liður 6.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart þeim útgefanda: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé.
7. ÞÁTTUR	STÆRSTU HLUTHAFAR
Liður 7.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
8. ÞÁTTUR	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP
Liður 8.1.	Hafi útgefandi ekki hafið starfsemi frá skráningar- eða stofndegi sínum og engin reikningsskil hafa verið samin á dagsetningu útgefandalýsingar skal gera grein fyrir því í útgefandalýsingunni.

Liður 8.2.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar Hafi útgefandi hafið starfsemi sína og reikningsskil verið samin skal útgefandalýsing hafa að geyma endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (a.m.k. 24 mánaða eða þess styttra tímabils sem útgefandinn hefur starfað), ásamt áritun endurskoðanda fyrir hvert ár.
Liður 8.2.1.	Breyting á viðmiðunardegi reikningsskila Hafi útgefandi breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um skulu sögulegar fjárhagsupplýsingar ná til a.m.k. 24 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur starfað, hvort heldur er styttra.
Liður 8.2.2.	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu reikningsskilin samin í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Séu slíkir landsbundnir reikningsskilastaðlar þriðja lands ekki sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu reikningsskil endurgerð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.
Liður 8.2.3.	Breytingar á reikningsskilaumgjörð Leggja skal fram og semja sögulegar fjárhagsupplýsingar síðasta árs, sem hafa að geyma samanburðarupplýsingar við næstliðið ár, á formi sem er í samræmi við þá umgjörð reikningsskilastaðla sem notuð verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum útgefanda að teknu tilliti til reikningsskilastaðla og -aðferða og löggjafar sem gildir um slík árleg reikningsskil. Breytingar á reikningsskilaumgjörð útgefanda krefjast ekki endurgerðar endurskoðaðra reikningsskila. Hyggist útgefandi hins vegar taka upp nýja umgjörð um reikningsskilastaðla í næstu birtu reikningsskilum sínum þarf að leggja fram a.m.k. ein heildstæð reikningsskil (í skilningi IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila), ásamt samanburðarupplýsingum, á formi sem er í samræmi við það sem notað verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum útgefanda, að teknu tilliti til reikningsskilastaðla og -aðferða og löggjafar sem gildir um slík árleg reikningsskil.
Liður 8.2.4.	Séu endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar samdar í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla skulu þær fjárhagsupplýsingar sem krafist er samkvæmt þessum lið a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikning, b) rekstrarreikning, c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.
Liður 8.2.a	*Þessa málsgrein (liði 8.2.a, 8.2.a.1, 8.2.a.2 og 8.2.a.3) skal aðeins nota við útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa þar sem nafnverð hverrar einingar er a.m.k. 100 000 evrur eða sem aðeins verða viðskipti með á skipulegum markaði, og/eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar hafa aðgang að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með verðbréfin.* Sögulegar fjárhagsupplýsingar Hafi útgefandi hafið starfsemi sína og reikningsskil verið samin skal útgefandalýsingin hafa að geyma sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja síðustu fjárhagsára (a.m.k. 24 mánaða eða þess styttra tímabils sem útgefandi hefur starfað) ásamt áritun endurskoðanda fyrir hvert ár.

Liður 8.2.a.1	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem samþykktir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu reikningsskilin samin í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: a) áberandi yfirlýsing þess efnis að fjárhagsupplýsingarnar í útgefandalýsingunni hafi ekki verið samdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem Sambandið hefur samþykkt, og að fjárhagsupplýsingarnar kunni að vera verulega frábrugðnar þeim sögulegu fjárhagsupplýsingum sem hefðu verið samdar ef reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefði verið beitt, b) í beinu framhaldi af sögulegum fjárhagsupplýsingum, lýsing í frásagnarformi á muninum milli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem Sambandið hefur samþykkt, og þeim reikningsskilareglum sem útgefandinn notar við gerð reikningsskila sinna.
Liður 8.2.a.2	Séu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar samdar samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum skulu þær a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikning, b) rekstrarreikning, c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.
Liður 8.2.a.3	Áritun endurskoðanda Sögulegu fjárhagsupplýsingarnar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við: a) skulu sögulegar fjárhagsupplýsingar vera endurskoðaðar eða tilkynnt um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: i. áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, ii. útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), b) yfirlýsing um að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka synjun, fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 8.3.	Dómsmál og gerðardómsmál Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og félaginu er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa, eða hafa nýlega haft, veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.

Liður 8.4.	Verulegar óæskilegar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda Hafi útgefandi samið reikningsskil skal fylgja yfirlýsing þess efnis að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á fjárhagsstöðu eða framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila. Hafi veruleg óæskileg breyting átt sér stað skal greina frá því í útgefandalýsingu.
9. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 9.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé unnt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) stofnsamning og gildandi samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda, sem eru að einhverju leyti felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

10. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD OG GEFIN ERU ÚT AF ÞRIÐJU LÖNDUM OG SVÆÐIS- OG STAÐARYFIRVÖLDUM ÞEIRRA

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í útgefandalýsingunni og skal, í síðara tilfellinu, tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn slíks einstaklings, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá hvers kyns hagsmunaárekstrum sem tengjast slíkum sérfræðingi og kunna að hafa áhrif á óhæði hans við gerð skýrslunnar.
Liður 1.4.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins viðkomandi [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar.
2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.

3. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 3.1.	Saga og þróun útgefanda Lögheiti útgefanda og stutt lýsing á stöðu hans innan hins opinbera.
Liður 3.2.	Lögheimili eða landfræðileg staðsetning og rekstrarform útgefanda að lögum og heimilisfang til samskipta, símanúmer og vefsetur útgefanda, sé það fyrir hendi, með þeim fyrirvara að upplýsingarnar á vefsetrinu séu ekki hluti af lýsingunni nema þær séu felldar með tilvísun inn í lýsinguna.
Liður 3.3.	Hvers kyns nýlegir atburðir sem skipta verulegu máli við mat á gjaldþoli útgefanda.
Liður 3.4.	Lýsing á hagkerfi útgefanda, þ.m.t.: a) uppbygging hagkerfisins ásamt upplýsingum um helstu greinar atvinnulífsins, b) verg landsframleiðsla með sundurliðun eftir greinum atvinnulífs útgefanda á tveimur næstliðnum fjárhagsárum.
Liður 3.5.	Almenn lýsing á stjórnmálakerfi og stjórnarfari útgefanda, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um stjórn útgefanda.
Liður 3.6.	Lánshæfiseinkunnir útgefanda sem gefnar eru að beiðni hans eða með samstarfi hans í matsferlinu.
4. ÞÁTTUR	OPINBER FJÁRMÁL OG VIÐSKIPTI
Liður 4.1.	Upplýsingar um eftirfarandi fyrir tvö næstliðin fjárhagsár fyrir dagsetningu útgefandalýsingar: a) skatt- og fjárlagakerfi, b) vergar, skuldir hins opinbera, þ.m.t. samantekt skuldanna, dreifing eftirstöðva (e. *maturity structure*) útistandandi skulda (einkum skulda með styttri eftirstöðvatíma en eitt ár) og fyrri saga um endurgreiðslu skulda og þeir hlutar skuldanna sem eru í innlendum gjaldmiðli útgefanda og erlendum gjaldmiðlum, c) tölur um utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuð, d) gjaldeyrisforði , þ.m.t. mögulegar kvaðir sem fylgja honum í tengslum við framvirka samninga eða afleiður, e) fjárhagsstaða og tiltækt fjármagn, þ.m.t. lausar innstæður í innlendum gjaldmiðli, f) tölur um tekjur og útgjöld. Lýsing á fyrirkomulagi endurskoðunar eða óháðra kannana á reikningum útgefanda.
5. ÞÁTTUR	MIKILVÆGAR BREYTINGAR
Liður 5.1.	Upplýsingar um mikilvægar breytingar á upplýsingum, sem veittar eru skv. 4. lið, sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta reikningsárs eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
6. ÞÁTTUR	DÓMSMÁL OG GERÐARDÓMSMÁL
Liður 6.1.	Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 6.2.	Upplýsingar um undanþágur sem útgefandi nýtur í dómsmálum.

7. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 7.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) reikningsskil og áritanir endurskoðenda fyrir útgefanda sem taka til síðastliðinna tveggja reikningsára og fjárhagsáætlun yfirstandandi reikningsárs, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

11. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF EÐA HLUTDEILDARSKÍRTEINI SEM GEFIN ERU ÚT AF LOKUÐUM SJÓÐUM UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem [staðfestingu á gæðum verðbréfanna] sem viðkomandi [verðbréfalýsing/lýsing] varðar, d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.
2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“.

	Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.
3. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR
Liður 3.1.	Yfirlýsing um veltufé Yfirlýsing útgefanda um að hann telji veltufé sitt nægja til að uppfylla núverandi þarfir sínar og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf.
Liður 3.2.	Fjármögnun og skuldsetning Yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu (þar sem gerður er greinarmunur á skuldum sem eru með og án ábyrgðar og skuldum sem eru tryggðar og ótryggðar) eigi fyrr en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Hugtakið „skuldsetning“ felur einnig í sér óbeinar og óvissar skuldir. Verði verulegar breytingar á fjármögnun og skuldsetningu útgefanda á 90 daga tímabilinu, skal veita viðbótarupplýsingar með því að leggja fram lýsingu í frásagnarformi á slíkum breytingum eða með því að uppfæra þær tölur.
Liður 3.3.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.
Liður 3.4.	Ástæður útboðs og notkun ágóða Ástæður útboðs og, eftir atvikum, áætlað nettóandvirði ágóða með sundurliðun eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og raðað í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur. Einnig skal veita upplýsingar um notkun ágóðans, einkum þegar hann er notaður til að kaupa eignir, nema í venjulegum rekstri, fjármagna tilkynnt kaup annarra fyrirtækja eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ BJÓÐA/TAKA TIL VIÐSKIPTA
Liður 4.1.	Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer).
Liður 4.2.	Löggjöfin sem verðbréfin eru gefin út samkvæmt.
Liður 4.3.	Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðarnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.
Liður 4.4.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.
Liður 4.5.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra a) réttur til arðs: i. ákveðinn dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, ii. tímamörk sem réttur til arðgreiðslu fellur niður eftir og til hvaða aðila rétturinn flyst eftir þau tímamörk, iii. takmarkanir á arði og ferli fyrir eigendur verðbréfa sem eru ekki með aðsetur í landinu, iv. fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær safnast upp eða ekki,

	b) atkvæðisréttur, c) forkaupsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki, d) réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda, e) réttur til hlutdeildar í afgangi eigna ef til félagsslita kemur, f) innlausnarákvæði, g) ákvæði um breytingu verðbréfa.
Liður 4.6.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.
Liður 4.7.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal tilgreina væntanlegan útgáfudag verðbréfanna.
Liður 4.8.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.
Liður 4.9.	Yfirlýsing um hvort landslög um yfirtökur gildi um útgefandann sem gætu hindrað viðkomandi yfirtöku, eftir atvikum. Stutt lýsing á réttindum og skyldum hluthafa ef gerð eru skyldubundin yfirtökutilboð og/eða reglur um innlausnarrétt tilboðsgjafa og hluthafa gilda um verðbréfin.
Liður 4.10.	Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa verið gerð á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör slíkra tilboða og niðurstöðu þeirra.
Liður 4.11.	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.
Liður 4.12.	Eftir atvikum, möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([1]).
Liður 4.13.	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.
5. ÞÁTTUR	SKILMÁLAR ALMENNS ÚTBOÐS VERÐBRÉFA
Liður 5.1.	Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu
Liður 5.1.1.	Skilyrði sem gilda um útboðið.
Liður 5.1.2.	Heildarfjárhæð útgáfu/útboðs þar sem gerður er greinarmunur á verðbréfum sem eru boðin til kaups og þeim sem eru boðin til áskriftar. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega. Sé ekki hægt að tilgreina hámarksmagn verðbréfa í lýsingu skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að tilkynnt er um verðbréfamagnið sem boðið verður í almenna útboðinu.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

Liður 5.1.3.	Upplýsingar um útboðstímabil, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.
Liður 5.1.4.	Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útboði og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.
Liður 5.1.5.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða, sem umsækjendur hafa greitt, fer fram.
Liður 5.1.6.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).
Liður 5.1.7.	Sé fjárfestum heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er heimilt.
Liður 5.1.8.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.
Liður 5.1.9.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.
Liður 5.1.10	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.
Liður 5.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar.
Liður 5.2.1.	Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin. Fari útboð fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti þess hefur verið tekinn frá eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.
Liður 5.2.2.	Að því marki sem útgefandi hefur vitneskju um að stærstu hluthafar, stjórnarmenn eða starfsmenn í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum útgefanda hafi í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum í útboðinu eða að einhver aðili hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu, skal skýra frá því.
Liður 5.2.3.	Upplýsingagjöf áður en úthlutun á sér stað: a) upplýsingar um skiptingu útboðsins í hluta (e. *tranches*), þ.á m. hluta stofnanafjárfesta, almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda, og aðra hluta, b) skilyrði fyrir endurgreiðslu (e. *claw-back*), hámarksfjárhæð slíkrar endurgreiðslu og lágmarksprósenta sem gildir um einstaka hluta, c) aðferð eða aðferðir sem notaðar verða við úthlutun þeirra hluta útboðsins sem er úthlutað til almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda ef um er að ræða umframáskrift þessara hluta, d) lýsing á allri fyrirframskilgreindri forgangsmeðferð tiltekinna flokka fjárfesta eða tengdra hópa (þ.m.t. áætlunum fyrir vini og fjölskyldur) við úthlutunina, prósenta útboðsins sem er frátekin fyrir slíka forgangsmeðferð og viðmið um hverjir teljast til slíkra flokka eða hópa, e) hvort meðferð áskrifta eða tilboða um áskrift í tengslum við úthlutun kann að ákvarðast af því hvaða fyrirtæki leggur áskrift eða tilboð fram eða hefur milligöngu um það, f) lágmarksmarkmið um fjárhæð einstakra úthlutana, ef einhver eru, í hlutanum fyrir almenna fjárfesta, g) skilyrði fyrir lokun útboðsins og fyrsti dagur sem heimilt er að loka því, h) hvort heimila megi fleiri en eina áskrift fyrir sama aðila og, sé það ekki leyft, hvernig farið verður með slíkar áskriftir.
Liður 5.2.4.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um úthlutaða fjárhæð og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.
Liður 5.3.	Verðlagning

Liður 5.3.1.	Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á og fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða. Sé verðið ekki vitað skal, skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, tilgreina annað hvort: a) hámarksverðið, að því marki sem það liggur fyrir, b) matsaðferðir og viðmið og/eða skilyrði sem endanlegt útboðsverð var eða verður ákvarðað út frá ásamt skýringu á matsaðferðum sem er beitt. Sé hvorki hægt að veita upplýsingar skv. a- né b-lið í verðbréfalýsingunni skal hún tilgreina að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í allt að tvo virka daga eftir að tilkynnt er um endanlegt útboðsverð verðbréfanna sem bjóða á í almennu útboði.
Liður 5.3.2.	Ferli við upplýsingagjöf um útboðsverð.
Liður 5.3.3.	Eigi hluthafar í útgefanda forkaupsrétt sem er háður takmörkunum eða afturkallaður skal greina frá því á hverju útgáfuverðið byggist ef selt er gegn staðgreiðslu í útboðinu og ástæðum slíkra takmarkana eða afturkallana og hverjir njóta góðs af þeim.
Liður 5.3.4.	Ef mikils misræmis gætir eða gæti gætt milli opinbers útboðsverðs og hins raunverulega verðs sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða æðstu stjórnendur eða tengdir aðilar, hafa greitt fyrir verðbréf sem þeir hafa keypt í viðskiptum undanfarið ár eða sem þeir hafa rétt á að kaupa á skal koma fram samanburður á greiðslum í fyrirhugaða opinbera útboðinu og raunverulegum greiðslum viðkomandi aðila.
Liður 5.4.	Setning á markað og sölutrygging
Liður 5.4.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.
Liður 5.4.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur (e. *paying agent*) og vörsluaðila (e. *depository agent*) í hverju landi fyrir sig.
Liður 5.4.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.
Liður 5.4.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.
6. ÞÁTTUR	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA
Liður 6.1.	Upplýsingar um hvort sótt hefur verið eða sótt verður um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta með dreifingu þeirra í huga á skipulegum markaði eða markaði þriðja lands, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta. Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.
Liður 6.2.	Tilgreina skal alla skipulega markaði, markaði þriðju landa, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorg fjármálagerninga sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta hafi þegar verið tekin til viðskipta á.
Liður 6.3.	Séu samtímis eða nánast samtímis umsókn um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði, seld verðbréf í sama flokki í áskrift eða í lokuðu útboði, eða ef verðbréf í öðrum flokkum eru stofnuð fyrir almennt eða lokað útboð, skal gera grein fyrir eðli þeirra aðgerða og fjölda, eiginleikum og verði þeirra verðbréfa sem um er að ræða.

Liður 6.4.	Sé um að ræða töku til viðskipta á skipulegum markaði, upplýsingar um þá aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.
Liður 6.5.	Upplýsingar um verðjöfnun í samræmi við liði 6.5.1 til 6.6, sé um að ræða töku til viðskipta á skipulegum markaði, markaði þriðja lands, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, hafi útgefandi eða hluthafi sem selur verðbréf veitt umframúthlutunarrétt eða á annan hátt er gefið til kynna að hugsanlega verði verðjöfnunaraðgerðum beitt í tengslum við útboð:
Liður 6.5.1.	Það að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er,
Liður 6.5.1.1	Það að verðjöfnunarviðskipti miði að því að styðja við markaðsverð verðbréfanna á verðjöfnunartímabilinu,
Liður 6.5.2.	Byrjun og lok tímabils sem verðjöfnun kann að fara fram á,
Liður 6.5.3.	Deili þess sem stýrir verðjöfnun fyrir hverja viðkomandi lögsögu, nema þessar upplýsingar liggi ekki fyrir við birtingu,
Liður 6.5.4.	Það að verðjöfnun geti haft í för með sér hærra markaðsverð en við venjulegar aðstæður,
Liður 6.5.5.	Hvar verðjöfnun kann að fara fram, þ.m.t., ef við á, heiti viðskiptavettvangs (eða viðskiptavettvanga).
Liður 6.6.	Umframúthlutun og umframsöluréttur: Sé um að ræða töku til viðskipta á skipulegum markaði, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga: a) hvort um er að ræða heimild til hugsanlegrar umframúthlutunar og/eða umframsölurétt (e. *green shoe*)og umfang slíkra heimilda, b) tímabil sem mögulegt er að beita umframúthlutun og/eða nýta umframsölurétt, c) skilyrði fyrir nýtingu heimildar til umframúthlutunar eða umframsölu.
7. ÞÁTTUR	VERÐBRÉFAEIGENDUR SEM VILJA SELJA
Liður 7.1.	Nafn og heimilisfang vinnustaðar þess einstaklings eða aðila sem býður verðbréfin til sölu, eðli starfs, stöðu eða annarra mikilvægra tengsla sem seljendur hafa haft við útgefanda undanfarin þrjú ár eða við forvera hans eða hlutdeildarfélög.
Liður 7.2.	Fjöldi og flokkur verðbréfa sem hver verðbréfaeigandi sem vill selja býður til kaups.
Liður 7.3.	Sé einn stærstu hluthafa að selja verðbréfin, stærð eignarhlutar hans bæði fyrir og strax eftir útgáfuna.
Liður 7.4.	Í tengslum við söluhömlur (e. *lock-up agreements*) skal veita eftirfarandi upplýsingar: a) aðilar sem hlut eiga að máli, b) efni samnings og undantekningar frá honum, c) hve lengi söluhömlur vara.
8. ÞÁTTUR	KOSTNAÐUR VEGNA ÚTGÁFU/ÚTBOÐS
Liður 8.1.	Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður útgáfu/útboðs.

9. ÞÁTTUR	ÞYNNING
Liður 9.1.	Samanburður á: a) hlutdeild hluthafa sem fyrir eru í hlutafé og atkvæðisrétti fyrir og eftir hlutafjáraukninguna sem hlýst af almenna útboðinu, út frá þeirri forsendu að hluthafar sem fyrir eru skrái sig ekki fyrir nýjum hlutum, b) verðmæti hreinnar eignar á hvern hlut á dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings fyrir almenna útboðið (söluútboð og/eða hlutafjáraukningu) og útboðsgengi á hlut í því almenna útboði.
Liður 9.2.	Ef hlutur hluthafa sem fyrir eru þynnist, óháð því hvort þeir nýta rétt sinn til að skrá sig fyrir nýjum hlutum, vegna þess að hluti af viðkomandi hlutabréfaútgáfu er frátekinn fyrir tiltekna fjárfesta eingöngu (t.d. lokað stofnanaútboð ásamt útboði til hluthafa), skal einnig tilgreina þynninguna sem hluthafar sem fyrir eru munu verða fyrir miðað við að þeir nýti rétt sinn (til viðbótar við aðstæðurnar í lið 9.1 þar sem þeir nýta hann ekki).
10. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR
Liður 10.1.	Sé ráðgjafa í tengslum við útgáfu getið í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.
Liður 10.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.

12. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR SÍÐARI ÚTGÁFUR HLUTABRÉFATENGDRA VERÐBRÉFA EÐA HLUTDEILDARSKÍRTEINA SEM GEFIN ERU ÚT AF LOKUÐUM SJÓÐUM UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi [verðbréfalýsing/lýsing] varðar, d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum, e) [verðbréfalýsing/lýsing] hafi verið samin sem hluti af einfaldaðri lýsingu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.
3. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR
Liður 3.1.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.
Liður 3.2.	Ástæður útboðs og notkun ágóða Ástæður útboðs og, eftir atvikum, áætlað nettóandvirði ágóða með sundurliðun eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og raðað í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur. Einnig skal veita upplýsingar um notkun ágóðans, einkum þegar hann er notaður til að kaupa eignir, nema í venjulegum rekstri, fjármagna tilkynnt kaup annarra fyrirtækja eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir.
Liður 3.3.	Yfirlýsing um veltufé Yfirlýsing útgefanda um að hann telji veltufé sitt nægja til að uppfylla núverandi þarfir sínar og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf.
Liður 3.4.	Fjármögnun og skuldsetning Yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu (þar sem gerður er greinarmunur á skuldum sem eru með og án ábyrgðar og skuldum sem eru tryggðar og ótryggðar) eigi fyrr en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Hugtakið „skuldsetning“ felur einnig í sér óbeinar og óvissar skuldir. Verði verulegar breytingar á fjármögnun og skuldsetningu útgefanda á 90 daga tímabilinu, skal veita viðbótarupplýsingar með því að leggja fram lýsingu í frásagnarformi á slíkum breytingum eða með því að uppfæra þær tölur.
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ BJÓÐA/TAKA TIL VIÐSKIPTA
Liður 4.1.	Lýsing á tegund, flokki og magni verðbréfa sem eru boðin og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer).
Liður 4.2.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.
Liður 4.3.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.
Liður 4.4.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.
Liður 4.5.	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.

Liður 4.6.	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.
Liður 4.7.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra a) réttur til arðs: i. ákveðinn dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, ii. tímamörk sem réttur til arðgreiðslu fellur niður eftir og til hvaða aðila rétturinn flyst eftir þau tímamörk, iii. takmarkanir á arði og ferli fyrir eigendur verðbréfa sem eru ekki með aðsetur í landinu, iv. fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær safnast upp eða ekki, b) atkvæðisréttur, c) forkaupsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki, d) réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda, e) réttur til hlutdeildar í afgangi eigna ef til félagsslita kemur, f) innlausnarákvæði, g) ákvæði um breytingu verðbréfa.
Liður 4.8.	Yfirlýsing um hvort landslög um yfirtökur gildi um útgefandann sem gætu hindrað yfirtöku, eftir atvikum.
Liður 4.9.	Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa verið gerð á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör slíkra tilboða og niðurstöðu þeirra.
5. ÞÁTTUR	SKILMÁLAR ÚTBOÐS
Liður 5.1.	Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu
Liður 5.1.1.	Skilmálar sem gilda um útboðið.
Liður 5.1.2.	Upplýsingar um útboðstímabil, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, lýsing á áskriftarferlinu og útgáfudagur nýrra verðbréfa.
Liður 5.1.3.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.
Liður 5.1.4.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).
Liður 5.1.5.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.
Liður 5.1.6.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.

Liður 5.1.7.	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.
Liður 5.1.8.	Heildarfjárhæð útgáfu/útboðs þar sem gerður er greinarmunur á verðbréfum sem eru boðin til kaups og þeim sem eru boðin til áskriftar. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina magn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega. Sé ekki hægt að tilgreina í verðbréfalýsingunni hámarksmagn verðbréfa sem bjóða á skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í allt að tvo virka daga eftir að tilkynnt er um verðbréfamagnið sem boðið verður í almenna útboðinu.
Liður 5.1.9.	Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útboði og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.
Liður 5.1.10	Sé fjárfestum heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er leyfilegt.
Liður 5.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar
Liður 5.2.1.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um úthlutaða fjárhæð og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.
Liður 5.2.2.	Að því marki sem útgefandi hefur vitneskju um að stærstu hluthafar, stjórnarmenn eða starfsmenn í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum útgefanda hafi í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum í útboðinu eða að einhver aðili hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu, skal skýra frá því.
Liður 5.3.	Verðlagning
Liður 5.3.1.	Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á og fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða. Sé verðið ekki vitað skal, skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, tilgreina annað hvort: a) hámarksverð verðbréfa, að því marki sem það liggur fyrir, b) matsaðferðir og viðmið og/eða skilyrði, sem endanlegt útboðsverð er ákvarðað út frá og skýringu á matsaðferðum sem er beitt. Sé hvorki hægt að veita upplýsingar skv. a- né b-lið í verðbréfalýsingunni skal hún tilgreina að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í allt að tvo virka daga eftir að tilkynnt er um endanlegt útboðsverð verðbréfanna sem bjóða á í almennu útboði.
Liður 5.3.2.	Ferli við upplýsingagjöf um útboðsverð.
Liður 5.3.3.	Eigi hluthafar í útgefanda forkaupsrétt sem er háður takmörkunum eða afturkallaður skal greina frá því á hverju útgáfuverðið byggist ef selt er gegn staðgreiðslu í útboðinu og ástæðum slíkra takmarkana eða afturkallana og hverjir njóta góðs af þeim.
Liður 5.4.	Setning á markað og sölutrygging
Liður 5.4.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.

Liður 5.4.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.
Liður 5.4.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.
Liður 5.4.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.
6. ÞÁTTUR	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA
Liður 6.1.	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta með dreifingu þeirra í huga á skipulegum markaði, öðrum jafngildum mörkuðum þriðju landa eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta. Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.
Liður 6.2.	Tilgreina skal alla skipulega markaði, jafngilda markaði þriðju landa eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta hafi þegar verið tekin til viðskipta á.
Liður 6.3.	Séu samtímis eða nánast samtímis umsókn um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði seld verðbréf í sama flokki í áskrift eða í lokuðu útboði, eða ef verðbréf í öðrum flokkum eru stofnuð fyrir almennt eða lokað útboð, skal gera grein fyrir eðli þeirra aðgerða og fjölda, eiginleikum og verði þeirra verðbréfa sem um er að ræða.
Liður 6.4.	Upplýsingar um þá aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.
7. ÞÁTTUR	VERÐBRÉFAEIGENDUR SEM VILJA SELJA
Liður 7.1.	Samningar um söluhömlur Í tengslum við söluhömlur skal veita eftirfarandi upplýsingar: a) aðilar sem hlut eiga að máli, b) efni samnings og undantekningar frá honum, c) hve lengi söluhömlur vara.
8. ÞÁTTUR	KOSTNAÐUR VEGNA ÚTGÁFU/ÚTBOÐS
Liður 8.1.	Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður útgáfu/útboðs.
9. ÞÁTTUR	ÞYNNING
Liður 9.1.	Samanburður á: a) hlutdeild hluthafa sem fyrir eru í hlutafé og atkvæðisrétti fyrir og eftir hlutafjáraukninguna sem hlýst af almenna útboðinu, út frá þeirri forsendu að hluthafar sem fyrir eru skrái sig ekki fyrir nýjum hlutum, b) verðmæti hreinnar eignar á hvern hlut á dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings fyrir almenna útboðið (söluútboð og/eða hlutafjáraukningu) og útboðsgengi á hlut í því almenna útboði.

Liður 9.2.	Ef hlutur hluthafa sem fyrir eru þynnist, óháð því hvort þeir nýta rétt sinn til að skrá sig fyrir nýjum hlutum, vegna þess að hluti af viðkomandi hlutabréfaútgáfu er frátekinn fyrir tiltekna fjárfesta eingöngu (t.d. lokað stofnanaútboð ásamt útboði til hluthafa) skal einnig tilgreina þynninguna sem hluthafar sem fyrir eru munu verða fyrir miðað við að þeir nýti rétt sinn (til viðbótar við aðstæðurnar þar sem þeir nýta hann ekki).
10. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR
Liður 10.1.	Sé ráðgjafa í tengslum við útgáfu getið í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.
Liður 10.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.

13. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR HEIMILDARSKÍRTEINI SEM GEFIN ERU ÚT VEGNA HLUTABRÉFA

1. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 1.1.	Yfirlýsing um veltufé Yfirlýsing útgefanda undirliggjandi verðbréfa um að hann telji veltufé nægja til að uppfylla núverandi þarfir sínar og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf.	√	√
Liður 1.2.	Fjármögnun og skuldsetning Yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu útgefanda undirliggjandi verðbréfa (þar sem gerður er greinarmunur á skuldum sem eru með og án ábyrgðar og skuldum sem eru tryggðar og ótryggðar) eigi fyrr en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Hugtakið „skuldsetning“ felur einnig í sér óbeinar og óvissar skuldir. Verði verulegar breytingar á fjármögnun og skuldsetningu útgefanda á 90 daga tímabilinu, skal veita viðbótarupplýsingar með því að leggja fram lýsingu í frásagnarformi á slíkum breytingum eða með því að uppfæra þær tölur.	√	√
Liður 1.3.	Lýsing á tegund og flokki undirliggjandi hlutabréfa, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer).	√	√
Liður 1.4.	Löggjöfin sem verðbréfin eru gefin út samkvæmt.	√	√
Liður 1.5.	Upplýsingar um hvort undirliggjandi hlutabréf eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðarnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	√	√
Liður 1.6.	Gjaldmiðill undirliggjandi hlutabréfa.	√	√
Liður 1.7.	Lýsing á réttindum sem fylgja undirliggjandi hlutabréfum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	√	√
Liður 1.8.	Réttur til arðs: a) ákveðinn dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, b) tímamörk sem réttur til arðgreiðslu fellur niður eftir og til hvaða aðila rétturinn flyst eftir þau tímamörk, c) takmarkanir á arði og ferli fyrir eigendur verðbréfa sem eru ekki með aðsetur í landinu, d) fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær safnast upp eða ekki,	√	√
Liður 1.9.	Atkvæðisréttur. Forkaupsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki. Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda. Réttur til hlutdeildar í afgangi eigna ef til félagsslita kemur, Innlausnarákvæði. Ákvæði um breytingu verðbréfa.	√	√

Liður 1.10.	Útgáfudagur undirliggjandi hlutabréfa ef ný undirliggjandi hlutabréf eru stofnuð vegna útgáfu heimildarskírteina og eru ekki til staðar þegar heimildarskírteinin eru gefin út.	√	√
Liður 1.11.	Ef ný undirliggjandi hlutabréf eru gefin út til útgáfu heimildarskírteina skal tilgreina ályktanir, heimildir og samþykki sem undirliggjandi hlutabréfin hafa verið eða verða stofnuð eða gefin út samkvæmt.	√	√
Liður 1.12.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali undirliggjandi hlutabréfa.	√	√
Liður 1.13.	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.	√	√
Liður 1.14.	a) Yfirlýsing um hvort landslög um yfirtökur gildi um útgefandann sem gætu hindrað viðkomandi yfirtöku, eftir atvikum. b) Stutt lýsing á réttindum og skyldum hluthafa ef gerð eru skyldubundin yfirtökutilboð og/eða reglur um innlausnarrétt tilboðsgjafa og hluthafa gilda um verðbréfin.	√ √	√
Liður 1.15.	Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa verið gerð á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör slíkra tilboða og niðurstöðu þeirra.	√	√
Liður 1.16.	Eftir atvikum, möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi skv. tilskipun 2014/59/ESB.	√	
Liður 1.17.	Samningar um söluhömlur a) Aðilar sem hlut eiga að máli. b) Efni samnings og undantekningar frá honum. c) Upplýsingar um hve lengi söluhömlur vara.	√	√
Liður 1.18.	Upplýsingar um hluthafa sem vilja selja, ef einhverjir eru	√	√
Liður 1.18.1.	Nafn og heimilisfang vinnustaðar þess einstaklings eða aðila sem býður undirliggjandi hlutabréfin til sölu, eðli starfs, stöðu eða annarra mikilvægra tengsla sem seljendur hafa haft við útgefanda undanfarin þrjú ár eða við forvera hans eða hlutdeildarfélög.	√	√
Liður 1.19.	Þynning		
Liður 1.19.1.	Samanburður á: a) hlutdeild hluthafa sem fyrir eru í hlutafé og atkvæðisrétti fyrir og eftir hlutafjáraukninguna sem hlýst af almenna útboðinu, út frá þeirri forsendu að hluthafar sem fyrir eru skrái sig ekki fyrir nýjum hlutum, b) verðmæti hreinnar eignar á hvern hlut á dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings fyrir almenna útboðið (söluútboð og/eða hlutafjáraukningu) og útboðsgengi á hlut í því almenna útboði.	√	√

Liður 1.19.2.	Ef hlutur hluthafa sem fyrir eru þynnist óháð því hvort þeir nýta rétt sinn til að skrá sig fyrir nýjum hlutum, vegna þess að hluti af viðkomandi hlutabréfaútgáfu er frátekinn fyrir tiltekna fjárfesta eingöngu (t.d. lokað stofnanaútboð ásamt útboði til hluthafa) skal einnig tilgreina þynninguna sem hluthafar sem fyrir eru munu verða fyrir miðað við að þeir nýti rétt sinn (til viðbótar við aðstæðurnar í lið 1.19.1 þar sem þeir nýta hann ekki).	√	√
Liður 1.20.	Viðbótarupplýsingar ef samtímis, eða nánast samtímis, á sér stað útboð eða taka til viðskipta á sama flokki undirliggjandi hlutabréfa og þeirra undirliggjandi hlutabréfa sem hlutdeildarskírteinin eru gefin út vegna.	√	√
Liður 1.20.1.	Séu samtímis eða nánast samtímis stofnun þeirra hlutdeildarskírteina sem sótt er um að tekin séu til viðskipta á reglulegum markaði seld undirliggjandi hlutabréf í áskrift eða lokuðu útboði í sama flokki og þau hlutabréf sem hlutdeildarskírteinin eru gefin út vegna skal gera grein fyrir eðli þeirra ráðstafana og fjölda og eiginleikum þeirra undirliggjandi hlutabréfa sem um er að ræða	√	√
Liður 1.20.2.	Veita skal upplýsingar um alla skipulega markaði eða jafngilda markaði sem útgefandi heimildarskírteina hefur vitneskju um að undirliggjandi hlutabréf í sama flokki og þau sem heimildarskírteinin eru gefin út vegna séu boðin út eða tekin til viðskipta á.	√	√
Liður 1.20.3.	Að því marki sem útgefandi heimildarskírteina hefur vitneskju um skal tilgreina hvort stærstu hluthafar, þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hafi í hyggju að skrá sig fyrir bréfum í útboðinu, eða hvort einhver aðili hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu.	√	√
2. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM HEIMILDARSKÍRTEINI	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 2.1.	Tilgreina skal fjölda hlutabréfa sem hvert heimildarskírteini stendur fyrir.	√	√
Liður 2.2.	Lýsing á tegund og flokki heimildarskírteina sem eru boðin út og/eða tekin til viðskipta.	√	√
Liður 2.3.	Löggjöfin sem heimildarskírteinin eru stofnuð samkvæmt.	√	√
Liður 2.4.	Upplýsingar um hvort heimildarskírteinin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðarnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	√	√
Liður 2.5.	Gjaldmiðill heimildarskírteinanna.	√	√
Liður 2.6.	Lýsing á réttindum sem fylgja viðkomandi heimildarskírteinum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum og tilhögun við nýtingu þeirra, sé um það að ræða.	√	√
Liður 2.7.	Sé réttur til arðs sem fylgir heimildarskírteinum ólíkur þeim rétti til arðs sem upplýst er að fylgi undirliggjandi hlutabréfum skal veita eftirfarandi upplýsingar um rétt til arðs: a) ákveðinn dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, b) tímamörk sem réttur til arðgreiðslu fellur niður eftir og til hvaða aðila rétturinn flyst eftir þau tímamörk,	√	√

	c) takmarkanir á arði og ferli fyrir eigendur verðbréfa sem eru ekki með aðsetur í landinu, d) fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær safnast upp eða ekki,		
Liður 2.8.	Sé atkvæðisréttur sem fylgir heimildarskírteinum ólíkur þeim atkvæðisrétti sem upplýst er að fylgi undirliggjandi hlutabréfum skal veita eftirfarandi upplýsingar um þennan rétt: a) atkvæðisréttur, b) forkaupsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki, c) réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda, d) réttur til hlutdeildar í afgangi eigna ef til félagsslita kemur, e) innlausnarákvæði, f) ákvæði um breytingu verðbréfa.	√	√
Liður 2.9.	Lýsa skal nýtingu og eðli réttar sem fylgir undirliggjandi hlutum, einkum atkvæðisréttar, með hvaða skilyrðum útgefandi heimildarskírteina getur nýtt viðkomandi rétt og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að fá fyrirmæli eigenda heimildarskírteina, sem og réttar til hlutdeildar í hagnaði og afgangi eigna ef til félagsslita kemur sem rennur ekki í hendur handhafa heimildarskírteinisins.	√	√
Liður 2.10.	Fyrirhugaður útgáfudagur heimildarskírteina.	√	√
Liður 2.11.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali heimildarskírteina.	√	√
Liður 2.12.	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu heimildarskírteinanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.	√	√
Liður 2.13.	Bankaábyrgðir eða aðrar ábyrgðir sem fylgja heimildarskírteinunum og er ætlað að tryggja skuldbindingar útgefanda.	√	√
Liður 2.14.	Möguleiki á að fá heimildarskírteinum breytt í upphafleg hlutabréf og hvernig að því er staðið.	√	√
3. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM SKILMÁLA ÚTBOÐS HEIMILDARSKÍRTEINA	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 3.1.	Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu		
Liður 3.1.1.	Heildarfjárhæð útgáfu/útboðs þar sem gerður er greinarmunur á verðbréfum sem eru boðin til kaups og þeim sem eru boðin til áskriftar. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega. Sé ekki hægt að tilgreina í lýsingu hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að tilkynnt er um magn verðbréfa sem boðið verður í almenna útboðinu.	√	√

Liður 3.1.2.	Upplýsingar um útboðstímabil, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.	√	√
Liður 3.1.3.	Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útboði og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.	√	√
Liður 3.1.4.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða, sem umsækjendur hafa greitt, fer fram.	√	√
Liður 3.1.5.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).	√	√
Liður 3.1.6.	Sé fjárfestum heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er leyfilegt.	√	√
Liður 3.1.7.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.	√	√
Liður 3.1.8.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.	√	√
Liður 3.1.9.	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.	√	√
Liður 3.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar		
Liður 3.2.1.	Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin. Fari útboð fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti þess hefur verið tekinn frá eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.	√	√
Liður 3.2.2.	Að því marki sem útgefandi hefur vitneskju um að stærstu hluthafar, þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda hafi í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum í útboðinu eða að einhver aðili hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu, skal skýra frá því.	√	√
Liður 3.2.3.	Upplýsingagjöf áður en úthlutun á sér stað: a) upplýsingar um skiptingu útboðsins í hluta, þ.á m. hluta stofnanafjárfesta, almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda, og aðra hluta, b) skilyrði fyrir endurgreiðslu, hámarksfjárhæð slíkrar endurgreiðslu og lágmarksprósenta sem gildir um einstaka hluta, c) aðferð eða aðferðir sem notaðar verða við úthlutun þeirra hluta útboðsins sem er úthlutað til almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda ef um er að ræða umframáskrift þessara hluta, d) lýsing á allri fyrirframskilgreindri forgangsmeðferð tiltekinna flokka fjárfesta eða tengdra hópa (þ.m.t. áætlunum fyrir vini og fjölskyldur) við úthlutunina, prósenta útboðsins sem er frátekin fyrir slíka forgangsmeðferð og viðmið um hverjir teljast til slíkra flokka eða hópa, e) hvort meðferð áskrifta eða tilboða um áskrift í tengslum við úthlutun kann að ákvarðast af því hvaða fyrirtæki leggur áskrift eða tilboð fram eða hefur milligöngu um það,	√	√

	f) lágmarksmarkmið um fjárhæð einstakra úthlutana, ef einhver eru, í hlutanum fyrir almenna fjárfesta, g) skilyrði fyrir lokun útboðsins og fyrsti dagur sem heimilt er að loka því, h) hvort heimila megi fleiri en eina áskrift fyrir sama aðila og, sé það ekki leyft, hvernig farið verður með slíkar áskriftir.		
Liður 3.2.4.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um úthlutaða fjárhæð og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.	√	√
Liður 3.3.	Verðlagning		
Liður 3.3.1.	Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á og fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða. Sé verðið ekki vitað skal, skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, tilgreina annað hvort: a) hámarksverð verðbréfa, að því marki sem það liggur fyrir, b) matsaðferðir og viðmið og/eða skilyrði sem endanlegt útboðsverð var eða verður ákvarðað út frá ásamt skýringu á matsaðferðum sem er beitt. Sé hvorki hægt að veita upplýsingar samkvæmt a- né b-lið í lýsingunni skal hún tilgreina að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að tilkynnt er um endanlegt útboðsverð verðbréfanna sem bjóða á í almennu útboði.	√	√
Liður 3.3.2.	Ferli við upplýsingagjöf um útboðsverð.	√	√
Liður 3.3.3.	Ef mikils misræmis gætir eða gæti gætt milli opinbers útboðsverðs og hins raunverulega verðs sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða æðstu stjórnendur eða tengdir aðilar, hafa greitt fyrir verðbréf sem þeir hafa keypt í viðskiptum undanfarið ár eða sem þeir hafa rétt á að kaupa á skal koma fram samanburður á greiðslum í fyrirhugaða opinbera útboðinu og raunverulegum greiðslum viðkomandi aðila.	√	√
Liður 3.4.	Setning á markað og sölutrygging		
Liður 3.4.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.	√	√
Liður 3.4.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	√	√
Liður 3.4.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.	√	√
Liður 3.4.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.	√	√

4. ÞÁTTUR	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA MEÐ HEIMILDAR-SKÍRTEINI	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 4.1.	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta með dreifingu þeirra í huga á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta. Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.	√	√
Liður 4.2.	Tilgreina skal alla skipulega markaði, jafngilda markaði þriðju landa, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorg fjármálagerninga sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta, hafi þegar verið tekin til viðskipta á.	√	√
Liður 4.3.	Séu samtímis eða nánast samtímis stofnun verðbréfa sem sótt er um töku til viðskipta á á skipulegum markaði, seld verðbréf í sama flokki í áskrift eða í lokuðu útboði, eða ef verðbréf í öðrum flokkum eru stofnuð fyrir almennt eða lokað útboð, skal gera grein fyrir eðli þeirra ráðstafana og fjölda og eiginleikum þeirra verðbréfa sem um er að ræða.	√	√
	Sé um að ræða töku til viðskipta á skipulegum markaði, upplýsingar um þá aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.	√	√
Liður 4.4.	Útgáfuverð verðbréfanna	√	√
	Upplýsingar um verðjöfnun: Hafi útgefandi eða hluthafi sem selur verðbréf veitt umframúthlutunarrétt eða á annan hátt gefið til kynna að hugsanlega verði beitt verðjöfnunaraðgerðum í tengslum við útboð skal greina frá eftirfarandi:	√	√
	Það að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er.	√	
Liður 4.5.	Það að verðjöfnunarviðskipti miði að því að styðja við markaðsverð verðbréfanna á verðjöfnunartímabilinu.	√	
	Byrjun og lok tímabils sem verðjöfnun kann að fara fram á.	√	
	Deili þess sem stýrir verðjöfnun fyrir hverja viðkomandi lögsögu, nema þessar upplýsingar liggi ekki fyrir við birtingu.	√	
	Það að verðjöfnun geti haft í för með sér hærra markaðsverð en við venjulegar aðstæður.	√	
Liður 4.6.	Hvar verðjöfnun kann að fara fram, þ.m.t., ef við á, heiti viðskiptavettvangs (eða viðskiptavettvanga).	√	
	Umframúthlutun og umframsöluréttur: Sé um að ræða töku til viðskipta á skipulegum markaði: a) hvort um er að ræða heimild til hugsanlegrar umframúthlutunar og/eða umframsölurétt (e. *green shoe*)og umfang slíkra heimilda, b) tímabil sem mögulegt er að beita umframúthlutun og/eða nýta umframsölurétt, c) skilyrði fyrir nýtingu heimildar til umframúthlutunar eða umframsölu.	√	√

5. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR UM ÚTGÁFU HEIMILDARSKÍRTEINANNA	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 5.1.	Ástæður útboðs og notkun ágóða		
Liður 5.1.1.	Ástæður útboðs og, eftir atvikum, áætlað nettóandvirði ágóða með sundurliðun eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og raðað í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur. Einnig skal veita upplýsingar um notkun ágóðans, einkum þegar hann er notaður til að kaupa eignir, nema í venjulegum rekstri, fjármagna tilkynnt kaup annarra fyrirtækja eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir.	√	√
Liður 5.2.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu		
Liður 5.2.1.	Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.	√	√
Liður 5.3.	Áhættuþættir		
Liður 5.3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni lýsingarinnar.	√	√
6. ÞÁTTUR	KOSTNAÐUR VIÐ ÚTGÁFU/ÚTBOÐ HEIMILDARSKÍRTEINA	Frumútgáfa	Síðari útgáfur
Liður 6.1.	Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður útgáfu/útboðs.	√	√

14. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD OG ERU FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS	
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.	Flokkur A
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.	Flokkur A
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem [staðfestingu á gæðum verðbréfanna] sem viðkomandi [verðbréfalýsing/lýsing] varðar, d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.	Flokkur A

2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Meðal áhættuþátta sem skal veita upplýsingar um eru: a) þeir sem leiða af rétthæð verðbréfs sem víkjandi kröfu og áhrif af væntanlegri stærð eða tímasetningu greiðslna til eigenda verðbréfanna ef til gjaldþrots eða annarrar sambærilegrar meðferðar kæmi, þ.m.t., ef við á, ógjaldfærni lánastofnunar eða skilameðferðar eða endurskipulagningar í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB, b) í tilvikum þar sem verðbréfin eru tryggð með ábyrgð, verulegir áhættuþættir sem eiga sérstaklega við um ábyrgðarveitandann að því marki sem þeir skipta máli fyrir getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A
3. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR	
Liður 3.1.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.	Flokkur C
Liður 3.2.	Ástæður útboðs og notkun ágóða Ástæður almenns útboðs eða töku til viðskipta. Upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við útgáfu/útboð og áætluð nettófjárhæð ágóða, þar sem við á. Sundurliða skal þennan kostnað og ágóða eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og setja fram í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur.	Flokkur C
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ BJÓÐA Í ALMENNU ÚTBOÐI/TAKA TIL VIÐSKIPTA	
Liður 4.1.	a) Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin út í almennu útboði og/eða tekin til viðskipta.	Flokkur B
	b) Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) fyrir þá flokka verðbréfa sem um getur í a-lið.	Flokkur C
Liður 4.2.	Löggjöfin sem verðbréfin eru gefin út samkvæmt.	Flokkur A
Liður 4.3.	a) Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð.	Flokkur A
	b) Sé um að ræða verðbréf sem eru rafrænt skráð skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur C

Liður 4.4.	Heildarmagn verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði/tekin til viðskipta. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega. Sé ekki hægt að tilgreina í verðbréfalýsingunni hámarksmagn verðbréfa sem bjóða á skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í allt að tvo virka daga eftir að tilkynnt er um magn verðbréfa sem boðið verður í almenna útboðinu.	Flokkur C
Liður 4.5.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.	Flokkur C
Liður 4.6.	Rétthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um víkjandi stöðu verðbréfanna og möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.	Flokkur A
Liður 4.7.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	Flokkur B
Liður 4.8.	a) Nafnvextir,	Flokkur C
	b) ákvæði um vexti til greiðslu,	Flokkur B
	c) upphafsdagur vaxta,	Flokkur C
	d) gjalddagar vaxta,	Flokkur C
	e) fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls,	Flokkur B
	Ef vextirnir eru ekki fastir:	
	a) tilgreining á tegund undirliggjandi þáttar,	Flokkur A
	b) lýsing á þeim undirliggjandi þætti sem vextirnir byggjast á,	Flokkur C
	c) aðferð sem er notuð til að tengja vextina við undirliggjandi þáttinn,	Flokkur B
	d) hvar má nálgast upplýsingar um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flökt hans með rafrænum hætti og hvort hægt sé að nálgast þær ókeypis,	Flokkur C
	e) lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðslu-uppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	f) leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	g) nafn þess aðila sem sér um útreikning,	Flokkur C
	h) sé afleiða þáttur í vaxtagreiðslum af verðbréfinu skal gefa skýra og ítarlega skýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestingar þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhætta er augljós.	Flokkur B
Liður 4.9.	a) Lokadagur.	Flokkur C
	b) Upplýsingar um fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Sé fyrirhugað að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða eiganda verðbréfsins, skal gera grein fyrir skilmálum niðurgreiðslunnar	Flokkur B

Liður 4.10.	a) Upplýsingar um ávöxtun. b) Lýsa skal í stuttu máli þeirri aðferð sem er notuð til að reikna út ávöxtunina í a-lið.	Flokkur C Flokkur B
Liður 4.11.	Fyrirsvar fyrir eigendur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. upplýsingar um aðilann sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um vefsetur þar sem almenningur getur haft frjálsan aðgang að samningum í tengslum við þessar aðferðir við fyrirsvar.	Flokkur B
Liður 4.12.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.	Flokkur C
Liður 4.13.	Útgáfudagur eða sé um að ræða nýjar útgáfur væntanlegur útgáfudagur verðbréfanna.	Flokkur C
Liður 4.14.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.	Flokkur A
Liður 4.15.	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.	Flokkur A
Liður 4.16.	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.	Flokkur C
5. ÞÁTTUR	SKILMÁLAR ALMENNS ÚTBOÐS VERÐBRÉFA	
Liður 5.1.	Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu	
Liður 5.1.1.	Skilmálar sem gilda um útboðið.	Flokkur C
Liður 5.1.2.	Upplýsingar um útboðstímabilið, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar. Lýsing á áskriftarferlinu.	Flokkur C
Liður 5.1.3.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða, sem umsækjendur hafa greitt, fer fram.	Flokkur C
Liður 5.1.4.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).	Flokkur C
Liður 5.1.5.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.	Flokkur C
Liður 5.1.6.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.	Flokkur C
Liður 5.1.7.	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.	Flokkur C

Liður 5.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar.	
Liður 5.2.1.	Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin. Fari útboð fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti þess hefur verið tekinn frá eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.	Flokkur C
Liður 5.2.2.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um úthlutaða fjárhæð og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.	Flokkur C
Liður 5.3.	Verðlagning	
Liður 5.3.1.	a) Tilgreina skal verðið sem fyrirhugað er að bjóða verðbréfin á.	Flokkur C
	b) Sé ekki unnt að tilgreina fyrirhugað verð skal lýsa aðferðinni sem notuð er til að ákvarða verðið, skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, og ferlinu við upplýsingagjöf um það.	Flokkur B
	c) Tilgreina skal fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða. Falli útgefandi undir reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 eða tilskipun 2014/65/ESB skal tilgreina kostnað sem er innifalinn í verðinu, að því marki sem hann er þekktur.	Flokkur C
Liður 5.4.	Setning á markað og sölutrygging	
Liður 5.4.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.	Flokkur C
Liður 5.4.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C
Liður 5.4.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.	Flokkur C
Liður 5.4.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.	Flokkur C
6. ÞÁTTUR	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	
Liður 6.1.	a) Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta, með dreifingu þeirra í huga, á skipulegum markaði, öðrum mörkuðum þriðju landa, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta.	Flokkur B
	b) Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.	Flokkur C
Liður 6.2.	Tilgreina skal alla skipulega markaði eða markaði þriðju landa, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorg fjármálagerninga sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem bjóða á í almennu útboði eða taka til viðskipta, hafi þegar verið tekin til viðskipta á.	Flokkur C

Liður 6.3.	Sé um að ræða töku til viðskipta á skipulegum markaði, nöfn og heimilisföng þeirra aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.	Flokkur C
Liður 6.4.	Útgáfuverð verðbréfanna.	Flokkur C
7. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
Liður 7.1.	Sé ráðgjafa í tengslum við útgáfu getið í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
Liður 7.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
Liður 7.3.	Lánshæfiseinkunnir sem gefnar eru verðbréfunum að beiðni útgefanda eða með samstarfi hans í matsferlinu. Stutt skýring á merkingu lánshæfiseinkunnanna ef matsfyrirtækið hefur áður birt hana.	Flokkur C
Liður 7.4.	Komi upplýsingarnar í c- til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 í stað hluta samantektarinnar skal birta allar slíkar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki birtar annars staðar í verðbréfalýsingunni.	Flokkur C

15. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR VERÐBRÉF Í HEILDSÖLU SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS	
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.	Flokkur A
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.	Flokkur A
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar, og d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.	Flokkur A

2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Meðal áhættuþátta sem skal veita upplýsingar um eru: a) þeir sem leiða af rétthæð verðbréfs sem víkjandi kröfu og áhrif af væntanlegri stærð eða tímasetningu greiðslna til eigenda verðbréfanna ef til gjaldþrots eða annarrar sambærilegrar meðferðar kæmi, þ.m.t., ef við á, ógjaldfærni lánastofnunar eða skilameðferðar eða endurskipulagningar í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB, b) í tilvikum þar sem verðbréfin eru tryggð með ábyrgð, verulegir áhættuþættir sem eiga sérstaklega við um ábyrgðarveitandann að því marki sem þeir skipta máli fyrir getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A
3. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR	
Liður 3.1.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni. Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.	Flokkur C
Liður 3.2.	Notkun og áætluð nettófjárhæð ágóðans.	Flokkur C
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ TAKA TIL VIÐSKIPTA	
Liður 4.1.	Heildarfjárhæð verðbréfa sem á að taka til viðskipta.	Flokkur C
Liður 4.2.	a) Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru tekin til viðskipta, b) Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN).	Flokkur B Flokkur C
Liður 4.3.	Löggjöfin sem verðbréfin eru gefin út samkvæmt.	Flokkur A
Liður 4.4.	a) Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. b) Sé um að ræða verðbréf sem eru rafrænt skráð skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur A Flokkur C
Liður 4.5.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.	Flokkur C
Liður 4.6.	Rétthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um víkjandi stöðu verðbréfanna og möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.	Flokkur A

Liður 4.7.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	Flokkur B
Liður 4.8.	a) Nafnvextir,	Flokkur C
	b) ákvæði um vexti til greiðslu,	Flokkur B
	c) upphafsdagur vaxta,	Flokkur C
	d) gjalddagar vaxta,	Flokkur C
	e) fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls,	Flokkur B
	Ef vextirnir eru ekki fastir:	
	a) tilgreining á tegund undirliggjandi þáttar,	Flokkur A
	b) lýsing á þeim undirliggjandi þætti sem vextirnir byggjast á,	Flokkur C
	c) aðferð sem er notuð til að tengja vextina við undirliggjandi þáttinn,	Flokkur B
	d) lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðslu-uppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	e) leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur C
	f) nafn aðila sem sér um útreikning.	Flokkur C
Liður 4.9.	a) Lokadagur.	Flokkur C
	b) Upplýsingar um fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Sé fyrirhugað að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða eiganda verðbréfsins, skal gera grein fyrir skilmálum niðurgreiðslunnar.	Flokkur B
Liður 4.10.	Upplýsingar um ávöxtun.	Flokkur C
Liður 4.11.	Fyrirsvar fyrir eigendur skuldabréfa, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um vefsetur þar sem fjárfestar geta haft frjálsan aðgang að samningum í tengslum við þessar aðferðir við fyrirsvar.	Flokkur B
Liður 4.12.	Yfirlýsing um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið stofnuð og/eða gefin út.	Flokkur C
Liður 4.13.	Útgáfudagur verðbréfanna.	Flokkur C
Liður 4.14.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.	Flokkur A
Liður 4.15.	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.	Flokkur C
5. ÞÁTTUR	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	
Liður 5.1.	a) Tilgreining á skipulegum markaði eða öðrum markaði þriðja lands, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga þar sem viðskipti verða með verðbréfin og sem lýsing hefur verið gefin út fyrir.	Flokkur B
	b) Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.	Flokkur C

Liður 5.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C
6. ÞÁTTUR	KOSTNAÐUR VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA	
Liður 6.1.	Áætlaður heildarkostnaður vegna töku til viðskipta.	Flokkur C
7. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
Liður 7.1.	Sé getið ráðgjafa í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
Liður 7.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
Liður 7.3.	Lánshæfiseinkunnir sem gefnar eru verðbréfunum að beiðni útgefanda eða með samstarfi hans í matsferlinu. Stutt skýring á merkingu lánshæfiseinkunnanna ef matsfyrirtækið hefur áður birt hana.	Flokkur C

16. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR SÍÐARI ÚTGÁFUR VERÐBRÉFA SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS	
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.	Flokkur A
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.	Flokkur A
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi [verðbréfalýsing/lýsing] varðar, d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum, og e) [verðbréfalýsing] hafi verið samin sem hluti af einfaldaðri lýsingu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.	Flokkur A

2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Meðal áhættuþátta sem skal veita upplýsingar um eru: a) þeir sem leiða af rétthæð verðbréfs sem víkjandi kröfu og áhrif af væntanlegri stærð eða tímasetningu greiðslna til eigenda verðbréfanna ef til gjaldþrots eða annarrar sambærilegrar meðferðar kæmi, þ.m.t., ef við á, ógjaldfærni lánastofnunar eða skilameðferðar eða endurskipulagningar í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB, b) í tilvikum þar sem verðbréfin eru tryggð með ábyrgð, verulegir áhættuþættir sem eiga sérstaklega við um ábyrgðarveitandann að því marki sem þeir skipta máli fyrir getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A
3. ÞÁTTUR	HELSTU UPPLÝSINGAR	
Liður 3.1.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.	Flokkur C
Liður 3.2. (Aðeins almennir fjárfestar)	Ástæður fyrir almenna útboðinu eða töku verðbréfanna til viðskipta ef þær varða ekki myndun hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættum. Sé um að ræða almennt útboð, upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við útgáfuna/útboðið og áætlaða nettófjárhæð ágóða. Sundurliða skal þennan kostnað og ágóða eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og setja fram í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur.	Flokkur C
Liður 3.3. (Aðeins heildsölufjárfestar)	Ástæður útgáfu ef þær varða ekki myndun hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættuþáttum.	Flokkur C
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF SEM Á AÐ BJÓÐA/TAKA TIL VIÐSKIPTA	
Liður 4.1.	a) lýsing á tegund, flokki og magni verðbréfa sem eru boðin út og/eða tekin til viðskipta, b) alþjóðlegt auðkennisnúmer (ISIN-númer) verðbréfa sem boðin eru út og/eða tekin til viðskipta.	Flokkur A Flokkur C
Liður 4.2.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.	Flokkur C
Liður 4.3.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.	Flokkur C
Liður 4.4.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.	Flokkur B

Liður 4.5. (Aðeins almennir fjárfestar)	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.	Flokkur A
Liður 4.6.	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.	Flokkur C
Liður 4.7.	Rétthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um víkjandi stöðu verðbréfanna og möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.	Flokkur A
Liður 4.8.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum.	Flokkur B
Liður 4.9.	a) Nafnvextir,	Flokkur C
	b) ákvæði um vexti til greiðslu,	Flokkur B
	c) upphafsdagur og gjalddagar vaxta.	Flokkur C
	d) fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls,	Flokkur B
	Ef vextirnir eru ekki fastir:	
	a) tilgreining á tegund undirliggjandi þáttar,	Flokkur A
	b) lýsing á þeim undirliggjandi þætti sem vextirnir byggjast á og aðferðinni sem notuð er til að tengja vextina við undirliggjandi þáttinn,	Flokkur C
	c) sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta skal tilgreina hvar má nálgast upplýsingar um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flökt hans,	Flokkur C
	d) lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	e) leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	f) nafn þess aðila sem sér um útreikning,	Flokkur C
	g) sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta og afleiða er þáttur í vaxtagreiðslum af verðbréfinu skal gefa skýra og ítarlega skýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestingar þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhætta er augljós.	Flokkur B
Liður 4.10.	a) Lokadagur.	Flokkur C
	b) Upplýsingar um fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Sé fyrirhugað að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða eiganda verðbréfsins, skal gera grein fyrir skilmálum niðurgreiðslunnar.	Flokkur B
Liður 4.11.	a) Upplýsingar um ávöxtun.	Flokkur C
	b) Sé um að ræða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta skal lýsa í stuttu máli þeirri aðferð sem er notuð til að reikna út ávöxtunina.	Flokkur B

Liður 4.15.	Fyrirsvar fyrir eigendur skuldabréfa, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um vefsetur þar sem almenningur getur haft frjálsan aðgang að samningum í tengslum við þessar aðferðir við fyrirsvar.	Flokkur B
Liður 4.16.	Ef ekki er boðið út skal tilgreina útgáfudag verðbréfanna.	Flokkur C
5. ÞÁTTUR	SKILMÁLAR ÚTBOÐS (AÐEINS ALMENNIR FJÁRFESTAR)	
Liður 5.1.	Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu	
Liður 5.1.1.	Skilmálar sem gilda um útboðið.	Flokkur C
Liður 5.1.2.	Upplýsingar um útboðstímabil, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, lýsing á áskriftarferlinu og útgáfudagur nýrra verðbréfa.	Flokkur C
Liður 5.1.3.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.	Flokkur C
Liður 5.1.4.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).	Flokkur C
Liður 5.1.5.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.	Flokkur C
Liður 5.1.6.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.	Flokkur C
Liður 5.1.7.	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.	Flokkur C
Liður 5.1.8.	Heildarfjárhæð útgáfunnar/útboðsins. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina magn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega. Sé ekki hægt að tilgreina í lýsingu hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að tilkynnt er um verðbréfamagnið sem boðið verður í almenna útboðinu.	Flokkur C
Liður 5.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar	
Liður 5.2.1.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um fjárhæðina sem úthlutað er og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.	Flokkur C
Liður 5.3.	Verðlagning	
Liður 5.3.1.	a) Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á, eða	Flokkur C
	b) lýsa aðferðinni sem er notuð til að ákvarða útboðsverð og ferlinu við birtingu þess.	Flokkur B
	c) Tilgreina skal fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða. Falli útgefandi undir reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 eða tilskipun 2014/65/ESB skal tilgreina kostnað sem er innifalinn í verðinu, að því marki sem hann er þekktur.	Flokkur C

Atriði 5,4.	Setning á markað og sölutrygging	
Liður 5.4.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.	Flokkur C
Liður 5.4.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C
Liður 5.4.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.	Flokkur C
Liður 5.4.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.	Flokkur C
6. ÞÁTTUR	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	
Liður 6.1.	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta með dreifingu þeirra í huga á skipulegum markaði, öðrum jafngildum mörkuðum þriðju landa eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta. Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.	Flokkur B
Liður 6.2. (Aðeins almennir fjárfestar)	Tilgreina skal alla skipulega markaði, jafngilda markaði þriðju landa eða vaxtar-markaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta hafi þegar verið tekin til viðskipta á.	Flokkur C
Liður 6.3. (Aðeins almennir fjárfestar)	Útgáfuverð verðbréfanna.	Flokkur C
Liður 6.4. (Aðeins heildsölufjárfestar)	Áætlaður heildarkostnaður vegna töku til viðskipta.	Flokkur C
Liður 6.5.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C
7. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
Liður 7.1.	Sé ráðgjafa í tengslum við útgáfu getið í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
Liður 7.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endur-skoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrs-lunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
Liður 7.3. (Aðeins almennir fjárfestar)	Lánshæfiseinkunnir sem gefnar eru verðbréfunum að beiðni útgefanda eða með samstarfi hans í matsferlinu. Stutt skýring á merkingu lánshæfiseinkunnanna ef mats-fyrirtækið hefur áður birt hana.	Flokkur C
Liður 7.4. (Aðeins heildsölufjárfestar)	Áætlaður heildarkostnaður vegna töku til viðskipta.	Flokkur C
Liður 7.5. (Aðeins heildsölufjárfestar)	Lánshæfiseinkunnir sem gefnar eru verðbréfunum að beiðni útgefanda eða með samstarfi hans í matsferlinu.	Flokkur C

17. VIÐAUKI

VERÐBRÉF SEM LEIÐA TIL GREIÐSLU- EÐA AFHENDINGARSKYLDU SEM TENGIST UNDIRLIGGJANDI EIGN

1. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
Liður 1.1.	Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í kafla sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“. Ef við á skal þetta fela í sér áhættuviðvörun þess efnis að fjárfestar geti tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar eða hluta hennar, eftir atvikum og takmarkist ábyrgð fjárfestis ekki við verðmæti fjárfestingar hans skal geta þess og lýsa aðstæðum þar sem slík viðbótarábyrgð skapast og líklegum fjárhagslegum áhrifum.	Flokkur A
2. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ BJÓÐA/TAKA TIL VIÐSKIPTA	
Liður 2.1.	Upplýsingar um verðbréf	
Liður 2.1.1.	Skýr og ítarleg útskýring til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestingar þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhættan er augljós, nema nafnverð hverrar einingar verðbréfanna sé a.m.k. 100.000 evrur eða þau sé einungis hægt að kaupa fyrir a.m.k. 100.000 evrur á hvert verðbréf eða viðskipti með þau eigi að fara fram á skipulegum markaði eða tilteknum hluta skipulegs markaðar sem aðeins hæfir fjárfestar hafa aðgang að.	Flokkur B
Liður 2.1.2.	Lokadagur eða lokagjalddagi afleiðnanna og nýtingardagur eða síðasta viðmiðunar-dagsetning þeirra.	Flokkur C
Liður 2.1.3.	Lýsing á uppgjörsferli afleiðnanna.	Flokkur B
Liður 2.1.4.	Lýsing á:	
	a) því með hvaða hætti hagnaður af afleiðum er greiddur út,	Flokkur B
	b) greiðsludegi eða afhendingardegi,	Flokkur C
	c) aðferð við útreikning.	Flokkur B
Liður 2.2.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti	
Liður 2.2.1.	Nýtingarverð eða lokaviðmiðunarverð undirliggjandi þáttar.	Flokkur C
Liður 2.2.2.	Yfirlýsing sem tilgreinir tegund undirliggjandi þáttar.	Flokkur A
	Tilgreina skal hvar má nálgast upplýsingar um undirliggjandi þátt, þ.m.t. upplýsingar um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flökt hans með rafrænum hætti og hvort hægt sé að nálgast þær ókeypis.	Flokkur C
	Ef undirliggjandi þáttur er verðbréf:	
	a) nafn útgefanda verðbréfsins,	Flokkur C
	b) alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer),	Flokkur C
	Ef undirliggjandi þáttur er viðmiðunaraðili eða viðmiðunarskuldbinding (fyrir láns-hæfistengd verðbréf):	
	a) ef viðmiðunaraðilinn eða viðmiðunarskuldbindingin samanstendur af einum aðila eða skuldbindingu, eða ef um er að ræða safn undirliggjandi þátta þar sem einn viðmiðunar-aðili eða ein viðmiðunarskuldbinding samsvarar 20% eða meira af safninu:	

	i. hafi engin verðbréf viðmiðunaraðila (eða útgefanda viðmiðunarskuldbindingar) verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að því er útgefanda er kunnugt um og/eða hann getur ráðið af upplýsingum sem viðmiðunaraðilinn (eða útgefandi viðmiðunarskuldbindingarinnar) hefur birt, skal veita upplýsingar um viðmiðunaraðilann (eða útgefanda viðmiðunarskuldbindingarinnar) eins og hann væri útgefandi (í samræmi við útgefandalýsinguna fyrir verðbréf í heildsölu sem ekki eru hlutabréfatengd),	Flokkur A
	ii. hafi einhver verðbréf viðmiðunaraðila (eða útgefanda viðmiðunarskuldbindingar) þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að því er útgefanda er kunnugt um og/eða hann getur ráðið af upplýsingum sem viðmiðunaraðilinn (eða útgefandi viðmiðunarskuldbindingarinnar) hefur birt, skal tilgreina heiti hans, ISIN-númer, heimilisfang, skráningarland, atvinnugrein eða -greinar viðmiðunaraðila (eða útgefanda viðmiðunarskuldbindingar) og heiti markaðar þar sem verðbréfin hafa verið tekin til viðskipta.	Flokkur C
	b) sé um að ræða safn undirliggjandi þátta þar sem einn viðmiðunaraðili eða viðmiðunarskuldbinding samsvarar minna en 20% af safninu:	
	i. nöfn viðmiðunaraðilanna eða útgefanda viðmiðunarskuldbindinganna og	Flokkur C
	ii. ISIN-númerið.	Flokkur C
	Ef undirliggjandi þáttur er vísitala:	
	a) heiti vísitölu,	Flokkur C
	b) lýsing á vísitölunni ef hún er sett saman af útgefandanum eða lögaðila sem tilheyrir sömu samstæðu,	Flokkur A
	c) lýsing á vísitölunni sem lögaðili eða einstaklingur sem kemur fram fyrir hönd eða í samvinnu við útgefanda, heldur úti, nema lýsingin feli í sér eftirfarandi yfirlýsingar:	Flokkur B
	i. að allar reglur um vísitöluna og upplýsingar um þróun hennar séu aðgengilegar á vefsetri útgefandans eða þess sem heldur úti vísitölunni,	
	ii. að gildandi reglur (þ.m.t. aðferðafræði vísitölunnar við val og endurstillingu á þáttum vísitölunnar, lýsing á atburðum sem valda markaðsröskun og leiðréttingarreglur) byggist á fyrirfram ákveðnum og hlutlægum viðmiðum,	
	Ákvæði b- og c-liðar eiga ekki við ef stjórnandi vísitölunnar er í opinberu skránni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin heldur skv. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ([1]).	
	d) Setji útgefandinn ekki vísitöluna saman skal geta þess hvar hægt er að fá upplýsingar um hana.	Flokkur C
	Sé undirliggjandi þátturinn vextir skal lýsa vöxtunum.	Flokkur C
	Falli undirliggjandi þátturinn ekki undir neinn framangreindan flokk skal verðbréfalýsingin hafa að geyma samsvarandi upplýsingar.	Flokkur C
	Sé undirliggjandi þáttur karfa undirliggjandi þátta skal veita upplýsingar um hvern undirliggjandi þátt eins og lýst er hér að ofan og vægi hvers undirliggjandi þáttar í körfunni.	Flokkur C
Liður 2.2.3.	Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri eða lánaatburðum (e. *credit event*) sem hafa áhrif á undirliggjandi þátt.	Flokkur B

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

Liður 2.2.4.	Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.	Flokkur B
3. ÞÁTTUR	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
Liður 3.1.	Lýsingin skal tilgreina hvort útgefandi hyggst veita upplýsingar að útgáfu lokinni (e. *post issuance information*). Hafi útgefandi gefið til kynna að hann hyggist greina frá slíkum upplýsingum skal hann tilgreina í lýsingunni hvaða upplýsingum verður greint frá og hvar hægt verði að finna þær.	Flokkur C

18. VIÐAUKI

UNDIRLIGGJANDI HLUTABRÉF

1. ÞÁTTUR	LÝSING Á UNDIRLIGGJANDI HLUTABRÉFI	
Liður 1.1.	Lýsing á tegund og flokki hlutabréfanna.	Flokkur A
Liður 1.2.	Löggjöf sem hlutabréfin hafa verið eða verða stofnuð samkvæmt.	Flokkur A
Liður 1.3.	a) Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð.	Flokkur A
	b) Sé um að ræða verðbréf sem eru rafrænt skráð skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur C
Liður 1.4.	Gjaldmiðill hlutabréfaútgáfunnar	Flokkur A
Liður 1.5.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra. a) réttur til arðs: i. ákveðinn dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, ii. tímamörk sem réttur til arðgreiðslu fellur niður eftir og til hvaða aðila rétturinn flyst eftir þau tímamörk, iii. takmarkanir á arði og ferli fyrir eigendur verðbréfa sem eru ekki með aðsetur í landinu, iv. fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær safnast upp eða ekki, b) atkvæðisréttur, c) forkaupsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki, d) réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda, e) réttur til hlutdeildar í afgangi eigna ef til félagsslita kemur, f) innlausnarákvæði, g) ákvæði um breytingu verðbréfa.	Flokkur A
Liður 1.6.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að hlutabréfin hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út og tilgreina útgáfudag.	Flokkur C
Liður 1.7.	Hvar og hvenær hlutabréfin verða eða hafa verið tekin til viðskipta.	Flokkur C
Liður 1.8.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali hlutabréfanna.	Flokkur A
Liður 1.9.	Yfirlýsing um hvort landslög um yfirtökur gildi um útgefandann sem gætu hindrað viðkomandi yfirtöku, eftir atvikum. Stutt lýsing á réttindum og skyldum hluthafa í tengslum við skyldubundin yfirtökutilboð, innlausnarrétt tilboðsgjafa eða hluthafa.	Flokkur A

Liður 1.10.	Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa verið gerð á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör slíkra tilboða og niðurstöðu þeirra.	Flokkur C
Liður 1.11.	Samanburður á:	
	a) hlutdeild hluthafa sem fyrir eru í hlutafé og atkvæðisrétti fyrir og eftir hlutafjáraukninguna sem hlýst af almenna útboðinu, út frá þeirri forsendu að hluthafar sem fyrir eru skrái sig ekki fyrir nýjum hlutum,	Flokkur C
	b) verðmæti hreinnar eignar á hvern hlut á dagsetningu síðasta efnahagsreiknings fyrir almenna útboðið (söluútboð og/eða hlutafjáraukningu) og útboðsgengi á hlut í því almenna útboði.	Flokkur C
2. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF ÚTGEFANDI UNDIRLIGGJANDI ÞÁTTAR ER AÐILI SEM TILHEYRIR SÖMU SAMSTÆÐU	Flokkur C
Liður 2.1.	Sé útgefandi undirliggjandi þáttar aðili sem tilheyrir sömu samstæðu, skal veita þær upplýsingar um útgefanda sem krafist er í útgefandalýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða, ef við á, í útgefandalýsingu fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa eða í útgefandalýsingu í ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf.	Flokkur A

19. VIÐAUKI

EIGNAVARIN VERÐBRÉF

1. ÞÁTTUR	VERÐBRÉFIN	
Liður 1.1.	Yfirlýsing þess efnis að tilkynning hafi verið eða verði send Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hvort kröfur um einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (e. *simple, transparent and standardised securitisation* eða *STS*) séu uppfylltar, eftir atvikum. Með henni skal fylgja útskýring á merkingu slíkrar tilkynningar ásamt tilvísun eða tengli í gagnagrunn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem tilgreinir að þar sé hægt að hlaða STS-tilkynningunni niður, ef nauðsyn krefur	Flokkur A
Liður 1.2.	Hafi lýsingin að geyma yfirlýsingu þess efnis að viðskiptin uppfylli STS-kröfur skal koma fram viðvörun um að STS-staða viðskiptanna sé ekki varanleg og að fjárfestar ættu að kanna núverandi stöðu viðskiptanna á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.	Flokkur B
Liður 1.3.	Lágmarksnafnverð útgáfu.	Flokkur C
Liður 1.4.	Ef tilgreindar eru upplýsingar um fyrirtæki/loforðsgjafa (e. *obligor*) sem tengist ekki útgáfunni skal staðfesta að upplýsingarnar sem tengjast fyrirtækinu/loforðsgjafanum séu nákvæm endurgerð á upplýsingum sem fyrirtækið/loforðsgjafinn hefur birt. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um og hann getur ráðið af þeim upplýsingum sem fyrirtækið/loforðsgjafinn hefur birt sé engum staðreyndum sleppt sem myndu gera upplýsingarnar, sem hann hefur eftir, misvísandi. Auk þess skal tilgreina uppruna þeirra upplýsinga í verðbréfalýsingu sem byggjast á upplýsingum sem fyrirtæki/loforðsgjafi hefur birt.	Flokkur C
2. ÞÁTTUR	UNDIRLIGGJANDI EIGNIR	
Liður 2.1.	Staðfesting þess efnis að verðbréfuðu eignirnar sem eru til tryggingar útgáfunni séu þess eðlis að sýnt sé fram á að þær geti myndað fjármuni sem standa straum af greiðslum af verðbréfunum.	Flokkur A
Liður 2.2.	Sé útgáfan tryggð með safni aðgreindra eigna (*e. pool of discrete assets*) skal tilgreina eftirfarandi:	
Liður 2.2.1.	Löggjöfina sem eignasafnið heyrir undir.	Flokkur C
Liður 2.2.2.	a) Sé um að ræða fáa loforðsgjafa sem auðvelt er að tilgreina skal leggja fram almenna lýsingu á hverjum þeirra.	Flokkur C
	b) Í öllum öðrum tilvikum skal lýsa almennum einkennum loforðsgjafanna og efnahagsumhverfinu.	Flokkur B
	c) Að því er varðar þá loforðsgjafa sem um getur í b-lið skal veita almennar tölfræðilegar upplýsingar um verðbréfuðu eignirnar.	Flokkur C
Liður 2.2.3.	Lagalegt eðli eignanna.	Flokkur C
Liður 2.2.4.	Lokadagur/-dagar eða lokagjalddagi/-dagar eignanna.	Flokkur C
Liður 2.2.5.	Fjárhæð eignanna.	Flokkur C
Liður 2.2.6.	Lánshlutfall (e. *loan-to-value ratio*) eða umfang tryggingar.	Flokkur B
Liður 2.2.7.	Aðferð sem er notuð við myndun eigna og, þegar um er að ræða lán og lánasamninga, helstu viðmið um lánveitingar og upplýsingar um lán sem uppfylla ekki þessi viðmið, og réttindi eða skyldur í tengslum við frekari fyrirgreiðslu.	Flokkur B
Liður 2.2.8.	Mikilvægar yfirlýsingar og tryggingar sem eru veittar útgefanda í tengslum við eignirnar.	Flokkur C

Liður 2.2.9.	Hvers kyns réttur til að skipta út eignum og lýsing á því hvernig það fer fram og tegund eigna sem hægt er að skipta út á þennan hátt. Sé unnt að skipta eignum út með eignum í öðrum flokki eða af öðrum gæðum skal geta þess og lýsa áhrifum slíkrar útskiptingar.	Flokkur B
Liður 2.2.10	Lýsing á viðeigandi vátryggingarsamningum sem tengjast eignunum. Skylt er að greina frá samþjöppun hjá einu vátryggingarfélagi ef það skiptir máli fyrir viðskiptin.	Flokkur B
Liður 2.2.11	Ef eignir fela í sér skuldbindingar fimm eða færri loforðsgjafa sem eru lögaðilar eða fimm eða færri lögaðilar ábyrgjast þær eða ef loforðsgjafi eða aðili sem ábyrgist loforðsgjafa stendur fyrir 20 % eða meira af eignunum eða einn ábyrgðarveitandi ábyrgist 20% eða meira af eignunum, skal útgefandi, að því marki sem honum er kunnugt um og/eða hann getur ráðið af upplýsingum sem loforðsgjafi/-gjafar eða ábyrgðarveitandi/-veitendur hafa birt, tilgreina annaðhvort af eftirfarandi:	
	a) upplýsingar um hvern loforðsgjafa eða ábyrgðarveitanda eins og hann væri útgefandi sem semdi útgefandalýsingu fyrir verðbréf sem ekki væru hlutabréfatengd og væru að nafnverði a.m.k. 100 000 evrur á hverja einingu og/eða sem aðeins væru viðskipti með á skipulegum markaði, eða tilteknum hluta hans, sem einungis hæfir fjárfestar gætu haft aðgang að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með verðbréfin,	Flokkur A
	b) ef loforðsgjafi eða ábyrgðarveitandi á verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal tilgreina nafn, heimilisfang, skráningarland, helstu atvinnustarfsemi/fjárfestingarstefnu og heiti markaðar þar sem verðbréfin eru tekin til viðskipta.	Flokkur C
Liður 2.2.12	Séu tengsl milli útgefanda, ábyrgðarveitanda og loforðsgjafa sem skipta máli fyrir útgáfuna skal veita upplýsingar um helstu skilmála sem gilda um þessi tengsl.	Flokkur C
Liður 2.2.13	Feli eignirnar í sér skuldbindingar sem viðskipti eru með á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal gefa stutta lýsingu á verðbréfunum og markaðnum og tilgreina rafrænan tengil í gögn í tengslum við skuldbindingarnar á hinum skipulega markaði eða jafngilda markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.	Flokkur C
Liður 2.2.14.	Feli eignirnar í sér skuldbindingar sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal lýsa helstu skilmálum í tengslum við skuldbindingarnar.	Flokkur B
Liður 2.2.15.	Feli eignirnar í sér hlutabréfatengd verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal eftirfarandi koma fram:	Flokkur C
	a) lýsing á verðbréfunum,	
	b) lýsing á markaðnum þar sem viðskipti fara fram með verðbréfin þ.m.t. stofndagur hans, hvernig verðupplýsingar eru birtar, dagvelta, upplýsingar um mikilvægi markaðarins í viðkomandi landi, heiti eftirlitsyfirvalds markaðarins og rafrænn tengill í gögn í tengslum við verðbréfin á hinum skipulega markaði, jafngilda markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja,	Flokkur C
	c) hve oft verð viðkomandi verðbréfa er birt.	Flokkur C
Liður 2.2.16	Ef meira en 10% eignanna eru hlutabréfatengd verðbréf sem ekki eru viðskipti með á skipulegum markaði, jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal gefa lýsingu á þessum hlutabréfatengdu verðbréfum og veita samsvarandi upplýsingar og í útgefandalýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða eftir atvikum, útgefandalýsingu fyrir verðbréf sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu að því er varðar hvern útgefanda þessara verðbréfa.	Flokkur A

Liður 2.2.17	Sé verulegur hluti eignanna tryggður með fasteignum skal leggja fram verðmatsskýrslu um fasteignina sem tilgreinir bæði verðmat hennar og sjóð- og tekjustreymi. Þessar upplýsingar þarf ekki að veita ef um er að ræða útgáfu verðbréfa sem eru tryggð með veðlánum með veði í fasteign, ekki hefur farið fram endurmat á fasteignunum vegna útgáfunnar og skýrt er tekið fram að verðmatið, sem sett er fram, miðist við daginn sem gengið var frá upprunalega veðláninu.	Flokkur A
Liður 2.3.	Sé útgáfan tryggð með safni eigna í virkri stýringu skal tilgreina eftirfarandi:	
Liður 2.3.1.	Upplýsingar sem eru sambærilegar þeim sem tilgreindar eru í liðum 2.1. og 2.2 svo unnt sé að meta tegund, gæði, nægjanleika og seljanleika eignanna í eignasafninu, sem er til tryggingar útgáfunni.	Sjá liði 2.1 og 2.2
Liður 2.3.2.	Viðmiðunarmörk sem unnt er að fjárfesta innan, nafn og lýsing aðila sem er ábyrgur fyrir slíkri stýringu, þ.m.t. lýsing á sérþekkingu og reynslu hans, samantekt á ákvæðum sem varða uppsögn slíks aðila og skipun annars aðila til að annast stýringuna og lýsing á tengslum þess aðila við alla aðra aðila að útgáfunni.	Flokkur A
Liður 2.4.	Hafi útgefandi í hyggju að gefa út fleiri verðbréf sem eru tryggð með sömu eignum skal greina frá því á áberandi hátt, og nema slík ný verðbréf séu jafngeng (e. *fungible*) á móti skuldabréfaflokkum sem fyrir eru eða víkjandi fyrir þeim skal lýsa því hvernig eigendum bréfa í þeim flokki verður tilkynnt um það.	Flokkur C
3. ÞÁTTUR	UPPBYGGING OG SJÓÐSTREYMI	
Liður 3.1.	Lýsing á uppbyggingu viðskiptanna með yfirliti yfir viðskiptin og sjóðstreymið, þ.m.t. skýringarmynd.	Flokkur A
Liður 3.2.	Lýsing á aðilunum sem taka þátt í útgáfunni og þeim starfsþáttum sem þeir eiga að framkvæma ásamt upplýsingum um beint og óbeint eignarhald eða yfirráð milli þessara aðila.	Flokkur A
Liður 3.3.	Lýsing á aðferð við og dagsetningu sölu, yfirfærslu, aðilaskipta eða framsals eigna eða hvers kyns réttinda og/eða skuldbindinga útgefanda í tengslum við eignirnar eða, eftir atvikum, hvernig og á hvaða tímabili útgefandi mun ljúka við að fjárfesta fyrir ágóðann af útgáfunni.	Flokkur B
Liður 3.4.	Skýring á fjármagnsflæði, þ.m.t.:	
Liður 3.4.1.	a) hvernig sjóðstreymi frá eignunum mun uppfylla skuldbindingar útgefandans gagnvart eigendum verðbréfanna, þ.m.t. ef nauðsyn krefur: b) tafla yfir fjármálaþjónustu og lýsing á forsendum sem notaðar eru við gerð töflunnar,	Flokkur A Flokkur C
Liður 3.4.2.	upplýsingar um alla þætti sem er ætlað að bæta lánshæfi, upplýsingar um það ef mögulega verulegur lausafjárskortur getur átt sér stað, hvort unnt sé að fá lausafjáraðstoð og upplýsingar um ráðstafanir sem er ætlað að mæta hættunni á greiðslufalli vaxtagreiðslna eða greiðslna af höfuðstól,	Flokkur B
Liður 3.4.3.	a) krafa um eftirhald áhættu (e. *risk retention*) sem á við um viðskiptin, eftir atvikum, b) veruleg hrein, fjárhagsleg hlutdeild (e. *net economic interest*) sem upphafsaðili (e. *originator*), umsýsluaðili (e. *sponsor*) eða upprunalegur lánveitandi heldur eftir ([1]),	Flokkur A Flokkur C

([1]) Þetta getur breyst eftir endanlegum kröfum reglna um verðbréfun.

Liður 3.4.4.	með fyrirvara um lið 3.4.2, upplýsingar um víkjandi lánsfjármögnun,	Flokkur C
Liður 3.4.5.	upplýsingar um hvers kyns fjárfestingarviðmið sem eru notuð við fjárfestingu tímabundins umframlausafjár og lýsing á þeim aðilum sem bera ábyrgð á slíkum fjárfestingum,	Flokkur B
Liður 3.4.6.	hvernig greiðslur vegna eignanna eru innheimtar,	Flokkur A
Liður 3.4.7.	forgangsröð greiðslna frá útgefanda til eigenda viðkomandi verðbréfaflokks,	Flokkur A
Liður 3.4.8.	upplýsingar um annað fyrirkomulag sem greiðslur vaxta og höfuðstóls eru háðar,	Flokkur B
Liður 3.5.	nafn, heimilisfang og helsta atvinnustarfsemi upphafsaðila verðbréfuðu eignanna.	Flokkur C
Liður 3.6.	Ef ávöxtun og/eða endurgreiðsla verðbréfanna tengist afkomu eða lánshæfi annarra eigna eða undirliggjandi þátta sem eru ekki eignir útgefandans skal tilgreina eitt af eftirtöldu fyrir hverja slíka viðmiðunareign eða undirliggjandi þátt: a) upplýsingar í samræmi við liði 2.2 og 2.3, b) sé höfuðstóllinn ekki í hættu, nafn útgefanda viðmiðunareignarinnar, alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer), og hvar hægt er að nálgast upplýsingar um fyrri og núverandi árangur viðmiðunareignarinnar, c) sé viðmiðunareignin vísitala, upplýsingar skv. 1. og 2. hluta 17. viðauka.	Sjá 17. viðauka
Liður 3.7.	Nafn, heimilisfang og helsta atvinnustarfsemi stjórnanda, aðila sem sér um útreikning eða sambærilegra aðila, ásamt samantekt á ábyrgð þessara aðila, tengsl þeirra við upphafsaðila eða stofnanda eignanna og samantekt á ákvæðum sem snerta uppsögn stjórnanda/aðila sem sér um útreikning og ráðningu annars stjórnanda/aðila sem sér um útreikning,	Flokkur C
Liður 3.8.	Nöfn, heimilisföng og stutt lýsing á: a) mótaðilum í skiptasamningi og aðilum sem veita annars konar mikilvæga möguleika til að bæta lánshæfi/lausafjárstöðu, b) bönkum sem helstu reikningar sem tengjast viðskiptunum eru hjá.	 Flokkur A Flokkur C
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAGJÖF AÐ LOKINNI ÚTGÁFU	
Liður 4.1.	Greina skal frá því í lýsingunni hvar útgefanda ber, eða hann hyggst, leggja fram upplýsingar um viðskipti að útgáfu lokinni að því er varðar verðbréf sem á að taka til viðskipta og verðþróun undirliggjandi trygginga. Útgefandi skal tilgreina hvaða upplýsingar verða veittar, hvar má nálgast þessar upplýsingar og hve oft þær verða veittar.	Flokkur C

20. VIÐAUKI

***PRO FORMA* UPPLÝSINGAR**

1. ÞÁTTUR	EFNI *PRO FORMA* FJÁRHAGSUPPLÝSINGA
Liður 1.1.	*Pro forma* fjárhagsupplýsingar skulu samanstanda af: a) inngangi þar sem fram kemur: i. í hvaða tilgangi *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar voru teknar saman, þ.m.t. lýsing á viðskiptunum eða verulegu skuldbindingunni og fyrirtækjunum eða aðilunum sem hlut eiga að máli, ii. tímabil eða dagsetning sem *pro forma* fjárhagsupplýsingar taka til, iii. að *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar séu eingöngu teknar saman til skýringar, iv. útskýring á: i. að *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar sýni áhrif viðskiptanna eins og ef viðskiptin hefðu farið fram fyrr, ii. að tilgátur um fjárhagsstöðu eða afkomu í *pro forma* fjárhagsupplýsingunum geti verið frábrugðnar raunverulegri fjárhagsstöðu eða afkomu viðkomandi aðila, b) rekstrarreikningi, efnahagsreikningi eða hvorum tveggja, eftir atvikum, sett fram í dálkaformi sem samanstendur af: i. sögulegum, óleiðréttum upplýsingum, ii. breytingum á reikningsskilaaðferð, ef nauðsyn krefur, iii. *pro forma* leiðréttingum, iv. niðurstöðum *pro forma* fjárhagsupplýsinganna í lokadálki, c) meðfylgjandi skýringum á: i. hvaðan óleiðréttu fjárhagsupplýsinganna var aflað og hvort birt hefur verið könnunar- eða endurskoðunarskýrsla um upplýsingarnar sem þær byggja á, ii. á hvaða grundvelli *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar eru samdar, iii. uppruna hverrar leiðréttingar ásamt útskýringu á henni, iv. að því er varðar hverja leiðréttingu í tengslum við *pro forma* rekstrarreikning, hvort búist sé við því að leiðréttingin hafi áframhaldandi áhrif á útgefandann, d) eftir atvikum skal lýsingin hafa að geyma þær fjárhagsupplýsingar og árshlutaupplýsingar fyrirtækja eða aðila sem hafa verið eða verða yfirtekin sem notaðar eru við gerð *pro forma* fjárhagsupplýsinganna.
2. ÞÁTTUR	MEGINREGLUR UM GERÐ OG FRAMSETNINGU *PRO FORMA* FJÁRHAGSUPPLÝSINGA
Liður 2.1.	*Pro forma* fjárhagsupplýsingar skulu auðkenndar sem slíkar til aðgreiningar frá sögulegum fjárhagsupplýsingum. *Pro forma* fjárhagsupplýsingar skulu samdar í samræmi við þá reikningsskilastefnu sem útgefandi fylgir í síðustu eða næstu reikningsskilum sínum.
Liður 2.2.	Einungis er heimilt að birta *pro forma* upplýsingar fyrir: a) síðasta fjárhagstímabil sem er lokið og/eða b) næstliðinn árshluta sem viðkomandi, óleiðréttar upplýsingar hafa verið birtar eða eru í útgefandalýsingunni/lýsingunni fyrir.

Liður 2.3.	*Pro forma* leiðréttingar skulu: a) sýndar með skýrum hætti og útskýrðar, b) sýna öll mikilvæg áhrif sem rekja má beint til viðskiptanna, c) vera styðjanlegar staðreyndum.
3. ÞÁTTUR	KRÖFUR UM ÁRITUN ENDURSKOÐANDA
	Lýsingin skal hafa að geyma áritun sem óháður endurskoðendur eða endurskoðunarstofa semur og þar sem kemur fram það álit þeirra að: a) *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar hafi verið samdar á tilhlýðilegan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er, b) að grundvöllurinn sem um getur í a-lið sé í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.

21. VIÐAUKI

ÁBYRGÐIR

1. ÞÁTTUR	EÐLI ÁBYRGÐAR
	Lýsing á hvers kyns fyrirkomulagi sem er ætlað að tryggja að skuldbindingum sem skipta máli fyrir útgáfuna verði fullnægt, hvort sem er í formi ábyrgðar, veðs, „keep well-samnings“, sérstaks tryggingarsamnings (*e. mono-line Insurance policy*) eða annarra sambærilegra skuldbindinga („ábyrgða“) og lýsing á þeim sem útvegar það („ábyrgðarveitanda“). Slíkt fyrirkomulag felur í sér skuldbindingar, þ.m.t. sem eru háðar skilyrðum, til að tryggja endurgreiðslu verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd og/eða vaxta og skal lýsing fyrirkomulagsins tilgreina hvernig því er ætlað að tryggja skil á tryggðum greiðslum.
2. ÞÁTTUR	UMFANG ÁBYRGÐAR
	Veita skal upplýsingar um skilmála og umfang ábyrgðarinnar. Þessar upplýsingar skulu taka til allra skilyrða um beitingu ábyrgðarinnar ef til vanefnda kæmi samkvæmt skilmálum tryggingarinnar og mikilvægum skilmálum sérstakra tryggingarsamninga (*e. mono-line Insurance policy*) eða „keep well-samninga“ milli útgefanda og ábyrgðarveitanda. Einnig skal veita upplýsingar um neitunarvald ábyrgðarveitanda í tengslum við breytingar á réttindum verðbréfaeiganda eins og oft er kveðið á um í sérstökum tryggingarsamningi (*e. mono-line Insurance policy*).
3. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL UM ÁBYRGÐARVEITANDA
	Ábyrgðarveitandi skal veita upplýsingar um sjálfan sig eins og hann væri útgefandi þeirrar tegundar verðbréfa sem eru andlag ábyrgðarinnar.
4. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
	Upplýsingar um vefsetur þar sem almenningur hefur aðgang að mikilvægum samningum og öðrum skjölum sem tengjast ábyrgðinni.

22. VIÐAUKI

SAMÞYKKI

1. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL UM SAMÞYKKI ÚTGEFANDA EÐA AÐILA SEM BER ÁBYRGÐ Á AÐ SEMJA LÝSINGUNA	
Liður 1.1.	Ótvírætt samþykki útgefanda, eða aðila sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna, fyrir notkun lýsingarinnar og yfirlýsing þess efnis að hann beri ábyrgð á efni lýsingarinnar, einnig við síðari endursölu eða endanlegt útboð verðbréfa fyrir milligöngu fjármálamilliliðar sem veitt hefur verið samþykki til að nota lýsinguna.	Flokkur A
Liður 1.2.	Tímabilið sem veitt samþykki fyrir notkun lýsingarinnar tekur til.	Flokkur A
Liður 1.3.	Útboðstímabilið sem síðari endursala og endanlegt útboð fjármálamilliliða á verðbréfunum getur farið fram.	Flokkur C
Liður 1.4.	Vísun til aðildarríkjanna þar sem fjármálamilliliðir geta notað lýsinguna til síðari endursölu eða endanlegs útboðs verðbréfa.	Flokkur A
Liður 1.5.	Öll önnur skýr og hlutlæg skilyrði sem samþykkið er bundið og varða notkun lýsingarinnar.	Flokkur C
Liður 1.6.	Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að leggi fjármálamilliliður fram tilboð muni hann veita fjárfestum upplýsingar um skilmála tilboðsins á þeim tíma sem tilboðið er gert.	Flokkur A
2. ÞÁTTUR A	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF SAMÞYKKI ER VEITT EINUM EÐA FLEIRI TILGREINDUM FJÁRMÁLAMILLLILIÐUM	
Liður 2A.1	Telja skal upp og tilgreina (nafn og heimilisfang) fjármálamilliliðar eða -millilið sem er heimilt að nota lýsinguna.	Flokkur C
Liður 2A.2	Upplýsingar um hvernig nýjar upplýsingar um fjármálamilliliði sem ekki var vitneskja um þegar lýsingin, grunnlýsingin eða skráning á endanlegum skilmálum var samþykkt, eftir því sem við á, verða birtar og hvar þær verði að finna.	Flokkur A
2. ÞÁTTUR B	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF SAMÞYKKI ER VEITT ÖLLUM FJÁRMÁLAMILLLILIÐUM	
Liður 2B.1	Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að fjármálamilliliðir sem nota lýsinguna verði að lýsa því yfir á vefsetri sínu að þeir noti lýsinguna í samræmi við samþykkið og skilyrðin sem það er bundið.	Flokkur A

23. VIÐAUKI

SÉRTÆK SAMANTEKT FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGU

1. ÞÁTTUR	INNGANGUR
Liður 1.1.	Heiti og alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) verðbréfanna.
Liður 1.2.	Deili á og samskiptaupplýsingar útgefanda, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer),
Liður 1.3.	Deili á og samskiptaupplýsingar þess lögbæra yfirvalds sem staðfesti lýsinguna og, sé það annað, þess lögbæra yfirvalds sem staðfesti útgefandalýsinguna.
Liður 1.4.	Dagsetning staðfestingar ESB-vaxtarlýsingar.
Liður 1.5.	Varnaðarorð
Liður 1.5.1.	Yfirlýsingar útgefanda um eftirfarandi: a) að samantektina ætti að lesa sem inngang að ESB-vaxtarlýsingunni og allar ákvarðanir um að fjárfesta í verðbréfunum ættu að byggjast á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild, b) eftir atvikum, að fjárfestirinn gæti tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni, og ef ábyrgð hans takmarkast ekki við verðmæti fjárfestingarinnar skal vara við því að hann gæti tapað meira en sem því nemur og tilgreina umfang slíks hugsanlegs taps, c) að sé höfðað mál sem varðar upplýsingar í ESB-vaxtarlýsingu gæti fjárfestirinn sem stefnir þurft, samkvæmt landslögum aðildarríkjanna, að bera kostnað af þýðingu ESB-vaxtarlýsingarinnar áður en málarekstur hefst, d) að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem leggja fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða ósamræm þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum ESB-vaxtarlýsingarinnar eða veitir ekki, þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum ESB-vaxtarlýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga að fjárfesta í slíkum verðbréfum, e) eftir atvikum, viðvörun um skilning sem krafist er í samræmi við b-lið í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.
2. ÞÁTTUR	LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA
Liður 2.1.	Hver er útgefandi verðbréfanna?
Liður 2.1.1.	Upplýsingar um útgefanda: a) rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem hann starfar samkvæmt og skráningarland hans, b) helsta starfsemi hans, c) ráðandi hluthafi (hluthafar) hans, þ.m.t. hvort hann er undir beinum eða óbeinum yfirráðum einhvers, d) nafn forstjóra (eða sambærilegs aðila).

Liður 2.2.	Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefanda
Liður 2.2.1.	Helstu fjárhagsupplýsingar fyrir hvert fjárhagsár tímabilsins sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar ná til, og, ef slíkt kemur fram í lýsingunni, allar síðari árshlutaupplýsingar ásamt samanburðargögnum fyrir sama tímabil fjárhagsársins á undan. Krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning skal uppfyllt með því að setja fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi. Helstu fjárhagsupplýsingar skulu tilgreina fjárhagslega mælikvarða sem koma fram í lýsingunni. Þessir fjárhagslegu mælikvarðar ættu að veita upplýsingar um: a) tekjur, arðsemi, eignir, fjármagnsskipan og, komi það fram í lýsingunni, sjóðstreymi, og b) helstu árangursmælikvarða, komi þeir fram í lýsingunni. Helstu fjárhagsupplýsingar skulu, eftir atvikum, hafa að geyma: c) samandregnar *pro forma* fjárhagsupplýsingar og stutta skýringu á því hvað *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar sýna og mikilvægum leiðréttingum sem gerðar voru, d) stutta lýsingu á öllum fyrirvörum í áritun endurskoðanda í tengslum við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar.
Liður 2.3.	Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann.
Liður 2.3.1.	Stutt lýsing á mikilvægustu áhættuþáttum sem eru sértækir fyrir útgefandann og fjallað er um í ESB-vaxtarlýsingunni án þess að fara fram úr þeim heildarfjölda áhættuþátta sem tilgreindur er í 8. mgr. 33. gr. þessarar reglugerðar.
3. ÞÁTTUR	LYKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉF
Liður 3.1.	Helstu eiginleikar verðbréfanna.
Liður 3.1.1.	Upplýsingar um verðbréfin: a) tegund og flokkur þeirra, b) eftir atvikum, gjaldmiðill þeirra, eining, fjöldi útgefinna verðbréfa og tímalengd verðbréfanna, c) réttindi sem fylgja verðbréfunum, d) rétthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um víkjandi stöðu verðbréfanna, e) eftir atvikum, arðgreiðslu- eða útgreiðslustefnu.
Liður 3.2.	Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?
Liður 3.2.1.	Eftir atvikum, upplýsingar um það hvort sótt hafi verið, eða sótt verði, um töku verðbréfanna til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og nöfn allra markaða þar sem viðskipti með verðbréfin fara fram eða munu fara fram auk upplýsinga um töku til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Liður 3.3.	Eru verðbréfin með ábyrgð? a) stutt lýsing á eðli og umfangi ábyrgðarinnar, b) stutt lýsing á ábyrgðarveitandanum, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer), c) viðkomandi helstu fjárhagsupplýsingar til mats á getu ábyrgðarveitanda til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni, d) stutt lýsing á mikilvægustu áhættuþáttum að því er varðar ábyrgðarveitanda og fjallað er um í ESB-vaxtarlýsingunni í samræmi við 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, án þess að fara fram úr þeim heildarfjölda áhættuþátta sem tilgreindur er í 8. mgr. 33. gr. þessarar reglugerðar,
Liður 3.4.	Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin.
Liður 3.4.1.	Stutt lýsing á mikilvægustu áhættuþáttum sem eru sértækir fyrir verðbréfin og fjallað er um í ESB-vaxtarlýsingunni án þess að fara fram úr þeim heildarfjölda áhættuþátta sem tilgreindur er í 8. mgr. 33. gr. þessarar reglugerðar.
4. ÞÁTTUR	LYKILUPPLÝSINGAR UM ALMENNT ÚTBOÐ VERÐBRÉFA
Liður 4.1.	Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi? Eftir atvikum, almennir skilmálar, skilyrði og væntanleg tímaáætlun útboðsins, dreifingaráætlun, fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar vegna útboðsins og mat á heildarkostnaði vegna útgáfunnar og/eða útboðsins, þ.m.t. áætlaður kostnaður sem útgefandinn eða tilboðsgjafinn krefur fjárfestinn um greiðslu á.
Liður 4.2.	Hvers vegna er þessi ESB-vaxtarlýsing gerð?
Liður 4.2.1.	Stutt lýsing á ástæðum útboðsins og, eftir atvikum: a) notkun og áætluð nettófjárhæð ágóðans, b) falli útboðið undir samning um sölutryggingu á grundvelli fastrar skuldbindingar skal tilgreina hvern þann hluta sem fellur ekki undir trygginguna, c) lýsing á öllum helstu hagsmunaárekstrum í tengslum við útboðið eða töku til viðskipta sem lýst er í lýsingunni.
Liður 4.3.	Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta?
Liður 4.3.1.	Sé tilboðsgjafinn annar en útgefandinn skal gefa stutta lýsingu á tilboðsgjafa verðbréfanna og/eða aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga eða vaxtarmarkaði lítilla eða meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. tilgreina lögheimili hans og rekstrarform, löggjöf sem hann starfar samkvæmt og skráningarland hans.

24. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGU FYRIR HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS *Í þessum þætti skal veita upplýsingar um þá aðila sem bera ábyrgð á efni útgefandalýsingar fyrir ESB-vaxtarlýsingu. Tilgangur þessa þáttar er að veita fjárfestum vissu um áreiðanleika upplýsinganna sem fram koma í lýsingunni. Ennfremur veitir þessi þáttur upplýsingar um lagagrundvöll ESB-vaxtarlýsingarinnar og staðfestingu lögbærs yfirvalds á henni.*
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í útgefandalýsingunni, og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í henni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr útgefandalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi útgefandalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar. d) [útgefandalýsing/lýsing] hafi verið samin sem hluti af ESB-vaxtarlýsingu í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. ÞÁTTUR	STEFNA, AFKOMA OG REKSTRARUMHVERFI *Tilgangur þessa þáttar er að veita upplýsingar um hver útgefandi er, starfsemi hans, stefnu og markmið. Með því að lesa þennan þátt ættu fjárfestar að öðlast skýran skilning á starfsemi útgefanda og helstu þróun sem hefur áhrif á afkomu hans, stjórnskipulag og mikilvægar fjárfestingar hans. Eftir atvikum skal útgefandi birta í þessum þætti áætlanir eða spár um framtíðarafkomu sína. Ennfremur skulu útgefendur með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum veita sanngjarnt og hlutlægt yfirlit um fyrri afkomu fyrirtækisins í þessum þætti.*
Liður 2.1.	Upplýsingar um útgefanda: a) lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda, b) skráningarstaður útgefanda, skráningarnúmer hans og auðkenni lögaðila (LEI-númer), c) stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema sá tími sé ótiltekinn. d) lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar ef hún er ekki á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
Liður 2.1.1.	Upplýsingar um verulegar breytingar á lánsfjár- og fjármögnunarskipulagi útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem upplýsingar hafa verið veittar um í útgefandalýsingunni. Hafi útgefandalýsingin að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta má veita þessar upplýsingar frá lokum síðasta árshluta sem upplýsingar hafa verið veittar um í útgefandalýsingunni.
Liður 2.1.2.	Lýsing á væntanlegri fjármögnun á starfsemi útgefanda.
Liður 2.2.	Yfirlit um starfsemi.
Liður 2.2.1.	Stefna og markmið Lýsing á starfsstefnu og stefnumiðum útgefanda (bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum, ef einhver eru). Í þessari lýsingu skal taka tillit til framtíðaráskorana og -horfa Ef við á skal lýsingin taka tillit til lagaumhverfisins sem útgefandi starfar í.
Liður 2.2.2.	Helsta starfsemi Lýsing á helstu starfsemi útgefanda, þ.m.t.: a) meginflokkum seldra afurða og/eða veittrar þjónustu, b) tilgreining á öllum mikilvægum nýjum afurðum, þjónustu eða starfsemi sem bæst hefur við frá birtingu síðustu endurskoðuðu reikningsskila.
Liður 2.2.3.	Helstu markaðir Lýsing á helstu mörkuðum sem útgefandinn keppir á.
Liður 2.3.	Stjórnskipulag
Liður 2.3.1.	Sé útgefandi hluti samstæðu og ekki er fjallað um það annars staðar í útgefandalýsingunni, og að því marki sem nauðsynlegt er til að skilja rekstur útgefandans í heild, skal fylgja skýringarmynd yfir stjórnskipulagið. Að vali útgefanda má stutt lýsing á samstæðunni og stöðu útgefanda innan hennar koma í stað skýringarmyndar eða fylgja henni, ef það hjálpar til við að skýra skipulagið.

Liður 2.3.2.	Sé útgefandi háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram og gefa skýringu á því hvers vegna hann sé háður viðkomandi aðilum.
Liður 2.4.	Fjárfestingar
Liður 2.4.1.	Að því marki sem ekki er fjallað um það annars staðar í útgefandalýsingu skal lýsa (þ.m.t. tilgreina fjárhæðir) verulegum fjárfestingum útgefanda frá lokum þess tímabils sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar í lýsingunni taka til og fram að dagsetningu útgefandalýsingar.
Liður 2.4.2.	Lýsing á öllum verulegum fjárfestingum útgefanda sem eru yfirstandandi eða gengist hefur verið undir fastar skuldbindingar vegna þ.m.t. fjármögnunaraðferð (innri eða ytri) ef hún skiptir máli fyrir rekstur útgefanda.
Liður 2.5.	Yfirlit um rekstur og fjárhag (sem hlutabréfaútgefendur með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrur skulu aðeins veita þegar skýrsla framkvæmdastjórnarinnar, sem lögð er fram og samin í samræmi við 19. og 29. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, er ekki í ESB-vaxtarlýsingunni).
Liður 2.5.1.	Að því marki sem ekki er fjallað um annars staðar í útgefandalýsingunni og nauðsynlegt er til að skilja starfsemi útgefanda í heild skal veita eftirfarandi: a) hlutlæga og ítarlega greiningu á þróun og afkomu í rekstri útgefanda og stöðu hans í samræmi við umfang og flækjustig rekstrarins á hverju ári sem krafist er sögulegra fjárhagsupplýsinga fyrir, þ.m.t. orsökum verulegra breytinga, b) tilgreiningu á: i. líklegri framtíðarþróun útgefanda, ii. rannsókna- og þróunarstarfsemi, Að því marki sem nauðsynlegt er til að skilja þróun, afkomu eða stöðu útgefanda skal greiningin fela í sér helstu árangursmælikvarða, bæði fjárhagslega og, eftir því sem við á, ófjárhagslega, sem varða viðkomandi starfsemi, þ.m.t. upplýsingar í tengslum við umhverfis- og starfsmannamál. Greiningin skal, eftir því sem við á, vísa til fjárhæða, sem koma fram í árlegum reikningsskilum og fela í sér frekari skýringar á þeim.
Liður 2.6.	Upplýsingar um þróun
Liður 2.6.1.	Lýsing á mikilvægustu nýlegu þróun í framleiðslu, sölu og birgðum ásamt kostnaði og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs til dagsetningar útgefandalýsingar,
Liður 2.7.	Afkomuspár eða afkomuáætlanir
Liður 2.7.1.	Hafi útgefandi birt afkomuspá eða afkomuáætlun (sem hefur ekki enn raungerst en er þó í gildi) skal sú spá eða áætlun vera í útgefandalýsingunni. Hafi afkomuspá eða afkomuáætlun verið birt, ekki raungerst og er ekki lengur í gildi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt útskýringu á því hvers vegna spáin eða áætlunin er ekki lengur í gildi. Slík ógild spá eða áætlun fellur ekki undir kröfurnar í liðum 2.7.2 til 2.7.3.
Liður 2.7.2.	Kjósi útgefandi að láta fylgja nýja afkomuspá eða nýja afkomuáætlun eða áður birta afkomuspá eða afkomuáætlun í samræmi við lið 2.7.1, skal afkomuspáin eða -áætlunin vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda,

	b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni, c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.
Liður 2.7.3.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða -áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við árleg reikningsskil, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR *Tilgangur þessa þáttar er að lýsa helstu áhættuþáttum sem útgefandi stendur frammi fyrir og áhrifum þeirra á framtíðarafkomu útgefanda.*
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda eða tilboðsgjafa, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	STJÓRNARHÆTTIR *Í þessum þætti skal greina frá stjórnun útgefanda og hlutverki þeirra einstaklinga sem koma að stjórnun fyrirtækisins. Hann mun enn fremur veita upplýsingar um bakgrunn yfirstjórnenda, launakjör þeirra og möguleg tengsl launakjara þeirra við afkomu útgefanda.*
Liður 4.1.	Stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og æðstu stjórnendur
Liður 4.1.1.	Nöfn, heimilisföng starfsstöðva og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn og/eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé, c) æðstu stjórnenda sem skipta máli fyrir það að sýna fram á að útgefandi búi yfir viðeigandi sérþekkingu og reynslu til stjórnunar á rekstri sínum. Upplýsingar um eðli allra fjölskyldutengsla milli þeirra aðila sem um getur í a- til c-lið.
Liður 4.1.2.	Að því er varðar alla þá sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og aðila sem um getur í b- og c-lið liðar 4.1.1, upplýsingar um viðeigandi sérþekkingu á og reynslu af stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum: a) upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikabrota a.m.k. næstliðin fimm ár. b) upplýsingar um ákærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndra fagaðila) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða hafa með höndum verkefni hjá einhverjum útgefanda á a.m.k. næstliðnum fimm árum. Þurfi ekki að birta neinar slíkar upplýsingar skal lýsa því yfir.
Liður 4.2.	Laun og hlunnindi Að því marki sem ekki er fjallað um þau annars staðar í útgefandalýsingunni vegna síðasta heila fjárhagsárs að því er varðar einstaklinga sem um getur í a- og c-lið liðar 4.1.1.

Liður 4.2.1.	Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtra eða frestaðra launa) og hlunnindi sem útgefandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt slíkum aðilum fyrir þjónustu af hvaða tagi sem er sem hvaða aðili sem er hefur veitt útgefanda og dótturfyrirtækjum hans. Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útgefanda eða útgefandi birtir ekki slíkar upplýsingar opinberlega með öðrum hætti.
Liður 4.2.2.	Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útgefandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað upp vegna lífeyris, starfsloka eða svipaðra hlunninda.
Liður 4.3.	Hlutafjáreign og hlutabréfavalréttur Að því er varðar hvern einstakling sem um getur í a- og c-lið liðar 4.1.1 skal veita eins nýjar upplýsingar og mögulegt er um hlutafjáreign og valrétti á hlutabréfum í útgefanda.
5. ÞÁTTUR	REIKNINGSSKIL OG HELSTU ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR *Í þessum þætti skal veita sögulegar fjárhagsupplýsingar með því að leggja fram fjárhagsupplýsingar útgefanda og helstu árangursmælikvarða. Í honum skal einnig veita upplýsingar um arðgreiðslustefnu útgefanda og, eftir atvikum, pro forma fjárhagsupplýsingar.*
Liður 5.1.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar
Liður 5.1.1.	Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til næstliðinna tveggja fjárhagsára (eða þess styttra tímabils sem útgefandinn hefur starfað) ásamt áritun endurskoðanda fyrir hvert ár.
Liður 5.1.2.	Breyting á viðmiðunardegi reikningsskila Hafi útgefandinn breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um skulu hinar endurskoðuðu sögulegu upplýsingar ná til a.m.k. 24 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur starfað, hvort heldur er styttra.
Liður 5.1.3.	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu fjárhagsupplýsingarnar samdar í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Séu slíkir landsbundnir reikningsskilastaðlar þriðja lands ekki sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu reikningsskil endurgerð í samræmi við þá reglugerð.
Liður 5.1.4.	Breytingar á reikningsskilaumgjörð Leggja skal fram og semja nýjustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar, sem innihalda samanburðarupplýsingar við næstliðið ár, á formi sem er í samræmi við þá umgjörð reikningsskilastaðla og notuð verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum útgefanda að teknu tilliti til reikningsskilastaðla, -aðferða og löggjafar sem gildir um slík árleg reikningsskil. Breytingar á þeirri reikningsskilaumgjörð sem gildir um útgefanda krefjast ekki endurgerðar endurskoðaðra reikningsskila. Hyggist útgefandi hins vegar taka upp nýja umgjörð um reikningsskilastaðla í næstu birtu reikningsskilum sínum þarf að semja a.m.k. ein heildstæð reikningsskil (í skilningi IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila), ásamt samanburðarupplýsingum, á formi sem er í samræmi við það sem notað verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum útgefanda, að teknu tilliti til reikningsskilastaðla og -aðferða og löggjafar sem gildir um slíka ársreikninga.

Liður 5.1.5.	Séu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar samdar samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum skulu þær a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikning, b) rekstrarreikning, c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.
Liður 5.1.6.	Samstæðureikningsskil Semji útgefandi bæði sjálfstæða reikninga og samstæðureikninga skal a.m.k. fella samstæðureikninginn inn í útgefandalýsingu
Liður 5.1.7.	Aldur fjárhagsupplýsinga Ekki má vera lengra liðið frá dagsetningu efnahagsreiknings síðasta fjárhagsárs sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en annaðhvort: a) 18 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðaðan árshlutareikning inn í útgefandalýsingu, b) 16 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu. Innihaldi útgefandalýsingin ekki fjárhagsupplýsingar árshluta má ekki vera lengra liðið frá dagsetningu efnahagsreiknings síðasta fjárhagsárs sem endurskoðuð reikningsskil liggja fyrir um en 16 mánuðir miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.
Liður 5.2.	Árshlutaupplýsingar og aðrar fjárhagsupplýsingar
Liður 5.2.1.	Hafi útgefandi birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá dagsetningu síðustu endurskoðuðu reikningsskila skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar verið endurskoðaðar eða kannaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því. Árshlutaupplýsingar sem samdar eru í samræmi við annað hvort kröfurnar í tilskipun 2013/34/ESB eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eftir því sem við á. Að því er varðar útgefendur sem ekki falla undir annað hvort tilskipun 2013/34/ESB eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu árshlutaupplýsingar hafa að geyma samanburðarupplýsingar um sama tímabil fjárhagsársins á undan, að undanskildu því að uppfylla má kröfuna um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar um efnahagsreikning í samræmi við gildandi reikningsskilaumgjörð.
Liður 5.3.	Endurskoðun árlegra fjárhagsupplýsinga
Liður 5.3.1.	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Eigi tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 ekki við: a) skulu sögulegar fjárhagsupplýsingar endurskoðaðar eða tilkynnt um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal. b) sé áritun endurskoðanda á hinum sögulegu fjárhagsupplýsingum með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 5.3.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

Liður 5.3.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að þær séu ekki endurskoðaðar.
Liður 5.4.	Helstu árangursmælikvarðar
Liður 5.4.1.	Að því marki sem ekki kemur fram annars staðar í útgefandalýsingunni og hafi útgefandi birt helstu árangursmælikvarða, fjárhaglega og/eða rekstrarlega, eða kýs að láta þá fylgja útgefandalýsingunni skal í útgefandalýsingunni vera lýsing á helstu árangursmælikvörðum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár á tímabilinu sem hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar taka til. Helstu árangursmælikvarða skal reikna út á samanburðarhæfum grundvelli. Hafi endurskoðendur kannað árangursmælikvarðana skal það koma fram.
Liður 5.5.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um, eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
Liður 5.6.	Arðgreiðslustefna Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og hvers kyns takmörkunum á þeim. Hafi útgefandi enga slíka stefnu skal geta þess. Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hvern hlut fyrir hvert fjárhagsár á tímabilinu sem árleg reikningsskil taka til og ef fjöldi hlutabréfa í útgefanda hefur breyst skal leiðrétta fjárhæðina svo að tölurnar séu sambærilegar ef þær eru ekki birtar í reikningunum.
Liður 5.7.	*Pro forma* fjárhagsupplýsingar Sé um að ræða verulega brúttóbreytingu skal lýsa því hvaða áhrif viðskiptin gætu hafa haft á eignir, skuldir og tekjur útgefanda ef viðskiptin hefðu átt sér stað við upphaf tímabilsins eða á deginum sem upplýsingar eru veittar um. Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að veita *pro forma* fjárhagsupplýsingar. Leggja skal slíkar *pro forma* fjárhagsupplýsingar fram eins og greinir í 20. viðauka og skulu þær fela í sér þær upplýsingar sem þar eru tilgreindar. *Pro forma* fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum endurskoðendum eða endurskoðunarstofu.
6. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM HLUTHAFA OG VERÐBRÉFAEIGENDUR *Í þessum þætti skal veita upplýsingar um helstu hluthafa útgefanda, hvort hagsmunaárekstrar séu mögulegir milli aðila í yfirstjórn og útgefanda, upplýsingar um hlutafé útgefanda og viðskipti tengdra aðila, dómsmál og gerðardómsmál og mikilvæga samninga.*
Liður 6.1.	Stærstu hluthafar
Liður 6.1.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila sem, beint eða óbeint, eiga hlutdeild í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda sem nemur 5% eða meira, ásamt fjárhæð/hlutfalli hlutdeildar hvers slíks aðila, á dagsetningu útgefandalýsingarinnar, eða geta þess að ekki sé um slíka aðila að ræða.
Liður 6.1.2.	Greina skal frá því hvort stærstu hluthafar útgefanda hafi mismunandi atkvæðisrétt eða geta þess ef svo er ekki.
Liður 6.1.3.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
Liður 6.1.4.	Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér eða komið í veg fyrir breytingar á yfirráðum útgefanda.

Liður 6.2.	Dómsmál og gerðardómsmál
Liður 6.2.1.	Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 6.3.	Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda
Liður 6.3.1.	Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 4.1.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Sé ekki um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir. Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi við stærstu hluthafa, viðskiptavini, birgja eða aðra um það hverjir þeirra aðila sem um getur í lið 4.1.1 eru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn vera meðal æðstu stjórnenda. Greina skal frá öllum þeim takmörkunum sem þeir aðilar sem um getur í lið 4.1.1 samþykkja á ráðstöfun eignarhluta sinna í verðbréfum útgefanda innan tiltekins tímabils.
Liður 6.4.	Viðskipti tengdra aðila
Liður 6.4.1.	Ef alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (IFRS) sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda ekki um útgefandann skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar um tímabilið sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til og fram að dagsetningu útgefandalýsingarinnar: a) eðli og umfang allra viðskipta tengdra aðila [1] sem ein og sér eða í heild sinni skipta máli fyrir útgefanda. Ef slík viðskipti tengdra aðila fara ekki fram eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða skal gefa skýringu á því. Sé um að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal tilgreina útistandandi fjárhæð, b) þá fjárhæð eða prósentu sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda. Ef alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (IFRS) sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda um útgefandann skal aðeins birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í a- og b-lið fyrir viðskipti sem hafa átt sér stað eftir lok síðasta fjárhagstímabils sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar fyrir.
Liður 6.5.	Hlutafé
Liður 6.5.1.	Eftirfarandi upplýsingar í liðum 6.5.2 til 6.5.7 í árlegu reikningsskilunum miðað við dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings:
Liður 6.5.2.	Fjárhæð útgefins hlutafjár, og fyrir hvern flokk hlutafjár: a) heildarfjárhæð heimilaðs hlutafjár útgefanda, b) fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta sem ekki hafa verið greiddir að fullu, c) nafnverð hvers hlutar, eða að hlutirnir hafi ekki nafnverð, og d) afstemming fjölda útistandandi hluta í upphafi og lok árs. Hafi meira en 10% hlutafafjárins verið greidd með eignum í stað reiðufjár á því tímabili sem árlegu reikningsskilin taka til skal taka það fram.
Liður 6.5.3.	Sé um að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu eiginleika.
Liður 6.5.4.	Fjöldi, bókfært virði og nafnvirði hluta í útgefanda sem hann sjálfur eða einhver fyrir hans hönd á eða eru í eigu dótturfyrirtækja hans.

[1] Viðskipti tengdra aðila í þessu tilliti eru þau sem tilgreind eru í stöðlunum sem samþykktir eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

Liður 6.5.5.	Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (*e. warrants*) ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.
Liður 6.5.6.	Upplýsingar og skilmálar um kauprétti (*e. acquisition rights*) og/eða skuldbindingar í tengslum við heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.
Liður 6.5.7.	Upplýsingar um allt hlutafé aðila að samstæðunni sem valréttur gildir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá aðila sem slíkir valréttir tengjast.
Liður 6.6.	Stofnsamningur og samþykktir
Liður 6.6.1.	Stutt lýsing á hvers kyns ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum yfir útgefanda.
Liður 6.7.	Mikilvægir samningar.
Liður 6.7.1.	Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í venjulegum rekstri, sem útgefandi eða önnur félög í samstæðunni eru aðilar að, á næstliðnu ári fyrir birtingu útgefandalýsingar.
7. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 7.1.	Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

25. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGU FYRIR VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD

1. ÞÁTTUR	AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS *Í þessum þætti skal veita upplýsingar um þá aðila sem bera ábyrgð á efni útgefandalýsingar fyrir ESB-vaxtarlýsingu. Tilgangur þessa þáttar er að veita fjárfestum vissu um áreiðanleika upplýsinganna sem fram koma í lýsingunni. Ennfremur veitir þessi þáttur upplýsingar um lagagrundvöll ESB-vaxtarlýsingarinnar og staðfestingu lögbærs yfirvalds á henni.*
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í útgefandalýsingunni, og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á útgefandalýsingu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum útgefandalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að hún fylgi með í útgefandalýsingunni með samþykki þess einstaklings sem heimilaði efni þess hluta útgefandalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [útgefandalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [útgefandalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi [útgefandalýsing/lýsing] varðar. d) [útgefandalýsing/lýsing] hafi verið samin sem hluti af ESB-vaxtarlýsingu í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. ÞÁTTUR	STEFNA, AFKOMA OG REKSTRARUMHVERFI *Tilgangur þessa þáttar er að veita upplýsingar um hver útgefandi er, starfsemi hans, stefnu og markmið. Með því að lesa þennan þátt ættu fjárfestar að öðlast skýran skilning á starfsemi útgefanda og helstu þróun sem hefur áhrif á afkomu hans, stjórnskipulag og mikilvægar fjárfestingar hans. Eftir atvikum skal útgefandi birta í þessum þætti áætlanir eða spár um framtíðarafkomu sína.*
Liður 2.1.	Upplýsingar um útgefanda: a) lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda, b) skráningarstaður útgefanda, skráningarnúmer hans og auðkenni lögaðila (LEI-númer), c) stofndagur og rekstrartími útgefanda, nema sá tími sé ótiltekinn, d) lögheimili útgefanda og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandi starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, heimilisfang, símanúmer skráðrar skrifstofu hans (eða aðalstarfsstöðvar ef það er annað en á skráðri skrifstofu hans) og vefsetur útgefanda, sé um það að ræða, með fyrirvara um að upplýsingar á vefsetrinu séu ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun, e) hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað og skipta verulegu máli við mat á gjaldþoli útgefanda, f) lánshæfiseinkunnir útgefanda sem gefnar eru að beiðni hans eða með samstarfi hans í matsferlinu.
Liður 2.1.1.	Upplýsingar um verulegar breytingar á lánsfjár- og fjármögnunarskipulagi útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem upplýsingar hafa verið veittar um í útgefandalýsingunni. Hafi útgefandalýsingin að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta má veita þessar upplýsingar frá lokum síðasta árshluta sem upplýsingar hafa verið veittar um í útgefandalýsingunni.
Liður 2.1.2.	Lýsing á væntanlegri fjármögnun á starfsemi útgefanda.
Liður 2.2.	Yfirlit um starfsemi
Liður 2.2.1.	Helsta starfsemi Lýsing á helstu starfsemi útgefanda, þ.m.t.: a) meginflokkum seldra afurða og/eða veittrar þjónustu, b) tilgreining á öllum mikilvægum nýjum afurðum, þjónustu eða starfsemi sem bæst hefur við frá birtingu síðustu endurskoðuðu reikningsskila.
Liður 2.2.2.	Helstu markaðir Lýsing á helstu mörkuðum sem útgefandinn keppir á.
Liður 2.3.	Stjórnskipulag
Liður 2.3.1.	Sé útgefandi hluti samstæðu og ekki er fjallað um það annars staðar í útgefandalýsingunni, og að því marki sem nauðsynlegt er til að skilja rekstur útgefandans í heild, skal fylgja skýringarmynd yfir stjórnskipulagið. Að vali útgefanda má stutt lýsing á samstæðunni og stöðu útgefanda innan hennar koma í stað skýringarmyndar eða fylgja henni ef það hjálpar til við að skýra skipulagið.
Liður 2.3.2.	Sé útgefandi háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram og gefa skýringu á því hvers vegna hann sé háður viðkomandi aðilum.
Liður 2.4.	Upplýsingar um þróun

Liður 2.4.1.	Lýsing á: a) öllum verulegum óæskilegum breytingum á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila hans, b) öllum verulegum breytingum á fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um til dagsetningar útgefandalýsingar. Eigi a- og b-liður ekki við skal útgefandi geta þess.
Liður 2.5.	Afkomuspár eða afkomuáætlanir
Liður 2.5.1.	Láti útgefandi, að eigin vilja, fylgja nýja afkomuspá eða áætlun í lýsingunni skal sú spá eða áætlun vera skýr og ótvíræð og hafa að geyma yfirlýsingu sem tilgreinir helstu forsendur sem útgefandinn byggir spá eða áætlun sína á. Spáin eða áætlunin skal fylgja eftirfarandi meginreglum: a) gera skal skýran greinarmun á forsendum um þætti sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans geta haft áhrif á og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, b) forsendurnar skulu vera raunhæfar, auðskiljanlegar fjárfestum, sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni afkomuáætlana sem liggja til grundvallar spánni, c) sé um spá að ræða skulu forsendurnar vekja athygli fjárfesta á þeim óvissuþáttum sem gætu breytt útkomu spárinnar verulega.
Liður 2.5.2.	Lýsingin skal hafa að geyma yfirlýsingu um að afkomuspáin eða áætlunin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði: a) samanburðarhæfur við árleg reikningsskil, b) í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR *Tilgangur þessa þáttar er að lýsa helstu áhættuþáttum sem útgefandi stendur frammi fyrir og áhrifum þeirra á framtíðarafkomu hans.*
Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann og getur haft áhrif á getu hans til að uppfylla skyldur sínar vegna verðbréfanna, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda eða tilboðsgjafa, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni útgefandalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	STJÓRNARHÆTTIR *Í þessum þætti skal greina frá stjórnun útgefanda og hlutverki þeirra einstaklinga sem koma að stjórnun fyrirtækisins.*
Liður 4.1.	Stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og æðstu stjórnendur
Liður 4.1.1.	Nöfn, aðsetur og hlutverk eftirfarandi aðila hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan þess útgefanda ef þau skipta máli gagnvart honum: a) þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn og/eða eftirlitsstjórn, b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, sé um að ræða samlagsfélag með hlutafé.

5. ÞÁTTUR	REIKNINGSSKIL OG HELSTU ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR *Í þessum þætti skal veita sögulegar fjárhagsupplýsingar með því að leggja fram fjárhagsupplýsingar útgefanda og helstu árangursmælikvarða.*
Liður 5.1.	Sögulegar fjárhagsupplýsingar
Liður 5.1.1.	Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til næstliðins fjárhagsárs (eða þess styttra tímabils sem útgefandinn hefur starfað) ásamt áritun endurskoðanda fyrir það ár.
Liður 5.1.2.	Breyting á viðmiðunardegi reikningsskila Hafi útgefandinn breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um skulu hinar endurskoðuðu sögulegu upplýsingar ná til a.m.k. tólf mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur starfað, hvort heldur er styttra.
Liður 5.1.3.	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem viðurkenndir eru í Sambandinu á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Eigi reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ekki við skulu fjárhagsupplýsingarnar samdar í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun 2013/34/ESB, b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Séu slíkir landsbundnir reikningsskilastaðlar þriðja lands ekki sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu reikningsskilin endurgerð í samræmi við þá reglugerð.
Liður 5.1.4.	Breytingar á reikningsskilaumgjörð Leggja skal fram og semja síðustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar á formi sem er í samræmi við þá umgjörð reikningsskilastaðla og notuð verður í næstu birtu árlegu reikningsskilum. Breytingar á reikningsskilaumgjörð útgefanda krefjast ekki endurgerðar endurskoðaðra reikningsskila. Hyggist útgefandi hins vegar taka upp nýja umgjörð reikningsskilastaðla í næstu birtu reikningsskilum sínum skal semja og endurskoða reikningsskil síðasta árs í samræmi við nýju umgjörðina.
Liður 5.1.5.	Séu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar samdar samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum skulu þær a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi: a) efnahagsreikningi, b) rekstrarreikningi, c) reikningsskilaaðferðir og skýringar.
Liður 5.1.6.	Samstæðureikningsskil Semji útgefandi bæði sjálfstæða reikninga og samstæðureikninga skal a.m.k. fella samstæðureikninginn inn í útgefandalýsingu
Liður 5.1.7.	Aldur fjárhagsupplýsinga Ekki má vera lengra liðið frá dagsetningu efnahagsreiknings síðasta árs sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um en 18 mánuðir miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.
Liður 5.2.	Árshlutaupplýsingar og aðrar fjárhagsupplýsingar

Liður 5.2.1.	Hafi útgefandi birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá dagsetningu síðustu endurskoðuðu reikningsskila skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhags-upplýsingar verið endurskoðaðar eða kannaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Hafi ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því. Árshlutaupplýsingar sem samdar eru í samræmi við annað hvort kröfurnar í tilskipun 2013/34/ESB eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eftir því sem við á. Að því er varðar útgefendur sem ekki falla undir annað hvort tilskipun 2013/34/ESB eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu árshlutaupplýsingar hafa að geyma samanburðarupplýsingar um sama tímabil fjárhagsársins á undan, að undanskildu því að uppfylla má kröfuna um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar um efnahagsreikning í samræmi við gildandi reikningsskilaumgjörð.
Liður 5.3.	Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga
Liður 5.3.1.	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Eigi tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 ekki við: a) skulu sögulegar fjárhagsupplýsingar endurskoðaðar eða tilkynnt um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal. b) sé áritun endurskoðanda á hinum sögulegu fjárhagsupplýsingum með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.
Liður 5.3.2.	Tilgreining annarra upplýsinga í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.
Liður 5.3.3.	Séu fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að þær séu ekki endurskoðaðar.
Liður 5.4.	Helstu árangursmælikvarðar
Liður 5.4.1.	Að því marki sem ekki kemur fram annars staðar í útgefandalýsingunni og hafi útgefandi birt helstu árangursmælikvarða, fjárhaglega og/eða rekstrarlega, eða kýs að láta þá fylgja útgefandalýsingunni, skal í útgefandalýsingunni vera lýsing á helstu árangursmælikvörðum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár á tímabilinu sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til. Helstu árangursmælikvarða skal reikna út á samanburðarhæfum grundvelli. Hafi endurskoðendur kannað árangursmælikvarðana skal það koma fram.
Liður 5.5.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um, eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.
6. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM HLUTHAFA OG VERÐBRÉFAEIGENDUR *Í þessum þætti skal veita upplýsingar um helstu hluthafa útgefanda, hvort hagsmunaárekstrar séu mögulegir milli aðila í yfirstjórn og útgefanda, upplýsingar um hlutafé útgefanda og viðskipti tengdra aðila, dómsmál og gerðardómsmál og mikilvæga samninga.*
Liður 6.1.	Stærstu hluthafar.

Liður 6.1.1.	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.
Liður 6.1.2.	Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi sem útgefanda er kunnugt um að geti síðar haft í för með sér eða komið í veg fyrir breytingar á yfirráðum útgefanda.
Liður 6.2.	Dómsmál og gerðardómsmál
Liður 6.2.1.	Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, eða yfirlýsing um að ekki sé um slík mál að ræða.
Liður 6.3.	Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda
Liður 6.3.1.	Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 4.1.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Sé ekki um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir.
Liður 6.4.	Mikilvægir samningar.
Liður 6.4.1.	Stutt samantekt á öllum mikilvægum samningum sem hafa ekki verið gerðir í venjulegri starfsemi útgefanda sem gæti leitt til þess að eitthvert félag í samstæðunni hafi skyldum að gegna eða tiltekin réttindi sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar þau verðbréf sem verið er að gefa út.
7. ÞÁTTUR	TILTÆK SKJÖL
Liður 7.1.	Yfirlýsing um að á gildistíma útgefandalýsingar sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti felld inn í eða er vísað til í útgefandalýsingu. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

26. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGU FYRIR HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF

1. ÞÁTTUR	TILGANGUR, AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS *Í þessum þætti skal veita upplýsingar um þá aðila sem bera ábyrgð á efni verðbréfalýsingar fyrir ESB-vaxtarlýsingu. Tilgangur þessa þáttar er að veita fjárfestum vissu um áreiðanleika upplýsinganna sem fram koma í lýsingunni. Auk þess skal í þessum þætti veita upplýsingar um hagsmuni aðila sem taka þátt í útboðinu, ástæður útboðsins, notkun ágóða og kostnað við útboðið. Ennfremur, veitir þessi þáttur upplýsingar um lagagrundvöll verðbréfalýsingarinnar fyrir ESB-vaxtarlýsingu og staðfestingu lögbærs yfirvalds á henni.*
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi [verðbréfalýsing/lýsing] varðar,

	d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum, og e) [verðbréfalýsing/lýsing] hafi verið samin sem hluti af ESB-vaxtarlýsingu í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.
Liður 1.6.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.
Liður 1.7.	Ástæður útboðs, notkun ágóða og kostnaður við útgáfu/útboð
Liður 1.7.1.	Ástæður útboðs og, eftir atvikum, áætlað nettóandvirði ágóða með sundurliðun eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og raðað í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur. Einnig skal veita upplýsingar um notkun ágóðans, einkum þegar hann er notaður til að kaupa eignir, nema í venjulegum rekstri, fjármagna tilkynnt kaup annarra fyrirtækja eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir. Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður útgáfu/útboðs.
Liður 1.7.2.	Útskýring á því hvernig ágóði þessa útboðs samræmist þeirri starfsstefnu og stefnumiðum sem lýst er í útgefandalýsingunni.
Liður 1.8.	Viðbótarupplýsingar
Liður 1.8.1.	Sé ráðgjafa í tengslum við útgáfu getið í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.
Liður 1.8.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.
2. ÞÁTTUR	YFIRLÝSING UM VELTUFÉ OG YFIRLÝSING UM FJÁRMÖGNUN OG SKULDSETNINGU *Aðeins útgefendur hlutabréfatengdra verðbréfa með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum skulu veita upplýsingar samkvæmt þessum þætti. Hér eru veittar upplýsingar um veltufjárþörf útgefanda sem og fjármögnun og skuldsetningu hans.*
Liður 2.1. Aðeins útgefendur með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum	Yfirlýsing um veltufé Yfirlýsing útgefanda um að hann telji veltufé sitt nægja til að uppfylla núverandi þarfir sínar og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf.
Liður 2.2. Aðeins útgefendur með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum	Fjármögnun og skuldsetning Yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu (þar sem gerður er greinarmunur á skuldum sem eru með og án ábyrgðar og skuldum sem eru tryggðar og ótryggðar) eigi fyrr en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Hugtakið „skuldsetning“ felur einnig í sér óbeinar og óvissar skuldir. Verði verulegar breytingar á fjármögnun og skuldsetningu útgefanda á 90 daga tímabilinu, skal veita viðbótarupplýsingar með því að leggja fram lýsingu í frásagnarformi á slíkum breytingum eða með því að uppfæra þær tölur.
3. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR *Tilgangur þessa þáttar er að lýsa helstu áhættuþáttum sem eru sértækir fyrir verðbréf útgefandans.*

Liður 3.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda eða tilboðsgjafa að teknu tilliti til áhrifa þeirra á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.
4. ÞÁTTUR	SKILMÁLAR VERÐBRÉFANNA *Tilgangur þessa þáttar er að tilgreina skilmála verðbréfanna og lýsa eiginleikum þeirra ítarlega.*
Liður 4.1.	Upplýsingar um verðbréf sem á að bjóða.
Liður 4.1.1.	Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem boðin eru, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer).
Liður 4.1.2.	Löggjöfin sem verðbréfin eru gefin út samkvæmt.
Liður 4.1.3.	Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Sé um að ræða rafræna skráningu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.
Liður 4.1.4.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.
Liður 4.1.5.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra a) réttur til arðs: i. ákveðinn dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, ii. tímamörk sem réttur til arðgreiðslu fellur niður eftir og til hvaða aðila rétturinn flyst eftir þau tímamörk, iii. takmarkanir á arði og ferli fyrir eigendur verðbréfa sem eru ekki með aðsetur í landinu, iv. fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær safnast upp eða ekki, b) atkvæðisréttur, c) forkaupsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki, d) réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda, e) réttur til hlutdeildar í afgangi eigna ef til félagsslita kemur, f) innlausnarákvæði, g) ákvæði um breytingu verðbréfa.
Liður 4.1.6.	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.
Liður 4.1.7.	Útgáfudagur (fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd) eða sé um að ræða nýjar útgáfur væntanlegur útgáfudagur verðbréfanna.
Liður 4.1.8.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.
Liður 4.1.9.	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.

Liður 4.1.10	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.
Liður 4.1.11	a) Yfirlýsing um hvort landslög eða -reglur um yfirtökutilboð gildi um útgefandann og um möguleikann á hindrunarráðstöfunum, eftir atvikum, b) stutt lýsing á réttindum og skyldum hluthafa ef gerð eru skyldubundin yfirtökutilboð og/eða reglur um innlausnarrétt tilboðsgjafa og hluthafa gilda um verðbréfin, c) upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa verið gerð á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör sem fylgja slíkum tilboðum og niðurstöðu þeirra.
Liður 4.1.12	Eftir atvikum, möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.
5. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTBOÐ/TÖKU TIL VIÐSKIPTA *Tilgangur þessa þáttar er að tilgreina sértækar upplýsingar um útboð verðbréfanna, áætlunina um dreifingu og úthlutun þeirra og verðlagningu þeirra. Ennfremur veitir hann upplýsingar um setningu verðbréfanna á markað, samninga um sölutryggingu og fyrirkomulag í tengslum við töku til viðskipta. Einnig eru tilgreindar í honum upplýsingar um þá aðila sem selja verðbréfin og þynningu fyrir hluthafa sem fyrir eru.*
Liður 5.1.	Skilmálar almenns útboðs verðbréfa. Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu.
Liður 5.1.1.	Skilmálar sem gilda um útboðið.
Liður 5.1.2.	Heildarfjárhæð útgáfu/útboðs þar sem gerður er greinarmunur á verðbréfum sem eru boðin til kaups og þeim sem eru boðin til áskriftar. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega. Sé ekki hægt að tilgreina hámarksmagn verðbréfa í lýsingu skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að tilkynnt er um verðbréfamagnið sem boðið verður í almenna útboðinu.
Liður 5.1.3.	Upplýsingar um útboðstímabil, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.
Liður 5.1.4.	Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útboði og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.
Liður 5.1.5.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða, sem umsækjendur hafa greitt, fer fram.
Liður 5.1.6.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).
Liður 5.1.7.	Sé fjárfestum heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er leyfilegt.
Liður 5.1.8.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.
Liður 5.1.9.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.

Liður 5.1.10	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.
Liður 5.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar
Liður 5.2.1.	Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin. Fari útboð fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti þess hefur verið tekinn frá eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.
Liður 5.2.2.	Að því marki sem útgefandi hefur vitneskju um að stærstu hluthafar, þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda hafi í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum í útboðinu eða að einhver aðili hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu, skal skýra frá því.
Liður 5.2.3.	Upplýsingagjöf áður en úthlutun á sér stað: a) upplýsingar um skiptingu útboðsins í hluta, þ.á m. hluta stofnanafjárfesta, almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda, og aðra hluta, b) skilyrði fyrir endurgreiðslu, hámarksfjárhæð slíkrar endurgreiðslu og lágmarksprósenta sem gildir um einstaka hluta, c) aðferð eða aðferðir sem notaðar verða við úthlutun þeirra hluta útboðsins sem er úthlutað til almennra fjárfesta og starfsmanna útgefanda ef um er að ræða umframáskrift þessara hluta, d) lýsing á allri fyrirframskilgreindri forgangsmeðferð tiltekinna flokka fjárfesta eða tengdra hópa (þ.m.t. áætlunum fyrir vini og fjölskyldur) við úthlutunina, prósenta útboðsins sem er frátekin fyrir slíka forgangsmeðferð og viðmið um hverjir teljast til slíkra flokka eða hópa, e) hvort meðferð áskrifta eða tilboða um áskrift í tengslum við úthlutun kann að ákvarðast af því hvaða fyrirtæki leggur áskrift eða tilboð fram eða hefur milligöngu um það, f) lágmarksmarkmið um fjárhæð einstakra úthlutana, ef einhver eru, í hlutanum fyrir almenna fjárfesta, g) skilyrði fyrir lokun útboðsins og fyrsti dagur sem heimilt er að loka því, h) hvort heimila megi fleiri en eina áskrift fyrir sama aðila og, sé það ekki leyft, hvernig farið verður með slíkar áskriftir.
Liður 5.3.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um úthlutaða fjárhæð og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.
Liður 5.4.	Verðlagning
Liður 5.4.1.	Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á og fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða.
Liður 5.4.2.	Sé verðið ekki vitað skal, skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, tilgreina annað hvort: a) hámarksverðið, að því marki sem það liggur fyrir, b) matsaðferðir og viðmið og/eða skilyrði sem endanlegt útboðsverð var eða verður ákvarðað út frá ásamt skýringu á matsaðferðum sem er beitt. Sé hvorki hægt að veita upplýsingar skv. a- né b-lið í verðbréfalýsingunni skal hún tilgreina að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í allt að tvo virka daga eftir að tilkynnt er um endanlegt útboðsverð verðbréfanna sem bjóða á í almennu útboði.

Liður 5.4.3.	Ferli við upplýsingagjöf um útboðsverð. Eigi hluthafar í útgefanda forkaupsrétt sem er háður takmörkunum eða afturkallaður skal greina frá því á hverju útgáfuverðið byggist ef selt er gegn staðgreiðslu í útboðinu og ástæðum slíkra takmarkana eða afturkallana og hverjir njóta góðs af þeim. Ef mikils misræmis gætir eða gæti gætt milli opinbers útboðsverðs og hins raunverulega verðs sem þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða æðstu stjórnendur eða tengdir aðilar, hafa greitt fyrir verðbréf sem þeir hafa keypt í viðskiptum undanfarið ár eða sem þeir hafa rétt á að kaupa á skal koma fram samanburður á greiðslum í fyrirhugaða opinbera útboðinu og raunverulegum greiðslum viðkomandi aðila.
Liður 5.5.	Setning á markað og sölutrygging
Liður 5.5.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.
Liður 5.5.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.
Liður 5.5.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.
Liður 5.5.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.
Liður 5.6.	Taka til viðskipta og fyrirkomulag viðskipta
Liður 5.6.1.	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, með dreifingu þeirra í huga á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta. Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.
Liður 5.6.2.	Tilgreina skal alla vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorg fjármálagerninga sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta hafi þegar verið tekin til viðskipta á.
Liður 5.6.3.	Ef samtímis eða nánast samtímis stofnun verðbréfa sem sótt er um töku til viðskipta á á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, eða sem eru boðin í almennu útboði, eru seld verðbréf í sama flokki í áskrift eða í lokuðu útboði, eða ef verðbréf í öðrum flokkum eru stofnuð fyrir almennt eða lokað útboð, skal gera grein fyrir eðli þeirra ráðstafana og fjölda og eiginleikum þeirra verðbréfa sem um er að ræða.
Liður 5.6.4.	Sé um að ræða töku til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, upplýsingar um þá aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.
Liður 5.6.5.	Upplýsingar um verðjöfnun í samræmi við liði 5.6.5.1 til 5.6.5.6 sé um að ræða töku til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, ef útgefandi eða hluthafi sem selur verðbréf hefur veitt umframúthlutunarrétt eða á annan hátt er gefið til kynna að hugsanlega verði beitt verðjöfnunaraðgerðum í tengslum við útboð:
Liður 5.6.5.1	Það að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er,

Liður 5.6.5.2	Það að verðjöfnunarviðskipti miði að því að styðja við markaðsverð verðbréfanna á verðjöfnunar-tímabilinu,
Liður 5.6.5.3	Byrjun og lok tímabils sem verðjöfnun kann að fara fram á,
Liður 5.6.5.4	Deili þess sem stýrir verðjöfnun fyrir hverja viðkomandi lögsögu, nema þessar upplýsingar liggi ekki fyrir við birtingu,
Liður 5.6.5.5	Það að verðjöfnun geti haft í för með sér hærra markaðsverð en við venjulegar aðstæður, og
Liður 5.6.5.6	Hvar verðjöfnun kann að fara fram, þ.m.t., ef við á, heiti viðskiptavettvangs (eða viðskiptavettvanga).
Liður 5.6.6.	Umframúthlutun og umframsöluréttur Sé um að ræða töku til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga: a) hvort um er að ræða heimild til hugsanlegrar umframúthlutunar og/eða umframsölurétt (e. *green shoe*)og umfang slíkra heimilda, b) tímabil sem mögulegt er að beita umframúthlutun og/eða nýta umframsölurétt, og c) skilyrði fyrir nýtingu heimildar til umframúthlutunar eða umframsölu.
Liður 5.7.	Verðbréfaeigendur sem vilja selja.
Liður 5.7.1.	Nafn og heimilisfang vinnustaðar þess einstaklings eða aðila sem býður verðbréfin til sölu, eðli starfs stöðu eða annarra mikilvægra tengsla sem seljendur hafa haft við útgefanda undanfarin þrjú ár eða við forvera hans eða hlutdeildarfélög.
Liður 5.7.2.	Fjöldi og flokkur verðbréfa sem hver verðbréfaeigandi sem vill selja býður til kaups.
Liður 5.7.3.	Í tengslum við söluhömlur skal veita eftirfarandi upplýsingar: a) aðilar sem hlut eiga að máli, b) efni samningsins og undantekningar frá honum, c) hve lengi söluhömlur vara.
Liður 5.8.	Þynning
Liður 5.8.1.	Samanburður á hlutdeild núverandi hluthafa í hlutafé og atkvæðisrétti fyrir og eftir hlutafjáraukninguna sem hlýst af almenna útboðinu, út frá þeirri forsendu að núverandi hluthafar skrái sig ekki fyrir nýjum hlutum.
Liður 5.8.2.	Ef hlutur hluthafa sem fyrir eru þynnist óháð því hvort þeir nýta rétt sinn til að skrá sig fyrir nýjum hlutum vegna þess að hluti af viðkomandi hlutabréfaútgáfu er frátekinn fyrir tiltekna fjárfesta eingöngu (t.d. lokað stofnanaútboð ásamt útboði til hluthafa) skal einnig tilgreina þynninguna sem núverandi hluthafar verða fyrir miðað við að þeir nýti rétt sinn (til viðbótar við aðstæðurnar í lið 5.8.1 þar sem þeir nýta hann ekki).

27. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGU FYRIR VERÐBRÉF SEM EKKI ERU HLUTABRÉFATENGD

1. ÞÁTTUR	TILGANGUR, AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM, SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA OG STAÐFESTING LÖGBÆRS YFIRVALDS *Í þessum þætti skal veita upplýsingar um þá aðila sem bera ábyrgð á efni verðbréfalýsingar fyrir ESB-vaxtarlýsingu. Tilgangur þessa þáttar er að veita fjárfestum vissu um áreiðanleika upplýsinganna sem fram koma í lýsingunni. Auk þess skal í þessum þætti veita upplýsingar um hagsmuni aðila sem taka þátt í útboðinu, ástæður útboðsins, notkun ágóða og kostnað við útboðið. Ennfremur, veitir þessi þáttur upplýsingar um lagagrundvöll verðbréfalýsingarinnar fyrir ESB-vaxtarlýsingu og staðfestingu lögbærs yfirvalds á henni.*	
Liður 1.1.	Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum eða einhverjum hlutum þeirra sem veittar eru í verðbréfalýsingunni og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Sé um að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Sé um að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
Liður 1.2.	Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á verðbréfalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í verðbréfalýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum verðbréfalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum verðbréfalýsingarinnar sem þeir bera ábyrgð á í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.	Flokkur A
Liður 1.3.	Hafi verðbréfalýsing að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulegir hagsmunir sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í verðbréfalýsingunni með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta verðbréfalýsingarinnar vegna lýsingarinnar.	Flokkur A
Liður 1.4.	Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
Liður 1.5.	Yfirlýsing þess efnis að: a) [verðbréfalýsingin/lýsingin] hafi verið staðfest af [fylla skal inn heiti lögbærs yfirvalds] sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, b) [heiti lögbærs yfirvalds] staðfesti aðeins þessa [verðbréfalýsingu/lýsingu] í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129,	Flokkur A

	c) ekki beri að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem þessi [verðbréfalýsing/lýsing] varðar, d) fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum, og e) [verðbréfalýsingin] hafi verið samin sem ESB-vaxtarlýsing í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.	
Liður 1.6.	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. hagsmunaárekstrum sem skipta máli fyrir útgáfuna/útboðið, ásamt upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og eðli viðkomandi hagsmuna.	Flokkur C
Liður 1.7.	Ástæður útboðs, notkun ágóða og kostnaður við útgáfu/útboð Ástæður almenns útboðs eða töku til viðskipta. Upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við útgáfu/útboð og áætluð nettófjárhæð ágóða, þar sem við á. Sundurliða skal þennan kostnað og ágóða eftir hverri fyrirhugaðri meginráðstöfun og setja fram í forgangsröð slíkra ráðstafana. Sé útgefanda kunnugt um að áætlaður ágóði muni ekki duga til að standa straum af allri fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan önnur fjármögnun sem til þarf kemur.	Flokkur C
Liður 1.8.	Viðbótarupplýsingar	
Liður 1.8.1.	Sé ráðgjafa í tengslum við útgáfu getið í verðbréfalýsingunni skal tilgreina hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
Liður 1.8.2.	Aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og ef endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
Liður 1.8.3.	Lánshæfiseinkunnir sem gefnar eru verðbréfunum að beiðni útgefanda eða með samstarfi hans í matsferlinu. Stutt skýring á merkingu lánshæfiseinkunnanna ef matsfyrirtækið hefur áður birt hana.	Flokkur C
Liður 1.8.4.	Komi upplýsingarnar í c- til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 í stað hluta samantektarinnar skal birta allar slíkar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki birtar annars staðar í verðbréfalýsingunni	Flokkur C
2. ÞÁTTUR	ÁHÆTTUÞÆTTIR *Tilgangur þessa þáttar er að lýsa helstu áhættuþáttum sem eru sértækir fyrir verðbréf útgefandans.*	
Liður 2.1.	Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir verðbréfin sem boðin eru, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir“. Meðal áhættuþátta sem skal veita upplýsingar um eru: a) þeir sem leiða af rétthæð verðbréfs sem víkjandi kröfu og áhrif af væntanlegri stærð eða tímasetningu greiðslna til eigenda verðbréfanna ef til gjaldþrots eða annarrar sambærilegrar meðferðar kæmi, þ.m.t., ef við á, ógjaldfærni lánastofnunar eða skilameðferðar eða endurskipulagningar í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB, b) í tilvikum þar sem verðbréfin eru tryggð með ábyrgð, verulegir áhættuþættir sem eiga sérstaklega við um ábyrgðarveitandann að því marki sem þeir skipta máli fyrir getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda eða tilboðsgjafa að teknu tilliti til áhrifa þeirra á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A

3. ÞÁTTUR	SKILMÁLAR VERÐBRÉFANNA	
Liður 3.1.	Upplýsingar um verðbréf sem á að bjóða	
Liður 3.1.1.	Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem boðin eru.	Flokkur A
	Alþjóðlegt auðkennisnúmer (ISIN-númer) verðbréfanna sem boðin eru.	Flokkur C
Liður 3.1.2.	Löggjöfin sem verðbréfin eru gefin út samkvæmt.	Flokkur A
Liður 3.1.3.	Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð.	Flokkur A
	Sé um að ræða rafræna skráningu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur C
Liður 3.1.4.	Gjaldmiðill sem verðbréfin eru gefin út í.	Flokkur C
Liður 3.1.5.	Rétthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um víkjandi stöðu verðbréfanna og möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.	Flokkur A
Liður 3.1.6.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmörkunum á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	Flokkur B
Liður 3.1.7.	a) Nafnvextir,	Flokkur C
	b) ákvæði um vexti til greiðslu,	Flokkur B
	c) upphafsdagur vaxta,	Flokkur C
	d) gjalddagar vaxta,	Flokkur C
	e) fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls,	Flokkur B
	Ef vextirnir eru ekki fastir:	
	a) tilgreining á tegund undirliggjandi þáttar,	Flokkur A
	b) lýsing á þeim undirliggjandi þætti sem vextirnir byggjast á,	Flokkur C
	c) aðferð sem er notuð til að tengja vextina við undirliggjandi þáttinn,	Flokkur B
	d) hvar má nálgast upplýsingar um fyrri árangur og frekari árangur undirliggjandi þáttar og flökt hans með rafrænum hætti og hvort hægt sé að nálgast þær ókeypis,	Flokkur C
	e) lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	f) leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,	Flokkur B
	g) nafn þess aðila sem sér um útreikning,	Flokkur C
	h) sé afleiða þáttur í vaxtagreiðslum af verðbréfinu skal gefa skýra og ítarlega skýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestingar þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhætta er augljós.	Flokkur B

Liður 3.1.8.	a) Lokadagur.	Flokkur C
	b) Upplýsingar um fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Sé fyrirhugað að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða eiganda verðbréfsins, skal gera grein fyrir skilmálum niðurgreiðslunnar	Flokkur B
Liður 3.1.9.	a) Upplýsingar um ávöxtun.	Flokkur C
	b) Lýsa skal í stuttu máli þeirri aðferð sem notuð til að reikna út ávöxtun.	Flokkur B
Liður 3.1.10	Fyrirsvar fyrir eigendur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. upplýsingar um aðilann sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um vefsetur þar sem almenningur getur haft frjálsan aðgang að samningum í tengslum við þessar aðferðir við fyrirsvar.	Flokkur B
Liður 3.1.11	Sé um að ræða nýja útgáfu skal fylgja yfirlit um ályktanir, heimildir og samþykki sem liggja því til grundvallar að verðbréf hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.	Flokkur C
Liður 3.1.12	Útgáfudagur eða, sé um að ræða nýjar útgáfur, væntanlegur útgáfudagur verðbréfanna.	Flokkur C
Liður 3.1.13	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á framsali verðbréfanna.	Flokkur A
Liður 3.1.14	Viðvörun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Upplýsingar um skattlagningu verðbréfanna ef fyrirhuguð fjárfesting fellur undir skattareglur sem eru sértækar fyrir viðkomandi tegund fjárfestinga.	Flokkur A
Liður 3.1.15	Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. auðkenni lögaðila (LEI-númer) ef hann er lögaðili.	Flokkur C
Liður 3.1.16	Eftir atvikum, möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.	
Liður 3.1.17	Upplýsingar um afleiður Sé um að ræða útgáfu afleiðna sem hluta af ESB-vaxtarlýsingu, upplýsingarnar sem krafist er í 17. viðauka.	
4. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTBOÐ/TÖKU TIL VIÐSKIPTA *Tilgangur þessa þáttar er að tilgreina sértækar upplýsingar um útboð verðbréfanna, áætlunina um dreifingu og úthlutun þeirra og verðlagningu þeirra. Ennfremur veitir hann upplýsingar um setningu verðbréfanna á markað, samninga um sölutryggingu og fyrirkomulag í tengslum við töku til viðskipta. Einnig eru tilgreindar í honum upplýsingar um þá aðila sem selja verðbréfin og þynningu fyrir hluthafa sem fyrir eru.*	
Liður 4.1.	Skilmálar almenns útboðs verðbréfa (Skilmálar, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og ráðstafanir sem þarf að gera til að taka þátt í útboðinu)	
Liður 4.1.1.	Skilyrði sem gilda um útboðið	Flokkur C
Liður 4.1.2.	Heildarmagn verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði. Sé fjárhæðin ekki föst skal tilgreina hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða (liggi það fyrir) og lýsa hvernig og á hvaða tímabili endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega.	Flokkur C

	Sé ekki hægt að tilgreina í lýsingu hámarksmagn verðbréfa sem boðin verða skal koma fram í henni að hægt verði að afturkalla samþykki á kaupum á eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að tilkynnt er um verðbréfamagnið sem boðið verður í almenna útboðinu.	
Liður 4.1.3.	Upplýsingar um útboðstímabil, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.	Flokkur C
Liður 4.1.4.	Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.	Flokkur C
Liður 4.1.5.	Upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksmagn áskriftar (hvort sem er í formi fjölda verðbréfa eða samanlagðrar fjárfestingarfjárhæðar).	Flokkur C
Liður 4.1.6.	Skipulag og tímamörk greiðslu og afhendingar verðbréfa.	Flokkur C
Liður 4.1.7.	Ítarleg lýsing á því hvernig og á hvaða degi niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.	Flokkur C
Liður 4.1.8.	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttinda og hvernig farið skuli með áskriftarréttindi sem ekki eru nýtt.	Flokkur C
Liður 4.2.	Skipulag dreifingar og úthlutunar	
Liður 4.2.1.	Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin. Fari útboð fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti þess hefur verið tekinn frá eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.	Flokkur C
Liður 4.3.	Ferli til að tilkynna umsækjendum um úthlutaða fjárhæð og tilgreining þess hvort viðskipti mega hefjast áður en tilkynning berst þeim.	Flokkur C
Liður 4.4.	Verðlagning	
Liður 4.4.1.	Tilgreina skal verðið sem fyrirhugað er að bjóða verðbréfin á.	Flokkur C
Liður 4.4.2.	Annar valkostur en í lið 4.4.1 er að lýsa aðferðinni sem notuð er til að ákvarða verðið, skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, og ferlinu við birtingu þess.	Flokkur B
Liður 4.4.3.	Tilgreina skal fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi þarf að greiða. Falli útgefandi undir reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 og/eða tilskipun 2014/65/ESB, og að því marki sem þau eru þekkt, skal tilgreina þau útgjöld sem eru innifalin í verðinu.	Flokkur C
Liður 4.5.	Setning á markað og sölutrygging	
Liður 4.5.1.	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í þeim ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.	Flokkur C
Liður 4.5.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C

Liður 4.5.3.	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt með bindandi samkomulagi að sölutryggja útgáfuna og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi samkomulags eða eftir bestu getu. Upplýsingar um mikilvæga eiginleika samninganna, þ.m.t. hve stóran hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir fyrir sölutryggingu og setningu á markað.	Flokkur C
Liður 4.5.4.	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu var eða verður samþykktur.	Flokkur C
Liður 4.6.	Taka til viðskipta og fyrirkomulag viðskipta	
Liður 4.6.1.	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, með dreifingu þeirra í huga á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefa í skyn að endilega verði samþykkt að taka þau til viðskipta. Tilgreina skal þá daga sem verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.	Flokkur B
Liður 4.6.2.	Tilgreina skal alla vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorg fjármálagerninga sem útgefandi hefur vitneskju um að verðbréf í sama flokki og þau verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta hafi þegar verið tekin til viðskipta á.	Flokkur C
Liður 4.6.3.	Sé um að ræða töku til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaðstorgi fjármálagerninga, upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.	Flokkur C
Liður 4.6.4.	Útgáfuverð verðbréfanna	Flokkur C
5. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARVEITANDA (EF VIÐ Á)	
Liður 5.1.	Séu verðbréfin tryggð með ábyrgð skal veita upplýsingarnar sem krafist er í 21. viðauka.	

28. VIÐAUKI

LISTI YFIR VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR Í ENDANLEGUM SKILMÁLUM

1. Dæmi (eitt eða fleiri) um flóknar afleiður til að útskýra áhrif undirliggjandi þáttar og eðlis viðkomandi verðbréfa á virði fjárfestingarinnar.

2. Viðbótarákvæði sem ekki er krafist í viðauka fyrir viðkomandi verðbréfalýsingu og varða undirliggjandi þáttinn.

3. Land eða lönd þar sem almenna útboðið eða almennu útboðin fara fram.

4. Land eða lönd þar sem sótt er um töku til viðskipta á skipulegum markaði eða mörkuðum.

5. Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu.

6. Hæfi hjá Seðlabanka Evrópu.

7. Númer flokks.

8. Númer hluta (e. *tranche number*).

———

29. VIÐAUKI

LISTI YFIR ÚTGEFENDUR Í SÉRSTAKRI STARFSEMI

a) Fasteignafélög,

b) Námafélög,

c) Fjárfestingarfélög,

d) Vísindarannsóknarfélög,

e) Sprotafyrirtæki,

f) Skipafélög.

_____